ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 51

25. árgangur

2.8.2018

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2018/EES/51/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) 1

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/35 2018/EES/51/01

frá 10. október 2014

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR MAT OG ÁHÆTTUTENGDAR GJALDÞOLSKRÖFUR (STOÐ I), EFLING STJÓRNARHÁTTA (STOÐ II) OG AUKIÐ GAGNSÆI (STOÐ III) 20

I. KAFLI Almenn ákvæði 20

1. ÞÁTTUR Skilgreiningar og almennar meginreglur 20

2. ÞÁTTUR Lánshæfismat frá þriðja aðila 24

II. KAFLI Mat eigna og skulda 25

III. KAFLI Reglur varðandi vátryggingaskuld 29

1. ÞÁTTUR Almenn ákvæði 29

2. ÞÁTTUR Gæði gagna 31

3. ÞÁTTUR Aðferðafræði til að reikna út vátryggingaskuld 32

1. UNDIRÞÁTTUR Forsendur sem liggja til grundvallar útreikningi á vátryggingaskuld 32

2. UNDIRÞÁTTUR Upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi á besta mati 34

3. UNDIRÞÁTTUR Sjóðstreymisspár fyrir útreikning á besta mati 35

4. UNDIRÞÁTTUR Áhættuálag 37

5. UNDIRÞÁTTUR Útreikningur á vátryggingaskuld sem heild 39

6. UNDIRÞÁTTUR Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang 39

4. ÞÁTTUR Viðeigandi áhættulaus vaxtaferill 40

1. UNDIRÞÁTTUR Almenn ákvæði 40

2. UNDIRÞÁTTUR Áhættulaus grunnvaxtaferill 41

3. UNDIRÞÁTTUR Aðlögun vegna óstöðugleika 42

4. UNDIRÞÁTTUR Aðlögun vegna samræmingar 43

5. ÞÁTTUR Vátryggingagreinar 44

6. ÞÁTTUR Hlutfallsregla og einfaldanir 45

IV. KAFLI Gjaldþol 47

1. ÞÁTTUR Ákvörðun gjaldþols 47

1. UNDIRÞÁTTUR Samþykki eftirlitsyfirvalds á stuðningsgjaldþoli 47

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

2. UNDIRÞÁTTUR Gjaldþol – Meðhöndlun hlutdeildar 49
2. ÞÁTTUR Flokkun gjaldþols 50
3. ÞÁTTUR Hæfi gjaldþols 58
1. UNDIRÞÁTTUR Sjóðir sem haldið er aðgreindum 58
2. UNDIRÞÁTTUR Magntakmarkanir 59
V. KAFLI Staðalregla gjaldþolskröfu 59
1. ÞÁTTUR Almenn ákvæði 59
1. UNDIRÞÁTTUR Útreikningar sem byggðir eru á sviðsmyndum 59
2. UNDIRÞÁTTUR Gegnsæisaðferð 60
3. UNDIRÞÁTTUR Héraðsstjórnir og staðaryfirvöld 60
4. UNDIRÞÁTTUR Veruleg grunnáhætta 60
5. UNDIÞÁTTUR Útreikningur á grunngjaldþolskröfu 61
6. UNDIRÞÁTTUR Hlutfallsregla og einfaldanir 61
7. UNDIRÞÁTTUR Notkunarsvið eininga tryggingaráhættu 72
2. ÞÁTTUR Áhættueining skaðatrygginga 72
3. ÞÁTTUR Áhættueining líftrygginga 87
4. ÞÁTTUR Áhættueining heilsutrygginga 91
5. ÞÁTTUR Eining markaðsáhættu 104
1. UNDIRÞÁTTUR Fylgnistuðlar 104
2. UNDIRÞÁTTUR Undireining vaxtaáhættu 105
3. UNDIRÞÁTTUR Undireining hlutabréfaáhættu 108
4. UNDIRÞÁTTUR Undireining fasteignaáhættu 111
5. UNDIRÞÁTTUR Undireining vikáhættu 111
6. UNDIRÞÁTTUR Undireining samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 120
7. UNDIRÞÁTTUR Undireining gjaldmiðilsáhættu 123
6. ÞÁTTUR Áhættueining mótaðila 124
1. UNDIRÞÁTTUR Almenn ákvæði 124
2. UNDIRÞÁTTUR Áhættuskuldbindingar af gerð 1 131
3. UNDIRÞÁTTUR Áhættuskuldbindingar af gerð 2 133
7. ÞÁTTUR Eining óefnislegrar eignar 134
8. ÞÁTTUR Rekstraráhætta 134
9. ÞÁTTUR Aðlögun vegna hæfni vátryggingaskuldar og frestaðra skatta til að draga úr tapi 135
10. ÞÁTTUR Áhættuvarnir 136
11. ÞÁTTUR Sjóðir sem haldið er aðgreindum 141
12. ÞÁTTUR Eigin stikar vátryggingafélags 142
13. ÞÁTTUR Verklagsreglur fyrir uppfærslu á fylgnistikum 144
VI. KAFLI Gjaldþolskrafa — alhliða líkön og hlutalíkön 144
1. ÞÁTTUR Skilgreiningar 144
2. ÞÁTTUR Notkunarpróf 145
3. ÞÁTTUR Tölfræðilegir gæðastaðlar 146
4. ÞÁTTUR Kvörðunarstaðlar 151
5. ÞÁTTUR Samþætting hlutalíkana 151
6. ÞÁTTUR Skipting hagnaðar og taps 152

7. ÞÁTTUR Sannreyningarstaðlar ... 152
8. ÞÁTTUR Staðlar um skjalahald ... 153
9. ÞÁTTUR Utanaðkomandi líkön og gögn ... 155
VII. KAFLI Krafa um lágmarksfjármagn ... 155
VIII. KAFLI Fjárfestingar í verðbréfuðum stöðum ... 159
IX. KAFLI Stjórnkerfi ... 162
1. ÞÁTTUR Þættir stjórnkerfisins ... 162
2. ÞÁTTUR Starfssvið ... 168
3. ÞÁTTUR Kröfur um hæfi og hæfni ... 171
4. ÞÁTTUR Útvistun ... 171
5. ÞÁTTUR Starfskjarastefna ... 173
X. KAFLI Viðbótargjaldþolskrafa ... 174
1. ÞÁTTUR Aðstæður fyrir álagningu viðbótargjaldþolskröfu ... 174
2. ÞÁTTUR Aðferðafræði fyrir útreikning á viðbótargjaldþolskröfum ... 175
XI. KAFLI Framlenging á endurreisnartímabilinu ... 178
XII. KAFLI Opinber birting ... 179
1. ÞÁTTUR Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: uppbygging og efni ... 179
2. ÞÁTTUR Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: óbirtar upplýsingar ... 185
3. ÞÁTTUR Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: frestir, aðferðir við upplýsingagjöf og uppfærslur ... 186
IIIX. KAFLI Reglubundin gagnaskil til eftirlitsyfirvalda ... 187
1. ÞÁTTUR Þættir og innihald ... 187
2. ÞÁTTUR Frestir og samskiptaleiðir ... 193
XIV. KAFLI Gagnsæi og ábyrgð eftirlitsyfirvalda ... 194
XV. KAFLI Félög með sérstakan tilgang ... 195
1. ÞÁTTUR Starfsleyfi ... 195
2. ÞÁTTUR Lögboðin samningsskilyrði ... 195
3. ÞÁTTUR Stjórnkerfi ... 196
4. ÞÁTTUR Gagnaskil til eftirlitsyfirvalda ... 197
5. ÞÁTTUR Gjaldþolskröfur ... 197
II. BÁLKUR VÁTRYGGINGASAMSTÆÐUR ... 199
I. KAFLI Útreikningur gjaldþols á samstæðustigi ... 199
1. ÞÁTTUR Gjaldþolsstaða samstæðu: val á reikniaðferð og almennar grundvallarreglur ... 199
2. ÞÁTTUR Gjaldþolsstaða samstæðu: reikniaðferðir ... 201
II. KAFLI Eigin líkön fyrir útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu ... 206
1. ÞÁTTUR Alhliða líkön og hlutalíkön sem notuð eru til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu ... 206
2. ÞÁTTUR Notkun á eigin samstæðulíkani ... 208
III. KAFLI Eftirlit með gjaldþolsstöðu samstæðu fyrir samstæður með miðlæga áhættustýringu ... 210
IV. KAFLI Samræming samstæðueftirlits ... 211
1. ÞÁTTUR Samstarfshópur eftirlitsaðila ... 211
2. ÞÁTTUR Upplýsingaskipti ... 213
3. ÞÁTTUR Eftirlit með lands- og svæðisbundinni undirsamstæðu ... 213
V. KAFLI Opinber birting ... 214
1. ÞÁTTUR Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðu ... 214

2. ÞÁTTUR Samantekin skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu 216
VI. KAFLI Gagnaskil samstæðu til eftirlitsyfirvalda 217
1. ÞÁTTUR Reglubundin gagnaskil 217
2. ÞÁTTUR Gagnaskil um samþjöppunaráhættu og viðskipti innan samstæðu 219
III. BÁLKUR JAFNGILDI ÞRIÐJU LANDA OG LOKAÁKVÆÐI 220
I. KAFLI Félög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi og eru með höfuðstöðvar í þriðja landi 220
II. KAFLI Tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög í þriðja landi 223
III. KAFLI Vátrygginga- og endurtryggingafélög með móðurfélag utan Sambandsins 224
IV. KAFLI Lokaákvæði 226

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun 2009/138/EB, einkum 31. gr. (4. mgr.) 35 gr. (9. mgr.), 37. gr. (6. mgr.), 37. gr. (7. mgr.), 50. gr. (a-liður 1. mgr.), 50. gr. (b-liður 1. mgr.), 50. gr. (a-liður 2. mgr), 50. gr. (b-liður 2. mgr.), 50. gr. (3. mgr.), 56. gr., 75. gr. (2. mgr.), 75. gr. (3. mgr.), 86. gr. (a- til i-liður 1. mgr.), 86. gr. (a-liður 2. mgr.), 86. gr. (b-liður 2. mgr.), 92. gr. (1. mgr.), 92. gr. (1. mgr. a), 97. gr. (1. mgr.), 97. gr. (2. mgr.), 99. gr. (a-liður), 99. gr. (b-liður), 109. gr. a (5. mgr.), 111. gr. (a- til f-liður 1. mgr.), 111. gr. (g- til q-liður 1. mgr.), 114. gr. (a-liður 1. mgr.), 114. gr. (b-liður 1. mgr.), 126. gr., 127. gr., 130. gr., 135. gr. (a-liður 2. mgr.), 135. gr. (b-liður 2. mgr.), 135. gr. (c-liður 2. mgr.), 135. gr. (3. mgr.), 143. gr. (1. mgr.), 172. gr. (1. mgr.), 211. gr. (2. mgr.), 216. gr. (7. mgr.), 217. gr. (3. mgr.), 227. gr. (3. mgr.), 234. gr., 241. gr. (a-liður), 241. gr. (b-liður), 241. gr. (c-liður), 244. gr. (4. mgr.), 244. gr. (5. mgr.), 245. gr. (4. mgr.), 245. gr. (5. mgr.), 248. gr. (7. mgr.), 248. gr. (8. mgr.),. 249. gr. (3. mgr), 256. gr. (4. mgr.), 260. gr. (2. mgr.) og 308. gr. b (13. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Við beitingu á kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð ætti að taka tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs áhættuþáttanna sem innbyggðir eru í rekstur vátrygginga- eða endurtryggingafélags. Fyrirhöfnin og flækjustigið sem vátryggingafélög standa frammi fyrir ætti að vera í réttu hlutfalli við áhættusnið þeirra. Við beitingu á kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu upplýsingar að vera taldar veigamiklar ef þær geta haft áhrif á ákvarðanatöku og mat fyrirhugaðra notenda þeirra.

2) Til að þurfa ekki að reiða sig um of á ytra mat ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög að stefna að því að gera sitt eigið lánshæfismat fyrir allar áhættuskuldbindingar sínar. Í ljósi hlutfallsreglunnar ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög samt sem áður eingöngu að vera krafin um að gera eigið lánshæfismat fyrir stærri og flóknari áhættuskuldbindingar.

3) Eftirlitsyfirvöld ættu að tryggja að vátrygginga- og endurtryggingafélög geri viðeigandi ráðstafanir til að þróa eigin líkön sem ná yfir kröfuáhættu þegar áhættuskuldbindingar þeirra eru verulegar að raungildi og þegar þau eru á sama tíma með mikinn fjölda af mikilvægum mótaðilum. Í þeim tilgangi ættu eftirlitsyfirvöld að vera með samhæfða nálgun á skilgreiningum á áhættuskuldbindingum sem eru verulegar að raungildi og á miklum fjölda mikilvægra mótaðila.

4) Til að koma í veg fyrir að vátrygginga- og endurtryggingafélög, sem ekki nota samþykkt eigið líkan til að reikna út kröfuáhættu í gjaldþolskröfu sinni, geri hlutdrægt mat á kröfuáhættu, ætti eigið lánshæfismat þeirra ekki að leiða til lægri gjaldþolskrafna en þeirra sem leiða af ytra mati.

5) Til að komast hjá því að um of sé treyst á lánshæfismat þegar áhættuskuldbindingar eru vegna annars vátrygginga- eða endurtryggingafélags, gæti notkun á lánshæfismati í þeim tilgangi að reikna út gjaldþolskröfu í samræmi við staðalregluna verið skipt út fyrir tilvísun í gjaldþolsstöðu mótaðilans (gjaldþolshlutfallsaðferð). Slík aðferð mun gera kvörðun nauðsynlega sem byggð er á gjaldþolskröfum og hæfum fjárhæðum gjaldþols til að mæta þessum gjaldþolskröfum eins og ákvarðað verður þegar Gjaldþolsáætlun II hefur verið innleidd. Gjaldþolshlutfallsaðferðin ætti að takmarkast við vátrygginga- og endurtryggingafélög sem ekki eru metin.

6) Til að tryggja að matsstaðlar, í tilgangi eftirlits, samrýmist alþjóðlegri þróun reikningsskila ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög að nota matsaðferðir sem eru samrýmanlegar þeim sem tíðkast á markaði eins og lýst er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem samþykktir hafa verið af framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, nema félagið sé krafið um að nota sértæka matsaðferð í tengslum við eign eða skuld eða sé heimilt að nota aðferðir sem byggja á matsaðferðinni sem það notar við undirbúning reikningsskila sinna.

7) Mat vátrygginga- og endurtryggingafélaga á eignum og skuldum með því að nota matsaðferðir sem eru samrýmanlegar þeim sem tíðkast á markaðnum, eins og lýst er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, ætti að fylgja matsskiptingu skráðs markaðsverðs á virkum markaði fyrir sömu eignir og skuldir sem staðalaðferð við mat, til að tryggja að eignir og skuldir séu verðlagðar á þeirri fjárhæð sem hægt væri að skipta þeim út fyrir á milli upplýstra aðila sem fúsir eru til viðskiptanna, þegar um er að ræða eignir eða framseljanlegar eða uppgerðar skuldir. Félög ættu að beita þessari aðferð óháð því hvort alþjóðlegar eða aðrar virðismatsaðferðir fylgja ólíkri stigskiptingu mats.

8) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að færa inn og verðleggja frestaðar skattinneignir og -skuldir í tengslum við alla liði sem færðir eru með tilliti til gjaldþols eða í skattframtal til að tryggt sé að allar fjárhæðir sem gætu haft í för með sér sjóðstreymi vegna skatta í framtíðinni séu taldar með.

9) Við mat á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum ætti að taka með skuldbindingar sem varða fyrirliggjandi vátryggingar- og endurtryggingarrekstur. Ekki ætti að taka skuldbindingar sem varða framtíðarrekstur með í matinu. Ef vátrygginga- og endurtryggingasamningar fela í sér möguleika fyrir vátryggingartaka að koma á, endurnýja, rýmka, auka eða endurheimta vátryggingar- eða endurtryggingarverndi eða möguleika fyrir félagið að segja upp samningnum eða breyta iðgjöldum eða bótum, ætti að skilgreina samningsmörkin til að ákveða hvort viðbótarverndin sem stafar af þessum möguleikum sé talin vera fyrir hendi eða tilheyra framtíðarrekstri.

10) Til að ákvarða yfirfærsluvirði vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga ætti matið á skuldbindingunum að taka tillit til sjóðstreymis í framtíðinni að því er varðar möguleika á endurnýjun samninga, óháð arðsemi þeirra, nema möguleikinn á endurnýjun merki að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefði í fjárhagslegu tilliti sama rétt til ákvörðunar á iðgjöldum eða bótum í endurnýjaða samningnum eins og í þeim sem gildir fyrir nýjan samning.

11) Til að tryggja að greining á fjárhagsstöðu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skekkist ekki getur vátryggingaskuld í eignasafni vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga verið neikvæð. Í útreikningi á vátryggingaskuld ætti lágmarksgildið ekki að miðast við núll.

12) Yfirfærsluvirði vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga getur verið lægra en endurkaupsvirðið á undirliggjandi samningum. Í útreikningi á vátryggingaskuld ætti lágmarksgildið ekki að miðast við endurkaupsvirði.

13) Til að finna út vátryggingaskuld sem samsvarar yfirfærsluvirði vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga ætti útreikningur á besta mati að taka til greina framtíðarþróun, eins og lýðfræðilega-, lagalega-, læknisfræðilega-, tæknilega-, samfélagslega-, umhverfislega- og efnahagslega þróun, sem mun hafa áhrif á inn- og útstreymi handbærs fjár sem þörf er á til að gera upp skuldbindingarnar.

14) Til að ná fram besta mati sem samsvarar líkindavegnu meðaltali framtíðarsjóðstreymis eins og um getur í 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti í sjóðstreymisspánni sem notuð er við útreikning á besta mati að taka til greina alla óvissuþætti í sjóðstreyminu.

15) Valið á aðferðinni til að reikna út besta mat ætti að vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustigs áhættunnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið styður. Margs konar aðferðir eru til að reikna út besta mat, m.a. hermunar-, löggengnar- og greiningaraðferðir. Fyrir tiltekna líftryggingarsamninga, einkum ef þeir hafa í för með sér valkvæða ágóðahlutdeild sem ræðst af arðsemi fjárfestinga eða ef þeir eru með fjárhagslegar tryggingar og samningsbundin réttindi, geta hermunaraðferðir leitt til útreiknings á besta mati sem betur á við.

16) Ef vátrygginga- og endurtryggingasamningar fela í sér fjárhagslegar tryggingar og réttindi, getur núvirði sjóðstreymis sem stafar af þessum samningum ráðist bæði af væntri niðurstöðu af framtíðarviðburðum og -þróun og af því hvernig raunveruleg niðurstaða af tilteknum sviðsmyndum gæti vikið frá væntu niðurstöðunni. Aðferðirnar sem notaðar eru til að reikna út besta mat ættu að taka tillit til slíkra væntinga.

17) Skilgreiningin á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni ætti að ná yfir ávinning af vátrygginga- og endurtryggingasamningum sem greiddir eru í viðbót við tryggðan ávinning og sem leiðir af rétti vátryggingartakans til ágóðahlutdeildar. Hún ætti ekki að ná yfir vísitölu- eða sjóðstengdan ávinning.

18) Útreikningur á áhættuálagi ætti að byggjast á þeirri forsendu að allt eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga sé yfirfært til annars vátrygginga- eða endurtryggingafélags. Einkum ætti í útreikningnum að taka tillit til fjölþættingar alls eignasafnsins.

19) Útreikningur á áhættuálaginu ætti að byggjast á spá um gjaldþolskröfu sem tekur tillit til áhættuvarnar af endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang. Ekki ætti að mæla fyrir um aðskilda útreikninga á áhættuálaginu með og án endurtryggingasamninga og félaga með sérstakan tilgang.

20) Leiðréttingu á kröfuáhættu að áhættulausum grunnvöxtum ætti að leiða út frá markaðsvöxtum sem ná yfir kröfuáhættuna sem endurspeglast í breytilegum vöxtum vaxtaskiptasamninga. Í þeim tilgangi að samræma ákvörðunina um leiðréttinguna við staðlaðar markaðsvenjur og markaðsaðstæður svipaðar þeim sem ríktu daginn sem tilskipun 2014/51/ESB var samþykkt, einkum fyrir evruna, ættu markaðsvextirnir að samsvara millibankavöxtum sem eru með 3 mánaða binditíma.

21) Við markaðsaðstæður svipaðar þeim sem ríktu daginn sem tilskipun 2014/51/ESB var samþykkt, þegar síðasti gjalddaginn er ákvarðaður fyrir skuldabréf þar sem markaðir eru ekki lengur virkir, kvikir og gagnsæir í samræmi við 77. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, ætti markaðurinn fyrir skuldabréf sem gefin eru upp í evrum ekki að vera álitinn virkur og kvikur ef samanlagt magn skuldabréfa, með binditíma lengri eða jafnan síðasta gjalddaganum, er minna en 6 prósent af fjölda allra skuldabréfa á þeim markaði.

22) Þegar ekki er hægt að leiða áreiðanlegt skuldatryggingarálag út frá vanskilalíkum, eins og þegar um er að ræða áhættuskuldbindingar vegna ríkisskulda, ætti grunnskuldatryggingarálag við útreikning á aðlögun vegna samræmingar og aðlögun vegna óstöðugleika að vera jafnt hlutfalli langtímameðaltals skuldatryggingarálags á áhættulausa vexti sem sett er fram í b- og c-lið 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB. Að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórnum og seðlabönkum aðildarríkja, ætti eignaflokkurinn að ná yfir mismuninn milli einstakra aðildarríkja.

23) Til að tryggja gagnsæi við ákvörðun á viðeigandi áhættulausum vöxtum í samræmi við 29. forsendu í tilskipun 2014/51/ESB, ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) að birta aðferðafræðina, forsendurnar og tilgreiningu gagnanna sem hún notar til að reikna út leiðréttinguna á vöxtum skiptasamninga fyrir kröfuáhættu, aðlögunina vegna óstöðugleika og grunnskuldatryggingarálagið fyrir aðlögunina vegna samræmingar, sem hluta af tæknilegu upplýsingunum sem birta á skv. 1. mgr. 77. gr. e tilskipunar 2009/138/EB.

24) Lagskipting í vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum eftir vátryggingagreinum og einsleitum áhættuflokkum ætti að endurspegla eðli áhættanna sem undirliggjandi eru skuldbindingunum. Eðli undirliggjandi áhætta getur réttlætt lagskiptingu sem aðskilur sig frá skiptingu vátryggingastarfsemi í líftryggingastarfsemi og skaðatryggingastarfsemi, frá skaðatryggingaflokkunum sem settir eru fram í I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB og frá líftryggingaflokkunum sem settir eru fram í II. viðauka tilskipunar 2009/138/EB.

25) Ákvörðun um hvort aðferð til að reikna út vátryggingaskuld sé í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar ætti að innihalda mat á líkansskekkjunni í aðferðinni. Við þetta mat ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög þó ekki að vera krafin um að tilgreina nákvæma stærð líkansskekkjunnar.

26) Að því er varðar umsókn um samþykki eftirlitsaðila fyrir að nota aðlögun vegna samræmingar sem um getur í 1. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, ætti félögum að vera heimilt að taka til athugunar ólíkar viðurkenndar vátrygginga-afurðir sem eitt eignasafn, að því tilskildu að skilyrðin fyrir samþykki séu uppfyllt til langframa og engar lagalegar hömlur séu á að reksturinn sé skipulagður og honum stjórnað aðskilið frá öðrum rekstri félagsins í einu eignasafni.

27) Samþykki á stuðningsgjaldþoli sem taka á með til að mæta gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélags ætti að byggjast á mati eftirlitsyfirvalda á viðeigandi viðmiðunum. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem sækist eftir samþykki fyrir stuðningsgjaldþoli ætti þó að sýna eftirlitsyfirvöldum fram á að viðmiðanirnar hafi verið uppfylltar og láta eftirlitsyfirvöldum í té allar upplýsingar sem þau geta óskað eftir til að gera slíkt mat. Mat á umsókninni um samþykki eftirlitsyfirvaldanna fyrir stuðningsgjaldþoli ætti að vera gert í hverju tilviki fyrir sig.

28) Þegar umsókn um samþykki fyrir stuðningsgjaldþoli er tekin til athugunar í samræmi við 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ættu eftirlitsyfirvöldin að íhuga fjárhagslegt inntak og lagalegt fullnustuhæfi stuðningsgjaldþolsliðarins sem samþykkis er leitað fyrir.

29) Gjaldþolsþáttur 1 ætti að samanstanda af gjaldþolsliðum sem eru af miklum gæðum og bera töp að fullu sem gerir vátrygginga- eða endurtryggingafélagi kleift að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi.

30) Þegar fjárhagslegu áhrifin af viðskiptum, eða flokki tengdra viðskipta, eru jöfn eignarhlutdeild vátrygginga- eða endurtryggingafélags í eigin hlutabréfum ætti að lækka eignir umfram skuldir til að endurspegla kvöðina á þeim hluta gjaldþols.

31) Mat á því hvort einstakur gjaldþolsliður hefur nægjanlegan líftíma ætti að byggjast á upphaflegum binditíma þess liðar. Meðallíftími heildargjaldþols vátrygginga- eða endurtryggingafélags, að teknu tilliti til binditímans sem eftir er á öllum gjaldþolsliðum, ætti ekki að vera verulega styttri en meðallíftíminn á skuldum vátrygginga- eða endurtryggingafélags. Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu einnig að meta, sem hluta af eigin áhættu- og gjaldþolsmati, hvort heildarfjárhæð gjaldþols hefur nægjanlegan líftíma, að teknu tilliti til bæði upphaflegs og eftirstandandi binditíma allra gjaldþolsliða og allra vátrygginga- og endurtryggingaskulda.

32) Mat á getu til að taka á sig tap við slitameðferð í samræmi við 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti ekki að byggja á samanburði á eignum umfram skuldir sem verðsettar eru á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis og á eignum umfram skuldir sem verðmetnar eru á þeirri forsendu að slitameðferð hafi hafist í tengslum við vátrygginga- eða endurtryggingafélagið.

33) Þar sem framtíðariðgjöld sem fást af núverandi vátrygginga- og endurtryggingasamningum eru tekin með í útreikning á vátryggingaskuld ætti ekki að aðlaga fjárhæðina á eignum umfram skuldir sem innifalin er í þætti 1 til að undanskilja væntan hagnað af þessum framtíðariðgjöldum.

34) Takmarka ætti gjaldþolsliði með eiginleika sem hvetja til innlausnar, eins og samningsbundin aukning í úthlutuðum, ógreiddum arði eða hækkun arðmiðavaxta samtengda kauprétti, til að mögulegt sé að setja hömlur á endurgreiðslu eða innlausn við brot á gjaldþolskröfunni og ættu eingöngu að flokkast sem þáttur 2 eða þáttur 3.

35) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að skipta eignum umfram skuldir í fjárhæðir sem samsvara gjaldþolsliðum í reikningsskilum þeirra og afstemmingarvarasjóði. Afstemmingarvarasjóðurinn getur verið jákvæður eða neikvæður.

36) Setja ætti fram heildarskrá yfir gjaldþolsliði fyrir hvern þátt, þ.m.t. þátt 3, svo ljóst sé fyrir hvaða liði vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að leita eftir samþykki eftirlitsaðila fyrir flokkun.

37) Sjóðir sem haldið er aðgreindum er fyrirkomulag þar sem tilgreint mengi eigna og skulda er meðhöndlað eins og það væri aðskilið félag, og ætti ekki að eiga við um venjubundinn vísitölutengdan-, sjóðstengdan- eða endurtryggingarrekstur. Takmarkað framsalshæfi á eignum sjóðs sem haldið er aðgreindum ætti að endurspegla í útreikningi á eignum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins umfram skuldir.

38) Bæði líf- og skaðatryggingar- og -endurtryggingarstarfsemi getur leitt af sér sjóði sem haldið er aðgreindum. Ágóðahlutdeild gefur ekki nauðsynlega til kynna að um sjóði sem haldið sé aðgreindum sé að ræða, og ætti ekki að taka sem skilgreinandi einkenni á sjóði sem haldið er aðgreindum.

39) Takmarka ætti sjóði sem haldið er aðgreindum við það fyrirkomulag sem dregur úr getu tiltekinna gjaldþolsliða til að bera töp á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis. Fyrirkomulag sem eingöngu hefur áhrif á tapgleypni (e. *loss absorbency)*, ef um er að ræða slitameðferð, ætti ekki að vera talið sem sjóðir sem haldið er aðgreindum.

40) Til að forðast tvítalningu gjaldþols milli vátrygginga- og bankageira á einingastigi ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög að draga frá fjárhæð kjarnagjaldþols sérhverja hlutdeild í fjármögnunar- og lánastofnunum sem er umfram 10% af gjaldþolsliðum þáttar 1 sem ekki falla undir neina takmörkun. Hlutdeild í fjármögnunar- og lánastofnunum sem samanlagt fer yfir sömu efri viðmiðunarmörk ætti, að hluta til, að vera dregin hlutfallslega frá. Frádráttur er ekki nauðsynlegur ef hlutdeildin er stefnumarkandi og aðferð 1, sem sett er fram í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB, er beitt á þessi félög við útreikning á gjaldþolsstöðu samstæðunnar.

41) Meirihluti hæfra fjárhæða gjaldþols til að mæta kröfunni um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfunni ættu að samanstanda af gjaldþolsþætti 1. Til að tryggja að beiting takmarkananna valdi ekki mögulegum sveifluaukandi áhrifum ætti að beita takmörkununum á hæfar fjárhæðir liða í þáttum 2 og 3 á þann hátt að tap í gjaldþolsþætti 1 leiði ekki til taps á hæfu heildargjaldþoli sem sé hærra en það tap. Takmarkanirnar ættu því að gilda að því marki að gjaldþolið nái yfir gjaldþolskröfuna og kröfuna um lágmarksfjármagn. Ekki ætti að telja gjaldþolsliði sem eru umfram takmörkunina til hæfs gjaldþols.

42) Þegar gerðar eru skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að virða kröfu um að enginn munur sé á áhættu milli áhættuskuldbindinga gagnvart þeim og áhættuskuldbindinga gagnvart ríkisstjórn í þeirri lögsögu þar sem þau eru með staðfestu, vegna sérstakra skattheimtuheimilda þeirra fyrrnefndu og að til staðar sé sérstakt stofnanafyrirkomulag sem ætlað er að hafa þau áhrif að draga úr hættu á vanskilum. Áhrifin af framkvæmdargerðinni, sem samþykkt var skv. a-lið 2. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, að því er varðar þessar skrár, eru þau að beinar áhættuskuldbindingar gagnvart skráðum héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum eru meðhöndlaðar sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórn í þeirri lögsögu þar sem þau eru með staðfestu, í þeim tilgangi að reikna út markaðsáhættueiningu og mótaðilaáhættueiningu í staðalreglunni.

43) Til að komast hjá því að gefa rangan hvata um að endurskipuleggja langtímasamninga í endurnýjanlega skammtímasamninga ætti magnmæling iðgjaldaáhættu skaða- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (SLT health), sem notuð er í staðalreglunni, að byggja á fjárhagslegu inntaki vátrygginga- og endurtryggingasamninga fremur en á lögákveðnu rekstrarformi þeirra. Magnmælingin ætti þess vegna að ná yfir iðgjöld ársins sem eru samningsbundin innan gildandi samninga og samninga sem gerðir verða á næstu 12 mánuðum.

44) Þar sem væntur hagnaður sem innifalinn er í framtíðariðgjöldum núverandi skaða- og endurtryggingasamninga er færður á hæft gjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga ætti áhættueining skaðatrygginga að ná yfir fyrningaráhættuna að því er varðar skaðatrygginga- og endurtryggingasamninga.

45) Í tengslum við iðgjaldaáhættu ætti útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaða- og sjúkratryggingum að byggja á eldri- og væntum framtíðariðgjaldatekjum, allt eftir því hvorar eru hærri, til að taka til greina óvissuna í kringum framtíðariðgjaldatekjurnar. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag getur hins vegar tryggt á áreiðanlegan hátt að framtíðariðgjaldatekjurnar fari ekki upp fyrir áætluðu iðgjöldin ætti útreikningurinn að byggja á áætluðu iðgjaldatekjunum eingöngu.

46) Til að endurspegla meðaltalseinkenni líftryggingaskuldbindinga ætti formun stórtækrar fyrningaráhættu í staðalreglu gjaldþolskröfunnar að byggja á þeirri forsendu að áhættan sem varðar valréttarsamninga sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag getur nýtt að framselja í endurtryggingarsamningi sé ekki veruleg fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem tekur við þeim.

47) Til að endurspegla mismunandi áhættusnið heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (SLT health), og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging (NSLT health), ætti áhættueining heilsutryggingar að innihalda mismunandi undireiningar þessara tveggja gerða af vátryggingu.

48) Til að endurspegla meðaltalseinkenni líftryggingaskuldbindinga ætti formun áhættueininga fyrir líf- og heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, að byggja á þeirri forsendu að áhættan sem tengist því hve háðar verðbólgu vátrygginga- og endurtryggingabætur eru sé ekki veruleg.

49) Sviðsmyndabyggður útreikningur á undireiningum hamfaraáhættu í skaða- og heilsutryggingum í staðalreglunni ætti að byggjast á nákvæmri tilgreiningu á heildartapi vegna hamfara án þess að draga frá endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang. Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að gera ráð fyrir áhættuvarnaráhrifum af sértækum endurtryggingasamningum sínum og félögum með sérstakan tilgang, þegar þau ákvarða breytingu á kjarnagjaldþoli sem leiðir af sviðsmyndinni.

50) Til að endurspegla meðaltalseinkenni skaðatryggingaskuldbindinga ætti formun skaðabótaábyrgðarinnar í undireiningu hamfaraáhættu skaðatrygginga í staðalreglunni að byggja á þeirri forsendu að áhættan af uppsöfnun á miklum fjölda svipaðra krafna sem ábyrgðartryggingaskuldbindingar þriðja aðila ná yfir, sé ekki veruleg.

51) Til að endurspegla meðaltalseinkenni skaðatryggingaskuldbindinga ætti formun hópslysaáhættu í staðalreglunni að byggja á þeirri forsendu að áhættuskuldbinding vátrygginga- og endurtryggingafélaga vegna hópslysaáhættu í þriðju löndum, öðrum en tilteknum Evrópulöndum, sé ekki veruleg fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélögin og vátryggingasamstæður sem falla undir tilskipun 2009/138/EB. Hún ætti einnig að byggja á þeirri forsendu að hópslysaáhættan í tengslum við vátryggingu vegna launþegabóta sé ekki veruleg.

52) Til að endurspegla meðaltalseinkenni skaðatryggingaskuldbindinga ætti formun samþjöppunaráhættu slysa í staðalreglunni að byggja á þeirri forsendu að samþjöppunaráhætta slysa í tengslum við vátryggingar vegna sjúkrakostnaðar og tekjuverndar, annarra en hóptrygginga, sé ekki veruleg.

53) Til að endurspegla reynslugögn um náttúruhamfarir í kvörðun staðalreglunnar ætti formun náttúruhamfaraáhættu að byggjast á landfræðilegri skiptingu sem er nægjanlega einsleit í tengslum við áhættuna sem vátrygginga- og endurtryggingafélög eru útsett fyrir. Áhættuvogirnar fyrir þessar skiptingar ætti að tilgreina þannig að þær nái yfir hlutfall árlegs taps og tryggingarfjárhæðina fyrir viðkomandi vátryggingagreinar með því að nota vágildisaðferð með 99,5% öryggisstigi. Fylgnistuðlarnir milli þessara landfræðilegu skiptinga ættu að vera valdir þannig að þeir endurspegli hæðið á milli viðkomandi áhættu í landfræðilegu skiptingunum, að teknu tilliti til sérhvers ólínuleika hæðisins.

54) Til að tryggingarfjárhæð nái yfir raunverulega áhættuskuldbindingu félagsins í útreikningi á gjaldþolskröfu fyrir náttúruhamfaraáhættu í staðalreglunni ætti hún að vera ákvörðuð þannig að hliðsjón sé höfð af samningsbundnum takmörkunum á bótum vegna hamfaraatburða.

55) Eining markaðsáhættu í staðalreglunni ætti að byggjast á þeirri forsendu að næmi eigna og skulda við breytingum á flökti markaðsstika sé ekki verulegt.

56) Kvörðun á vaxtaáhættu við lengri binditíma ætti að endurspegla að endanlegir framvirkir vextir, sem áhættulausi vaxtaferillinn miðast við, haldist stöðugir og breytist eingöngu vegna breytinga í væntingum til lengri tíma.

57) Að því er varðar útreikning í staðalreglunni ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög að tilgreina hver af tengdum félögum þeirra séu að eðli til stefnumarkandi. Kvörðun á undireiningu hlutabréfaáhættu á fjárfestingarnar í tengdum félögum, sem eru að eðli til stefnumarkandi, ætti að endurspegla líklega minnkun á flöktinu á virði þeirra sem stafar af stefnumarkandi eðli þeirra og áhrifunum sem hluteignarfélagið hefur á þessi tengdu félög.

58) Undireining hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma ætti að byggjast á þeirri forsendu að dæmigert eignartímabil á hlutabréfafjárfestingum sem um getur í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sé í samræmi við meðalslíftímann á skuldunum skv. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

59) Til að koma í veg fyrir áhrif af sveifluaukningu ætti tímabilið fyrir samhverfa leiðréttingarfyrirkomulagið vegna undireiningar hlutabréfaáhættu að koma á jafnvægi milli þess að viðhalda áhættunæmni undireiningarinnar og endurspegla markmiðið með samhverfu leiðréttingunni.

60) Þegar aðlögun vegna samræmingar er beitt við útreikning á besta mati vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga ætti útreikningurinn á gjaldþolskröfunni í undireiningu vikáhættu að ná yfir áhrifin af breytingum í eignaskuldatryggingarálögum á aðlögunina vegna samræmingar og þannig á virði vátryggingaskuldarinnar.

61) Að teknu tilliti til þess að áhættusnið fasteignar sem staðsett er í þriðju löndum er ekki verulega frábrugðið áhættusniði fasteignar sem staðsett er í Sambandinu ætti undireining fasteignaáhættu í staðalreglunni að meðhöndla þessar tvær tegundir áhættuskuldbindinga á sama hátt.

62) Þar sem samþjöppunaráhætta ræðst að mestu leyti af því að fjölþættingu skortir í starfsemi útgefenda sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög eru óvarin fyrir, ætti undireining samþjöppunaráhættu markaðsáhættu í staðalreglunni að byggjast á þeirri forsendu að landfræðileg samþjöppun eða samþjöppun innan ákveðinna geira á eignum í vörslu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sé ekki veruleg.

63) Eining mótaðilaáhættu í staðalreglunni ætti að byggjast á þeirri forsendu, fyrir áhættuskuldbindingar sem hægt er að fjölþætta og þegar líklegt er að mótaðilinn fái lánshæfismat (áhættuskuldbindingar af gerð 1), að tap að gefnum vanefndum á mótaðila sem tilheyra ekki sömu samstæðu sé óháð og tap að gefnum vanefndum á mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu sé háð.

64) Til að tryggja að kröfuáhætta á alla mótaðila, sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög eru útsett fyrir, sé tekin með í gjaldþolskröfunni sem reiknuð er út með staðalreglunni, ættu allar áhættuskuldbindingar, sem hvorki undireining vikáhættu né eining mótaðilaáhættu ná yfir sem áhættuskuldbindingar af gerð 1, að vera tekin með í einingu mótaðilaáhættu sem áhættuskuldbindingar af gerð 2.

65) Eining mótaðilaáhættu í staðalreglunni ætti að endurspegla fjárhagslegu áhrifin af veðsetningarfyrirkomulaginu komi til vanskila mótaðilans. Einkum ætti að taka tillit til þess hvort fullt eignarhald á veðinu sé yfirfært eða ekki. Einnig ætti að taka tillit til þess hvort, ef til kemur ógjaldfærni mótaðilans, ákvörðun um hlutfallslegan eignarhlut vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í þrotabúi mótaðilans umfram veðið, tekur tillit til þess að félagið fái veðið.

66) Í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 1., 3. og 4. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB ætti grunngjaldþolskrafan að innihalda viðbótaráhættueiningu til að mæta sértæku áhættunni sem stafar af óefnislegum eignum, eins og fært er og verðmetið með tilliti til gjaldþols, sem ekki næst til annars staðar í gjaldþolskröfunni.

67) Eining rekstraráhættu í staðalreglunni nær yfir áhættuna sem stafar af innri ferlum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, starfsfólki eða kerfum, eða ytri viðburðum með útreikningi sem byggist á stuðlum. Í þessum tilgangi eru vátryggingaskuld, iðgjaldatekjur síðustu tólf mánaða og útgjöld sem stofnað var til síðustu tólf mánuði talin viðeigandi magnmæling til að ná yfir þessa áhættu. Síðastnefnda magnmælingin á eingöngu við um líftryggingasamninga þar sem vátryggingartakinn ber áhættuna. Í ljósi þeirrar staðreyndar að stofnað er til kostnað við kaup á ólíkan hátt í mismunandi rekstrarlíkönum vátrygginga ætti ekki að taka tillit til þess kostnaðar í magnmælingunni á útgjöldum sem stofnað hefur verið til næstliðna tólf mánuði. Til að tryggja að gjaldþolskrafan vegna rekstraráhættu haldi áfram að uppfylla öryggisstigið sem sett er fram í 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB ætti eining rekstraráhættu að vera prófuð aftur sem hluti af endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á aðferðunum, forsendunum og staðalstikunum sem notaðar eru þegar gjaldþolskrafan er reiknuð út með staðalreglunni, eins og um getur í 150. forsendu. Þessi endurskoðun ætti einkum að beinast að líftryggingasamningum þar sem vátryggingartakinn ber áhættuna.

68) Í útreikningi á leiðréttingu á hæfni vátryggingaskuldar og frestaðra skatta til að draga úr tapi ætti að tryggja að engin tvítalning eigi sér stað á áhrifunum sem draga úr áhættu, sem valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni eða frestaðir skattar veita.

69) Valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni er venjulega einkenni sem tengist samningum um líf- og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging. Í leiðréttingu á hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi ætti þess vegna að taka tillit til áhrifa til að draga úr áhættu, sem valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni veitir í tengslum við líftryggingaráhættu, tryggingaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, hamfaraáhættu í heilsutryggingum, markaðsáhættu og mótaðilaáhættu. Til að takmarka flækjustig staðalreglunnar og fyrirhöfnina við útreikninginn fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög ætti leiðréttingin ekki að eiga við um áhættuna af skaðatryggingu og heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging. Þar sem mögulega væri ekki hægt að mæta tapi, sem stafar af innri ferlum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, starfsfólki eða kerfum eða ytri viðburðum, á skilvirkan hátt af valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni ætti leiðréttingin ekki að gilda um rekstraráhættu.

70) Færslan á áhættuvörnum í útreikningi á gjaldþolskröfu ætti að endurspegla fjárhagslegt inntak aðferðanna sem notaðar eru og takmarkast við áhættuvarnir sem á skilvirkan hátt yfirfæra áhættuna út fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið.

71) Við mat á því hvort skilvirk yfirfærsla áhættu hafi átt sér stað ætti að taka til athugunar alla þætti áhættuvarnarinnar og fyrirkomulagið á milli vátrygginga- og endurtryggingafélagsins og mótaðila þeirra. Ef um er að ræða áhættuvörn sem endurtrygging veitir ætti sú staðreynd að líkurnar á umtalsverðum breytileika í annaðhvort fjárhæðinni eða tímasetningunni á greiðslum endurtryggjandans sé hverfandi, ekki í sjálfu sér að merkja endurtryggjandinn hafi ekki tekið á sig áhættu.

72) Útreikningarnir á gjaldþolskröfunni í staðalreglunni sem byggjast á sviðsmyndum miðast við áhrifin af skyndilegu álagi og ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög ekki að taka tillit til áhættuvarna sem treysta á að vátrygginga- eða endurtryggingafélög grípi til frekari aðgerða, eins og öflugra áhættuvarnaráætlana eða stjórnunaraðgerða síðar, á þeim tíma sem álagið á sér stað. Öflugar áhættuvarnaráætlanir og stjórnunaraðgerðir síðar ætti að aðgreina frá viðvarandi áhættuvarnarfyrirkomulagi, þegar áhættuvörn er þegar í gildi og mun verða endurnýjuð með svipuðu fyrirkomulagi þegar hún rennur út, án tillits til gjaldþolsstöðu félagsins.

73) Til að komast hjá þeirri stöðu að grunnáhætta grafi undan skilvirkni áhættuvarnar, einkum vegna gjaldmiðlamisvægis, ættu félög að endurspegla í verulegum mæli grunnáhættu í útreikningi á gjaldþolskröfunni. Ef veruleg grunnáhætta er ekki endurspegluð í útreikningi á gjaldþolskröfunni ætti ekki að viðurkenna áhættuvörnina.

74) Útreikningur á gjaldþolskröfu ætti að endurspegla á viðeigandi hátt fyrirkomulag um ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum sem hagnaði sem úthlutað er til vátryggingataka eða vátryggðra.

75) Ef útreikningur á gjaldþolskröfunni fyrir áhættueiningu eða -undireiningu grunngjaldþolskröfunnar byggist á áhrifunum af tvístefnusviðsmyndum á kjarnagjaldþol, eins og vaxtaáhættu, gjaldmiðilsáhættu eða fyrningaráhættu, ætti vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að ákvarða hvaða sviðsmynd hefur neikvæðustu áhrifin á kjarnagjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í heild. Þessi ákvörðun ætti, þar sem við á, að taka tillit til áhrifanna af ágóðahlutdeild og útgreiðslu valkvæðrar ágóðahlutdeildar í framtíðinni á stigi sjóðsins sem haldið er aðgreindum. Sviðsmyndin, sem ákvörðuð er á þennan hátt, ætti að vera viðeigandi sviðsmynd til að reikna út ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum.

76) Til að geta undirbúið endurmat á fylgnistikum í framtíðinni á grundvelli viðeigandi raunupplýsinga, eins og breytingum á dánar- og brottfallstíðni fyrir líftryggingaskuldbindingar og á samsettum hlutföllum eða hlutföllum varúðarniðurfærslu fyrir skaðatryggingaskuldbindingar, ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að fá viðeigandi gögn frá eftirlitsyfirvöldum. Eftirlitsyfirvöld ættu að fá þessi gögn frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum sem hluta af upplýsingunum sem tilkynna á eftirlitsaðilum, að því gefnu að þau séu nauðsynleg í tilgangi eftirlits og ættu þess vegna ekki að leiða til aukinnar fyrirhafnar fyrir félögin.

77) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti, þegar hún veitir álit um uppfærslu á fylgnistikum, að taka tillit til þess hvort notkun vátrygginga- og endurtryggingafélaga á uppfærðu fylgnistikunum muni leiða til heildargjaldþolskröfu samkvæmt meginreglunum í 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og hvort hæði milli fleiri en einnar áhættu sé ólínulegt eða hvort skortur er á fjölþættingu við öfgakenndar sviðsmyndir, en í því tilviki ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að taka til athugunar aðrar ráðstafanir um hæði í þeim tilgangi að kvarða uppfærslur við fylgnistikana.

78) Líklegt er að margir þættir eigin líkana breytist með tímanum eftir því sem þekking á formun áhættu batnar, og í samræmi við það ættu eftirlitsyfirvöld að taka tillit til núgildandi upplýsinga og starfshátta við mat sitt á eigin líkani til að tryggja að það haldi í við nýjustu þróun.

79) Eigið líkan getur eingöngu gegnt mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags þegar það er aðlagað rekstri félagsins og einstaklingarnir sem byggja ákvarðanir á niðurstöðum þess hafi skilning á því. Notkunarprófið fyrir eigin líkön ætti þess vegna að tryggja að samþykkt eigin líkön séu viðeigandi fyrir rekstur félagsins og að einstaklingarnir sem í reynd stjórna félaginu hafi skilning á þeim.

80) Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem reikna út gjaldþolskröfu á grundvelli eigin líkans ættu að nota eigið líkan í áhættustýringarkerfi og ákvarðanatökuferli sínu á þann hátt að það skapi hvata til að bæta gæði eigin líkansins sjálfs.

81) Krafan um að eigið líkan sé almennt notað og gegni mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi þeirra, sem sett er fram í 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti ekki að leiða til þess að vátrygginga- og endurtryggingafélög treysti í blindni á niðurstöður eigin líkans. Félagið ætti ekki að taka ákvarðanir byggðar á niðurstöðu eigin líkans án þess að vefengja hversu viðeigandi líkanið er. Þau ættu að vera sér meðvituð um takmarkanir eigin líkans og taka tillit til þeirra í ákvörðunum sínum.

82) Þar sem ekki er mælt fyrir um ákveðna aðferð fyrir útreikning á líkindadreifingu, sem byggðist á spá, í samræmi við 4. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og þar sem aðlaga ætti eigin líkön að sértækum rekstri vátrygginga- og endurtryggingafélagsins, geta eigin líkön verið mjög breytileg hvað varðar aðferðafræði þeirra, upplýsingar, forsendur og gögn sem notuð eru í eigin líkani og í sannreyningarferli þeirra. Gæðastaðlar hagskýrslna og sannreyningarstaðlar ættu þess vegna áfram að byggja á meginreglunum og eingöngu innihalda sértækar lágmarkskröfur. Af sömu ástæðu ættu staðlar um skjalahald ekki að innihalda heildarskrá yfir skjöl, heldur eingöngu lágmarksfjölda skjala sem til ættu að vera fyrir hvert eign líkan. Skjölun félagsins ætti að hafa að geyma allar viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hlíta stöðlunum um skjalahald fyrir eigin líkön.

83) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að vera meðvituð um tryggingastærðfræðilega þróun sem skiptir máli og almennt viðurkennda markaðsvenju í formun áhættu til að tryggja að eigið líkan sé uppfært og endurspegli áhættusnið þeirra á sem besta mögulega hátt. Þetta felur þó ekki í sér að vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu ávallt að aðlaga eigið líkan sitt að almennt viðurkenndri markaðsvenju. Í mögum tilvikum gæti verið nauðsynlegt að víkja frá almennt viðurkenndri markaðsvenju til að ná fram viðeigandi eigin líkani.

84) Líklegt er að eigin líkön séu byggð á miklu magni gagna sem streyma frá ýmsum uppsprettum og eru með ólík einkenni og af mismunandi gæðum. Til að tryggja að gögnin sem notuð eru fyrir eigið líkan séu viðeigandi ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög að taka saman, vinna úr og beita gögnum á gagnsæjan og skipulegan hátt.

85) Vátrygginga- og endurtryggingafélögum ætti að vera frjálst að ákveða uppbyggingu eigin líkans sem endurspeglar áhættur þeirra á sem bestan hátt. Þetta ætti að vera háð samþykki eftirlitsyfirvaldanna. Ef um er að ræða hlutalíkön gæti verið meira viðeigandi að reikna út ólíka þætti sérstaklega og fella þá beint inn í staðalregluna án frekari samantektar í eigin líkani. Í því tilviki ætti að reikna út líkindadreifingu, byggða á spá, fyrir hvern þátt.

86) Sérhver samþættingaraðferð hlutalíkans inn í staðalregluna til að reikna út gjaldþolskröfu er hluti þess eigin líkans og ætti, ásamt öðrum þáttum í hlutalíkaninu, að uppfylla viðeigandi kröfur í tilskipun 2009/138/EB.

87) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að reikna út línulegu kröfuna um lágmarksfjármagn með því að nota staðlaðan útreikning, óháð því hvort félagið noti staðalregluna eða eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu sína.

88) Að því er varðar útreikning á efri og neðri mörkum kröfunnar um lágmarksfjármagn sem um getur í 3. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti ekki að krefja vátrygginga- og endurtryggingafélög um að reikna út gjaldþolskröfu ársfjórðungslega. Ef útreikningur á kröfu um lágmarksfjármagn fellur ekki saman við árlegan útreikning á gjaldþolskröfunni ættu félög að nota síðasta útreikning á gjaldþolskröfunni í samræmi við 102. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

89) Í samræmi við varfærnisregluna sem sett er fram í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB og til að tryggja samkvæmni þvert á vátryggingagreinar, ættu hagsmunir félaga sem „endurpakka“ útlánum inn í framseljanleg verðbréf og aðra fjármálagerninga (upphafsaðila, umsýsluaðila eða upphaflegra lánveitenda) og hagsmunir vátrygginga- og endurtryggingafélaganna sem fjárfesta í þessum verðbréfum eða gerningum að vera samræmdir. Til að ná fram þessari samræmingu ætti vátrygginga- og endurtryggingafélögum eingöngu að vera heimilt að fjárfesta í þessum verðbréfum eða gerningum ef upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn heldur eftir verulegri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild í undirliggjandi eignum. Krafan á upphafsaðilann, umsýsluaðilann eða upphaflega lánveitandann um að halda eftir verulegri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild í undirliggjandi eignum ætti einnig að gilda þegar það eru margir upphafsaðilar, umsýsluaðilar eða upphaflegir lánveitendur. Til að koma í veg fyrir mögulega sniðgöngu á kröfunum, forða misskilningi og samræma tungumálið að því sem notað er í löggjöf Sambandsins sem starfsemi lánastofnananna lýtur, ætti hugtakið „fjárfesting í verðbréfuðum stöðum“ að vera notað í staðinn fyrir „fjárfesting í framseljanlegum verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum á grunni „endurpakkaðra“ útlána“.

90) Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun ættu að hafa yfirgripsmikla og ítarlega þekkingu á fjárfestingunni og undirliggjandi áhættuskuldbindingum hennar. Til að öðlast þessa þekkingu ættu félög eingöngu að taka ákvarðanir um fjárfestingar eftir að þau hafa gert ítarlega áreiðanleikakönnun, sem ætti að veita þeim fullnægjandi upplýsingar og þekkingu á verðbréfuninni.

91) Til að tryggja að áhættan sem stafar af verðbréfuðum stöðum sé endurspegluð á viðeigandi hátt í gjaldþolskröfu vátrygginga- og endurtryggingafélaga er nauðsynlegt að setja reglur sem kveða á um áhættunæma og skynsamlega meðferð slíkra fjárfestinga, með hliðsjón af eðli og tryggingarferli undirliggjandi áhættuskuldbindinga, og um skipulags- og gagnsæiseinkenni. Verðbréfanir sem uppfylla þessar kröfur ættu að falla undir sérstaka meðferð í undireiningu vikáhættu, sem viðurkennir lægra áhættusnið þeirra. Að því gefnu að eingöngu efstu áhættulögin séu hæf fyrir slíka meðhöndlun, og að teknu tilliti til endurbóta á lánshæfinu sem inngreypt er í flest efstu áhættulög í samanburði við allt safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga, þykir rétt að miða efri mörk vikáhættustuðlanna fyrir slíkar stöður við það stig vikáhættustuðuls sem myndi eiga við um undirliggjandi áhættuskuldbindingar, nánar tiltekið við stig 3% áhættustuðuls á ári yfir líftíma lána sem ekki hafa verið metin. Þessa aðferð ætti að prófa aftur sem hluta af endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á aðferðunum, forsendunum og staðalstikunum sem notuð eru þegar gjaldþolskrafa er reiknuð út með staðalreglunni, eins og um getur í 150. forsendu.

92) Til að komast hjá hvers konar eftirlitshögnun ætti að beita reglum um verðbréfun á grundvelli meginreglunnar um efni framar formi. Í þessu skyni er þörf fyrir skýra og ítarlega skilgreiningu á verðbréfun sem nær yfir öll viðskipti eða fyrirkomulag þar sem kröfuáhættan sem tengist áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt niður á áhættulög. Áhættuskuldbinding sem hefur í för með sér beina greiðsluskyldu vegna viðskipta eða fyrirkomulags sem notað er til að fjármagna eða starfrækja efnislegar eignir ætti ekki að vera talin áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar, jafnvel þótt viðskiptin eða fyrirkomulagið feli í sér greiðsluskyldu með mismunandi forgangi.

93) Góðir stjórnarhættir eru grundvöllurinn fyrir skilvirkri og traustri stjórnun vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem og lykilþáttur í reglurammanum. Stjórnkerfi vátrygginga- og endurtryggingafélags ætti að byggja á viðeigandi og gagnsærri skiptingu tilsjónar- og stjórnunarábyrgða til að stuðla að skilvirkri ákvarðanatöku, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja skilvirka stjórnun félagsins.

94) Grundvallarregla góðra stjórnarhátta er að enginn einstaklingur ætti einn að ráða ákvarðanatöku án einhvers forms af eftirliti. Áður en mikilvægri ákvörðun sem varðar félagið er hrundið í framkvæmd ætti a.m.k. einn annar einstaklingur að taka þá ákvörðun til vandlegrar athugunar.

95) Til að tryggja eðlilega starfsemi áhættustýringarkerfisins ættu aðgerðir sem vátrygginga- og endurtryggingafélög grípa til m.a. að felast í að koma á, framkvæma, viðhalda og vakta starfshætti og verklagsreglur sem eru viðeigandi fyrir áhættustýringarstefnu félagsins, að því er varðar lykilsvið í rekstri félagsins.

96) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að búa yfir viðeigandi innra eftirliti til að tryggja að allir einstaklingar með rekstrar- og tilsjónarábyrgð starfi samkvæmt markmiðum félagsins og í samræmi við gildandi lög og stjórnsýslufyrirmæli.

97) Til að tryggja fjárhagslegt mat sem er áreiðanlegt, nákvæmt og í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB er mikilvægt að koma á og framkvæma viðeigandi innra eftirlit fyrir mat á eignum og skuldum vátrygginga- og endurtryggingafélaga, þ.m.t. óháða endurskoðun og sannprófun á upplýsingum, gögnum og forsendum sem notuð eru.

98) Til að tryggja að mat á vátryggingaskuld sé framkvæmt í samræmi við 76.–85. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti stjórnkerfi vátrygginga- og endurtryggingafélaga að búa yfir sannreyningarferli á útreikning vátryggingaskuldar.

99) Í tengslum við stjórnkerfið, og til að tryggja sjálfstæði, ætti einstaklingur eða skipulagseining sem framkvæmir visst hlutverk að geta uppfyllt skyldur sínar á hlutlægan hátt og laus undan áhrifum og geta tilkynnt viðkomandi niðurstöður beint til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar. Til að gera eftirlitsyfirvöldum kleift að gera ráðstafanir til úrbóta í tæka tíð, gerist þess þörf, ættu vátrygginga- og endurtryggingafélög, að tilkynna eftirlitsyfirvaldinu tímanlega um upplýsingar varðandi alla einstaklinga sem í reynd stjórna félaginu eða gegna öðrum lykilhlutverkum og aðrar upplýsingar sem þörf er á til að meta hæfni og heiðarleika þessara einstaklinga. Þrátt fyrir viðurkenningu á að þörf sé til staðar um að ekki séu settar ótilhlýðilegar byrðar á vátrygginga- eða endurtryggingafélög eða eftirlitsaðila ætti tilkynning vátrygginga- og endurtryggingafélaga ekki að gefa í skyn fyrirframsamþykki eftirlitsyfirvaldsins. Telji eftirlitsyfirvald að einstaklingur fullnægi ekki kröfum um hæfi og hæfni sem settar eru fram í tilskipun 2009/138/EB, ætti það að hafa heimild til að krefja félagið um að skipta út þeim einstaklingi.

100) Til að meta orðspor einstaklinganna sem í reynd stjórna félaginu eða gegna öðrum lykilhlutverkum ætti að rannsaka fyrri háttsemi þessara einstaklinga til að athuga um hvort þeir séu mögulega ekki færir um að inna af hendi skyldur sínar á skilvirkan hátt í samræmi við viðeigandi reglur, reglugerðir og leiðbeiningar. Upplýsingar um fyrri háttsemi gætu verið upplýsingar úr sakaskrám eða greiðsluskrám. Fyrri viðskiptaháttsemi einstaklings gætu gefið vísibendingar um heilindi viðkomandi einstaklings.

101) Til að tryggja að útvistun starfssviða eða starfsemi fari fram á skilvirkan hátt og grafi ekki undan skyldunum sem vátrygginga- og endurtryggingafélögum ber að uppfylla samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, er nauðsynlegt að kveða á um kröfur um hvernig þjónustuveitandinn skuli valinn, skriflegan samning sem gera á og áframhaldandi sannprófun sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið á að framkvæma á þjónustuveitandanum.

102) Starfskjarastefnur og -venjur sem ýta undir að tekin sé áhætta sem er umfram samþykkt áhættuþolmörk vátrygginga- og endurtryggingafélaga geta grafið undan skilvirkri áhættustýringu slíkra félaga. Því er nauðsynlegt að kveða á um kröfur um starfskjör í þeim tilgangi að efla trausta og varfærna stjórnun á rekstrinum og til að koma í veg fyrir að starfskjarafyrirkomulag hvetji til óhóflegrar áhættusækni.

103) Nákvæm lýsing á aðstæðum þar sem viðbótargjaldþolskröfur geta verið lagðar á og aðferðafræðinni fyrir útreikningi þeirra ætti að tryggja að notkunin á viðbótargjaldþolskröfum sé skilvirkt og nothæft eftirlitsverkfæri til að vernda vátryggingataka og vátryggða, fyrir tilstuðlan útreikningsins á gjaldþolskröfu sem endurspeglar á tilhlýðilegan hátt heildaráhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins. Fjárhæðir viðbótargjaldþolskröfu hafa tölulegt jákvætt gildi. Í lýsingunni ætti einnig að taka til greina þörfina á að þróa samræmdar og sameiginlegar nálganir fyrir svipaðar aðstæður. Í þessu skyni er hægt að nota viðmiðunarprósentur og -mörk sem forsendur til að meta frávikin, en ættu ekki að draga úr meginmarkmiðinu að leggja á viðbótarkröfu sem er viðeigandi fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem um ræðir.

104) Að því er varðar beitingu 4. mgr. 138. gr. tilskipunar 2009/138/EB við ákvörðun á því hvort lýsa eigi yfir að einstaklega óhagstæðar aðstæður ríki sem hafi áhrif á vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru verulegur hluti af markaðnum eða vátryggingagreinum sem orðið hafa fyrir áhrifum, ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að taka tillit til allra viðeigandi þátta á stigi markaða eða vátryggingagreina sem hafa orðið fyrir áhrifum, þ.m.t. þeirra sem sett eru fram í þessari reglugerð.

105) Að því er varðar beitinguna á 4. mgr. 138. gr. við ákvörðun um hvort framlengja eigi endurreisnartímabilið og við ákvörðun á lengd slíkrar framlengingar fyrir ákveðið vátrygginga- eða endurtryggingafélag, með fyrirvara um sjö ár að hámarki sem sett er fram í 4. mgr. 138. gr., ætti eftirlitsyfirvaldið að taka tillit til allra viðeigandi þátta sem eiga sérstaklega við um félagið, þ.m.t. þeirra sem settir eru fram í þessari reglugerð.

106) Samkvæmt tilskipun 2009/138/EB er þess krafist að vátrygginga- og endurtryggingafélög birti opinberlega upplýsingar um gjaldþol og fjárhagsstöðu sína. Til að tryggja jafngild markaðsskilyrði og snurðulausan rekstur vátrygginga- og endurtryggingamarkaða alls staðar í Sambandinu og til að auðvelda skilvirka samþættingu vátrygginga- og endurtryggingamarkaða alls staðar í Sambandinu ætti að vera viðeigandi að setja nákvæmar og samhæfðar kröfur sem gilda um upplýsingarnar sem bitra á og leiðirnar til að ná því fram.

107) Beiting hlutfallsreglunnar á sviði opinberrar birtingar ætti ekki að leiða til þeirrar niðurstöðu að vátrygginga- og endurtryggingafélög séu krafin um að birta upplýsingar um rekstur sinn sem eru óviðeigandi eða léttvægar.

108) Þegar vitnað er í jafngildar upplýsingar sem birtar eru opinberlega samkvæmt öðrum kröfum samkvæmt lögum eða reglugerðum, ættu þær að leiða beint til sjálfra upplýsinganna og ættu ekki að vera tilvísun í skjal almenns eðlis.

109) Ef eftirlitsyfirvöld leyfa vátrygginga- og endurtryggingafélögum, í samræmi við 1. og 2. mgr. 53. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að birta ekki tilteknar upplýsingar ætti slíkt leyfi eingöngu að vera í gildi svo lengi sem ástæðan fyrir að birta þær ekki er til staðar. Þegar slík ástæða er ekki lengur fyrir hendi og eingöngu frá og með þeim degi skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög birta viðkomandi upplýsingar.

110) Í tilskipun 2009/138/EB eru aðildarríki krafin um að tryggja að eftirlitsyfirvöld hafi valdheimildir til að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru í tilgangi eftirlits. Mikilvægur hluti þeirra upplýsinga ætti að vera upplýsingarnar sem reglulega verður að leggja fyrir eftirlitsyfirvöldin.

111) Til að tryggja skilvirka samleitni í eftirlitsferlinu sem eftirlitsyfirvöldin beita ætti að taka upp nákvæmar og samhæfðar kröfur um upplýsingarnar sem reglulega verður að leggja fram og leiðirnar til að ná því fram.

112) Upplýsingarnar sem vátrygginga- og endurtryggingafélög eiga að tilkynna reglulega til eftirlitsyfirvaldanna samanstanda af skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Þar að auki ættu þau að leggja fram reglubundna eftirlitsskýrslu sem inniheldur upplýsingar, auk þeirra sem eru í skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits. Í þágu bæði vátrygginga- og endurtryggingafélaganna og eftirlitsyfirvaldanna ættu þessar skýrslur að fylgja sömu uppbyggingu.

113) Á grundvelli áhættumats á vátrygginga- og endurtryggingafélaginu í samræmi við 36. gr. tilskipunar 2009/138/EB, geta eftirlitsyfirvöld krafist þess að reglubundin eftirlitsskýrsla sé lögð fram árlega. Þegar ekki er um slíkt að ræða og vátrygginga- og endurtryggingafélög leggja fram reglubundna eftirlitsskýrslu ekki nema 3. hvert ár ættu þau engu að síður að upplýsa eftirlitsyfirvöld árlega um sérhverja meiriháttar þróun sem hefur orðið frá síðasta reikningstímabili.

114) Megindlegar og eigindlegar upplýsingar ætti að birta eða leggja reglulega fyrir eftirlitsyfirvaldið í formi frásagnarskýrslu og megindlegra sniðmáta. Í megindlegu sniðmátunum ætti að tilgreina í meiri smáatriðum og bæta við, eftir því sem við á, upplýsingarnar sem veittar eru í frásagnarskýrslunni. Skýrslan og sniðmátin ættu að veita nægjanlegar upplýsingar, í viðbót við upplýsingarnar sem þegar eru í skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, til að gera eftirlitsyfirvaldinu kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, en ættu ekki að leiða til ónauðsynlegrar fyrirhafnar fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélögin. Umfang megindlegu sniðmátana sem leggja á fram ársfjórðungslega ætti að vera þrengra en umfang megindlegu sniðmátana sem leggja á fram árlega.

115) Beiting hlutfallsreglunnar á sviði gagnaskila til eftirlitsyfirvalda ætti ekki að leiða til þess að vátrygginga- og endurtryggingafélög eða útibú með staðfestu innan Sambandsins séu krafin um að leggja fram upplýsingar um rekstur sinn sem eru óviðeigandi eða léttvægar.

116) Birta ætti viðmiðanir og aðferðir fyrir eftirlitsferlið. Þær ættu að ná yfir almenn úrræði og aðgerðir sem eftirlitsyfirvöld beita til að rannsaka og meta hvort farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 2009/138/EB og einkum til að meta hversu fullnægjandi áhættustýring vátrygginga- og endurtryggingafélaga er, sem og getu þeirra til að takast á við óhagstæða viðburði og breytingar.

117) Birting samantekinna tölulegra gagna skv. c-lið 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á að veita almennar upplýsingar um landsbundna vátryggingageira sem og um mikilvæga starfsemi eftirlitsyfirvaldanna sjálfra. Viðkomandi upplýsingar ættu að ná yfir gögn sem tengjast bæði megindlegum og eigindlegum kröfum, ásamt samanteknum landsgögnum sem sett eru fram á samanburðarhæfan hátt yfir lengri tíma.

118) Til að tryggja samanburðarhæfi birtra upplýsinga eftirlitsyfirvalda ætti að vera afmörkuð skrá yfir lykilþættina í varfærnirammanum sem varða hin samanteknu gögn sem eftirlitsyfirvöldin eiga að birta að lágmarki.

119) Ávallt ætti að takmarka áhættuskuldbindingu félagsins með sérstakan tilgang til að tryggja að félagið með sérstakan tilgang eigi eignir sem eru jafnar eða umfram samanlagt hámarksáhættustig þess.

120) Ef félag með sérstakan tilgang yfirtekur áhættu frá fleiri en einu vátrygginga- eða endurtryggingafélagi ætti viðkomandi félag með sérstakan tilgang ávallt að vera verndað fyrir slitameðferð einhvers eins af vátrygginga- eða endurtryggingafélögunum sem yfirfæra áhættu til félagsins með sérstakan tilgang.

121) Við mat á kröfum um hæfi og hæfni hluthafa eða aðila sem eru með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang og einstaklinga sem í reynd stjórna félaginu með sérstakan tilgang ætti, ef við á, að hafa hliðsjón af sambærilegum kröfum sem gilda um vátrygginga- og endurtryggingafélög.

122) Yfirfærsla á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu til félags með sérstakan tilgang og frá félagi með sérstakan tilgang til láns- eða fjármögnunarveitenda ætti að vera laus við öll tengd viðskipti sem gætu grafið undan skilvirkri yfirfærslu á áhættu, t.d. samningsbundnum skuldajöfnunarréttindum eða hliðarsamkomulagi sem hannað er til að draga úr mögulegu eða raunverulegu tapi sem stofnað var til sem afleiðing af yfirfærslu áhættunnar til láns- eða fjármögnunarveitenda félagsins með sérstakan tilgang.

123) Til að tryggja að innfærsla á framtíðargreiðslum grafi ekki undan skilvirkri yfirfærslu á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til félags með sérstakan tilgang er mikilvægt að greiðsluföll hafi ekki neikvæð áhrif á kjarnagjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins. Við ákvörðun um að slíkt geti ekki gerst í neinni sviðsmynd ætti félagið að taka til athugunar allar sviðsmyndir sem ígrundaðar eru í samningsbundna fyrirkomulaginu og allar aðrar sviðsmyndir, nema líkurnar á að þessar aðrar sviðsmyndir verði að veruleika séu verulega fjarlægar.

124) Í 220. gr. tilskipunar 2009/138/EB er þess krafist að útreikningur á gjaldþoli á samstæðustigi sé framkvæmdur í samræmi við aðferð 1 (aðferð, byggð á samstæðureikningsskilum), nema að óviðeigandi sé að nota hana eina og sér. Eftirlitsaðili samstæðunnar ætti, þegar metið er hvort aðferð 2 (samlagningar- og frádráttaraðferð) skuli notuð í staðinn fyrir — eða saman með — aðferð 1, að taka til athugunar fjölda samhæfða viðeigandi þætti. Einn slíkur þáttur er hvort það sé óhóflega íþyngjandi að nota aðferð 1, og hvort eðli, umfang og flækjustig áhættu samstæðunnar geri það að

verkum að notkunin á aðferð 2 muni ekki hafa veruleg áhrif á niðurstöður útreiknings á gjaldþolsstöðu samstæðunnar. Í því skyni að ganga úr skugga um hvort notkunin á aðferð 2 muni hafa veruleg áhrif á niðurstöður af útreikningi á gjaldþolsstöðu samstæðunnar ætti að bera aðferð 2 saman við aðferð 1 með því að nota samanlagða hæfa samstæðugjaldþolið og samanteknu samstæðugjaldþolskröfurnar reiknaðar í samræmi við tilskipun 2009/138/EB, en ekki saman við gjaldþolskröfur sem mælt er fyrir um í jafngildu þriðja landi.

125) Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði í þriðju löndum, þegar innan samstæðu eru tengd vátrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi og þegar framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framseldar gerðir skv. 4. eða 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þar sem ákvarðað er að gjaldþolsreglur þessara þriðju landa séu jafngildar eða tímabundið jafngildar, ætti eftirlitsaðili samstæðunnar að láta slíka athugun í forgang þegar hann ákveður hvort nota eigi aðferð 2 (samlagningar- og frádráttar) í staðinn fyrir — eða saman með — aðferð 1 (samstæðureikningsskilum).

126) Í tilskipun 2009/138/EB er kveðið á um, þegar eftirlitsyfirvöld telja að tilteknir gjaldþolsliðir sem hæfir eru fyrir gjaldþolskröfu tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags geti ekki á skilvirkan hátt verið gerðir aðgengilegir til að mæta samstæðugjaldþolskröfunni, að þessir gjaldþolsliðir geti eingöngu verið teknir með í útreikninginn að því marki sem þeir eru hæfir til að ná yfir gjaldþolskröfu tengda félagsins. Í þessu samhengi ættu eftirlitsyfirvöld, þegar þau taka til athugunar hvort tilteknir gjaldþolsliðir tengds félags geti ekki á skilvirkan hátt verið gerðir aðgengilegir fyrir samstæðuna, að byggja ákvörðun sína á hvort til staðar séu einhverjar takmarkanir sem hafi áhrif á annaðhvort útskiptanleika tilsvarandi gjaldþolsliða (þ.e. hvort þeim er eingöngu ætlað að ná yfir tiltekið tak) eða framsalshæfi þeirra (þ.e. hvort umtalsverðar hindranir séu á að færa gjaldþolsliði frá einni einingu til annarrar). Að því er varðar þetta mat ættu eftirlitsyfirvöld að veita sérstaklega athygli sérhverri hlutdeild minnihluta í hæfum gjaldþolsliðum sem ná yfir gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingadótturfélag, vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags á fjármálasviði.

127) Til að tryggja að vátryggingatakar og vátryggðir vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem tilheyra samstæðu séu nægjanlega varðir ef um er að ræða slitameðferð á félagi sem fellur undir gildissvið samstæðueftirlitsins, ættu gjaldþolsliðir sem gefnir eru út af eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði í samstæðunni ekki að vera taldir lausir undan kvöð nema kröfurnar sem varða þessa gjaldþolsliði flokkist á eftir kröfum allra vátryggingataka og vátryggðra hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélögunum sem tilheyra samstæðunni.

128) Kveða ætti á um viðeigandi reglur á samstæðustigi fyrir meðferð félaga með sérstakan tilgang. Í þessu samhengi ættu félög með sérstakan tilgang, eins og þau eru skilgreind samkvæmt tilskipun 2009/138/EB, og sem annaðhvort uppfylla þær kröfur eða heyra undir eftirlitsyfirvald þriðja lands og uppfylla jafngildar kröfur, ekki vera að fullu á samstæðustigi.

129) Útreikningur á besta mati vátryggingaskuldar á stigi samstæðunnar í samræmi við aðferð 1 (aðferð, byggð á samstæðureikningsskilum) ætti að byggjast á þeirri forsendu að samtala besta mats fyrir hluteignarfélögin á vátryggingar- eða endurtryggingarsviði og hlutfallslegur hluti besta mats fyrir tengd félög þeirra, hvert og eitt aðlagað viðskiptum innan samstæðu, sé u.þ.b. það sama og fjárhæðin sem myndi koma út úr útreikningi besta mats fyrir samsteyptu vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar á stigi samstæðunnar í samræmi við 75.–86. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Einkum, þegar besta mat vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í þriðja landi er notað í þeim útreikningi, ætti þetta besta mat að vera metið í samræmi við þessar greinar.

130) Útreikningur á áhættuálagi vátryggingaskuldar á stigi samstæðunnar í samræmi við aðferð 1 (aðferð, byggð á samstæðureikningsskilum) ætti að byggjast á þeirri forsendu að yfirfærslan á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum samstæðunnar sé framkvæmd sérstaklega fyrir hvert vátrygginga- og endurtryggingafélag samstæðunnar og að áhættuálagið leyfi ekki fjölþættingu milli áhætta þessara félaga. Í tengslum við félög sem um getur í 2. og 5. mgr. 73. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti útreikningurinn að byggja á þeirri forsendu að yfirfærslan á eignasafni vátryggingaskuldbindinganna fyrir líf- og skaðatryggingarstarfsemi sé framkvæmd aðskilið.

131) Samstæður geta sótt um að nota tvær tegundir af eigin líkönum til að reikna út samstæðugjaldþolskröfu sína. Ef eigið líkan er eingöngu notað fyrir útreikninginn á samstæðugjaldsþolskröfunni, og ekki notað til að reikna út gjaldþolskröfu tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í samstæðunni, þá ætti að beita 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að tryggja að samþykki fyrir eigin líkani sem eingöngu er notað til að reikna út

samstæðugjaldþolskröfuna sé veitt af samstæðueftirlitsaðilanum með þeim hætti sem samræmist ákvæðunum sem sett eru fram í þeirri tilskipun um málsmeðferð við samþykki eigin líkana sem notuð eru á einingarstigi, þ.m.t. framkvæmdargerðina sem um getur í 2. mgr. 114. gr. þeirrar tilskipunar. Til þess að efla samstarf innan samstarfshóps eftirlitsaðila er nauðsynlegt að tilgreina hvernig samstæðueftirlitsaðilinn ætti að virkja önnur eftirlitsyfirvöld til þátttöku áður en hann tekur ákvörðun um umsóknina.

132) Ef samstæða sækir um að nota sama eigið líkan til að reikna út samstæðugjaldþolskröfuna sem og gjaldþolskröfu tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags í samstæðunni, þá ætti 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB að gilda. Í þessu samhengi, til að tryggja að samstæðueftirlitsaðilinn og önnur eftirlitsyfirvöld sem um ræðir vinni saman á skilvirkan hátt og taki upplýsta sameiginlega ákvörðun um hvort leyfa skuli notkun á því eigin líkani, er nauðsynlegt að setja fram ákvæði um skjalahald sem þörf er á og málsmeðferðina fyrir sameiginlegu ákvörðunina um umsóknina.

133) Samþykki á eigin líkani sem eingöngu er notað fyrir útreikninginn á samstæðugjaldþolskröfunni, sem veitt er á grundvelli 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ætti ekki að hafa áhrif á nein leyfi síðar skv. 231. gr. þeirrar tilskipunar. Einkum ætti sérhver umsókn um leyfi til að reikna út samstæðugjaldþolskröfuna saman með gjaldþolskröfu tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags í samstæðunni á grundvelli eigin líkans sem þegar hefur verið samþykkt skv. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 231. gr. þeirrar tilskipunar.

134) Samstæður ættu að sækja um leyfi til að nota hlutalíkan við útreikning á samstæðugjaldþolskröfu þegar eingöngu sum af tengdu félögunum falla undir gildissvið eigin samstæðulíkans, eða í tengslum við takmarkaða gildissviðið, sem um getur í 2. mgr. 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða í tengslum við sambland af hvoru þeirra.

135) Til að eigið líkan sem eingöngu er notað fyrir útreikninginn á samstæðugjaldþolskröfunni verði almennt notað og gegni mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi samstæðunnar ætti niðurstaðan úr því eigin líkani að vera notuð af vátrygginga- og endurtryggingafélagi með rekstur sem fellur að fullu eða að hluta innan gildissviðs þess eigin líkans. Í þessu samhengi ætti ekki að krefja þessi félög um að uppfylla kröfurnar í notkunarprófinu eins og þau væru að nota það eigið líkan við útreikninginn á gjaldþolskröfu sinni. Krafan um að þessi félög uppfylli notkunarprófið ætti að takmarkast við niðurstöðu þess eigin líkans og í þeim tilgangi að annast áhættustýringar- og innri eftirlitskerfin á samræmdan hátt í allri samstæðunni.

136) Við mat á því hvort skilyrðin sem sett eru fram í 236. gr. tilskipunar 2009/138/EB séu uppfyllt ætti samstæðueftirlitsaðilinn og önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld að taka tillit til nokkurra samhæfðra viðeigandi viðmiðana sem skipta máli til að tryggja samhæft eftirlit með gjaldþolsstöðu samstæðu fyrir samstæður með miðlæga áhættustýringu.

137) Til að ná fram skilvirkri samvinnu við eftirlit með vátrygginga- eða endurtryggingadótturfélögum í samstæðu sem er með miðlæga áhættustýringu eins og kveðið er á um í 237.–243. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er nauðsynlegt að samræma verklagsreglurnar sem eftirlitsyfirvöld eiga að fylgja við eftirlit með slíkum vátrygginga- og endurtryggingadótturfélögum.

138) Til að ákvarða með skýrum hætti hvenær neyðarástand, í skilningi 2. mgr. 239. gr. tilskipunar 2009/138/EB, hefur skapast ætti eftirlitsyfirvaldið sem veitt hefur starfsleyfi til vátrygginga- eða endurtryggingadótturfélags sem er með versnandi fjárhagsstöðu, að taka tillit til fjölda samhæfðra viðmiðana.

139) Samstarfshópur eftirlitsaðila ætti að vera varanlegur vettvangur fyrir samhæfingu meðal eftirlitsyfirvalda, sem stuðlar að sameiginlegum skilningi á áhættusniði samstæðunnar og tengdra félaga hennar og miðar að skilvirkara og árangursríkara eftirliti byggðu á áhættumati á bæði samstæðu- og einingastigi. Í þessu samhengi og til að tryggja eðlilega starfsemi samstarfshópsins er nauðsynlegt að setja viðmiðanir um hvenær útibú er talið mikilvægt að því er varðar þátttöku eftirlitsyfirvalda mikilvægra útibúa í samstarfshópnum. Einnig er nauðsynlegt að samræma kröfurnar sem eiga við um samhæft eftirlit með vátrygginga- og endurtryggingasamstæðum, til að stuðla að samleitinni eftirlitsframkvæmd.

140) Í tilskipun 2009/138/EB er þess krafist að hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði birti opinberlega upplýsingar um gjaldþol og fjárhaglega stöðu samstæðunnar. Sú tilskipun gerir þeim einnig kleift að láta í té staka skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sem samanstendur af upplýsingum, bæði um þá samstæðu og upplýsingum um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sem krafist er í tengslum við sérhvert dótturfélaga þeirra. Þær reglur miða að því að tryggja að áhugasamir hagsmunaaðilar séu upplýstir á tilhlýðilegan hátt um gjaldþol og fjárhagslega stöðu vátrygginga- og endurtryggingasamstæðna og á sama tíma draga úr, að því marki sem við á, fyrirhöfninni sem því tengist fyrir slíkar samstæður. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að samræma kröfurnar sem eiga við um opinbera birtingu upplýsinga af hendi vátrygginga- og endurtryggingasamstæðna, án tillits til þess hvort slíkar samstæður nýta sér möguleikann til að láta í té samantekna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

141) Til að tryggja skilvirka samleitni í eftirlitsferli samstæðueftirlitsaðilanna ætti að taka upp nákvæmar og samræmdar kröfur sem gilda um upplýsingarnar sem vátrygginga- og endurtryggingasamstæður eiga reglulega að leggja fram. Kröfurnar ættu einnig að auðvelda upplýsingaskipti innan samstarfshóps eftirlitsaðila og ættu, eftir því sem unnt er, að miða að því að takmarka tilheyrandi fyrirhöfn fyrir slíkar vátrygginga- og endurtryggingasamstæður.

142) Matið skv. 172., 227. og 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á því hvort gjaldþols- eða varfærnisreglur í þriðja landi sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í I. eða III. bálki þeirrar tilskipunar, ætti að vera viðvarandi ferli og vera framkvæmt með það að markmiði að tryggt sé að gjaldþols- eða varfærnisreglur í þriðja landi sýni fram á sambærilega vernd vátryggingartaka og vátryggðra og þeirrar sem kveðið er á um samkvæmt þeirri tilskipun.

143) Matið skv. 172., 227. og 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB á því hvort gjaldþols- eða varfærnisreglur í þriðja landi séu jafngildar því sem mælt er fyrir um í I. eða III. bálki þeirrar tilskipunar, ætti að framkvæma á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eftir því sem við á, í 378. gr. að því er varðar 172. gr., í 379. gr. að því er varðar 227. gr. og í 380. gr. að því er varðar 260. gr.

144) Ákvörðun um hvort viðmiðunin, sem ber að taka tillit til þegar jafngildi þriðja lands er metið, sé uppfyllt ætti að byggja á efnisþáttum löggjafarinnar eða annarra reglugerðakrafna í gjaldþols- eða varfærnisreglum þess þriðja lands, sem og hvernig þessari löggjöf og þessum kröfum er komið í framkvæmd og beitt og starfsháttum eftirlitsyfirvaldanna í því þriðja landi. Í þeirri ákvörðun ætti einnig að taka tillit til þess að hvaða marki eftirlitsyfirvöld í þriðja landi beita hlutfallsreglunni eins og hún er sett fram í tilskipun 2009/138/EB.

145) Til að tryggja að áhrifin af jákvæðri niðurstöðu um jafngildi, eins og sett er fram í 2. og 3. mgr. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB og í 211. gr. þessarar reglugerðar, grafi ekki undan meginmarkmiði reglusetningar og eftirlits með vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi, þ.e. fullnægjandi vernd vátryggingataka og vátryggðra, ætti viðmiðunin fyrir mati á jafngildi skv. 172. gr. þeirrar tilskipunar að ná yfir meginreglurnar sem settar eru fram í I. bálki um almennar reglur um stofnun og rekstur endurtryggingarstarfsemi.

146) Til að tryggja að þótt tillit sé tekið til gjaldþolskröfunnar og hæfs gjaldþols sem þriðja land mælir fyrir um, við ákvörðunina á gjaldþolsstöðu samstæðu þegar aðferð 2 er notuð, leiði til ákvörðunar gjaldþolsstöðu samstæðu sem er jafngild þeirri sem orðið hefði ef kröfunum samkvæmt tilskipun 2009/138/EB hefði verið beitt, ættu viðmiðanirnar fyrir mati á jafngildi skv. 227. gr. þeirrar tilskipunar að ná yfir meginreglurnar sem settar eru fram í VI. kafla, I. bálki um reglurnar sem varða matið á eignum og skuldum, vátryggingaskuld, gjaldþoli, gjaldþolskröfu, kröfu um lágmarksfjármagn og fjárfestingarreglum.

147) Til að tryggja að undanþága samstæðu frá samstæðueftirliti á vettvangi Sambandsins grafi ekki undan grundvallarhlutverkinu sem samstæðueftirliti er ætlað í tilskipun 2009/138/EB, ættu viðmiðanirnar fyrir mati á jafngildi skv. 260. gr. þeirrar tilskipunar að ná yfir meginreglurnar sem settar eru fram í III. bálki um eftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum innan samstæðu.

148) Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum og eftirlitsyfirvöld þriðju landa þar sem ákvörðun um jafngildi hefur verið jákvæð eða þar sem tímabundnar eða bráðabirgða jafngildar reglur eru í gildi, ættu að vinna sama og skiptast á upplýsingum til að tryggja að skýr gagnkvæmur skilningur sé á samstæðuáhættu og -gjaldþoli.

149) Til að tryggja að eftirlitsyfirvöld geti skipst á upplýsingum ættu eftirlitsyfirvöld þriðju landa, þar sem ákvörðun um jafngildi hefur verið jákvæð eða þar sem tímabundnar eða bráðabirgða jafngildar reglu eru í gildi, að vera bundin þagnarskyldu.

150) Til að tryggja að staðalreglan haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB á áframhaldandi grundvelli, mun framkvæmdastjórnin endurskoða aðferðirnar, forsendurnar og staðalstikana sem notaðir eru þegar gjaldþolskrafan er reiknuð út með staðalreglunni, einkum aðferðirnar, forsendurnar og staðalstikana sem notuð eru í markaðsáhættueiningunni eins og sett er fram í 6. lið V. kafla I. bálki, þ.m.t. endurskoða staðalstikana fyrir verðbréf með fastri ávöxtun og innviðina til langs tíma, staðalstikana fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu sem settir eru fram í II. viðauka, staðalstikana fyrir dánaráhættu, sem og hlutmengi staðalstikanna sem hægt er að skipta út með eigin stikum vátryggingafélags sem um getur í 218. gr. og stöðluðu aðferðirnar til að reikna út þessar breytur sem um getur í 220. gr. Í þessari endurskoðun ætti að nota reynsluna sem vátrygginga- og endurtryggingafélög hafa öðlast á umbreytingartímabilinu og fyrstu árunum eftir gildistöku þessara framseldu gerða, og vera framkvæmd fyrir desember 2018.

151) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar á innleiðingartímabilinu sem kveðið er á um í 308. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og sem hefst 1. apríl 2015, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlast gildi eins fljótt og mögulegt er, daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

MAT OG ÁHÆTTUTENGDAR GJALDÞOLSKRÖFUR (STOÐ I), EFLING STJÓRNARHÁTTA (STOÐ II) OG AUKIÐ GAGNSÆI (STOÐ III)

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Skilgreiningar og almennar meginreglur

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fráviksaðferðir fyrir mat“: matsaðferðir sem eru í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðrar en þær sem einungis nota skráð markaðsverð fyrir sömu eða svipaðar eignir eða skuldir,

2. „sviðsmyndagreining“: greining áhrifanna af samsetningu óhagstæðra viðburða,

3. „sjúkratryggingarskuldbinding“: tryggingarskuldbinding sem nær yfir annað eða bæði af eftirfarandi:

   i. veitingu læknismeðferðar eða umönnunar, þ.m.t. læknismeðferð í forvarnar- eða heilbrigðisskyni eða umönnunar vegna sjúkdóms, slyss, örorku eða hrumleika, eða fébætur vegna slíkrar meðferðar eða umönnunar,

   ii. fébætur sem stafa af sjúkdómi, slysi, örorku eða hrumleika,

4. „tryggingarskuldbinding vegna sjúkrakostnaðar“: tryggingarskuldbinding sem nær yfir veitingu læknismeðferðar eða umönnunar eða fébætur sem um getur í i. lið 3. mgr.,

5. „tryggingarskuldbinding vegna tekjuverndar“: tryggingarskuldbinding sem nær yfir fébæturnar sem um getur í ii. lið 3. mgr., aðrar en fébæturnar sem um getur í i. lið 3. mgr.,

6. „tryggingarskuldbinding vegna launþegabóta“: tryggingarskuldbinding sem nær yfir veitingu læknismeðferðar eða umönnunar eða fébóta sem um getur í i. og ii. lið 3. mgr., og sem leiða einungis af slysum á vinnustað, vinnuslysum og atvinnusjúkdómum,

7. „sjúkraendurtryggingarskuldbinding“: endurtryggingarskuldbinding sem leiðir af samþykktri endurtryggingu sem nær yfir sjúkratryggingaskuldbindingar,

8. „endurtryggingarskuldbinding vegna sjúkrakostnaðar“: endurtryggingarskuldbinding sem leiðir af samþykktri endurtryggingu sem nær yfir tryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar,

9. „endurtryggingarskuldbinding vegna tekjuverndar“: endurtryggingarskuldbinding sem leiðir af samþykktri endurtryggingu sem nær yfir tryggingaskuldbindingar vegna tekjuverndar,

10. „endurtryggingarskuldbinding vegna launþegabóta“: endurtryggingarskuldbinding sem leiðir af samþykktri endurtryggingu sem nær yfir tryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta,

11. „bókfærð iðgjöld“: iðgjöld sem greidd eru vátrygginga- eða endurtryggingafélagi yfir tilgreint tímabil óháð því hvort slík iðgjöld tengjast að öllu leyti eða hluta til vátryggingar- eða endurtryggingarvernd sem veitt er á öðru tímabili,

12. „iðgjaldatekjur“: iðgjöldin sem varða áhættuna sem vernd vátrygginga- og endurtryggingafélagsins nær yfir á tilgreindu tímabili,

13. „endurkaup“: allir hugsanlegir möguleikar til að segja upp samningi að hluta til eða í heild, þ.m.t. eftirfarandi:

    i. sjálfviljug uppsögn samningsins með eða án greiðslu á endurkaupsvirði,

    ii. vátryggingartakinn skiptir um vátrygginga- eða endurtryggingafélag,

    iii. uppsögn samningsins í kjölfar þess að vátryggingartakinn neitar að greiða iðgjaldið,

14. „slit“ á vátryggingarsamningi: endurkaup, brottfall án virðis, uppgreiðsla samnings, sjálfvirk fyrningarákvæði eða nýting annarra uppsagnarmöguleika eða vannýting framlengingarmöguleika,

15. „uppsagnarmöguleikar“: öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka sem gerir þeim vátryggingartaka kleift að segja upp að fullu eða að hluta, endurkaupa, minnka, takmarka eða hætta við tryggingavernd eða leyfa vátryggingarsamningnum að falla úr gildi,

16. „framlengingarmöguleikar“: öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka sem gerir þeim vátryggingartaka kleift að koma á að fullu eða að hluta, endurnýja, auka, víkka út eða endurvekja tryggingar- eða endurtryggingarvernd,

17. „tryggingavernd eigin líkans“: áhætta sem endurspeglast í líkindadreifingu, byggðri á spá, sem undirliggjandi er eigin líkani,

18. „gildissvið eigin líkans“: áhætta sem viðurkennt er að eigið líkan nái yfir. Umfang eigin líkans getur tekið til bæði áhættu sem endurspeglast í staðalreglunni fyrir gjaldþolskröfuna og þeirrar sem gerir það ekki,

19. „fjárfesting í seljanlegu verðbréfi eða öðrum fjármálagerningi sem byggir á „endurpökkuðum“ útlánum“ og „verðbréfaðri stöðu“: áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar í skilningi 61. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]),

20. „endurverðbréfuð staða“: áhættuskuldbinding vegna endurverðbréfunar í skilningi 63. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

21. „upphafsaðili“: upphafsaðili í skilningi 13. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

22. „umsýsluaðili“: umsýsluaðili í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

23. „áhættulag“: áhættulag í skilningi 67. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

24. „seðlabanki“: seðlabanki í skilningi 46. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

25. „grunnáhætta“: áhætta sem leiðir af aðstæðum þar sem áhættuskuldbindingin sem áhættuvörnin nær yfir samsvarar ekki áhættustigi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

26. „veðsetningarfyrirkomulag“: fyrirkomulag þar sem tryggingarveitendur gera annað af eftirfarandi:

    a) framselja fullan eignarrétt á veðinu til tryggingarhafa í þeim tilgangi að tryggja, eða ná með öðrum hætti yfir efndina á viðkomandi skuldbindingu,

    b) láta í té veð í formi tryggingar til handa tryggingarhafanum eða í þágu hans, og eignarrétturinn á veðinu helst hjá tryggingarveitandanum eða vörsluaðila þegar veðrétturinn er stofnaður,

27. í tengslum við safn liða, „allar mögulegar samsetningar tveggja“ slíkra liða: öll röðuð pör af liðum úr því safni,

28. „samnýtingarfyrirkomulag“: fyrirkomulag þar sem nokkur vátrygginga- eða endurtryggingafélög samþykkja að deila greindri vátryggingaáhættu í skilgreindum hlutföllum. Aðilarnir sem tryggðir eru af þátttakendum í samnýtingarfyrirkomulaginu eru sjálfir ekki þátttakendur í samnýtingarfyrirkomulaginu,

29. „samnýtt áhættuskuldbinding af gerð A“: áhættan sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag afsalar sér til samnýtingarfyrirkomulags þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er ekki aðili að því samnýtingarfyrirkomulagi,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

30. „samnýtt áhættuskuldbinding af gerð B“: áhættan sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag afsalar sér til annars þátttakanda í samnýtingarfyrirkomulagi, þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er aðili að því samnýtingarfyrirkomulagi,

31. „samnýtt áhættuskuldbinding af gerð C“: áhættan sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem er aðili að samnýtingarfyrirkomulagi afsalar sér til annars vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem er ekki þátttakandi í því samnýtingarfyrirkomulagi,

32. „djúpur markaður“: markaður þar sem viðskipti með mikið magn af fjármálagerningum geta átt sér stað án þess að hafa umtalsverð áhrif á verð gerningsins,

33. „virkur markaður“: markaður þar sem greiðlega er hægt að umbreyta fjármálagerningum með kaupum eða sölu án þess að valda umtalsverðri hreyfingu á verði,

34. „gagnsær markaður“: markaður þar sem upplýsingar um yfirstandandi viðskipti og gangverð eru greiðlega aðgengilegar almenningi, einkum vátrygginga- og endurtryggingafélögunum,

35. „valkvæð framtíðarágóðahlutdeild“: framtíðarbætur aðrar en vísitölutengdar eða sjóðatengdar bætur vegna vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem hafa eitt af eftirfarandi einkennum:

    a) þeir byggja á lagalegum eða samningsbundnum grundvelli eins eða fleira af eftirfarandi:

        i. árangrinum af tilteknu safni samninga eða tiltekinni tegund samnings eða einstaks samnings,

        ii. innleystum eða óinnleystum arði af fjárfestingu tiltekins eignasafns sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið á,

        iii. hagnaði eða tapi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða sjóðs sem samsvarar samningnum,

    b) þeir byggja á yfirlýsingu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og tímasetningin eða upphæð bótanna er valkvæð að fullu eða hluta,

36. „áhættulaus grunnvaxtaferill“: áhættulaus vaxtaferill sem leiddur er út á sama hátt og viðeigandi áhættulaus vaxtaferill sem notaður er til að reikna út besta mat sem um getur í 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, en án þess að beita aðlögun vegna samræmingar eða óstöðugleika eða umbreytingaraðlögun að viðeigandi áhættulausum vaxtaferli í samræmi við 308. gr. c þeirrar tilskipunar,

37. „eignasafn, aðlagað vegna samræmingar“: eignasafn trygginga- og endurtryggingaskuldbindinga sem aðlögun vegna samræmingar er beitt á og tiltekna eignasafnið eins og um getur í a-lið 1. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB,

38. „skuldbindingar heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging (e. *SLT Health obligations*)“: heilsutryggingaskuldbindingar sem tilgreindar eru á vátryggingagrein fyrir líftryggingaskuldbindingar í samræmi við 1. mgr. 55. gr.,

39. „skuldbindingar heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging (e. *NSLT Health obligations*)“: heilsutryggingaskuldbindingar sem tilgreindar eru á vátryggingagrein fyrir skaðatryggingaskuldbindingar í samræmi við 1. mgr. 55. gr.,

40. „sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréfasjóður (e. *UCITS*) eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([1]) eða sérhæfður sjóður (e. *AIF*) eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([2]),

41. í tengslum við vátrygginga- eða endurtryggingafélag, merkir „stór rekstrareining“: afmarkaður hluti vátrygginga- og endurtryggingafélagsins sem starfræktur er óháð öðrum hlutum félagsins og hefur til þess sérstök stjórnunartilföng og -aðferðir innan fyrirtækisins og felur í sér áhættu sem er veruleg í tengslum við allan rekstur félagsins,

42. í tengslum við vátrygginga- eða endurtryggingasamstæðu, merkir „stór rekstrareining“: afmarkaður hluti samstæðunnar sem starfræktur er óháð öðrum hlutum samstæðunnar og hefur til þess sérstök stjórnunartilföng og -aðferðir innan samstæðunnar og felur í sér áhættu sem er veruleg í tengslum við allan rekstur samstæðunnar. Sérhver lögaðili sem tilheyrir samstæðunni er stór rekstrareining eða samanstendur af nokkrum stórum rekstrareiningum,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

43. „stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,“ skal merkja, ef kveðið er á um tvöfalt stjórnunarkerfi sem samanstendur af framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn samkvæmt landslögum, framkvæmdastjórnina eða eftirlitsstjórnina eða báða þessa aðila eins og tilgreint er í viðkomandi landslöggjöf eða, ef enginn er tilgreindur í viðkomandi landslöggjöf, framkvæmdastjórnina,

44. „samanlagt hákmarksáhættustig“: samtala hámarksfjárhæðar greiðslna, þ.m.t. útgjöld sem félagið með sérstakan tilgang getur stofnað til, að undanskildum útgjöldum sem uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:

    a) félag með sérstakan tilgang hefur rétt á að krefja vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, sem hefur yfirfært áhættu á félagið með sérstakan tilgang, um að greiða útgjöldin,

    b) ekki er gerð krafa um að félag með sérstakan tilgang greiði útgjöldin nema og þegar fjárhæð sem er jöfn útgjöldunum hefur verið móttekin frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem hefur yfirfært áhættuna á félagið með sérstakan tilgang,

    c) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem hefur yfirfært áhættu til félagsins með sérstakan tilgang, telur ekki útgjöldin með sem endurheimtanlega fjárhæð frá félaginu með sérstakan tilgang í samræmi við 41. gr. þessarar reglugerðar,

45. „núgildandi vátryggingar- eða endurtryggingarsamningur“: vátryggingar- eða endurtryggingarsamningur þar sem vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar hafa verið viðurkenndar,

46. „væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum“: vænta núvirðið af framtíðarsjóðstreymi sem fæst með því að færa inn í vátryggingarskuld iðgjöld er varða núverandi vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem búist er við að fáist í framtíðinni, en sem gætu ekki fengist af einhverri ástæðu, annarri en þeirri að tryggði viðburðurinn hafi átt sér stað, án tillits til lagalegra eða samningsbundinna réttinda vátryggingartakans til að segja upp samningnum,

47. „veðlánatrygging“: greiðsluvátrygging sem veitir lánveitendum vernd ef veðlán þeirra lenda í vanskilum,

48. „dótturfélag“: dótturfélag í skilningi 1. og 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, þ.m.t. dótturfélög þeirra,

49. „tengt félag“: annaðhvort dótturfélag eða annað félag sem önnur félög eiga hlutdeild í, eða félag tengt öðru félagi með sambandi eins og sett er fram 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

50. „eftirlitsskylt félag“: „eftirlitsskyldur aðili“ í skilningi 4. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([1]),

51. „óeftirlitsskylt félag“: önnur félög en þau sem talin eru upp í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

52. „óeftirlitsskylt félag sem stundar fjármálastarfsemi“: óeftirlitsskylt félag sem stundar starfsemi, eina eða fleiri af þeim sem um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]), þegar sú starfsemi er umtalsverður hluti af heildarstarfsemi þess,

53. „félag í hliðarstarfsemi“: óeftirlitsskylt félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu, heilsugæslu- og umönnunarþjónustu eða aðra svipaða starfsemi sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri vátrygginga- eða endurtryggingafélaga,

54. „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“: rekstrarfélag í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða fjárfestingarfélag með starfsleyfi skv. 27. gr. þeirrar tilskipunar að því tilskildu að það hafi ekki tilnefnt rekstrarfélag samkvæmt þeirri tilskipun,

55. „rekstraraðili sérhæfðra sjóða“: rekstraraðili sérhæfðra sjóða í skilningi b-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

56. „stofnanir um starfstengdan lífeyri“: stofnanir í skilningi a-liðar 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([3]),

57. „innlent vátryggingafélag“: félag með starfsleyfi og undir eftirliti eftirlitsaðila þriðja lands sem þyrfti starfsleyfi sem vátryggingafélag í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef höfuðstöðvar þess væru í Sambandinu,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB, (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

58. „innlent endurtryggingafélag“: félag með starfsleyfi og undir eftirliti eftirlitsaðila þriðja lands sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef höfuðstöðvar þess væru í Sambandinu.

2. gr.

Sérfræðiálit

1. Þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög draga ályktanir um reglur sem varða mat á eignum og skuldum, vátryggingaskuld, gjaldþoli, gjaldþolskröfum, kröfum um lágmarksfjármagn og fjárfestingareglum, skulu þessar ályktanir byggjast á sérfræðiþekkingu einstaklinga með viðeigandi kunnáttu, reynslu og skilning á áhættunni sem er innbyggð í vátryggingar- eða endurtryggingarreksturinn.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, með tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar, tryggja að innri notendur viðkomandi ályktana séu upplýstir um viðeigandi innihald, áreiðanleikastig og takmarkanir þeirra. Í þeim tilgangi skulu þjónustuveitendur sem starfssviðum eða starfsemi hefur verið útvistað til álitnir vera innri notendur.

2. ÞÁTTUR

Lánshæfismat frá þriðja aðila

3. gr.

Flokkun lánshæfismata í útlánagæðaþrep

Skali útlánagæðaþrepa sem um getur í 1. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB skal fela í sér útlánagæðaþrep 0 til 6.

4. gr.

Almennar kröfur um notkun á lánshæfismati

1. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög geta eingöngu notað lánshæfismat frá þriðja aðila fyrir útreikninginn á gjaldþolskröfunni í samræmi við staðalregluna þegar það hefur verið gefið út af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (e. *ECAI*) eða er stutt af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([1]).

2. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög skulu tilnefna eitt eða fleiri utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem notuð verða fyrir útreikninginn á gjaldþolskröfunni samkvæmt staðalreglunni.

3. Notkun á lánshæfismati skal vera með samræmdum hætti og skal slíkt lánshæfismat ekki notað valkvætt.

4. Þegar lánshæfismat er notað skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög hlíta öllum eftirfarandi kröfum:

a) ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag ákveður að nota lánshæfismat sem tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur gert vegna ákveðins flokks liða, skal það nota slíkt lánshæfismat með samræmdum hætti fyrir alla liði sem tilheyra þeim flokki,

b) ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag ákveður að nota lánshæfismat sem tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur gert, skal það nota það á samfelldan og samræmdan hátt yfir tíma,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal eingöngu nota lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sem tekur tillit til allra fjárhæða sem það á kröfu á, bæði höfuðstóls og vaxta,

d) ef einungis eitt lánshæfismat er tiltækt frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki fyrir metinn lið, skal það lánshæfismat notað til að ákvarða gjaldþolskröfuna fyrir þann lið,

e) ef tvenns konar lánshæfismat liggja fyrir frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum og þau samsvara ólíkum stikum fyrir metinn lið, skal matið sem gefur hærri gjaldþolskröfuna notað,

f) ef fleiri en tvenns konar lánshæfismat liggja frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum fyrir metinn lið, skulu tvö lánshæfismöt sem gefa tvær lægstu gjaldþolskröfurnar notuð. Ef tvær lægstu gjaldþolskröfurnar eru ólíkar, skal lánshæfismatið sem gefur hærri gjaldþolskröfuna af þessum tveim lánshæfismötum notað. Ef tvær lægstu gjaldþolskröfurnar eru þær sömu, skal lánshæfismatið sem gefur þá gjaldþolskröfu notað,

g) vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu nota bæði umbeðið og óumbeðið lánshæfismat, þar sem það liggur fyrir.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

5. Ef liður er hluti af stærri eða flóknari áhættuskuldbindingum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, skal félagið gera sitt eigið innra lánshæfismat á liðnum og úthluta honum á eitt af sjö þrepunum í matsskala fyrir útlánagæði. Ef eigið innra lánshæfismat leiðir til lægri gjaldþolskröfu en þeirrar sem leiðir af lánshæfismatinu sem tiltækt er frá tilnefndum utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, skal það eigið innra lánshæfismat ekki tekið til greina að því er varðar þessa reglugerð.

6. Að því er varðar 5. mgr., skulu stærri og flóknari áhættuskuldbindingar félags innihalda verðbréfaðar stöður af gerð 2 eins og um getur í 3. mgr. 177. gr. og endurverðbréfaðar stöður.

5. gr.

Lánshæfismat útgefanda og útgáfu

1. Ef lánshæfismat er til fyrir tiltekna útgáfuáætlun eða útlánaaðferð sem liðurinn sem myndar áhættuskuldbindinguna tilheyrir, skal það lánshæfismat notað.

2. Ef ekki er til lánshæfismat sem beint á við um tiltekinn lið, en til er lánshæfismat fyrir tiltekna útgáfuáætlun eða útlánaaðferð sem liðurinn sem myndar áhættuskuldbindinguna tilheyrir ekki eða til er almennt lánshæfismat fyrir útgefandann, skal nota það lánshæfismat í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

a) það leiðir til sömu eða hærri gjaldþolskröfu en ella og áhættuskuldbindingin sem um ræðir er metin jafngild eða lægri að öllu leyti gagnvart hinni tilteknu útgáfuáætlun eða útlánaaðferð eða gagnvart ótryggðum forgangskröfum þess útgefanda, eins og við á,

b) það leiðir til sömu eða lægri gjaldþolskröfu en ella og áhættuskuldbindingin sem um ræðir er metin jafngild eða hærri að öllu leyti gagnvart hinni tilteknu útgáfuáætlun eða útlánaaðferð eða gagnvart ótryggðum forgangskröfum þess útgefanda, eins og við á.

Í öllum öðrum tilvikum skulu vátrygginga- eða endurtryggingafélög telja að ekki sé tiltækt lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis fyrir áhættuskuldbindinguna.

3. Lánshæfismat fyrir útgefendur innan fyrirtækjasamstæðu skal ekki notað sem lánshæfismat fyrir annan útgefanda innan sömu fyrirtækjasamstæðu.

6. gr.

Tvöfalt lánshæfismat fyrir verðbréfaðar stöður

Þrátt fyrir d-lið 4. mgr. 4. gr., þegar aðeins eitt lánshæfismat er tiltækt fyrir verðbréfaða stöðu frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, skal ekki nota það lánshæfismat. Gjaldþolskröfurnar fyrir þann lið skulu afleiddar eins og ekkert lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis sé tiltækt.

II. KAFLI

MAT EIGNA OG SKULDA

7. gr.

Forsendur mats

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja eignir og skuldir út frá forsendunni um að félagið muni viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu.

8. gr.

Gildissvið

Ákvæði 9. til 16. gr. skulu gilda um færslur og mat á eignum og skuldum, öðrum en vátryggingaskuldum.

9. gr.

Aðferðafræði mats — almennar meginreglur

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu færa inn eignir og skuldir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja eignir og skuldir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, að því tilskildu að þessir staðlar innihaldi matsaðferðir sem eru samrýmanlegar matsaðferðunum sem settar eru fram í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Ef þessir staðlar heimila notkun á fleiri en einni matsaðferð, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög eingöngu nota matsaðferðir sem samrýmast 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Ef matsaðferðirnar í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eru ekki í samræmi, annaðhvort tímabundið eða varanlega, við matsaðferðirnar sem settar eru fram í 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög nota aðrar matsaðferðir sem taldar eru samrýmast 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr., og einkum með því að virða meðalhófsregluna sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 29. gr. tilskipunar 2009/138/EB, geta vátrygginga- og endurtryggingafélög fært og metið eign eða skuld út frá matsaðferð sem notuð er fyrir undirbúning árs- eða samstæðureikningsskila sinna, að því tilskildu að:

a) matsaðferðin samrýmist 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) matsaðferðin sé í réttu hlutfalli að því er varðar eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem innbyggð er í rekstur félagsins,

c) félagið verðsetji ekki þá eign eða skuld í reikningsskilum sínum með því að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

d) verðlagning eigna og skulda með því að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla myndi hafa í för með sér kostnað fyrir félagið sem væri í röngu hlutfalli að því er varðar heildarstjórnunarkostnaðinn.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja einstakar eignir sérstaklega.

6. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja einstakar skuldir sérstaklega.

10. gr.

Aðferðafræði mats — stigskipting mats

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, þegar eignir og skuldir eru verðlagðar í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. 9. gr., fylgja stigskiptingu mats sem sett er fram í 2.–7. mgr., að teknu tilliti til einkenna eigna eða skulda, ef markaðsaðilar taka þessi einkenni til greina þegar eignir eða skuldi eru verðlagðar á matsdeginum, þ.m.t. skilyrðin og staðsetningar á eignum eða skuldum og takmarkanir, ef einhverjar eru, á sölu eða notkun eignarinnar.

2. Sem staðalaðferð við mat skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja eignir og skuldir með því að nota skráð markaðsverð á virkum mörkuðum fyrir sömu eignir eða skuldir.

3. Ef ekki er mögulegt að nota skráð markaðsverð á virkum mörkuðum fyrir sömu eignir eða skuldir skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja eignir og skuldir, með því að nota skráð markaðsverð á virkum mörkuðum fyrir svipaðar eignir og skuldir með leiðréttingum til að endurspegla mismun. Þessar leiðréttingar skulu endurspegla þætti sem sértækir eru fyrir eignirnar eða skuldirnar, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) ástand eða staðsetningu eignarinnar eða skuldarinnar,

b) að hve miklu marki gögn eiga við um liði sem eru sambærilegir eigninni eða skuldinni og

c) umfangið eða stig starfseminnar á mörkuðunum þar sem gögnin eru sannreynanleg.

4. Notkun vátrygginga- og endurtryggingafélaga á skráðum markaðsverðum skal byggjast á viðmiðunum fyrir virka markaði, eins og skilgreint er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem samþykktir hafa verið af framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002.

5. Ef viðmiðanirnar sem um getur 4. mgr. eru ekki uppfylltar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög nota fráviksaðferðir fyrir mat nema kveðið sé á um annað í þessum kafla.

6. Þegar fráviksaðferðir fyrir mat eru notaðar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög reiða sig eins lítið og mögulegt er á eigin gögn vátryggingafélags og nýta til fulls viðeigandi markaðsgögn, þ.m.t. eftirfarandi:

a) skráð verð fyrir nákvæmlega eins eða svipaðar eignir eða skuldir á óvirkum mörkuðum,

b) gögn, önnur en skráð verð, sem eru sannreynanleg fyrir eignirnar eða skuldirnar, þ.m.t. vextir og ávöxtunarferlar sem sannreynanlegir eru við almennt skráð með jöfnum bilum, afleidd flökt og skuldatryggingarálög,

c) markaðsstudd gögn, sem eru mögulega ekki beint sannreynanleg, en byggjast á eða eru studd af sannreynanlegum markaðsgögnum.

Leiðrétta skal öll þessi markaðsgögn fyrir þættina sem um getur í 3. mgr.

Að því marki sem viðeigandi sannreynanleg gögn eru ekki tiltæk, þ.m.t. í aðstæðum þar sem lítil, ef nokkur, markaðsstarfsemi er fyrir eignirnar eða skuldirnar á matsdeginum, skulu félög nota ósannreynanleg gögn sem endurspegla forsendurnar sem markaðsaðilar myndu nota þegar eignirnar eða skuldirnar eru verðlagðar, þ.m.t. forsendur fyrir áhættu. Ef ósannreynanleg gögn eru notuð skulu félög leiðrétta eigin gögn vátryggingafélags ef viðunandi fyrirliggjandi upplýsingar gefa til kynna að aðrir markaðsaðilar myndu nota ólík gögn eða ef eitthvað á sérstaklega við um félagið, sem ekki er tiltækt öðrum markaðsaðilum.

Þegar félögin meta forsendurnar fyrir áhættu sem um getur í þessari málsgrein skulu þau taka tillit til áhættunnar sem innbyggð er í sértæku matsaðferðina sem notuð er til að mæla gangvirði og áhættuna sem innbyggð er í gögn matsaðferðarinnar.

7. Félög skulu nota matsaðferðir sem eru samræmanlegar einni eða fleiri af eftirfarandi nálgunum þegar þau nota fráviksaðferðir fyrir mat:

a) markaðsaðferð, sem nýtir verð og aðrar viðeigandi upplýsingar sem orðið hafa til í markaðsviðskiptum með svipaðar eignir, skuldir eða flokk eigna og skulda. Matsaðferðir sem eru samræmanlegar markaðsaðferðinni innihalda fylkjaverðlagningu,

b) tekjuaðferð, sem breytir framtíðarfjárhæðum, eins og sjóðstreymi eða tekjum eða útgjöldum, í eina núgildandi fjárhæð. Gangvirðið skal endurspegla núverandi markaðsvæntingar um þessar framtíðarfjárhæðir. Matsaðferðir sem eru samræmanlegar tekjuaðferðinni innihalda núvirðisaðferðir, verðlagningarlíkön fyrir valrétt og umframhagnaðaraðferð yfir mörg tímabil,

c) kostnaðaraðferð, eða núgildandi endurnýjunarkostnaðaraðferð endurspeglar fjárhæðina sem krafist yrði núna til að koma í stað þjónustugetu eignar. Frá sjónarhóli seljanda sem er markaðsaðili, er verðið sem fengist fyrir eign byggt á kostnaði kaupanda sem er markaðsaðili við að afla eða búa til staðgengilseign að sambærilegum gæðum, leiðrétta fyrir úreldingu.

11. gr.

Færsla óvissra skuldbindinga

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu færa inn veigamiklar skilyrtar skuldbindingar, eins og skilgreint er í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar, sem skuldir.

2. Skilyrtar skuldbindingar skulu teljast veigamiklar ef upplýsingar um núverandi eða mögulega stærð eða eðli þessara skuldbindinga gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat ætlaðra notanda þeirra upplýsinga, þ.m.t. eftirlitsyfirvaldanna.

12. gr.

Matsaðferðir fyrir viðskiptavild og óefnislegar eignir

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja eftirfarandi eignir á núll:

1. viðskiptavild,

2. óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, nema hægt sé að selja hina óefnislegu eign sérstaklega og vátrygginga- og endurtryggingafélagið geti sýnt fram á að verð fáist fyrir sömu eða svipaðar eignir sem hefur verið leitt út í samræmi við 2. mgr. 10. gr., og í því tilviki skal eignin verðmetin í samræmi við 10. gr.

13. gr.

Matsaðferðir fyrir tengd félög

1. Að því er varðar verðlagningu á eignum einstakra vátrygginga- og endurtryggingafélaga, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja eignarhluti í tengdum félögum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í samræmi við eftirfarandi stigskiptingu aðferðanna:

a) nota staðalaðferðina við mat sem sett er fram í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar,

b) nota leiðrétta hlutdeildaraðferð sem um getur í 3. mgr. þegar mat í samræmi við a-lið er ekki mögulegt,

c) nota annaðhvort matsaðferðina sem sett er fram í 3. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar eða fráviksaðferðir fyrir mat í samræmi við 5. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

   i. hvorki mat í samræmi við a- né b-liði er mögulegt,

   ii. félagið er ekki dótturfélag, eins og skilgreint er í 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., að því er varðar verðlagningu á eignum einstakra vátrygginga- og endurtryggingafélaga, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja eignarhluti í eftirfarandi félögum á núll:

a) félögum sem eru undanskilin gildissviði samstæðueftirlitsins skv. a-lið 2. mgr. 214. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) félögum sem dregin eru frá gjaldþolinu sem hæft er fyrir gjaldþolsstöðu samstæðunnar í samræmi við 229. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Í leiðréttu hlutdeildaraðferðinni, sem um getur í b-lið 1. mgr., er þess krafist að hluteignarfélagið verðleggi eignarhluti sína í tengdum félögum á grundvelli hlutdeildarinnar í eignunum sem eru umfram skuldir í tengda félaginu sem hluteignarfélagið á.

4. Þegar eignirnar sem eru umfram skuldir eru reiknaðar út fyrir tengd félög skal hluteignarfélagið verðleggja einstakar eignir og skuldir félagsins í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og, þegar tengda félagið er vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða félag með sérstakan tilgang sem um getur í 211. gr. þeirrar tilskipunar, vátryggingaskuld í samræmi við 76.–85. gr. þeirrar tilskipunar.

5. Þegar eignirnar sem eru umfram skuldir eru reiknaðar út fyrir tengd félög, önnur en vátrygginga- eða endurtryggingafélög, getur hluteignarfélagið tekið til athugunar hlutdeildaraðferðina eins og lýst er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 til að vera í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef mat á einstökum eignum og skuldum í samræmi við 4. mgr. er ekki framkvæmanlegt. Í slíkum tilvikum skal hluteignarfélagið draga virðið á viðskiptavildinni og öðrum óefnislegum eignum sem verðlagðar yrðu á núll í samræmi við 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, frá virði tengda félagsins.

6. Þegar viðmiðunin sem um getur í 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar er uppfyllt, og ef notkunin á virðismatsaðferðunum sem um getur í a- og b-lið er ekki möguleg, má verðleggja eignarhluti í tengdum félögum á grundvelli matsaðferðarinnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélögin nota fyrir undirbúning árs- eða samstæðureikningsskila sinna. Í slíkum tilvikum skal hluteignarfélagið draga virðið á viðskiptavildinni og öðrum óefnislegum eignum sem verðlagðar yrðu á núll í samræmi við 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, frá virði tengda félagsins.

14. gr.

Matsaðferðir fyrir tilteknar skuldir

1. Við upphaflega færslu skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja fjárskuldbindingar, eins og um getur í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar. Eftir upphaflega færslu skal engin síðari leiðrétting gerð í því skyni að taka til greina breytinguna á eigin lánshæfi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu verðleggja skilyrtar skuldbindingar sem hafa verið færðar í samræmi við 11. gr. Virðið á skilyrtum skuldbindingum skal vera jafnt vænta núvirðinu á framtíðarsjóðstreymi sem þörf er á til að gera upp skilyrtu skuldbindinguna yfir líftíma þeirrar skuldbindingar, með því að nota áhættulausa grunnvaxtaferilinn.

15. gr.

Frestaður skattur

1. Vátrygginga og endurtryggingafélög skulu færa inn og verðleggja frestaðan skatt í tengslum við allar eignir og skuldir, þ.m.t. vátryggingaskuld, sem færðar eru með tilliti til gjaldþols eða skatts í samræmi við 9. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög verðleggja frestaðan skatt, annan en frestaðar skattinneignir sem stafa af yfirfærslunni á ónotuðum skattaafsláttum og yfirfærslunni á ónotuðum skattalegum töpum, á grundvelli mismunarins milli virðisins á eignum og skuldum sem færðar eru og verðmetnar í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB og ef um er að ræða vátryggingaskuld í samræmi við 76.–85. gr. þeirrar tilskipunar og virðisins á eignum og skuldum eins og færðar eru og verðmetnar í skattalegum tilgangi.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu eingöngu skrá jákvætt virði á frestuðum skattinneignum ef líklegt er að skattskyldur hagnaður í framtíðinni verði tiltækur sem nýta má frestuðu skattinneignina á móti, að teknu tilliti til sérhverra laga- eða reglugerðakrafna um tímamörkin sem varða yfirfærsluna á ónotuðu skattalegu tapi eða yfirfærsluna á ónotuðum skattaafsláttum.

16. gr.

Útilokun matsaðferða

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki verðleggja fjárhagseignir eða -skuldir á kostnaðarverði eða afskrifuðu kostnaðarverði.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki beita líkönum sem verðleggja, annaðhvort á bókfærðu virði eða gangvirði, sölukostnað eftir því hvort virðið er lægra.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki verðleggja fasteign, fjárfestingareign eða varanlega rekstrarfjármuni með kostnaðarverðslíkönum þegar eignavirðið er ákvarðað sem kostnaðarverð að frádreginni afskrift og virðisrýrnun.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru leigutakar í fjármögnunarleigu eða leigusalar skulu hlíta öllum eftirfarandi ákvæðum þegar eignir og skuldir eru verðlagðar í leigusamningi:

a) leigueignir skulu verðlagðar á gangvirði,

b) í þeim tilgangi að ákvarða núvirðið á lágmarksleigugreiðslum skal nota samræmd markaðsgögn og engar síðari leiðréttingar skulu gerðar til að taka til greina eigið lánshæfi félagsins,

c) ekki skal beita mati við afskrifað kostnaðarverð.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu leiðrétta hreint söluvirð á birgðum með áætluðum kostnaði við að fullgera þær og áætluðum nauðsynlegum kostnaði við söluna, ef þessi kostnaður er verulegur. Þessi kostnaður skal talinn vera verulegur þegar það að færa hann ekki inn gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda efnahagsreikningsins, þ.m.t. eftirlits-yfirvaldanna. Ekki skal beita mati við kostnaðarverð.

6. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki verðleggja ópeningalega styrki á nafnverði.

7. Þegar lífrænar eignir eru verðlagðar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög leiðrétta verðið með því að bæta við áætluðum kostnaði af að selja, ef áætlaði kostnaðurinn af að selja er verulegur.

III. KAFLI

REGLUR VARÐANDI VÁTRYGGINGASKULD

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

17. gr.

Færsla og afskráning vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga

Við útreikning á besta mati og áhættuálagi vátryggingaskuldar, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög færa inn vátryggingar- eða endurtryggingarskuldbindingu á þeim degi sem félagið verður aðili að samningnum sem leiðir til skuldbindingarinnar eða þann dag sem vátryggingar- eða endurtryggingarverndin hefst, eftir því hvor dagurinn er á undan. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu eingöngu viðurkenna skuldbindinguna innan marka samningsins.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu eingöngu afskrá vátryggingar- og endurtryggingarskuldbindingu þegar hún er ógilt, henni sagt upp, rift eða felld úr gildi.

18. gr.

Mörk vátryggingar- eða endurtryggingarsamnings

1. Mörk vátryggingar- eða endurtryggingarsamnings skulu skilgreind í samræmi við 2.–7. mgr.

2. Allar skuldbindingar sem varða samninginn, þ.m.t. skuldbindingar sem varða einhliða réttindi vátrygginga- eða endurtryggingafélags til að endurnýja eða víkka gildissvið samningsins og skuldbindinganna sem eiga við um greidd iðgjöld, skulu tilheyra samningnum nema annað sé tekið fram í 3.–6. mgr.

3. Skuldbindingar sem eiga við um vátryggingar- eða endurtryggingarvernd sem félagið veitir eftir sérhverja af eftirfarandi dagsetningum tilheyra ekki samningnum nema félagið geti knúið vátryggingartakann til að greiða iðgjaldið fyrir þessar skuldbindingar:

a) framtíðardagsetningin þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur einhliða rétt til að slíta samningnum,

b) framtíðardagsetningin þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur einhliða rétt til að hafna iðgjöldum sem greiða á samkvæmt samningnum,

c) framtíðardagsetningin þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur einhliða rétt til að breyta iðgjöldunum eða bótunum sem greiða á samkvæmt samningnum þannig að iðgjöldin endurspegli áhættuna að fullu.

Ákvæði c-liðar skulu talin gilda þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur einhliða rétt til að breyta framtíðardagsetningu iðgjaldanna eða bótanna í eignasafni vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga á þann hátt að iðgjöldin í eignasafninu endurspegli að fullu áhættuna sem eignasafnið nær yfir.

Ef um er að ræða líftryggingaskuldbindingar þar sem stakt áhættumat á skuldbindingunum sem varða tryggða einstaklinginn í samningnum er framkvæmt við upphaf samningsins og það mat er ekki hægt að endurtaka áður en iðgjöldunum eða bótunum er breytt, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög meta á stigi samningsins hvort iðgjöldin endurspegla að fullu áhættuna að því er varðar c-lið.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki taka tillit til skerðinga á einhliða rétti eins og um getur í a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar og takmarkana á að hve miklu leyti hægt er að breyta iðgjöldum eða bótum sem hafa engin merkjanleg áhrif á fjárhagslega þætti samningsins.

4. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur einhliða réttindi eins og um getur í 3. mgr. sem eingöngu tengjast hluta samningsins, skulu sömu meginreglur og skilgreindar eru í 3. mgr. gilda um þann hluta samningsins.

5. Skuldbindingar sem ekki eiga við um iðgjöld sem hafa þegar verið greidd tilheyra ekki vátryggingar- eða endurtryggingarsamningi nema félagið geti knúið vátryggingartakann til að greiða framtíðariðgjöldin og þegar allar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) samningurinn kveður ekki á um bætur fyrir tilgreindan óvissan viðburð sem hefur neikvæð áhrif á tryggða einstaklinginn,

b) samningurinn inniheldur ekki fjárhagslega tryggingu bótanna.

Að því er varðar a- og b-liði, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ekki taka tillit til tryggingaverndar viðburða og ábyrgða sem hafa engin merkjanlega áhrif á fjárhagslega þætti samningsins.

6. Ef hægt er að skipta vátryggingar- og endurtryggingarsamningi upp í tvo hluta og ef annar þessara hluta uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 5. mgr., tilheyra engar skuldbindingar sem ekki eiga við um iðgjöldin í þeim hluta og sem hafa þegar verið greidd samningnum nema félagið geti knúið vátryggingartakann til að greiða framtíðariðgjöldin af þeim hluta.

7. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, að því er varðar 3. mgr., eingöngu telja að iðgjöld endurspegli áhættuna sem fellur undir eignasafn vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga að fullu þegar bæturnar og útgjöldin sem greiðast samkvæmt eignasafninu fara ekki undir neinum kringumstæðum upp fyrir iðgjöldin sem greidd er samkvæmt eignasafninu.

2. ÞÁTTUR

Gæði gagna

19. gr.

Gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld

1. Gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld skulu eingöngu vera talin fullnægjandi að því er varðar 82. gr. tilskipunar 2009/138/EB þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögnin innihalda nægjanlegar eldri upplýsingar til að meta einkenni undirliggjandi áhætta og greina þróun í áhættu,

b) gögnin eru tiltæk fyrir sérhvern af viðkomandi einsleitu áhættuflokkunum sem notaðir eru við útreikning á vátryggingaskuld og engin gögn sem skipta máli eru undanskilin frá því að vera notuð við útreikninginn á vátryggingaskuldinni án rökstuðnings.

2. Gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld skulu eingöngu talin vera nákvæm að því er varðar 82. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögnin eru án verulegra skekkja,

b) samræmi er í gögnum frá mismunandi tímabilum sem notuð eru fyrir sama mat,

c) gögnin eru skráð með tímanlegum og samræmdum hætti yfir lengri tíma.

3. Gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld skulu eingöngu talin eiga við að því er varðar 82. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögnin eru í samræmi við tilganginn sem þau eru notuð í,

b) fjárhæðin og eðli gagnanna tryggir að matið sem gert er í útreikningnum á vátryggingaskuldinni á grundvelli gagnanna inniheldur ekki verulega matsskekkju,

c) gögnin eru í samræmi við forsendurnar sem eru undirliggjandi tryggingastærðfræðilegum og tölfræðilegum aðferðum sem beitt er á þau við útreikning vátryggingaskuldarinnar,

d) gögnin endurspegla á viðeigandi hátt áhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er óvarið fyrir, með tilliti til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þess,

e) gögnunum var safnað, beitt og þau meðhöndluð á gagnsæjan og skipulegan hátt, byggt á skjölunarferli sem samanstendur af öllu eftirfarandi:

   i. skilgreining á viðmiðunum fyrir gæðum gagnanna, þ.m.t. sértækum megindlegum og eigindlegum stöðlum fyrir mismunandi gagnasöfn,

   ii. notkun og ákvörðun á forsendum sem gerðar eru við söfnun, meðhöndlun og beitingu á gögnunum,

   iii. ferlinu við að framkvæma gagnauppfærslur, þ.m.t. tíðni uppfærslna og aðstæðurnar sem hrinda af stað viðbótaruppfærslum,

f) vátrygginga- eða endurtryggingafélög skulu tryggja að gögn þeirra séu notuð með samræmdum hætti yfir lengri tíma við útreikninga á vátryggingaskuldinni.

Að því er varðar b-lið, skal matsskekkja í útreikningi á vátryggingaskuldinni vera talin veruleg ef hún gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notendanna á niðurstöðu útreikningsins, þ.m.t. eftirlitsyfirvaldanna.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta notað gögn frá ytri uppsprettu, að því tilskildu að til viðbótar við að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1.–4. mgr., séu allar eftirfarandi kröfur uppfylltar:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélög geta sýnt fram á að notkunin á viðkomandi gögnum eigi betur við en notkunin á gögnum sem eingöngu eru tiltæk úr eigin heimildum,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélög þekkja uppruna viðkomandi gagna og forsendurnar eða aðferðafræðina sem notuð var við úrvinnslu þeirra gagna,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélög greina sérhverja þróun í viðkomandi gögnum og breytileika, yfir lengri tíma eða á milli gagna, í forsendum eða aðferðafræð við notkun á þeim gögnum,

d) vátrygginga- eða endurtryggingafélög geta sýnt fram á að forsendurnar og aðferðafræðin sem um getur í b- og c-lið endurspegli einkennin á eignasafni vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

20. gr.

Takmarkanir gagna

Ef gögn fylgja ekki ákvæðum 19. gr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög skjalfesta á viðeigandi hátt takmarkanirnar í gögnunum, þ.m.t. lýsingu á því hvort og hvernig slíkar takmarkanir verða lagfærðar og á starfssviðunum innan stjórnkerfis vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem ábyrg eru fyrir því ferli. Áður en leiðréttingar eru gerðar til að ráða bót á takmörkunum þeirra, skulu gögnin skrásett og vistuð með viðeigandi hætti.

21. gr.

Viðeigandi notkun á nálgunum til að reikna út besta mat

Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög skortir gögn af viðeigandi gæðum til að beita áreiðanlegri tryggingastærðfræðilegri aðferð mega þau nota viðeigandi nálganir til að reikna út besta mat að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) ónóg gögn stafa ekki af ófullnægjandi innri ferlum og verklagsreglum við söfnun, vistun eða sannprófun gagna sem notuð eru fyrir matið á vátryggingaskuld,

b) ekki er hægt að ráða bót á ónógum gögnum með notkun á utanaðkomandi gögnum,

c) ekki væri raunhæft fyrir félagið að leiðrétta gögnin til að ráða bót á vöntuninni.

3. ÞÁTTUR

Aðferðafræði til að reikna út vátryggingaskuld

1. undirþáttur

Forsendur sem liggja til grundvallar útreikningi á vátryggingaskuld

22. gr.

Almenn ákvæði

1. Forsendur skulu eingöngu taldar raunhæfar að því er varðar 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef þær uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) vátrygginga- og endurtryggingafélög geta útskýrt og rökstutt sérhverja forsendu sem notuð er, að teknu tilliti til marktækni hennar og óvissu, sem og aðrar viðeigandi forsendur,

b) auðvelt er hægt að greina aðstæðurnar þar sem forsendurnar yrðu taldar rangar,

c) nema kveðið sé á um annað í þessum kafla, þá byggjast forsendurnar á einkennum á eignasafni vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna, verði því við komið án tillits til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem á eignasafnið,

d) vátrygginga- og endurtryggingafélög nota forsendurnar með samræmdum hætti yfir lengri tíma og innan einsleitra áhættuflokka og vátryggingagreina, án geðþóttabreytinga,

e) forsendurnar endurspegla á fullnægjandi hátt sérhverja undirliggjandi óvissu í sjóðstreyminu.

Að því er varðar c-lið skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög eingöngu nota upplýsingar sem sértækar eru fyrir félagið, þ.m.t. upplýsingar um tjónauppgjör og útgjöld, ef þær upplýsingar endurspegla betur einkennin á eignasafni vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna en upplýsingar sem ekki eru takmarkaðar við sérstakt félag eða ef ekki er mögulegt að reikna út vátryggingaskuldina á varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt án þess að nota þær upplýsingar.

2. Forsendur skulu einungis notaðar að því er varðar 3. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef þær eru í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu setja forsendur um fjármálamarkaðsstika eða -sviðsmyndir í framtíðinni sem eru viðeigandi og í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög nota líkan til að gera spár um fjármálamarkaðsstika í framtíðinni, skulu þær hlíta öllum eftirfarandi kröfum:

a) þær leiða af sér eignaverð sem eru í samræmi við eignaverð sem sannreynanleg eru á fjármálamörkuðum,

b) þær gera ekki ráð fyrir högnunartækifærum,

c) kvörðunin á stikunum og sviðsmyndunum er í samræmi við viðeigandi áhættulausan vaxtaferil sem notaður er til að reikna út besta mat, eins og um getur í 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

23. gr.

Framtíðarstjórnunaraðgerðir

1. Forsendur framtíðarstjórnunaraðgerða skulu taldar raunhæfar að því er varðar 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef þær uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) þær eru ákvarðaðar á hlutlægan hátt,

b) framtíðarstjórnunaraðgerðir sem gert er ráð fyrir eru í samræmi við ríkjandi viðskiptahætti og starfsstefnu, þ.m.t. notkun áhættuvarna; ef nægar sannanir eru fyrir því að félagið muni breyta viðskiptaháttum eða starfsstefnu sinni, eru ráðgerðar framtíðarstjórnunaraðgerðir í samræmi við hina breyttu viðskiptahætti eða starfsstefnu,

c) ráðgerðar framtíðarstjórnunaraðgerðir eru í samræmi hverjar við aðra,

d) ráðgerðar framtíðarstjórnunaraðgerðir eru ekki andstæðar neinum skuldbindingum gagnvart vátryggingartökum og vátryggðum eða lagaskilyrðum sem eiga við um félagið,

e) ráðgerðar framtíðarstjórnunaraðgerðir hafa hliðsjón af öllum opinberum vísbendingum af hálfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins um aðgerðir sem það hyggst grípa til eða ekki grípa til.

2. Forsendur fyrir framtíðarstjórnunaraðgerðum skulu vera raunhæfar og innihalda allt eftirfarandi:

i. samanburð á ráðgerðum framtíðarstjórnunaraðgerðum við stjórnunaraðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur áður gripið til,

ii. samanburð á framtíðarstjórnunaraðgerðum sem tekið hefur verið tillit til í núverandi og fyrri útreikningum á besta mati,

iii. mat á áhrifunum af breytingum í forsendunum um framtíðarstjórnunaraðgerðir á virði vátryggingaskuldarinnar.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu geta útskýrt sérhver frávik sem eiga við í tengslum við i. og ii. liði óski eftirlitsyfirvöldin þess og, ef breytingar í forsendu framtíðarstjórnunaraðgerð hafa veruleg áhrif á vátryggingaskuld, ástæður fyrir þeim næmleika og hvernig tekið er tillit til næmleikans í ákvarðanatökuferli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög koma á yfirgripsmikilli aðgerðaáætlun fyrir framtíðarstjórnun, sem stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygginga- og endurtryggingafélagsins samþykkir, sem kveður á um allt eftirfarandi:

a) tilgreiningu á framtíðarstjórnunaraðgerðum sem eru raunhæfar vegna matsins á vátryggingaskuldinni,

b) tilgreiningu á sérstökum aðstæðum þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið telur raunhæft að framkvæma hverja viðkomandi framtíðarstjórnunaraðgerð sem um getur í a-lið,

c) tilgreiningu á sérstökum aðstæðum þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur mögulega ekki framkvæmt sérhverja viðkomandi framtíðarstjórnunaraðgerð sem um getur í a-lið, og lýsingu á hvernig þessar aðstæður eru meðhöndlaðar í útreikningi vátryggingaskuldarinnar,

d) röðina sem framtíðarstjórnunaraðgerðir, sem um getur í a-lið, munu verða framkvæmdar í og stjórnsýslukröfurnar sem eiga við þessar framtíðarstjórnunaraðgerðir,

e) lýsingu á yfirstandandi vinnu sem þörf er á til að tryggja að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sé í aðstöðu til að framkvæma sérhverja viðkomandi framtíðarstjórnunaraðgerð sem um getur í a-lið,

f) lýsingu á hvernig framtíðarstjórnunaraðgerðirnar, sem um getur í a-lið, hafa verið endurspeglaðar í útreikningi á besta mati,

g) lýsingu á viðeigandi verklagsreglum við innri gagnaskil sem ná yfir framtíðarstjórnunaraðgerðir, sem um getur í a-lið, innifaldar í útreikningi á besta mati.

4. Forsendur fyrir framtíðarstjórnunaraðgerðum skulu taka til greina tímann sem þörf er á til að framkvæma stjórnunaraðgerðirnar og öll útgjöld sem þær hafa í för með sér.

5. Kerfið til að tryggja yfirfærslu upplýsinga skal einungis talið skilvirkt að því er varðar 1. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef verklagsreglur við gagnaskil sem um getur í g-lið 3. mgr. þessarar greinar innihalda a.m.k. árlega tilkynningu til stjórnar, eftirlitsstjórnar eða framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni

Ef valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni ræðst af eignunum í eigu vátrygginga- eða endurtryggingafélags skulu félög byggja útreikninginn á besta mati á núverandi eignum í eigu félaganna og skulu gera ráð fyrir breytingum á eignaskiptingu þeirra í framtíðinni í samræmi við 23. gr. Forsendurnar um framtíðarhagnað af eignunum skulu vera í samræmi við viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, þ.m.t. eftir atvikum, aðlögun vegna samræmingar, aðlögun vegna óstöðugleika, eða umbreytingarráðstöfun á áhættulausa vexti, og matið á eignunum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

25. gr.

Aðskilinn útreikningur á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni

Þegar vátryggingaskuld er reiknuð út skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ákvarða sérstaklega virðið á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni.

26. gr.

Háttsemi vátryggingartaka

Þegar ákvarðað er hver líkindin eru á að vátryggingartaki muni beita samningsbundnum réttindum, þ.m.t. greiðsluniðurfellingum og endurkaupum, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög láta gera greiningu á fyrri háttsemi vátryggingartaka og líkindamat á væntri háttsemi vátryggingartaka. Sú greining skal taka tillit til alls eftirfarandi:

a) hversu hagstæð beiting á réttindum var og muni verða fyrir vátryggingatakana við þær aðstæður sem ríkja á þeim tíma sem réttinum er beitt,

b) áhrifanna af fyrri efnahagsaðstæðum og efnahagsaðstæðum í framtíðinni,

c) afleiðinganna af fyrri stjórnunaraðgerðum og framtíðarstjórnunaraðgerðum,

d) sérhverra annarra aðstæðna sem líklegar eru til að hafa áhrif á ákvarðanir vátryggingataka um hvort beita eigi valréttinum.

Líkindin skulu eingöngu talin vera óháð þáttunum sem um getur í a- til d-lið ef til eru reynslugögn sem styðja slíka ályktun.

2. undirþáttur

Upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi á besta mati

27. gr.

Trúverðugleiki upplýsinga

Upplýsingar skulu einungis taldar trúverðugar að því er varðar 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef vátrygginga- og endurtryggingafélög láta í té sannanir fyrir trúverðugleika upplýsinganna að teknu tilliti til samkvæmni og hlutlægni viðkomandi upplýsinga, áreiðanleika heimildarinnar fyrir upplýsingunum og gagnsæis við öflun og úrvinnslu upplýsinganna.

3. undirþáttur

Sjóðstreymisspár fyrir útreikning á besta mati

28. gr.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymisspáin sem notuð er við útreikning á besta mati skal innihalda öll eftirfarandi sjóðstreymi, að því marki að þessi sjóðstreymi eiga við um núverandi vátrygginga- og endurtryggingasamninga:

a) bótagreiðslur til vátryggingataka og vátryggðra,

b) greiðslur sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun stofna til við veitingu samningsbundinna bóta sem greiddar eru í fríðu,

c) greiðslur kostnaðar eins og um getur í 1. lið 78. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) iðgjaldagreiðslur og öll viðbótar sjóðstreymi sem leiða af þessum iðgjöldum,

e) greiðslur milli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og miðlara sem tengjast vátryggingar- eða endurtryggingar-skuldbindingum,

f) greiðslur milli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og fjárfestingarfyrirtækja í tengslum við samninga með vísitölu- og einingatengdar bætur,

g) greiðslur vegna endurheimta og aðilaskipta, að því marki sem þær eru ekki viðurkenndar sem aðskildar eignir eða skuldir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem framkvæmdastjórnin ábyrgist í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

h) greiðslur skatta sem eru, eða búist er við að verði, lagðar á vátryggingataka eða krafist er til að gera upp vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar.

29. gr.

Vænt framtíðarþróun ytra umhverfis

Við útreikning á besta mati skal taka tillit til væntrar framtíðarþróunar sem mun hafa veruleg áhrif á inn- og útstreymi handbærs fjár sem þörf er á til að gera upp vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar yfir líftíma þeirra. Í þeim tilgangi skal framtíðarþróun ná yfir lýðfræði-, laga-, læknisfræði-, tækni-, félags-, umhverfis- og efnahagslega þróun, þ.m.t. verðbólgu eins og um getur í 2. lið 78. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

30. gr.

Óvissa um sjóðstreymi

Í sjóðstreymisspánni sem notuð er við útreikning á besta mati skal beint eða óbeint taka til greina alla óvissu í sjóðstreyminu, þ.m.t. öll eftirfarandi einkenni:

a) óvissu um tímasetningu tryggðs viðburðar, tíðni hans og þess hversu alvarlegur hann er,

b) óvissu um fjárhæðir krafna, þ.m.t. óvissu um verðbólgu, og um tímann sem þörf er á fyrir uppgjör og greiðslu krafna,

c) óvissu um fjárhæð útgjalda sem um getur í 1. lið 78. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) óvissu um vænta framtíðarþróun sem um getur 29. gr., að því marki sem hún er raunhæf,

e) óvissu um háttsemi vátryggingartaka,

f) hæðið milli tveggja eða fleiri orsaka fyrir óvissu,

g) hæði sjóðstreymis við aðstæður fyrir dagsetninguna á sjóðstreyminu.

31. gr.

Útgjöld

1. Í sjóðstreymisspá sem notuð er til að reikna út besta mat skal taka tillit til allra eftirfarandi útgjalda, sem eiga við um færðar vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vátrygginga- og endurtryggingafélaga og sem getið er um í 1. lið 78. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) stjórnunarkostnaðar,

b) kostnaðar vegna fjárfestingastýringar,

c) kostnaðar vegna tjónauppgjörs,

d) kostnaðar við öflun vátrygginga.

Útgjöldin, sem um getur í a- til d-lið, skulu taka tillit til óbeins kostnaðar sem stofnað er til við að þjónusta vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar.

2. Óbeinum kostnaði skal úthlutað á raunhæfan og hlutlægan hátt og með samræmdum hætti yfir lengri tíma á hluta besta mats sem hann tengist.

3. Taka skal tillit til útgjalda að því er varðar endurtryggingasamninga og félög með sérstakan tilgang í vergum útreikningi á besta mati.

4. Útgjöldin skulu framreiknuð út frá þeirri forsendu að félagið muni stofna til nýs rekstrar í framtíðinni.

32. gr.

Samningsbundin réttindi og fjárhagslegar tryggingar

Þegar besta mat er reiknað út, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til alls eftirfarandi:

a) allra fjárhagslegra trygginga og samningsbundinna réttinda í vátrygginga- og endurtryggingastefnum þeirra,

b) allra stuðla sem geta haft áhrif á líkindin á að vátryggingatakar muni nýta samningsbundin réttindi eða innleysa andvirðið af fjárhagslegum tryggingum.

33. gr.

Gjaldmiðill skuldbindinganna

Besta mat skal reiknað út sérstaklega fyrir sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðum.

34. gr.

Reikniaðferðir

1. Besta mat skal reiknað út á gagnsæjan hátt og þannig að tryggt sé að sérfræðingur með tilskilin réttindi geti endurskoðað reikniaðferðina og niðurstöðurnar sem fást með henni.

2. Valið á tryggingastærðfræðilegum og tölfræðilegum aðferðum fyrir útreikning á besta mati skal byggt á því hversu viðeigandi þær eru til að endurspegla áhættuna sem hefur áhrif á undirliggjandi sjóðstreymi og á eðli vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna. Tryggingastærðfræðilegu og tölfræðilegu aðferðirnar skulu vera samkvæmar og nýta öll viðeigandi gögn fyrir útreikninginn á besta mati.

3. Ef reikniaðferð byggir á flokkuðum tryggingagögnum skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög tryggja að flokkun tryggingasamninganna skapi einsleita áhættuflokka sem á viðeigandi hátt endurspegla áhættu einstakra samninga í þessum flokkum.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu greina að hvaða marki núvirði sjóðstreymisins er háð bæði væntum niðurstöðum af framtíðarviðburðum og -þróun og hvernig raunveruleg niðurstaða af ákveðnum sviðsmyndum getur vikið frá væntu niðurstöðunni.

5. Ef núvirði sjóðstreymisins er háð framtíðarviðburðum og -þróun eins og um getur í 4. mgr., skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög nota aðferð sem endurspeglar slíkt hæði til að reikna út besta mat fyrir sjóðstreymi.

35. gr.

Einsleitir áhættuflokkar líftryggingaskuldbindinga

Sjóðstreymisspár sem notaðar eru við útreikninginn á besta mati fyrir líftryggingaskuldbindingar skulu gerðar sérstaklega fyrir hvern tryggingarsamning. Ef aðskilinn útreikningur fyrir hvern tryggingasamning felur í sér ótilhlýðilega fyrirhöfn fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur það framkvæmt spána eftir flokkun tryggingasamninga, að því tilskildu að flokkunin fullnægi öllum eftirfarandi kröfum:

a) enginn umtalsverður munur er á eðli og flækjustigi áhættunnar sem er undirliggjandi í tryggingasamningunum sem tilheyra sama flokki,

b) flokkun tryggingasamninganna gefur ekki ranga mynd af áhættunni sem er undirliggjandi samningunum og rangfærir ekki útgjöld þeirra,

c) flokkun samninganna er líkleg til að gefa nokkurn veginn sömu niðurstöðu fyrir útreikning á besta mati eins og útreikningur á grunni sérhvers tryggingarsamnings, einkum í tengslum við fjárhagslegar tryggingar og samningsbundin réttindi sem innifalin eru í tryggingasamningunum.

36. gr.

Skaðatryggingaskuldbindingar

1. Besta mat fyrir skaðatryggingaskuldbindingar skal reiknað út sérstaklega fyrir iðgjaldaniðurfærslu og niðurfærslu á útistandandi kröfum.

2. Iðgjaldaniðurfærslan skal eiga við um tjónaviðburði í framtíðinni sem vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar ná yfir og falla innan marka samningsins sem um getur í 18. gr. Í sjóðstreymisspám fyrir útreikning á iðgjaldaniðurfærslunni skal taka með bætur, útgjöld og iðgjöld sem varða þessa viðburði.

3. Niðurfærsla á útistandandi kröfum skal eiga við um tjónaviðburði sem hafa þegar gerst, án tillit til þess hvort kröfurnar sem stafa af þessum viðburðum hafi verið tilkynntar eða ekki.

4. Í sjóðstreymisspám fyrir útreikning á niðurfærslunni á útistandandi kröfum skal taka með bætur, útgjöld og iðgjöld sem varða viðburðina sem um getur í 3. mgr.

4. undirþáttur

Áhættuálag

37. gr.

Útreikningur á áhættuálagi

1. Áhættuálag fyrir allt eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga skal reiknað út með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$RM = CoC \cdot \sum_{t \geq 0} \frac{SCR(t)}{(1 + r(t+1))^{t+1}}$$

þar sem:

a) *CoC* táknar fjármagnskostnaðarhlutann,

b) samtalan nær yfir allar heilar tölur að meðtöldu núlli,

c) SCR(t) táknar gjaldþolskröfuna sem um getur í 2. mgr. 38. gr. eftir t ár,

d) r(t+1) táknar áhættulausa grunnvexti fyrir binditíma t+1 ár.

Velja skal áhættulausu grunnvextina r(t+1) í samræmi við gjaldmiðilinn sem notaður er fyrir reikningsskil vátrygginga- og endurtryggingafélagsins.

2. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög reikna út gjaldþolskröfu sína með því að nota samþykkt eigið líkan og ákvarða að líkanið sé viðeigandi til að reika út gjaldþolskröfuna, sem um getur í 2. mgr. 38. gr., fyrir hvern tímapunkt yfir líftíma vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélögin nota eigið líkan til að reikna út fjárhæðina *SCR(t)* sem um getur í 1. mgr.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu úthluta áhættuálagi fyrir allt eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga á vátryggingagreinarnar sem um getur í 80. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Úthlutunin skal endurspegla á fullnægjandi hátt framlög vátryggingagreinanna til gjaldþolskröfunnar sem um getur í 2. mgr. 38. gr. yfir líftíma alls eignasafns vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna.

38. gr.

Viðmiðunarfélag

1. Útreikningur á áhættuálaginu skal byggjast á öllum eftirfarandi forsendum:

a) allt eignasafn vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem reiknar út áhættuálagið (upprunalega félagið) er yfirtekið af öðru vátrygginga- eða endurtryggingafélagi (viðmiðunarfélag),

b) þrátt fyrir a-lið, ef upprunalega félagið starfrækir samtímis bæði líf- og skaðatryggingarstarfsemi skv. 5. mgr. 73. gr. tilskipunar 2009/138/EB, taka tvö mismunandi viðmiðunarfélög aðskilið yfir annars vegar eignasafn vátryggingaskuldbindinganna sem varða líftryggingarstarfsemi og lífendurtryggingaskuldbindingar og hins vegar eignasafn vátryggingaskuldbindinganna sem varða skaðatryggingarstarfsemi og skaðaendurtryggingaskuldbindingar,

c) yfirfærslan á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum inniheldur alla endurtryggingasamninga og fyrirkomulag við félög með sérstakan tilgang sem varða þessar skuldbindingar,

d) viðmiðunarfélagið er ekki með neinar vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar eða gjaldþol áður en yfirfærslan á sér stað,

e) eftir yfirfærsluna tekur viðmiðunarfélagið ekki á sig neinar nýjar vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar,

f) eftir yfirfærsluna safnar viðmiðunarfélagið hæfu gjaldþoli jöfnu gjaldþolskröfunni sem nauðsynlegt er til að standa undir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingunum yfir líftíma þeirra,

g) eftir yfirfærsluna á viðmiðunarfélagið eignir sem samsvara samtölunni á gjaldþolskröfu þess og vátryggingaskuldinni að frádregnum endurheimtanlegu fjárhæðunum frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang,

h) eignirnar eru valdar á þann hátt að þær lágmarki gjaldþolskröfuna fyrir markaðsáhættu sem viðmiðunarfélagið er útsett fyrir,

i) gjaldþolskrafa viðmiðunarfélagsins nær yfir allar eftirfarandi tegundir áhættu:

   i. tryggingaráhættu að því er varðar aðilaskiptin að atvinnurekstrinum,

   ii. þar sem hún er veruleg, markaðsáhættu sem um getur í h-lið, aðra en vaxtaáhættu,

   iii. kröfuáhættu að því er varðar endurtryggingasamninga, fyrirkomulag við félög með sérstakan tilgang, miðlara, vátryggingartaka og allar aðrar veigamiklar áhættuskuldbindingar sem eru náið tengdar vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingunum,

   iv. rekstraráhættu,

j) hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi, sem um getur í 108. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í viðmiðunarfélaginu samsvarar hverri áhættu vegna hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi í upphaflega félaginu,

k) frestaður skattur er ekki hæfur til að draga úr tapi, eins og um getur í 108. gr. tilskipunar 2009/138/EB, fyrir viðmiðunarfélagið,

l) viðmiðunarfélagið mun, með fyrirvara um e- og f-lið, samþykkja framtíðarstjórnunaraðgerðir sem eru í samræmi við ráðgerðar framtíðarstjórnunaraðgerðir upphaflega félagsins, eins og um getur í 23. gr.

2. Yfir líftíma vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna skal gert ráð fyrir að gjaldþolskrafan, sem nauðsynleg er til að standa undir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingunum sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sé jöfn gjaldþolskröfu viðmiðunarfélagsins sem vísað er til samkvæmt forsendunum sem settar eru fram í 1. mgr.

3. Að því er varðar i-lið 1. mgr. skal áhætta talin vera veruleg ef áhrif hennar á útreikninginn á áhættuálaginu gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda þeirra upplýsinga, þ.m.t. eftirlitsyfirvalda.

39. gr.

Fjármagnskostnaður

Gera skal ráð fyrir að vextir fjármagnskostnaðar sem um getur í 5. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, séu jafnir 6%.

5. undirþáttur

Útreikningur á vátryggingaskuld sem heild

40. gr.

Aðstæður þar sem reikna skal út vátryggingaskuld sem heild og aðferðin sem nota á

1. Að því er varðar seinni undirgrein 4. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal áreiðanleiki metinn skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar og vátryggingaskuld verðsett skv. 4. mgr. þessarar greinar.

2. Eftirgerð sjóðstreymis skal talin áreiðanleg ef þetta sjóðstreymi er endurgert með tilliti til fjárhæðar og tímasetningar í tengslum við undirliggjandi áhættur í viðkomandi sjóðstreymi og allra mögulegra sviðsmynda. Eftirfarandi sjóðstreymi sem tengist vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingum er ekki hægt að endurgera með áreiðanlegum hætti:

a) sjóðstreymi tengt vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum sem ræðst af líkunum á að vátryggingatakar muni nýta samningsbundin réttindi, þ.m.t. greiðsluniðurfellingar og endurkaup,

b) sjóðstreymi tengt vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum sem ræðst af stigi, þróun eða óstöðugleika í dánar-, örorku-, veikinda- og sjúkdómstíðni,

c) allur kostnaður sem stofnað verður til í því skyni að þjónusta vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar.

3. Fjármálagerningar skulu taldir vera fjármálagerningar sem sýna áreiðanlegt markaðsvirði, ef verslað er með þessa fjármálagerninga á virkum, djúpum, kvikum og gagnsæjum markaði. Virkir markaðir skulu einnig hlíta 4. mgr. 10. gr.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ákvarða virði vátryggingaskuldar á grundvelli markaðsverðsins á fjármálagerningunum sem notað er í endurgerðinni.

6. undirþáttur

Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang

41. gr.

Almenn ákvæði

1. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang skulu reiknaðar út með samræmdum hætti innan marka vátrygginga- og endurtryggingasamninganna sem þessar fjárhæðir byggjast á.

2. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá félögum með sérstakan tilgang, endurheimtanlegar fjárhæðir af takmörkuðum endurtryggingasamningum eins og um getur í 210. gr. tilskipunar 2009/138/EB og endurheimtanlegar fjárhæðir af öðrum endurtryggingasamningum skulu hver um sig reiknaðar út sérstaklega. Endurheimtanlegar fjárhæðir frá félögum með sérstakan tilgang skulu ekki fara yfir samanlagt hámarksáhættustig þess félags með sérstakan tilgang vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

3. Að því er varðar útreikning á endurheimtanlegum fjárhæðum af endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang, skal sjóðstreymi eingöngu innihalda greiðslur í tengslum við bætur vegna vátryggingaviðburða og óuppgerðra vátryggingakrafna. Gera skal grein fyrir greiðslum í tengslum við aðra viðburði eða uppgerðar vátryggingakröfur utan við endurheimtanlegar fjárhæðir af endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang og annarra þátta vátrygginga-skuldarinnar. Ef innistæða hefur verið gerð fyrir sjóðstreyminu, skulu endurheimtanlegar fjárhæðir aðlagaðar til samræmis til að forðast tvítalningu á eignum og skuldum varðandi innstæðuna.

4. Endurheimtanlegar fjárhæðir af endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang fyrir skaðatryggingaskuldbindingar skulu reiknaðar út sérstaklega fyrir iðgjaldaniðurfærslur og varúðarniðurfærslur á útistandandi kröfum á eftirfarandi hátt:

a) sjóðstreymið sem varðar varúðarniðurfærslur á útistandandi kröfum skal innihalda bótagreiðslurnar sem varða kröfurnar sem gert er grein fyrir í vergu varúðarniðurfærslunum á útistandandi kröfum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem framselur áhættu,

b) sjóðstreymið sem varðar iðgjaldaniðurfærslur skal innihalda allar aðrar greiðslur.

5. Ef sjóðstreymi frá félögum með sérstakan tilgang til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins ræðst ekki beint af kröfunum gagnvart vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem framselur áhættur, skal eingöngu taka tillit til endurheimtanlegu fjárhæðanna frá þessum félögum með sérstakan tilgang vegna framtíðarkrafna að því marki að hægt sé að sannreyna á varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt að kerfislega misræmið milli krafna og endurheimtanlegra fjárhæða sé ekki verulegt.

42. gr.

Leiðrétting vegna vanskila mótaðila

1. Leiðréttingar sem taka til greina vænt tap vegna vanskila mótaðila, sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu reiknaðar út aðskildar frá afgangnum af endurheimtanlegu fjárhæðunum.

2. Leiðréttingarnar sem taka til greina vænt tap vegna vanskila mótaðila skulu reiknaðar út sem væntа núvirðið af breytingunni í sjóðstreymi sem er undirliggjandi endurheimtanlegu fjárhæðunum frá þeim mótaðila, sem mundi orsakast af vanskilum mótaðilans, þ.m.t. sem afleiðing af ógjaldfærni eða ágreiningi, á ákveðnum tímapunkti. Í þeim tilgangi skal breyting í sjóðstreymi ekki taka tillit til áhrifanna af neinum áhættuvörnum sem milda kröfuáhættu mótaðilans, öðrum en áhættuvörnum sem byggja á eignarhlutum í veðum. Áhættuvarnirnar sem ekki er tekið tillit til skulu færðar sérstaklega án þessa að hækka endurheimtanlegu fjárhæðina frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.

3. Í útreikningnum sem um getur í 2. mgr. skal taka tillit til mögulegra vanskilaviðburða yfir líftíma endurtryggingarsamningsins eða fyrirkomulagsins við félagið með sérstakan tilgang og hvort og hvernig líkurnar á vanefndum sveiflast yfir lengri tíma. Framkvæma skal útreikning sérstaklega fyrir hvern mótaðila og hverja vátryggingagrein. Fyrir skaðatryggingar skal hann einnig framkvæmdur sérstaklega fyrir iðgjaldaniðurfærslur og varúðarniðurfærslur á útistandandi kröfum.

4. Meðaltalstapið sem leiðir af vanskilum mótaðila, sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal ekki metið lægra en 50% af endurheimtanlegu fjárhæðunum að undanskilinni leiðréttingunni sem um getur í 1. mgr., nema áreiðanlegur grundvöllur sé fyrir öðru mati.

5. Líkurnar á vanefndum félags með sérstakan tilgang skulu reiknaðar út á grundvelli kröfuáhættunnar sem innbyggð er í eignir félagsins með sérstakan tilgang.

4. ÞÁTTUR

Viðeigandi áhættulaus vaxtaferill

1. undirþáttur

Almenn ákvæði

43. gr.

Almenn ákvæði

Vextir áhættulausa grunnvaxtaferilsins skulu uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:

a) vátrygginga- og endurtryggingafélög geta áunnið sér vextina á áhættulausan hátt,

b) vextirnir eru ákvarðaðir á áreiðanlegan hátt á grundvelli fjármálagerninga sem viðskipti eru höfð með á djúpum, kvikum og gagnsæjum fjármálamarkaði.

Vextir viðeigandi áhættulausa vaxtaferilsins skulu reiknaðir út sérstaklega fyrir hvern gjaldmiðil og binditíma, á grundvelli allra upplýsinga og gagna sem eiga við um þann gjaldmiðil og þann binditíma. Þeir skulu ákvarðaðir á gagnsæjan, varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt með samræmdum hætti yfir lengri tíma.

2. undirþáttur

Áhættulaus grunnvaxtaferill

44. gr.

Viðeigandi fjármálagerningar til að leiða út áhættulausa grunnvexti

1. Fyrir hvern gjaldmiðil og binditíma skal leiða út áhættulausa grunnvexti á grundvelli vaxta vaxtaskiptasamninga fyrir vexti þess gjaldmiðils, leiðrétta með hliðsjón af kröfuáhættu.

2. Fyrir hvern gjaldmiðil og fyrir binditíma þar sem vextir vaxtaskiptasamninga eru ekki tiltækir frá djúpum, kvikum og gagnsæjum fjármálamörkuðum, skal nota vextina af ríkisskuldabréfum sem gefin eru út í þeim gjaldmiðli, leiðrétta með hliðsjón af kröfuáhættu ríkisskuldabréfanna, til að leiða út áhættulausa grunnvexti, að því tilskildu að vextir slíkra ríkisskuldabréfa séu tiltækir frá djúpum, kvikum og gagnsæjum fjármálamörkuðum.

45. gr.

Leiðrétting á vöxtum vaxtaskiptasamninga vegna kröfuáhættu

Leiðrétting á kröfuáhættu, sem um getur í 1. mgr. 44. gr., skal ákvörðuð á gagnsæjan, varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt með samræmdum hætti til lengri tíma. Ákvarða skal leiðréttinguna á grundvelli mismunar á vöxtum sem ná yfir kröfuáhættu sem endurspeglast í fljótandi vöxtum vaxtaskiptasamninga og dagvöxtum vísitölutryggðra vaxtaskiptasamninga með sama binditíma, ef hvor tveggja þessara vaxta eru tiltækir frá djúpum, kvikum og gagnsæjum fjármálamörkuðum. Útreikningurinn á leiðréttingunni skal byggja á 50 prósentum af meðaltali þess mismunar yfir eins árs tímabil. Leiðréttingin skal ekki vera lægri en 10 grunnpunktar og ekki hærri en 35 grunnpunktar.

46. gr.

Framreikningur

1. Meginreglurnar sem beitt er þegar viðeigandi áhættulaus vaxtaferill er framreiknaður skulu vera þær sömu fyrir alla gjaldmiðla. Þetta skal einnig eiga við að því er varðar ákvörðunina á lengstu binditímunum sem hægt er að sannreyna vexti fyrir á djúpum, kvikum og gagnsæjum markaði og fyrirkomulaginu til að tryggja snurðulausa samleitni gagnvart endanlegu framvirku vöxtunum.

2. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög beita 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB, skal framreikningnum beitt á áhættulausu vextina, þ.m.t. aðlögunina vegna óstöðugleika sem um getur í þeirri grein.

3. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög beita 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skal framreikningurinn byggja á áhættulausum vöxtum án aðlögunar vegna samræmingar. Aðlöguninni vegna samræmingar sem um getur í þeirri grein skal beitt á framreiknuðu áhættulausu vextina.

47. gr.

Endanlegir framvirkir vextir

1. Fyrir hvern gjaldmiðil skulu endanlegir framvirkir vextir sem um getur í 1. mgr. 46. gr. vera stöðugir til lengri tíma og einungis breytast vegna breytinga í væntingum yfir lengri tíma. Aðferðafræðin til að leiða út endanlega framvirka vexti skal tilgreind með skýrum hætti til að tryggja að vátrygginga- og endurtryggingafélög geti framkvæmt sviðsmyndaútreikning. Þeir skulu ákvarðaðir á gagnsæjan, varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt með samræmdum hætti yfir lengri tíma.

2. Fyrir hvern gjaldmiðil skal í endanlegum framvirkum vöxtum taka til greina væntingar um langtímaraunvexti og vænta verðbólgu, að því tilskildu að hægt sé að ákvarða þessar væntingar fyrir þann gjaldmiðil á áreiðanlegan hátt. Endanlegir framvirkir vextir skulu ekki innihalda tímatengt iðgjald til að endurspegla viðbótaráhættuna við að eiga fjárfestingar til langs tíma.

48. gr.

Áhættulaus grunnvaxtaferill gjaldmiðla sem bundnir eru við evru

1. Fyrir gjaldmiðil sem bundinn er við evru má nota áhættulausa grunnvaxtaferilinn fyrir evruna, leiðréttan fyrir gjaldmiðilsáhættu, til að reikna út besta mat að því er varðar vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar sem gefnar eru upp í þeim gjaldmiði, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að bindingin tryggi að gengið milli þess gjaldmiðils og evrunnar haldist innan bils sem ekki er víðara en 20% af efri mörkum bilsins,

b) að efnahagsástand evrusvæðisins og svæðis þess gjaldmiðils sé nægjanlega líkt til að tryggja að vextir evrunnar og þess gjaldmiðils þróist á svipaðan hátt,

c) að bindifyrirkomulagið tryggi að hlutfallslegar breytingar á genginu á eins árs tímabili fari ekki út fyrir bilið, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, ef öfgafullir markaðsviðburðir verða, sem samsvarar öryggisstiginu sem sett er fram í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) að einu af eftirfarandi viðmiðunum sé fullnægt:

   i. sá gjaldmiðill er hluti af gengissamstarfi Evrópu (ERM-II),

   ii. að fyrir liggi ákvörðun frá ráðinu um viðurkenningu á bindifyrirkomulaginu milli þess gjaldmiðils og evrunnar,

   iii. bindifyrirkomulaginu er komið á samkvæmt löggjöf landsins þar sem gjaldmiðillinn er gefinn út.

Að því er varðar c-lið skal taka tillit til fjármagns aðilanna sem tryggja bindinguna.

2. Leiðréttingin á gjaldmiðilsáhættu skal vera neikvæð og samsvara kostnaðinum af áhættuvörn gagnvart áhættunni á að virði fjárfestingar í bundna gjaldmiðlinum, sem gefin er upp í evrum, lækki í kjölfar breytinga í gengisskráningu milli evrunnar og bundna gjaldmiðilsins. Leiðréttingin skal vera sú sama fyrir öll vátrygginga- og endurtryggingafélög.

3. undirþáttur

Aðlögun vegna óstöðugleika

49. gr.

Viðmiðunareignasöfn

1. Viðmiðunareignasöfnin, sem um getur í 2. og 4. mgr. 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB, skulu ákvörðuð á gagnsæjan, varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt með samræmdum hætti yfir lengri tíma. Aðferðin sem beitt er þegar viðmiðunar-eignasöfnin eru ákvörðuð skal vera sú sama fyrir alla gjaldmiðla og lönd.

2. Fyrir hvern gjaldmiðil og hvert land skulu eignir viðmiðunareignasafnsins verðmetnar í samræmi við 1. mgr. 10. gr. og versla skal með þær á mörkuðum sem hlíta 3. mgr. 40. gr., nema á tímabilum lausafjárþrenginga. Fjármálagerninga, sem verslað er með á mörkuðum sem tímabundið hætta að fullnægja 3. mgr. 40. gr., má eingöngu taka með í eignasafnið ef búist er við að sá markaður fullnægi viðmiðunum aftur innan hæfilegs tíma.

3. Fyrir hvern gjaldmiðil og hvert land skulu viðmiðunareignasöfnin uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) eignirnar eru, fyrir hvern gjaldmiðil, lýsandi fyrir fjárfestingar vátrygginga- endurtryggingafélaga í þeim gjaldmiðli til að ná yfir besta matið á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum sem gefnar eru upp í þeim gjaldmiðli; eignirnar eru, fyrir hvert land, lýsandi fyrir fjárfestingar vátrygginga- og endurtryggingafélaga í því landi til að ná yfir besta mat á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum sem seldar eru á tryggingamarkaði í því landi og gefnar eru upp í gjaldmiðli þess lands,

b) þar sem við á, byggist eignasafnið á viðeigandi vísitölum, sem eru auðveldlega aðgengilegar almenningi og til staðar eru birtar viðmiðanir um hvenær og hvernig efnisþáttum þessara vísitalna verður breytt,

c) í eignasafninu eru allar eftirfarandi eignir:

   — skuldabréf, verðbréfanir og lán, þ.m.t. húsnæðislán

   — hlutabréf

   — fasteignir

Að því er varðar a- og b-liði skulu fjárfestingar vátrygginga- og endurtryggingafélaga í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og aðrar fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir vera meðhöndlaðar sem fjárfestingar í undirliggjandi eignum.

50. gr.

Formúla til að reikna út skuldatryggingarálagið sem liggur til grundvallar aðlöguninni vegna óstöðugleika

Fyrir hvern gjaldmiðil og hvert land skal skuldatryggingarálagið sem um getur í 2. og 4. mgr. 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB vera jafnt og eftirfarandi:

$$S = w_{gov} \cdot \max(S_{gov},0) + w_{corp} \cdot \max(S_{corp},0)$$

þar sem:

a) w_{gov} táknar hlutfallið á virði ríkisskuldabréfanna sem eru í viðmiðunareignasafninu fyrir þann gjaldmiðil eða land og virðisins á öllum eignum í því viðmiðunareignasafni,

b) S_{gov} táknar meðaltalsskuldatryggingarálag gjaldmiðils á ríkisskuldabréf í viðmiðunareignasafninu fyrir þann gjaldmiðil eða land,

c) w_{corp} táknar hlutfallið á virði skuldabréfanna, annarra en ríkisskuldabréfa, lána og verðbréfana í viðmiðunareignasafninu fyrir þann gjaldmiðil eða land og virðisins á öllum eignum í því viðmiðunareignasafni,

d) S_{corp} táknar meðaltalsskuldatryggingarálag gjaldmiðils á skuldabréf önnur en ríkisskuldabréf, -lán og -verðbréfanir í viðmiðunareignasafninu fyrir þann gjaldmiðil eða land.

Að því er varðar þessa grein eru „ríkisskuldabréf“ áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórn og seðlabönkum.

51. gr.

Áhættuleiðrétt skuldatryggingarálag

Reikna skal hlutann af meðaltalsskuldatryggingarálagi gjaldmiðils sem hægt er að heimfæra á raunhæft mat á væntu tapi, óvæntri kröfuáhættu eða sérhverri annarri áhættu, sem um getur í 3. og 4. mgr. 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB, á sama hátt og grunnskuldatryggingarálagið sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB og 54. gr. þessarar reglugerðar.

4. undirþáttur

Aðlögun vegna samræmingar

52. gr.

Álag áhættu vegna dauða

1. Álag áhættu vegna dauða, sem um getur í f-lið 1. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skal vera það óhagstæðara af eftirfarandi tveimur sviðsmyndum með tilliti til áhrifa þess á kjarnagjaldþol:

a) skyndilegri varanlegri 15% hækkun í dánartíðninni sem notuð er við útreikninginn á besta mati,

b) skyndilegri aukningu um 0,15 prósentustig í dánartíðninni (gefið upp í prósentum) sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld til að endurspegla dánartíðnina næstu 12 mánuði.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal aukningunni í dánartíðni eingöngu beitt á þá vátryggingarsamninga þar sem aukningin í dánartíðni leiðir til hækkunar vátryggingaskuldar að teknu tilliti til alls eftirfarandi:

a) marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, má meðhöndla eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningur á vátryggingaskuld byggist á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur tilgreiningin á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni einnig byggst á þessum flokkum samninga, í stað einstakra samninga, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skal tilgreining á samningum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni eingöngu beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga og framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

53. gr.

Útreikningur á aðlögun vegna samræmingar

1. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í a-lið 1. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138 skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög eingöngu taka til greina tilteknu eignirnar með vænt sjóðstreymi sem krafist er að endurgeri sjóðstreymi eignasafns vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna, að undanskildum öllum eignum sem eru umfram það. „Vænt sjóðstreymi“ af eign merkir sjóðstreymið af eigninni, leiðrétt til að taka tillit til líkanna á vanefndum af eigninni sem samsvara þeim þætti grunnskuldatryggingarálagsins sem sett er fram í i. lið a-liðar 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB, eða, þegar ekkert áreiðanlegt skuldatryggingarálag er hægt að leiða út frá staðaltölfræðinni, hlutfallinu á langtímameðaltali skuldatryggingarálagsins á áhættulausa vexti sem settir eru fram í b- og c-lið 2. mgr. 77. gr. c þeirrar tilskipunar.

2. Við frádrátt grunnskuldatryggingarálagsins sem um getur í b-lið 1. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB af niðurstöðunni úr útreikningnum, sem settur er fram í a-lið 1. mgr. 77. gr. c þeirrar tilskipunar, skal eingöngu taka með þann hluta grunnskuldatryggingarálagsins sem ekki hefur þegar verið endurspeglaður í leiðréttingunni á sjóðstreymi tiltekna eignasafnsins, eins og sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar.

54. gr.

Útreikningur á grunnskuldatryggingarálagi

1. Grunnskuldatryggingarálagið, sem um getur í 2. mgr. 77. gr. c, skal reiknað út á gagnsæjan, varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt og með samræmdum hætti yfir lengri tíma, byggt á viðeigandi vísitölum ef þær eru tiltækar. Aðferðirnar til að leiða út grunnskuldatryggingarálagið á skuldabréfi skulu vera þær sömu fyrir hvern gjaldmiðil og hvert land og geta verið ólíkar fyrir ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf.

2. Útreikningurinn á skuldatryggingarálaginu, sem um getur í i. lið a-liðar 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB, skal byggjast á þeirri forsendu að ef til vanskila kemur sé hægt að endurheimta 30% af markaðsvirðinu.

3. Langtímameðaltalið, sem um getur b- og c-lið 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB, skal byggjast á gögnum sem varða síðustu 30 ár. Ef hluti þeirra gagna er ekki tiltækur skulu tilbúin gögn koma í staðinn. Tilbúnu gögnin skulu byggja á tiltækum og áreiðanlegum göngum sem varða síðustu 30 ár. Tilbúin gögn skulu koma í staðin fyrir óáreiðanleg gögn með því að nota þessa aðferðafræði. Tilbúnu gögnin skulu byggjast á varfærnum forsendum.

4. Vænta tapið sem um getur í ii. lið a-liðar 2. mgr. 77. gr. c tilskipunar 2009/138/EB skal samsvara líkindavegna tapinu sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið stofnar til þegar eignin er færð niður á lægra útlánagæðaþrep og skipt út strax þar á eftir. Útreikningurinn á vænta tapinu skal byggjast á forsendunni um að eignin sem kemur í staðinn uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:

a) eignin sem kemur í staðinn er með sama sjóðstreymismynstur og eignin sem skipt var út, áður en niðurfærsla var gerð,

b) eignin sem kemur í staðinn tilheyrir sama eignaflokki og eignin sem skipt var út,

c) eignin sem kemur í staðinn er með sama útlánagæðaþrep og eignin sem skipt var út áður en niðurfærsla var gerð, eða hærra.

5. ÞÁTTUR

Vátryggingagreinar

55. gr.

Vátryggingagreinar

1. Vátryggingagreinarnar, sem um getur í 80. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu vera þær sem settar eru fram í I. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Úthlutun vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga á vátryggingagrein skal endurspegla eðli áhættunnar sem tengist skuldbindingunni. Lögákveðið rekstrarform skuldbindingarinnar skal ekki endilega vera ákvarðandi fyrir eðli áhættunnar.

3. Að því tilskildu að tæknilegur grunnur sé í samræmi við eðli áhættunnar sem tengist skuldbindingunni, skulu skuldbindingar heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, tilgreindar fyrir vátryggingagreinina fyrir líftryggingar og skuldbindingar heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, tilgreindar fyrir vátryggingagreinina fyrir skaðatryggingar.

4. Þegar ekki er hægt að tilgreina vátryggingaskuldbindingarnar sem stafa af starfseminni sem um getur í b-lið 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB með skýrum hætti fyrir vátryggingagrein, sem sett er fram í I. viðauka þessarar reglugerðar á grundvelli eðlis þeirra, skulu þær teknar með í vátryggingagrein 32 eins og sett er fram í þeim viðauka.

5. Ef vátryggingar- eða endurtryggingarsamningur nær yfir áhættu þvert á líf- og skaðatryggingu, skulu vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar sundurgreindar í líf- og skaðahluta sína.

6. Ef vátryggingar- eða endurtryggingarsamningur nær yfir áhættu þvert á vátryggingagreinar eins og sett er fram í I. viðauka þessarar reglugerðar, skulu vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar sundurgreindar í viðeigandi vátryggingagreinar, þar sem því verður komið við.

7. Ef vátryggingar- eða endurtryggingarsamningur inniheldur sjúkratrygginga- eða -endurtryggingaskuldbindingar og aðrar vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar, skulu þessar skuldbindingar sundurgreindar, þar sem því verður komið við.

6. ÞÁTTUR

Hlutfallsregla og einfaldanir

56. gr.

Hlutfallsregla

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu nota aðferðir til að reikna út vátryggingaskuld sem er í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem undirliggjandi er vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum þeirra.

2. Þegar ákvarðað er hvort aðferð til að reikna út vátryggingaskuld sé í réttu hlutfali, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög framkvæma mat sem inniheldur:

a) mat á eðli, umfangi og flækjustigi áhættunnar sem undirliggjandi er vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum þeirra,

b) eigindlegt eða megindlegt mat á villunni sem kemur fram í niðurstöðum aðferðarinnar vegna sérhverra frávika milli eftirfarandi:

   i. undirliggjandi forsendna aðferðarinnar í tengslum við áhættuna,

   ii. niðurstaðna matsins sem um getur í a-lið.

3. Matið, sem um getur í a-lið 2. mgr., skal innihalda alla áhættu sem hefur áhrif á fjárhæðina, tímasetninguna eða virðið á inn- og útstreymi handbærs fjár sem þörf er á til að gera upp vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar yfir líftíma þeirra. Að því er varðar útreikninginn á áhættuálaginu skal matið taka með alla áhættu sem um getur í i. lið 1. mgr. 38. gr. yfir líftíma undirliggjandi vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga. Matið skal takmarkast við áhættuna sem á við þann hluta útreikningsins á vátryggingaskuld sem aðferðinni er beitt á.

4. Aðferð skal ekki talin vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar ef skekkjan sem um getur í b-lið 2. mgr. leiðir til rangrar færslu á vátryggingaskuld eða þáttum hennar sem gæti haft áhrif á ákvörðunartöku eða mat ætlaðra notenda upplýsinganna varðandi virðið á vátryggingaskuldinni, nema annað eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) engin önnur aðferð með minni skekkju er tiltæk og aðferðin er ekki líkleg til að leiða til vanmats á vátryggingaskuldinni,

b) aðferðin leiðir til fjárhæðar vátryggingaskuldar vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem er hærri en fjárhæðin sem myndi leiða af notkun hlutfallsaðferðar og aðferðin leiðir ekki til vanmats á áhættunni sem innbyggð er í vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar sem henni er beitt á.

57. gr.

Einfaldaður útreikningur á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang

1. Með fyrirvara um 56. gr. þessarar reglugerðar, geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang, áður en þessar fjárhæðir eru leiðréttar til að taka til greina vænt tap vegna vanskila mótaðilans, sem mismunarins á eftirfarandi mötum:

a) besta mati reiknuðu út brúttó eins og um getur í 2. mgr. 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) besta mati, eftir að tekið hefur verið tillit til endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang og án leiðréttingar á væntu tapi vegna vanskila mótaðilans (óleiðrétt besta mat nettó), reiknað út í samræmi við 2. mgr.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta notað aðferðir til að leiða út óleiðrétta besta matið nettó frá besta mati brúttó án ákveðinnar spár um sjóðstreymið sem undirliggjandi er endurheimtanlegu fjárhæðunum frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu reikna út óleiðrétta besta matið nettó, sem byggt er á einsleitum áhættuflokkum. Sérhver af þessum einsleitu áhættuflokkum skal ekki ná yfir meira en einn endurtryggingarsamning eða félag með sérstakan tilgang, nema þessir endurtryggingasamningar eða félög með sérstakan tilgang hafi í för með sér yfirfærslu á einsleitum áhættum.

58. gr.

Einfaldaður útreikningur á áhættuálagi

Með fyrirvara um 56. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög notað einfaldaðar aðferðir þegar þau reikna út áhættuálagið, þ.m.t. eina eða fleiri af eftirfarandi:

a) aðferðir sem nota áætlanir á fjárhæðunum sem táknaðar eru með *SCR(t*) sem um getur í 1. mgr. 37. gr.

b) aðferðir sem áætla samtölu afvöxtuðu fjárhæðanna sem táknaðar eru með *SCR(t)* eins og um getur í 1. mgr. 37. gr., án þess að reikna út hverja þessara fjárhæða sérstaklega.

59. gr.

Útreikningar á áhættuálagi yfir fjárhagsárið

Með fyrirvara um 56. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög leitt út áhættuálagið fyrir útreikninga sem þurfa að vera gerðir ársfjórðungslega frá niðurstöðunni af fyrri útreikningi á áhættuálaginu án sérstaks útreiknings á formúlunni sem um getur í 1. mgr. 37. gr.

60. gr.

Einfaldaður útreikningur á besta mati fyrir vátryggingaskuldbindingar með leiðréttingarfyrirkomulagi fyrir iðgjöld

Með fyrirvara um 56. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út besta mat á líftryggingarskuldbindingum með fyrirkomulagi þar sem vátryggingafélagið hefur rétt á eða skyldu til að leiðrétta framtíðariðgjöld af vátryggingarsamningi, til að endurspegla verulegar breytingar á stigi krafna og útgjalda (leiðréttingarfyrirkomulag iðgjalda) sem vænta má, með því að nota sjóðstreymisspár sem gera ráð fyrir að breytingar á stigi krafna og útgjalda gerist samtímis iðgjaldaleiðréttingunum og leiði til nettó sjóðstreymis sem er jafnt og núll, að því tilskildu öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) leiðréttingarfyrirkomulag vegna iðgjalda bætir vátryggingafélaginu að fullu upp sérhverja hækkun á stigi krafna og útgjalda, með tímanlegum hætti,

b) útreikningurinn leiðir ekki til vanmats á besta mati,

c) útreikningurinn leiðir ekki til vanmats á áhættunni sem innbyggð er í þessar vátryggingaskuldbindingar.

61. gr.

Einfaldaður útreikningur á leiðréttingu fyrir vanskil mótaðila

Með fyrirvara um 56. gr. þessarar reglugerðar geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út leiðréttinguna fyrir vænt töp vegna vanskila mótaðilans, sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2009/138/EB, fyrir ákveðinn mótaðila og einsleitan áhættuflokk, sem jafna eftirfarandi:

$$Adj_{CD} = -\max(0{,}5 \cdot \frac{PD}{1-PD} \cdot Dur_{\text{mod}} \cdot BE_{rec}; 0)$$

þar sem:

a) *PD* táknar líkur á vanskilum þessa mótaðila næstu 12 mánuði,

b) Dur_{mod} táknar leiðréttan líftíma á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum við þann mótaðila í tengslum við þann einsleita áhættuflokk,

c) BE_{rec} táknar endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum við þann mótaðila í tengslum við þann einsleita áhættuflokk.

IV. KAFLI

GJALDÞOL

1. ÞÁTTUR

Ákvörðun gjaldþols

1. undirþáttur

Samþykki eftirlitsyfirvalds á stuðningsgjaldþoli

62. gr.

Mat á umsókn

1. Eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til alls eftirfarandi að því er varðar matið sem um getur í 4. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) réttaráhrifa og lagalegs fullnustuhæfis skilmála vegna skuldbindinga í öllum viðkomandi lögsögum,

b) samningsskilmála fyrirkomulagsins sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag er aðili að, eða mun verða aðili að, við mótaðilana um að láta í té fjármagn,

c) þar sem við á, stofnsamnings eða -samþykkta vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

d) hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið búi yfir ferli til að upplýsa eftirlitsyfirvöld um sérhverja breytingu í framtíðinni, sem gæti haft þau áhrif að draga úr getu stuðningsgjaldþolsliðar til að mæta tapi, á einhverju af eftirfarandi:

   i. efnisskipan eða samningsskilmálum fyrirkomulagsins,

   ii. stöðu mótaðilans sem um er að ræða,

   iii. endurheimtanleika stuðningsgjaldþolsliðarins.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu einnig meta hvort farið sé að 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til allra aðstæðna sem gera kleift að innkalla liðinn til að mæta tapi.

3. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag leitar eftir samþykki á aðferð til að ákvarða fjárhæðina fyrir hvern stuðningsgjaldþolslið, skulu eftirlitsyfirvöld meta hvort ferli félagsins fyrir reglulega sannprófun á aðferðinni sé viðeigandi til að tryggja að niðurstöður aðferðarinnar endurspegli getu liðarins til að mæta tapi á áframhaldandi grundvelli.

4. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1.–3. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld meta umsóknina um samþykki fyrir stuðningsgjaldþoli á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 63., 64. og 65. gr.

63. gr.

Mat á umsókn — Staða mótaðila

1. Eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til alls eftirfarandi að því er varðar matið á greiðslugetu mótaðilanna sem um getur í a-lið 4. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) vanskilaáhættu mótaðilanna,

b) áhættunnar af að vanskil stafi af seinkun á að mótaðilarnir uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt stuðnings-gjaldþolsliðnum.

2. Í tengslum við a-lið 1. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld meta áhættuna á vanskilum mótaðilanna með því að rannsaka líkurnar á vanefndum mótaðilanna og tapið að gefnum vanefndum, að teknu tilliti til allra eftirfarandi viðmiðanna:

a) lánshæfis mótaðilanna, að því tilskildu að það endurspegli á viðeigandi hátt getu mótaðilanna til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

b) hvort einhverjar núverandi eða fyrirsjáanlegar hagnýtar eða lagalegar hömlur séu á að mótaðilarnir uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

c) hvort mótaðilarnir heyri undir laga- eða reglugerðakröfur sem draga úr getu mótaðilanna til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

d) hvort lagaform mótaðilanna hafi áhrif á að mótaðilarnir uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

e) hvort mótaðilarnir séu háðir öðrum áhættuskuldbindingum sem dragi úr getu þeirra til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

f) hvort, í tengslum við skuldbindingu þeirra samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum, samningsskilmálar fyrirkomulagsins samkvæmt öllum gildandi lögum séu slíkir að mótaðilarnir hafi rétt til að jafna fjárhæðir sem þeir skulda á móti öllum fjárhæðum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skuldar þeim.

3. Í tengslum við b-lið 1. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld meta lausafjárstöðu mótaðilanna, að teknu tilliti til alls eftirfarandi:

a) hvort þar séu einhverjar núverandi eða fyrirsjáanlegar hagnýtar eða lagalegar hömlur á getu mótaðilanna til að uppfylla tafarlaust skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

b) hvort mótaðilarnir heyri undir laga- eða reglugerðakröfur sem geta dregið úr getu mótaðilanna til að uppfylla tafarlaust skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

c) hvort rekstrarform mótaðilanna að lögum hafi áhrif á að mótaðilarnir uppfylli tafarlaust skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til alls eftirfarandi að því er varðar matið á greiðsluvilja mótaðilanna sem um getur í a-lið 4. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) allra aðstæðna þar sem hægt er að innkalla stuðningsgjaldþolsliðinn til að mæta tapi,

b) hvort jákvæðir eða neikvæðir hvatar séu til staðar sem gætu haft áhrif á vilja mótaðilanna til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum,

c) hvort fyrri viðskipti milli mótaðilanna og vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, þ.m.t. að mótaðilarnir hafi áður uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðum, gefi vísbendingu um vilja mótaðilanna til að uppfylla núverandi skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu, þegar geta og greiðsluvilji mótaðilanna er metinn, taka tillit til allra annarra stuðla sem eiga við um stöðu mótaðilanna, þ.m.t., ef við á, viðskiptalíkan vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

6. Þegar stuðningsgjaldþolsliður varðar hóp mótaðila geta eftirlitsyfirvöld og vátrygginga- og endurtryggingafélög metið stöðu mótaðilahópsins eins og hann væri einstakur mótaðili, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a)mótaðilarnir eru ekki mikilvægir hver fyrir sig,

b) mótaðilarnir í þeim hópi eru næganlega einsleitir,

c) mat á hópi mótaðila ofmetur ekki getu og greiðsluvilja mótaðilanna í þeim hópi.

7. Mótaðili skal talinn mikilvægur ef staða þess staka mótaðila er líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á matið á getu og greiðsluvilja hóps mótaðilanna.

64. gr.

Mat á umsókn — Endurheimtanleiki fjármuna

Eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til alls eftirfarandi að því er varðar mat á endurheimtanleika fjármunanna sem um getur í b-lið 4. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) hvort endurheimtanleiki fjármunanna aukist sem afleiðing þess að veð sé tiltækt eða sambærilegt fyrirkomulag sem er í samræmi við 209.–214. gr.,

b) hvort einhverjar núverandi eða fyrirsjáanlegar hagnýtar eða lagalegar hömlur séu á endurheimtanleika fjármunanna,

c) hvort endurheimtanleiki fjármunanna falli undir laga- eða reglugerðakröfur,

d) getu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins til að grípa til aðgerða og knýja mótaðilana til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt stuðningsgjaldþolsliðnum.

65. gr.

Mat á umsókn — Upplýsingar um niðurstöðu af fyrri innköllum

Eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til alls eftirfarandi að því er varðar matið á upplýsingunum um niðurstöðuna af fyrri innköllum sem um getur í c-lið 4. mgr. 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hafi áður gert innkallanir frá sama eða svipuðum mótaðilum við sömu eða svipaðar aðstæður,

b) hvort þær upplýsingar séu viðeigandi og áreiðanlegar að því er varðar væntu niðurstöðuna úr innköllum í framtíðinni.

66. gr.

Tilgreining fjárhæðar að því er varðar ótakmarkaða fjárhæð stuðningsgjaldþols

1. Eftirlitsyfirvöld skulu ekki samþykkja ótakmarkaða fjárhæð stuðningsgjaldþols.

2. Ef eftirlitsyfirvöld samþykkja fjárhæð stuðningsgjaldþols skal í ákvörðun þeirra tilgreina hvort fjárhæðin sem hefur verið samþykkt sé sú fjárhæð sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur sótt um eða lægri fjárhæð.

67. gr.

Nákvæm tilgreining fjárhæðar og tímasetningar varðandi samþykki á aðferð

Ef eftirlitsyfirvöld samþykkja aðferð til að ákvarða fjárhæðina fyrir hvern stuðningsgjaldþolslið skal í ákvörðun þeirra tilgreina öll eftirfarandi atriði:

a) upphafsfjárhæð stuðningsgjaldþolsliðarins sem reiknuð hefur verið út með því að nota þá aðferð á deginum sem samþykkið er veitt,

b) lágmarkstíðni endurútreiknings á fjárhæð stuðningsgjaldþolsliða með því að nota þá aðferð, ef hann er tíðari en árlega, og ástæðan fyrir þeirri tíðni,

c) tímabilið sem útreikningurinn á stuðningsgjaldþolsliðnum með þeirri aðferð er veitt fyrir.

2. undirþáttur

Gjaldþol – Meðhöndlun hlutdeildar

68. gr.

Meðhöndlun hlutdeildar við ákvörðun á kjarnagjaldþoli

1. Í þeim tilgangi að ákvarða kjarnagjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga skal kjarnagjaldþolið, eins og um getur í 88. gr. tilskipunar 2009/138/EB, lækkað um heildarvirði hlutdeildanna, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar, í fjármögnunar- og lánastofnunum sem fara yfir 10% í liðunum sem eru í i., ii., iv. og vi. lið a-liðar 69. gr.

2. Í þeim tilgangi að ákvarða kjarnagjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga skal kjarnagjaldþolið, eins og um getur í 88. gr. tilskipunar 2009/138/EB, lækkað um hluta af virði allra hlutdeildanna, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar, í fjármögnunar- og lánastofnunum, öðrum en hlutdeildum, sem um getur 1. mgr., sem fara yfir 10% í liðunum sem eru í i., ii., iv. og vi. lið a-liðar 69. gr.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr., skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ekki draga frá stefnumiðaða hlutdeild eins og um getur í 171. gr., sem er innifalin í útreikningnum á gjaldþolsstöðu samstæðunnar á grundvelli aðferðar 1 eins og sett er fram í I. viðauka tilskipunar 2002/87/EB.

4. Beita skal frádrættinum sem settur eru fram í 2. mgr. hlutfallslega á alla hlutdeild sem um getur í þeirri málsgrein.

5. Frádrátturinn, sem settur er fram í 1. og 2. mgr., skal dragast frá samsvarandi þætti (e. *tier*) þar sem hlutdeildin hefur aukið gjaldþol tengda félagsins á eftirfarandi hátt:

a) eignarhlutir í almennum gjaldþolsliðum þáttar 1 í fjármögnunar- og lánastofnunum skal dregin frá liðunum í i., ii., iv. og vi. lið a-liðar 69. gr.,

b) eignarhluti í viðbótargjaldþolsgerningum þáttar 1 í fjármögnunar- og lánastofnana skal dregin frá liðunum í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr.,

c) eignarhluti í gerningum þáttar 2 í fjármögnunar- og lánastofnunum skal dregin frá kjarnagjaldþolsliðunum í 72. gr.

2. ÞÁTTUR

Flokkun gjaldþols

69. gr.

Þáttur 1 — Skrá yfir gjaldþolsliði

Eftirfarandi kjarnagjaldþolsliðir skulu í meginatriðum taldir hafa einkenni sem tilgreind eru í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar, og skulu flokkaðir sem þáttur 1, ef þessir liðir sýna alla eiginleikana sem tilgreindir eru í 71. gr.:

a) hluti eigna umfram skulda, verðmetinn í samræmi við 75. gr. og 2. þátt í VI. kafla tilskipunar 2009/138/EB, sem samanstendur af eftirfarandi liðum:

   i. innborguðu almennu hlutafé og tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár,

   ii. innborguðu stofnfé, framlögum félagsaðila eða jafngildum kjarnagjaldþolslið fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar,

   iii. innborgunum á undirskipaða gagnkvæma félagareikninga,

   iv. umframtekjum sem ekki eru taldar sem vátrygginga- og endurtryggingaskuldir í samræmi við 2. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   v. innborguðum forgangshlutum og tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár,

   vi. afstemmingarvarasjóði.

b) innborguðum víkjandi skuldum verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

70. gr.

Afstemmingarvarasjóður

1. Afstemmingarvarasjóðurinn, sem um getur í vi. undirlið a-liðar 69. gr., jafngildir heildareignunum umfram skuldir að frádregnu öllu eftirfarandi:

a) fjárhæð í eigin hlutabréfum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið á,

b) fyrirsjáanlegum arði, útgreiðslum og þóknunum,

c) kjarnagjaldþolsliðunum í 69. gr. (i.–v. liður a-liðar), 72. gr. (a-lið) og 76. gr. (a-lið),

d) kjarnagjaldþolsliðunum sem ekki eru í 69. gr. (i.–v. liður a-liðar), 72. gr. (a-liður) og 76. gr. (a-liður), sem eftirlitsyfirvaldið hefur samþykkt í samræmi við 79. gr.,

e) takmörkuðu gjaldþolsliðunum sem uppfylla eina af eftirfarandi kröfum:

   i. eru hærri en ígildi gjaldþolskröfunnar ef um er að ræða eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar og sjóði sem haldið er aðgreindum, í samræmi við 1. mgr. 81. gr.,

   ii. eru undanskildir í samræmi við 2. mgr. 81. gr.,

f) fjárhæð hlutdeildarinnar í fjármögnunar- og lánastofnunum, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem dregin er frá í samræmi við 68. gr., að því marki sem ekki er þegar innifalið í a–e-lið.

2. Fjárhæð á eignum umfram skuldir, sem um getur í 1. mgr. inniheldur fjárhæðina sem samsvarar vænta hagnaðinum sem innifalinn er í framtíðariðgjöldunum, settum fram í 2. mgr. í 260. gr.

3. Ákvörðunin um hvort og að hvaða marki afstemmingarvarasjóðurinn sýnir einkennin, sem sett eru fram í 71. gr., skal ekki jafngilda mati á einkennum eignanna og skuldanna sem teknar eru með í útreikningi á eignum umfram skuldir eða undirliggjandi liða í reikningsskilum félagsins.

71. gr.

Þáttur 1 — Eiginleikar sem ákvarða flokkun

1. Eiginleikar, sem um getur í 69. gr., skulu vera eftirfarandi:

a) kjarnagjaldþolsliðurinn:

   i. ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 69. gr., er þeim skipað á eftir öllum öðrum kröfum ef til slitameðferðar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins kemur,

   ii. ef um er að ræða liði sem um getur í iii. lið a-liðar og v. lið b-liðar 69. gr., raðast þeir á sama stig, eða fram fyrir, liðina sem um getur í i. og ii. lið a-liðar í 69. gr., en á eftir liðum sem skráðir eru í 72. og 76. gr. sem hafa eiginleika sem tilgreindir eru í 73. og 77. gr., eftir því sem við á, og á eftir kröfum allra vátryggingataka og vátryggðra og jafngildra kröfuhafa,

b) kjarnagjaldþolsliðurinn er ekki með eiginleika sem gæti valdið ógjaldfærni vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða flýtt ferlinu sem leiðir til þess að félagið verði ógjaldfært,

c) kjarnagjaldþolsliðurinn er tafarlaust tiltækur til að mæta tapi,

d) kjarnagjaldþolsliðurinn getur a.m.k. mætt tapi þegar vikið er frá gjaldþolskröfu, og kemur ekki í veg fyrir endurfjármögnun vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

e) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., býr yfir einu af eftirfarandi meginfyrirkomulagi varðandi tapgleypni, sem sett skal af stað við kveikjuviðburðinn sem tilgreindur er í 8. mgr.:

   i. nafnverð eða höfuðstóll kjarnagjaldþolsliðarins er fært niður eins og sett er fram í 5. mgr.,

   ii. kjarnagjaldþolsliðurinn umbreytist sjálfkrafa í kjarnagjaldþolslið sem skráður er í i. eða ii. lið a-liðar 69. gr. eins og sett er fram í 6. mgr.,

   iii. meginfyrirkomulag varðandi tapgleypni, sem nær fram jafngildri niðurstöðu og meginfyrirkomulag varðandi tapgleypni sem sett er fram í i. eða ii. lið.

f) kjarnagjaldþolsliðurinn uppfyllir eina af eftirfarandi viðmiðunum:

   i. ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 69. gr., er liðurinn ódagsettur eða, þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með fastan binditíma, er með sama binditíma og félagið,

   ii. ef um er að ræða liði sem um getur iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr. er liðurinn ódagsettur; fyrsta samningsbundna tækifærið til að endurgreiða eða innleysa kjarnagjaldþolsliðinn á sér ekki stað fyrr en 5 árum frá útgáfudegi,

g) kjarnagjaldþolsliðurinn, sem um getur í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., getur einungis gefið möguleika á endurgreiðslu eða innlausn af þeim lið 5 til 10 árum eftir útgáfudag ef farið er upp fyrir viðeigandi vikmörk gjaldþolskröfu félagsins að teknu tilliti til gjaldþolsstöðu félagsins, þ.m.t. meðaltíma áætlunar þess um eiginfjárstýringu,

h) ef um er að ræða liði sem um getur í i., ii., iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., er kjarnagjaldþolsliðurinn einungis endurgreiðanlegur eða innleysanlegur kjósi vátrygginga- eða endurtryggingafélagið svo og endurgreiðsla eða innlausn á kjarnagjaldþolsliðnum sé háð fyrirframsamþykki eftirlitsaðila,

i) ef um er að ræða liði sem um getur í i., ii., iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., inniheldur kjarnagjaldþolsliðurinn ekki neinn hvata til að endurgreiða eða innleysa þann lið sem eykur líkurnar á að vátrygginga- eða endurtryggingafélag muni endurgreiða eða innleysa þann kjarnagjaldþolslið ef það hefur kost á að gera það,

j) ef um er að ræða liði sem um getur í i., ii., iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., veitir kjarnagjaldþolsliðurinn möguleika á frestun endurgreiðslu eða innlausn þess liðar ef gjaldþolskröfunni er ekki fullnægt eða ef endurgreiðsla eða innlausn myndi leiða til frávika, þar til félagið mætir gjaldþolskröfunni og endurgreiðsla eða innlausn leiðir ekki til frávika frá gjaldþolskröfunni,

k) þrátt fyrir j-lið, getur kjarnagjaldþolsliðurinn einungis gefið möguleika á endurgreiðslu eða innlausn þess liðar þegar gjaldþolskröfunni er ekki fullnægt, eða ef endurgreiðsla eða innlausn myndi leiða til slíkrar óhlýðni, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. eftirlitsyfirvaldið hefur í sérstökum undantekningartilvikum fallið frá frestun á endurgreiðslu eða innlausn þess liðar,

   ii. liðnum er skipt út fyrir eða umbreytt í annan gjaldþolslið þáttar 1 af a.m.k. sömu gæðum,

   iii. kröfunni um lágmarksfjármagn er fullnægt eftir endurgreiðsluna eða innlausnina,

l) kjarnagjaldþolsliðurinn uppfyllir eina af eftirfarandi viðmiðunum:

   i. ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 1. mgr. 69. gr., heimilar annaðhvort lagalega samningsbundna fyrirkomulagið sem gildir um kjarnagjaldþolsliðinn eða landslöggjöf niðurfellingu útgreiðslna í tengslum við þann lið ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt eða ef útgreiðslan mundi leiða til slíkrar óhlýðni, þar til félagið fullnægir gjaldþolskröfunni og útgreiðslan leiðir ekki til þess að gjaldþolskröfunni sé ekki mætt,

   ii. ef um er að ræða liði sem um getur í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., kveða skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins sem gildir um kjarnagjaldþolsliðinn á um niðurfellingu útgreiðslna í tengslum við þann lið ef gjaldþolskröfunni er ekki fullnægt eða ef útgreiðslan mundi leiða til slíkrar óhlýðni, þar til félagið mætir gjaldþolskröfunni og útgreiðslan leiðir ekki til þess að gjaldþolskröfunni sé ekki mætt,

m) kjarnagjaldþolsliðurinn getur einungis gefið möguleika á útgreiðslu ef gjaldþolskröfunni er ekki fullnægt eða ef útgreiðsla af kjarnagjaldþolsliðnum mundi leiða til þess að, ekki væri farið að þessum kröfum þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. eftirlitsyfirvaldið hefur í sérstökum undantekningartilvikum fallið frá niðurfellingu útgreiðslna,

   ii. útgreiðslan veikir ekki frekar gjaldþolsstöðu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

   iii. kröfunni um lágmarksfjármagn er fullnægt eftir að útgreiðslan er framkvæmd.

n) ef um er að ræða liði sem um getur í i., ii., iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr., veitir kjarnagjaldþolsliðurinn vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu fullan sveigjanleika yfir útgreiðslunum af kjarnagjaldþolsliðnum,

o) kjarnagjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem þegar þau eru tekin til athugunar með kjarnagjaldþolsliðnum, gætu leitt til þess að sá kjarnagjaldþolsliður hlíti ekki 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Að því er varðar þessa grein skulu útskiptin eða umbreytingin á kjarnagjaldþolslið í annan kjarnagjaldþolslið þáttar 1 eða endurgreiðslan eða innlausnin á gjaldþolslið þáttar 1 af ágóðanum af nýjum kjarnagjaldþolslið af a.m.k. sömu gæðum, ekki vera talin vera endurgreiðsla eða innlausn, að því tilskildu að útskiptin, umbreytingin, endurgreiðslan eða innlausnin falli undir samþykki eftirlitsyfirvaldsins.

3. Að því er varðar n-lið 1. mgr., ef um er að ræða kjarnagjaldþolsliði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 69. gr., er fullur sveigjanleiki veittur til útgreiðslnanna ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) það er engin ívilnandi meðferð við útgreiðslu varðandi röð útgreiðslna og skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins sem gilda um gjaldþolsliðinn veita ekki forgangsrétt á útgreiðslum,

b) útgreiðslur eru greiddar af útgreiðanlegum liðum,

c) fjárhæð útgreiðslnanna er ekki ákvörðuð á grundvelli fjárhæðarinnar sem gjaldþolsliðurinn var keyptur á við útgáfu og það er ekkert þak eða aðrar takmarkanir á hámarksfjárhæð útgreiðslu,

d) þrátt fyrir c-lið, ef um er að ræða gerninga sem gefnir eru út af gagnkvæmum félögum og félögum hliðstæðrar gerðar, má setja þak eða aðrar takmarkanir á hámarksfjárhæð útgreiðslu, að því tilskildu að þak eða önnur kvöð ráðist ekki af viðburði tengdum útgreiðslum sem hafa verið gerðar, eða ekki gerðar, af öðrum gjaldþolsliðum,

e) vátrygginga- eða endurtryggingafélag er ekki skuldbundið til að inni af hendi útgreiðslur,

f) það að útgreiðsla eigi sér ekki stað felur ekki í sér vanskil af hálfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

g) niðurfelling útgreiðslnanna hefur ekki í för með sér neinar hömlur á vátrygginga- eða endurtryggingafélagið.

4. Að því er varðar n-lið 1. mgr., ef um er að ræða kjarnagjaldþolsliði sem um getur í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69. gr. er fullur sveigjanleiki veittur til útgreiðslna ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) útgreiðslur eru gerðar af útgreiðanlegum liðum,

b) vátrygginga- og endurtryggingafélög hafa ávallt fullan rétt á að fella niður útgreiðslur í tengslum við gjaldþolsliðinn í ótiltekinn tíma og á óuppsöfnuðum grunni og félagið getur notað þessar niðurfelldu greiðslur án takmarkana til að uppfylla skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga,

c) engin skylda er að bæta upp útgreiðsluna með greiðslu á einhverju öðru formi,

d) engin skylda er að inna af hendi útgreiðslur ef útgreiðsla hefur verið gerð af öðrum gjaldþolslið,

e) það að útgreiðsla eigi sér ekki stað felur ekki í sér vanskil af hálfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

f) niðurfelling útgreiðslnanna hefur ekki í för með sér neinar hömlur á vátrygginga- eða endurtryggingafélagið.

5. Að því er varðar i. lið e-liðar 1. mgr. skal nafnverð eða höfuðstóll kjarnagjaldþolsliðarins fært niður þannig að allt eftirfarandi sé lækkað:

a) krafa handhafa þess liðar, komi til slitameðferðar,

b) fjárhæðin sem greiða á við endurgreiðslu eða innlausn á þeim lið,

c) útgreiðslur af þeim lið.

6. Að því er varðar ii. lið e-liðar 1. mgr. skal í ákvæðunum sem gilda um umbreytinguna yfir í kjarnagjaldþolsliði sem skráðir eru í i. eða ii. lið a-liðar 69. gr. tilgreina annaðhvort af eftirfarandi:

a) umreikningsgengið og takmörkun á fjárhæðina sem heimilað er að umbreyta,

b) innan hvaða gildissviðs gerningunum verði umbreytt yfir í kjarnagjaldþolslið sem skráður er í i. eða ii. lið a-liðar 69. gr.

7. Nafnverð eða höfuðstóll kjarnagjaldþolsliðarins skal mæta tapi við kveikjuviðburðinn. Tapgleypni sem leiðir af niðurfellingu á, eða lækkun á, útgreiðslum skal ekki talin vera fullnægjandi til að vera talin meginfyrirkomulag tapgleypni í samræmi við e-lið 1. mgr.

8. Kveikjuviðburðurinn sem um getur í e-lið 1. mgr. skal vera verulegt frávik frá gjaldþolskröfunni.

Að því er varðar þessa málsgrein skal frávik frá gjaldþolskröfunni talið verulegt ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

a) fjárhæð viðurkenndra gjaldþolsliða til að mæta gjaldþolskröfu er jöfn eða lægri en 75% af gjaldþolskröfunni,

b) fjárhæð viðurkenndra gjaldþolsliða til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn er jöfn eða lægri en krafan um lágmarks-fjármagn,

c) reglufylgni við gjaldþolskröfuna er ekki komið aftur á innan þriggja mánaða frá þeim degi sem frávik frá gjaldþolskröfunni uppgötvaðist fyrst.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta tilgreint, í ákvæðunum sem gilda um gerninginn, einn eða fleiri kveikjuviðburð í viðbót við viðburðina sem um getur í a- til c-lið.

9. Að því er varðar d-, j- og l-lið 1. mgr. skulu tilvísanir til gjaldþolskröfu lesnar sem tilvísanir til kröfu um lágmarks-fjármagn ef frávik frá kröfunni um lágmarksfjármagn á sér stað á undan fráviki frá gjaldþolskröfu.

72. gr.

Kjarnagjaldþol þáttar 2 — Skrá yfir gjaldþolsliði

Eftirfarandi kjarnagjaldþolsliðir skulu í meginatriðum taldir hafa einkenni sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar, og skulu flokkaðir sem þáttur 2, ef eftirfarandi liðir sýna alla eiginleikana sem tilgreindir eru í 73. gr.:

a) hluti eigna umfram skuldir, verðmetinn í samræmi við 75. gr. og 2. þátt VI. kafla tilskipunar 2009/138/EB, sem samanstendur af eftirfarandi liðum:

   i. almennu hlutafé og tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár,

   ii. stofnfé, framlögum félagsaðila eða jafngildum kjarnagjaldþolsliðum fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar,

   iii. undirskipuðum gagnkvæmum félagareikningum,

   iv. forgangshlutafé og tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár.

b) víkjandi skuldum sem verðmetnar eru í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

73. gr.

Kjarnagjaldþol þáttar 2 — Eiginleikar sem skera úr um flokkun

1. Eiginleikarnir sem um getur í 72. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) kjarnagjaldþolsliðnum er skipað á eftir kröfum allra vátryggingataka og vátryggðra og jafngildra kröfuhafa,

b) kjarnagjaldþolsliðurinn er ekki með eiginleika sem gætu valdið ógjaldfærni vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða flýtt ferlinu sem leiðir til þess að félagið verði ógjaldfært,

c) kjarnagjaldþolsliðurinn er ódagsettur eða með upphaflegann binditíma að lágmarki 10 ár; fyrsta samningsbundna tækifærið til endurgreiðslu eða innlausnar kjarnagjaldþolsliðarins er ekki fyrr en 5 árum eftir útgáfudag,

d) kjarnagjaldþolsliðurinn er eingöngu endurgreiðanlegur eða innleysanlegur kjósi vátrygginga- eða endurtryggingafélagið svo og endurgreiðsla eða innlausn á kjarnagjaldþolsliðnum er háð fyrirframsamþykki eftirlitsaðila,

e) kjarnagjaldþolsliðurinn getur innihaldið takmarkaða hvata til endurgreiðslu eða innlausnar þess kjarnagjaldþolsliðar, að því tilskildu það gerist ekki fyrr en 10 árum eftir útgáfudag,

f) kjarnagjaldþolsliðurinn veitir möguleika á frestun endurgreiðslu eða innlausnar þess liðar ef ekki er farið að gjaldþolskröfunni eða ef endurgreiðsla eða innlausn mundi leiða til slíkra frávika, þar til félagið fer að gjaldþolskröfunni og endurgreiðslan eða innlausnin leiðir ekki til frávika frá gjaldþolskröfunni,

g) kjarnagjaldþolsliðurinn uppfyllir eina af eftirfarandi viðmiðunum:

   i. ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 72. gr., heimilar annaðhvort lagalegt eða samningsbundið fyrirkomulag sem gildir um kjarnagjaldþolsliðinn eða landslöggjöf að útgreiðslum í tengslum við þann lið sé frestað ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt, eða ef útgreiðslan myndi leiða til slíks fráviks, þar til félagið fullnægir gjaldþolskröfunni og útgreiðslan leiðir ekki til fráviks frá henni,

   ii. ef um er að ræða liði sem um getur í iii. og iv. lið a-liðar og í b-lið 72. gr., veita skilmálar samningsbundna fyrirkomulagsins sem gilda um kjarnagjaldþolsliðinn möguleika á að útgreiðslum í tengslum við þann lið sé frestað ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt, eða ef útgreiðslan myndi leiða til slíks fráviks, þar til félagið fullnægir gjaldþolskröfunni og útgreiðslan leiðir ekki til fráviks frá henni,

h) kjarnagjaldþolsliðurinn getur eingöngu gefið möguleika á útgreiðslu ef ekki er farið að gjaldþolskröfunni eða ef útgreiðsla af kjarnagjaldþolsliðnum myndi leiða til slíks fráviks þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. eftirlitsyfirvaldið hefur í sérstökum undantekningartilvikum fallið frá frestuninni á útgreiðslum,

   ii. greiðslan veikir ekki frekar gjaldþolsstöðu vátrygging- eða endurtryggingafélagsins,

   iii. kröfunni um lágmarksfjármagn er mætt eftir að útgreiðslan er gerð.

i) kjarnagjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem þegar tekin eru til athugunar með kjarnagjaldþolsliðnum, gætu leitt til þess að sá kjarnagjaldþolsliður sé ekki í samræmi við 1. undirgrein 2. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

j) kjarnagjaldþolsliðurinn hefur einkenni sem tilgreind eru í 71. gr., sem viðeigandi eru fyrir kjarnagjaldþolsliði sem um getur í iii. og v. lið a-liðar og b-lið 69 gr., en fer upp fyrir mörkin sem sett eru fram í 3. mgr. 82. gr.

Þrátt fyrir f-lið, getur kjarnagjaldþolsliðurinn einungis gefið möguleika á endurgreiðslu eða innlausn þess liðar ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt eða ef endurgreiðsla eða innlausn mundi leiða til slíks fráviks þegar öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

i. eftirlitsyfirvaldið hefur í sérstökum undantekningartilvikum fallið frá frestuninni á endurgreiðslu eða innlausn á þeim lið,

ii. liðnum er skipt út fyrir eða umbreytt yfir í annan kjarnagjaldþolslið þáttar 1 eða þáttar 2 af a.m.k. sömu gæðum,

iii. kröfunni um lágmarksfjármagn er hlítt eftir endurgreiðsluna eða innlausnina.

2. Að því er varðar þessa grein skulu útskiptin eða umbreytingin á kjarnagjaldþolslið í annan kjarnagjaldþolslið þáttar 1 eða þáttar 2 eða endurgreiðslan eða innlausnin á kjarnagjaldþolslið þáttar 2 af ágóðanum af nýjum kjarnagjaldþolslið af a.m.k. sömu gæðum, ekki álitin vera endurgreiðsla eða innlausn, að því tilskildu að útskiptin, umbreytingin, endurgreiðslan eða innlausnin falli undir samþykki eftirlitsyfirvaldsins.

3. Að því er varðar f- og g-lið 1. mgr. skulu tilvísanir til gjaldþolskröfunnar lesnar sem tilvísanir til kröfunnar um lágmarksfjármagn ef frávik frá kröfunni um lágmarksfjármagn verður á undan fráviki frá gjaldþolskröfunni.

4. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skulu félög telja hvata til innlausnar í formi hækkunar vaxta sem tengist kauprétti vera takmarkaðan, ef hækkunin er á formi einstakrar hækkunar á arðmiðavöxtum og leiðir til hækkunar á upphafsvöxtunum sem er ekki meiri en sú hærri af eftirfarandi fjárhæðum:

a) 100 grunnpunktum, að frádregnu skuldatryggingarálaginu milli upphaflega vísitölugrunnsins og hækkaða vísitölugrunnsins,

b) 50% af upphaflega skuldatryggingarálaginu, að frádregnu skuldatryggingarálaginu milli upphaflega vísitölugrunnsins og hækkaða vísitölugrunnsins.

74. gr.

Stuðningsgjaldþol þáttar 2 — Skrá yfir gjaldþolsliði

Með fyrirvara um 96. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu eftirfarandi stuðningsgjaldþolsliðir í meginatriðum taldir hafa einkenni sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar, og skulu flokkaðir sem þáttur 2, ef eftirfarandi liðir hafa alla eiginleika sem tilgreindir eru í 75. gr.:

a) ógreitt og óinnheimt almennt hlutafé er innkallanlegt þegar þess er krafist,

b) ógreitt og óinnheimt stofnfé, framlög félagsaðila eða jafngildi kjarnagjaldþolsliðurinn fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, eru innkallanleg þegar þess er krafist,

c) ógreitt og óinnheimt forgangshlutafé er innkallanlegt þegar þess er krafist,

d) lagalega bindandi skuldbindingu um að skrá og greiða víkjandi skuldir þegar þess er krafist,

e) loforð um lánveitingu og ábyrgðir sem óháður fjárvörsluaðili varðveitir í fjárvörslusjóðum í þágu vátryggingalánardrottna og veitt eru af lánastofnunum sem eru með starfsleyfi í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

f) loforð um lánveitingu og ábyrgðir að því tilskildu að liðirnir séu innkallanlegir þegar krafist er og án kvaða,

g) allar kröfur í framtíðinni sem gagnkvæm félög samtaka skipaeigenda eða félög hliðstæðrar gerðar með breytileg iðgjöld, sem einungis tryggja áhættur, sem taldar eru upp í flokkum 6, 12 og 17 í A-hluta I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB, kunna að eiga á hendur meðlimum sínum í formi innköllunar á viðbótarframlagi innan næstu tólf mánaða,

h) allar kröfur í framtíðinni sem gagnkvæm félög eða félög hliðstæðrar gerðar með breytileg iðgjöld kunna að eiga á hendur meðlimum sínum í formi innköllunar á viðbótarframlagi innan næstu tólf mánaða, að því tilskildu að innköllun sé möguleg þegar krafist er og án kvaða,

i) aðrar lagalega bindandi skuldbindingar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag tekur við, að því tilskildu að liðurinn séu innkallanlegur þegar krafist er og án kvaða.

75. gr.

Stuðningsgjaldþol þáttar 2 — Eiginleikar sem ákvarða flokkun

Til að vera flokkaðir sem þáttur 2 skulu stuðningsgjaldþolsliðirnir sem skráðir eru í 74. gr. hafa einkenni kjarnagjaldþolsliðar sem flokkaður er í þátt 1 í samræmi við 69. og 71. gr. þegar sá liður hefur verið innkallaður og innborgaður.

76. gr.

Kjarnagjaldþol þáttar 3 — Skrá yfir gjaldþolsliði

Eftirfarandi kjarnagjaldþolsliðir skulu taldir hafa einkenni sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar og skulu flokkaðir sem þáttur 3, ef eftirfarandi liðir hafa alla eiginleikana sem tilgreindir eru í 77. gr.:

a) hluti eigna umfram skuldir, verðmetinn í samræmi við 1. og 2. þátt VI. kafla tilskipunar 2009/138/EB, samanstendur af eftirfarandi liðum:

   i. undirskipuðum gagnkvæmum reikningum félagsaðila,

   ii. forgangshlutafé og tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár,

   iii. fjárhæð jafnri að virði hreinna frestaðra skattinneigna.

b) víkjandi skuldum sem verðmetnar eru í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

77. gr.

Kjarnagjaldþol þáttar 3 — Eiginleikar sem ákvarða flokkun

1. Eiginleikarnir sem um getur í 76. gr., skulu vera eftirfarandi:

a) kjarnagjaldþolsliðnum, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. undirlið a-liðar og b-lið 76. gr., er skipað á eftir kröfum allra vátryggingataka og vátryggðra og jafngildra kröfuhafa,

b) kjarnagjaldþolsliðurinn hefur ekki eiginleika sem gætu valdið ógjaldfærni vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða flýtt ferlinu sem leiðir til að félagið verði ógjaldfært,

c) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. undirlið a-liðar og b-lið 76. gr., er ódagsettur eða er með upphaflegan binditíma 5 ár hið minnsta, ef upphaflegi gjalddaginn er fyrsti samningsbundni möguleikinn til að endurgreiða eða innleysa kjarnagjaldþolsliðinn,

d) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og b-lið 76. gr., er eingöngu endurgreiðanlegur eða innleysanlegur kjósi vátrygginga- eða endurtryggingafélagið svo og endurgreiðslan eða innlausnin á kjarnagjaldþolsliðnum er háð fyrirframsamþykki eftirlitsaðila,

e) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og b-lið 76. gr., getur innihaldið takmarkaða hvata til endurgreiðslu eða innlausnar á þeim kjarnagjaldþolslið,

f) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og b-lið 76. gr., veitir möguleika á frestun endurgreiðslu eða innlausnar ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt, eða ef endurgreiðsla eða innlausn myndi leiða til slíks fráviks þar til félagið fullnægir gjaldþolskröfunni og endurgreiðslan eða innlausnin leiðir ekki til fráviks frá gjaldþolskröfunni,

g) kjarnagjaldþolsliðurinn, ef um er að ræða liði sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og b-lið 76. gr., veitir möguleika á frestun útgreiðslna ef kröfunni um lágmarksfjármagn er ekki mætt, eða ef útgreiðslan mundi leiða til slíks fráviks, þar til félagið fullnægir kröfunni um lágmarksfjármagn og útgreiðslan leiðir ekki til fráviks frá kröfunni um lágmarksfjármagn,

h) kjarnagjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem gætu grafið undan þeim eiginleikum sem krafist er að liðurinn hafi í samræmi við þessa grein.

Þrátt fyrir f-lið, getur kjarnagjaldþolsliðurinn einungis gefið möguleika á endurgreiðslu eða innlausn þess liðar ef gjaldþolskröfunni er ekki mætt eða ef endurgreiðsla eða innlausn mundi leiða til slíks fráviks þegar öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

i. eftirlitsyfirvaldið hefur í sérstökum undantekningartilvikum fallið frá frestun á endurgreiðslu eða innlausn þess liðar,

ii. liðnum er skipt út fyrir eða umbreytt yfir í annan kjarnagjaldþolslið þáttar 1, þáttar 2 eða þáttar 3 af lágmarki sömu gæðum,

iii. kröfunni um lágmarksfjármagn er fullnægt eftir endurgreiðsluna eða innlausnina.

2. Að því er varðar þessa grein skulu útskiptin eða umbreytingin á kjarnagjaldþolslið yfir í annan kjarnagjaldþolslið þáttar 1, þáttar 2 eða þáttar 3, eða endurgreiðsla eða innlausn á kjarnagjaldþolslið þáttar 3 af ágóðanum af nýjum kjarnagjaldþolslið af að lágmarki sömu gæðum, ekki talin vera endurgreiðsla eða innlausn, að því tilskildu að útskiptin, umbreytingin, endurgreiðslan eða innlausnin falli undir samþykki eftirlitsyfirvaldsins.

3. Að því er varðar f-lið 1. mgr. skulu tilvísanir til gjaldþolskröfunnar teljast tilvísanir til kröfunnar um lágmarksfjármagn ef frávik frá kröfunni um lágmarksfjármagn verður á undan fráviki frá gjaldþolskröfunni.

4. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skulu félög telja hvata til innlausnar sem er í formi hækkunar vaxta sem tengist kauprétti vera takmarkaðan ef hækkunin er á formi einstakrar hækkunar á arðmiðavöxtum og leiðir til hækkunar á upphafsvöxtunum sem ekki er meiri en sú hærri af eftirfarandi fjárhæðum:

a) 100 grunnpunktum, að frádregnu skuldatryggingarálaginu milli upphaflega vísitölugrunnsins og hækkaða vísitölugrunnsins,

b) 50% af upphaflega skuldatryggingarálaginu, að frádregnu skuldatryggingarálaginu milli upphaflega vísitölugrunnsins og hækkaða vísitölugrunnsins.

78. gr.

Stuðningsgjaldþol þáttar 3 — Skrá yfir gjaldþolsliði

Stuðningsgjaldþolsliðir sem hafa verið samþykktir af eftirlitsyfirvaldi í samræmi við 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og sem hafa ekki alla þá eiginleika sem tilgreindir eru í 75. gr. skulu flokkaðir sem stuðningsgjaldþol þáttar 3.

79. gr.

Samþykki eftirlitsyfirvalda á mati og flokkun gjaldþolsliða

1. Með fyrirvara um 90. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef gjaldþolsliður er ekki tekinn með í skrána yfir gjaldþolsliði sem settir eru fram í 69., 72., 74., 76. og 78. gr., skulu vátrygginga- eða endurtryggingafélög eingöngu telja þann lið sem gjaldþolslið ef samþykki hefur fengist frá eftirlitsyfirvaldi fyrir mati og flokkun liðarins.

2. Eftirlitsyfirvald skal meta eftirfarandi, á grundvelli skjala sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag leggur fram, þegar það samþykkir mat og flokkun á gjaldþolsliðum sem ekki eru með í skránni yfir gjaldþolsliði sem tilgreindir eru í 69., 72., 74., 76. og 78. gr.:

a) ef félagið sækir um samþykki fyrir flokkun sem þáttur 1, hvort kjarnagjaldþolsliðurinn hafi í meginatriðum einkenni sem tilgreind eru í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar,

b) ef félagið sækir um samþykki fyrir flokkun sem kjarnagjaldþol þáttar 2, hvort kjarnagjaldþolsliðurinn hafi í meginatriðum einkenni sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar,

c) ef félagið sækir um samþykki fyrir flokkun sem stuðningsgjaldþol þáttar 2, hvort stuðningsgjaldþolsliðurinn hafi í meginatriðum einkenni sem tilgreind eru í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar,

d) ef félagið sækir um samþykki fyrir flokkun sem kjarnagjaldþol þáttar 3, hvort kjarnagjaldþolsliðurinn hafi einkenni sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar,

e) lagalegt fullnustuhæfi samningsskilmála gjaldþolsliðarins í öllum viðkomandi lögsögum,

f) hvort inngreiðsla gjaldþolsliðarins hafi átt sér stað að fullu.

3. Kjarnagjaldþolsliðir sem ekki eru teknir með í skránni yfir gjaldþolsliði sem er að finna í 69., 72. og 76 gr. skulu eingöngu flokkaðir sem kjarnagjaldþol þáttar 1 ef inngreiðsla hefur átt sér stað að fullu.

4. Gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvaldið samþykkir að færa inn í samræmi við þessa grein skulu falla undir magntakmarkanir sem settar eru fram í 82. gr.

3. ÞÁTTUR

Hæfi gjaldþols

1. undirþáttur

Sjóðir sem haldið er aðgreindum

80. gr.

Sjóðir sem haldið er aðgreindum, sem þarfnast leiðréttingar

1. Krefjast skal lækkunar á afstemmingarvarasjóðnum, sem um getur 1. mgr. 70. gr., ef gjaldþolsliðir innan sjóðs sem haldið er aðgreindum eru með takmarkaða getu til að mæta tapi að fullu á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis vegna skorts á yfirfæranleika þeirra innan vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins af einhverri af eftirfarandi ástæðum:

a) einungis er hægt að nota liðina til að mæta tapi á ákveðnum hluta af vátrygginga- eða endurtryggingasamningum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) einungis er hægt að nota liðina til að mæta tapi að því er varðar ákveðna vátryggingataka eða vátryggða,

c) einungis er hægt að nota liðina til að mæta tapi sem stafar af sérstakri áhættu eða skuldum.

2. Gjaldþolsliðirnir, sem um getur í 1. mgr. (hér á eftir nefndir „takmarkaðir gjaldþolsliðir“), skulu ekki taka með virðið á framtíðaryfirfærslum sem rekja má til hluthafa.

81. gr.

Leiðrétting fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum og eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar

1. Að því er varðar útreikning á afstemmingarvarasjóðnum skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög lækka eignir sem eru umfram skuldir og um getur í 70. gr. með því að bera saman eftirfarandi fjárhæðir:

a) takmörkuðu gjaldþolsliðina innan sjóðs sem haldið er aðgreindum eða eignasafns, aðlagað vegna samræmingar,

b) ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir sjóð sem haldið er aðgreindum eða eignasafns, aðlagað vegna samræmingar.

Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið reiknar út gjaldþolskröfu með því að nota staðalregluna skal ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út í samræmi við 217 gr.

Ef félagið reiknar út gjaldþolskröfu með því að nota eigið líkan skal ígildi gjaldþolskröfunnar reiknað út með því að nota það eigið líkan, eins og félagið hafi eingöngu stundað þann rekstur sem innifalinn er í sjóði sem haldið er aðgreindum eða eignasafni, aðlagað vegna samræmingar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., þegar eignirnar, skuldirnar og áhættan innan sjóðs sem haldið er aðgreindum eru ekki mikilvægar, geta vátrygginga- og endurtryggingafélög lækkað afstemmingarvarasjóðinn með heildarfjárhæðinni á takmörkuðum gjaldþolsliðum.

2. undirþáttur

Magntakmarkanir

82. gr.

Hæfi og takmarkanir sem gilda um þætti 1, 2 og 3

1. Hvað varðar reglufylgni við gjaldþolskröfuna skulu hæfar fjárhæðir liðanna í þætti 2 og þætti 3 vera háðar öllum eftirfarandi magntakmörkunum:

a) hæf fjárhæð liðanna í þætti 1 skal a.m.k. vera helmingur af gjaldþolskröfunni,

b) hæf fjárhæð liðanna í þætti 3 skal vera lægri en 15% af gjaldþolskröfunni,

c) samtala hæfra fjárhæða liðanna í þætti 2 og þætti 3 skal ekki fara yfir 50% af gjaldþolskröfunni.

2. Hvað varðar reglufylgni við kröfuna um lágmarksfjármagn skulu hæfar fjárhæðir liðanna í þætti 2 vera háðar öllum eftirfarandi magntakmörkunum:

a) hæf fjárhæð liðanna í þætti 1 skal vera a.m.k. 80% af kröfunni um lágmarksfjármagn,

b) hæfar fjárhæðir liðanna í þætti 2 skulu ekki fara yfir 20% af kröfunni um lágmarksfjármagn.

3. Innan þeirra marka sem um getur í a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. skal samtalan á eftirfarandi kjarnagjaldþolsliðum vera lægri en 20% af heildarfjárhæð liðanna í þætti 1:

a) liða sem um getur í iii. lið a-liðar 69. gr.,

b) liða sem um getur í v. lið a-liðar 69. gr.,

c) liða sem um getur í b-lið 69. gr.,

d) liða sem teknir eru með í kjarnagjaldþol þáttar 1 samkvæmt umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í 9. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB.

V. KAFLI

STAÐALREGLA GJALDÞOLSKRÖFU

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

1. undirþáttur

Útreikningar sem byggðir eru á sviðsmyndum

83. gr.

1. Þegar útreikningur á einingu eða undireiningu grunngjaldþolskröfu er byggð á áhrifunum af sviðsmynd á kjarnagjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga skulu allar eftirfarandi forsendur teknar með í þann útreikning:

a) sviðsmyndin breytir ekki fjárhæðinni á áhættuálaginu sem innifalið er í vátryggingaskuld,

b) sviðsmyndin breytir ekki virði frestaðra skattinneigna og -skulda,

c) sviðsmyndin breytir ekki virði valkvæðrar ágóðahlutdeildar í framtíðinni sem innifalinn er í vátryggingaskuld,

d) á meðan sviðsmyndinni stendur grípur félagið ekki til stjórnunaraðgerða.

2. Útreikningur á vátryggingaskuld sem leiðir af ákvörðun um áhrifin af sviðsmynd á kjarnagjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga, eins og um getur í 1. mgr., skal ekki breyta virðinu á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni, og skal taka til greina allt eftirfarandi:

a) án þess að hafa áhrif á d-lið 1. mgr., framtíðarstjórnunaraðgerðir í framhaldi af sviðsmyndinni, að því tilskildu að þær séu í samræmi við 23. gr.,

b) hvers konar veruleg óhagstæð áhrif af sviðsmyndinni, eða stjórnunaraðgerðunum sem um getur í a-lið, á líkurnar á að vátryggingatakar muni nýta samningsbundin réttindi.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta notað einfaldaðar aðferðir til að reikna út vátryggingaskuld sem leiðir af ákvörðun um áhrifin af sviðsmynd, eins og um getur í 1. mgr., að því tilskildu að einfaldaða aðferðin leiði ekki til rangrar færslu á gjaldþolskröfunni sem myndi hafa áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda upplýsinganna sem varða gjaldþolskröfuna, nema einfaldaði útreikningurinn leiði til gjaldþolskröfu sem er hærri en gjaldþolskrafan sem leiðir af útreikningnum samkvæmt staðalreglunni.

4. Útreikningur á eignum og skuldum sem leiða af ákvörðun um áhrifin af sviðsmynd, eins og um getur í 1. mgr., skal taka til greina áhrifin af sviðsmyndinni á virði allra viðeigandi áhættuvarnagerninga félagsins sem fullnægja ákvæðum 209.–215. gr.

5. Ef sviðsmyndin myndi leiða til hækkunar á kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga skal útreikningurinn á einingunni eða undireiningunni byggjast á forsendunni að sviðsmyndin hafi engin áhrif á kjarnagjaldþolið.

2. undirþáttur

Gegnsæisaðferð

84. gr.

1. Gjaldþolskrafan skal reiknuð út á grundvelli sérhverra undirliggjandi eigna sjóða um sameiginlega fjárfestingu og annarra fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir (gegnsæisaðferðin).

2. Gegnsæisaðferðin sem um getur í 1. mgr., skal einnig gilda um eftirfarandi:

a) óbeinar áhættuskuldbindingar vegna markaðsáhættu, annarra en sjóða um sameiginlega fjárfestingu og fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir,

b) óbeinar áhættuskuldbindingar vegna tryggingaráhættu,

c) óbeinar áhættuskuldbindingar vegna mótaðilaáhættu.

3. Ef ekki er hægt að beita gegnsæisaðferðinni á sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir, má reikna út gjaldþolskröfuna á grundvelli markmiðsins sem sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu eða sjóð hefur með skiptingunni á undirliggjandi eign, að því tilskildu að slík markmiðsskipting sé tiltæk félaginu á nægilega sundurliðaðan hátt sem gerir kleift að reikna út allar viðeigandi undireiningar og sviðsmyndir staðalreglunnar, og hinum undirliggjandi eignum sé stýrt gagngert samkvæmt þessari markmiðaskiptingu. Að því er varðar þennan útreikning er hægt að nota flokkuð gögn, að því tilskildu að þeim sé beitt á varfærinn hátt, og að þau gildi ekki um meira en 20% af heildarvirði eigna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

4. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki gilda um fjárfestingar í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. undirþáttur

Héraðsstjórnir og staðaryfirvöld

85. gr.

Skilyrðin fyrir flokkun á héraðsstjórnum og staðaryfirvöldum skulu vera þau að enginn munur sé á áhættu milli áhættuskuldbindinga vegna þeirra og áhættuskuldbindinga gagnvart ríkisstjórn, vegna sérstakra skattheimtuheimilda þeirra fyrrnefndu og sérstaks stofnanafyrirkomulags, sem hafi þau áhrif að draga úr áhættunni á vanskilum.

4. undirþáttur

Veruleg grunnáhætta

86. gr.

Þrátt fyrir 2. mgr. 210. gr., ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög yfirfæra tryggingaráhættu með því að nota endurtryggingasamninga eða félög með sérstakan tilgang sem eru útsett fyrir verulegri grunnáhættu vegna gjaldmiðlamisvægis milli tryggingaráhættu og áhættuvarnarinnar, geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög tekið tillit til áhættuvarnarinnar í

útreikningnum á gjaldþolskröfunni samkvæmt staðalformúlunni, að því tilskildu að áhættuvörnin fullnægi 209. gr., 210. gr. (1., 3. og 4. mgr.) og 211. gr., og útreikningurinn sé framkvæmdur á eftirfarandi hátt:

a) taka skal til greina grunnáhættuna sem stafar af gjaldmiðlamisvægi milli tryggingaráhættu og áhættuvarnarinnar í viðeigandi tryggingaráhættueiningu, -undireiningu eða -sviðsmynd staðalreglunnar í sem mestum smáatriðum með því að bæta 25% af mismuninum á eftirfarandi við gjaldþolskröfuna sem reiknast út í samræmi við viðeigandi einingu, undireiningu eða sviðsmynd:

   i. áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir viðeigandi einingu, undireiningu eða sviðsmynd tryggingaráhættu sem myndi leiða af að sviðsmyndin sem sett er fram í 188. gr. ætti sér stað samtímis,

   ii. gjaldþolskröfunni fyrir viðeigandi einingu, undireiningu eða sviðsmynd tryggingaráhættu.

b) ef áhættuvörnin nær yfir meira en eina einingu, undireiningu eða sviðsmynd, skal útreikningurinn sem um getur í a-lið framkvæmdur fyrir hverja af þessum einingum, undireiningum og sviðsmyndum. Gjaldþolskrafan sem leiðir af þessum útreikningum skal ekki fara yfir 25% af getu óhlutfallslega endurtryggingarsamningsins eða félagsins með sérstakan tilgang.

5. undirþáttur

Útreikningur á grunngjaldþolskröfu

87. gr.

Grunngjaldþolskrafan skal innihalda áhættueiningu óefnislegrar eignaáhættu og vera jöfn eftirfarandi:

$$BasicSCR = \sqrt{\sum_{i,j} Corr_{i,j} \cdot SCR_i \cdot SCR_j} + SCR_{intangibles}$$

þar sem:

a) samtala, $Corr_{i,j}$, SCR_i and SCR_j er tilgreind eins og sett er fram í 1. lið IV. viðauka tilskipunar 2009/138/EB,

b) $SCR_{intangibles}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir óefnislega eignaáhættu sem um getur í 203. gr.

6. undirþáttur

Hlutfallsregla og einfaldanir

88. gr.

Hlutfallsregla

1. Að því er varðar 109. gr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ákvarða hvort einfaldaður útreikningur er í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar með því að framkvæma mat sem inniheldur allt eftirfarandi:

a) mat á eðli, umfangi og flækjustigi áhættu félagsins sem fellur innan viðkomandi einingar eða undireiningar,

b) eigindlegt eða megindlegt mat, eins og við á, á villu í niðurstöðum einfaldaðs útreiknings vegna sérhverra frávika milli eftirfarandi:

   i. undirliggjandi forsenda einfaldaða útreikningsins í tengslum við áhættuna,

   ii. niðurstaðna matsins sem um getur í a-lið.

2. Einfaldaður útreikningur skal ekki talinn vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar ef villan sem um getur í b-lið 2. mgr. leiðir til rangfærslu á gjaldþolskröfunni, sem myndi hafa áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda upplýsinganna sem varða gjaldþolskröfuna, nema einfaldaði útreikningurinn leiði til gjaldþolskröfu sem er hærri en gjaldþolskrafan sem leiðir af staðalútreikningnum.

89. gr.

Almenn ákvæði um einfaldanir fyrir bundin vátryggingafélög

Bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög, eins og skilgreint er í 2. og 5. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, geta notað einfölduðu útreikningana sem settir eru fram í 90., 103., 105. og 106. gr. þessarar reglugerðar ef farið er að ákvæðum 88. gr. þessarar reglugerðar og allar eftirfarandi kröfur uppfylltar:

a) í tengslum við vátryggingaskuldbindingar bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eru allir tryggðir einstaklingar og vátryggðir lögaðilar í samstæðunni sem bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er hluti af,

b) í tengslum við endurtryggingaskuldbindingar bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eru allir tryggðir einstaklingar og vátryggðir samkvæmt vátryggingasamningunum, sem liggja til grundvallar endurtryggingaskuldbindingunum, lögaðilar í samstæðunni sem bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er hluti af,

c) vátryggingaskuldbindingarnar og vátryggingarsamningarnir sem undirliggjandi eru endurtryggingaskuldbindingum bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eiga ekki við um neina lögboðna ábyrgðartryggingu þriðja aðila.

90. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaðatryggingum fyrir bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög

1. Ef farið er að ákvæðum 88. og 89. gr. geta bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaðatryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{nl\ prem\ res} = \sqrt{0{,}65 \cdot \sum_s NL^2_{(pr,s)} + 0{,}35 \cdot \left(\sum_s NL_{(pr,s)}\right)^2},$$

þar sem *s* nær yfir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal gjaldþolskrafan fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu í skaðatryggingum á einstökum hluta *s* sem settur er fram í II. viðauka vera jöfn eftirfarandi:

$$NL_{pr,s} = 0{,}6 \cdot \sqrt{V^2_{(prem,s)} + V_{(prem,s)} \cdot V_{(res,s)} + V^2_{(res,s)}}$$

þar sem:

a) $V_{(prem,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu á hluta *s* sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 116. gr.,

b) $V_{(res,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu á hluta sem reiknuð er út í samræmi við 6. mgr. 116. gr.,

91. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir dánaráhættu í líftryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfuna fyrir dánaráhættu í líftryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{mortality} = 0{,}15 \cdot CAR \cdot q \cdot \sum_{k=1-0{,}5}^{n-0{,}5} \left(\frac{1-q}{1-i_k}\right)^k$$

þar sem, að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingasamninga með jákvæða vátryggingarfjárhæð:

a) *CAR* táknar heildarvátryggingafjárhæðina, þ.e. fjárhæð allra samninga sem eru hærri en núll og mismuninum á eftirfarandi fjárhæðum:

   i. samtölunni á:

      — fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag myndi greiða sem stendur við dauðsfall einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

— væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem félagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

b) *q* táknar væntа meðaltalsdánartíðni tryggðra einstaklinga næstu 12 mánuði, vegna með tryggingarfjárhæðinni,

c) *n* táknar leiðréttan líftíma í árum á greiðslum sem greiðast við andlát sem innifaldar eru í besta mati,

d) i_k táknar árlegt stundargengi fyrir binditíma *k* á viðeigandi áhættulausa vaxtaferlinum eins og um getur í 43. gr.

92. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir langlífisáhættu í líftryggingum

Ef 88. gr. er fullnægt geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir langlífisáhættu í líftryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{longevity} = 0{,}2 \cdot q \cdot n \cdot 1{,}1^{(n-1)/2} \cdot BE_{long}$$

þar sem, að því er varðar samningana sem um getur í 2. mgr. 138. gr.:

a) *q* táknar væntа meðaltalsdánartíðni tryggðra einstaklinga næstu 12 mánuði, vegna með tryggingarfjárhæðinni,

b) *n* táknar leiðréttan líftíma í árum á greiðslunum til vátryggðra sem innifaldar eru í besta mati,

c) BE_{long} táknar besta mat á skuldbindingunum sem falla undir áhættu vegna langlífis.

93. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir örorku- og sjúkdómsáhættu í líftryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir örorku- og sjúkdómsáhættu í líftryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{disability\text{-}morbidity} = \begin{cases} 0{,}35 \cdot CAR_1 \cdot d_1 \\ + 0{,}25 \cdot 1{,}1^{(n-3)/2} \cdot (n-1) \cdot CAR_2 \cdot d_2 \\ + 0{,}2 \cdot 1{,}1^{(n-1)/2} \cdot t \cdot n \cdot BE_{dis} \end{cases}$$

þar sem, að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingasamninga með jákvæða vátryggingafjárhæð:

a) CAR_1 táknar heildarvátryggingafjárhæðina, þ.e. fjárhæð allra samninga sem eru hærri en núll og mismuninum á eftirfarandi fjárhæðum:

i. samtölunni á:

— fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða sem stendur við dauðsfall eða örorku einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

— væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall eða örorku einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

b) CAR_2 táknar heildarvátryggingafjárhæðina eins og skilgreint er í a-lið, eftir 12 mánuði,

c) d_1 táknar væntа meðaltalsörorku- og sjúkdómstíðni næstu 12 mánuði, vegna með tryggingarfjárhæðinni,

d) d_2 táknar vænta meðaltalsörorku- og sjúkdómstíðni 12 mánuðina eftir næstu 12 mánuði, vegna með tryggingarfjárhæðinni,

e) n táknar leiðréttan líftíma á greiðslum vegna örorku og sjúkdóma sem innifaldar eru í besta mati,

f) t táknar áætlað uppsagnarhlutfall næstu 12 mánuði,

g) BE_{dis} táknar besta mat á skuldbindingum sem falla undir örorku- og sjúkdómsáhættu.

94. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir útgjaldaáhættu í líftryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir útgjaldaáhættu í líftryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{expenses} = 0{,}1 \cdot EI \cdot n + EI \cdot \left(\left(\frac{1}{i + 0{,}01}\right) \cdot \left((1 + i + 0{,}01)^n - 1\right) - \frac{1}{i}\left((1 + i)^n - 1\right)\right)$$

þar sem:

a) EI táknar útgjöldin sem stofnað er til við að þjónusta líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar á síðastliðnu ári,

b) n táknar leiðréttan líftíma í árum á sjóðstreyminu sem innifalið er í besta mati þessara skuldbindinga,

c) i táknar vegið meðaltalsverðbólgustig sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, þegar voganir eru byggðar á núvirðinu á útgjöldunum sem innifalin eru í útreikningnum á besta mati fyrir þjónustuna við núverandi líftryggingaskuldbindingar.

95. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir varanlegar breytingar á brottfallstíðni

1. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir áhættu af varanlegri aukningu í brottfallstíðni á eftirfarandi hátt:

$$Lapse_{up} = 0{,}5 \cdot l_{up} \cdot n_{up} \cdot S_{up}$$

þar sem:

a) l_{up} táknar þá hærri af meðaltali brottfallstíðni fyrir samninga með jákvæðu endurkaupaálagi og 67%,

b) n_{up} táknar meðaltalstímabilið í árum sem samningarnir með jákvæðu endurkaupaálagi renna út,

c) S_{up} táknar samtölu jákvæðs endurkaupaálags.

2. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir áhættuna af varanlegri lækkun á brottfallstíðni á eftirfarandi hátt:

$$Lapse_{down} = 0{,}5 \cdot l_{down} \cdot n_{down} \cdot S_{down}$$

þar sem:

a) l_{down} táknar þá hærri af meðaltalsbrottfallstíðni fyrir samninga með neikvæðu endurkaupaálagi og 40%,

b) n_{down} táknar meðaltalstímabilið í árum sem samningar með neikvæðu endurkaupaálagi renna út,

c) S_{down} táknar samtölu neikvæðs endurkaupaálags.

3. Endurkaupaálagið á vátryggingarsamningi sem um getur í 1. og 2. mgr. er mismunurinn á eftirfarandi:

a) fjárhæðinni sem er til greiðslu af vátryggingafélaginu vegna slita vátryggingartakans, að frádregnum sérhverjum endurheimtanlegum fjárhæðum frá vátryggingartökum eða miðlurum,

b) fjárhæð vátryggingaskuldar án áhættuálags.

96. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir hamfaraáhættu í líftryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir hamfaraáhættu í líftryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{life\text{-}catastrophe} = \sum_{i} 0{,}0015 \cdot CAR_i$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur alla samninga með jákvæða vátryggingafjárhæð,

b) CAR_I táknar heildarvátryggingafjárhæð samningsins *i*, þ.e. þá sem er hærri en núll og mismuninum á eftirfarandi fjárhæðum:

   i. samtölunni á:

      — fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða sem stendur við dauðsfall einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

      — væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

   ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

97. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir dánaráhættu í heilsutryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir dánaráhættu í heilsutryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{health\text{-}mortality} = 0{,}15 \cdot CAR \cdot q \cdot \sum_{k=1-0{,}5}^{n-0{,}5} \left(\frac{1-q}{1+i_k}\right)^k$$

þar sem, að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingasamninga með jákvæða vátryggingafjárhæð:

a) *CAR* táknar heildarvátryggingafjárhæðina, þ.e. fjárhæðin, í tengslum við hvern samning, sem er hærri en núll og mismuninum á eftirfarandi fjárhæðum:

   i. samtölunni á:

      — fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða sem stendur við dauðsfall einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

      — væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall einstaklinganna sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

   ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

b) *q* táknar væntа meðaltalsdánartíðni tryggðra einstaklinga næstu 12 mánuði, vegna með tryggingarfjárhæðinni,

c) *n* táknar leiðréttan líftíma í árum á greiðslum sem greiðast við andlát sem innifaldar eru í besta mati,

d) i_k táknar árlegt stundargengi fyrir binditíma *k* á viðeigandi áhættulausa vaxtaferlinum eins og um getur í 43. gr.

98. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir langlífisáhættu í heilsutryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir langlífisáhættu í heilsutryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{health\text{-}longevity} = 0{,}2 \cdot q \cdot n \cdot 1{,}1^{(n-1)/2} \cdot BE_{long}$$

þar sem, að því er varðar samningana sem um getur í 2. mgr. 138. gr.:

a) q táknar vænt meðaltal dánartíðni tryggðra einstaklinga næstu 12 mánuði, vegið með tryggingarfjárhæðinni,

b) n táknar leiðréttan líftíma í árum á greiðslunum til vátryggðra sem innifaldar eru í besta mati,

c) BE_{long} táknar besta mat á skuldbindingunum sem falla undir langlífisáhættu.

99. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir sjúkrakostnaði vegna örorku- og sjúkdómsáhættu

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir sjúkrakostnað vegna örorku- og sjúkdómsáhættu á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{medicalexpense} = 0{,}05 \cdot MP \cdot n + MP \times \left(\left(\frac{1}{i + 0{,}01}\right)\left((1 + i + 0{,}01)^{n} - 1\right) - \frac{1}{i}\left((1 + i)^{n} - 1\right)\right)$$

þar sem:

a) MP táknar fjárhæð sjúkragreiðslna síðasta árs vegna sjúkrakostnaðar vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindinga á síðastliðnu ári,

b) n táknar leiðréttan líftíma í árum á sjóðstreyminu sem innifalið er í besta mati þessara skuldbindinga,

c) i táknar vegið meðaltal verðbólgustigs á sjúkragreiðslum sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, þar sem vogunin er byggð á núvirði sjúkragreiðslnanna sem innifaldar eru í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga.

100. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir tekjuvernd vegna örorku- og sjúkdómsáhættu

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir tekjuvernd vegna örorku- og sjúkdómsáhættu á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{income\text{-}protection\text{-}disability\text{-}morbidity} = \begin{cases} 0{,}35 \cdot CAR_1 \cdot d_1 \\ + 0{,}25 \cdot 1{,}1^{(n-3)/2} \cdot (n-1) \cdot CAR_2 \cdot d_2 \\ + 0{,}2 \cdot 1{,}1^{(n-1)/2} \cdot t \cdot n \cdot BE_{dis} \end{cases}$$

þar sem, að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingasamninga með jákvæða vátryggingafjárhæð:

a) CAR_1 táknar heildarvátryggingafjárhæðina, þ.e. fjárhæð allra samninga sem eru hærri en núll og mismuninn á eftirfarandi fjárhæðum:

   i. samtölunni á:

      — fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða sem stendur við dauðsfall eða örorku einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

      — væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem félagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall eða örorku einstaklinganna sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

b) CAR_2 táknar heildarvátryggingafjárhæðina eins og hún er skilgreind í a-lið eftir 12 mánuði,

c) d_1 táknar vænt meðaltal örorku- og sjúkdómstíðni næstu 12 mánuði, vegið með tryggingarfjárhæðinni,

d) d_2 táknar vænt meðaltal örorku- og sjúkdómstíðni 12 mánuðina eftir næstu 12 mánuði, vegið með tryggingarfjárhæðinni,

e) n táknar leiðréttan líftíma á greiðslum vegna örorku og sjúkdóma sem innifaldar eru í besta mati,

f) t táknar væntu uppsagnarvextina næstu 12 mánuði,

g) BE_{dis} táknar besta mat á skuldbindingum sem falla undir örorku- og sjúkdómsáhættu.

101. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir útgjaldaáhættu í heilsutryggingum

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir útgjaldaáhættu í heilsutryggingum á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{health\text{-}expense} = 0{,}1 \cdot EI \cdot n + EI \cdot \left(\left(\frac{1}{i + 0{,}01}\right) \cdot \left((1 + i + 0{,}01)^n - 1\right) - \frac{1}{i}\left((1 + i)^n - 1\right)\right)$$

þar sem:

1) EI táknar fjárhæð útgjalda sem stofnað er til við að þjónusta sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar á síðastliðnu ári,

2) n táknar leiðréttan líftíma í árum á sjóðstreyminu sem innifalið er í besta mati þessara skuldbindinga,

3) i táknar vegið meðaltal verðbólgustigs sem innifalið er í útreikningnum á besta mati þessara skuldbindinga, vegið með núvirðinu á útgjöldunum sem innifalin eru í útreikningnum á besta mati fyrir þjónustuna við núverandi sjúkratrygginga-skuldbindingar.

102. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir fyrningaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging

1. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir áhættu af varanlegri aukningu í brottfallstíðni sem um getur í a-lið 1. mgr. 159. gr. á eftirfarandi hátt:

$$Lapse_{up} = 0{,}5 \cdot l_{up} \cdot n_{up} \cdot S_{up}$$

þar sem:

a) l_{up} táknar þá hærri af meðaltalsbrottfallstíðninni fyrir samningana með jákvæðu endurkaupaálagi og 83%,

b) n_{up} táknar meðaltal tímabils í árum sem samningarnir með jákvæðu endurkaupaálagi renna út,

c) S_{up} táknar samtölu jákvæðs endurkaupaálags.

2. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir áhættu af varanlegri lækkun á brottfallstíðni sem um getur í b-lið 1. mgr. 159. gr. á eftirfarandi hátt:

$$Lapse_{down} = 0{,}5 \cdot l_{down} \cdot n_{down} \cdot S_{down}$$

þar sem:

a) l_{down} táknar meðaltal brottfallstíðni fyrir samningana með neikvæðu endurkaupaálagi,

b) n_{down} táknar meðaltal tímabils í árum sem samningarnir með neikvæðu endurkaupaálagi renna út,

c) S_{down} táknar samtölu neikvæðs endurkaupaálags.

3. Endurkaupaálagið af vátryggingarsamningi sem um getur í 1. og 2. mgr. er mismunurinn á eftirfarandi:

a) fjárhæðinni sem vátryggingafélag greiðir sem stendur þegar vegna slita vátryggingartakans, að frádregnum sérhverjum endurheimtanlegum fjárhæðum frá vátryggingartökum eða miðlurum,

b) fjárhæð vátryggingaskuldar án áhættuálagsins.

103. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir vaxtaáhættu fyrir bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög

1. Ef farið er að ákvæðum 88. og 89. gr. geta bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir vaxtaáhættu sem um getur í 165. gr. á eftirfarandi hátt:

a) samtalan, fyrir hvern gjaldmiðil, á gjaldþolskröfu fyrir áhættu af hækkun í vaxtaferlinum eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar,

b) samtalan, fyrir hvern gjaldmiðil, á gjaldþolskröfu fyrir áhættu af lækkun í vaxtaferlinum eins og sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar skal gjaldþolskrafan fyrir áhættuna af hækkun í vaxtaferlinum fyrir hvern einstakan gjaldmiðil vera jöfn eftirfarandi:

$$IR_{up} = \sum_{i} MVAL_i \cdot dur_i \cdot rate_i \cdot stress_{(i,up)} - \sum_{lob} BE_{lob} \cdot dur_{lob} \cdot rate_{lob} \cdot stress_{(lob,up)}$$

þar sem:

a) fyrsta samtalan nær yfir öll binditímabil *i* sem sett eru fram í 4. mgr. þessarar greinar,

b) $MVAL_i$ táknar virðið í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB á eignum að frádregnum skuldum öðrum en vátryggingaskuld fyrir binditímabil *i*,

c) dur_i táknar einfaldaðan líftíma á binditímabili *i*,

d) $rate_i$ táknar viðeigandi áhættulausa vexti fyrir einfaldaðan líftíma á binditímabili *i*,

e) $stress_{(i,up)}$ táknar hlutfallslega hækkunarálagið á vexti fyrir einfaldaðan líftíma binditímabils *i*,

f) seinni samtalan nær yfir allar vátryggingagreinar sem settar eru fram í I. viðauka þessarar reglugerðar,

g) BE_{lob} táknar besta mat fyrir vátryggingagreinar *lob*,

h) dur_{lob} táknar leiðréttan líftíma besta mats í vátryggingagreinum *lob*,

i) $rate_{lob}$ táknar viðeigandi áhættulausa vexti fyrir leiðréttan líftíma í vátryggingagreinum *lob*,

j) $stress_{(lob,up)}$ táknar hlutfallslegt hækkunarálag á vexti fyrir leiðréttan líftíma dur_{lob}.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal gjaldþolskrafa fyrir áhættu af lækkun í vaxtaferlinum fyrir hvern einstakan gjaldmiðil vera jöfn eftirfarandi:

$$IR_{down} = \sum_{i} MVAL_i \cdot dur_i \cdot rate_i \cdot stress_{(i,down)} - \sum_{lob} BE_{lob} \cdot dur_{lob} \cdot rate_{lob} \cdot stress_{(lob,down)}$$

þar sem:

a) fyrsta samtalan nær yfir öll binditímabil *i* sem sett eru fram í 4. mgr.,

b) $MVAL_i$ táknar virðið í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á eignum að frádregnum skuldum öðrum en vátryggingaskuld fyrir binditímabil *i*,

c) dur_i táknar einfaldaðan líftíma á binditímabili *i*,

d) $rate_i$ táknar viðeigandi áhættulausa vexti fyrir einfaldaðan líftíma á binditímabili *i*,

e) $stress_{(i,down)}$ táknar hlutfallslega lækkunarálagið á vexti fyrir einfaldaðan líftíma binditímabils *i*,

f) seinni samtalan nær yfir allar vátryggingagreinar sem settar eru fram í I. viðauka þessarar reglugerðar,

g) BE_{lob} táknar besta mat fyrir vátryggingagreinar *lob*,

h) dur_{lob} táknar leiðréttan líftíma besta mats í vátryggingagreinum *lob*,

i) $rate_{lob}$ táknar viðeigandi áhættulausa vexti fyrir leiðréttan líftíma í vátryggingagreinum *lob*,

j) $stress_{(lob,\ down)}$ táknar hlutfallslega lækkunarálagið á vexti fyrir leiðréttan líftíma dur_{lob}.

4. Binditímabilin *i* og einfaldaði líftíminn dur_i sem um getur í a- og c-lið 2. mgr. og í a- og c-lið 3. mgr. skulu vera eftirfarandi:

a)fyrir binditíma allt að einu ári skal einfaldaði líftíminn vera 0.5 ár,

b)fyrir binditíma milli 1 og 3 ár skal einfaldaði líftíminn vera 2 ár,

c) fyrir binditíma milli 3 og 5 ár skal einfaldaði líftíminn vera 4 ár,

d) fyrir binditíma milli 5 og 10 ár skal einfaldaði líftíminn vera 7 ár,

e) fyrir binditímann frá 10 árum og áfram skal einfaldaði líftíminn vera 12 ár.

104. gr.

Einfaldaður útreikningur fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán

1. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu sem um getur í 176. gr. þessarar reglugerðar á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{bonds} = MV^{bonds} \cdot \left(\sum_i \%MV_i^{bonds} \cdot stress_i + \%MV_{norating}^{bonds} \cdot \min\left[dur_{norating} \cdot 0{,}03; 1\right]\right) + \Delta Liab_{ul}$$

þar sem:

a) SCR_{bonds} táknar gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán,

b) MV^{bonds} táknar virðið í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB á eignunum sem falla undir gjaldþolskröfur fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán,

c) $\%MV_i^{bonds}$ táknar hluta eignasafnsins sem fellur undir gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán með útlánagæðaþrep *i*, þar sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir þessar eignir,

d) $\%MV_{norating}^{bonds}$ táknar hluta eignasafnsins sem fellur undir gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir,

e) dur_i og $dur_{norating}$ táknar leiðréttan líftíma, gefinn upp í árum, á eignum sem falla undir gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán þegar ekki er tiltækt lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis,

f) $stress_i$ táknar eiginleika útlánagæðaþreps *i* og leiðrétta líftímans, gefnum upp í árum, á eignunum sem falla undir gjaldþolskröfuna fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán með útlánagæðaþrep *i*, sem sett er fram í 2. mgr.,

g) $\Delta Liab_{ul}$ táknar hækkun vátryggingaskuldarinnar að frádregnu áhættuálaginu fyrir samninga þar sem vátryggingatakar bera fjárfestingaráhættuna með innbyggðum valréttarsamningum og tryggingum, sem myndu leiða af skyndilegri lækkun á virði eignanna sem falla undir gjaldþolskröfuna fyrir vikáhættu á skuldabréf af: $MV^{bonds} \cdot \left(\sum \%MV_i^{bonds} \cdot stress_i + \%MV_{norating}^{bonds} \cdot \min\left[dur_{norating} \cdot 0{,}03; 1\right]\right)$.

2. $stress_i$ sem um getur í f-lið 1. mgr. skal, fyrir hvert útlánagæðaþrep *i*, vera jafnt og: ($dur_i b_i$), þar sem dur_i er leiðréttur líftími gefinn upp í árum á eignum sem falla undir gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán með útlánagæðaþrep *i*, og b_i er ákvarðað í samræmi við eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep *i*	0	1	2	3	4	5	6
b_i	0,9%	1,1%	1,4%	2,5%	4,5%	7,5%	7,5%

3. $dur_{norating}$ sem um getur í e-lið 1. mgr. og dur_i sem um getur í 2. mgr. skal ekki vera lægra en 1 ár.

105. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán fyrir bundin vátrygginga- og endurtryggingafélög

Ef farið er að ákvæðum 88. og 89. gr. geta bundin vátrygginga- eða endurtryggingafélög byggt útreikninginn á gjaldþolskröfunni fyrir vikáhættu í 176. gr. á forsendunni að öllum eignum sé úthlutað á útlánagæðaþrep 3.

106. gr.

Einfaldaður útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir samþjöppun markaðsáhættu fyrir bundin vátrygginga- eða endurtryggingafélög

Ef farið er að ákvæðum 88. og 89. gr. geta bundin vátrygginga- eða endurtryggingafélög notað allar eftirfarandi forsendur fyrir útreikning á gjaldþolskröfu fyrir samþjöppunaráhættu:

1) samnýtingarfyrirkomulag innan samstæðu bundinna vátrygginga- eða endurtryggingafélaga getur verið undanskilið frá reikningsgrunninum, sem um getur í 2. mgr. 184. gr., að því marki að til séu lagalega fullnustuhæfir samningsskilmálar sem tryggja að jafnað verði á móti skuldum bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins með áhættuskuldbindingunum innan samstæðu sem það á gagnvart öðrum einingum samstæðunnar,

2) hlutfallslegu viðmiðunarmörkin fyrir umframáhættuskuldbindinguna sem um getur í c-lið 1. mgr. 184. gr. skulu vera jöfn 15% fyrir eftirfarandi áhættuskuldbindingar eins aðila:

   a) áhættuskuldbindingum gagnvart lánastofnunum sem tilheyra ekki sömu samstæðu og sem hefur verið úthlutað á útlánagæðaþrep 2,

   b) áhættuskuldbindingum vegna eininga samstæðunnar sem stýra reiðufé bundna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem hefur verið úthlutað á útlánagæðaþrep 2.

107. gr.

Einfaldaður útreikningur á áhrifum áhættuvarna fyrir endurtryggingarfyrirkomulag eða verðbréfun

1. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út áhrif áhættuvarna á tryggingaráhættu af endurtryggingarfyrirkomulagi eða verðbréfun sem um getur í 196. gr. á eftirfarandi hátt:

$$RM_{re,all} \cdot \frac{Recoverables_i}{Recoverables_{all}}$$

þar sem

a) $RM_{re,all}$ táknar áhrif áhættuvarna á tryggingaráhættu af endurtryggingarfyrirkomulagi og verðbréfunum fyrir alla mótaðila, reiknuð út í samræmi við 2. mgr.,

b) $Recoverables_i$ táknar besta mat á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingarfyrirkomulagi eða verðbréfunum og tilsvarandi skuldurum fyrir mótaðila *i* og $Recoverables_{all}$ táknar besta mat á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingarfyrirkomulagi og verðbréfunum og tilsvarandi skuldurum fyrir alla mótaðila.

2. Áhættuvarnaráhrif á tryggingaráhættu af endurtryggingarfyrirkomulagi og verðbréfunum fyrir alla mótaðila sem um getur 1. mgr. eru mismunurinn á eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir tryggingaráhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins ef ekkert endurtryggingarfyrirkomulag og engar verðbréfanir eru til staðar,

b) gjaldþolskröfunum fyrir tryggingaráhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

108. gr.

Einfaldaður útreikningur á áhrifum áhættuvarna fyrir hlutfallslegt endurtryggingarfyrirkomulag

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út áhrif áhættuvarnar á tryggingaráhættu *j* af hlutfallslegu endurtryggingarfyrirkomulagi fyrir mótaðila *i* sem um getur í 196. gr. á eftirfarandi hátt:

$$\frac{Recoverables_i}{BE - Recoverables_{all}} \cdot SCR_j$$

þar sem

a) *BE* táknar besta mat á skuldbindingum án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna,

b) $Recoverables_i$ táknar besta mat á endurheimtanlegum fjárhæðum frá hlutfallslega endurtryggingarfyrirkomulaginu og tilsvarandi skuldurum fyrir mótaðila *i*,

c) $Recoverables_{all}$ táknar besta mat á endurheimtanlegum fjárhæðum frá hlutfallslega endurtryggingarfyrirkomulaginu og tilsvarandi skuldurum fyrir alla mótaðila,

d) SCR_j táknar gjaldþolskröfurnar fyrir tryggingaráhættu *j* vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

109. gr.

Einfaldaðir útreikningar fyrir samnýtingarfyrirkomulag

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög notað eftirfarandi einfaldaða útreikninga að því er varðar 193., 194. og 195. gr.:

a) besta mat sem um getur í d-lið 1. mgr. 194. gr., má reikna út sem hér segir:

$$BE_C = \frac{P_C}{P_U} \cdot BE_U$$

þar sem BE_U táknar besta mat á skuldum sem félagið í samnýtingarfyrirkomulaginu afsalar sér til samnýtingarfyrirkomulagsins, að frádregnum öllum fjárhæðum sem endurtryggðar eru hjá mótaðilum utan samnýtingarfyrirkomulagsins.

b) besta mat sem um getur í c-lið 195. gr., má reikna út sem hér segir:

$$BE_{CE} = \frac{1}{P_U} \cdot BE_{CEP}$$

þar sem BE_{CEP} táknar besta mat á skuldum sem samnýtingarfyrirkomulagið afsalar sér til utanaðkomandi mótaðila í tengslum við áhættu sem félagið hefur afsalað sér til samnýtingarfyrirkomulagsins.

c) áhrif áhættuvarna sem um getur í d-lið 195. gr., má reikna út sem hér segir:

$$\Delta RM_{CE} = \frac{BE_{CE}}{\sum_{CE} BE_{CE}} \cdot \Delta RM_{CEP}$$

þar sem:

i. BE_{CE} táknar besta mat á skuldum sem samnýtingarfyrirkomulagið afsalar sér til utanaðkomandi mótaðila sem heild,

ii. ΔRM_{CEP} táknar framlag allra utanaðkomandi mótaðila til áhrifa áhættuvarna samnýtingarfyrirkomulagsins á tryggingaráhættu félagsins.

d) flokka má mótaðilana, sem eru aðilar að samnýtingarfyrirkomulaginu, og mótaðilana, sem eru utan samnýtingarfyrirkomulagsins, samkvæmt lánshæfismati tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis, að því tilskildu að aðskildar flokkanir séu fyrir samnýtingaráhættuskuldbindingar af gerð A, B og C.

110. gr.

Einfaldaður útreikningur — flokkun áhættuskuldbindinga eins aðila

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út tap að gefnum vanefndum, sem sett eru fram í 192. gr., fyrir flokk áhættuskuldbindinga eins aðila. Í því tilviki skal flokki áhættuskuldbindinga eins aðila vera úthlutað hæstum líkum á vanefndum sem úthlutað er á áhættuskuldbindingar eins aðila sem teknar eru með í flokknum í samræmi við 199. gr.

111. gr.

Einfaldaður útreikningur á áhrifum áhættuvarna

Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út áhrif áhættuvarna á tryggingar- og markaðsáhættu af endurtryggingarfyrirkomulagi, verðbréfun eða afleiðu sem um getur í 196. gr., sem mismuninn á eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) samtölunni á áætlaðri gjaldþolskröfu fyrir undireiningar í tryggingar- og markaðsáhættueiningum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem verða fyrir áhrifum af áhættuvörnunum, líkt og ef endurtryggingarfyrirkomulagið, verðbréfunin eða afleiðan séu ekki til staðar,

b) samtölunni á gjaldþolskröfum fyrir undireiningarnar í tryggingar- og markaðsáhættueiningum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem verða fyrir áhrifum af áhættuvörnunum.

112. gr.

Einfaldaður útreikningur á virði veðs, að teknu tilliti til áhættu, til að taka til greina fjárhagsleg áhrif af veðinu

1. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. þessarar reglugerðar og ef krafa mótaðila og krafa þriðja aðila sem um getur í 1. mgr. 197. gr. eru báðar uppfylltar, geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög, að því er varðar 197. gr., reiknað út virðið, að teknu tilliti til áhættu, á veðinu sem lagt er fram í formi tryggingar eins og um getur b-lið 26. mgr. 1. gr., sem 85% af virðinu á eignunum sem haldið er sem veði, verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Ef farið er að ákvæðum 88. og 214. gr. þessarar reglugerðar og ef krafa mótaðila sem um getur í 1. mgr. 197. gr. er uppfyllt og krafa þriðja aðila sem um getur í 1. mgr. 197. gr. er ekki uppfyllt geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög, að því er varðar 197. gr., reiknað út virðið, að teknu tilliti til áhættu, á veðinu sem lagt er fram í formi tryggingar eins og um getur b-lið 26. mgr. 1. gr., sem 75% af virðinu á eignunum sem haldið er sem veði, verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

7. undirþáttur

Notkunarsvið eininga tryggingaráhættu

113. gr.

Við útreikning á gjaldþolskröfum fyrir skaða-, líf- og heilsutryggingaráhættu skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög beita:

a) einingu skaðatryggingaráhættu á skaðatrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar,

b) einingu líftryggingaráhættu á líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratrygginga- og –endurtryggingaskuldbindingar,

c) einingu heilsutryggingaráhættu á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.

2. ÞÁTTUR

Áhættueining skaðatrygginga

114. gr.

Áhættueining skaðatrygginga

1. Áhættueining skaðatrygginga skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) Undireiningu iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga sem um getur í a-lið þriðju undirgreinar 2. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) undireiningu hamfaraáhættu skaðatrygginga sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 2. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) undireiningu fyrningaráhættu skaðatrygginga.

2. Gjaldþolskrafan fyrir skaðatryggingaráhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{non\text{-}life} = \sqrt{\sum_{i,j} CorrNL_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j}$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*i*,*j*) af undireiningunum sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) $CorrNL_{(i,j)}$ táknar fylgnistika fyrir skaðatryggingaráhættu fyrir undireiningar *i* og *j*,

c) SCR_i og SCR_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir áhættuundireiningu *i* og *j*, eftir því sem við á.

3. Fylgnistikinn $CorrNL_{(i,j)}$ sem um getur í 2. mgr. táknar liðinn sem settur er fram í línu *i* og í dálki *j* í eftirfarandi fylgnifylki:

i \ *j*	Skaðatrygging, iðgjöld og varasjóður	Skaðatrygging, hamfarir	Skaðatrygging, brottfall
Skaðatrygging, iðgjöld og varasjóður	1	0,25	0
Skaðatrygging, hamfarir	0,25	1	0
Skaðatrygging, brottfall	0	0	1

115. gr.

Undireining iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga

Gjaldþolskrafan fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{nl\ prem\ res} = 3 \cdot \sigma_{nl} \cdot V_{nl}$$

þar sem:

a) σ_{nl} táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga sem ákvarðað er í samræmi við 117. gr.,

b) V_{nl} táknar magnmælingu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga sem ákvarðað er í samræmi við 116. gr.

116. gr.

Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga

1. Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga skal vera jöfn samtölu magnmælinganna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu hlutanna sem settir eru fram í II. viðauka.

2. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal magnmæling ákveðins hluta *s* vera jöfn eftirfarandi:

$$V_s = (V_{(prem,s)} + V_{(res,s)}) \cdot (0{,}75 + 0{,}25 \cdot DIV_s)$$

þar sem:

a) $V_{(prem,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu á hluta *s*,

b) $V_{(res,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu á hluta *s*,

c) DIV_s táknar stuðulinn fyrir landfræðilega fjölþættingu hluta *s*,

3. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal magnmæling fyrir iðgjaldaáhættu ákveðins hluta *s* vera jöfn eftirfarandi:

$$V_{(prem,s} = (\max[P_s;P_{(last,s)}] + FP_{(existing,s)} + FP_{(future,s)}$$

þar sem:

a) P_s táknar áætlun um iðgjöldin sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* næstu 12 mánuði,

b) $P_{(last,s)}$ táknar iðgjöldin sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið aflaði í hlutanum *s* síðustu 12 mánuði,

c) $FP_{(existing,s)}$ táknar vænt núvirði á iðgjöldum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* eftir næstu 12 mánuði af núverandi samningum,

d) $FP_{(future,s)}$ táknar vænt núvirði á iðgjöldum sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* fyrir samninga þar sem upphafsfærsludagsetningin fellur innan næstu 12 mánaða, en að undanskildum iðgjöldunum sem aflað verður 12 mánuðina eftir upphafsfærsludagsetninguna.

4. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka geta vátrygginga- og endurtryggingafélög, sem valkost við útreikninginn sem settur er fram í 3. mgr. þessarar greinar, valið að reikna út magnmælingu fyrir iðgjaldaáhættu ákveðins hluta *s* í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$V_{(prem,s)} = P_s + FP_{(existing,s)} + FP_{(future,s)}$$

að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins hefur ákveðið að iðgjaldatekjur þess í hlutanum *s* næstu 12 mánuði fari ekki yfir P_s,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur komið á skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að takmarkanirnar á iðgjaldatekjur sem um getur í a-lið verði uppfylltar,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur upplýst eftirlitsyfirvald sitt um ákvörðunina sem um getur í a-lið og ástæðuna fyrir henni.

Að því er varðar þennan útreikning skulu hugtökin P_s, $FP_{(existing,s)}$ og $FP_{(future,s)}$ táknuð í samræmi við a-, c- og d-lið 3. mgr.

5. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 3. og 4. mgr. skulu iðgjöldin gefin upp nettó, eftir að iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá. Eftirfarandi iðgjöld fyrir endurtryggingasamninga skulu ekki dregin frá:

a) iðgjöld í tengslum við atburði aðra en tryggingaatburði eða uppgerðar vátryggingarkröfur, sem ekki er gerð grein fyrir í sjóðstreyminu sem um getur í 3. mgr. 41. gr.,

b) iðgjöld vegna endurtryggingasamninga sem fara ekki að ákvæðum 209., 210., 211. og 213. gr.

6. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal magnmæling fyrir sjóðsáhættu ákveðins hluta vera jöfn besta mati á varúðarniðurfærslunum á útistandandi kröfum fyrir hlutann, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, að því tilskildu að endurtryggingasamningarnir eða félögin með sérstakan tilgang fari að ákvæðunum í 209., 210., 211. og 213. gr. Magnmælingin skal ekki vera neikvæð fjárhæð.

7. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal viðmiðunarstuðull fyrir landfræðilega fjölþættingu ákveðins hluta annaðhvort vera 1 eða reiknaður út í samræmi við III. viðauka.

117. gr.

Staðalfrávik fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga

1. Staðalfrávikið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_{nl} = \frac{1}{V_{nl}} \cdot \sqrt{\sum_{s,t} CorrS_{(s,t)} \cdot \sigma_s \cdot V_s \cdot \sigma_t \cdot V_t}$$

þar sem:

a) V_{nl} táknar magnmælinguna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga,

b) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*s*,*t*) af hlutunum sem settir eru fram í II. viðauka,

c) $CorrS_{(s,t)}$ táknar fylgnistikann fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga fyrir hluta *s* og hluta *t* sem settir eru fram í IV. viðauka,

d) σ_s og σ_t tákna staðalfrávikin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga á hlutum *s* og *t*, eftir því sem við á,

e) V_s og V_t tákna magnmælingar fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu á hlutum *s* og *t*, sem um getur í 116. gr., eftir því sem við á.

2. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal staðalfrávikið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga ákveðins hluta *s* vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_s = \frac{\sqrt{\sigma^2_{(prem,s)} \cdot V^2_{(prem,s)} + \sigma_{(prem,s)} \cdot V_{(prem,s)} \cdot \sigma_{(res,s)} \cdot V_{(res,s)} + \sigma^2_{(res,s)} \cdot V^2_{(res,s)}}}{V_{(prem,s)} + V_{(res,s)}}$$

þar sem:

a) $\sigma_{(prem,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjaldaáhættu skaðatrygginga á hluta *s* sem ákvarðað er í samræmi við 3. gr.,

b) $\sigma_{(res,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir sjóðsáhættu skaðatrygginga á hluta *s* eins og sett er fram í II. viðauka,

c) $V_{(prem,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu á hluta *s* sem um getur í 116. gr.,

d) $V_{(res,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu á hluta *s* sem um getur í 116. gr.,

3. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. viðauka skal staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu skaðatrygginga á ákveðinn hluta vera jafnt niðurstöðunni á staðalfrávikinu fyrir verga iðgjaldaáhættu skaðatrygginga á hlutanum sem settur er fram í II. viðauka og leiðréttingarstuðlinum fyrir óhlutfallslega endurtryggingu. Fyrir hluta 1, 4 og 5 sem settir eru fram í II. viðauka skal leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu vera jafn 80%. Fyrir alla aðra hluta sem settir eru fram í viðauka skal leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu vera jafn 100%.

118. gr.

Undireining fyrningaráhættu skaðatrygginga

1. Gjaldþolskrafan fyrir undireiningu fyrningarhættu skaðatrygginga sem um getur í c-lið 1. mgr. 114. gr. skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem leiðir af samblandi af eftirfarandi skyndilegum viðburðum:

a) slitum á 40% vátryggingarsamninganna þar sem slit leiða til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins,

b) ef endurtryggingasamningar ná yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, 40% fækkun þessara framtíðarvátrygginga- eða -endurtryggingasamninga sem notaðir eru í útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Viðburðunum sem um getur í 1. mgr. skal beitt á samstilltan hátt á alla vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem um er að ræða. Í tengslum við endurtryggingasamninga skal viðburðinum sem um getur í a-lið beitt á hina undirliggjandi vátryggingarsamninga.

3. Að því er varðar að ákvarða tapið í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem leiðir af viðburðinum sem um getur í a-lið 1. mgr., skal félagið byggja útreikninginn á þeirri gerð slitanna sem hefur mest neikvæð áhrif á kjarnagjaldþol félagsins á grunni hvers samnings.

119. gr.

Undireining hamfaraáhættu skaðatrygginga

1. Undireining hamfaraáhættu skaðatrygginga skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu náttúruhamfaraáhættu skaðatrygginga,

b) undireiningu hamfaraáhættu af óhlutfallslegri eignaendurtryggingu,

c) undireiningu manngerðrar hamfaraáhættu,

d) undireiningu annarrar hamfaraáhættu skaðatrygginga.

2. Gjaldþolskrafan fyrir hamfaratryggingaráhættueiningu skaðatrygginga skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{nlCAT} = \sqrt{(SCR_{natCAT} + SCR_{npproperty})^2 + SCR^2_{mmCAT} + SCR^2_{CATother}}$$

þar sem:

a) SCR_{natCAT} táknar gjaldþolskröfuna fyrir náttúruhamfaraáhættu,

b) $SCR_{npproperty}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir hamfaraáhættuna af óhlutfallslegri eignaendurtryggingu,

c) SCR_{mmCAT} táknar gjaldþolskröfuna fyrir manngerða hamfaraáhættu,

d) $SCR_{CATother}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir aðra hamfaraáhættu í skaðatryggingum.

120. gr.

Undireining náttúruhamfaraáhættu

1. Undireining náttúruhamfaraáhættu skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu stormáhættu,

b) undireiningu jarðskjálftaáhættu,

c) undireiningu flóðaáhættu,

d) undireiningu haglélsáhættu,

e) undireiningu landsigsáhættu.

2. Gjaldþolskrafan fyrir náttúruhamfaraáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{natCAT} = \sqrt{\sum_i SCR_i^2}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af undireiningunum *i* sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) SCR_i táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireiningu *i*.

121. gr.

Undireining stormáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir stormáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{windstorm} = \sqrt{\left(\sum_{(r,s)} CorrWS_{(r,s)} \cdot SCR_{(windstorm,r)} \cdot SCR_{(windstorm,s)}\right) + SCR^2_{(windstorm,other)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar (*r*,*s*) af landsvæðunum sem tilgreind eru í V. viðauka,

b) $CorrWS_{(r,s)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir stormáhættu fyrir landsvæði *r* og landsvæði *s* eins og sett eru fram í V. viðauka,

c) $SCR_{(windstorm,r)}$ og $SCR_{(windstorm,s)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir stormáhættu á landsvæðum *r* og *s*, eftir því sem við á,

d) $SCR_{(windstorm,other)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir stormáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

2. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir stormáhættu á ákveðnu landsvæði *r* vera sú hærri af eftirfarandi tveim gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir stormáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A eins og sett er fram í 3. mgr.

b) gjaldþolskröfunni fyrir stormáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd B eins og sett er fram í 4. mgr.

3. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir stormáhættu á ákveðnu landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 80% af tilgreinda stormtjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 40% af tilgreinda stormtjóninu á landsvæði *r*.

4. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir stormáhættu á ákveðnu landsvæði r samkvæmt sviðsmynd B vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 100% af tilgreinda stormtjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 20% af tilgreinda stormtjóninu á landsvæði *r*.

5. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka skal tilgreinda stormtjónið á ákveðnu landsvæði *r* vera jafnt eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{(windstorm,r)} = Q_{(windstorm,r)} \cdot \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(windstorm,r,i,j)} \cdot WSI_{(windstorm,r,i)} \cdot WSI_{(windstorm,r,j)}}$$

þar sem:

a) $Q_{(windstorm,r)}$ táknar stormáhættustuðulinn fyrir landsvæði *r* eins og sett er fram í V. viðauka,

b) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af áhættusvæðum (*i*,*j*) á landsvæði *r* sem tilgreint er í IX. viðauka,

c) $Corr_{(windstorm,r,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir stormáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreind eru í XXII. viðauka,

d) $WSI_{(windstorm,r,i)}$ og $WSI_{(windstorm,r,j)}$ táknar vegnu tryggingafjárhæðirnar fyrir stormáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreind eru í IX. viðauka.

6. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka og öll áhættusvæði þessara landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal vegna tryggingarfjárhæðin fyrir stormáhættu á ákveðnu stormsvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jafnt eftirfarandi:

$$WSI_{(windstorm,r,i)} + W_{(windstorm,r,i)} \cdot SI_{(windstorm,r,i)}$$

þar sem:

a) $W_{(windstorm,r,i)}$ táknar áhættuvægið fyrir stormáhættu á áhættusvæði *i* á landsvæði *r* sem tilgreind eru í X. viðauka,

b) $SI_{(windstorm,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæðina fyrir stormáhættu á stormsvæði *i* á landsvæði *r*.

7. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í V. viðauka og öll áhættusvæði þeirra landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal tryggingarfjárhæðin fyrir stormáhættu á ákveðnu stormsvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jöfn eftirfarandi:

$$SI_{(windstorm,r,i)} = SI_{(property,r,i)} \cdot SI_{(onshore\text{-}property,r,i)}$$

þar sem:

a) $SI_{(property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 7 og 19 sem settar eru fram í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir stormáhættu og þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*,

b) $SI_{(property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 6 og 18 sem settar eru fram í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum storms og þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*.

8. Gjaldþolskrafan fyrir stormáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi í tengslum við hvern vátrygginga- og endurtryggingarsamning sem nær yfir allar eftirfarandi vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar:

a) skuldbindingar vátryggingagreina 7 eða 19 sem tilgreindar eru í I. viðauka, sem ná yfir stormáhættu og þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

b) skuldbindingar vátryggingagreina 6 eða 18 sem tilgreindar eru í I. viðauka, í tengslum við tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum storms og þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem sett eru fram í XIII. viðauka.

9. Fjárhæðin sem skyndilega tapast, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem um getur í 8. mgr., skal vera jöfn eftirfarandi:

$$L_{(windstorm,other)} = 1{,}75 \cdot (0{,}5 \cdot DIV_{windstorm} + 0{,}5) \cdot P_{windstorm}$$

þar sem:

a) $DIV_{windstorm}$ er reiknað út í samræmi við III. viðauka, en byggt á iðgjöldunum í tengslum við skuldbindingarnar sem um getur í 8. mgr. og takmarkast við landsvæði 5 til 18 sem tilgreind eru í 8. lið III. viðauka,

b) $P_{windstorm}$ er áætlun um iðgjöldin sem vátrygginga- og endurtryggingafélög munu afla vegna hvers samnings sem nær yfir skuldbindingarnar sem um getur í 8. mgr., næstu 12 mánuði: Í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

122. gr.

Undireining jarðskjálftaáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir jarðskjálftaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{earthquake} = \sqrt{\left(\sum_{(r,s)} CorrEQ_{(r,s)} \cdot SCR_{(earthquake,r)} \cdot SCR_{(earthquake,s)}\right) + SCR^2_{(earthquake,other)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar (r,s) af landsvæðunum sem tilgreind eru í VI. viðauka,

b) $CorrEQ_{(r,s)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir jarðskjálftaáhættu fyrir landsvæði r og landsvæði s eins og sett er fram í VI. viðauka,

c) $SCR_{(earthquake,r)}$ og $SCR_{(earthquake,s)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir jarðskjálftaáhættu á landsvæðum r og s, eftir því sem við á,

d) $SCR_{(earthquake,other)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir jarðskjálftaáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

2. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir jarðskjálftaáhættu á ákveðnu landsvæði r vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{(earthquake,r)} = Q_{(earthquake,r)} \cdot \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(earthquake,r,i,j)} \cdot WSI_{(earthquake,r,i)} \cdot WSI_{(earthquake,r,j)}}$$

þar sem:

a) $Q_{(earthquake,r)}$ táknar stuðul fyrir jarðskjálftaáhættu fyrir landsvæði r eins og sett er fram í VI. viðauka,

b) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af áhættusvæðum (i,j) á landsvæði r sem tilgreind eru í IX. viðauka,

c) $Corr_{(earthquake,r,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir jarðskjálftaáhættu á áhættusvæðum i og j á landsvæði r sem tilgreind eru í XXIII. viðauka,

d) $WSI_{(earthquake,r,i)}$ og $WSI_{(earthquake,r,j)}$ táknar vegnu tryggingarfjárhæðirnar fyrir jarðskjálftaáhættu á áhættusvæðum i og j á landsvæði r sem tilgreind eru í IX. viðauka.

3. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VI. viðauka og öll áhættusvæði þessara landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal vegna tryggingarfjárhæðin fyrir jarðskjálftaáhættu á ákveðnu jarðskjálftasvæði i á ákveðnu landsvæði r vera jöfn eftirfarandi:

$$WSI_{(earthquake,r,i)} = W_{(earthquake,r,i)} \cdot SI_{(earthquake,r,i)}$$

þar sem:

a) $W_{(earthquake,r,i)}$ táknar áhættuvægið fyrir jarðskjálftaáhættu á áhættusvæði i á landsvæði r sem tilgreint er í X. viðauka,

b) $SI_{(earthquake,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæðina fyrir jarðskjálftaáhættu á jarðskjálftasvæði i á landsvæði r.

4. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VI. viðauka og öll áhættusvæði þessara landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal tryggingarfjárhæðin fyrir jarðskjálftaáhættu á ákveðnu jarðskjálftasvæði i á ákveðnu landsvæði r vera jöfn eftirfarandi:

$$SI_{(earthquake,r,i)} = SI_{(property,r,i)} + SI_{(onshore\text{-}property,r,i)}$$

þar sem:

a) $SI_{(property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 7 og 19 sem settar eru fram í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir jarðskjálftaáhættu og þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði i á landsvæði r,

b) $SI_{(onshore\text{-}property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 6 og 18 sem settar eru fram í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum, sem standa á landi, af völdum jarðskjálfta og þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði i á landsvæði r.

5. Gjaldþolskrafan fyrir jarðskjálftaáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi í tengslum við hvern vátrygginga- og endurtryggingarsamning sem nær yfir aðra eða báðar eftirfarandi vátrygginga- eða endurtrygginga-skuldbindingar:

a) skuldbindingar vátryggingagreina 7 eða 19 sem tilgreindar eru í I. viðauka sem ná yfir jarðskjálftaáhættu, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

b) skuldbindingar vátryggingagreina 6 eða 18 sem tilgreindar eru í I. viðauka í tengslum við tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum jarðskjálfta, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

6. Fjárhæðin sem skyndilega tapast, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem um getur í 5. mgr., skal vera jöfn eftirfarandi:

$$L_{(earthquake,other)} = 1{,}2 \cdot (0{,}5 \cdot DIV_{earthquake} + 0{,}5) \cdot P_{earthquake}$$

þar sem:

a) $DIV_{earthquake}$ er reiknað út í samræmi við III. viðauka, en byggt á iðgjöldunum í tengslum við skuldbindingarnar sem um getur í a- og b-liðum 5. mgr. og takmarkast við landsvæði 5 til 18 tilgreind eru í III. viðauka,

b) $P_{earthquake}$ er mat á iðgjöldum sem vátrygginga- og endurtryggingafélög munu afla vegna hvers samnings sem nær yfir skuldbindingarnar sem um getur í a- og b-liðum 5. mgr., næstu 12 mánuði: í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

123. gr.

Undireining flóðaáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir flóðaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{flood} = \sqrt{(\sum_{(r,s)} CorrFL_{(r,s)} \cdot SCR_{(flood,r)} \cdot SCR_{(flood,s)}) + SCR^2_{(flood,other)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar (*r*,*s*) af landsvæðunum sem tilgreind eru í VII. viðauka,

b) $CorrFL_{(r,s)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir flóðaáhættu fyrir landsvæði *r* og landsvæði *s* sem tilgreind eru í VII. viðauka,

c) $SCR_{(flood,r)}$ og $SCR_{(flood,s)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir flóðaáhættu á landsvæðum *r* og *s*, eftir því sem við á,

d) $SCR_{(flood,other)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir flóðaáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

2. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir flóðaáhættu á ákveðnu landsvæði *r* vera sú hærri af eftirfarandi tveim gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir flóðaáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A eins og sett er fram í 3. mgr.

b) gjaldþolskröfunni fyrir flóðaáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd B eins og sett er fram í 4. mgr.

3. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir flóðaáhættu á ákveðnu landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 65% af tilgreinda flóðatjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 45% af tilgreinda flóðatjóninu á landsvæði *r*.

4. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir flóðaáhættu á ákveðnu landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd B vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 100% af tilgreinda flóðatjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 10% af tilgreinda flóðatjóninu á landsvæði *r*.

5. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka skal tilgreinda flóðatjónið á ákveðnu landsvæði *r* vera jafnt eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{(flood,r)} = Q_{(flood,r)} \cdot \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(flood,r,i,j)} \cdot WSI_{(flood,r,i)} \cdot WSI_{(flood,r,j)}}$$

þar sem:

a) $Q_{(flood,r)}$ táknar flóðaáhættustuðulinn fyrir landsvæði *r* eins og tilgreint er í VII. viðauka,

b) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af áhættusvæðum (*i*,*j*) á landsvæði *r* sem tilgreind eru í IX. viðauka,

c) $Corr_{(flood,r,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir flóðaáhættu á flóðasvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreind eru í XXIV. viðauka,

d) $WSI_{(flood,r,i)}$ og $WSI_{(flood,r,j)}$ táknar vegnu tryggingarfjárhæðirnar fyrir flóðaáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreind eru í IX. viðauka,

6. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka og öll áhættusvæði þessara landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal vegna tryggingarfjárhæðin fyrir flóðaáhættu á ákveðnu flóðasvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jöfn eftirfarandi:

$$WSI_{(flood,r,i)} = W_{(flood,r,i)} + SI_{(flood,r,i)}$$

þar sem:

a) $W_{(flood,r,i)}$ táknar áhættuvægið fyrir flóðaáhættu á áhættusvæði *i* á landsvæði *r* sem tilgreint er í X. viðauka,

b) $SI_{(flood,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæðina fyrir flóðaáhættu á flóðasvæði *i* á landsvæði *r*.

7. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VII. viðauka og öll áhættusvæði þeirra landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal tryggingarfjárhæðin fyrir ákveðið flóðasvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jöfn eftirfarandi:

$$SI_{(flood,r,i)} = SI_{(property,r,i)} + SI_{(onshore\text{-}property,r,i)} \cdot 1{,}5 \cdot SI_{(motor,r,t)}$$

þar sem:

a) $SI_{(property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 7 og 19 sem tilgreindar eru í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir flóðaáhættu, þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*,

b) $SI_{(onshore\text{-}property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 6 og 18 sem tilgreindar eru í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum flóðs og þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*,

c) $SI_{(motor,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 5 og 17 sem tilgreindar eru í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir flóðaáhættu, þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*.

8. Gjaldþolskrafan fyrir flóðaáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi í tengslum við hvern vátrygginga- og endurtryggingarsamning sem nær yfir allar eftirfarandi vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar:

a) skuldbindingar vátryggingagreina 7 eða 19 eins og tilgreint er í I. viðauka sem ná yfir flóðaáhættu, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

b) skuldbindingar vátryggingagreina 6 eða 18 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum flóðs, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

c) skuldbindingar vátryggingagreina 5 eða 17 eins og tilgreint er í I. viðauka sem ná yfir flóðaáhættu, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

9. Fjárhæðin sem skyndilega tapast, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem um getur í 8. mgr. skal vera jöfn eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{(flood,other)} = 1{,}1 \cdot (0{,}5 \cdot DIV_{flood} + 0{,}5) \cdot P_{flood}$$

þar sem:

a) DIV_{flood} er reiknað út í samræmi við III. viðauka, en byggt á iðgjöldunum í tengslum við skuldbindingarnar sem um getur í a-, b- og c-liðum 8. mgr. og takmarkast við landsvæði 5 til 18 sem tilgreind eru í 8. lið III. viðauka,

b) P_{flood} er mat á iðgjöldum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla vegna hvers samnings sem nær yfir skuldbindingarnar sem um getur í a-, b- og c-liðum 8. mgr., næstu 12 mánuði: Í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

124. gr.

Undireining haglélsáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir haglélsáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{hail} = \sqrt{(\sum_{(r,s)} CorrHL_{(r,s)} \cdot SCR_{(hail,r)} \cdot SCR_{(hail,s)}) + SCR^2_{(hail,other)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar (*r*,*s*) af landsvæðunum sem tilgreind eru í VIII. viðauka,

b) $CorrHL_{(r,s)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir haglélsáhættu fyrir landsvæði *r* og landsvæði *s* eins og tilgreint er í VIII. viðauka,

c) $SCR_{(hail,r)}$ og $SCR_{(hail,s)}$ tákna gjaldþolskröfuna fyrir haglélsáhættu á landsvæðum *r* og *s*, eftir því sem við á,

d) $SCR_{(hail,other)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir haglélsáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

2. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir haglélsáhættu á ákveðnu landsvæði *r* vera sú hærri af eftirfarandi tveim gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir haglélsáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A,

b) gjaldþolskröfunni fyrir haglélsáhættu á landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd B.

3. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir haglélsáhættu á ákveðnu landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd A vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem mundi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 70% af tilgreinda haglélstjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 50% af tilgreinda haglélstjóninu á landsvæði *r*.

4. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka skal gjaldþolskrafan fyrir haglélsáhættu á ákveðnu landsvæði *r* samkvæmt sviðsmynd B vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi atburðarás:

a) skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 100% af tilgreinda haglélstjóninu á landsvæði *r*,

b) tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 20% af tilgreinda haglélstjóninu á landsvæði *r*.

5. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka skal tilgreinda haglélstjónið á ákveðnu landsvæði *r* vera jafnt eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{(hail,r)} = Q_{(hail,r)} \cdot \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(hail,r,i,j)} \cdot WSI_{(hail,r,i)} \cdot WSI_{(hail,r,j)}}$$

þar sem:

a) $Q_{(hail,r)}$ táknar áhættustuðulinn fyrir haglél fyrir landsvæði *r* eins og tilgreint er í VIII. viðauka,

b) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af áhættusvæðum (*i*,*j*) á landsvæði *r* sem tilgreint er í IX. viðauka,

c) $Corr_{(hail,r,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir haglélsáhættu á flóðasvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreint er í XXV. viðauka,

d) $WSI_{(hail,r,i)}$ og $WSI_{(hail,r,j)}$ táknar vegnu tryggingarfjárhæðirnar fyrir haglélsáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* á landsvæði *r* sem tilgreint er í IX. viðauka.

6. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka og öll áhættusvæði þessara landsvæða sem tilgreind eru í IX. viðauka skal vegna tryggingarfjárhæðin fyrir haglélsáhættu á ákveðnu haglélssvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jöfn eftirfarandi:

$$WSI_{(hail,r,i)} = W_{(hail,r,i)} \cdot SI_{(hail,r,i)}$$

þar sem:

a) $W_{(hail,r,i)}$ táknar áhættuvægið fyrir haglélsáhættu á áhættusvæði *i* á landsvæði *r* sem tilgreint er í X. viðauka,

b) $SI_{(hail,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæðina fyrir haglélsáhættu á haglélssvæði *i* á landsvæði *r*.

7. Fyrir öll landsvæði sem tilgreind eru í VIII. viðauka og öll haglélssvæði skal tryggingarfjárhæðin fyrir haglélsáhættu á ákveðnu haglélssvæði *i* á ákveðnu landsvæði *r* vera jöfn eftirfarandi:

$$SI_{(hail,r,i)} = SI_{(property,r,i)} + SI_{(onshore\text{-}property,r,i)} + 5 + SI_{(motor,r,t)}$$

þar sem:

a) $SI_{(property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 7 og 19 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir haglélsáhættu, þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*,

b) $SI_{(onshore\text{-}property,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 6 og 18 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum hagléls, þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*,

c) $SI_{(motor,r,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátrygginga- eða endurtrygginga-skuldbindingar fyrir vátryggingagreinar 5 og 17 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir haglélsáhættu, þegar áhættan er staðsett á áhættusvæði *i* á landsvæði *r*.

8. Gjaldþolskrafan fyrir haglélsáhættu á öðrum landsvæðum en þeim sem tilgreind eru í XIII. viðauka skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi í tengslum við hvern vátryggingar- og endurtryggingarsamning sem nær yfir eina eða fleiri eftirfarandi vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar:

a) skuldbindingar vátryggingagreina 7 eða 19 eins og tilgreint er í I. viðauka sem ná yfir haglélsáhættu, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

b) skuldbindingar vátryggingagreina 6 eða 18 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við tjón á fasteignum sem standa á landi af völdum hagléls, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka,

c) skuldbindingar vátryggingagreina 5 eða 17 eins og tilgreint er í I. viðauka sem ná yfir haglélsáhættu, þegar áhættan er ekki staðsett á einu af landsvæðunum sem tilgreind eru í XIII. viðauka.

9. Fjárhæðin sem tapast skyndilega, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem um getur í 8. mgr., skal vera jöfn eftirfarandi:

$$L_{(hail,other)} = 0{,}3 \cdot (0{,}5 \cdot DIV_{hail} + 0{,}5) \cdot P_{hail}$$

þar sem:

a) DIV_{hail} er reiknað út í samræmi við III. viðauka, en byggt á iðgjöldunum í tengslum við skuldbindingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 8. mgr. og takmarkast við landsvæði 5 til 18 sem tilgreind eru í III. viðauka,

b) P_{hail} er mat á iðgjöldum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla vegna hvers samnings sem nær yfir skuldbindingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 8. mgr., næstu 12 mánuði: Í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

125. gr.

Undireining landsigsáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir landsigsáhættu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi:

$$L_{subsidence} = 0{,}0005 \cdot \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(subsidence,i,j)} \cdot WSI_{(subsidence,i)} \cdot WSI_{(subsidence,j)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar af áhættusvæðum (*i*,*j*) í Frakklandi sem tilgreind eru í IX. viðauka,

b) $Corr_{(subsidence,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir landsigsáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* sem tilgreind eru í XXVI. viðauka,

c) $WSI_{(subsidence,i)}$ og $WSI_{(subsidence,j)}$ táknar vegnu tryggingarfjárhæðirnar fyrir landsigsáhættu á áhættusvæðum *i* og *j* í Frakklandi sem tilgreind eru í IX. viðauka.

2. Fyrir öll landsigssvæði skal vegna tryggingarfjárhæðin fyrir landsigsáhættu á ákveðnu áhættusvæði í Frakklandi sem tilgreint er í IX. viðauka vera jöfn eftirfarandi:

$$WSI_{(subsidence,i)} = W_{(subsidence,i)} \cdot SI_{(subsidence,i)}$$

þar sem:

a) $W_{(subsidence,i)}$ táknar áhættuvægið fyrir landsigsáhættu á áhættusvæði *i* sem tilgreint er í X. viðauka,

b) $SI_{(subsidence,i)}$ táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir vátryggingagreinar 7 og 19 eins og tilgreint er í I. viðauka í tengslum við samninga sem ná yfir landsigsáhættu vegna íbúðarhúsnæðis á landsigssvæði *i*.

126. gr.

Túlkun á hamfarasviðsmyndum

1. Að því er varðar 121. gr. (3. og 4. mgr.), 123. gr. (3. og 4. mgr.) og 124. gr. (3. og 4. mgr.) skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög byggja útreikning á gjaldþolskröfu á eftirfarandi forsendum, þ.e.:

a) þeir tveir viðburðir, hvor á fætur öðrum, sem um getur í þessum greinum eru óháðir hvor öðrum,

b) vátrygginga- og endurtryggingafélög stofna ekki til nýrra áhættuvarna vegna vátrygginga á milli viðburðanna tveggja.

2. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. 83. gr., ef núverandi endurtryggingasamningar leyfa endurheimtir, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til framtíðarstjórnunaraðgerða í tengslum við endurheimturnar milli fyrri og seinni viðburðarins. Forsendurnar fyrir framtíðarstjórnunaraðgerðum skulu vera raunhæfar, hlutlægar og sannprófanlegar.

127. gr.

Undireining hamfaraáhættu af óhlutfallslegri fasteignaendurtryggingu

1. Gjaldþolskrafan fyrir hamfaraáhættu af óhlutfallslegri fasteignaendurtryggingu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi í tengslum við sérhvern endurtryggingarsamning sem nær yfir endurtryggingaskuldbindingar vátryggingagreinar 28, eins og sett er fram í I. viðauka, aðrar en óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem tilheyra vátryggingagreinum 9 og 21 sem tilgreind eru í I. viðauka.

2. Fjárhæðin sem tapast skyndilega, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem um getur í 1. mgr., skal vera jöfn eftirfarandi:

$$L_{npproperty} = 2{,}5 \cdot (0{,}5 \cdot DIV_{npproperty} + 0{,}5) \cdot P_{npproperty}$$

þar sem:

a) $DIV_{npproperty}$ er reiknað út í samræmi við III. viðauka, en byggt á iðgjöldunum sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið aflar í vátryggingagrein 28 eins og tilgreint í I. viðauka, öðrum en óhlutfallslegum endurtryggingaskuldbindingum sem varða vátryggingaskuldbindingar sem tilheyra vátryggingagreinum 9 og 21 eins og tilgreint er í I. viðauka,

b) $P_{property}$ er mat á iðgjöldum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla næstu 12 mánuði vegna sérhvers samnings sem nær yfir endurtryggingaskuldbindingarnar vátryggingagreinar 28 eins og tilgreint í I. viðauka, aðrar en óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem tilheyra vátryggingagreinum 9 og 21 eins og tilgreint er í I. viðauka: Í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

128. gr.

Undireining hamfaraáhættu af manna völdum

1. Undireining hamfaraáhættu af mannavöldum skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu ábyrgðaráhættu vélknúinna ökutækja,

b) undireiningu sjófarsáhættu,

c) undireiningu flugáhættu,

d) undireiningu brunaáhættu,

e) undireiningu skaðabótaábyrgðaráhættu,

f) undireiningu greiðslu- og efndaáhættu.

2. Gjaldþolskrafan fyrir hamfaraáhættu af manna völdum skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{mmCAT} = \sqrt{\sum_i SCR_i^2}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar undireiningar sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) SCR_i táknar gjaldþolskröfurnar fyrir undireiningu *i*.

129. gr.

Undireining ábyrgðaráhættu vélknúinna ökutækja

1. Gjaldþolskrafan fyrir ábyrgðaráhættu vélknúinna ökutækja skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi fjárhæð í evrum:

$$L_{motor} = \max(6\,000\,000; 50\,000 \cdot \sqrt{N_a + 0{,}05 \cdot N_b + 0{,}95 \cdot \min(N_b; 20\,000)})$$

þar sem:

a) N_a er fjöldi tryggðra ökutækja vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í vátryggingagreinum 4 og 16 eins og tilgreint er í I. viðauka með áætluð tryggingartakmörk yfir 24 000 000 evrum,

b) N_b er fjöldi tryggðra ökutækja vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í vátryggingagreinum 4 og 16 eins og tilgreint er í I. viðauka með áætluð tryggingartakmörk undir eða jöfn 24 000 000 evrum.

Fjöldi vélknúinna ökutækja sem fellur undir hlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skal veginn með raunhlutdeild skuldbindinga félagsins að því er varðar tryggingarfjárhæðina á vélknúnu ökutækjunum.

2. Áætlaða tryggingartakmörkunin sem um getur í 1. mgr. skal vera heildartakmörkunin á ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja eða, ef engin slík heildartakmörkun er tilgreind í skilmálum og skilyrðum tryggingarinnar, samtala takmarkananna fyrir eigna- og líkamstjón. Ef tryggingartakmörkunin er tilgreind sem hámark fyrir hvern tjónþola skal áætlaða tryggingartakmörkunin byggð á forsendunni um tíu tjónþola.

130. gr.

Undireining sjófarsáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir sjófarsáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{marine} = \sqrt{SCR_{tanker}^2 + SCR_{platform}^2}$$

þar sem:

a) SCR_{tanker} er gjaldþolskrafan fyrir áhættuna af árekstri flutningaskipa,

b) $SCR_{platform}$ er gjaldþolskrafan fyrir áhættuna af sprengingu á borpalli.

2. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af árekstri flutningaskipa skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi:

$$L_{tanker} = \max_t \left(SI_{(hull,t)} + SI_{(liab,t)} + SI_{(pollution,t)}\right)$$

þar sem:

a) hámarkinu sem tengist öllum olíu- og gasflutningaskipum tryggðum af vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu, að því er varðar árekstur flutningaskipa í vátryggingagreinum 6, 18 og 27 sem tilgreindar eru í I. viðauka,

b) $SI_{(hull,t)}$ tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir sjófarstryggingu og -endurtryggingu í tengslum við flutningaskip *t*,

c) $SI_{(liab,t)}$ tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir sjófarsábyrgðartryggingu og -endurtryggingu í tengslum við flutningaskip *t*,

d) $SI_{(pollution,t)}$ tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir olíumengunartryggingu og -endurtryggingu í tengslum við flutningaskip *t*.

3. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af sprengingu á borpalli skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi:

$$L_{platform} = \max_{p}\left(SI_p\right)$$

þar sem:

a) hámarkinu sem tengist öllum olíu- og gasborpöllum á sjó tryggðum af vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu að því er varðar sprengingu á borpalli í vátryggingagreinum 6, 18 og 27 sem tilgreindar eru í I. viðauka,

b) SI_p er uppsöfnuð tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir eftirfarandi vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar í tengslum við borpall *p*:

i. skuldbindingar um að greiða bætur vegna fasteignatjóns,

ii. skuldbindingar um að greiða bætur vegna útgjaldanna við að fjarlægja flök,

iii. skuldbindingar um að greiða bætur vegna taps á rekstrarinnkomu,

iv. skuldbindingar um að greiða bætur vegna útgjalda við lokun borholu eða við að gera hana örugga,

v. ábyrgðartrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar.

131. gr.

Undireining flugáhættu

Gjaldþolskrafan fyrir flugáhættu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi:

$$L_{aviation} = \max_{a}\left(SI_a\right)$$

þar sem:

a) hámarkið tengist öllum loftförum tryggðum af vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu í vátryggingagreinum 6, 18 og 27 sem tilgreindar eru í I. viðauka,

b) SI_a táknar tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins fyrir flugfarstryggingu og -endurtryggingu og flugfarsábyrgðartryggingu og -endurtryggingu í tengslum við loftfar *a*.

132. gr.

Undireining brunaáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir brunaáhættu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins að því er varðar stærstu brunaáhættusamþjöppunina.

2. Stærsta brunaáhættusamþjöppun vátrygginga- eða endurtryggingafélags eru byggingasamstæðurnar með hæstu tryggingarfjárhæðina sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar í vátryggingagreinum 7 og 19 sem settar eru fram í I. viðauka, í tengslum við hverja byggingu, sem nær yfir tjón vegna bruna eða sprenginga, þ.m.t. sem afleiðingu hryðjuverkaárása,

b) allar byggingar eru að hluta til eða öllu leyti innan 200 metra radíuss.

3. Að því er varðar 2. mgr. geta einn eða fleiri vátrygginga- eða endurtryggingasamningar náð yfir byggingarsamstæðurnar.

133. gr.

Undireining áhættu skaðabótaábyrgðar

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu skaðabótaábyrgðar skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{liability} = \sqrt{\sum_{(i,j)} Corr_{(liability,i,j)} \cdot SCR_{(liability,i)} \cdot SCR_{(liability,j)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar flokka skaðabótaábyrgðar (*i*,*j*) eins og þeir eru settir fram í XI. viðauka,

b) $Corr_{(liability,i,j)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir skaðabótaábyrgð flokka skaðabótaábyrgðar, *i* og *j*, eins og þeir eru settir fram í XI. viðauka,

c) $SCR_{(liability,i)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir skaðabótaábyrgð flokks skaðabótaábyrgðar *i*.

2. Fyrir alla flokka skaðabótaábyrgðar sem settir eru fram í XI. viðauka skal gjaldþolskrafa fyrir skaðabótaábyrgð ákveðins áhættuflokks skaðabótaábyrgðar *i* vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn eftirfarandi:

$$L_{(liability,i)} = f_{(liability,i)} \cdot P_{(liability,i)}$$

þar sem:

a) $f_{(liability,i)}$ táknar áhættustuðulinn fyrir áhættuflokk skaðabótaábyrgðar *i* eins og sett er fram í XI. viðauka,

b) $P_{(liability,i)}$ táknar iðgjöldin sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið aflar næstu 12 mánuði í tengslum við vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i*. Í þessu skyni skal vera um verg iðgjöld að ræða, án þess að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga séu dregin frá.

3. Útreikningur á tapinu í kjarnagjaldþoli sem um getur í 2. mgr. skal byggjast á eftirfarandi forsendum, þ.e.:

a) tapið í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i* orsakast af *ni* kröfum og tapið sem orsakast af þessum kröfum er dæmigert fyrir rekstur vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i* og svarar til alls tapsins í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i*,

b) fjöldi krafna n_i er jafn lægstu heilu tölu sem fer upp fyrir eftirfarandi fjárhæð:

$$\frac{f_{(liability,i)} \cdot P_{(liability,i)}}{1{,}15 \cdot Lim_{(i,1)}}$$

þar sem:

i. $f_{(liability,i)}$ og $P_{(liability,i)}$ eru skilgreind eins og í 2. mgr.,

ii. $Lim_{(i,l)}$ táknar hæstu ábyrgðarmörk fyrir skaðabætur sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið veitir í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i*,

c) þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið veitir ótakmarkaða vernd í áhættuflokki skaðabótaábyrgðar *i*, er fjöldi krafna n_i jafn einum.

134. gr.

Undireining greiðslu- og efndaáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir greiðslu- og efndaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{credit} = \sqrt{SCR_{default}^2 + SCR_{recession}^2}$$

þar sem:

a) $SCR_{default}$ er gjaldþolskrafan fyrir áhættu af miklum greiðsluvanskilum,

b) $SCR_{recession}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir áhættu efnahagssamdráttar.

2. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af miklum greiðsluvanskilum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegum vanskilum af tveim stærstu áhættuskuldbindingunum sem varða skuldbindingar vátrygginga eða endurtryggingafélags í vátryggingagreinum 9 og 21. Útreikningurinn á gjaldþolskröfunni skal byggja á forsendunni að tapið að gefnum vanefndum, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, af hverri áhættuskuldbindingu sé 10% af tryggingarfjárhæðinni í tengslum við áhættuskuldbindinguna.

3. Tvær stærstu greiðsluvátryggingaskuldbindingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu ákvarðaðar á grundvelli samanburðar á hreinu tapi að gefnum vanefndum á greiðsluvátryggingaskuldbindingunum, þ.e. tapinu að gefnum vanefndum eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

4. Gjaldþolskrafan fyrir efnahagssamdráttaráhættu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er jöfn 100% af iðgjöldunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið aflar næstu 12 mánuði í vátryggingagreinum 9 og 21.

135. gr.

Undireining annarrar hamfaraáhættu í skaðatryggingum

Gjaldþolskrafan fyrir aðra hamfaraáhættu í skaðatryggingum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, sem er jöfn eftirfarandi fjárhæð:

$$L_{other} = \sqrt{(c_1 \cdot P_1 + c_2 \cdot P_2)^2 + (c_3 \cdot P_3)^2 + (c_4 \cdot P_4)^2 + (c_5 \cdot P_5)^2}$$

þar sem:

a) P_1, P_2, P_3, P_4 og P_5 tákna mat á vergum iðgjöldum, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum séu dregnar frá, sem búist er við að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið muni afla næstu 12 mánuði í tengslum við flokka vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga 1 til 5 sem settir eru fram í XII. viðauka,

b) c_1, c_2, c_3, c_4 og c_5 táknar áhættustuðlana fyrir flokka vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga 1 til 5 sem settir eru fram í XII. viðauka.

3. ÞÁTTUR

Áhættueining líftrygginga

136. gr.

Fylgnistuðlar

1. Einingin fyrir líftryggingaráhættu skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu áhættu vegna dauða, sem um getur í a-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) undireiningu áhættu vegna langlífis, sem um getur í b-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) undireiningu áhættu vegna fötlunar eða sjúkdóma, sem um getur í c-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) undireiningu rekstrarkostnaðaráhættu vegna líftrygginga, sem um getur í d-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) undireiningu áhættu vegna endurskoðunar, sem um getur í e-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

f) undireiningu fyrningaráhættu sem um getur í f-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

g) undireiningu stórslysaáhættu líftrygginga sem um getur í g-lið 2. undirgreinar 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Gjaldþolskrafan fyrir líftryggingaráhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{life} = \sqrt{\sum_{i,j} CorrNL_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j}$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*i*,*j*) af undireiningunum sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) $CorrNL_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann fyrir líftryggingaráhættu fyrir undireiningar *i* og *j*,

c) SCR_i og SCR_j táknar gjaldþolskröfuna fyrir áhættuundireiningu *i* og *j*, eftir því sem við á.

3. Fylgniþátturinn $Corr_{i,j}$, sem um getur í 3. lið IV. viðauka tilskipunar 2009/138/EB, skal vera jafn liðnum sem settur er fram í línu *i* og dálki *j* í eftirfarandi fylgnifylki:

i \ *j*	Dánartíðni	Langlífi	Örorka	Kostnaður líftrygginga	Endurmat	Brottfall	Hamfarir, líftryggingar
Dánartíðni	1	– 0,25	0,25	0,25	0	0	0,25
Langlífi	– 0,25	1	0	0,25	0,25	0,25	0
Örorka	0,25	0	1	0,5	0	0	0,25
Kostnaður líftrygginga	0,25	0,25	0,5	1	0,5	0,5	0,25
Endurmat	0	0,25	0	0,5	1	0	0
Brottfall	0	0,25	0	0,5	0	1	0,25
Hamfarir, líftryggingar	0,25	0	0,25	0,25	0	0,25	1

137. gr.

Undireining áhættu vegna dauða

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu vegna dauða, sem um getur í a-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 15% aukningu í dánartíðninni sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Aukningin í dánartíðni sem um getur í 1. mgr. skal einungis gilda um þá vátryggingarsamninga þar sem aukning í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins. Tilgreining vátryggingarsamninganna þar sem aukning í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins getur byggst á eftirfarandi forsendum:

a) fara má með marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningur á vátryggingaskuld er byggður á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur tilgreiningin á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni einnig verið byggð á þessum flokkum samninga, í staðinn fyrir einstaka samninga, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skal tilgreiningin á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni eingöngu beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga og skal vera framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

138. gr.

Undireining áhættu vegna langlífis

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu vegna langlífis, sem um getur í b-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 20% minnkun í dánartíðninni sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Minnkunin í dánartíðni, sem um getur í 1. mgr., skal einungis gilda um þá vátryggingarsamninga þar sem minnkun í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins. Tilgreining vátryggingarsamninganna þar sem minnkun í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins getur verið byggð á eftirfarandi forsendum:

a) fara má með marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningurinn á vátryggingaskuld er byggður á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur tilgreiningin á samningunum þar sem vátryggingaskuld hækkar við minnkun í dánartíðni einnig verið byggð á þessum flokkum samninga, í staðinn fyrir einstökum samningum, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skal tilgreiningin á samningunum þar sem vátryggingaskuld hækkar við minnkun í dánartíðni eingöngu beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga og vera framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

139. gr.

Undireining áhættu fötlunar eða sjúkdóma

Gjaldþolskrafan fyrir áhættu vegna fötlunar eða sjúkdóma, sem um getur í c-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af samsetningu af eftirfarandi skyndilegum varanlegum breytingum:

a) 35% aukningu í fötlunar- og sjúkdómstíðninni sem notuð er við útreikning á vátryggingaskuld til að endurspegla fötlun og sjúkdóma næstu 12 mánuði,

b) 25% aukningu í fötlunar- og sjúkdómstíðninni sem notuð er við útreikning á vátryggingaskuld til að endurspegla fötlun og sjúkdóma í öllum mánuðum eftir næstu 12 mánuði,

c) 20% minnkunar í fötlunar- og sjúkdómsbatatíðninni sem notuð er við útreikningi á vátryggingaskuld að því er varðar næstu 12 mánuði og fyrir öll ár eftir það.

140. gr.

Undireining rekstrarkostnaðaráhættu vegna líftrygginga

Gjaldþolskrafan fyrir rekstrarkostnaðaráhættu vegna líftrygginga sem um getur í d-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af samsetningu af eftirfarandi skyndilegum varanlegum breytingum:

a) 10% hækkun útgjaldanna sem tekið er tillit til við útreikning á vátryggingaskuld,

b) aukning um 1 prósentustig á útgjaldaverðbólgustiginu (gefið upp í prósentum) sem notað er við útreikning á vátryggingaskuld.

Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög beita þessum breytingum á sín eigin útgjöld og, þar sem við á, á útgjöld félaganna sem endurtryggja.

141. gr.

Undireining endurskoðunaráhættu

Gjaldþolskrafan fyrir endurskoðunaráhættu sem um getur í e-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 3% hækkun lífeyrisbótanna, en eingöngu á lífeyristrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar þar sem bæturnar, sem greiddar eru samkvæmt undirliggjandi vátryggingasamningum, gætu hækkað sem afleiðing af breytingum í lagaumhverfinu eða heilsufari einstaklingsins sem er tryggður.

142. gr.

Undireining fyrningaráhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir fyrningaráhættu sem um getur í f-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn þeirri hæstu af eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir áhættuna af varanlegri aukningu í brottfallstíðni,

b) gjaldþolskröfunni fyrir áhættuna af varanlegri minnkun í brottfallstíðni,

c) gjaldþolskröfunni fyrir stórtæka fyrningaráhættu.

2. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af varanlegri aukningu í brottfallstíðni skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 50% aukningu í nýtingartíðni valréttarins á viðkomandi valréttarsamningum sem settir eru fram í 4. og 5. mgr. Engu að síður skal aukningin í nýtingartíðni valréttar ekki fara yfir 100% og aukningin í nýtingartíðni valréttar eingöngu gilda um þessa viðkomandi valréttarsamninga þar sem nýting valréttarins mundi leiða til hækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins.

3. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af varanlegri minnkun í brottfallstíðni skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 50% minnkun í nýtingartíðni valréttarins á viðkomandi valréttarsamningum sem settir eru fram í 4. og 5. mgr. Engu að síður skal minnkunin í nýtingartíðni valréttar ekki fara yfir 20 prósentustig og minnkunin í nýtingartíðni valréttar eingöngu gilda um þessa viðkomandi valréttarsamninga þar sem nýting valréttarins mun leiða til lækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins.

4. Viðkomandi valréttarsamningar að því er varðar 2. og 3. mgr. skulu vera eftirfarandi:

a) öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka til að segja upp að fullu eða að hluta, endurkaupa, minnka, takmarka eða hætta við tryggingavernd eða leyfa vátryggingarsamningnum að falla úr gildi,

b) öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka til að koma á að fullu eða að hluta, endurnýja, auka, víkka út eða endurvekja tryggingar- eða endurtryggingarverndina.

Að því er varðar b-lið skal breytingin í nýtingartíðni valréttarins sem um getur í 2. og 3. mgr. beitt á þann hluta hennar sem endurspeglar að viðkomandi valréttur sé ekki nýttur.

5. Í tengslum við endurtryggingasamninga skulu viðkomandi valréttarsamningar að því er varðar 2. og 3. mgr. vera eftirfarandi:

a) réttindi vátryggingatakanna, sem um getur í 4. mgr., í endurtryggingasamningunum,

b) réttindi vátryggingatakanna, sem um getur í 4. mgr., í vátryggingasamningunum sem undirliggjandi eru endurtryggingasamningunum,

c) ef endurtryggingasamningarnir ná yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, réttindi sem mögulegir vátryggingatakar hafa til þess að koma ekki á þessum vátrygginga- eða endurtryggingasamningum.

6. Gjaldþolskrafan fyrir stórtæka fyrningaráhættu skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af samsetningu af eftirfarandi skyndilegum viðburðum:

a) slitum á 70% vátryggingarsamninganna sem falla innan umfangs starfseminnar sem vísað er til með iii. og iv. undirlið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þar sem slit myndu leiða til hækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins og þegar eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

   i. vátryggingartakinn er ekki einstaklingur og slit á samningnum er ekki háð samþykki þess sem vátryggður er hjá lífeyrissjóðnum,

   ii. vátryggingartakinn er einstaklingur sem kemur fram í þágu þess sem vátryggður er samkvæmt samningnum nema þegar fjölskyldutengsl eru milli þess einstaklings og vátryggða, eða þegar samningurinn er vegna áforma með einkabú eða í tilgangi erfða og vátryggðir samkvæmt samningnum eru ekki fleiri en 20,

b) slitum á 40% vátryggingarsamninganna, annarra en þeirra sem falla innan a-liðar, þar sem slit munu leiða til hækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins,

c) ef endurtryggingasamningar ná yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, fækkun um 40% á þessum framtíðarvátrygginga- eða -endurtryggingasamningum sem notaðir eru við útreikning á vátryggingaskuld.

Beita skal viðburðunum sem um getur í fyrstu undirgrein á samstilltan hátt á alla vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem um ræðir. Í tengslum við endurtryggingasamninga skal viðburðinum sem um getur í a-lið beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga.

Að því er varðar að ákvarða tapið í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem leiðir af viðburðunum sem um getur í a- og b-lið, skal félagið byggja útreikninginn á þeirri gerð slita sem hefur mest neikvæð áhrif á kjarnagjaldþol félagsins á grunni hvers samnings.

7. Þegar sú hæsta af gjaldþolskröfunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar, og sú hæsta af samsvarandi gjaldþolskröfum sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. 206. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki byggðar á sömu sviðsmyndinni skal gjaldþolskrafan fyrir fyrningaráhættu sem um getur í f-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, vera gjaldþolskrafan sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar, þar sem hin undirliggjandi sviðsmynd leiðir til hæstu samsvarandi gjaldþolskröfu, reiknaða út í samræmi við 2. mgr. 206. gr. þessarar reglugerðar.

143. gr.

Undireining stórslysaáhættu líftrygginga

1. Gjaldþolskrafan fyrir stórslysaáhættu í líftryggingum sem um getur í g-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri aukningu um 0,15 prósentustig í dánartíðni (sýnd í prósentum) sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld til að endurspegla dánartíðnina næstu 12 mánuði.

2. Aukningin í dánartíðni sem um getur í 1. mgr. skal eingöngu gilda um þá vátryggingarsamninga þar sem aukning í dánartíðni sem er notuð til að endurspegla dánartíðnina næstu 12 mánuði, leiðir til hækkunar á vátryggingaskuldinni. Auðkenning vátryggingarsamninganna þar sem aukning í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins getur byggst á eftirfarandi forsendum:

a) fara má með marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningurinn á vátryggingaskuld er byggður á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur auðkenning á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni einnig verið byggð á þessum flokkum samninga, í staðinn fyrir einstaka samninga, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingasamninga skal auðkenning á samningunum þar sem vátryggingaskuld hækkar við aukna dánartíðni eingöngu beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga og vera framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

4. ÞÁTTUR

Áhættueining heilsutrygginga

144. gr.

Áhættueining heilsutrygginga

1. Áhættueining heilsutrygginga skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging,

b) undireiningu tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging,

c) undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingum.

2. Gjaldþolskrafan fyrir heilsutryggingaráhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{health} = \sqrt{\sum_{i,j} CorrH_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j}$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*i*,*j*) af undireiningunum sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) $CorrH_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann fyrir heilsutryggingaráhættu fyrir undireiningar *i* og *j*,

c) SCR_i og SCR_j táknar gjaldþolskröfuna fyrir áhættuundireiningu *i* og *j*, eftir því sem við á.

3. Fylgnistuðullinn $CorrH_{(i,j)}$ sem um getur í 2. mgr. táknar liðinn sem er settur fram í línu *i* og í dálki *j* í eftirfarandi fylgnifylki:

i \ *j*	Heilsutrygging, sem starfrækt á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	Heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging	Hamfarir, heilsutrygging
Heilsutrygging, sem starfrækt á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging	1	0,5	0,25
Heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging	0,5	1	0,25
Hamfarir, heilsutrygging	0,25	0,25	1

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu beita:

a) undireiningu tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem tilheyra vátryggingagreinum 1, 2, 3, 13, 14, 15 og 25 eins og tilgreint er í I. viðauka,

b) undireiningu tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem tilheyra vátryggingagreinum 29, 33 og 35 eins og tilgreint er í I. viðauka,

c) undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingum á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar.

145. gr.

Undireining tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

1. Undireining tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal samanstanda af eftirfarandi undireiningum:

a)undireiningu iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging,

b)undireiningu fyrningaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

2. Gjaldþolskrafan fyrir tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{NSLTh} = \sqrt{SCR^2_{(NSLTh,pr)} + SCR^2_{(NSLTh,lapse)}}$$

þar sem:

a) $SCR_{(NSLTh,pr)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging,

b) $SCR_{(NSLTh,lapse)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir fyrningaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

146. gr.

Undireining iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

Gjaldþolskrafan fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{(NSLT,pr)} = 3 \cdot \sigma_{NSLTh} \cdot V_{NSLTh}$$

þar sem:

a) σ_{NSLTh} táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem ákvarðað er í samræmi við 148. gr.,

b) V_{NSLTh} táknar magnmælinguna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem ákvörðuð er í samræmi við 147. gr.

147. gr.

Magnmæling fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

1. Magnmælingin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jöfn samtölu magnmælinganna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu á hlutunum sem settir eru fram í XIV. viðauka.

2. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal magnmæling ákveðins hluta *s* vera jöfn eftirfarandi:

$$V_s = (V_{(prem,s)} + V_{(res,s)}) \cdot (0{,}75 + 0{,}25 \cdot DIV_s)$$

þar sem:

a) $V_{(prem,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu á hluta *s*,

b) $V_{(res,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu á hluta *s*,

c) DIV_s táknar stuðulinn fyrir landfræðilega fjölþættingu hluta *s*,

3. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal magnmælingin fyrir iðgjaldaáhættu ákveðins hluta *s* vera jöfn eftirfarandi:

$$V_{(prem,s)} = \max(P_s; P_{(last,s)} + FP_{(existing,s)} + FP_{(future,s)}$$

þar sem:

a) P_s táknar mat á iðgjöldunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* næstu 12 mánuði,

b) $P_{(last,s)}$ táknar iðgjöldin sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið aflaði í hlutanum *s* síðustu 12 mánuði,

c) $FP_{(existing,s)}$ táknar vænt núvirði iðgjaldanna sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* eftir næstu 12 mánuði fyrir núverandi samninga,

d) $FP_{(future,s)}$ táknar vænt núvirði iðgjaldanna sem vátrygginga- og endurtryggingafélagið mun afla í hlutanum *s* fyrir samninga þar sem dagsetning upphafsfærslu fellur innan næstu 12 mánaða, en að undanskildum iðgjöldunum sem aflað verður 12 mánuðina eftir dagsetningu upphafsfærslunnar.

4. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka geta vátrygginga- og endurtryggingafélög, sem valkost við útreikninginn sem settur er fram í 3. mgr., valið að reikna út magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu ákveðins hlutar *s* í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$V_{(prem,s)} = P_s + FP_{(existing,s)} + FP_{(future,s)}$$

að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygging- eða endurtryggingafélagsins hefur ákveðið að iðgjaldatekjur þess í hlutanum *s* næstu 12 mánuði fari ekki yfir P_s,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur komið á skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að takmarkanirnar á iðgjaldatekjur sem um getur í a-lið verði uppfylltar,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur upplýst eftirlitsyfirvald sitt um ákvörðunina sem um getur í a-lið og ástæðuna fyrir henni.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu hugtökin P_s, $FP_{(existing,s)}$ og $FP_{(future,s)}$ táknuð í samræmi við a-, c- og d-lið 3. mgr.

5. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 3. og 4. mgr. skulu iðgjöldin gefin upp nettó, eftir að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá. Eftirfarandi iðgjöld vegna endurtryggingasamninga skulu ekki dregin frá:

a) iðgjöld í tengslum við atburði aðra en tryggingaatburði eða uppgerðar vátryggingakröfur sem ekki er gerð grein fyrir í sjóðstreyminu sem um getur í 3. mgr. 41. gr.,

b) iðgjöld vegna endurtryggingasamninga sem fara ekki að ákvæðum 209., 210., 211. og 213. gr.

6. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal magnmælingin fyrir sjóðsáhættu ákveðins hluta vera jöfn besta mati á niðurfærslunni á útistandandi kröfum fyrir hlutann, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, að því tilskildu að endurtryggingasamningarnir eða félögin með sérstakan tilgang fari að ákvæðum 209., 210., 211. og 213. gr. Magnmælingin skal ekki vera neikvæð upphæð.

7. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal viðmiðunarstuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu annaðhvort vera jafn 1 eða reiknaður út í samræmi við III. viðauka.

148. gr.

Staðalfrávik fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

1. Staðalfrávikið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_{NSLTh} = \frac{1}{V_{NSLTh}} \cdot \sqrt{\sum_{s,t} CorrHS_{(s,t)} \cdot \sigma_s \cdot V_s \cdot \sigma_t \cdot V_t}$$

þar sem:

a) V_{NSLTh} táknar magnmælinguna fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging,

b) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*s*,*t*) af hlutunum sem settir eru fram í XIV. viðauka,

c) $CorrHS_{(s,t)}$ táknar fylgnistuðulinn fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir hluta *s* og hluta *t* sem settir eru fram í XV. viðauka,

d) σ_s og σ_t táknar staðalfrávikin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutum *s* og *t*, eftir því sem við á,

e) V_s og V_t táknar magnmælingar fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu á hlutum *s* og *t*, sem um getur í XIV. viðauka, eftir því sem við á.

2. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal staðalfrávikið fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á ákveðnum hluta *s* vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_s = \frac{\sqrt{\sigma^2_{(prem,s)} \cdot V^2_{(prem,s)} + \sigma_{(prem,s)} \cdot V_{(prem,s)} \cdot \sigma_{(res,s)} \cdot V_{(res,s)} + \sigma^2_{(res,s)} \cdot V^2_{(res,s)}}}{V_{(prem,s)} + V_{(res,s)}}$$

þar sem:

a) $\sigma_{(prem,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* sem ákvarðað er í samræmi við 3. mgr.,

b) $\sigma_{(res,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* eins og sett er fram í XIV. viðauka,

c) $V_{(prem,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu á hluta *s* sem um getur í 147. gr.,

d) $V_{(res,s)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu á hluta *s* sem um getur í 147. gr.

3. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á ákveðnum hluta vera jafnt niðurstöðunni af staðalfrávikinu fyrir verga iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutanum sem settur er fram í XIV. viðauka og leiðréttingarstuðlinum fyrir óhlutfallslega endurtryggingu. Fyrir alla aðra hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka skal leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu vera jafn 100%.

149. gr.

Sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga

1. Að því er varðar 4. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB skulu sjúkratryggingaskuldbindingar sem falla undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga („HRES“) auðkenndar, stjórnað og skipulagðar aðskildar frá annarri starfsemi vátryggingafélaganna, án nokkurs möguleika á yfirfærslu til sjúkratryggingaskuldbindinga sem ekki falla undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga.

2. Staðalfrávikin fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutum 1, 2 og 3 í XIV. viðauka fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) staðalfrávikin eru ákvörðuð aðskilið fyrir hvern hluta 1, 2 og 3, eins og sett er fram í XIV. viðauka, og sérstaklega fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu,

b) fyrir hvern af hlutunum sem settir eru fram í XIV. viðauka er staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu það lægra af eftirfarandi fjárhæðum:

   i. staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta sem settur er fram í XIV. viðauka,

   ii. sú hærri af eftirfarandi fjárhæðum:

      A. þriðjungur staðalfráviksins fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta sem settur er fram í XIV. viðauka,

      B. mat á dæmigerðu staðalfráviki á samsettu hlutfalli vátryggingafélags, sem er hlutfallið á eftirfarandi árlegum fjárhæðum:

         — samtölu greiðslnanna, þ.m.t. tengd útgjöld, og vátryggingaskuld vegna krafna sem stofnað var til á árinu fyrir reksturinn sem fellur undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga, þ.m.t. allar væntanlegar breytingar á sveiflujöfnuninni vegna heilsutrygginga,

         — iðgjaldatekjum ársins fyrir reksturinn sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga.

c) fyrir hvern af hlutunum sem settir eru fram í XIV. viðauka er staðalfrávikið fyrir sjóðsáhættu það lægra af eftirfarandi fjárhæðum:

   i. staðalfrávikinu fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta sem settur er fram í XIV. viðauka,

   ii. sú hærri af eftirfarandi fjárhæðum:

      A. þriðjungur staðalfráviksins fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta sem settur er fram í XIV. viðauka,

      B. áætlað dæmigert staðalfrávik á varúðarniðurfærsluhlutfalli vátryggingafélags, sem er hlutfallið á eftirfarandi árlegum fjárhæðum:

         — samtölu besta mats á niðurfærslunni við árslok vegna útistandandi tjónaskulda í ársbyrjun og öllum kröfu- og kostnaðargreiðslum sem gerðar voru yfir árið vegna útistandandi tjónaskulda í ársbyrjun: Báðar fjárhæðir taka með allar væntanlegar breytingar á sveiflujöfnuninni vegna heilsutrygginga,

         — besta mati á niðurfærslunni í ársbyrjun vegna útistandandi tjónaskulda rekstrarins sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga, þ.m.t. allar væntanlegar breytingar á sveiflujöfnuninni vegna heilsutrygginga.

d) ákvörðun staðalfráviksins er byggð á fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingastærðfræðilegum og tölfræðilegum aðferðum,

e) ákvörðun staðalfráviksins er byggð á heildstæðum, nákvæmum og viðeigandi gögnum sem eiga beint við reksturinn sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga og endurspeglar meðaltalsstig fjölþættingar á stigi vátryggingafélaga,

f) ákvörðun staðalfráviksins er byggð á núgildandi og trúverðugum upplýsingum og raunhæfum forsendum,

g) ákvörðun á staðalfrávikinu tekur einnig tillit til allrar áhættu sem ekki er dregið úr með sveiflujöfnuninni vegna heilsutrygginga, einkum áhættunni sem um getur í a-lið 4. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB og áhættu sem ekki er endurspegluð í undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingum og sem gæti haft áhrif á mikinn fjölda vátryggingafélaga sem á sama tíma falla undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga,

h) aðferðafræðin fyrir útreikning staðalfráviksins og útreikningurinn á staðalfrávikinu eru aðgengileg öllum.

3. Ef í framkvæmdargerðinni sem samþykkt hefur verið skv. 4. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB er ákvarðað staðalfrávik fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga og sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, skulu vátryggingafélög nota það staðalfrávik í staðinn fyrir staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutann sem settur er fram í XIV. viðauka þessarar reglugerðar fyrir útreikninginn á staðalfrávikinu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í 1. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar.

Þegar eingöngu hluti rekstrar vátryggingafélags í hluta *s* fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga, skal félagið nota staðalfrávik fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta í útreikningnum á staðalfrávikinu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í 1. mgr. 148. gr. sem er jafnt eftirfarandi:

$$\sigma'_{(prem,s)} = \frac{\sigma_{(prem,s)} \cdot V_{(prem,s,nHRES)} + \sigma_{(prem,s,HRES)} \cdot V_{(prem,s,HRES)}}{V_{(prem,s,nHRES)} + V_{(prem,s,HRES)}}$$

þar sem:

a) $\sigma_{(prem,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* sem sett er fram í XIV. viðauka,

b) $V_{(prem,s,nHRES)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á rekstrinum í hluta *s* sem ekki fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga,

c) $\sigma_{(prem,s,HRES)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga, reiknað út í samræmi við 2. mgr.,

d) $V_{(prem,s,HRES)}$ táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á rekstri í hluta *s* sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga,

$V_{(prem,s,HRES)}$ og $V_{(prem,s,nHRES)}$ skulu reiknuð út á sama hátt og magnmælingin fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* sem um getur í 147. gr., en $V_{(prem,s,HRES)}$ skal eingöngu taka tillit til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna sem falla undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga og $V_{(prem,s,nHRES)}$ skal eingöngu taka tillit til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna sem ekki falla undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga.

4. Ef í framkvæmdargerðinni sem samþykkt hefur verið skv. 4. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB er ákvarðað staðalfrávik fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga og sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar, skulu vátryggingafélög nota það staðalfrávik í staðinn fyrir staðalfrávikið fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutann sem settur er fram í XIV. viðauka þessarar reglugerðar við útreikninginn á staðalfrávikinu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í 1. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar.

Þegar eingöngu hluti rekstrar vátryggingafélags í hluta *s* fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga, skal félagið nota staðalfrávik fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á þeim hluta í útreikningnum á staðalfrávikinu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í 1. mgr. 148. gr. sem er jafnt eftirfarandi:

$$\sigma'_{(res,s)} = \frac{\sigma_{(res,s)} \cdot V_{(res,s,nHRES)} + \sigma_{(res,s,HRES)} \cdot V_{(res,s,HRES)}}{V_{(res,s,nHRES)} + V_{(res,s,HRES)}}$$

þar sem:

a) $\sigma_{(res,s)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* eins og sett er fram í XIV. viðauka,

b) $V_{(res,s,nHRES)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á rekstrinum í hluta *s* sem ekki fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga,

c) $\sigma_{(res,s,HRES)}$ táknar staðalfrávikvið fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga, reiknað út í samræmi við 2. mgr.,

d) $V_{(res,s,HRES)}$ táknar magnmælinguna fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á rekstri í hluta *s* sem fellur undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga,

$V_{(res,s,nHRES)}$ og $V_{(res,s,HRES)}$ skal reiknað út á sama hátt og magnmælingin fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hluta *s* sem um getur í 147. gr., en $V_{(res,s,HRES)}$ skal eingöngu taka tillit til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna sem falla undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga og $V_{(res,s,nHRES)}$ skal eingöngu taka tillit til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinganna sem ekki falla undir sveiflujöfnunina vegna heilsutrygginga.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta skipt út staðalfrávikinu fyrir iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir rekstur sem fellur undir sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga með stikum sem eru sértækir fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélagið í samræmi við 7. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Eftirlitsyfirvöld geta krafið vátrygginga- og endurtryggingafélög um að skipta út þessum staðalfrávikum með stikum sem eru sértækar fyrir félagið í samræmi við 110. gr. þeirrar tilskipunar 2009/138/EB.

150. gr.

Undireining fyrningaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging

1. Gjaldþolskrafan fyrir fyrningaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í b-lið 1. mgr. 145. gr., skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af samsetningu af eftirfarandi skyndilegum viðburðum:

a) slitum á 40% vátryggingarsamninganna þar sem slit leiða til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins,

b) ef endurtryggingasamningar ná yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, 40% fækkun þessara framtíðarvátrygginga- eða -endurtryggingasamninga sem notaðir eru við útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Viðburðunum sem um getur í 1. mgr. skal beitt á samstilltan hátt á alla vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem um er að ræða. Í tengslum við endurtryggingasamninga skal viðburðinum sem um getur í a-lið beitt á undirliggjandi vátryggingar-samninga.

3. Í þeim tilgangi að ákvarða tapið í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem leiðir af viðburðinum sem um getur í a-lið 1. mgr., skal félagið byggja útreikninginn á þeirri gerð slita sem hefur mest neikvæð áhrif á kjarnagjaldþol félagsins á grunni hvers samnings.

151. gr.

Undireining tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging

1. Eining tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu heilsutryggingar fyrir áhættu vegna dauða,

b) undireiningu heilsutryggingar fyrir áhættu vegna langlífis,

c) undireiningu heilsutryggingar fyrir örorku- og sjúkdómsáhættu,

d) undireiningu heilsutryggingar fyrir útgjaldaáhættu,

e) undireiningu heilsutryggingar fyrir endurmatsáhættu,

f) undireiningu fyrningaráhættu fyrir heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.

2. Gjaldþolskrafan fyrir tryggingaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{SLTh} = \sqrt{\sum_{i,j} CorrSLTH_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j}$$

þar sem:

a) samtalan sýnir allar mögulegar samsetningar (i,j) af undireiningunum sem settar eru fram í 1. mgr.,

b) $CorrSLTH_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann fyrir tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, fyrir undireiningar i og j,

c) SCR_i og SCR_j táknar gjaldþolskröfuna fyrir áhættuundireiningu i og j, eftir því sem við á.

3. Fylgnistuðullinn $CorrSLTH_{(i,j)}$ sem um getur í 2. mgr. skal vera jafn liðnum sem settur er fram í línu i og í dálki j í eftirfarandi fylgnifylki:

i \ *j*	Dánartíðni, heilsutrygging	Langlífi, heilsutrygging	Örorka og sjúkdómar, heilsutrygging	Útgjöld, heilsutrygging	Endurmat, heilsutrygging	Brottfall, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging
Dánartíðni, heilsutrygging	1	– 0,25	0,25	0,25	0	0

i \ *j*	Dánartíðni, heilsutrygging	Langlífi, heilsutrygging	Örorka og sjúkdómar, heilsutrygging	Útgjöld, heilsutrygging	Endurmat, heilsutrygging	Brottfall, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging
Langlífi, heilsutrygging	– 0,25	1	0	0,25	0,25	0,25
Örorka og sjúkdómar, heilsutrygging	0,25	0	1	0,5	0	0
Útgjöld, heilsutrygging	0,25	0,25	0,5	1	0,5	0,5
Endurmat, heilsutrygging	0	0,25	0	0,5	1	0
Brottfall, heilsutrygging, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging	0	0,25	0	0,5	0	1

152. gr.

Undireining dánaráhættu í heilsutryggingum

1. Gjaldþolskrafan fyrir dánaráhættu í heilsutryggingum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 15% aukningu í dánartíðninni sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Aukningin í dánartíðni sem um getur í 1. mgr. skal eingöngu gilda um þá vátryggingarsamninga þar sem aukning í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins. Auðkenning á vátryggingasamningum þar sem aukning í dánartíðni leiðir til hækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins getur verið byggt á eftirfarandi:

a) fara má með marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningurinn á vátryggingaskuld er byggður á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur auðkenningin á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni einnig verið byggð á þessum flokkum samninga, í staðinn fyrir einstaka samninga, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skal auðkenning á samningunum þar sem vátryggingaskuldin hækkar við aukna dánartíðni eingöngu beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga og vera framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

153. gr.

Undireining áhættu vegna langlífis fyrir heilsutryggingar

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu vegna langlífis fyrir heilsutryggingar skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 20% lækkun í dánartíðninni sem notuð er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

2. Lækkunin í dánartíðni sem um getur í 1. mgr. skal eingöngu gilda um þá vátryggingarsamninga þar sem lækkun í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins. Auðkenning vátryggingarsamninganna þar sem lækkun í dánartíðni leiðir til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins getur byggst á eftirfarandi forsendum:

a) fara má með marga vátryggingarsamninga, að því er varðar sama tryggða einstaklinginn, eins og um einn vátryggingarsamning sé að ræða,

b) þegar útreikningurinn á vátryggingaskuld er byggður á flokkum samninga eins og um getur í 35. gr., getur auðkenningin á samningunum þar sem vátryggingaskuld hækkar við lækkun í dánartíðni einnig verið byggð á þessum flokkum samninga, í staðinn fyrir einstaka samninga, að því tilskildu að það gefi niðurstöðu sem ekki er verulega frábrugðin.

3. Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skal auðkenning á samningunum þar sem vátryggingaskuld hækkar við lækkun í dánartíðni eingöngu gilda um undirliggjandi vátryggingarsamninga og vera framkvæmd í samræmi við 2. mgr.

154. gr.

Undireining áhættu vegna örorku og sjúkdóma fyrir heilsutryggingar

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu vegna örorku og sjúkdóma í heilsutryggingum skal vera jöfn samtölunni á eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfunni fyrir sjúkrakostnaði fyrir áhættu vegna örorku og sjúkdóma,

b) gjaldþolskröfunni fyrir tekjuvernd vegna áhættu vegna örorku og sjúkdóma.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu beita:

a) sviðsmyndunum sem liggja til grundvallar útreikningi á gjaldþolskröfunni fyrir sjúkrakostnaði vegna örorku- og sjúkdómsáhættu, eingöngu á sjúkrakostnað vegna vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þegar undirliggjandi rekstur er starfræktur á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging,

b) sviðsmyndunum sem liggja til grundvallar útreikningi á gjaldþolskröfunni fyrir tekjuvernd vegna örorku- og sjúkdómsáhættu, eingöngu á tekjuvernd vegna vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þegar undirliggjandi rekstur er starfræktur á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.

155. gr.

Gjaldþolskrafa fyrir sjúkrakostnað vegna áhættu vegna örorku og sjúkdóma

1. Gjaldþolskrafan fyrir sjúkrakostnaði vegna áhættu vegna örorku og sjúkdóma skal vera jöfn þeirri hærri af eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir hækkunina á sjúkragreiðslum,

b) gjaldþolskröfunni fyrir lækkunina á sjúkragreiðslum.

2. Gjaldþolskrafan fyrir hækkunina á sjúkragreiðslum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi samsetningu af skyndilegum og varanlegum breytingum:

a) hækkun um 5% á sjúkragreiðslunum sem tekið er tillit til í útreikningi á vátryggingaskuld,

b) hækkun um 1 prósentustig á verðbólgustigi sjúkragreiðslnanna (gefið upp í prósentum) sem notað er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

3. Gjaldþolskrafan fyrir lækkuninni á sjúkragreiðslum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi samsetningu af skyndilegum og varanlegum breytingum:

a) lækkun um 5% á sjúkragreiðslunum sem tekið er tillit til í útreikningi á vátryggingaskuld,

b) lækkun um 1 prósentustig á verðbólgustigi sjúkragreiðslnanna (gefið upp í prósentum) sem notað er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

156. gr.

Gjaldþolskrafa fyrir tekjuvernd vegna áhættu vegna örorku og sjúkdóma

Gjaldþolskrafan fyrir tekjuvernd vegna áhættu vegna örorku og sjúkdóma skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi samsetningu af skyndilegum og varanlegum breytingum:

a) aukningu um 35% í örorku- og sjúkdómstíðninni sem notuð er við útreikning á vátryggingaskuld til að endurspegla örorku og sjúkdóma næstu 12 mánuði,

b) aukningu um 25% í örorku- og sjúkdómstíðninni sem notuð er við útreikning á vátryggingaskuld til að endurspegla örorku og sjúkdóma á árunum eftir næstu 12 mánuði,

c) ef batatíðni örorku og sjúkdóma sem notuð er í útreikningi á vátryggingaskuld er minni en 50%, 20% lækkun í þessari tíðni,

d) ef viðvarandi örorku- og sjúkdómstíðni sem notuð er við útreikning á vátryggingaskuld er jöfn eða lægri en 50%, 20% aukningu í þeirri tíðni.

157. gr.

Undireining útgjaldaáhættu heilsutrygginga

Gjaldþolskrafan fyrir útgjaldaáhættu í heilsutryggingum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endutryggingafélaga sem myndi leiða af eftirfarandi samsetningu af skyndilegum og varanlegum breytingum:

a) 10% hækkun útgjaldanna sem tekið er tillit til við útreikning á vátryggingaskuld,

b) hækkun um 1 prósentustig á verðbólgustigi útgjaldanna (gefið upp í prósentum) sem notað er við útreikninginn á vátryggingaskuld.

Að því er varðar endurtryggingaskuldbindingar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög beita þessum breytingum á sín eigin útgjöld og, þar sem við á, á útgjöld félaganna sem endurtryggja.

158. gr.

Undireining endurmatsáhættu heilsutrygginga

Gjaldþolskrafan fyrir endurmatsáhættu í heilsutryggingum skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 4% hækkun lífeyrisbóta, en eingöngu á lífeyristrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar þar sem bæturnar, sem greiddar eru samkvæmt undirliggjandi vátryggingasamningum, gætu hækkað sem afleiðing af breytingum á verðbólgu, lagaumhverfi eða heilsufari einstaklingsins sem er tryggður.

159. gr.

Undireining fyrningaráhættu heilsutryggingar sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging

1. Gjaldþolskrafan fyrir fyrningaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, sem um getur í f-lið 1. mgr. 151. gr. skal vera jöfn þeirri hæstu af eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir áhættu af varanlegri aukningu í fyrningartíðni heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging,

b) gjaldþolskröfunni fyrir áhættu af varanlegri minnkun í fyrningartíðni heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging,

c) gjaldþolskröfunni fyrir stórtæka fyrningaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.

2. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af varanlegri aukningu í fyrningartíðni heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 50% aukningu í nýtingartíðni á viðkomandi valréttarsamningum sem settir eru fram í 4. og 5. mgr. Engu að síður skal aukning í nýtingartíðni valréttar ekki fara yfir 100% og aukningin í nýtingartíðni valréttar eingöngu gilda um þessa viðkomandi valréttarsamninga þar sem nýtingin mun leiða til hækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins.

3. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af varanlegri minnkun í fyrningartíðni heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegri varanlegri 50% minnkun í nýtingartíðni valréttarins á viðkomandi valréttarsamningum sem settir eru fram í 4. og 5. mgr. Engu að síður skal minnkunin í nýtingartíðni valréttarins ekki fara yfir 20 prósentustig og minnkunin í nýtingartíðni valréttar eingöngu gilda um þessa viðkomandi valréttarsamninga þar sem nýtingin mun leiða til lækkunar vátryggingaskuldar án áhættuálagsins.

4. Viðkomandi valréttarsamningar að því er varðar 2. og 3. mgr. skulu vera eftirfarandi:

a) öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka til að segja upp að fullu eða að hluta, endurkaupa, minnka, takmarka eða hætta við tryggingar- eða endurtryggingarverndina eða leyfa vátryggingarsamningnum að falla úr gildi,

b) öll lagaleg eða samningsbundin réttindi vátryggingartaka til að koma á að fullu eða að hluta, endurnýja, auka, víkka út eða endurvekja tryggingar- eða endurtryggingarverndina.

Að því er varðar b-lið ætti að beita breytingunni í nýtingartíðni valréttarins sem um getur í 2. og 3. mgr. á þann hluta hennar sem endurspeglar að viðkomandi valréttur sé ekki nýttur.

5. Í tengslum við endurtryggingasamninga skulu viðkomandi valréttarsamningar að því er varðar 2. og 3. mgr. vera eftirfarandi:

a) réttindin sem um getur í 4. mgr. fyrir vátryggingataka í endurtryggingasamningunum,

b) réttindi sem sett eru fram í 4. mgr., fyrir vátryggingataka í vátryggingasamningunum sem undirliggjandi eru endurtryggingasamningunum,

c) ef endurtryggingasamningar ná yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, réttindi hugsanlegra vátryggingataka til þess að nýta ekki slíka vátrygginga- eða endurtryggingasamninga.

6. Gjaldþolskrafan fyrir stórtæka fyrningaráhættu í heilsutryggingu, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem myndi leiða af samsetningu af eftirfarandi skyndilegum viðburðum:

a) slitum á 40% vátryggingarsamninga þar sem slit leiða til hækkunar á vátryggingaskuld án áhættuálagsins,

b) ef endurtryggingarsamningur nær yfir vátrygginga- eða endurtryggingasamninga sem gerðir verða í framtíðinni, fækkun um 40% þessara framtíðarvátrygginga- eða -endurtryggingasamninga sem notaðir eru við útreikning á vátryggingaskuld.

Viðburðunum sem um getur í fyrstu undirgreininni skal beitt á samstilltan hátt á alla vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem um er að ræða. Í tengslum við endurtryggingasamninga skal viðburðinum sem um getur í a-lið beitt á undirliggjandi vátryggingarsamninga.

Í þeim tilgangi að ákvarða tapið í kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem leiðir af viðburðinum sem um getur í a-lið, skal félagið byggja útreikninginn á þeirri gerð slita sem hefur mest neikvæð áhrif á kjarnagjaldþol félagsins á grunni hvers samnings.

7. Þegar sú hæsta af gjaldþolskröfunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar, og sú hæsta af samsvarandi gjaldþolskröfum sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. 206. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki byggðar á sömu sviðsmyndinni, skal gjaldþolskrafan fyrir fyrningaráhættu sem um getur í f-lið 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, vera gjaldþolskrafan sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. þessarar greinar, þar sem undirliggjandi sviðsmyndin leiðir til hæstu samsvarandi gjaldþolskröfu, reiknuð út í samræmi við 2. mgr. 206. gr. þessarar reglugerðar.

160. gr.

Undireining hamfaraáhættu í heilsutryggingum

1. Gjaldþolskrafan fyrir undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingum skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{healthCAT} = \sqrt{SCR_{ma}^2 + SCR_{ac}^2 + SCR_p^2}$$

þar sem:

a) SCR_{ma} táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireiningu áhættu vegna hópslysa

b) SCR_{ac} táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireiningu samþjöppunaráhættu vegna slysa,

c) SCR_p táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireiningu áhættu vegna heimsfaraldurs.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu beita:

a) Undireiningu áhættu vegna hópslysa á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar aðrar en vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta,

b) undireiningu áhættu vegna samþjöppunaráhættu vegna slysa á vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta og vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna hóptekjuverndar,

c) undireiningu áhættu vegna heimsfaraldurs á sjúkratrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar aðrar en vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta.

161. gr.

Undireining áhættu vegna hópslysa

1. Gjaldþolskrafan fyrir undireiningu áhættu vegna hópslysa skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{ma} = \sqrt{\sum_{s} SCR^2_{(ma,s)}}$$

þar sem:

a) samtalan tekur með öll lönd sem sett eru fram í XVI. viðauka,

b) $SCR_{(ma,s)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir áhættu vegna hópslysa í landi *s*.

2. Fyrir öll lönd sem sett eru fram í XVI. viðauka skal gjaldþolskrafa fyrir áhættu vegna hópslysa í ákveðnu landi *s* vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$L_{(ma,s)} = r_s \cdot \sum_{e} x_e \cdot E_{(e,s)}$$

þar sem:

a) r_s táknar hlutfall einstaklinga sem verða fyrir áhrifum af hópslysinu í landi *s* eins og sett er fram í XVI. viðauka,

b) samtalan tekur með alla viðburði af gerð *e* sem settir eru fram í XVI. viðauka,

c) x_e tákna hlutfall einstaklinga sem munu fá bætur fyrir viðburð af gerð *e*, sem afleiðing af slysinu sem sett er fram í XVI. viðauka,

d) $E_{(e,s)}$ táknar heildarvirði greiddra bóta vátrygginga- og endurtryggingafélaga fyrir viðburð af gerð *e* í landi *s*.

3. Fyrir allar tegundir viðburða sem settar eru fram í XVI. viðauka og öll lönd sem sett eru fram í XVI. viðauka skal tryggingarfjárhæð vátrygginga- eða endurtryggingafélags fyrir ákveðin viðburð af gerð *e* í ákveðnu landi *s* vera jöfn eftirfarandi:

$$E_{(e,s)} = \sum_{i} SI_{(e,i)}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur alla tryggða einstaklinga vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem eru tryggðir gegn viðburði af gerð *e* og eru búsettir í landi *s*,

b) $SI_{(e,i)}$ táknar virðið á bótunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið greiðir fyrir tryggðan einstakling *i* í tilviki viðburðar af gerð *e*.

Virðið á bótunum skal vera tryggingarfjárhæðin eða, ef vátryggingarsamningurinn kveður á um endurteknar bótagreiðslur, besta mat á bótagreiðslunum í tilfelli viðburðar af gerð *e*. Ef bæturnar samkvæmt vátryggingarsamningi ráðast af eðli eða stærð sérhvers áverka sem leiðir af viðburði *e*, skal útreikningurinn á virði bótanna byggja á hámarksbótum sem völ er á samkvæmt samningnum, sem eru í samræmi við viðburðinn. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, skal virðið á bótunum byggja á áætlun um meðaltalsfjárhæðirnar sem greiðast í tilviki viðburðar *e*, að því gefnu að tryggði einstaklingurinn sé óvirkur þann tíma sem tilgreindur er og að teknu tilliti til sértæku ábyrgðana sem skuldbindingarnar taka til.

4. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út virðið á bótunum sem greiddar eru til tryggðs einstaklings sem um getur 3. mgr., byggt á samleitum áhættuflokkum, að því tilskildu að flokkun samninganna fari að ákvæðum 35. gr.

162. gr.

Undireining samþjöppunaráhættu vegna slysa

1. Gjaldþolskrafan fyrir undireiningu samþjöppunaráhættu vegna slysa skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{ac} = \sqrt{\sum_{c} SCR^2_{(ac,c)}}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur öll lönd *c*,

b) $SCR_{(ac,c)}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir samþjöppunaráhættu vegna slysa í landi *c*.

2. Fyrir öll lönd skal gjaldþolskrafan fyrir samþjöppunaráhættu vegna slysa í landi *c* vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$L_{(ac,c)} = C_c \cdot \sum_e x_e \cdot CE_{(e,c)}$$

þar sem:

a) C_c táknar stærstu samþjöppunaráhættuna vegna slysa fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög í landi *c*,

b) samtalan tekur með alla viðburði af gerð *e* sem settir eru fram í XVI. viðauka,

c) x_e táknar hlutfall einstaklinga sem munu fá bætur fyrir viðburð af gerð *e*, sem afleiðingu slyssins sem sett er fram í XVI. viðauka,

d) $CE_{(e,c)}$ táknar meðalvirði greiddra bóta vátrygginga- og endurtryggingafélaga fyrir viðburð af gerð *e* fyrir stærstu samþjöppunaráhættu vegna slysa í landi *c*.

3. Fyrir öll lönd skal stærsta samþjöppunaráhættan vegna slysa fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélag í landi *c* vera jöfn mestum fjölda einstaklinga sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með vátryggingar- eða endurtryggingarskuldbindingu vegna launþegabóta eða vátryggingar- eða endurtryggingarskuldbindingu vegna hóptekjuverndar fyrir hvern og einn þessara einstaklinga,

b) skuldbindingarnar í tengslum við hvern og einn af einstaklingunum nær yfir a.m.k. einn af viðburðunum sem settir eru fram í XVI. viðauka,

c) einstaklingarnir vinna í sömu byggingu sem er staðsett í landi *c*.

4. Fyrir allar tegundir viðburða og lönd skal meðaltal tryggingarfjárhæðar vátrygginga- eða endurtryggingafélags fyrir viðburð af gerð *e* fyrir stærstu samþjöppunaráhættu vegna slysa í landi *c* vera jöfn eftirfarandi:

$$CE_{(e,c)} = \frac{1}{N_e} \sum_{i=1}^{N_e} SI_{(e,i)}$$

þar sem:

a) N_e táknar fjölda tryggðra einstaklinga vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem eru tryggðir gegn viðburði af gerð *e* og sem tilheyra stærstu samþjöppunaráhættu vegna slysa fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið í landi *c*,

b) samtalan inniheldur alla tryggða einstaklinga sem um getur í a-lið,

c) $SI_{(e,i)}$ táknar virðið á bótunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið greiðir fyrir tryggðan einstakling *i* í tilviki viðburðar af gerð *e*.

Virðið á bótunum sem um getur í c-lið skal vera tryggingarfjárhæðin eða, ef samningurinn kveður á um endurteknar bótagreiðslur, besta mat á bótagreiðslunum í tilviki viðburðar af gerð *e*. Ef bæturnar samkvæmt vátryggingarsamningi ráðast af eðli eða stærð skaðans sem leiðir af viðburði *e*, skal útreikningurinn á virði bótanna byggja á hámarksbótum sem völ er á samkvæmt samningnum, sem eru í samræmi við viðburðinn. Fyrir vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, skal virðið á bótunum byggja á áætlun um meðaltalsfjárhæðirnar sem greiðast í tilviki viðburðar *e*, að því gefnu að tryggði einstaklingurinn sé óvirkur þann tíma sem tilgreindur er og að teknu tilliti til sértæku ábyrgðanna sem skuldbindingarnar taka til.

5. Ef farið er að ákvæðum 88. gr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög reiknað út virðið á bótunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið greiðir fyrir tryggða einstaklinginn sem um getur í 4. mgr., byggt á samleitum áhættuflokkum, að því tilskildu að flokkun samninganna hlíti kröfunum sem settar eru fram í 35. gr.

163. gr.

Undireining áhættu vegna heimsfaraldurs

1. Gjaldþolskrafan fyrir undireiningu áhættu vegna heimsfaraldurs skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi á fjárhæð sem, án þess að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang séu dregnar frá, er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$L_p = 0{,}000075 \cdot E + 0{,}4 \cdot \sum_c N_c \cdot M_c$$

þar sem:

a) E táknar heimsfaraldursskuldbindingu vátrygginga- og endurtryggingafélaga vegna tekjuverndar,

b) samtalan tekur með öll lönd c,

c) N_c táknar fjölda tryggðra einstaklinga vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   i. tryggðu einstaklingarnir eru íbúar lands c,

   ii. tryggðu einstaklingarnir falla undir vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar, aðrar en vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta, sem ná yfir sjúkrakostnað sem leiðir af smitsjúkdómi,

d) M_c táknar vænta meðaltalsfjárhæð sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög greiða fyrir hvern tryggðan einstakling lands c í tilfelli heimsfaraldurs.

2. Heimsfaraldursskuldbinding vátrygginga- eða endurtryggingafélags vegna tekjuverndar skal vera jöfn eftirfarandi:

$$E = \sum_i E_i$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur alla tryggða einstaklinga i sem falla undir vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingarnar vegna tekjuverndar, aðrar en vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta,

b) E_i táknar virðið á bótunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið greiðir fyrir tryggðan einstakling i í tilviki varanlegrar starfsóvirkni af völdum smitsjúkdóms. Virðið á bótunum skal vera tryggingarfjárhæðin eða, ef samningurinn kveður á um endurteknar bótagreiðslur, besta mat á bótagreiðslunum að því gefnu að tryggði einstaklingurinn sé varanlega fatlaður og muni ekki ná bata.

3. Fyrir öll lönd skal vænt meðaltalsfjárhæð sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög greiða fyrir hvern tryggðan einstakling ákveðins lands c í tilfelli heimsfaraldurs vera jöfn eftirfarandi:

$$M_c = \sum_h H_h \cdot CH_{(h,c)}$$

þar sem:

a) samtalan tekur með allar gerðir notkunar á heilbrigðisþjónustu h sem settar eru fram í XVI. viðauka,

b) H_h táknar hlutfallið af tryggðum einstaklingum með klínísk einkenni sem nota heilbrigðisþjónustu h eins og sett er fram í XVI. viðauka,

c) $CH_{(h,c)}$ táknar besta mat á fjárhæðunum sem vátrygginga- og endurtryggingafélög greiða fyrir tryggðan einstakling í landi c í tengslum við vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaður, aðrar en vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar vegna launþegabóta, vegna notkunar á heilbrigðisþjónusta h í tilfelli heimsfaraldurs.

5. ÞÁTTUR

Eining markaðsáhættu

1. undirþáttur

Fylgnistuðlar

164. gr.

1. Eining markaðsáhættu skal samanstanda af öllum eftirfarandi undireiningum:

a) undireiningu vaxtaáhættu sem um getur í a-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) undireiningu hlutabréfaáhættu sem um getur í b-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) undireiningu fasteignaáhættu sem um getur í c-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) undireiningu vikáhættu sem um getur í d-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) undireiningu gjaldmiðilsáhættu sem um getur í e-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

f) undireiningu samþjöppunar markaðsáhættu sem um getur í f-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Gjaldþolskrafan fyrir markaðsáhættu sem um getur í 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{market} = \sqrt{\sum_{i,j} Corr_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j}$$

þar sem:

a) samtalan inniheldur allar mögulegar samsetningar *i*,*j* af undireiningum einingar markaðsáhættu,

b) CorrH(i,j) táknar fylgnistikann fyrir markaðsáhættu fyrir undireiningar i og j,

c) SCRi og SCRj táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireiningar i og j, eftir því sem við á.

3. Fylgnistikinn $Corr_{(i,)}$ sem um getur í 2. mgr. skal vera jafn liðnum sem settur er fram í línu *i* og í dálki *j* í eftirfarandi fylgnifylki:

i \ *j*	Vextir	Hlutabréf	Fasteign	Áhættuálag	Samþjöppun	Gjaldmiðill
Vextir	1	A	A	A	0	0,25
Hlutabréf	A	1	0,75	0,75	0	0,25
Fasteign	A	0,75	1	0,5	0	0,25
Áhættuálag	A	0,75	0,5	1	0	0,25
Samþjöppun	0	0	0	0	1	0
Gjaldmiðill	0,25	0,25	0,25	0,25	0	1

Stikinn A skal vera jafn 0 ef gjaldþolskrafan fyrir vaxtaáhættu sem sett er fram í 165. gr. er gjaldþolskrafan sem um getur í a-lið þeirrar greinar. Í öllum öðrum tilvikum skal stikinn A vera jafn 0,5.

2. undirþáttur

Undireining vaxtaáhættu

165. gr.

Almenn ákvæði

1. Gjaldþolskrafan fyrir vaxtaáhættu sem um getur í a-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn þeirri hærri af eftirfarandi:

a) samtölunni, yfir alla gjaldmiðla, á gjaldþolskröfunum fyrir áhættuna af hækkun í vaxtaskilmálum eins og sett er fram í 166. gr. þessarar reglugerðar,

b) samtölunni, yfir alla gjaldmiðla, á gjaldþolskröfunum fyrir áhættuna af lækkun í vaxtaskilmálum eins og sett er fram í 167. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þegar sú hærri af gjaldþolskröfunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. og sú hærri af samsvarandi gjaldþolskröfum sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. 206. gr., eru ekki byggðar á sömu sviðsmyndinni skal gjaldþolskrafan fyrir vaxtaáhættu vera gjaldþolskrafan sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. þar sem undirliggjandi sviðsmynd leiðir til hæstu samsvarandi gjaldþolskröfu reiknaða út í samræmi við 2. mgr. 206. gr.

166. gr.

Hækkun í vaxtaskilmálum

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af hækkun í vaxtaskilmálum fyrir gefinn gjaldmiðil skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri hækkun á áhættulausum grunnvöxtum fyrir þann gjaldmiðil við mismunandi binditíma í samræmi við eftirfarandi töflu:

Binditími (í árum)	Hækkun
1	70%
2	70%
3	64%
4	59%
5	55%
6	52%
7	49%
8	47%
9	44%
10	42%
11	39%
12	37%
13	35%
14	34%
15	33%
16	31%
17	30%
18	29%
19	27%
20	26%
90	20%

Fyrir binditíma sem ekki eru tilgreindir í töflunni hér að ofan skal virði hækkunarinnar vera línulega innreiknað. Fyrir binditíma styttri en 1 ár skal hækkunin vera 70%. Fyrir binditíma lengri en 90 ár skal hækkunin vera 20%.

2. Í öllum tilvikum skal hækkunin á áhættulausum grunnvöxtum við sérhvern gjalddaga vera a.m.k. eitt prósentustig.

3. Áhrifin af hækkuninni í skilmálum áhættulausra grunnvaxta á virði hlutdeildanna, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum, skulu eingöngu tekin til athugunar út frá virði hlutdeildanna sem ekki eru dregin frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar. Einungis skal taka tillit til hlutans sem dregin er frá gjaldþoli að því marki sem slík áhrif hækka kjarnagjaldþolið.

167. gr.

Lækkun í vaxtaferli

1. Gjaldþolskrafan fyrir áhættuna af lækkun í vaxtaferlinum fyrir gefinn gjaldmiðil skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri lækkun á áhættulausum grunnvöxtum fyrir þann gjaldmiðil við mismunandi binditíma í samræmi við eftirfarandi töflu:

Binditími (í árum)	Lækkun
1	75%
2	65%
3	56%
4	50%
5	46%
6	42%
7	39%
8	36%
9	33%
10	31%
11	30%
12	29%
13	28%
14	28%
15	27%
16	28%
17	28%
18	28%
19	29%
20	29%
90	20%

Fyrir binditíma sem ekki eru tilgreindir í töflunni hér að ofan skal virði lækkunarinnar vera línulega innreiknað. Fyrir binditíma styttri en 1 ár skal lækkunin vera 75%. Fyrir binditíma lengri en 90 ár skal lækkunin vera 20%.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal lækkunin fyrir neikvæða áhættulausa grunnvexti vera núll.

3. Áhrifin á virði hlutdeildanna, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum af lækkuninni í áhættulausa grunnvaxtaferlinum, skulu eingöngu tekin til athugunar út frá virði hlutdeildanna sem ekki eru dregin frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar. Hlutinn sem dregin er frá gjaldþoli skal eingöngu tekin til athugunar að því marki sem slík áhrif hækka kjarnagjaldþolið.

3. undirþáttur

Undireining hlutabréfaáhættu

168. gr.

Almenn ákvæði

1. Í undireiningu hlutabréfaáhættu sem um getur í b-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal taka með undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 1 og undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 2.

2. Hlutabréf af gerð 1 skulu samanstanda af hlutabréfum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

3. Hlutabréf af gerð 2 skulu samanstanda af hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum í löndum sem eru ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu eða Efnahags- og framfarastofnuninni, óskráðum hlutabréfum, hrávöru og öðrum fjárfestingum. Þau skulu einnig samanstanda af öllum eignum, öðrum en þeim sem undireining vaxtaáhættu, undireining fasteignaáhættu eða undireining vikáhættu ná yfir, þ.m.t. eignum og óbeinum áhættuskuldbindingum sem um getur í 1. og 2. mgr. 84. gr. þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið nýtir sér ekki ákvæðin í 3. mgr. 84. gr.

4. Gjaldþolskrafan fyrir hlutabréfaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{equity} = \sqrt{SCR^2_{type1equities} + 2 \cdot 0{,}75 \cdot SCR_{type1equities} \cdot SCR_{type2equities} + SCR^2_{type2equities}}$$

þar sem:

a) $SCR_{type\ 1\ equities}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 1,

b) $SCR_{type\ 2\ equities}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 2.

5. Áhrifin af skyndilegri lækkun, sem sett er fram í 169. og 170. gr., á virði hlutdeildanna, eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum, skulu eingöngu tekin til athugunar út frá virði hlutdeildanna sem ekki eru dregnar frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar.

6. Eftirfarandi hlutabréf skuli í hverju tilviki vera álitin sem gerð 1:

a) hlutabréf sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir, eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 ([1]), þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni, sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar, fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluta í þessum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,

b) hlutabréf sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir, eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013, þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni, sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar, fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluta í þessum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

c) að því er varðar aðra lokaða og óskuldsetta sérhæfða sjóði sem eru með staðfestu í Sambandinu eða, ef þeir eru ekki með staðfestu í Sambandinu, eru markaðssettir í Sambandinu í samræmi við 35. eða 40. gr. tilskipunar 2011/61/ESB:

i. hlutabréf sem haldið er í slíkum sjóðum þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sérhæfða sjóðsins,

ii. einingar eða hlutir í slíkum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sérhæfða sjóðsins.

169. gr.

Undireining staðlaðrar hlutabréfaáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir hlutabréf af gerð 1, sem um getur í 168. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af eftirfarandi skyndilegum lækkunum:

a) skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% á virðinu á hlutabréfafjárfestingum af gerð 1 í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,

b) skyndilegri lækkun sem er jöfn 39% og samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, á virðinu á hlutabréfum af gerð 1 öðrum en þeim sem um getur í a-lið.

2. Gjaldþolskrafan fyrir hlutabréf af gerð 2, sem um getur í 168. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af eftirfarandi skyndilegum lækkunum:

a) skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% á virðinu á hlutabréfafjárfestingum af gerð 2 í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,

b) skyndilegri lækkun sem er jöfn alls 49% og samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr., í virðinu á hlutabréfum af gerð 2, öðrum en þeim sem um getur í a-lið.

170. gr.

Undireining hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma

1. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur fengið samþykki eftirlitsyfirvalda til að beita ákvæðunum sem sett eru fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal gjaldþolskrafan fyrir hlutabréf af gerð 1 vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af eftirfarandi skyndilegum lækkunum:

a) skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% á virðinu á hlutabréfum af gerð 1 sem samsvarar rekstrinum sem um getur í i-lið b-liðar 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% á virðinu á hlutabréfafjárfestingum af gerð 1 í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. 212 gr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,

c) skyndilegri lækkun sem er jöfn alls 39% og samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, í virðinu á hlutabréfum af gerð 1 öðrum en þeim sem um getur í a- eða b-lið.

2. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur fengið samþykki eftirlitsyfirvalda til að beita ákvæðunum sem sett eru fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal gjaldþolskrafan fyrir hlutabréf af gerð 2 vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun:

a) sem er jöfn 22% í virðinu á hlutabréfum af gerð 2 sem samsvarar rekstrinum sem um getur í i-lið b-liðar 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) sem er jöfn 22% í virðinu á hlutabréfafjárfestingum af gerð 2 í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,

c) sem er jöfn alls 49% og samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, í virðinu á hlutabréfum af gerð 2 öðrum en þeim sem um getur í a- eða b-liðum.

171. gr.

Stefnumarkandi hlutabréfafjárfestingar

Að því er varðar a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 169. gr. og b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. 170. gr. skulu hlutabréfafjárfestingar sem eru að eðli til stefnumarkandi tákna hlutabréfafjárfestingar þar sem hluteignarfélög á vátrygginga- eða endurtryggingasviði sýna fram á eftirfarandi:

a) að virðið á hlutabréfafjárfestingunni sé líklegt til að vera minna óstöðugt næstu 12 mánuði en virðið á öðrum hlutabréfum yfir sama tímabil sem afleiðing af bæði eðli fjárfestingarinnar og áhrifanna sem hluteignarfélagið hefur í tengda félaginu,

b) að eðli fjárfestingarinnar sé stefnumarkandi, að teknu tilliti til allra viðeigandi þátta, þ.m.t.:

   i. skýrrar ákveðinnar stefnuáætlunar um að halda hlutdeildinni í langan tíma,

   ii. samkvæmni í stefnuáætluninni sem um getur í a-lið við meginstefnurnar sem leiðbeina eða takmarka aðgerðir félagsins,

   iii. getu hluteignarfélagsins til að halda hlutdeildinni í tengda félaginu,

   iv. að til staðar sé varanleg tenging,

   v. ef hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði er hluti af samstæðu, samkvæmni slíkrar stefnuáætlunar við meginstefnurnar sem leiðbeina eða takmarka aðgerðir samstæðunnar.

172. gr.

Samhverf aðlögun á hlutafjárkröfu

1. Hlutabréfavísitalan sem um getur í 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal fullnægja öllum eftirfarandi kröfum:

a) hlutabréfavísitalan mælir markaðsverðið á fjölþættu hlutabréfaeignasafni sem er dæmigert fyrir eðli þeirra hlutabréfa sem vátrygginga- og endurtryggingafélög eiga að jafnaði,

b) stig hlutabréfavísitölunnar er aðgengilegt öllum,

c) tíðni birtinga á stigi hlutabréfavísitölunnar er nægjanleg til að hægt sé að ákvarða núverandi stig vísitölunnar og meðaltal hennar yfir síðustu 36 mánuði.

2. Með fyrirvara um 4. mgr. skal samhverfa aðlögunin vera jöfn eftirfarandi:

$$SA = \frac{1}{2} \cdot \left(\frac{CI - AI}{AI} - 8\%\right)$$

þar sem:

a) *CI* táknar núverandi stig hlutabréfavísitölunnar,

b) *AI* táknar vegna meðaltalið á daglegu stigi hlutabréfavísitölunnar yfir síðustu 36 mánuði.

3. Að því er varðar útreikning vegna meðaltalsins á daglegu stigi hlutabréfavísitölunnar skal vægið fyrir öll dagleg stig vera jafnt. Þeir dagar síðustu 36 mánaða þar sem vísitalan var ekki ákvörðuð skulu ekki teknir með í meðaltalinu.

4. Samhverfa aðlögunin skal ekki vera lægri en – 10% eða hærri en 10%.

173. gr.

Viðmiðanir fyrir notkun á umbreytingarráðstöfun fyrir staðlaða hlutabréfaáhættu

Umbreytingarráðstöfunin fyrir staðlaða hlutabréfaáhættu, sem sett er fram í 12. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skal eingöngu beitt á hlutabréf af gerð 1 sem voru keypt á eða fyrir 1. janúar 2016 og sem falla ekki undir hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma skv. 304. gr. þeirrar tilskipunar.

4. undirþáttur

Undireining fasteignaáhættu

174. gr.

Gjaldþolskrafan fyrir fasteignaáhættu, sem um getur í c-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun um 25% í virðinu á fasteign.

5. undirþáttur

Undireining vikáhættu

175. gr.

Notkunarsvið undireiningar vikáhættu

Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu sem um getur í d-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{spread} = SCR_{bonds} + SCR_{securitisation} + SCR_{cd}$$

þar sem

a) SCR_{bonds} táknar gjaldþolskröfuna fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán,

b) $SCR_{securitisation}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir vikáhættu á verðbréfaðar stöður,

c) SCR_{cd} táknar gjaldþolskröfuna fyrir vikáhættu á lánaafleiður.

176. gr.

Vikáhætta á skuldabréf og lán

1. Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á skuldabréf og lán SCR_{bonds} skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri hlutfallslegri lækkun $stress_i$ í virðinu á hverju skuldabréfi eða láni i, annarra en húsnæðislána sem uppfylla kröfurnar í 191. gr., þ.m.t. bankainnlán önnur en bankainnstæður sem um getur í b-lið 2. mgr. 189. gr.

2. Áhættustuðullinn $stress_i$ skal ráðast af leiðréttum líftíma skuldabréfs eða láns i, gefnum upp í árum (dur_i). dur_i skal aldrei vera lægra en 1. Fyrir skuldabréf eða lán með breytilega vexti skal dur_i vera jafngilt leiðréttum líftíma skuldabréfs eða láns með fasta vexti sem er með sama gjalddaga og með arðmiðagreiðslur sem eru jafnar framvirku vöxtunum.

3. Skuldabréfum og lánum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, skal úthlutað áhættustuðul $stress_i$ með hliðsjón af útlánagæðaþrepi og leiðréttum líftíma dur_i skuldabréfsins eða lánsins i samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep		0		1		2		3		4		5 og 6	
Líftími (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
allt að 5	$b_i \cdot dur_i$	—	0,9%	—	1,1%	—	1,4%	—	2,5%	—	4,5%	—	7,5%
Meira en 5 og allt að 10	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 5)$	4,5%	0,5%	5,5%	0,6%	7,0%	0,7%	12,5 %	1,5%	22,5 %	2,5%	37,5 %	4,2%
Meira en 10 og allt að 15	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	7,0%	0,5%	8,4%	0,5%	10,5 %	0,5%	20,0 %	1,0%	35,0 %	1,8%	58,5 %	0,5%

Útlánagæðaþrep		0		1		2		3		4		5 og 6	
Líftími (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
Meira en 15 og allt að 20	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	9,5%	0,5%	10,9 %	0,5%	13,0 %	0,5%	25,0 %	1,0%	44,0 %	0,5%	61,0 %	0,5%
Meira en 20	min $[a_i + b_i \cdot (dur_i - 20);1]$	12,0 %	0,5%	13,4 %	0,5%	15,5 %	0,5%	30,0 %	0,5%	46,5 %	0,5%	63,5 %	0,5%

4. Skuldabréfum og lánum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og sem skuldarar hafa ekki lagt fram veð fyrir sem uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 214. gr., skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ með hliðsjón af líftímanum dur_i á skuldabréfinu eða láninu *i* samkvæmt eftirfarandi töflu:

Líftími (dur_i)	$stress_i$
allt að 5	$3\% \cdot dur_i$
Meira en 5 og allt að 10	$15 + 1{,}7\% \, (dur_i - 5)$
Meira en 10 og allt að 20	$23{,}5 + 1{,}2\% \, (dur_i - 10)$
Meira en 20	min $(35{,}5\% + 0{,}5\% \cdot (dur_i - 20);1)$

5. Skuldabréfum og lánum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og sem skuldarar hafa lagt fram veð fyrir, þegar veðið fyrir þessi skuldabréf og lán uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 214. gr., skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ samkvæmt eftirfarandi:

a) ef virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, er hærra eða jafnt virðinu á skuldabréfinu eða láninu *i*, skal $stress_i$ vera jafnt helmingnum af áhættustuðlinum sem ákvarðaður væri í samræmi við 4. mgr.,

b) ef virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, er lægra en virðið á skuldabréfinu eða láninu *i*, og ef áhættustuðullinn sem ákvarðaður er í samræmi við 4. mgr. myndi leiða til virðis skuldabréfsins eða lánsins *i* sem væri lægra en virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, skal $stress_i$ vera jafnt meðaltalinu á eftirfarandi:

   i. áhættustuðlinum sem ákvarðaður er í samræmi við 4. mgr.,

   ii. mismuninum milli virðisins á skuldabréfinu eða láninu *i* og virðinu á veðinu, að teknu tilliti til áhættu, deilt með virðinu á skuldabréfinu eða láninu *i*,

c) ef virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, er lægra en virðið á skuldabréfinu eða láninu *i*, og ef áhættustuðullinn sem ákvarðaður er í samræmi við 4. mgr. myndi leiða til virðis skuldabréfsins eða lánsins *i* sem er hærra eða jafnt virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, skal $stress_i$ vera ákvarðað í samræmi við 4. mgr.

Virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, skal reiknað út í samræmi við 112., 197. og 198. gr.

6. Áhrifin af skyndilegri lækkun í virðinu á hlutdeildunum eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum, skulu eingöngu tekin til athugunar út frá virði hlutdeildanna sem ekki eru dregin frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar.

177. gr.

Vikáhætta á verðbréfaðar stöður: almenn ákvæði

1. Gjaldþolskrafan $SCR_{securitisation}$ fyrir vikáhættu á verðbréfaðar stöður skal vera samtala gjaldþolskröfunnar fyrir verðbréfaðar stöður af gerð 1, gjaldþolskröfunnar fyrir verðbréfaðar stöður af gerð 2 og gjaldþolskröfunnar fyrir endurverðbréfaðar stöður.

2. Verðbréfaðar stöður af gerð 1 skulu innihalda verðbréfaðar stöður sem uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:

a) stöðunni hefur verið úthlutað á útlánagæðaþrep 3 eða betra,

b) verðbréfunin er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði lands sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða efnahags- og framfarastofnuninni eða er tekin til viðskipta á skipulögðum viðskiptavettvangi á virkum og talsvert stórum markaði fyrir beinar sölur sem hefur eftirfarandi einkenni:

   i. eldri gögn um breidd og dýpt markaðar sem sannast af lágu verðbili kaup- og sölutilboða, mikilli daglegri veltu og miklum fjöldi markaðsaðila,

   ii. til staðar eru traustir markaðsinnviðir,

c) staðan er í efsta áhættulagi eða áhættulögum verðbréfunarinnar og er ávallt með hæsta stig forgangs yfir líftíma viðskiptanna. Í þessum tilgangi skal áhættulag álitið efst ef eftir afhendingu tilkynningar um fullnustu og eftir atvikum tilkynningu um gjaldfellingu, áhættulagið er ekki undirskipað öðrum áhættulögum sömu verðbréfunarviðskipta eða -fyrirkomulags að því er varðar móttöku höfuðstóls- og vaxtagreiðslna, án þess tekið sé tillit til gjaldfallina fjárhæða samkvæmt vaxta- eða gjaldmiðlaafleiðusamningum, þóknana eða annarra svipaðra greiðslna,

d) sérstakur verðbréfunaraðili (SSPE) hefur aflað undirliggjandi áhættuskuldbindinganna í skilningi 66. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með þeim hætti sem fullnustuhæfur er gagnvart sérhverjum þriðja aðila og utan seilingar seljandans (upphafsaðila, umsýsluaðila eða upphafslegs lánveitanda) og kröfuhafa þeirra, þ.m.t. þegar um er að ræða ógjaldfærni seljandans,

e) yfirfærslan á undirliggjandi áhættuskuldbindingunum til sérstaka verðbréfunaraðilans fellur mögulega ekki undir neinar strangar endurgreiðslukröfur í lögsögunni þar sem seljandinn (upphafsaðili, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi) er skráður. Þetta nær yfir, en er ekki takmarkað við, ákvæðin um að salan á undirliggjandi áhættuskuldbindingum geti verið gerð ógild af skiptastjóra seljandans (upphafsaðilans, umsýsluaðilans eða upphaflega lánveitandanum) einungis á grundvelli þess að hún var gerð innan ákveðins tímabils fyrir yfirlýsinguna um ógjaldfærni seljandans eða ákvæðin um að sérstakur verðbréfunaraðili geti komið í veg fyrir slíka ógildingu eingöngu ef hann getur sannað að honum hafi ekki verið ógjaldfærni seljandans ljós á þeim tíma sem salan fór fram,

f) undirliggjandi áhættuskuldbindingunum er stýrt í gegnum þjónustusamning sem inniheldur ákvæði um samfellda þjónustu til að tryggja, að lágmarki, að vanskil eða ógjaldfærni þjónustuveitandans leiði ekki til þess að þjónustan hætti,

g) skjölunin sem stýrir verðbréfuninni inniheldur ákvæði um samfellu til að tryggja, að lágmarki, að mótaðilum í afleiðu og lausafjárveitendum sé, eftir atvikum, skipt út við vanskil eða ógjaldfærni þeirra,

h) verðbréfaða staðan er tryggð með eignasafni einsleitra undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem allar tilheyra eingöngu einum af eftirfarandi flokkum eða með eignasafni einsleitra undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem samþætta húsnæðislán sem um getur í i. og ii. undirlið:

   i. húsnæðislán tryggð með forgangsveðlánatryggingu sem veitt er einstaklingum til kaupa á aðalheimili þeirra, að því tilskildu að annað eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

      — lánin í eignasafninu uppfylla að meðaltali veðsetningarhlutfallskröfuna sem mælt er fyrir um í i. undirlið d-liðar 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (EBS) nr. 575/2013,

      — landslög aðildarríkisins þar sem lánin voru gefin út kveða á um takmörkun á fjárhæð húsnæðisláns sem lántaki getur fengið að láni m.t.t hlutfalls skulda og tekna, og að aðildarríki hafi tilkynnt þessi lög til framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar. Takmörkunin á skuldum og teknum skal reiknuð út frá vergum árstekjum lántakans, að teknu tilliti til skattaskuldbindinga og annarra skuldbindinga lántakans og áhættunnar af breytingum á vöxtunum yfir lánstímann. Fyrir hvert húsnæðislán í eignasafninu getur hlutfall vergra tekna lántakans sem hægt er að nota til að standa í skilum á láninu, þ.m.t. vöxtum, höfuðstóli og til greiðslu gjalda, ekki farið yfir 45%.

   ii. fulltryggðum húsnæðislánum sem um getur í e-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því tilskildu að lánin uppfylli veðtryggingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein og uppfylli að meðaltali veðsetningarhlutfallskröfuna sem mælt er fyrir um í i. undirlið d-liðar 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

iii. viðskiptalánum, leigumálum og lánsheimildum til félaga til að fjármagna fjárfestingarútgjöld eða viðskiptastarfsemi aðra en til kaupa eða uppbyggingar á viðskiptahúsnæði, að því tilskildu að a.m.k. 80% af lántökum í eignasafninu með tilliti til jafnvægis eignasafnsins séu lítil og meðalstór fyrirtæki á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út, og að enginn af lántökunum sé stofnun eins og skilgreint er í 3. undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

iv. bílalánum og leigusamningum fyrir fjármögnun á vélknúnum ökutækjum eða tengivögnum eins og skilgreint er í 3. gr. (11. og 12. lið) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([1]), dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB ([2]), bifhjólum og bifþríhjólum eins og skilgreint er í 1. gr. (b- og c-lið 2. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB ([3]), eða ökutækjum á beltum eins og um getur í 2. gr. (c-lið 2. mgr.) tilskipunar 2007/46/EB. Slík lán eða leigusamningar geta innihaldið viðbótar vátryggingar og þjónustuvörur eða aukavarahluti, og ef um er að ræða leigusamninga, hrakvirði leigðu ökutækjanna. Öll lán og leigusamningar í safninu skulu tryggð með forgangskröfu eða tryggingu fyrir ökutækinu eða viðeigandi tryggingu í þágu sérstaka verðbréfunaraðilans, svo sem ákvæði um áframhaldandi eignarhald,

v. lánum og lánsheimildum til einstaklinga til einka-, fjölskyldu- eða heimilisnota.

i) staðan er ekki í endurverðbréfun eða gerviverðbréfun eins og um getur í 11. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

j) undirliggjandi áhættuskuldbindingarnar innihalda ekki yfirfæranlega fjármálagerninga eða afleiður, nema fjármálagerninga sem gefnir eru út af sérstaka verðbréfunaraðilanum sjálfum eða öðrum aðilum innan verðbréfunarkerfisins og afleiður sem notaðar eru til að áhættuverja fyrir gjaldmiðils- og vaxtaáhættu,

k) á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út eða tekin inn í eignasafn undirliggjandi áhættuskuldbindinga á hvaða tímapunkti sem er eftir útgáfu, innihalda undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki áhættuskuldbindingar vegna lántaka með veikt lánshæfi (eða eftir atvikum, ábyrgðaraðila með veikt lánshæfi), þegar lántaki með veikt lánshæfi (eða eftir atvikum, ábyrgðaraðili með veikt lánshæfi) er lántaki (eða ábyrgðaraðili) sem:

i. hefur verið lýstur gjaldþrota, samið við lánveitendur sína um skuldaniðurfellingu eða endurskipulagningu eða dómstóll veitt lánveitendum hans rétt til aðfarar eða bótagreiðslna vegna greiðslufalls innan þriggja ára fyrir dagsetningu útgáfunnar,

ii. er á opinberri skrá yfir einstaklinga með neikvæða lánasögu,

iii. hefur lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða lánshæfiseinkunn sem gefur til kynna verulega áhættu á að samningsbundnar samþykktar greiðslur muni ekki verða inntar af hendi í samanburði við meðallántakanda fyrir þessa tegund af lánum í viðkomandi lögsögu.

l) á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út eða tekin inn í eignasafn undirliggjandi áhættuskuldbindinga á hvaða tímapunkti sem er eftir útgáfu, innihalda undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki áhættuskuldbindingar sem eru í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

m) endurgreiðsla á verðbréfuðu stöðunni er ekki skipulögð þannig að hún ráðist aðallega af sölunni á eignum sem eru til tryggingar undirliggjandi áhættuskuldbindingunum. Samt sem áður skal þetta ekki koma í veg fyrir að slíkar áhættuskuldbindingar séu síðar framlengdar eða endurfjármagnaðar,

n) ef verðbréfunin hefur verið sett upp án veltufjármögnunartímabils eða veltufjármögnunartímabilinu er lokið og ef fullnusta eða tilkynning um gjaldfellingu hefur verið afhent, ganga höfuðstólsinngreiðslur frá undirliggjandi áhættuskuldbindingum til eigenda verðbréfuðu staðnanna í gegnum röð afborgana af verðbréfuðu stöðunum og engri verulegri peningafjárhæð er haldið eftir hjá sérstaka verðbréfunaraðilanum á hverjum greiðsludegi,

o) ef verðbréfunin hefur verið sett upp með veltufjármögnunartímabili skal í viðskiptaskjölum kveðið á um viðeigandi greiðslur afborgana fyrir gjalddaga, sem skulu innihalda að lágmarki allt eftirfarandi:

i. rýrnun útlánagæða undirliggjandi áhættuskuldbindinga,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1–80.).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1–44).

ii. skort á öflun nægra nýrra undirliggjandi áhættuskuldbindinga af að lágmarki svipuðum útlánagæðum,

iii. atburði tengda ógjaldfærni að því er varðar upphafsaðilann eða umsýslusýsluaðila.

p) á þeim tíma sem útgáfa verðbréfunarinnar á sér stað, hafi lántakendur (eða, eftir atvikum, ábyrgðaraðilarnir) innt af hendi a.m.k. eina greiðslu, nema verðbréfunin sé tryggð með lánsheimildum sem um getur í v. undirlið h-liðar þessarar málsgreinar,

q) ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. eða ii. undirlið h-liðar, inniheldur lánasafnið ekki lán sem var markaðssett og tryggt á þeirri forsendu að lánsumsækjandanum eða, eftir atvikum miðlurunum, hafi verið gert ljóst að upplýsingarnar sem veittar voru séu mögulega ekki staðfestar af lánveitandanum,

r) ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. eða ii. undirlið h-liðar, uppfyllir matið á lánshæfi lántakans kröfurnar sem settar eru fram í 1.–4. mgr. a-liðar 5. mgr. og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB ([1]) eða jafngildar kröfur í löndum sem ekki eru aðilar að Sambandinu,

s) ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru bílalán, leigumálar, neytendalán og lánsheimildir sem um getur í v. undirlið h-liðar þessarar málsgreinar, uppfyllir matið á lánshæfi lántakans kröfurnar sem settar eru fram í 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/ESB ([2]) eða jafngildar kröfur í löndum sem ekki eru aðilar að Sambandinu,

t) ef útgefandinn, upphafsaðilinn eða umsýsluaðili verðbréfunarinnar er með staðfestu í Sambandinu, fullnægir hann kröfunum sem mælt er fyrir um í fimmta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og birtir upplýsingar í samræmi við 8. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 1060/2009, um útlánagæðin og árangur af undirliggjandi áhættuskuldbindingunum, skipulag viðskiptanna, sjóðstreymið og sérhvert veð vegna áhættuskuldbindinganna, sem og allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir fjárfesta til að framkvæma yfirgripsmiklar og vel ígrundaðar álagsprófanir. Ef útgefandinn, upphafsaðilinn og umsýsluaðilinn eru með staðfestu utan Sambandsins skulu yfirgripsmikil gögn um lánastöðu í samræmi við staðla sem almennt eru viðurkenndir af markaðsaðilum, gerð aðgengileg núverandi og mögulegum fjárfestum og eftirlitsaðilum við útgáfu og með reglulegu millibili.

3. Verðbréfaðar stöður af gerð 2 skulu innihalda allar verðbréfaðar stöður sem ekki eru viðurkenndar sem verðbréfaðar stöður af gerð 1.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu verðbréfanir sem gefnar voru út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar vera viðurkenndar sem gerð 1 ef þær uppfylla eingöngu kröfurnar sem settar eru fram í a-, c-, d-, h-, i- og j-lið 2. mgr. Ef undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. undirlið h-liðar 2. mgr. skal hvorugt skilyrðanna fyrir veðsetningarhlutfallinu eða hlutfalli skulda og tekna sem sett eru fram í þeim lið gilda um þessar verðbréfanir.

5. Þrátt fyrir 2. mgr. skal verðbréfuð staða þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. undirlið h-liðar 2. mgr., sem ekki uppfylla meðaltal veðsetningarhlutfallskröfu né kröfuna um hlutfall skulda og tekna sem settar eru fram í þeim lið, vera viðurkenndar sem verðbréfuð staða af gerð 1 fram til 31. desember 2025, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) verðbréfunin var gefin út eftir gildistökudag þessarar reglugerðar,

b) undirliggjandi áhættuskuldbindingar samanstanda af húsnæðislánum sem veitt voru lántökum fyrir beitingu landslaganna sem kveða á um takmörkun á hlutfalli skulda og tekna,

c) undirliggjandi áhættuskuldbindingar samanstanda ekki af húsnæðislánum sem veitt voru lántökum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar og sem ekki hlíta kröfunni um hlutfall skulda og tekna eins og um getur í i. undirlið h-liðar 2. mgr.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2014 (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34.)

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.)

178. gr.

Vikáhætta á verðbréfaðar stöður: útreikningur á gjaldþolskröfu

1. Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á verðbréfaðar stöður af gerð 1 skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri hlutfallslegri lækkun $stress_i$ í virðinu á hverri verðbréfaðri stöðu *i* af gerð 1. Áhættustuðullinn $stress_i$ skal vera jafn eftirfarandi:

$$stress_i = \min(b_i \cdot dur_i; 1)$$

þar sem:

a) dur_i táknar leiðréttan líftíma á verðbréfaðri stöðu, gefinn upp í árum,

b) b_i skal úthlutað með hliðsjón af útlánagæðaþrepi verðbréfaðrar stöðu *i*, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3
b_i	2,1%	3%	3%	3%

2. Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á verðbréfaða stöðu af gerð 2 skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri hlutfallslegri lækkun á $stress_i$ á virðinu á hverri verðbréfaðri stöðu *i* af gerð 2. Áhættustuðullinn $stress_i$ skal vera jafn eftirfarandi:

$$stress_i = \min(b_i \cdot dur_i; 1)$$

þar sem:

a) dur_i táknar leiðréttan líftíma á verðbréfaðri stöðu, gefinn upp í árum,

b) b_i skal úthlutað með hliðsjón af útlánagæðaþrepi verðbréfaðrar stöðu *i*, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
b_i	12,5%	13,4%	16,6%	19,7%	82%	100%	100%

3. Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á endurverðbréfaðar stöður skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri hlutfallslegri lækkun $stress_i$ í virðinu á hverri endurverðbréfaðri stöðu *i*. Áhættustuðullinn $stress_i$ skal vera jafn eftirfarandi:

$$stress_i = \min(b_i \cdot dur_i; 1)$$

þar sem:

a) dur_i táknar leiðréttan líftíma á endurverðbréfaðri stöðu *i*, gefinn upp í árum,

b) b_i skal úthlutað með hliðsjón af útlánagæðaþrepi endurverðbréfaðrar stöðu *i*, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
b_i	33%	40%	51%	91%	100%	100%	100%

4. Leiðrétti líftíminn dur_i sem um getur í 1. og 2. mgr. skal ekki vera styttri en 1 ár.

5. Verðbréfaðar stöður þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er ekki tiltækt fyrir skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ 100%.

179. gr.

Vikáhætta á lánaafleiður

1. Gjaldþolskrafan SCR_{cd} fyrir vikáhættu á lánaafleiður aðrar en þær sem um getur í 4. mgr. skal vera jöfn þeirri hærri af eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri hækkun að raungildi á skuldatryggingarálagi gerninganna sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum, eins og sett er fram í 2. og 3. mgr.,

b) tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri hlutfallslegri lækkun á skuldatryggingarálagi gerninganna sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum um 75%.

Að því er varðar a-lið skal skyndilega hækkunin á skuldatryggingarálagi gerninganna sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir reiknuð út samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
Skyndileg hækkun á skuldatrygg-ingarálagi (í prósentustigum)	1,3	1,5	2,6	4,5	8,4	16,20	16,20

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal skyndilega hækkunin á skuldatryggingarálagi gerninganna sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum, sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, vera 5 prósentustig.

3. Lánaafleiður sem eru hluti af áhættuvarnarstefnu félagsins skulu ekki falla undir gjaldþolskröfu fyrir vikáhættu, svo fremi að félagið haldi annaðhvort gerningunum sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum eða annarri áhættuskuldbindingu með tilliti til þess að grunnáhættan milli þeirrar áhættuskuldbindingar og gerninganna sem eru undirliggjandi lánaafleiðunum sé ekki veruleg í neinum aðstæðum.

4. Þegar sú hærri af gjaldþolskröfunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. og sú hærri af samsvarandi gjaldþolskröfum, sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. 206. gr., eru ekki byggðar á sömu sviðsmyndinni, skal gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á lánaafleiður vera gjaldþolskrafan sem um getur í 1. mgr., þar sem undirliggjandi sviðsmynd leiðir til hæstu samsvarandi gjaldþolskröfu reiknaða út í samræmi við 2. mgr. 206. gr.

180. gr.

Tilteknar áhættuskuldbindingar

1. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa, sem um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB (sértryggð skuldabréf), sem úthlutað hefur verið á útlánagæðaþrep 0 eða 1 skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ samkvæmt eftirfarandi töflu:

Líftími (dur_i) \ Útlánagæðaþrep	0	1
allt að 5	0,7%. dur_i	0,9%. dur_i
Meira en 5 ár	min(3,5%+ 0,5% · (dur_i - 5); 1)	min(4,5% + 0,5% · (dur_i - 5); 1)

2. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána til eftirfarandi skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ 0%:

a) Seðlabanka Evrópu,

b) ríkisstjórnum og seðlabönkum aðildarríkja, tilgreindum og fjármögnuðum í gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og þess seðlabanka,

c) fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkræft, tryggð af einum mótaðilanna sem minnst er á í a- til d-lið, þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr., skal einnig úthlutað áhættustuðli $stress_i$ 0 %.

3. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána vegna ríkisstjórna og seðlabanka, annarra en þeirra sem um getur í b-lið 2. mgr., tilgreindum og fjármögnuðum í gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og þess seðlabanka og sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ með hliðsjón af útlánagæðaþrepi og líftíma áhættuskuldbindingarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep		0 og 1		2		3		4		5 og 6	
Líftími (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
allt að 5	$b_i \cdot dur_i$	—	0,0%	—	1,1%	—	1,4%	—	2,5%	—	4,5%
Meira en 5 og allt að 10	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 5)$	0,0%	0,0%	5,5%	0,6%	7,0%	0,7%	12,5 %	1,5%	22,%	2,5%
Meira en 10 og allt að 15	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 10)$	0,0%	0,0%	8,4%	0,5%	10,5 %	0,5%	20,%	1,0%	35,0 %	1,8%
Meira en 15 og allt að 20	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	0,0%	0,0%	10,%	0,5%	13,0 %	0,5%	25,0 %	1,0%	44,0 %	0,5%
Meira en 20	$\min[a_i + b_i \cdot (dur_i - 20);1]$	0,0%	0,0%	13,4 %	0,5%	15,5 %	0,5%	30,0 %	0,5%	46,5 %	0,5%

4. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána til vátrygginga- eða endurtryggingafélags, sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og þegar þetta félag uppfyllir kröfuna um lágmarksfjármagn, skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ frá töflunni í 3. mgr. 176. gr. með hliðsjón af gjaldþolshlutfalli félagsins, með því að nota eftirfarandi kortlagningu (e. *mapping*) milli gjaldþolshlutfalls og útlánagæðaþrepa:

Gjaldþolshlutfall	196%	175%	122%	95%	75%	75%
Útlánagæðaþrep	1	2	3	4	5	6

Ef gjaldþolshlutfallið fellur á milli gjaldþolshlutfallanna sem sett eru fram í töflunni hér að ofan, skal virðið á $stress_i$ vera línulega innreiknað út frá nálægustu virðunum á $stress_i$ sem samsvara nálægustu gjaldþolshlutföllunum sem sett eru fram í töflunni hér að ofan. Ef gjaldþolshlutfallið er lægra en 75% skal $stress_i$ vera jafnt stuðlinum sem samsvarar útlánagæðaþrepunum 5 og 6. Ef gjaldþolshlutfallið er hærra en 196% skal $stress_i$ vera það sama og stuðullinn sem samsvarar útlánagæðaþrepi 1.

Að því er varðar þessa málsgrein, merkir „gjaldþolshlutfall“ hlutfall hæfra fjárhæða gjaldþolsins til að mæta gjaldþolskröfunni og gjaldþolskröfunni, með því að nota nýjustu tiltæk virði.

5. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána til vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem uppfyllir ekki kröfuna um lágmarksfjármagn skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ samkvæmt eftirfarandi töflu:

Líftími (dur_i)	áhættustuðull $stress_i$
allt að 5	7,5%. dur_i
Meira en 5 og allt að 10	37,50% + 4,20%.(dur_i – 5)
Meira en 10 og allt að 15	58,50% + 0,50%.(dur_i – 10)
Meira en 15 og allt að 20	61% + 0,50%.(dur_i – 15)
Meira en 20	$\min(63,5\% + 0,5\% \cdot (dur_i - 20); 1)$

6. Ákvæði 4. og 5. mgr. þessarar greinar skulu eingöngu gilda frá og með fyrsta degi opinberrar birtingar, frá félaginu sem samsvarar áhættuskuldbindingunni, á skýrslunni um gjaldþol og fjárhagsstöðu sína sem um getur í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Fyrir þá dagsetningu, ef lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir áhættuskuldbindingarnar, skal 176. gr. þessarar reglugerðar gilda, að öðrum kosti skal áhættuskuldbindingum úthlutað sama áhættustuðli og þeim sem myndi leiða af beitingu 4. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags með gjaldþolshlutfall 100%.

7. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, staðsett í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/138/EB í samræmi við 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og sem fullnægir gjaldþolskröfum þess þriðja lands, skal úthlutað sama áhættustuðli og þeim sem myndi leiða af beitingu 4. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags með gjaldþolshlutfall 100%.

8. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána vegna lánastofnana og fjármálastofnana í skilningi 1. og 26. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fullnægja gjaldþolskröfunum sem settar eru fram í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skal úthlutað sama áhættustuðli og þeim sem myndi leiða af beitingu 4. mgr. þessarar greinar á áhættuskuldbindingar vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags með gjaldþolshlutfall 100%.

9. Gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu á lánaafleiður þar sem undirliggjandi fjármálagerningur er skuldabréf eða lán vegna áhættuskuldbindingar sem skráð er í 2. mgr., skal vera núll.

10. Verðbréfaðar stöður af gerð 1 sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkræft, tryggðar af Fjárfestingarsjóði Evrópu eða Fjárfestingarbanka Evrópu, þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr., skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ 0%.

181. gr.

Beiting sviðsmynda vikáhættu á eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar

Ef vátryggingafélög beita aðlöguninni vegna samræmingar sem um getur í 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB skulu þau framkvæma sviðsmyndabyggðan útreikning fyrir vikáhættu á eftirfarandi hátt:

a) eignirnar í tilteknu eignasafni skulu falla undir skyndilegu lækkunina á virðinu fyrir vikáhættu sem sett er fram í 176., 178. og 180. gr. þessarar reglugerðar,

b) vátryggingaskuldin skal endurreiknuð til að taka tillit til áhrifanna á fjárhæð aðlögunar vegna samræmingar af skyndilegri lækkun á virði tiltekins eignasafns. Einkum skal hækka grunnskuldatryggingarálagið með fastsettri fjárhæð sem reiknast út sem margfeldi af eftirfarandi:

   i. fastsettri hækkun í skuldatryggingarálagi, margfölduðu með leiðréttum líftíma af viðeigandi eign, sem myndi leiða til viðeigandi áhættustuðuls $stress_i$, sem um getur í 176., 178. og 180. gr. þessarar reglugerðar,

   ii. lækkunarstuðli, með hliðsjón af útlánagæðunum eins og sett er fram í eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
Lækkunarstuðull	45%	50%	60%	75%	100%	100%	100%

Fyrir eignir í tiltekna eignasafninu sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skal lækkunarstuðullinn vera jafn 100%.

6. undirþáttur

Undireining samþjöppunaráhættu markaðsáhættu

182. gr.

Áhættuskuldbinding eins aðila

1. Gjaldþolskrafan fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu skal reiknuð út á grundvelli áhættuskuldbindinga eins aðila. Í þessum tilgangi skulu áhættuskuldbindingar vegna félaga sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu meðhöndlaðar sem áhættuskuldbinding eins aðila. Á sama hátt skulu fasteignir sem staðsettar eru í sömu byggingu taldar ein fasteign.

2. Áhættuskuldbinding í vanskilum vegna mótaðila skal vera samtala áhættuskuldbindinga vegna þess mótaðila.

3. Áhættuskuldbinding í vanskilum vegna áhættuskuldbindingar eins aðila skal vera samtala áhættuskuldbindinga í vanskilum vegna allra mótaðila sem tilheyra áhættuskuldbindingu þess eina aðila.

4. Vegna meðaltalsútlánagæðaþrepið á áhættuskuldbindingu eins aðila skal vera jafnt meðaltalinu, námunduðu upp, á útlánagæðaþrepum allra áhættuskuldbindinga vegna allra mótaðila sem tilheyra áhættuskuldbindingu þess eina aðila, vegnum með virðinu á hverri áhættuskuldbindingu.

5. Að því er varðar 4. mgr. skal áhættuskuldbindingum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, úthlutað útlánagæðaþrepi í samræmi við 1. kafla 2. þáttar þessa bálks. Áhættuskuldbindingum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skal úthlutað á útlánagæðaþrep 5.

183. gr.

Útreikningur á gjaldþolskröfu fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu

1. Gjaldþolskrafan fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{conc} = \sqrt{\sum_i Conc_i^2}$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir allar áhættuskuldbindingar eins aðila *i*,

b) $Conc_i$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu á áhættuskuldbindingu eins aðila *i*.

2. Fyrir hverja áhættuskuldbindingu eins aðila *i*, skal gjaldþolskrafan fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu $Conc_i$ vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun í virðinu á eignunum sem samsvarar áhættuskuldbindingu eins aðila *i* sem er jöfn eftirfarandi:

$$XS_i \cdot g_i$$

þar sem:

a) XS_i er umframáhættuskuldbindingin sem um getur 184. gr.,

b) g_i er áhættustuðullinn fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu sem um getur í 186. og 187. gr.

184. gr.

Umframáhættuskuldbinding

1. Umframáhættuskuldbindingin á áhættuskuldbindingu eins aðila *i* skal vera jöfn eftirfarandi:

$$XS_i = Max(0; E_i - CT_i \cdot Assets)$$

þar sem:

a) E_i táknar áhættuskuldbindingu í vanskilum vegna áhættuskuldbindingar eins aðila *i* sem tekin er með í reikningsgrunn undireiningar samþjöppunaráhættu markaðsáhættu,

b) *Assets* táknar reikningsgrunn undireiningar samþjöppunaráhættu markaðsáhættu,

c) CT_i táknar hlutfallslegu viðmiðunarmörkin fyrir umframáhættuskuldbindingu sem um getur 185. gr.

2. Reikningsgrunnur undireiningar samþjöppunaráhættu markaðsáhættu, *Assets* skal vera jafn virðinu á öllum eignum vátrygginga- eða endurtryggingafélags, að undanskildum eftirfarandi:

a) eignum sem haldið er að því er varðar líftryggingasamninga, ef fjárfestingaráhættan er að fullu borin af vátryggingartökunum,

b) áhættuskuldbindingum vegna mótaðila sem tilheyrir sömu samstæðu og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. mótaðilinn er vátrygginga- eða endurtryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða félag í hliðarstarfsemi,

   ii. mótaðilinn er að fullu á samstæðustigi í samræmi við a-lið 1. mgr. 335. gr.,

   iii. mótaðilinn fellur undir sömu áhættumats-, mælingar- og eftirlitsaðferðir og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið,

   iv. mótaðilinn er með staðfestu í Sambandinu,

   v. engar núverandi eða fyrirséðar verulegar hagnýtar eða lagalegar hömlur eru á tafarlausri yfirfærslu á gjaldþoli eða endurgreiðslu skulda frá mótaðilanum til vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

c) virði hlutdeildanna eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum sem dregin eru frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar,

d) áhættuskuldbindingum sem eining mótaðilaáhættu nær yfir,

e) frestuðum skattinneignum,

f) óefnislegum eignum.

3. Áhættuskuldbinding í vanskilum vegna áhættuskuldbindingar eins aðila *i* skal lækkuð með fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar í vanskilum vegna mótaðila sem tilheyra þeirri áhættuskuldbindingu eins aðila og þar sem áhættustuðullinn fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu sem um getur í 168. og 187. gr. er 0%.

185. gr.

Hlutfallsleg viðmiðunarmörk fyrir umframáhættuskuldbindingu

Sérhverri áhættuskuldbindingu eins aðila *i* skal úthlutað, í samræmi við eftirfarandi töflu, hlutfallslegu viðmiðunarmarki fyrir umframáhættuskuldbindingu með hliðsjón af vegnu meðaltalsútlánagæðaþrepi áhættuskuldbindingar eins aðila *i*, reiknuðu út í samræmi við 4. mgr. 182. gr.

Vegið meðaltalsútlánagæðaþrep áhættuskuldbindingar eins aðila *i*	0	1	2	3	4	5	6
Hlutfallsleg viðmiðunarmörk fyrir umframáhættuskuldbindingu CT_i	3%	3%	3%	1,5%	1,5%	1,5%	1,5%

186. gr.

Áhættustuðull fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu

1. Sérhverri áhættuskuldbindingu eins aðila *i* skal úthlutað, í samræmi við eftirfarandi töflu, áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu með hliðsjón af vegnu meðaltalsútlánagæðaþrepi áhættuskuldbindingar eins aðila *i*, reiknuðu út í samræmi við 4. mgr. 182. gr.

Vegið meðaltalsútlánagæðaþrep áhættuskuldbindingar eins aðila *i*	0	1	2	3	4	5	6
Áhættustuðull g_i	12%	12%	21%	27%	73%	73%	73%

2. Áhættuskuldbindingum eins aðila vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og þegar félagið uppfyllir kröfuna um lágmarksfjármagn, skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu með hliðsjón af gjaldþolshlutfalli félagsins í samræmi við eftirfarandi töflu:

Gjaldþolshlutfall	95%	100%	122%	175%	196%
Áhættustuðull g_i	73%	64,5%	27%	21%	12%

Ef gjaldþolshlutfallið fellur á milli gjaldþolshlutfallanna sem sett eru fram í töflunni hér að ofan, skal virðið á g_i vera línulega innreiknað frá nálægustu virðunum á g_i sem samsvara nálægustu gjaldþolshlutföllunum sem sett eru fram í töflunni hér að ofan. Ef gjaldþolshlutfallið er lægra en 95% skal áhættustuðullinn g_i vera jafn 73%. Ef gjaldþolshlutfallið er hærra en 196% skal áhættustuðullinn g_i vera jafn 12%.

Að því er varðar þessa málsgrein, merkir „gjaldþolshlutfall“ hlutfall hæfra fjárhæða gjaldþolsins til að mæta gjaldþolskröfunni og gjaldþolskröfunni, með því að nota nýjustu tiltæk virði.

3. Áhættuskuldbindingar eins aðila vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem ekki uppfylla kröfuna um lágmarksfjármagn skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu jafna 73%.

Ákvæði 2 .og 3. mgr. þessarar greinar skulu einungis gilda frá og með fyrsta degi opinberrar birtingar félagsins sem samsvarar áhættuskuldbindingunni, á skýrslunni um gjaldþol og fjárhagsstöðu sem um getur í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Fyrir þá dagsetningu, ef lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir áhættuskuldbindingu eins aðila, skal 1. mgr. gilda, að öðrum kosti skal áhættuskuldbindingunni úthlutað áhættustuðli g_i 64,5%.

4. Áhættuskuldbindingum eins aðila vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi, sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, staðsettu í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar skv. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og sem fullnægir gjaldþolskröfum þess þriðja lands, skal úthlutað sama áhættustuðli g_i 64,5 %.

5. Áhættuskuldbindingum eins aðila vegna lánastofnana og fjármálastofnana í skilningi 1. og 26. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem fullnægja gjaldþolskröfunum sem settar eru fram í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skal úthlutað áhættustuðli g_i 64,5%.

6. Áhættuskuldbindingum eins aðila, annarra en þeirra sem tilgreindir eru í 1.–5. mgr., skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 73%.

187. gr.

Tilteknar áhættuskuldbindingar

1. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB (sértryggð skuldabréf), skal úthlutað hlutfallslegu viðmiðunarmarki fyrir umframáhættuskuldbindingar CT_i 15%, að því tilskildu að samsvarandi áhættuskuldbindingum í formi sértryggðra skuldabréfa hafi verið úthlutað útlánagæðaþrepi 0 eða 1. Áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa skulu taldar sem áhættuskuldbindingar eins aðila, án tillits til annarra áhættuskuldbindinga vegna sama mótaðila sem útgefanda á sértryggðu skuldabréfunum, sem mynda aðgreinda áhættuskuldbindingu eins aðila.

2. Áhættuskuldbindingum vegna einnar fasteignar skal úthlutað hlutfallslegu viðmiðunarmarki fyrir umframáhættuskuldbindingu CT_i 10% og áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 12%.

3. Áhættuskuldbindingum vegna eftirfarandi skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 0%:

a) Seðlabanka Evrópu,

b) ríkisstjórna og seðlabanka aðildarríkja, tilgreindum og fjármögnuðum í gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og þess seðlabanka,

c) fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Áhættuskuldbindingum sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkræft, tryggðar af einum mótaðilanna sem minnst er á í a til d-lið, þegar tryggingin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 215. gr., skal einnig úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 0%.

4. Áhættuskuldbindingum vegna ríkisstjórna og seðlabanka, annarra en þeirra sem um getur í b-lið 3. mgr., tilgreindum og fjármögnuðum í gjaldmiðli þeirrar ríkisstjórnar og þess seðlabanka, skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu með hliðsjón af vegnum meðaltalsútlánagæðaþrepum þeirra, í samræmi við eftirfarandi töflu:

Vegið meðaltalsútlánagæðaþrep áhættuskuldbindingar eins aðila *i*	0	1	2	3	4	5	6
Áhættustuðull g_i	0%	0%	12%	21%	27%	73%	73%

5. Áhættuskuldbindingum í formi bankainnlána skal úthlutað áhættustuðli g_i fyrir samþjöppunaráhættu markaðsáhættu 0%, að því tilskildu að þær uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

a) fullt virði áhættuskuldbindingarinnar er varið með opinberu ábyrgðarkerfi í Sambandinu,

b) ábyrgðin veitir vátrygginga- eða endurtryggingafélagi vernd án nokkurra takmarkana,

c) engin tvítalning slíkrar ábyrgðar er í útreikningnum á gjaldþolskröfunni.

7. undirþáttur

Undireining gjaldmiðilsáhættu

188. gr.

1. Gjaldþolskrafan fyrir gjaldmiðilsáhættu sem um getur í e-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera jöfn samtölu gjaldþolskrafnanna fyrir gjaldmiðilsáhættu fyrir hvern erlendan gjaldmiðil. Fjárfestingar í hlutabréfum af gerð 1 sem um getur í 2. mgr. 168. gr., og hlutabréfum af gerð 2 sem um getur í 3. mgr. 168. gr., sem skráð eru í kauphallir sem starfræktar eru í mismunandi gjaldmiðlum, skulu taldar næmar gagnvart gjaldmiðlinum sem þær eru aðallega skráðar í. Hlutabréf af gerð 2 sem um getur í 3. mgr. 168. gr., sem ekki eru skráð, skulu talin næm fyrir gjaldmiðli landsins þar sem útgefandinn er með meginstarfsemi sína. Fasteign skal talin vera næm gagnvart gjaldmiðli landsins sem hún er staðsett í.

Að því er varðar þessa grein skulu erlendir gjaldmiðlar vera aðrir gjaldmiðlar en þeir gjaldmiðlar sem notaðir eru fyrir undirbúning reikningsskila vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins („gjaldmiðill hlutaðeigandi lands“).

2. Fyrir hvern erlendan gjaldmiðil skal gjaldþolskrafan fyrir gjaldmiðilsáhættu vera jöfn þeirri hærri af eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) gjaldþolskröfunni fyrir áhættu af hækkun á virði erlenda gjaldmiðilsins gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands,

b) gjaldþolskröfunni fyrir áhættu af lækkun á virði erlenda gjaldmiðilsins gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands.

3. Gjaldþolskrafan fyrir áhættuna af hækkun á virði erlends gjaldmiðils gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri hækkun um 25% í virðinu á erlenda gjaldmiðlinum gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands.

4. Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af lækkun á virði erlends gjaldmiðils gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun um 25% í virðinu á erlenda gjaldmiðlinum gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands.

5. Fyrir gjaldmiðla sem eru bundnir við evru, má aðlaga 25% stuðulinn sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar í samræmi við framkvæmdargerðina sem samþykkt hefur verið skv. d-lið 2. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) bindifyrirkomulagið skal tryggja að hlutfallslegar breytingar í genginu yfir eins árs tímabil fari ekki yfir hlutfallslegu aðlögunina á 25% stuðlinum, ef um er að ræða öfgafulla markaðsviðburði, sem samsvarar öryggisstiginu sem sett er fram í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) einni af eftirfarandi viðmiðunum er fullnægt:

i. þátttaka gjaldmiðilsins í gengissamstarfi Evrópu (ERM-II),

ii. til staðar sé ákvörðun frá ráðinu um viðurkenningu á bindifyrirkomulaginu milli þessa gjaldmiðils og evru,

iii. bindifyrirkomulaginu er komið á í löggjöf þess lands þar sem gjaldmiðillinn er gefinn út.

Að því er varðar a-lið skal taka tillit til fjármagns aðilanna sem tryggja bindinguna.

6. Áhrifin af hækkun eða lækkun á virði erlends gjaldmiðils gagnvart gjaldmiðli hlutaðeigandi lands á virði hlutdeildanna eins og skilgreint er í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í fjármála- og lánastofnunum, skulu eingöngu tekin til athugunar út frá virði hlutdeildanna sem ekki eru dregin frá gjaldþoli skv. 68. gr. þessarar reglugerðar. Hlutinn sem dregin er frá gjaldþoli skal eingöngu tekin til athugunar að því marki sem slík áhrif hækka kjarnagjaldþolið.

7. Þegar sú hærri af gjaldþolskröfunum sem um getur í a- og b-liðum 2. mgr. og sú hæsta af samsvarandi gjaldþolskröfum sem reiknaðar eru út í samræmi við 2. mgr. 206. gr., eru ekki byggðar á sömu sviðsmyndinni, skal gjaldþolskrafan fyrir gjaldmiðilsáhættu ákveðins gjaldmiðils vera gjaldþolskrafan sem um getur í a- eða b-lið 2. mgr. þar sem undirliggjandi sviðsmynd leiðir til hæstu samsvarandi gjaldþolskröfu reiknaða út í samræmi við 2. mgr. 206. gr.

6. ÞÁTTUR

Áhættueining mótaðila

1. undirþáttur

Almenn ákvæði

189. gr.

Gildissvið

1. Gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{def} = \sqrt{SCR^2_{(def,1)} + 1{,}5 \cdot SCR_{(def,1)} \cdot SCR_{(def,2)} + SCR^2_{(def,2)}}$$

þar sem:

a) $SCR_{def,1}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir mótaðilaáhættu fyrir áhættuskuldbindingar af gerð 1 eins og sett er fram í 2. mgr.,

b) $SCR_{def,2}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir mótaðilaáhættu fyrir áhættuskuldbindingar af gerð 2 eins og sett er fram í 3. mgr.

2. Áhættuskuldbindingar af gerð 1 skulu samanstanda af áhættuskuldbindingum í tengslum við eftirfarandi:

a) áhættuvarnasamninga, þ.m.t. endurtryggingarfyrirkomulag, félög með sérstakan tilgang, vátryggingaverðbréfanir og -afleiður,

b) bankainnstæðu eins og skilgreint er í F lið 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE ([1]),

c) innstæður hjá félögum sem endurtryggja, þegar fjöldi áhættuskuldbindinga eins aðila fara ekki yfir 15,

d) skuldbindingar í þágu vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem hafa verið innkallaðar en eru ógreiddar, ef fjöldi áhættuskuldbindinga eins aðila fer ekki yfir 15, þ.m.t. innkallað en ógreitt almennt hlutafé og forgangshlutur, innkallaðar en ógreiddar lagalega bindandi skuldbindingar um að skrá og greiða fyrir víkjandi skuldir, innkallað en ógreitt stofnfé, félagaframlög eða jafngildur kjarnagjaldþolsliður fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, innkallaðar en ógreiddar tryggingar, innkallaðar en ógreiddar bankaábyrgðir, innkallaðar en ógreiddar kröfur sem gagnkvæm félög eða félög hliðstæðrar gerðar geta átt á meðlimi sína í formi innköllunar á viðbótarframlagi,

e) lagalega bindandi skuldbindingar sem félagið hefur veitt eða samið um og sem geta skapað greiðsluskyldu með hliðsjón af lánshæfi eða vanskilum á mótaðila, þ.m.t. tryggingar, bankaábyrgðir og stöðluð svarbréf sem félagið hefur veitt.

([1]) Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga, (Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

3. Áhættuskuldbindingar af gerð 2 skulu samanstanda af öllum lánsáhættuskuldbindingum sem undireining vikáhættu nær ekki yfir og sem ekki eru áhættuskuldbindingar af gerð 1, þ.m.t. eftirfarandi:

a) viðskiptakröfur frá miðlurum,

b) skuldurum vátryggingartaka,

c) húsnæðislán sem uppfylla kröfurnar í 2.–13. mgr. 191. gr.,

d) innstæður hjá félögum sem endurtryggja, þegar fjöldi áhættuskuldbindinga eins aðila fer yfir 15,

e) skuldbindingar í þágu vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem hafa verið innkallaðar en eru ógreiddar eins og um getur í d-lið 2. mgr., þegar fjöldi áhættuskuldbindinga eins aðila fer yfir 15.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta, að eigin vild, talið allar áhættuskuldbindingar sem um getur í d- og e-lið 3. mgr., sem áhættuskuldbindingar af gerð 1, án tillits til fjölda áhættuskuldbindinga eins aðila.

5. Ef bankaábyrgð, trygging eða jafngild áhættuvörn hefur verið veitt til að tryggja áhættuskuldbindingu að fullu og þessi áhættuvörn hlítir kröfunum í 209.–215. gr., þá getur veitandi þeirrar bankaábyrgðar, tryggingar eða jafngildrar áhættuvarnar verið talin sem mótaðilinn á tryggðu áhættuskuldbindingunni í þeim tilgangi að meta fjölda áhættuskuldbindinga eins aðila.

6. Eftirfarandi kröfuáhætta skal ekki tekin með í einingu mótaðilaáhættu:

a) kröfuáhætta sem yfirfærð er gegnum lánaafleiðu,

b) kröfuáhætta skuldabréfaútgáfu félaga með sérstakan tilgang, hvort sem hún er skilgreind í 26. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða ekki,

c) tryggingaráhætta af greiðslu- og efndavátryggingu eða endurtryggingu eins og um getur í vátryggingagreinum 9, 21 og 28 í I. viðauka þessarar reglugerðar,

d) kröfuáhætta húsnæðislána sem ekki uppfylla kröfurnar í 2.–9. mgr. 191. gr.

7. Fjárfestingatryggingar á vátryggingasamningum sem vátryggingatökum eru veittar af þriðja aðila og þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið yrði ábyrgt við vanskil þriðja aðilans, skulu meðhöndlaðar sem afleiður í einingu mótaðilaáhættu.

190. gr.

Áhættuskuldbindingar eins aðila

1. Gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu skal reiknuð út á grundvelli áhættuskuldbindinga eins aðila. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna félags sem tilheyrir sömu fyrirtækjasamstæðu skulu þær meðhöndlaðar eins og áhættuskuldbinding eins aðila.

2. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag getur tekið til athugunar áhættuskuldbindingar sem tilheyra mismunandi aðilum að sama lagalega eða samningsbundna samnýtingarfyrirkomulagi sem ólíkar áhættuskuldbindingar eins aðila, þegar líkurnar á vanefndum af áhættuskuldbindingu eins aðila er reiknuð út í samræmi við 199. gr. og tapið að gefnum vanefnum er reiknað út í samræmi við 193. gr. ef það er samnýtt áhættuskuldbinding af gerð A, í samræmi við 194. gr. ef það er samnýtt áhættuskuldbinding af gerð B og í samræmi við 195. gr. ef það er samnýtt áhættuskuldbinding af gerð C. Aðrar áhættuskuldbindingar vegna félags sem tilheyrir sama samnýtingarfyrirkomulagi skulu meðhöndlaðar sem áhættuskuldbinding eins aðila.

191. gr.

Húsnæðislán

1. Lán til einkaaðila sem tryggð eru með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði (húsnæðislán) skulu meðhöndluð sem áhættuskuldbindingar af gerð 2 samkvæmt mótaðilaáhættunni, að því tilskildu að kröfurnar í 2.–13. mgr. séu uppfylltar.

2. Áhættuskuldbindingin skal annaðhvort vera vegna einstaklings eða einstaklinga, eða lítils eða meðalstórs fyrirtækis.

3. Áhættuskuldbindingin skal vera ein af marktækum fjölda áhættuskuldbindinga með svipuð einkenni þannig að verulega sé dregið úr áhættunni sem er samfara slíkum lánveitingum.

4. Heildarfjárhæðin sem skulduð er vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu og, ef við á, öllum tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þ.m.t. sérhver áhættuskuldbinding sem er í vanskilum, af mótaðilanum eða öðrum tengdum þriðja aðila, skal ekki fara yfir eina milljón evra svo vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sé kunnugt um. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal gera raunhæfar ráðstafanir til að afla sér þessarar vitneskju.

5. Eigandinn mun búa í eða leigja út íbúðarhúsnæðið.

6. Virði fasteignarinnar ræðst ekki að verulegu leyti af útlánagæðum lántakandans.

7. Áhætta lántakandans ræðst ekki að verulegu leyti af afrakstrinum af undirliggjandi fasteign, heldur undirliggjandi getu lántakans til að endurgreiða skuldina eftir öðrum leiðum, og sem afleiðing af því, ræðst endurgreiðsla skuldarinnar ekki að verulegu leyti af neinu sjóðstreymi sem undirliggjandi fasteign sem er til tryggingar leiðir af sér. Hvað varðar þessar aðrar leiðir, skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið ákvarða hámarkshlutfall skulda og tekna sem hluta af lánastefnu sinni og útvega tilheyrandi sönnunargögn um viðkomandi tekjur þegar lánið er veitt.

8. Allar eftirfarandi kröfur um réttarvissu skulu uppfylltar:

a) veðlán eða veðkrafa er aðfararhæf í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum við lok lánssamningsins og skal skráð á tilhlýðilegan hátt og tímanlega,

b) öll lagaskilyrði fyrir veðsetninguna skulu uppfyllt,

c) samkomulagið um tryggingu og rétturinn til málshöfðunar sem rennir stoðum undir það gerir vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu kleift að koma tryggingunni í verð innan hæfilegs tíma.

9. Allar eftirfarandi kröfur um vöktun á fasteignaverðum og -virðismati skulu uppfylltar:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið vaktar reglulega virðið á fasteigninni og að lágmarki þriðja hvert ár. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið framkvæmir tíðari vöktun þegar verulegar breytingar eiga sér stað á markaðsaðstæðum,

b) virðismat fasteignarinnar er endurskoðað þegar upplýsingar sem tiltækar eru vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu gefa til kynna að virðið á fasteigninni geti hafa lækkað verulega miðað við almennt markaðsverð og sú endurskoðun er utanaðkomandi og óháð og framkvæmd af matsaðila sem býr yfir nauðsynlegum réttindum, hæfi og reynslu til að framkvæma mat og er óháður lánsákvörðunarferlinu.

10. Að því er varðar 9. mgr. geta vátrygginga- eða endurtryggingafélög notað tölfræðiaðferðir til að vakta virði fasteignarinnar og tilgreina fasteign sem þarfnast endurmats.

11. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal skjalfesta með skýrum hætti tegundir íbúðarhúsnæðis sem það samþykkir sem veð og lánastefnur sínar í því sambandi. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal krefja óháðan matsaðila sem metur markaðsvirði fasteignarinnar, eins og um getur 2. mgr. 198. gr., um að skjalfesta það markaðsverð á gagnsæjan og skýran hátt.

12. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal hafa til staðar verlagsreglur til að vakta að fasteignin sem tekin er sem útlánavörn sé tryggð með fullnægjandi hætti fyrir hættu á skemmdum.

13. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal tilkynna öll eftirfarandi gögn um tap sem stafar af húsnæðislánum til eftirlitsyfirvaldsins:

a) tap sem stafar af lánum sem flokkað hefur verið sem áhættuskuldbindingar af gerð 2 samkvæmt 3. mgr. 189. gr. á sérhverju tilteknu ári,

b) heildartap á sérhverju tilteknu ári.

14. Eftirlitsyfirvöld skulu birta árlega á samteknu formi gögnin sem tilgreind eru í a- og b-lið 13. mgr., ásamt sögulegum gögnum, séu þau tiltæk. Eftirlitsyfirvald skal, að fenginni beiðni annars eftirlitsyfirvalds í aðildarríki, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar veita því eftirlitsyfirvaldi, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eða Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni nákvæmari upplýsingar um ástandið á íbúðarhúsnæðismörkuðunum í því aðildarríki.

192. gr.

Tap að gefnum vanefndum

1. Tap að gefnum vanefndum á áhættuskuldbindingu eins aðila skal vera jafnt samtölu tapsins að gefnum vanefndum á sérhverri áhættuskuldbindingu vegna mótaðila sem tilheyra áhættuskuldbindingu þess eina aðila. Tap að gefnum vanefndum skal vera án skulda vegna mótaðila sem tilheyra áhættuskuldbindingu eina aðilans að því tilskildu að þessar skuldir og áhættuskuldbindingar séu skuldajafnaðar ef um er að ræða vanskil mótaðilanna og að því tilskildu að 209. og 210. gr. sé fullnægt í tengslum við þann rétt til skuldajöfnunar. Engin skuldajöfnun skal leyfð ef búist er við að skuldirnar verði greiddar áður en lánsáhættuskuldbindingin er gerð upp.

2. Tap að gefnum vanefndum á endurtryggingarfyrirkomulag eða vátryggingarverðbréfun skal vera jafnt eftirfarandi:

$$LGD = \max[50\% \cdot (RE\text{co}verables + 50\% \cdot RM_{re}) - F \cdot Collateral; 0]$$

þar sem:

a) *Recoverables* táknar besta mat á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingarfyrirkomulaginu eða vátryggingarverðbréfuninni og tilsvarandi skuldurum,

b) RM_{re} táknar áhættumildunaráhrifin á tryggingaráhættu af endurtryggingarfyrirkomulaginu eða verðbréfuninni,

c) *Collateral* táknar virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, í tengslum við endurtryggingarfyrirkomulagið eða verðbréfunina,

d) *F* táknar stuðul sem tekur tillit til fjárhagslegra áhrifa af veðsetningarfyrirkomulaginu í tengslum við endurtryggingarfyrirkomulagið eða verðbréfunina í tilfelli sérhvers lánsviðburðar sem tengist mótaðilanum.

Ef endurtryggingarfyrirkomulagið er með vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í þriðja landi og 60% eða meira af eignum þess mótaðila falla undir veðsetningarfyrirkomulag, skal tap að gefnum vanefndum vera jafnt eftirfarandi:

$$LGD = \max[90\% \cdot (Recoverables + 50\% \cdot RM_{re}) - F \cdot Collateral; 0]$$

þar sem:

F' táknar stuðul sem tekur tillit til fjárhagslegra áhrifa af veðsetningarfyrirkomulaginu í tengslum við endurtryggingarfyrirkomulagið eða verðbréfunina ef um er að ræða lánsviðburð sem tengist mótaðilanum.

3. Tap að gefnum vanefndum á afleiðu skal vera jafnt eftirfarandi:

$$LGD = \max(90\% (Derivative + RM_{fin}) - F' \cdot Collateral;0)$$

þar sem

a) *Derivative* táknar virði afleiðunnar í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) RM_{fin} táknar áhættumildunaráhrifin á markaðsáhættu af afleiðunni,

c) *Collateral* táknar virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, í tengslum við afleiðuna,

d) *F'* táknar stuðul sem tekur tillit til fjárhagslegra áhrifa af veðsetningarfyrirkomulaginu í tengslum við afleiðuna í tilviki lánsviðburðar sem tengist mótaðilanum.

4. Tap að gefnum vanefndum á húsnæðisláni skal vera jafnt eftirfarandi:

$$LGD = \max(Loan - 80\% \cdot Mortgage;0)$$

þar sem:

a) *Loan* táknar virði húsnæðislánsins í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) *Mortgage* táknar virði veðlánsins, að teknu tilliti til áhættu.

5. Tap að gefnum vanefndum á lagalega bindandi skuldbindingu, eins og um getur í e-lið 2. mgr. 189. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jafnt mismuninum á nafnvirði þess og virðinu í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

6. Tap að gefnum vanefndum á bankainnstæðu, eins og skilgreint er í F lið 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE, á innstæðu með félagi sem endurtryggir, af lið sem skráður er í d-lið 2. mgr. eða e-lið 3. mgr. 189. gr. þessarar reglugerðar, eða á viðskiptakröfu frá miðlara eða vátryggingartaka sem er skuldari, sem og sérhverri annarri áhættuskuldbindingu sem ekki er skráð annars staðar í þessari grein, skal vera jafnt virði þess í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

193. gr.

Tap að gefnum vanefndum fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð A

1. Fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð A sem félagið telur sem aðskildar áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 2. mgr. 190. gr., þegar aðilarnir eru hver um sig eingöngu ábyrgir fyrir sínum hluta skuldbindingarinnar sem samnýtingarfyrirkomulagið nær yfir, skal tap að gefnum vanefndum reiknað út í samræmi við 192. gr.

Fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð A sem félagið telur sem aðskildar áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 2. mgr. 190. gr., þegar aðilarnir eru hver um sig ábyrgir fyrir allri fjárhæð skuldbindingarinnar sem samnýtingarfyrirkomulagið nær yfir, skal tap að gefnum vanefndum sem reiknað er út í samræmi við 192. gr. margfaldað með áhættuhlutdeildarstuðlinum, reiknuðum út á eftirfarandi hátt:

$$risk\text{-}share\_factor = e^{-0,15(\min(SR,196\%) - 1)}$$

þar sem:

a) $SR = (1 - P) \cdot \frac{\sum_i EOF_i}{\sum_i (EOF_i / SR_i)} + \sum_j P_j \cdot SR_j$;

b) *i* táknar alla aðila í safninu sem falla innan gildissviðsins sem skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB og *j* táknar alla aðila í safninu sem undanskildir eru gildissviði 2. gr. þeirrar tilskipunar,

c) $P = \sum_j P_j$;

d) P_j táknar hlutann af heildaráhættunni af samnýtingarfyrirkomulaginu sem aðili *j* í safninu hefur tekið á sig,

e) fyrir aðila í safninu sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, skal SR_i og SR_j úthlutað í samræmi við eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
SR_i	196%	196%	175%	122%	95%	75%	75%

f) fyrir aðila í safninu sem falla innan gildissviðs tilskipunar 2009/138/EB og sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skulu SR_i og SR_j vera nýjasta tiltæka gjaldþolshlutfallið,

g) fyrir aðila í safninu sem staðsettir eru í þriðja landi og sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir:

   i. SR_i og SR_j skal vera jafnt 100% ef aðilarnir í safninu eru staðsettir í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar skv. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   ii. SR_i og SR_j skal vera jafnt 75% ef aðilarnir í safninu eru staðsettir í landi þar sem gjaldþolsreglur eru ekki álitnar jafngildar skv. 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Ef félagið framselur áhættu til samnýtingarfyrirkomulags í gegnum millilið fyrir miðlægt félag, skal miðlæga félagið talið hluti af samnýtingarfyrirkomulaginu og hlutur þess í áhættunni reiknaður út til samræmis við það.

194. gr.

Tap að gefnum vanefndum fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð B

1. Fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð B sem félagið telur sem aðskildar áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 2. mgr. 190. gr., þegar aðilarnir eru hver um sig ábyrgir fyrir allri fjárhæð skuldbindingarinnar sem samnýtingarfyrirkomulagið nær yfir, skal tap að gefnum vanefndum reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$LGD = \max(((1 - RR_C) \cdot (\frac{P_U}{(1 - P_C)} \cdot BE_C + \Delta RM_C) - F \cdot Collateral); 0)$$

þar sem:

a) P_U táknar hlut félagsins í áhættunni samkvæmt skilmálum samnýtingarfyrirkomulagsins,

b) P_C táknar hlut mótaðilans í áhættunni samkvæmt skilmálum samnýtingarfyrirkomulagsins,

c) RR_C er jafnt og:

i. 10% ef 60% eða meira af eignum mótaðilans falla undir veðsetningarfyrirkomulag,

ii. 50% að öðrum kosti.

d) BE_C táknar besta mat á skuldunum sem félagið afsalar sér til mótaðila að frádregnum sérhverjum fjárhæðum sem endurtryggðar eru hjá mótaðilum utan samnýtingarfyrirkomulagsins,

e) ΔRM_C táknar framlag mótaðilans til áhættumildunaráhrifanna af samnýtingarfyrirkomulaginu á tryggingaráhættu félagsins,

f) *Collateral* táknar virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, sem haldið er af mótaðilanum að samnýtingarfyrirkomulaginu,

g) F táknar stuðulinn sem tekur tillit til fjárhagslegra áhrifa af veðinu sem haldið er af mótaðilanum, reiknuðu út í samræmi við 197. gr.

2. Fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð B sem félagið telur sem aðskildar áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 2. mgr. 190. gr., þegar aðilarnir eru hver um sig eingöngu ábyrgir fyrir sínum hluta skuldbindingarinnar sem samnýtingarfyrirkomulagið nær yfir, skal tap að gefnum vanefndum reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$LGD = \max\left(\left(\left(1 - RR_C\right) \cdot \left(P_C \cdot BE_U + \Delta RM_C\right) - F \cdot Collateral\right);0\right)$$

þar sem:

a) P_U táknar hlut mótaðilans í áhættunni samkvæmt skilmálum samnýtingarfyrirkomulagsins,

b) RR_C er jafnt og:

i. 10% ef 60% eða meira af eignum mótaðilans falla undir veðsetningarfyrirkomulag,

ii. 50% að öðrum kosti.

c) BE_C táknar besta mat á skuldunum sem fyrirtækið afsalar sér til samnýtingarfyrirkomulagsins, að frádregnum öllum fjárhæðum sem endurtryggðar eru hjá mótaðilum utan samnýtingarfyrirkomulagsins,

d) ΔRM_C táknar framlag mótaðilans til áhættumildunaráhrifanna af samnýtingarfyrirkomulaginu á tryggingaráhættu félagsins,

e) *Collateral* táknar virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, sem haldið er af mótaðilanum að samnýtingarfyrirkomulaginu,

f) F táknar stuðulinn sem tekur tillit til fjárhagslegu áhrifanna af veðinu sem haldið er af mótaðilanum, reiknuðu út í samræmi við 197. gr.

195. gr.

Tap að gefnum vanefndum fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð C

Fyrir samnýttar áhættuskuldbindingar af gerð C sem félagið telur sem aðskildar áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 2. mgr. 190. gr., skal tap að gefnum vanefndum reiknað út á eftirfarandi hátt:

$$LGD = \max\left(\left(\left(1 - RR_{CE}\right) \cdot \left(P_U \cdot BE_{CE} + \Delta RM_{CE}\right) - F \cdot Collateral\right);0\right)$$

þar sem:

a) P_U táknar hlut félagsins í áhættunni samkvæmt skilmálum samnýtingarfyrirkomulagsins,

b) RR_{CE} er jafnt og:

i. 10% ef 60% eða meira af eignum utanaðkomandi mótaðila falla undir veðsetningarfyrirkomulag,

ii. 50% að öðrum kosti.

c) BE_{CE} táknar besta mat á skuldunum sem samnýtingarfyrirkomulagið afsalar sér til utanaðkomandi mótaðila sem heild,

d) ΔRM_C táknar framlag utanaðkomandi mótaðila til áhættumildunaráhrifanna af samnýtingarfyrirkomulaginu á tryggingaráhættu félagsins,

e) *Collateral* táknar virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, sem haldið er af mótaðilanum að samnýtingarfyrirkomulaginu,

f) *F* táknar stuðulinn sem tekur tillit til fjárhagslegu áhrifanna af veðinu sem haldið er af mótaðilanum, reiknuðu út í samræmi við 197. gr.

196. gr.

Áhættumildunaráhrif

Áhættumildunaráhrifin á tryggingar- eða markaðsáhættu af endurtryggingarfyrirkomulagi, verðbréfun eða afleiðu skulu vera mismunurinn á eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir tryggingar- eða markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem myndi gilda ef endurtryggingarfyrirkomulagið, verðbréfunin eða afleiðan væru ekki til staðar,

b) gjaldþolskröfunni fyrir tryggingar- eða markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

197. gr.

Virði veðs að teknu tilliti til áhættu

1. Virði veðs, að teknu tilliti til áhættu, sem lagt er fram í formi tryggingar eins og um getur í b-lið 26. mgr, 1. gr., skal vera jafnt mismuninum milli virðisins á eignunum sem haldið er sem veði, verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og leiðréttingarinnar á markaðsáhættu eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að báðar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur (eða er vátryggður hjá fjárvörslusjóði þar sem vörsluaðilinn hefur) rétt til að innleysa eða halda eftir, með tímanlegum hætti, veðinu komi til vanskila, ógjaldfærni eða gjaldþrots eða annars lánaatburðar sem varðar mótaðilann (krafa mótaðila),

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur (eða er vátryggður hjá fjárvörslusjóði þar sem vörsluaðilinn hefur) rétt til að innleysa eða halda eftir, með tímanlegum hætti, veðinu komi til vanskila, ógjaldfærni eða gjaldþrots eða annars lánaatburðar sem varðar vörsluaðilann eða annan þriðji aðila sem heldur veðinu fyrir hönd mótaðilans (krafa þriðja aðila).

2. Ef krafa mótaðilans er uppfyllt og viðmiðunin sem sett er fram í 214. gr. þessarar reglugerðar er uppfyllt og krafa þriðja aðilans er ekki uppfyllt, skal virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, sem lagt er fram í formi tryggingar eins og um getur í b-lið 26. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, vera jafnt og 90% af mismuninum milli virðis á eignunum sem haldið er sem veði í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og leiðréttingarinnar á markaðsáhættu eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar.

3. Ef annaðhvort krafa mótaðilans er ekki uppfyllt eða kröfurnar í 214. gr. eru ekki uppfylltar skal virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, sem lagt er fram í formi tryggingar eins og um getur í b-lið 26. mgr. 1. gr., vera núll.

4. Virði veðsins, að teknu tilliti til áhættu, þar sem fullt eignarhald er yfirfært, eins og um getur í a-lið 26. mgr, 1. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jafnt mismuninum milli virðisins á eignunum sem haldið er sem veði, verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og leiðréttingarinnar á markaðsáhættu eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að kröfurnar í 214. gr. þessarar reglugerðar séu uppfylltar.

5. Leiðréttingin á markaðsáhættu er mismunurinn á eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem myndi gilda ef eignirnar sem haldið er sem veði væru ekki teknar með í útreikninginn,

b) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem myndi gilda ef eignirnar sem haldið er sem veði væru teknar með í útreikninginn.

6. Að því er varðar 5. mgr. skal reikna út gjaldmiðilsáhættuna af eignunum sem haldið er sem veði, með því að bera saman gjaldmiðilinn fyrir eignirnar sem haldið er sem veði á móti gjaldmiðlinum á tilsvarandi áhættuskuldbindingu.

7. Stuðlarnir *F* og *F'* sem um getur í 2. og 3. mgr. 192. gr. skulu báðir vera 100%, ef um er að ræða ógjaldfærni mótaðilans, ákvörðunin um hlutfallslegan eignarhlut vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í þrotabúi mótaðilans umfram veðið tekur ekki tillit til þess að félagið fær veðið. Í öllum öðrum tilvikum skulu þessir stuðlar vera 50% og 90%, eftir því sem við á.

198. gr.

Virði fasteignaveðs að teknu tilliti til áhættu

1. Virði fasteignaveðs, að teknu tilliti til áhættu, skal vera jafnt mismuninum á milli virðisins á íbúðarhúsnæðinu sem haldið er sem veði, verðmetnu í samræmi við 2. mgr., og leiðréttingarinnar vegna markaðsáhættu eins og um getur í 3. mgr.

2. Virði íbúðarhúsnæðisins sem haldið er sem veði, skal vera markaðsvirðið fært niður eins og við á til að endurspegla niðurstöður vöktunarinnar sem krafist er samkvæmt 9. og 10. mgr. 191. gr. þessarar reglugerðar og að teknu tilliti til allra forgangskrafna á fasteignina. Ytra, óháða matið á fasteigninni skal vera það sama eða lægra en markaðsvirðið, reiknað út í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Leiðréttingin vegna markaðsáhættu sem um getur í 1. mgr. skal vera mismunurinn á eftirfarandi gjaldþolskröfum:

a) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem myndi gilda ef íbúðarhúsnæðið sem haldið er sem veði væri ekki tekið með í útreikninginn,

b) áætluðu gjaldþolskröfunni fyrir markaðsáhættu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem myndi gilda ef íbúðarhúsnæðið sem haldið er sem veði væri tekið með í útreikninginn.

4. Að því er varðar 2. mgr. skal reikna út gjaldmiðilsáhættuna af íbúðarhúsnæðinu sem haldið er sem veði, með því að bera saman gjaldmiðilinn fyrir íbúðarhúsnæðið á móti gjaldmiðlinum á tilsvarandi láni.

2. undirþáttur

Áhættuskuldbindingar af gerð 1

199. gr.

Líkur á vanefndum

1. Líkur á vanefndum á áhættuskuldbindingu eins aðila skulu vera jafnar meðaltalinu á líkum á vanefndum sérhverrar áhættuskuldbindingar vegna mótaðila sem tilheyra áhættuskuldbindingu þess eina aðila, vegnum með tapi að gefnum vanefndum að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar.

2. Áhættuskuldbindingu eins aðila *i* sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir skal úthlutað líkum á vanefndum PD_i í samræmi við eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaþrep	0	1	2	3	4	5	6
Líkur á vanefndum PD_i	0,002%	0,01%	0,05%	0,24%	1,20%	4,2%	4,2%

3. Áhættuskuldbindingu eins aðila *i* vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og þegar þetta félag uppfyllir kröfuna um lágmarksfjármagn, skal úthlutað líkum á vanefndum PD_i með hliðsjón af gjaldþolshlutfalli félagsins í samræmi við eftirfarandi töflu:

Gjaldþolshlutfall	196%	175%	150%	125%	122%	100%	95%	75%
Líkur á vanefndum	0,01%	0,05%	0,1%	0,2%	0,24%	0,5%	1,2%	4,2%

Ef gjaldþolshlutfallið fellur á milli gjaldþolshlutfallanna sem tilgreind eru í töflunni hér að ofan, skal virðið á líkum á vanefndum vera línulega innreiknað frá nálægustu virðunum á líkum á vanefndum sem samsvara nálægustu gjaldþolshlutföllunum sem tilgreind eru í töflunni hér að ofan. Ef gjaldþolshlutfallið er lægra en 75% skulu líkur á vanefndum vera 4,2%. Ef gjaldþolshlutfallið er hærra en 196% skulu líkur á vanefndum vera 0,01%.

Að því er varðar þessa málsgrein, merkir „gjaldþolshlutfall“ hlutfall hæfra fjárhæða gjaldþolsins til að mæta gjaldþolskröfunni og gjaldþolskröfunni, með því að nota nýjustu tiltæku virðin.

4. Áhættuskuldbindingum vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem uppfyllir ekki kröfuna um lágmarksfjármagn skal úthlutað líkum á vanefndum jöfnum 4,2%.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu einungis gilda frá og með fyrsta degi opinberrar birtingar félagsins sem samsvarar áhættuskuldbindingunni, á skýrslunni um gjaldþol og fjárhagsstöðu sína sem um getur í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Fyrir þá dagsetningu, ef lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir áhættuskuldbindingarnar, skal 2. mgr. gilda. Að öðrum kosti skal áhættuskuldbindingum úthlutað sama áhættustuðli og þeim sem myndi leiða af beitingu 3. mgr. á áhættuskuldbindingar vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags með gjaldþolshlutfall 100%.

6. Áhættuskuldbindingum vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, staðsett í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/138/EB í samræmi við 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og sem fullnægir gjaldþolskröfum þess þriðja lands, skal úthlutað líkum á vanefndum jöfnum 0,5%.

7. Áhættuskuldbindingar vegna lánastofnana og fjármálastofnana í skilningi 1. og 26. liðs 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem fullnægja gjaldþolskröfunum sem settar eru fram í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skal úthlutað líkum á vanefndum jöfnum 0,5%.

8. Áhættuskuldbindingum vegna mótaðila sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 180. gr., skal úthlutað líkum á vanefndum jöfnum 0%.

9. Líkurnar á vanefndum á áhættuskuldbindingar eins aðila, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 2.–8. mgr., skulu vera jafnar 4,2%.

10. Ef bankaábyrgð, trygging eða jafngilt fyrirkomulag er veitt til að tryggja áhættuskuldbindingu að fullu og þetta fyrirkomulag fullnægir 209.–215. gr., þá getur veitandi þeirrar bankaábyrgðar, tryggingar eða jafngilds fyrirkomulags verið talinn mótaðilinn á tryggðu áhættuskuldbindingunni í þeim tilgangi að meta líkurnar á vanefndum á áhættuskuldbindingu eins aðila.

11. Að því er varðar 10. mgr. skal meðhöndla áhættuskuldbindingar sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkræft, tryggðar af mótaðilum sem skráðir eru í framkvæmdargerðinni sem samþykkt var skv. a-lið 2. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB, sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkisstjórn.

200. gr.

Áhættuskuldbindingar af gerð 1

1. Ef staðalfrávikið fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1 er lægra en eða jafnt og 7% af heildartapinu að gefnum vanefndum á öllum áhættuskuldbindingum af gerð 1, skal gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 1 vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{def,1} = 3 \cdot \sigma$$

þar sem σ táknar staðalfrávikið fyrir tjón ársins af áhættuskuldbindingum af gerð 1, eins og skilgreint er í 4. mgr.

2. Ef staðalfrávikið fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1 er hærra en 7% af heildartapinu að gefnum vanefndum á öllum áhættuskuldbindingum af gerð 1 og lægra eða jafnt og 20% af heildartapinu að gefnum vanefndum á öllum áhættuskuldbindingum af gerð 1, skal gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 1 vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{def,1} = 5 \cdot \sigma$$

þar sem σ táknar staðalfrávikið fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1.

3. Ef staðalfrávikið fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1 er hærra en 20% af heildartapinu að gefnum vanefndum á öllum áhættuskuldbindingum af gerð 1, skal gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 1 vera jöfn heildartapinu að gefnum vanefndum á allar áhættuskuldbindingar af gerð 1.

4. Staðalfrávikið fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1 skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma = \sqrt{V}$$

þar sem *V* táknar dreifnina fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1.

201. gr.

Dreifni fyrir tjóndreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1

1. Dreifnin fyrir tjónadreifingu af áhættuskuldbindingum af gerð 1 eins og um getur í 4. mgr. 200. gr. skal vera jöfn samtölunni á V_{inter} og V_{intra}.

2. V_{inter} skal vera jafnt eftirfarandi:

$$V_{inter} = \sum_{(j,k)} \frac{PD_k \cdot (1 - PD_k) \cdot PD_j \cdot (1 - PD_j)}{1{,}25 \cdot (PD_k + PD_j) - PD_k \cdot PD_j} \cdot TLGD_j \cdot TLGD_k$$

þar sem:

a) Samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (*j*,*k*) af mismunandi líkum á vanefndum á áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 199. gr.,

b) $TLGD_j$ og $TLGD_k$ táknar samtölu tapa að gefnum vanefndum á áhættuskuldbindingar af gerð 1 frá mótaðilum sem eru með líkur á vanefndum *PDj* annars vegar og *PDk* hins vegar.

3. V_{intra} skal vera jafnt eftirfarandi:

$$V_{intra} = \sum_{j} \frac{1{,}5 \cdot PD_j \cdot (1 - PD_j)}{2{,}5 - PD_j} \cdot \sum_{PD_j} LGD_i^2$$

þar sem:

a) fyrsta samtalan nær yfir allar mismunandi líkur á vanefndum á áhættuskuldbindingar eins aðila í samræmi við 199. gr.,

b) seinni samtalan nær yfir allar áhættuskuldbindingar eins aðila sem eru með líkur á vanefndum jafnt og PD_j,

c) LGD_i táknar tapið að gefnum vanefndum á áhættuskuldbindingar eins aðila *i*.

3. undirþáttur

Áhættuskuldbindingar af gerð 2

202. gr.

Áhættuskuldbindingar af gerð 2

Gjaldþolskrafan fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 2 skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri lækkun á virði áhættuskuldbindinga af gerð 2 um eftirfarandi fjárhæð:

$$90\% \cdot LGD_{receivables>3months} + \sum_{i} 15\% \cdot LGD_i$$

þar sem:

a) $LGD_{receivables>3months}$ táknar heildartapið að gefnum vanefndum á öllum viðskiptakröfum frá milliliðum sem fallnar eru í gjalddaga fyrir meira en þrem mánuðum,

b) samtalan er tekin af öllum áhættuskuldbindingum af gerð 2, öðrum en viðskiptakröfum frá milliliðum, sem fallnar eru í gjalddaga fyrir meira en þrem mánuðum,

c) LGD_i táknar tapið að gefnum vanefndum á áhættuskuldbindingar af gerð 2 *i*.

7. ÞÁTTUR

Eining óefnislegrar eignar

203. gr.

Gjaldþolskrafan fyrir áhættu af óefnislegri eign skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{intangible} = 0{,}8 \cdot V_{intangible}$$

þar sem $V_{intangibles}$ táknar fjárhæðina á óefnislegum eignum eins og færðar og verðmetnar eru í samræmi við 2-lið 12. gr.

8. ÞÁTTUR

Rekstraráhætta

204. gr.

1. Gjaldþolskrafan fyrir einingu rekstraráhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCR_{Operational} = \min(0{,}3 \cdot BSCR; Op) + 0{,}25 \cdot Exp_{ul}$$

þar sem:

a) *BSCR* táknar grunngjaldþolskröfuna,

b) *Op* táknar grunngjaldþolskröfuna fyrir rekstraráhættu,

c) Exp_{ul} táknar útgjöldin sem stofnað var til á síðustu 12 mánuðum að því er varðar líftryggingasamninga þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingartökum.

2. Grunngjaldþolskrafan fyrir rekstraráhættu skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$Op = \max(Op_{premiums}; Op_{provisions})$$

þar sem:

a) $Op_{premiums}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir rekstraráhættu, byggða á iðgjaldatekjum,

b) $Op_{provisions}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir rekstraráhættu, byggða á vátryggingaskuldum.

3. Grunngjaldþolskrafan fyrir rekstraráhættu, byggð á iðgjaldatekjum, skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$Op_{premiums} = \begin{cases} 0{,}04 \cdot (Earn_{life} - Earn_{life-ul}) + 0{,}03 \cdot Earn_{non-life} \\ + \max(0; 0{,}04 \cdot (Earn_{life} - 1{,}2 \cdot pEarn_{life} - (Earn_{life-ul} - 1{,}2 \cdot pEarn_{life-ul}))) \\ + \max(0; 0{,}03 \cdot (Earn_{non-life} - 1{,}2 \cdot pEarn_{non-life})) \end{cases}$$

þar sem:

a) $Earn_{life}$ táknar iðgjöldin sem aflað var síðustu 12 mánuði vegna líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga,

b) $Earn_{life\text{-}ul}$ táknar iðgjöldin sem aflað var síðustu 12 mánuði vegna líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindinga þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingatökunum, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga,

c) $Earn_{non\text{-}life}$ táknar iðgjöldin sem aflað var síðustu 12 mánuði vegna skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga,

d) $pEarn_{life}$ táknar iðgjöldin sem aflað var 12 mánuðina á undan síðustu 12 mánuðum vegna líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga,

e) $pEarn_{life\text{-}ul}$ táknar iðgjöldin sem aflað var 12 mánuðina á undan síðustu 12 mánuðum vegna líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingatökunum, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga,

f) $pEarn_{non\text{-}life}$ táknar iðgjöldin sem aflað var 12 mánuðina á undan síðustu 12 mánuðum vegna skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu iðgjaldatekjur vera vergar, án frádráttar iðgjalda vegna endurtryggingasamninga.

4. Grunngjaldþolskrafan fyrir rekstraráhættu, byggð á vátryggingaskuld, skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$Op_{provisions} = 0{,}0045 \cdot \max(0; TP_{life} - TP_{life\text{-}ul}) + 0{,}03 \cdot \max(0; TP_{non\text{-}life})$$

þar sem:

a) TP_{life} táknar vátryggingaskuldina fyrir líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar,

b) $TP_{life\text{-}ul}$ táknar vátryggingaskuldina fyrir líftryggingaskuldbindingar þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátrygginga-tökunum,

c) $TP_{non\text{-}life}$ táknar vátryggingaskuldina fyrir skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar.

Að því er varðar þessa málsgrein skal vátryggingaskuld ekki innihalda áhættuálagið, og skal reiknuð út án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.

9. ÞÁTTUR

Aðlögun vegna hæfni vátryggingaskulda og frestaðra skatta til að draga úr tapi

205. gr.

Almenn ákvæði

Leiðréttingin sem um getur í c-lið 103. gr. tilskipunar 2009/138/EB vegna hæfni vátryggingaskulda og frestaðra skatta til að draga úr tapi skal vera samtalan á eftirfarandi liðum:

a) leiðréttingunni á hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi,

b) leiðréttingunni á hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi.

206. gr.

Aðlögun vegna hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi

1. Leiðréttingin á hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi skal vera jöfn eftirfarandi:

$$Adj_{TP} = -\max(\min(BSCR - nBSCR; FDB); 0)$$

þar sem:

a) *BSCR* táknar grunngjaldþolskröfuna sem um getur í a-lið 103. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) *nBSCR* táknar grunngjaldþolskröfuna eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar,

c) *FDB* táknar vátryggingaskuldina án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni.

2. Nettó grunngjaldþolskröfuna skal reikna út í samræmi við 1. þátt, 1.–7. undirþátta V. kafla með öllum eftirfarandi breytingum:

a) ef útreikningurinn á einingu eða undireiningu grunngjaldþolskröfunnar byggist á áhrifunum af ákveðinni sviðsmynd á kjarnagjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga, getur sviðsmyndin breytt virðinu á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni sem innifalinn er í vátryggingaskuld,

b) sviðsmyndabyggðu útreikningarnir á einingu líftryggingaráhættu, undireiningu tryggingaráhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, undireiningu hamfaraáhættu í heilsutryggingum, einingu markaðsáhættu og einingu mótaðilaáhættu sem og sviðsmyndabyggði útreikningurinn sem settur er fram í c- og d-lið, skulu taka tillit til áhrifanna af sviðsmyndinni á valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni sem innifalinn er í vátryggingaskuld. Þetta skal gert á grundvelli forsendna um framtíðarstjórnunaraðgerðir sem hlíta 23. gr.,

c) í staðinn fyrir gjaldþolskröfuna fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 1 sem um getur í 1. mgr. 189. gr., skal útreikningurinn byggjast á gjaldþolskröfunni sem er jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegu tapi, vegna vanskilaviðburða sem varða áhættuskuldbindingar af gerð 1, í þeim hluta af gjaldþolskröfunni fyrir mótaðilaáhættu á áhættuskuldbindingar af gerð 1 sem um getur í 1. mgr. 189. gr.,

d) ef vátrygginga- og endurtryggingafélög nota einfaldaðan útreikning fyrir tiltekna gjaldþolskröfu eins og sett er fram í 91., 92., 93., 94., 95. (1. og 2. mgr.), 96., 101. (a- og b-liðum 1. mgr.), 103. eða 104. gr., skulu félögin byggja útreikninginn á gjaldþolskröfunni sem er jöfn tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegu tapi í þeim hluta af gjaldþolskröfunni sem um getur í viðkomandi grein og skulu gera ráð fyrir að skyndilega tapið sé vegna áhættunnar sem gjaldþolskrafan sem um getur í þeirri grein nær yfir.

3. Að því er varðar b-lið 2. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til sérhverra lagalegra, reglugerðarlegra eða samningsbundinna takmarkana við úthlutun á valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni.

207. gr.

Aðlögun vegna hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi

1. Aðlögunin vegna hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi skal vera jöfn breytingunni á virði frestaðra skatta vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem myndi leiða af skyndilegu tapi fjárhæðar sem er jöfn samtölunni á eftirfarandi:

a) grunngjaldþolskröfunni sem um getur í a-lið 103. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) leiðréttingunni á hæfni vátryggingaskuldar til að draga úr tapi sem um getur í 206. gr. þessarar reglugerðar,

c) gjaldþolskröfunni fyrir rekstraráhættu sem um getur í b-lið 103. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu frestaðir skattar verðmetnir í samræmi við 15. gr. Ef tapið sem um getur í 1. mgr. myndi leiða til hækkunar á frestuðum skattinneignum skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög ekki hagnýta sér þessa hækkun að því er varðar leiðréttinguna nema þau geti sýnt fram á að framtíðarhagnaður muni vera tiltækur í samræmi við 3. mgr. 15. gr., að teknu tilliti til umfangs tapsins sem um getur í 1. mgr. og áhrifa þess á núverandi- og framtíðarfjárhagsstöðu félagsins.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal lækkun á frestuðum skattaskuldbindingum eða hækkun á frestuðum skattinneignum leiða til neikvæðrar leiðréttingar á hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi.

4. Ef útreikningurinn á leiðréttingunni í samræmi við 1. mgr. leiðir til jákvæðrar breytingar á frestuðum sköttum, skal leiðréttingin vera núll.

5. Ef nauðsynlegt er að úthluta tapinu sem um getur 1. mgr. á orsakir þess til að reikna út aðlögunina vegna hæfni frestaðra skatta til að draga úr tapi, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög úthluta tapinu á áhættuna sem grunngjaldþolskrafan og gjaldþolskrafan fyrir rekstraráhættu ná yfir. Úthlutunin skal vera í samræmi við framlag eininga og undireininga staðalreglunnar til grunngjaldþolskröfunnar. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag notar hlutalíkan þegar aðlögunin vegna hæfni vátryggingaskuldar og frestaðra skatta til að draga úr tapi er ekki innan sviðs líkansins, skal úthlutunin vera í samræmi við framlag eininga og undireininga staðalreglunnar sem eru utan sviðs líkansins til grunngjaldþolskröfunnar.

10. ÞÁTTUR

Áhættuvarnir

208. gr.

Aðferðir og forsendur

1. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög yfirfæra tryggingaáhættu með því að nota endurtryggingasamninga eða félög með sérstakan tilgang sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 209., 211. og 213. gr., og ef það fyrirkomulag veitir vörn í nokkrum af sviðsmyndabyggðu útreikningunum sem settir eru fram í 2., 3. og 4. þætti, V. kafla, I. bálki, skal áhættumildandi áhrifum af þessu samningsbundna fyrirkomulagi úthlutað á sviðsmyndabyggða útreikninginn með þeim hætti sem nær yfir

fjárhagslegu áhrifin af vörninni sem er veitt, án tvítalningar. Einkum skal taka með fjárhagsleg áhrif af veittum vörnum við ákvörðun á tapi í kjarnagjaldþoli í sviðsmyndabyggðu útreikningunum.

2. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög yfirfæra tryggingaáhættu með því að nota takmarkaða endurtryggingu, eins og skilgreint er í 3. mgr. 210. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 209., 211. og 213. gr. þessarar reglugerðar, skulu þessir samningar viðurkenndir í sviðsmyndabyggðu útreikningunum, sem settir eru fram í 2., 3. og 4. þættir, V. kafla, I. bálki þessarar reglugerðar, eingöngu að því marki að tryggingaráhætta sé yfirfærð til mótaðila samningsins. Þrátt fyrir fyrri málslið skal ekki taka tillit til takmarkaðrar endurtryggingar, eða svipaðs fyrirkomulags, þegar vöntun á skilvirkri yfirfærslu áhættu er sambærileg við vöntun á takmarkaðri endurtryggingu, að því er varðar að ákvarða magnmælingarnar á iðgjalda- og sjóðsáhættu í samræmi við 116. og 147. gr. þessarar reglugerðar, eða að því er varðar útreikning á eigin stikum vátryggingafélags í samræmi við 13. þátt þessa kafla.

209. gr.

Eigindlegar viðmiðanir

1. Þegar grunngjaldþolskrafan er reiknuð út skulu vátrygginga- eða endurtryggingafélög eingöngu taka tillit til áhættuvarna eins og um getur í 5. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef allar eftirfarandi eigindlegar viðmiðanir eru uppfylltar:

a) samningsbundna fyrirkomulagið og yfirfærsla áhættu eru lögmæt og aðfararhæf í öllum viðkomandi lögsögum,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur gert allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja skilvirkni fyrirkomulagsins og til að takast á við áhættuna sem tengist því fyrirkomulagi,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er fært um að vakta skilvirkni fyrirkomulagsins og tengdrar áhættu á áframhaldandi grundvelli,

d) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur, komi til vanskila, ógjaldfærni eða gjaldþrots mótaðila eða annars lánsviðburðar, sett fram í viðskiptaskjöluninni fyrir fyrirkomulagið, beina kröfu á þann mótaðila,

e) engin tvítalning á sér stað á áhættuvarnaáhrifum í gjaldþoli og í útreikningnum á gjaldþolskröfunni eða innan reiknings-aðferðarinnar á gjaldþolskröfunni.

2. Eingöngu áhættuvarnir sem eru í gildi a.m.k. næstu 12 mánuði og sem uppfylla eigindlegu viðmiðunina sem sett er fram í þessum þætti skulu teknar til greina í grunngjaldþolskröfunni. Í öllum öðrum tilvikum skulu áhættuvarnaáhrifin af áhættuvörnunum sem eru í gildi fyrir styttra tímabil en 12 mánuði og sem uppfylla eigindlegu viðmiðunina sem sett er fram í þessum þætti tekin til greina í grunngjaldþolskröfunni í hlutfalli við tímalengdina sem á við um þá sem er styttri af fullu gildistímabili áhættustigsins eða tímabilinu sem áhættuvörnin er í gildi.

3. Ef samningsbundið fyrirkomulag sem stýrir áhættuvörnunum gildir yfir tímabil sem er styttra en næstu 12 mánuðir og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið áformar að skipta út þeim áhættuvörnum þegar þær renna út með öðru svipuðu fyrirkomulagi, skal að fullu taka tillit til áhættuvarnanna í grunngjaldþolinu, að því tilskildu að allar eftirfarandi eigindlegar viðmiðanir séu uppfylltar:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er með skriflega stefnu um endurnýjun á þeim áhættuvörnum,

b) endurnýjunin á áhættuvörnunum skal ekki eiga sér stað oftar en þriðja hvern mánuð,

c) endurnýjunin á áhættuvörnunum er ekki skilyrt við neina framtíðarviðburði sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur ekki stjórnað. Ef endurnýjunin á áhættuvörnunum er skilyrt einhverjum framtíðarviðburði sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur stjórnað, þá ætti að skrásetja skilyrðin með skýrum hætti í skriflegu stefnuna sem um getur í a-lið,

d) endurnýjunin á áhættuvörnunum skal vera raunhæf, byggja á endurnýjunum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur áður ráðist í og vera í samræmi við núverandi viðskiptahætti og starfsstefnu,

e) áhættan af að ekki sé hægt að skipta út áhættuvörnunum vegna skorts á lausafé á markaðnum er ekki veruleg,

f) áhættan af að kostnaðurinn við að skipta út áhættuvörnunum aukist yfir næstu 12 mánuði er endurspegluð í gjaldþolskröfunni,

g) endurnýjunin á áhættuvörnunum stríðir ekki gegn kröfunum sem gilda um framtíðarstjórnunaraðgerðir sem settar eru fram í 5. mgr. 23. gr.

210. gr.

Skilvirk yfirfærsla áhættu

1. Samningsbundna fyrirkomulagið sem stýrir áhættuvörnunum skal tryggja að umfang varnarinnar sem áhættuvarnirnar veita og yfirfærsla áhættu sé skýrt skilgreind og óvéfengjanleg.

2. Samningsbundna fyrirkomulagið skal ekki leiða til verulegrar grunnáhættu eða valda annarri áhættu nema það sé endurspeglað í útreikningnum á gjaldþolskröfunni.

3. Grunnáhætta er veruleg ef hún leiðir til rangfærslu á áhættumildunaráhrifunum á grunngjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat ætlaðra notenda þeirra upplýsinga, þ.m.t. eftirlits-yfirvaldanna.

4. Ákvörðunin um að samningsbundna fyrirkomulagið og yfirfærslan á áhættu séu lögmæt og aðfararhæf í öllum viðeigandi lögsögum í samræmi við a-lið 1. mgr. 209. gr. skal byggja á eftirfarandi:

a) hvort samningsbundna fyrirkomulagið falli undir einhver skilyrði sem gætu grafið undan skilvirkri yfirfærslu áhættu þar sem uppfylling þeirra sé utan beinnar stjórnar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) hvort það séu einhver tengd viðskipti sem gætu grafið undan skilvirkri yfirfærslu áhættu.

211. gr.

Áhættuvarnir með því að nota endurtryggingasamninga eða félög með sérstakan tilgang

1. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög yfirfæra tryggingaáhættu með því að nota endurtryggingasamninga eða félög með sérstakan tilgang, til að taka tillit til áhættuvarna í grunngjaldþolskröfu, skal uppfylla eigindlegu viðmiðin sem sett eru fram í 209. og 210. gr. og þau sem sett eru fram í 2.–6. mgr.

2. Ef um er að ræða endurtryggingasamninga skal mótaðilinn vera einhver af eftirfarandi:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem fullnægir gjaldþolskröfunni,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi, staðsett í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar eða tímabundið jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/138/EB í samræmi við 172. gr. þeirrar tilskipunar, og sem fullnægir gjaldþolskröfunum í því þriðja landi,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi, sem ekki er staðsett í landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar eða tímabundið jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/138/EB í samræmi við 172. gr. þeirrar tilskipunar, með útlánagæði sem úthlutað hefur verið á útlánagæðaþrep 3 eða betra í samræmi við 1. þátt, II. kafla þessa bálks.

3. Ef mótaðili endurtryggingarsamnings er vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem hættir að fullnægja gjaldþolskröfunni eftir að endurtryggingarsamningurinn öðlast gildi, er hægt að færa inn að hluta til vörnina sem áhættuvarnirnar vegna vátrygginga veitir, að því tilskildu að vátrygginga- eða endurtryggingarfélagið geti sýnt fram á að mótaðilinn hafi lagt fram raunhæfa endurreisnaráætlun til eftirlitsyfirvalda sinna og að hlítingu við gjaldþolskröfuna verði komið á aftur innan tímarammans sem skilgreindur er í endurreisnaráætluninni sem um getur í 138. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í þeim tilgangi skulu áhrifin af áhættuvörnunum lækkuð um prósentuna sem samsvarar brotinu á gjaldþolskröfunni.

4. Ef áhætta er yfirfærð til félags með sérstakan tilgang skal uppfylla kröfurnar sem um getur í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB til að hægt sé að taka tilliti til áhættuvarnanna í grunngjaldþolskröfunni. Ef kröfurnar um að félag með sérstakan tilgang sé fjármagnað að fullu eru ekki lengur uppfylltar að fullu eftir að fyrirkomulagið hefur öðlast gildi, er hægt að færa inn

að hluta til vörnina sem áhættuvarnir vegna vátrygginga veita, að því tilskildu að vátrygginga- eða endurtryggingarfélagið geti sýnt fram á að hlítingu við fullfjármagnaða kröfuna verði komið á aftur inn þriggja mánaða. Í þessum tilgangi skulu áhrifin af áhættuvörnunum lækkuð um prósentuna af samanlögðu hámarksáhættustigi félagsins með sérstakan tilgang, sem um getur í 326. gr. þessarar reglugerðar, sem eignir félagsins með sérstakan tilgang ná ekki yfir eða um jafngilda fjárhæð þegar 3. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB er beitt.

5. Ef áhætta er yfirfærð til félags með sérstakan tilgang sem um getur í 3. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal eingöngu taka tillit til áhættuvarnanna í grunngjaldþolskröfunni ef lög aðildarríkisins eru jafngild þeim sem sett eru fram í 2. mgr. 211. gr. þeirrar tilskipunar og félagið með sérstakan tilgang fullnægir þeim lögum.

6. Ef áhætta er yfirfærð til félags með sérstakan tilgang sem heyrir undir eftirlitsyfirvald þriðja lands, skal eingöngu taka tillit til áhættuvarnanna í grunngjaldþolskröfunni ef kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB eru uppfylltar af félaginu með sérstakan tilgang.

212. gr.

Fjárhagslegar áhættuvarnir

1. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög yfirfæra áhættu, til að taka tillit til áhættuvarnanna í grunngjaldþolskröfunni, aðra en í tilvikunum sem um getur í 211. gr., þ.m.t. yfirfærslur með kaupum eða útgáfu fjármálagerninga, skal uppfylla eigindlegu viðmiðunina sem kveðið er á um í 2.–5. mgr., til viðbótar við eigindlegu viðmiðunina sem sett er fram í 209. og 210. gr.

2. Áhættuvarnirnar skulu vera í samræmi við skriflega stefnu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins um áhættustýringu, eins og um getur í 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal geta verðsett eignirnar, skuldirnar sem falla undir áhættuvarnirnar og, ef áhættuvarnirnar innihalda notkun á fjármálagerningum, fjármálagerningana, á áreiðanlegan hátt í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4. Ef áhættuvarnirnar innihalda notkun á fjármálagerningum skulu fjármálagerningarnir vera með útlánagæði sem úthlutað hefur verið á útlánagæðaþrep 3 eða betra í samræmi við 2. þátt, I. kafla þessa bálks.

5. Ef áhættuvarnirnar eru ekki fjármálagerningur, skulu mótaðilarnir í áhættuvörnunum vera með útlánagæði sem úthlutað hefur verið á útlánagæðaþrep 3 eða betra í samræmi við 2. þátt, I. kafla þessa bálks.

213. gr.

Staða mótaðilanna

1. Ef eigindlegu viðmiðanirnar í 1. mgr. 211. gr. og 3. og 4. mgr. 212. gr. eru ekki uppfylltar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélögin eingöngu taka tillit til áhættuvarnanna þegar grunngjaldþolskrafan er reiknuð út ef ein eftirfarandi viðmiðun er uppfyllt:

a) áhættuvarnirnar uppfylla eigindlegu viðmiðunina sem sett er fram í 209., 210. og 1. og 2. mgr. 212. gr. og veðsetningarfyrirkomulag er til staðar sem uppfyllir viðmiðunina sem kveðið er á um í 214. gr.,

b) áhættuvörninni er fylgt með annarri áhættuvörn, þar sem síðari vörnin þegar hún er skoðuð ásamt fyrstu vörninni uppfyllir eigindlegu viðmiðunina í 209., 210. og 212. gr. (1. og 2. mgr.) og þegar mótaðilarnir í síðari vörninni uppfylla viðmiðunina sem kveðið er á um í 211. gr. (1. mgr.) og 212. gr. (2. og 4. mgr.).

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar, ef virðið, í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á veðinu er lægra en heildaráhættustigið, skal eingöngu taka tillit til veðsetningarfyrirkomulagsins að því marki að veðið nái yfir áhættustig félagsins.

214. gr.

Veðsetningarfyrirkomulag

1. Við útreikning á grunngjaldþolskröfu skal veðsetningarfyrirkomulag eingöngu viðurkennt ef, til viðbótar við eigindlegu viðmiðunina í 209. og 210. gr., eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem yfirfærir áhættuna skal hafa rétt til þess að innleysa eða halda eftir, með tímanlegum hætti, veðinu komi til vanskila, ógjaldfærni eða gjaldþrots eða annars lánsviðburðar hjá mótaðilanum,

b) nægjanleg vissa er fyrir hendi um vörnina sem næst með veðinu vegna annars hvors af eftirfarandi:

   i. það er af nægjanlegum útlánagæðum, innleysanleika og verðstöðugleika,

   ii. það er tryggt af mótaðila, öðrum en mótaðila sem um getur í 5. mgr. 187. og 2. mgr. 184. gr., sem hefur verið úthlutað áhættustuðli fyrir samþjöppunaráhættu 0%,

c) það er engin veruleg jákvæð fylgni milli útlánagæða mótaðilans og virðisins á veðinu,

d) veðið er ekki verðbréf sem mótaðilinn eða tengt félag þess mótaðila gefur út.

2. Ef veðsetningarfyrirkomulag uppfyllir skilgreininguna í b-lið 26. mgr. 1. gr. og um er að ræða veð sem haldið er af vörsluaðila eða öðrum þriðja aðila, skal vátrygginga- eða endurtryggingafélagið tryggja að allar eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) viðkomandi vörsluaðili eða þriðji aðili aðgreinir eignirnar sem haldið er sem veði frá eigin eignum,

b) aðgreindu eignunum er haldið af innlánastofnun sem er með útlánagæði sem úthlutað hefur verið á útlánagæðaþrep 3 eða betra í samræmi við 2. þátt, I. kafla þessa bálks,

c) aðgreindu eignirnar eru greinanlegar hver fyrir sig og eingöngu er hægt að breyta eða skipta þeim út með samþykki vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða einstaklings sem gegnir hlutverki vörslumanns í tengslum við hagsmuni vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í slíkum eignum,

d) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur (eða er vátryggður hjá fjárvörslusjóði þar sem vörsluaðilinn hefur) rétt til þess að innleysa eða halda eftir, með tímanlegum hætti, aðgreindu eignunum komi til vanskila, ógjaldfærni eða gjaldþrots eða annars lánaatburðar sem varðar vörsluaðilann eða annan þriðja aðila sem heldur veðinu fyrir hönd mótaðilans,

e) aðgreindu eignirnar skulu ekki notaðar til að greiða, eða veita veð í þágu, neins aðila annars en vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða samkvæmt fyrirmælum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

215. gr.

Tryggingar

Við útreikning á grunngjaldþolskröfu skulu tryggingar eingöngu viðurkenndar ef sérstaklega er getið um þær í þessum kafla, og ef í viðbót við eigindlegu viðmiðunina í 209. og 210. gr., allar eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) tryggingin veitir beina útlánavörn,

b) umfang útlánavarnarinnar er skýrt skilgreint og óvéfengjanlegt,

c) tryggingin inniheldur ekki neina skilmála sem lántaki getur ekki haft bein áhrif á að verði uppfylltir, og sem:

   i. heimila veitanda útlánavarnarinnar að segja vörninni upp einhliða,

   ii. hækka raunkostnaðinn við útlánavörnina vegna rýrnunar á útlánagæðum vörðu áhættuskuldbindingarinnar,

   iii. gætu komið í veg fyrir að veitandi útlánavarnarinnar sé skuldbundinn til að greiða út með tímanlegum hætti komi til þess að upphaflegum lántaka takist ekki að inna af hendi gjaldfallnar greiðslur,

   iv. gætu heimilað veitanda útlánavarnarinnar að stytta binditíma útlánavarnarinnar.

d) við vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot eða annan lánaatburð hjá mótaðilanum hefur vátrygginga- eða endurtryggingafélagið rétt á að lögsækja ábyrgðaraðila, með tímanlegum hætti, vegna allra gjaldfallinna krafna að því er varðar veitta vernd og greiðslan frá ábyrgðaraðilanum skal ekki vera háð því að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið þurfi fyrst að lögsækja lántakann,

e) tryggingin er skilmerkilega skjalfest skuldbinding sem ábyrgðaraðili tekur á sig,

f) tryggingin nær að fullu yfir allar tegundir reglulegra greiðslna sem lántaka er gert að greiða í samræmi við kröfuna.

11. ÞÁTTUR

Sjóðir sem haldið er aðgreindum

216. gr.

Útreikningur á gjaldþolskröfunni ef um er að ræða sjóði sem haldið er aðgreindum og eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar

1. Ef um er að ræða sjóði sem haldið er aðgreindum sem ákvarðaðir eru í samræmi við 1. mgr. 81. gr. þessarar reglugerðar, eða í því tilviki að vátrygginga- eða endurtryggingafélög hafa fengið samþykki til að beita aðlögun vegna samræmingar á áhættulausa vaxtaferilinn í samræmi við 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög leiðrétta útreikninginn á gjaldþolskröfunni með því að fylgja aðferðinni sem sett er fram í 217. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur þó fengið samþykki eftirlitsyfirvalds til að beita ákvæðunum sem sett eru fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB á sjóði sem haldið er aðgreindum, skal það ekki leiðrétta útreikninginn í samræmi við 217. gr. þessarar reglugerðar, heldur byggja útreikninginn á forsendunni um fulla fjölþættingu milli eigna og skulda sjóðanna sem haldið er aðgreindum og annarra hluta félagsins.

217. gr.

Reikniaðferð gjaldþolskröfu fyrir sjóði sem haldið er aðgreindum og eignasöfn, aðlöguð vegna samræmingar

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu reikna út ígildi gjaldþolskröfu fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum og sérhvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, sem og fyrir aðra hluta félagsins, á sama hátt og ef þessir sjóðir sem haldið er aðgreindum og eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, og aðrir hlutar félagsins væru aðskilin félög.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu reikna út gjaldþolskröfu sína sem samtölu ígilda gjaldþolskrafnanna fyrir hvern af sjóðunum sem haldið er aðgreindum og hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, og fyrir aðra hluta félagsins.

3. Ef útreikningurinn á gjaldþolskröfunni fyrir áhættueiningu eða -undireiningu grunngjaldþolskröfunnar byggir á áhrifunum af sviðsmynd á kjarnagjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, skal reikna út áhrifin af sviðsmyndinni á kjarnagjaldþolið á stigi sjóðsins sem haldið er aðgreindum og eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, og annarra hluta félagsins.

4. Kjarnagjaldþolið á stigi sjóðsins sem haldið er aðgreindum eða eignasafnsins, aðlagað vegna samræmingar, skal vera þeir takmörkuðu gjaldþolsliðir sem uppfylla skilgreininguna á kjarnagjaldþoli sem sett er fram í 88. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

5. Ef til staðar er fyrirkomulag um ágóðahluta frá endurtryggjendum í sjóðnum sem haldið er aðgreindum skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög beita eftirfarandi aðferð þegar gjaldþolskrafan er leiðrétt:

a) ef útreikningurinn sem um getur í 3. mgr. leiðir til hækkunar á kjarnagjaldþolinu á stigi sjóðsins sem haldið er aðgreindum skal leiðrétta áætluðu breytinguna í þessu kjarnagjaldþoli til að endurspegla fyrirkomulagið um ágóðahluta frá endurtryggjendum í sjóðnum sem haldið er aðgreindum. Í því tilviki skal leiðréttingin vegna breytingarinnar í kjarnagjaldþoli sjóðsins sem haldið er aðgreindum vera fjárhæðin sem vátryggingaskuld mun hækka um vegna væntanlegrar framtíðarútgreiðslu til vátryggingataka eða vátryggða hjá þeim varða sjóði,

b) ef útreikningurinn sem um getur í 3. mgr. leiðir til lækkunar á kjarnagjaldþolinu á stigi sjóðsins sem haldið er aðgreindum skal leiðrétta áætluðu breytinguna í þessu kjarnagjaldþoli við útreikninginn á hreinu grunngjaldþolskröfunni, eins og um getur í 2. mgr. 206. gr., til að endurspegla lækkunina í valkvæðri ágóðahlutdeild í framtíðinni sem greiddur er til vátryggingataka og vátryggðra hjá þeim sjóði sem haldið er aðgreindum. Leiðréttingin skal ekki vera hærri en fjárhæð valkvæðu ágóðahlutdeildarinnar í framtíðinni innan sjóðsins sem haldið er aðgreindum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum og hvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, reiknað út með því að nota sviðsmyndabyggðu útreikningana þar sem kjarnagjaldþol fyrir félagið í heild verður fyrir mestum neikvæðum áhrifum.

7. Í þeim tilgangi að ákvarða sviðsmyndina þar sem kjarnagjaldþol fyrir félagið í heild verður fyrir mestum neikvæðum áhrifum, skal félagið fyrst reikna út samtöluna á niðurstöðunum af áhrifum sviðsmyndanna á kjarnagjaldþolið á stigi hvers sjóðs sem haldið er aðgreindum og hvers eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, í samræmi við 3. og 5. mgr. Samtölurnar á stigi hvers sjóðs sem haldið er aðgreindum og sérhvers eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, skulu lagðar saman og einnig við niðurstöðurnar af áhrifum sviðsmyndanna á kjarnagjaldþolið í öðrum hlutum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

8. Ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir hvern sjóð sem haldið er aðgreindum og sérhvert eignasafn, aðlagað vegna samræmingar, skal ákvarðað með því að leggja saman gjaldþolskröfurnar fyrir hverja undireiningu og áhættueiningu grunngjaldþolskröfunnar.

9. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu gera ráð fyrir að engin fjölþætting áhættu sé milli hvers af sjóðunum sem haldið er aðgreindum og hvers eignasafns, aðlagað vegna samræmingar, og annarra hluta vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

12. ÞÁTTUR

Eigin stikar vátryggingafélags

218. gr.

Hlutmengi staðalstika sem skipta má út með eigin stikum vátryggingafélags

1. Hlutmengi staðalstika sem skipta má út með eigin stikum vátryggingafélags, eins og sett er fram í 7. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal samanstanda af eftirfarandi stikum:

a) í undireiningu iðgjalda- og sjóðsáhættu skaðatrygginga, fyrir hvern hluta sem settur er fram í II. viðauka þessarar reglugerðar:

   i. staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu skaðatrygginga sem um getur í a-lið 2. mgr. 117. gr. þessarar reglugerðar,

   ii. staðalfrávikið fyrir verga iðgjaldaáhættu skaðatrygginga sem um getur í 3. mgr. 117. gr. þessarar reglugerðar,

   iii. leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu sem um getur í 3. mgr. 117. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að til staðar sé endurtryggingarsamningur vegna umframtaps sem færa má inn fyrir þann hluta eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar,

   iv. staðalfrávikið fyrir sjóðsáhættu skaðatrygginga sem um getur í b-lið 2. mgr. 117. gr. þessarar reglugerðar.

b) í undireiningu endurmatsáhættu líftrygginga, hækkun á fjárhæð lífeyrisbótanna sem um getur 141. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að lífeyririnn sem fellur undir þá undireiningu sé ekki háður verulegri verðbólguáhættu,

c) í undireiningu iðgjalda- og sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, fyrir hvern hluta sem settur er fram í XIV. viðauka þessarar reglugerðar:

   i. staðalfrávikið fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í a-lið 2. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar,

   ii. staðalfrávikið fyrir verga iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í 3. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar,

   iii. leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu sem um getur í 3. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að til staðar sé endurtryggingarsamningur vegna umframtaps sem færa má inn, fyrir þann hluta eins og sett er fram í 2. mgr.,

   iv. staðalfrávikið fyrir sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, sem um getur í b-lið 2. mgr. 148. gr. þessarar reglugerðar.

d) í undireiningu endurmatsáhættu heilsutrygginga, hækkun lífeyrisbótanna sem um getur 158. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að lífeyririnn sem fellur undir þá undireiningu sé ekki háður verulegri verðbólguáhættu.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki skipta út báðum staðalstikunum sem um getur í ii. og iii. lið a-liðar af sama hlutanum, eða báðum staðalstikunum sem um getur í ii. og iii. undirlið c-liðar af sama hlutanum.

2. Endurtryggingarsamningur vegna umframtaps fyrir hluta skal talinn færanlegur að því tilskildu að hann uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) að því marki sem tap félagsins sem endurtryggir sem tengist annaðhvort einstökum vátryggingakröfum eða öllum vátryggingakröfum sem heyra undir sama tryggingarsamning yfir tilgreint tímabil sé hærra en af tilgreindu eftirhaldi, veitir hann heildarbætur fyrir slíkt tap upp að ákveðnu marki eða án takmarkana,

b) hann nær yfir allar vátryggingarkröfur sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið gæti stofnað til í hlutanum eða einsleitum áhættuflokki innan hlutans næstu 12 mánuði,

c) hann gerir nægan fjölda endurheimta mögulegan til að tryggja að náist yfir allar kröfur margra viðburða sem stofnað er til næstu 12 mánuði,

d) hann hlítir 209., 210., 211. og 213. gr.

Að því er varðar þessa grein skal „endurtryggingarsamningur vegna umframtaps“ einnig tákna fyrirkomulag með félögum með sérstakan tilgang sem veita áhættuyfirfærslu sem er jafngild endurtryggingarsamningi vegna umframtaps.

3. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög hafa komið á mörgum endurtryggingarsamningum vegna umframtaps sem hver um sig uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í d-lið 2. mgr., og í sameiningu kröfurnar sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr., skal samsetning þeirra talin sem einn færanlegur vátryggingarsamningur vegna umframtaps.

4. Að því er varðar b- og d-lið 1. mgr. skal verðbólguáhætta talin vera veruleg ef það að taka hana ekki með í útreikningnum á gjaldþolskröfunni fyrir endurmatsáhættu gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda þeirra upplýsinga, þ.m.t. eftirlitsyfirvalda.

219. gr.

Gagnaviðmiðanir

1. Gögn sem notuð eru til að reikna út eigin stika vátryggingafélags skulu eingöngu talin heildstæð, nákvæm og viðeigandi ef þau uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

a) þau fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í 1., 2. og 3. mgr. 19. gr., og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, í tengslum við þau gögn, hlítir kröfunum sem settar eru fram í 4. mgr. 19. gr., þar sem sérhver tilvísun til útreikningsins á vátryggingaskuld skal lesin sem tilvísun til útreikningsins á eigin stikum vátryggingafélags,

b) hægt er að fella þau inn í staðlaðar aðferðir,

c) þau koma ekki í veg fyrir að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið fari að kröfunum í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) þau uppfylla sérhverja kröfu um viðbótargögn sem nauðsynleg eru til að nota hverja staðlaða aðferð,

e) gögnin og vinnsluferli þeirra er ítarlega skjalfest, þ.m.t.:

   i. söfnun gagnanna og greining á gæðum þeirra, ef skjalahald sem krafist er inniheldur skrá yfir gögnin, nákvæma tilgreiningu á upptökum þeirra, einkennum og notkun og forskriftina fyrir söfnuninni, úrvinnslu og beitingu gagnanna,

   ii. valið á forsendunum sem notaðar eru í vinnslu og aðlögun gagnanna, þ.m.t. leiðréttingar að því er varðar endurtrygginga- og hamfarakröfur og um skiptingu útgjalda, ef skjalahald sem krafist er inniheldur skrá yfir allar viðeigandi forsendur sem útreikningurinn á vátryggingaskuld byggist á og rökstuðning fyrir valinu á forsendunum,

   iii. valið og beitingin á tryggingastærðfræðilegum og tölfræðilegum aðferðum fyrir vinnslu og leiðréttingu gagnanna,

   iv. sannreyning á gögnunum.

2. Ef utanaðkomandi gögn eru notuð skulu þau uppfylla eftirfarandi viðbótarviðmiðanir:

a) ferlið við söfnun þeirra er gagnsætt, endurskoðanlegt og þekkt af vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem notar þau til að reikna út eigin stika vátryggingafélags á grundvelli þeirra,

b) ef gögnin koma úr mismunandi heimildum, tryggja forsendurnar við söfnun, úrvinnslu og beitingu þeirra að gögnin séu sambærileg,

c) gögnin koma frá vátrygginga- og endurtryggingafélögum með rekstrar- og áhættusnið sem er svipað og hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem eigin stikar vátryggingafélags eru reiknaðir út fyrir á grundvelli þessara gagna,

d) félög sem nota utanaðkomandi gögn geta sannreynt að nægjanlegar tölfræðilegar sannanir séu fyrir því að líkinda-dreifingarnar sem undirliggjandi eru þeirra eigin gögnum og þær sem undirliggjandi eru hinum utanaðkomandi gögnum séu að miklu leyti svipaðar, einkum að því er varðar stigið á óstöðugleika sem þau endurspegla,

e) utanaðkomandi gögn samanstanda eingöngu af gögnum frá félögum með svipað áhættusnið og það áhættusnið er svipað áhættusniðinu hjá félaginu sem notar gögnin, einkum að utanaðkomandi gögnin samanstandi af gögnum frá félögum sem eru með svipaða rekstrargerð og áhættusnið að því er varðar utanaðkomandi gögn og nægjanlega tölfræðilega sönnun á að líkindadreifingarnar sem undirliggjandi eru utanaðkomandi gögnum sýni hátt stig einsleitni.

220. gr.

Staðlaðar aðferðir til að reikna út eigin stika vátryggingafélags

1. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög reikna út eigin stika vátryggingafélags skulu þau nota, fyrir hverja breytu, stöðluðu aðferðirnar sem settar eru fram í XVII. viðauka á eftirfarandi hátt:

a) iðgjaldaáhættuaðferðina fyrir eigin stika vátryggingafélags sem koma í stað staðalstikanna sem um getur í i. og ii. lið a-liðar og i. og ii. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr.,

b) sjóðsáhættuaðferð 1 eða sjóðsáhættuaðferð 2 fyrir eigin stika vátryggingafélags sem koma í stað staðalstikanna sem um getur í iv. undirlið a-liðar og iv. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr.,

c) óhlutfallslegu endurtryggingaraðferðina fyrir eigin stika vátryggingafélags sem koma í stað staðalstikanna sem um getur í iii. undirlið a-liðar og iii. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr.,

d) endurmatsáhættuaðferðina fyrir eigin stika vátryggingafélags sem koma í stað staðalstikanna sem um getur í b- og d-lið 1. mgr. 218. gr.

2. Ef félagið getur notað fleiri en eina staðlaða aðferð skal nota aðferðina sem gefur nákvæmustu niðurstöðuna í þeim tilgangi að uppfylla kvörðunarkröfurnar í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

E félag getur þó ekki sýnt fram á meiri nákvæmni í niðurstöðunum af einni staðlaðri aðferð umfram aðrar staðlaðar aðferðir við að reikna út eigin stika vátryggingafélags, skal nota aðferðina sem gefur varfærnustu niðurstöðuna.

13. ÞÁTTUR

Verklagsreglur fyrir uppfærslu á fylgnistikum

221. gr.

1. Eftirlitsyfirvöld skulu safna megindlegum eigin gögnum vátryggingafélags sem nauðsynleg eru til að ákvarða hæðið milli tegunda áhættu sem um getur í 8. mgr. 309. gr. og skulu árlega láta Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni þau í té í þeim tilgangi að uppfæra fylgnistika.

2. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur greint gögnin sem um getur í 1. mgr. í þeim tilgangi að veita álit á uppfærslu fylgnistikanna.

VI. KAFLI

GJALDÞOLSKRAFA — ALHLIÐA LÍKÖN OG HLUTALÍKÖN

1. ÞÁTTUR

Skilgreiningar

222. gr.

Mikilvægi

Að því er varðar þennan kafla skal breyting eða villa í niðurstöðum eigin líkans, þ.m.t. gjaldþolskröfunni, eða í gögnunum sem notuð eru í eigin líkani, álitin mikilvæg þegar hún getur haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda þessara upplýsinga, þ.m.t. eftirlitsyfirvalda.

2. ÞÁTTUR

Notkunarpróf

223. gr.

Notkun á eigin líkani

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu útskýra, samkvæmt beiðni frá eftirlitsyfirvöldunum, mismunandi notkun á eigin líkani þeirra og hvernig þau tryggja samkvæmni milli mismunandi niðurstaðna þegar eigið líkan er notað í ólíkum tilgangi. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög ákveða að nota ekki eigið líkan fyrir hluta af stjórnkerfinu, einkum í tryggingavernd veigamikillar áhættu, skulu þau gera grein fyrir þeirri ákvörðun.

224. gr.

Aðlögun að rekstrinum

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að hönnunin á eigin líkani sé löguð að starfsemi þeirra á eftirfarandi hátt:

a) nálgunin við formunina endurspeglar eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem innbyggð er í starfsemi félagsins, sem er innan gildissviðs eigin líkans,

b) samræmi er í niðurstöðunum úr eigin líkani og í innihaldi innri og ytri gagnaskila félagsins,

c) hægt er að setja fram niðurstöður úr eigin líkani sem eru nægjanlega nákvæmar til að gegna mikilvægu hlutverki í viðkomandi stjórnarákvörðunum félagsins. Niðurstöður eigin líkans skulu að lágmarki gera greinarmun á milli vátryggingagreina, milli áhættuflokka og milli stórra rekstrareininga,

d) viðmiðunarreglan fyrir breytingu á eigin líkani kveður á um að eigið líkan skuli aðlagað fyrir breytingum á umfangi eða eðli í starfsemi félagsins.

225. gr.

Skilningur á eigin líkani

1. Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og aðrir einstaklingar sem í reynd stjórna félaginu skulu geta að beiðni eftirlitsyfirvaldanna, sýnt fram á alhliða skilning á eigin líkani sem nái yfir þekkingu á öllu eftirfarandi:

a) uppbyggingu eigin líkans og hvernig líkanið er aðlagað rekstrinum og fellt inn í áhættustýringarkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) gildissviði og tilgangi eigin líkans og áhættu sem eigið líkan nær og nær ekki yfir,

c) almennu aðferðafræðinni sem beitt er í útreikningum eigin líkans,

d) takmörkunum eigin líkans,

e) fjölþættingaráhrifunum sem tekið er tillit til í eigin líkani.

2. Aðilarnir sem í reynd stjórna félaginu skulu geta sýnt fram á nægjanlega ítarlegan skilning á þeim hlutum eigin líkans sem notaðir eru á sviðinu sem þeir eru ábyrgir fyrir.

226. gr.

Stuðningur við ákvarðanatöku og samþættingu við áhættustýringu

Eigið líkan skal einungis álitið vera almennt notað og gegna mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) eigið líkan styður við viðkomandi ákvarðanatökuferli í félaginu, þ.m.t. ákvörðun um starfsstefnu,

b) eigið líkan og niðurstöður þess eru reglulega rædd og endurskoðuð af stjórn, framkvæmdarstjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

c) eigið líkan nær yfir allar tegundir veigamikillar mælanlegrar áhættu sem er innan gildissviðs eigin líkans og greind af áhættustýringarkerfinu,

d) félagið notar eigið líkan, þar sem það er mikilvægt, til að meta áhrifin af mögulegum ákvörðunum á áhættusnið þess, þ.m.t. áhrifin á væntan hagnað eða tap og breytileikann í hagnaði og tapi sem leiðir af þessum ákvörðunum,

e) við útfærslu á áhættustefnuáætlunum er tekið tillit til niðurstaðnanna úr eigin líkani, þ.m.t. mælinganna á fjölþættingar-áhrifum, þróunarinnar í áhættuþolmörkum og áhættuvarnarstefna,

f) fjallað er um viðkomandi niðurstöður eigin líkans í verkfarsreglum innri gagnaskila áhættustýringarkerfisins,

g) mæling á áhættu og forgangsröðun áhættu sem eigið líkan setur fram kemur af stað áhættustýringaraðgerðum þar sem við á,

h) krafa er um að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið breyti eigin líkani í samræmi við 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB eins fljótt og mögulegt er, ef niðurstöðurnar úr sannreyningarferli líkansins í samræmi við 124. gr. þeirrar tilskipunar sýnir að eigið líkan uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 101., 113., 120. – 125. gr. þeirrar tilskipunar, til að tryggja að farið sé að þessum kröfum,

i) viðmiðunarreglan fyrir breytingu á eigin líkani kveður á um að eigin líkani sé breytt, þar sem við á, til að endurspegla breytingar í áhættustýringarkerfinu.

227. gr.

Einfaldaður útreikningur

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta notað einfaldaðan útreikning á gjaldþolskröfunni eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, til að uppfylla kröfuna um að reikna út gjaldþolskröfuna í samræmi við aðra málsgrein 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Til þess leggja fram einfaldaðan útreikning á gjaldþolskröfunni sem um getur 1. mgr., geta vátrygginga- og endurtryggingafélög látið nægja að framkvæma hluta útreikningsins sem venjulega er nauðsynlegur til að ákvarða gjaldþolskröfuna. Fyrir þann hluta útreikningsins sem eftir er skal nota niðurstöðurnar úr fyrri útreikningi á gjaldþolskröfunni.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög geta notað aðferðina sem sett er fram í 2. mgr., að því tilskildu að þau geti sýnt fram á, að beiðni eftirlitsyfirvaldanna, að niðurstöðurnar sem teknar eru úr fyrri útreikningi á gjaldþolskröfunni myndu ekki verða verulega frábrugðnar niðurstöðunum úr nýjum útreikningi.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu ekki nota einfaldaðan útreikning á gjaldþolskröfunni þegar gjaldþolskrafan er reiknuð út í samræmi við 102. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. ÞÁTTUR

Tölfræðilegir gæðastaðlar

228. gr.

Líkindadreifing byggð á spá

1. Líkindadreifingin, byggð á spá, sem undirliggjandi er eigin líkani skal tiltaka líkur á breytingum á annaðhvort kjarnagjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins eða á öðrum fjárhæðum líkt og hagnaði og tapi, að því tilskildu að þessar fjárhæðir geti verið notaðar til að ákvarða breytingarnar á kjarnagjaldþoli. Tæmandi mengi af framtíðarviðburðum sem útiloka hverjir aðra, sem um getur í 38. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal innihalda nægilegan fjölda viðburða til að endurspegla áhættusnið félagsins.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu reikna út líkindadreifinguna, byggða á spá, á hlutalíkani við hæsta flokkunarþrep efnisþátta hlutalíkansins. Ef hlutalíkan samanstendur af mismunandi efnisþáttum sem reiknaðir eru út sérstaklega og ekki teknar saman innan hlutalíkansins, skal reikna út líkindadreifinguna, byggða á spá, fyrir hvern efnisþátt.

229. gr.

Fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingastærðfræðilegar aðferðir

Tryggingastærðfræðilegar og tölfræðilegar aðferðir skulu eingöngu taldar fullnægjandi, gildandi og viðeigandi að því er varðar 2. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) aðferðirnar eru byggðar á nýjustu upplýsingum og framförum í tryggingastærðfræðilegum vísindum og tekið er tillit til almennt viðurkenndra markaðsvenja við val á þeim,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur ítarlega þekkingu á hinum hagfræðilegu og tryggingastærðfræðilegu kenningum og forsendunum sem undirliggjandi eru þeim,

c) niðurstöðurnar úr eigin líkani gefa til kynna breytingar í áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem skipta máli,

d) niðurstöðurnar úr eigin líkani eru stöðugar með tilliti til breytinga í ílagsgögnunum sem ekki samsvara viðeigandi breytingu í áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

e) eigið líkan nær yfir öll viðeigandi einkenni í áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

f) aðferðirnar eru aðlagaðar að gögnunum sem notuð eru í eigin líkani,

g) niðurstöðurnar úr eigin líkani innihalda ekki verulega líkans- eða matsskekkju. Líkindadreifingin, byggð á spá, skal, þar sem mögulegt er, aðlöguð til að ná yfir líkans- og matsskekkjur,

h) hægt er að setja útreikninginn á niðurstöðunum úr eigin líkani fram á gagnsæjan hátt.

230. gr.

Upplýsingar og forsendur sem notaðar eru fyrir útreikning á líkindadreifingu sem byggð er á spá

1. Upplýsingar skulu eingöngu taldar trúverðugar, að því er varðar 2. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög færa sönnur á samkvæmni og hlutlægni viðkomandi upplýsinga, áreiðanleika heimildarinnar fyrir upplýsingunum og gagnsæi aðferðarinnar sem notuð er til að leiða fram og vinna úr þeim upplýsingum.

2. Forsendur skulu eingöngu teljast raunhæfar að því er varðar 2. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar þær uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) vátrygginga- og endurtryggingafélögin geta útskýrt og rökstutt sérhverja forsendu, að teknu tilliti til mikilvægis hennar, óvissunnar sem falin er í henni og hvers vegna aðrar viðeigandi forsendur sem koma til greina eru ekki notaðar,

b) hægt er að auðkenna með skýrum hætti kringumstæður þar sem forsendurnar teljast vera rangar,

c) vátrygginga- og endurtryggingafélög útfæra og viðhalda skriflegri útskýringu á aðferðafræðinni sem notuð er til að ákveða þessar forsendur.

231. gr.

Gögn sem notuð eru í eigin líkani

1. Gögn sem notuð eru í eigin líkani skulu einungis talin nákvæm að því er varðar 3. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögnin innihalda ekki verulegar skekkjur,

b) samræmi er í gögnum frá mismunandi tímabilum sem notuð eru fyrir sama matið,

c) gögnin eru skráð með tímanlegum og samræmdum hætti yfir lengri tíma.

2. Gögn sem notuð eru í eigin líkani skulu einungis talin fullnægjandi að því er varðar 3. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögn innihalda nægar eldri upplýsingar til að meta einkenni undirliggjandi áhættu, einkum til að greina þróun í áhættunni,

b) gögn sem fullnægja a-lið þessarar málsgreinar eru tiltæk fyrir allar viðeigandi líkansstika og engin slík viðkomandi gögn eru undanskilin notkun í eigin líkani án rökstuðnings.

3. Gögn sem notuð eru í eigin líkani skulu eingöngu talin viðeigandi að því er varðar 3. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) gögnin eru í samræmi við tilganginn sem þau eru notuð til,

b) magn og eðli gagnanna tryggir að mat sem eigið líkan gerir á grundvelli gagnanna innihaldi ekki verulega matsskekkju,

c) gögnin eru samrýmanleg við forsendurnar sem undirliggjandi eru tryggingastærðfræðilegu og tölfræðilegu aðferðunum sem beitt er á þau í eigin líkani,

d) gögnin endurspegla viðeigandi áhættu sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er óvarið fyrir,

e) gögnunum er safnað, unnið úr þeim og þeim beitt á gagnsæjan og skipulegan hátt, byggt á lýsingu á eftirfarandi sviðum:

   i. skilgreiningunni og matinu á gæðum gagnanna, þ.m.t. sértækum megindlegum og eigindlegum stöðlum fyrir mismunandi gagnasöfn,

   ii. notkuninni og ákvörðuninni á forsendum sem gerðar eru í söfnuninni, úrvinnslunni og beitingunni á gögnunum,

   iii. ferlinu við framkvæmd gagnauppfærslna, þ.m.t. tíðni reglulegra uppfærslna og aðstæðurnar sem hrinda af stað viðbótaruppfærslum.

232. gr.

Geta til að forgangsraða áhættu

1. Að því er varðar aðra undirgrein 4. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal eigið líkan geta forgangsraðað hvers konar mikilvægri áhættu sem það nær yfir.

2. Getan til að forgangsraða áhættu skal vera í samræmi við flokkunina á áhættu sem notuð er í eigin líkani og flokkunina á áhættu sem notuð er í áhættustýringarkerfinu.

3. Forgangsraða skal áþekkri tegund áhættu með samræmdum hætti í öllu vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu og raða eftir vægi með samræmdum hætti yfir lengri tíma.

4. Forgangsröðun áhættu skal vera í samræmi við dreifingu fjármagns sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

233. gr.

Tryggingavernd allrar efnislegrar áhættu

1. Að því er varðar þriðju undirgrein 4. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög meta, a.m.k. ársfjórðungslega, hvort gildissvið eigin líkans nái yfir allar efnislegar mælanlegar áhættur. Matið skal taka tillit til viðeigandi mengis eigindlegra og megindlegra vísa.

2. Eigindlegu vísarnir sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda eftirfarandi:

a) greiningu í eigin áhættu- og gjaldþolsmati á áhættu annarri en þeirri sem eigið líkan nær yfir,

b) sérstökum áhættustýringarferlum fyrir áhættu annarri en þeirri sem eigið líkan nær yfir,

c) sérstökum áhættuvörnum fyrir áhættu annarri en þeirri sem eigið líkan nær yfir.

3. Megindlegu vísarnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu innihalda eftirfarandi:

a) dreifingu fjármagns í samræmi við 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) hagnað og tap sem ekki er hægt að útskýra með áhættu sem eigið líkan nær yfir,

c) niðurstöðurnar úr álagsprófunum og sviðsmyndagreiningum og sérhverju verkfæri sem notað er í sannreyningarferli líkansins.

234. gr.

Fjölþættingaráhrif

Kerfið sem notað er til að mæla fjölþættingaráhrif sem um getur 5. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal eingöngu álitið fullnægjandi þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) kerfið sem notað er til að mæla fjölþættingaráhrif auðkennir lykilbreyturnar sem stýra hæðinu,

b) kerfið sem notað er til að mæla fjölþættingaráhrif tekur tillit til alls eftirfarandi:

   i. sérhvers ólínulegs hæðis og sérhvers skorts á fjölþættingu við öfgakenndar sviðsmyndir,

   ii. allra takmarkana á fjölþættingu sem stafa af tilvist sjóðs sem haldið er aðgreindum eða eignasafns, aðlagað vegna samræmingar,

   iii. einkenna á áhættumælikvarðanum sem notaður er í eigin líkani.

c) forsendurnar sem undirliggjandi eru kerfinu sem notað er til að mæla fjölþættingaráhrif eru rökstuddar á grundvelli gagna sem byggð eru á athugunum.

235. gr.

Áhættuvarnir

1. Áhætta sem er endurspegluð á tilhlýðilegan hátt í eigin líkani, eins og um getur í 6. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skala ekki innihalda áhættu sem stafar af eftirfarandi aðstæðum:

a) samningsbundna fyrirkomulaginu sem varðar áhættuvarnirnar sem, í sérhverri viðkomandi lögsögu, ekki er lögmætt og aðfararhæft eða tryggir ekki að yfirfærsla áhættu sé skýrt skilgreind og óvéfengjanleg,

b) vátrygginga- og endurtryggingafélög eiga ekki beina kröfu á mótaðilann við vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot mótaðilans eða við annan lánaatburð sem settur er fram í viðskiptaskjöluninni vegna fyrirkomulagsins varðandi áhættuvarnirnar,

c) lagalega fyrirkomulagið sem undirliggjandi er áhættuvörnunum inniheldur ekki nákvæma viðmiðun um ákveðið áhættustig sem afmarkar skýrt umfang verndarinnar sem áhættuvörnin veitir.

2. Ef áhættuvörnin sem um getur í c-lið 1. mgr., nær ekki í öllum tilvikum yfir áhættustig vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skal eigið líkan ekki talið endurspegla á tilhlýðilegan hátt áhættuna sem stafar af áhættuvörnunum í samræmi við 6. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, nema það taki tillit til skertrar skilvirkni áhættuvarnanna sem leiðir af þessu fráviki í áhættustigi.

3. Ef áhættuvörnin er háð skilyrði, og uppfylling þess er utan beinnar stjórnar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem gæti grafið undan skilvirkri yfirfærslu á áhættu, skal eigið líkan ekki talið endurspegla á tilhlýðilegan hátt áhættuna sem stafar af áhættuvörninni í samræmi við 6. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, nema það taki tillit til áhrifanna af þessum skilyrðum og sérhverri skertri skilvirkni þeirrar áhættuvarnar.

236. gr.

Stjórnunaraðgerðir í framtíðinni

1. Einungis skal talið raunhæft að stjórnunaraðgerðir í framtíðinni séu framkvæmdar, að því er varðar 8. mgr. 121. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) forsendurnar um stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem notaðar eru við útreikninginn í eigin líkani eru ákvarðaðar með hlutlægum hætti,

b) ráðgerðar stjórnunaraðgerðir í framtíðinni eru raunhæfar og samrýmanlegar ríkjandi viðskiptaháttum og viðskiptaáætlun vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, þ.m.t. notkunin á áhættuvörnum og, þar sem nægjanlegar sannanir eru fyrir hendi, að félagið muni breyta viðskiptaháttum sínum eða viðskiptaáætlun, ráðgerðum stjórnunaraðgerðum sem samrýmanlegar eru þeim breyttu viðskiptaháttum eða viðskiptaáætlun,

c) ráðgerðar stjórnunaraðgerðir í framtíðinni eru í samræmi við hver aðra,

d) ráðgerðar stjórnunaraðgerðir í framtíðinni eru ekki í andstöðu við neinar skuldbindingar gagnvart vátryggingartökum og vátryggðum eða lagaákvæðum,

e) ráðgerðar stjórnunaraðgerðir í framtíðinni taka til greina allar opinberar upplýsingar eða tilkynningar frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu varðandi aðgerðir sem vænta má að það grípi til eða grípi ekki til.

2. Forsendur um stjórnunaraðgerðir í framtíðinni skulu vera raunhæfar og innihalda allt eftirfarandi:

a) samanburð á ráðgerðum stjórnunaraðgerðum í framtíðinni við stjórnunaraðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur áður gripið til,

b) samanburð á stjórnunaraðgerðum í framtíðinni sem tekið er tilliti til í núverandi og eldri útreikningum eigin líkans.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu geta útskýrt öll viðkomandi frávik í tengslum við a- og b-lið.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög koma á yfirgripsmikilli áætlun fyrir stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem samþykkt er af stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, vátrygginga- og endurtryggingafélagsins, sem kveður á um allt eftirfarandi:

a) tilgreiningu á stjórnunaraðgerðum í framtíðinni sem framkvæmdar eru í eigin líkani,

b) tilgreiningu á þeim sérstöku aðstæðum þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið telur raunhæft að framkvæma stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem tilgreindar eru skv. a-lið,

c) tilgreiningu á þeim sérstöku aðstæðum þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur mögulega ekki framkvæmt stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem tilgreindar eru skv. a-lið, og lýsingu á því hvernig þessar aðstæður endurspeglast í eigin líkani,

d) röðunina sem stjórnunaraðgerðir í framtíðinni verða framkvæmdar eftir og kröfurnar um stjórnarhætti sem eiga við um þessar stjórnunaraðgerðir í framtíðinni,

e) lýsingu á sérhverri yfirstandandi vinnu sem þörf er á til að tryggja að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sé í aðstöðu til að framkvæma stjórnunaraðgerðirnar í framtíðinni sem tilgreindar eru skv. a-lið,

f) lýsingu á hvernig stjórnunaraðgerðir í framtíðinni hafa verið endurspeglaðar við útreikninginn á líkindadreifingunni, byggðri á spá,

g) lýsingu á viðeigandi verklagsreglum við innri gagnaskil sem ná yfir stjórnunaraðgerðir í framtíðinni sem framkvæmdar eru í eigin líkani, sem skulu innihalda a.m.k. árlega tilkynningu til stjórnar, eftirlitsstjórnar eða framkvæmdastjórnar.

4. Forsendur um stjórnunaraðgerðir í framtíðinni skulu taka til greina tímann sem þarf til að framkvæma stjórnunaraðgerðirnar og öll útgjöld sem þær hafa í för með sér.

237. gr.

Skilningur á utanaðkomandi líkönum og gögnum

Hlutar eigin líkans sem fengnir eru frá þriðji aðila skulu falla undir allar sömu prófanir og staðla eins og hlutarnir sem þróaðir eru af félaginu. Til viðbótar skulu hlutarnir sem fengnir eru frá þriðja aðila ekki taldir fullnægjandi nema vátrygginga- eða endurtryggingafélagið geti sýnt fram á ítarlegan skilning á þessum hlutum, þ.m.t. takmörkunum þeirra.

Gögn sem notuð eru í eigin líkani og fengin eru frá þriðja aðila skulu ekki talin eiga við nema vátrygginga- eða endurtryggingafélagið geti sýnt fram á ítarlegan skilning á þessum hlutum, þ.m.t. takmörkunum þeirra.

4. ÞÁTTUR

Kvörðunarstaðlar

238. gr.

1. Valkosturinn, sem um getur í 122. gr. tilskipunar 2009/138/EB, um að nota annað tímabil eða áhættumælikvarða en þann sem settur er fram í 3. mgr. 101. gr. þeirrar tilskipunar, skal gilda bæði um eigið líkan sem heild og um mismunandi áhættuflokka eða stórar rekstrareiningar innan þess eigin líkans.

2. Krafan um að sýna fram á verndarstigið fyrir vátryggingataka, sem um getur í 3. mgr. 122. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal innihalda sönnun um að nálganirnar sem um getur í þeirri grein valdi ekki verulegri skekkju í gjaldþolskröfunni eða leiði ekki til lægri gjaldþolskröfu en þeirrar sem reiknuð er út í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 101. gr. þeirrar tilskipunar.

Ef nálganirnar byggja á breytingu á formaðri áhættu skulu félögin sem um getur í 3. mgr. 122. gr. tilskipunar 2009/138/EB sýna fram á að breytingin veiki ekki niðurstöðuna af nálgununum.

Ef tímabilið fyrir áhættumælikvarðann sem er notaður er annað en það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu félögin sem um getur í 3. mgr. 122. gr. þeirrar tilskipunar, taka tillit til alls eftirfarandi:

a) hvort viðburðir dreifast jafn yfir lengri tíma og ef ekki, hvernig það endurspeglast í nálgununum,

b) hvort öllum mikilvægum áhættum yfir eins árs tímabil sé stýrt á tilhlýðilegan hátt,

c) þegar tímabilið sem notað er er lengra en það sem kveðið er á um í 3. mgr. 101 gr. tilskipunar 2009/138/EB, hvort félagið hafi tekið tilhlýðilegt tillit til gjaldþolsstöðunnar á því tímabili,

d) hvort tímabilið sem notað er sé viðeigandi að teknu tilliti til meðallíftíma bótaábyrgða vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, reksturs félagsins og, þar sem við á, óvissunnar sem tengist löngum tímabilum,

e) allra forsenda sem gerðar eru í nálgununum um hæðið milli áhætta yfir samhangandi tímabil.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu sýna fram á verndarstigið sem krafist er skv. 3. mgr. 122. gr. tilskipunar 2009/138/EB, einu sinni á ári og í hvert sinn sem áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins breytist umtalsvert.

4. Nálganirnar sem um getur í 3. mgr. 122. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu teljast hluti af eigin líkani.

5. ÞÁTTUR

Samþætting hlutalíkana

239. gr.

1. Til þess að samþætta að fullu hlutalíkan inn í staðalreglu gjaldþolskröfunnar skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög nota sem staðalsamþættingaraðferð fylgnifylkin og -reiknireglurnar í staðalreglunni sem sett er fram í IV. viðauka tilskipunar 2009/138/EB og V. kafla, I. bálki þessarar reglugerðar.

2. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sýnir eftirlitsyfirvaldinu fram á að ekki væri viðeigandi að nota staðalsamþættingaraðferðina, sem um getur í 1. mgr., fyrir neina af ástæðunum sem um getur í 5. mgr., skulu vátrygginga- og endurtryggingafélögin nota þá samþættingaraðferð sem best á við af þeim sem settar er fram í XVIII. viðauka. Vátrygginga- eða endurtryggingafélögin skulu sýna fram á að samþættingaraðferðin sem lögð er til sé viðeigandi.

3. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sýnir eftirlitsyfirvaldinu enn fremur fram á að ekki væri viðeigandi að nota neina af samþættingaraðferðunum sem settar eru fram í XVIII. viðauka, fyrir neina af ástæðunum sem um getur í 5. mgr., getur vátrygginga- og endurtryggingafélagið notað aðra samþættingaraðferð. Vátryggingar- eða endurtryggingafélagið skal sýna fram á að samþættingaraðferðin sem lögð er til sé viðeigandi.

4. Önnur samþættingaraðferð sem notuð er skal leiða til gjaldþolskröfu sem fylgir meginreglunum sem settar eru fram í 1. og 3. undirþætti, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálki tilskipunar 2009/138/EB, og sem endurspeglar betur áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

5. Samþættingaraðferð skal ekki eiga við þegar eitthvert eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) gjaldþolskrafan sem leiðir af henni fullnægir ekki 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) gjaldþolskrafan sem leiðir af henni endurspeglar ekki á viðeigandi hátt áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

c) hönnunin á hlutalíkaninu er í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 101. og 102. gr. tilskipunar 2009/138/EB, en gerir ekki kleift að samþætta það inn í staðalreglu gjaldþolskröfunnar.

6. ÞÁTTUR

Skipting hagnaðar og taps

240. gr.

1. Að því er varðar skiptingu hagnaðar og taps í samræmi við 123. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög tilgreina allt eftirfarandi:

a) hagnað og tap,

b) stórar rekstrareiningar félagsins,

c) flokkunina á áhættu sem valin er í eigin líkani,

d) skiptinguna á heildarhagnaði eða -tapi á áhættuflokkana og stórar rekstrareiningar.

2. Tilgreiningin á hagnaði og tapi skal vera í samræmi við hækkunina og lækkunina á fjárhæðinni sem undirliggjandi er líkindadreifingunni, byggðri á spá, sem um getur í 1. mgr. 228. gr.

3. Flokkunin á áhættu sem valin er í eigin líkani skal vera fullnægjandi, og nægjanlega nákvæm, í tilgangi áhættustýringar og ákvarðanatöku í samræmi við 120. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í flokkuninni á áhættu skal gerður greinarmunur á milli áhættu sem eigið líkan nær yfir og áhættu sem eigið líkan nær ekki yfir.

4. Skiptingin á hagnaði og tapi skal gerð á hlutlægan og gagnsæjan hátt og með samræmdum hætti yfir lengri tíma.

7. ÞÁTTUR

Sannreyningarstaðlar

241. gr.

Sannreyningarferli líkansins

1. Sannreyningarferli líkansins skal gilda um alla hluta eigin líkans og ná yfir allar kröfur sem settar eru fram í 101. gr., 112. gr. (5. mgr.), 120. – 123. gr. og 125. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Ef um er að ræða hlutalíkan skal sannreyningarferlið einnig ná yfir kröfurnar sem settar eru fram í 113. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Til þess að tryggja óhæði sannreyningarferlisins gagnvart þróun og starfrækslu eigin líkans skulu einstaklingarnir eða skipulagseiningin, þegar sannreyningarferli líkansins er framkvæmt, vera laus undan áhrifum frá þeim sem ábyrgir eru fyrir þróun og starfrækslu eigin líkans. Þetta mat skal vera í samræmi við 4. mgr.

3. Að því er varðar sannreyningarferli líkansins skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög tilgreina eftirfarandi:

a) ferlin og aðferðirnar sem notuð eru til að sannreyna eigið líkan og tilgang þeirra,

b) fyrir hvern hluta eigin líkans, tíðni reglulegra sannreyninga og aðstæðurnar sem hrinda af stað viðbótarsannreyningu,

c) einstaklingana sem eru ábyrgir fyrir hverju sannreyningarferli,

d) aðferðina sem fylgja á ef sannreyningarferli líkansins greinir vandamál í áreiðanleika eigin líkans og ákvarðanatökuferlið til að takast á við þau vandamál.

4. Sem hluta af sannreyningarferli líkansins skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög meta gæði og óhæði sannreyningarinnar. Við mat á óhæði skulu félög taka tillit til alls eftirfarandi:

a) í tilviki innra sannreyningarferlis, ábyrgða og skipulags við gagnaskil þeirra einstaklinga sem taka þátt í ferlinu,

b) í tilviki ytra sannreyningarferlis, uppbyggingar starfskjara einstaklinganna sem eru þátttakendur í ferlinu, þ.m.t. og eftir atvikum starfsmanna þeirra eða annarra einstaklinga sem koma fram fyrir þeirra hönd, og sérhver önnur umboð þessara einstaklinga sem varðar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið.

242. gr.

Sannreyningarverkfæri

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu a.m.k. árlega prófa niðurstöðurnar og lykilályktanir eigin líkans út frá fyrri reynslu og öðrum viðeigandi gögnum að því marki sem þau gögn eru nægjanlega tiltæk. Þessum prófunum skal beitt á einstakar niðurstöður sem og á samanteknar niðurstöður. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu greina ástæðuna fyrir sérhverju umtalsverðu fráviki milli forsenda og gagna og milli niðurstaðna og gagna.

2. Sem hluta af prófuninni á niðurstöðum eigin líkans út frá fyrri reynslu skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög bera niðurstöðurnar af skiptingu hagnaðar og taps sem um getur í 123. gr. tilskipunar 2009/138/EB, saman við áhætturnar sem formaðar eru í eigin líkani.

3. Tölfræðileg úrvinnsla fyrir staðfestingu eigin líkans, sem um getur í annarri málsgrein 124. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal byggð á öllu eftirfarandi:

a) gildandi upplýsingum, að teknu tilliti til og þar sem það skiptir máli og er viðeigandi, um þróun í tryggingastærðfræðilegum aðferðum og almennt viðurkenndri markaðsvenju,

b) ítarlegum skilningi á hagfræði- og tryggingastærðfræðilegri kenningu og forsendunum sem undirliggjandi eru aðferðunum við að reikna út líkindadreifingu, byggða á spá, eigin líkans.

4. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög taka eftir, í samræmi við fjórðu málsgrein 124. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að breytingar í undirliggjandi lykilforsendu hafi umtalsverð áhrif á gjaldþolskröfuna skulu þau geta útskýrt ástæðuna fyrir þessum næmleika og hvernig tekið er tillit til næmleikans í ákvarðanatökuferli þeirra. Að því er varðar fjórðu undirgrein 124. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu lykilforsendurnar innihalda forsendur um stjórnunaraðgerðir í framtíðinni.

5. Sannreyningarferli líkansins skal innihalda greiningu á stöðugleika niðurstaðna eigin líkans fyrir mismunandi útreikninga eigin líkans með sömu ílagsgögnum.

6. Sem hluti af því að sýna fram á að gjaldþolskröfurnar sem leiða af eigin líkani séu viðeigandi skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög bera saman tryggingaverndina og gildissviðið í eigin líkani. Í þessum tilgangi skal tölfræðileg úrvinnsla til sannreyningar eigin líkans innihalda öfugt álagspróf sem greinir líklegustu álagssviðsmyndirnar sem gætu ógnað lífvænleika vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

8. ÞÁTTUR

Staðlar um skjalahald

243. gr.

Almenn ákvæði

1. Skjalahald á hönnun og rekstrarlegum atriðum eigin líkans, eins og krafist er í 125. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera nægjanlegt til að tryggja að sérhver óháður þriðji aðili sem er vel að sér geti skilið hönnunina og rekstraratriði eigin líkans og myndað sér ígrundaða skoðun á reglufylgni þess við 101. og 120.–124. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ef um er að ræða hlutalíkan skal skjalahaldið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar að auki ná yfir reglufylgni við 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB, einkum í tengslum við rökstuðninginn fyrir takmörkuðu gildissviði líkansins og samþættingaraðferðinni sem notuð eru til að samþætta hlutalíkanið inn í staðalregluna.

3. Skjalahaldið, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal byggt upp á viðeigandi hátt, vera ítarlegt og heildstætt og uppfært reglulega. Hægt skal vera að endursegja niðurstöðurnar úr eigin líkani með því að nota skjalahaldið fyrir eigið líkan og öll gögnin inn í eigið líkan.

244. gr.

Lágmarksinnihald skjalahaldsins

Skjalahald á eigin líkani skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) skrá yfir öll skjöl sem eru hluti af skjalahaldinu,

b) viðmiðunarregluna fyrir breytingum á eigin líkani eins og um getur í 115. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) lýsingu á stefnunum, stjórntækjunum og aðferðunum við stjórnun eigin líkans, þ.m.t. ábyrgðum sem starfsfólki vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins er úthlutað,

d) lýsingu á upplýsingatækninni sem notuð er í eigin líkani, þ.m.t. öllum viðbragðsáætlunum sem varða upplýsingatæknina sem notuð er,

e) allar viðeigandi forsendur sem eigið líkan byggir á og rökstuðning fyrir þeim í samræmi við 2. mgr. 230. gr.,

f) útskýringu á aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða forsendur sem um getur í c-lið 2. mgr. 230. gr., sem skal ná yfir eftirfarandi:

   i. gögnin sem valið á forsendum byggist á,

   ii. markmiðin með vali á forsendum og viðmiðanirnar sem notaðar eru til að skera úr um hvort valið sé viðeigandi,

   iii. sérhverjar takmarkanir sem gerðar eru í valinu á forsendum.

g) skrá yfir gögn sem notuð eru í eigin líkani, með tilgreiningu á upptökum þeirra, einkennum og notkun,

h) forskriftina fyrir söfnun, úrvinnslu og notkun gagnanna sem um getur í e-lið 3. mgr. 231. gr.,

i) ef gögn eru ekki notuð með samræmdum hætti yfir lengri tíma í eigin líkani, lýsingu á ósamræmdri notkun og rökstuðning fyrir henni,

j) tilgreiningu á eigindlegu og megindlegu vísunum fyrir tryggingavernd áhættunnar sem um getur í 233. gr.,

k) lýsingu á áhættuvörnunum sem tekið er tillit til í eigin líkani eins og um getur í 235. gr., og útskýringu á hvernig áhættan sem stafar af notkuninni á áhættuvörnum er endurspegluð í því eigin líkani,

l) lýsingu á stjórnunaraðgerðum í framtíðinni sem tekið er tillit til í eigin líkani eins og um getur í 236. gr., og lýsingu á viðeigandi frávikum sem um getur í 2. mgr. 236. gr.,

m) forskriftirnar fyrir skiptingu hagnaðar og taps sem um getur í 1. mgr. 240. gr.,

n) forskriftirnar fyrir sannreyningarferli líkansins sem um getur í 3. mgr. 241. gr.,

o) niðurstöður sannreyningar í tengslum við reglufylgni við 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

p) í tengslum við utanaðkomandi líkön og gögn:

   i. hlutverk utanaðkomandi líkana og gagna í eigin líkani,

   ii. ástæðurnar fyrir að kjósa fremur utanaðkomandi líkön heldur en líkön sem þróuð eru innanhúss og utanaðkomandi gögn fremur en eigin gögn,

   iii. valkostirnir um að nota utanaðkomandi líkön og gögn sem teknir hafa verið til athugunar af vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu og útskýringu á ákvörðuninni sem tekin er um tiltekið utanaðkomandi líkan eða utanaðkomandi gagnasöfn.

245. gr.

Aðstæður þegar eigið líkan virkar ekki með skilvirkum hætti

Þegar aðstæður eru metnar og skráðar þar sem eigið líkan virkar ekki með skilvirkum hætti skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til alls eftirfarandi:

a) áhættunnar sem eigið líkan nær ekki yfir,

b) takmarkananna í formun áhættu sem notuð er í eigin líkani,

c) eðlis, stigs og uppsprettu óvissu sem tengist niðurstöðum eigin líkans, þ.m.t. næmleika niðurstaðnanna fyrir lykilforsendunum sem undirliggjandi eru eigin líkani,

d) ágalla í gögnum sem notuð eru í eigin líkani og skorts á gögnum við útreikning eigin líkans,

e) áhættunnar sem leiðir af notkun utanaðkomandi líkana og utanaðkomandi gagna í eigin líkani,

f) takmarkana upplýsingatækninnar sem notuð er í eigin líkani,

g) takmarkana stjórnkerfis eigin líkans.

246. gr.

Breytingar á eigin líkani

Skjalahald eigin líkans skal innihalda skrá um minni- og meiriháttar breytingar á eigin líkani, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) lýsingu á rökunum fyrir minni- og meiriháttar breytingum,

b) lýsingu á áhrifunum af meiriháttar breytingum fyrir hönnun og rekstur eigin líkans,

c) ef meiriháttar breyting eða samsetning af minniháttar breytingum hefur veruleg áhrif á niðurstöður eigin líkans, megindlegan og eigindlegan samanburð á niðurstöðunum fyrir og eftir breytinguna sem varðar sömu matsdagsetningu.

9. ÞÁTTUR

Utanaðkomandi líkön og gögn

247. gr.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu vakta allar mögulegar takmarkanir sem stafa af notkun utanaðkomandi líkans eða utanaðkomandi gagna í eigin líkani til að halda áfram að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 101. gr. og 120.–125. gr. tilskipunar 2009/138/EB og einnig í 113. gr. þeirrar tilskipunar, fyrir hlutalíkön.

VII. KAFLI

KRAFA UM LÁGMARKSFJÁRMAGN

248. gr.

Krafa um lágmarksfjármagn

1. Krafan um lágmarksfjármagn skal vera jöfn eftirfarandi:

$MCR = \max(MCR_{combined}; AMCR)$

þar sem:

a) $MCR_{combined}$ táknar samsetta kröfu um lágmarksfjármagn,

b) *AMCR* táknar algjöra lágmarkið sem um getur í d-lið 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB og í 253. gr. þessarar reglugerðar.

2. Samsetta krafan um lágmarksfjármagn skal vera jöfn eftirfarandi:

$MCR_{combined} = \min(\max(MCR_{linear}; 0{,}25 \cdot SCR); 0{,}45 \cdot SCR)$

þar sem:

a) MCR_{linear} táknar línulegu kröfuna um lágmarksfjármagn, reiknaða út í samræmi við 249.–251. gr.,

b) *SCR* táknar gjaldþolskröfuna, reiknaða út í samræmi við V. kafla eða í samræmi við VI. kafla, ef samþykki hefur verið veitt fyrir notkun á eigin líkani eða hlutalíkani.

249. gr.

Línuleg krafa um lágmarksfjármagn

Línulega krafan um lágmarksfjármagn skal vera jöfn eftirfarandi:

$$MCR_{linear} = MCR_{(linear,nl)} + MCR_{(linear,l)}$$

þar sem:

a) $MCR(linear,nl)$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar,

b) $MCR(linear,l)$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar.

250. gr.

Línulegur formúluþáttur fyrir skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar

1. Línulegi formúluþátturinn fyrir skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar skal vera jafn eftirfarandi:

$$MCR_{(linear,nl)} = \sum_{s} \alpha_s \cdot TP_{(nl,s)} + \beta_s \cdot P_s$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir alla hluta sem settir eru fram í XIX. viðauka,

b) $TP_{(nl,s)}$ táknar vátryggingaskuldina án áhættuálags fyrir skaðatrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar í hluta *s*, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll,

c) P_s táknar bókfærðu iðgjöldin vegna vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga í hluta *s* síðustu 12 mánuði, eftir að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga hafa verið dregin frá, með lágmark jafnt og núll,

d) stuðlarnir α_s og β_s eru settir fram í XIX. viðauka.

2. Vátryggingaskuldin sem um getur í b-lið 1. mgr. skal ekki innihalda neinar af eftirfarandi fjárhæðum:

a) endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eða félögum með sérstakan tilgang sem ekki er hægt að taka tillit til í samræmi við 3. og 5. mgr. 41. gr.,

b) endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang sem ekki fullnægja 209., 210., 211. og 213. gr. eða 235. gr.

3. Við útreikning á bókfærðum iðgjöldum eftir að iðgjöld vegna endurtryggingasamninga sem um getur í c-lið 1. mgr. hafa verið dregin frá, skulu eftirfarandi iðgjöld vegna endurtryggingasamninga ekki dregin frá:

a) iðgjöld í tengslum við atburði aðra en tryggingaatburði eða uppgerðar vátryggingarkröfur, sem ekki er gerð grein fyrir í sjóðstreyminu sem um getur í 3. mgr. 41. gr.,

b) iðgjöld vegna endurtryggingasamninga sem ekki fullnægja 209., 210., 211. og 213. gr. eða 235. gr.

251. gr.

Línulegur formúluþáttur fyrir líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar

1. Línulegi formúluþátturinn fyrir líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar skal vera jafn eftirfarandi:

$$MCR_{linear,l} = 0{,}037 \cdot TP_{(life,1)} - 0{,}052 \cdot TP_{(life,2)} + 0{,}007 \cdot TP_{(life,3)} + 0{,}021 \cdot TP_{(life,4)} + 0{,}0007 \cdot CAR$$

þar sem:

a) $TP_{(life,1)}$ táknar vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við ábyrgðartryggðar bætur fyrir líftryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum eða félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, og vátryggingaskuld án áhættuálags fyrir endurtryggingaskuldbindingar þar sem undirliggjandi líftryggingaskuldbindingar innihalda ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll,

b) $TP_{(life,2)}$ táknar vátryggingaskuld án áhættuálags í tengslum við valkvæða ágóðahlutdeild í framtíðinni fyrir líftrygginga-skuldbindingar með ágóðahlutdeild, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll,

c) $TP_{(life,3)}$ táknar vátryggingaskuld án áhættuálags fyrir vísitölu- og sjóðstengdar líftrygginga- og –endurtrygginga-skuldbindingar sem varða slíkar vátryggingaskuldbindingar, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtrygg-ingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll,

d) $TP_{(life,4)}$ táknar vátryggingaskuld án áhættuálags fyrir allar aðrar líftrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, með lágmark jafnt og núll,

e) *CAR* táknar heildarvátryggingafjárhæðina, þ.e. fjárhæðina, í tengslum við hvern samning sem hefur í för með sér líftrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingar, af vátryggingafjárhæð samninganna, þar sem vátryggingafjárhæð samningsins merkir þá hærri en núll og mismuninum á eftirfarandi tveim fjárhæðum:

   i. samtölunni á öllu eftirfarandi:

      — fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi greiða sem stendur við dauðsfall eða örorku einstaklinga sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtrygginga-samningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

      — væntu núvirði fjárhæðanna, sem fyrri undirliður nær ekki yfir, sem félagið myndi greiða í framtíðinni við skyndilegt dauðsfall eða örorku einstaklinganna sem tryggðir eru samkvæmt samningnum, eftir að endur-heimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá,

   ii. besta mati á tilsvarandi skuldbindingum, eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá.

2. Vátryggingaskuldin sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. skal ekki ná yfir eftirfarandi:

a) endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang sem ekki er hægt að taka tillit til í samræmi við 3. og 5. mgr. 41. gr.,

b) endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang sem ekki fullnægja 209.–215. gr. eða 235. gr.

252. gr.

Krafa um lágmarksfjármagn: samsett vátryggingafélög

1. Ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga og ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga sem um getur í 2. mgr. 74. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu reiknaðar út í samræmi við 2.–11. mgr. þessarar greinar.

2. Ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_{nl}) = \max(NMCR_{(combined,nl)}; AMCR_{nl})$$

þar sem:

a) $NMCR_{(combined,nl)}$ táknar ígildi samsettu kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga,

b) $AMCR_{nl}$ táknar algjöra lágmarkið sem mælt er fyrir um í i. lið, d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB og í 253. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ígildi samsettu kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_{(combined,nl)} = \min(\max(NMCR_{(linear,nl)}; 0{,}25 \cdot (NSCR_{nl} + Addon_{nl})); 0{,}45 \cdot (NSCR_{nl} + Addon_{nl}))$$

þar sem:

a) $NMCR_{(linear,nl)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

b) $NSCR_{nl}$ táknar ígildi kröfunnar um lágmarksgjaldþol fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

c) $Addon_{nl}$ táknar þann hluta viðbótargjaldþolskrafnanna, ákveðinn af eftirlitsyfirvaldinu í samræmi við 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem það eftirlitsyfirvald hefur úthlutað á skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

4. Ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_{(linear,nl)} = MCR_{(nl,nl)} + MCR_{(l,nl)}$$

þar sem:

a) $MCR_{(nl,nl)}$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir skaðatrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem varða skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

b) $MCR_{(l,nl)}$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem varða skaðatryggingar - eða -endurtryggingarstarfsemi.

5. $MCR_{(nl,nl)}$ og $MCR_{(l,nl)}$ skal, eftir því sem við á, reiknað út á sama hátt og $MCR_{(linear,nl)}$ og $MCR_{(linear,l)}$ sem um getur í 250. og 251. gr. þessarar reglugerðar, en vátryggingaskuldin eða bókfærðu iðgjöldin sem notuð eru í útreikninginn skulu eingöngu eiga við um vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar af skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi í skaðatryggingarflokkunum sem um getur í I. viðauka tilskipunar 2009/138/EB.

6. Ígildi kröfunnar um lágmarksgjaldþol fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NSCR_{nl} = \frac{NMCR_{(linear,nl)}}{NMCR_{(linear,nl)} + NMCR_{(linear,l)}} \cdot SCR$$

þar sem:

a) SCR táknar kröfuna um lágmarksgjaldþol sem reiknuð er út í samræmi við 2. undirþátt, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálk tilskipunar 2009/138/EB eða í samræmi við 3. undirþátt, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálk tilskipunar 2009/138/EB, sem skal, að því er varðar þessa grein, undanskilja hverja viðbótargjaldþolskröfu sem leggst á í samræmi við 37. gr. þeirrar tilskipunar,

b) $NMCR_{(linear,nl)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga, fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

c) $NMCR_{(linear,l)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

7. Ígildi kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_l = \max(NMCR_{(combined,l)}; AMCR_l)$$

þar sem:

a) $NMCR_{(combined,l)}$ táknar ígildi samsettu kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga,

b) $AMCR_l$ táknar algjöra lágmarkið sem mælt er fyrir um í ii. lið, d-liðar 1. mgr. 129. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

8. Ígildi samsettu kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_{(combined,l)} = \min(\max(NMCR_{(linear,l)}; 0{,}25 \cdot (NSCR_l + Addon_l)); 0{,}45 \cdot (NSCR_l + Addon_l))$$

þar sem:

a) $NMCR_{(linear,l)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

b) $NSCR_l$ táknar ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

c) $Addon_l$ táknar þann hluta viðbótargjaldþolskrafnanna, sem ákveðinn er af eftirlitsyfirvaldinu í samræmi við 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem það eftirlitsyfirvald hefur úthlutað á líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

9. Ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir líftryggingar- eða -endurtryggingastarfsemi skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NMCR_{(linear,l)} = MCR_{(nl,l)} + MCR_{(l,l)}$$

þar sem:

a) $MCR_{(nl,l)}$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir skaðatrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem varða líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

b) $MCR_{(l,l)}$ táknar línulega formúluþáttinn fyrir líftrygginga- og -endurtryggingaskuldbindingar sem varða líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi.

10. $MCR_{(nl,l)}$ og $MCR_{(l,l)}$ skal reiknað út á sama hátt og $MCR_{(linear,nl)}$ og $MCR_{(linear,l)}$ sem um getur í 250. og 251. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, en vátryggingaskuldin eða bókfærðu iðgjöldin sem notuð eru í útreikninginn skulu eingöngu eiga við um vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar af líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi í líftrygginga-flokkunum sem um getur í II. viðauka tilskipunar 2009/138/EB.

11. Ígildi gjaldþolskröfunnar fyrir líftryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi skal vera jafnt eftirfarandi:

$$NSCR_l = \frac{NMCR_{(linear,l)}}{NMCR_{(linear,nl)} + NMCR_{(linear,l)}} \cdot SCR$$

þar sem:

a) *SCR* táknar gjaldþolskröfuna sem reiknuð er út í samræmi við 2. undirþátt, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálks tilskipunar 2009/138/EB eða í samræmi við 3. undirþátt, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálk tilskipunar 2009/138/EB, sem skal, að því er varðar þessa grein, undanskilja hverja viðbótargjaldþolskröfu sem leggst á í samræmi við 37. gr. þeirrar tilskipunar,

b) $NMCR_{(linear,nl)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga fyrir skaðatryggingar- eða -endurtryggingarstarfsemi,

c) $NMCR_{(linear,l)}$ táknar ígildi línulegu kröfunnar um lágmarksfjármagn fyrir líftryggingar- eða –endurtryggingarstarfsemi.

253. gr.

Algjört lágmark kröfunnar um lágmarksfjármagn

1. Algjöra lágmarkið fyrir kröfuna um lágmarksfjármagn fyrir vátryggingafélög, sem hafa fengið starfsleyfin sem um getur í a- eða b-lið 2. mgr. 73. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera samtala fjárhæðanna sem settar eru fram í i. og ii. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ef verg bókfærð iðgjöld fyrir skaðatryggingarrekstur sem skráð eru í flokka 1 og 2 í A hluta 1. viðauka tilskipunar 2009/138/EB fara ekki yfir 10 % af samanlögðum vergum bókfærðum iðgjöldum félagsins sem heild, skal algjöra lágmarkið fyrir kröfuna um lágmarksfjármagn vera jafnt fjárhæðinni sem sett er fram í ii. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Ef verg bókfærð iðgjöld fyrir líftryggingarrekstur fara ekki yfir 10% af samanlögðum vergum bókfærðum iðgjöldum félagsins sem heild skal algjöra lágmarkið fyrir kröfuna um lágmarksfjármagn vera jafnt fjárhæðinni sem sett er fram í ii. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. þeirrar tilskipunar.

VIII. KAFLI

FJÁRFESTINGAR Í VERÐBRÉFUÐUM STÖÐUM

254. gr.

Hlutdeildarkröfur fyrir áhættu sem varða upphafsaðila, umsýsluaðila og upphaflega lánveitendur

1. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 135. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn ávallt halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild, sem skal í hverju tilviki fyrir sig ekki vera minni en 5%, eins og tilgreint er í 2. mgr. þessarar greinar, og skal gera vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sérstaklega grein fyrir þeirri skuldbindingu í skjölunum sem gilda um fjárfestinguna.

2. Einungis eftirfarandi eftirhald skal vera viðurkennt sem eftirhald á umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild á að minnst 5%:

a) eftirhald á minnst 5% af nafnvirði hvers áhættulags sem er selt eða yfirfært til fjárfesta,

b) eftirhald á hlutdeild útgefandans á minnst 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þegar um er að ræða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga í skilningi 12. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) eftirhald á áhættuskuldbindingum sem valdar eru með slembiúrtaki, að jafngildi minnst 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna, ef slíkar áhættuskuldbindingar hefðu annars verið verðbréfaðar í verðbréfuninni, að því tilskildu að fjöldi mögulegra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sé ekki undir 100 við útgáfu,

d) eftirhald á fyrsta taplagi sem tapast og, ef nauðsyn krefur, öðrum áhættulögum með sama eða strangara áhættusniði en þeim sem yfirfærð eru eða seld til fjárfesta og ekki með gjalddaga sem á undan þeim sem yfirfærð eru eða seld til fjárfesta, þannig að eftirhaldið sé samtals minnst 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna,

e) eftirhaldið á fyrstu áhættuskuldbindingu í tapstöðu á að minnst 5% af hverri verðbréfaðri áhættuskuldbindingu í verðbréfuninni.

3. Hrein, fjárhagsleg hlutdeild skal mæld við útgáfu. Hrein, fjárhagsleg hlutdeild skal ekki falla undir neins konar mildun kröfuáhættu eða skortstöður eða annars konar áhættuvörn og skal ekki seld. Hrein, fjárhagsleg hlutdeild skal ákvarðast af grundvallarfjárhæð liða utan efnahagsreiknings.

4. Eftirhaldi á umtalsverðri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem um getur í 1. mgr., skal ekki skipt á milli mismunandi gerða af eftirhaldsaðilum.

5. Krafan sem kveðið er á um í 1. mgr. um að halda eftir umtalsverðri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild skal vera uppfyllt að fullu af öllum eftirfarandi:

a) upphafsaðilanum eða mörgum upphafsaðilum,

b) umsýsluaðilanum eða mörgum umsýsluaðilum,

c) upphaflega lánveitandanum eða mörgum upphaflegum lánveitendum.

6. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphafsaðilum skal eftirhaldskrafan uppfyllt af sérhverjum upphafsaðila fyrir sig, með tilliti til hlutfallsins af samanlögðum verðbréfuðum áhættuskuldbindingum sem hann er upphafsaðili fyrir.

7. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphaflegum lánveitendum skal hlutdeildarkrafan uppfyllt af sérhverjum upphaflegum lánveitanda fyrir sig, með tilliti til hlutfallsins af samanlögðum verðbréfuðum áhættuskuldbindingum sem hann er upphaflegur lánveitandi fyrir.

8. Þrátt fyrir 6. og 7. mgr., þegar verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphafsaðilum eða mörgum upphaflegum lánveitendum getur einstakur útgefandi eða einstakur upphaflegur lánveitandi uppfyllt hlutdeildarkröfuna að fullu, að því tilskildu að annaðhvort eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hefur stofnað til og stjórnar áætluninni eða verðbréfunarfyrirkomulaginu,

b) upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hefur komið áætluninni eða verðbréfunarfyrirkomulaginu á og hefur lagt af mörkum yfir 50% allra verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna.

9. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar hafa verið í umsýslu margra umsýsluaðila skal hlutdeildarkrafan uppfyllt af annaðhvort:

a) umsýsluaðilanum með fjárhagslega hagsmuni sem samræmast hvað best fjárfestunum, eins og samþykkt er af mörgum umsýsluaðilunum á grundvelli hlutlægra viðmiðana, þ.m.t. gjaldtökuskipulagi, þátttöku í stofnun og stjórnun áætlunarinnar eða verðbréfunarfyrirkomulagsins og kröfuáhættu verðbréfunarinnar,

b) hlutfallslega af hverjum umsýsluaðila, með tilliti til fjölda umsýsluaðila.

255. gr.

Undanþágur frá hlutdeildarkröfum vegna áhættu

1. Ákvæði 1. mgr. 254. gr. gilda ekki þegar verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru áhættuskuldbindingar vegna eininga sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 180. gr. eða áhættuskuldbindingar sem eru að fullu, óskilyrtar og óafturkræfar, tryggðar af þessum einingum, þegar tryggingin fullnægir kröfunum sem settar eru fram í 215. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. 254. gr. gilda ekki um verðbréfanir sem byggja á skýrri, gagnsærri og aðgengilegri vísitölu, þegar undirliggjandi eignir þeirrar vísitölu eru sambærilegar þeim sem mynda vísitölu sem mikil viðskipti eru með, eða eru önnur framseljanleg verðbréf af öðrum toga en verðbréfuðum stöðum.

256. gr.

Eigindlegar kröfur sem varða vátrygginga- og endurtryggingafélög

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2.–7. mgr.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu gera fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður en þau fjárfesta, sem skal innihalda mat á skuldbindingu upphafsaðilans, umsýsluaðilans eða upphafalega lánveitandans um að halda stöðugt umtalsverðri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfuninni, að lágmarki 5%, og á stuðlunum sem gætu grafið undan þeirri skuldbindingu að viðhalda þeim hagsmunum eins og lofað er í samræmi við f-lið 3. mgr.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, áður en þau fjárfesta í verðbréfun og þar á eftir eins og við á, tryggja að upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hafi til að bera alla eftirfarandi eiginleika:

a) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn veitir lán á grundvelli traustra og vel skilgreindra viðmiðana og kemur með skýrum hætti á ferli til að samþykkja, breyta, endurnýja og endurfjármagna lán sem á að verðbréfa sem og lán sem ekki á að verðbréfa,

b) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn ræður yfir skilvirku kerfi fyrir samfellda stjórnsýslu og eftirlit með eignasöfnum og áhættuskuldbindingum sínum sem fela í sér kröfuáhættu, þ.m.t. til að greina og stjórna vafasömum lánum og til að gera fullnægjandi virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur,

c) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn eykur með fullnægjandi hætti fjölþættingu allra útlánaeignasafna á grundvelli markhóps síns og heildarútlánaáætlunarinnar,

d) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn veitir greiðan aðgang að viðeigandi gögnum sem nauðsynleg eru fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélagið til að hlíta kröfunum sem settar eru fram í 4.–7. mgr.,

e) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn er með skriflegan samning um kröfuáhættu, sem inniheldur áhættuþolmörk og stefnu þeirra fyrir varúðarniðurfærslu og hvernig sú áhætta er mæld, vöktuð og henni stýrt,

f) upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn greinir frá umfangi eftirstæðrar hreinnar, fjárhagslegrar hlutdeildar eins og um getur í 1. mgr. 254. gr., sem og öllum stuðlum sem gætu grafið undan viðhaldi á lágmarkinu sem krafist er um hreina, fjárhagslega hlutdeild, eins og sett er fram í þeirri grein.

4. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun skulu koma á skriflegum vöktunarferlum sem samsvara áhættusniðinu á verðbréfuðum stöðum þeirra til að vakta árangur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum á áframhaldandi grundvelli og með tímanlegum hætti.

5. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun skulu sjá til þess að innri gagnaskil til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar, séu fullnægjandi svo þær séu meðvitaðar um mikilvægar verðbréfaðar stöður og að áhættunum sem stafa af þessum fjárfestingum sé stýrt með fullnægjandi hætti.

6. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun skulu reglulega framkvæma álagspróf á sjóðstreymið og virði veða að baki undirliggjandi áhættuskuldbindingunum. Sérhvert álagspróf skal vera í réttu samræmi við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem innbyggð er í verðbréfuðu stöðuna.

7. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem fjárfesta í verðbréfun skulu geta sýnt eftirlitsyfirvöldum sínum fram á að þau hafi fyrir hverja af þessum fjárfestingum yfirgripsmikla og ítarlega þekkingu á fjárfestingunni og undirliggjandi áhættuskuldbindingum sínum og að þau hafi komið á skriflegum reglum og verklagi fyrir áhættustýringu sína.

257. gr.

Kröfur vegna fjárfestinga í verðbréfun sem uppfylla ekki lengur hlutdeildar- og gæðakröfurnar fyrir áhættu

1. Þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög verða þess áskynja að upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 254. gr., eða vátrygginga- eða endurtryggingafélög verða þess áskynja að ekki sé farið að kröfunum sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 256. gr., skulu þau samstundis upplýsa eftirlitsyfirvaldið um það.

2. Ef kröfurnar í 2. og 3. mgr. 256. gr. eru ekki uppfylltar að neinu leyti vegna vanrækslu eða aðgerðaleysis vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skal eftirlitsyfirvaldið leggja á hlutfallslega aukna gjaldþolskröfu í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

3. Ef staðalreglan er notuð við útreikninginn á vikáhættu eins og um getur í 178. gr., í þeim tilgangi að reikna út auknu gjaldþolskröfuna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal gjaldþolskrafan fyrir vikáhættu viðkomandi verðbréfuðum stöðum byggja á áhættustuðlunum eins og um getur í 178. gr., en með aukningu um minnst 250% á þessum áhættustuðlum.

4. Áhættustuðlarnir skulu fara stighækkandi við hvert brot eftir það á kröfunum sem settar eru fram í 256. gr.

5. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög uppfylla ekki neina af kröfunum sem settar eru fram í 4.–7. mgr. 256. gr. þessarar reglugerðar, vegna vanrækslu eða aðgerðaleysis þeirra, skulu eftirlitsyfirvöld meta hvort sú vanræksla skuli teljast meiriháttar frávik frá stjórnkerfi félagsins eins og um getur í c-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

IX. KAFLI

STJÓRNKERFI

1. ÞÁTTUR

Þættir stjórnkerfisins

258. gr.

Almennar kröfur um stjórnarhætti

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) koma á, framkvæma og viðhalda skilvirkri samvinnu, innri gagnaskilum og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi stigum í félaginu,

b) koma á, framkvæma og viðhalda skilvirkri tilhögun við ákvarðanatöku og stjórnkerfi sem tilgreinir skýrt boðleiðir, úthlutun starfssviða og ábyrgð og tekur tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs áhætta sem innbyggðar eru í rekstur þess,

c) tryggja að aðilar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, búi sameiginlega yfir nægjanlegri hæfni, getu, færni og starfsreynslu á viðeigandi sviðum rekstrarins til að stjórna og hafa tilsjón með félaginu á faglegan og skilvirkan hátt,

d) tryggja að hver einstakur meðlimur í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, hafi nægjanlega hæfni, getu, færni og starfsreynslu til að sinna þeim verkefnum sem honum eru falin,

e) ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að gegna þeim skyldum sem þeim eru faldar á tilhlýðilegan hátt,

f) tryggja að öllu starfsfólki sé kunnugt um málsmeðferðarreglurnar til að það geti gegnt skyldum sínum á viðeigandi hátt,

g) tryggja að úthlutun verkefna til einstaklinga og starfssviða hindri ekki eða sé ekki líkleg til að hindra einstaklingana sem um ræðir í að sinna tilteknu starfi á traustan, heiðarlegan og hlutlægan hátt,

h) koma á upplýsingakerfum sem skila heildstæðum, áreiðanlegum, skýrum, samkvæmum, tímanlegum og viðeigandi upplýsingum varðandi starfsemina, skuldbindingarnar sem gert er ráð fyrir og áhætturnar sem félagið er útsett fyrir,

i) viðhalda viðunandi og skipulegum skrám um rekstur félagsins og innra skipulag,

j) tryggja öryggi og áreiðanleika upplýsinga og trúnað félagsins að teknu tilliti til eðlis upplýsinganna sem um ræðir,

k) innleiða skýrar boðleiðir sem tryggja tafarlausa miðlun upplýsinga til allra einstaklinga sem þarfnast þeirra á þann hátt sem gerir þeim kleift að átta sig á mikilvægi þeirra að því er varðar skyldur hvers og eins,

l) taka upp skriflega starfskjarastefnu.

2. Í stefnum um áhættustýringu, innra eftirlit, innri endurskoðun og, þar sem við á, útvistun, skal með skýrum hætti tilgreina viðeigandi ábyrgðarsvið, markmið, ferla og verklagsreglur við gagnaskil sem nota á, sem öll skulu vera í samræmi við heildarstarfsstefnu félagsins.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu koma á, framkvæma og viðhalda stefnu um rekstrarsamfellu sem miðar að því að tryggja, í því tilviki að truflun verði í kerfum þeirra og verklagi, varðveislu mikilvægra gagna og starfsemi og viðhald vátryggingar- endurtryggingarstarfseminnar eða, ef því verður ekki við komið, tímanlega endurheimt þessara gagna og starfsemi og tímanlega endurupptöku á vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi þeirra.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að a.m.k. tveir einstaklingar stjórni félaginu í reynd.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að skilvirkir ferlar og verklagsreglur séu til staðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og að möguleg upptök hagsmunaárekstra séu greind og verklagsreglum komið á til þess að tryggja að þeir sem taka þátt í að framkvæma áætlanir og stefnur félagsins skilji hvar hagsmunaárekstrar gætu orðið og hvernig taka skuli á slíkum árekstrum.

6. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu vakta, og reglulega meta, áreiðanleika og skilvirkni stjórnkerfa sinna og gera viðeigandi ráðstafanir til taka á öllum annmörkum.

259. gr.

Áhættustýringarkerfi

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu koma á, framkvæma og viðhalda áhættustýringarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

a) skýrt skilgreinda stefnu um áhættustýringu sem er í samræmi við heildarstefnu félagsins. Stefnan skal hafa markmið og meginreglur, samþykkt þolmörk áhættu og úthlutun ábyrgða fyrir alla starfsemi félagsins skulu skjalfest,

b) skýrt skilgreint verklag fyrir ákvarðanatökuferli,

c) skriflegar stefnur sem tryggja á skilvirkan hátt að veigamiklir áhættuþættir sem félagið er útsett fyrir séu skilgreindir og flokkaðir eftir gerð, og samþykkt þolmörk áhættu fyrir hvern áhættuflokk. Með slíkum stefnum skal áhættustefnuáætlun félagsins framkvæmd, uppsetning eftirlitskerfa auðvelduð og tillit tekið til eðlis, umfangs og rekstrartímabila og tengdra áhættuþátta,

d) verklag við gagnaskil og ferla sem tryggja að upplýsingar um veigamikla áhættu sem félagið er útsett fyrir og skilvirkni áhættustýringarkerfisins séu vaktaðar og greindar með virkum hætti og viðeigandi breytingar gerðar á kerfinu ef nauðsyn krefur.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tryggja að einstaklingarnir sem í reynd stjórna félaginu eða gegna öðrum lykilhlutverkum taki, sem hluta af áhættustýringarkerfinu, tillit til upplýsinganna sem tilkynntar eru í ákvarðanatökuferlinu.

3. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, eftir því sem við á, taka með í áhættustýringarkerfi sitt framkvæmd álagsprófa og sviðsmyndagreininga með tilliti til allrar viðeigandi áhættu sem félagið er útsett fyrir.

4. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 4. mgr. a 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í þeim tilgangi að reikna út vátryggingaskuld og gjaldþolskröfu, skal innri aðferðafræði áhættustýringar ekki einvörðungu eða sjálfkrafa treysta á lánshæfismat frá þriðja aðila. Þegar útreikningurinn á vátryggingaskuld eða gjaldþolskröfunni byggir á lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða á þeirri staðreynd að áhættuskuldbinding hafi ekki verið metin, skal það ekki undanskilja vátrygginga- og endurtryggingafélög frá að taka að auki til athugunar aðrar upplýsingar sem skipta máli.

260. gr.

Svið áhættustýringar

1. Sviðin sem um getur í 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu taka með alla eftirfarandi málaflokka:

a) Tryggingar og varasjóði:

   i. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að meta og stýra áhættunni vegna taps eða óhagstæðrar breytingar á virði vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga, sem stafa af ófullnægjandi forsendum verðlagningar og varúðarniðurfærslna,

   ii. að viðkomandi gögn séu fullnægjandi og gæði þeirra, sem tekin eru til athugunar við meðferðina á tryggingu og varasjóði eins og sett er fram í 19. gr. þessarar reglugerðar, og samræmi þeirra við staðlana um nægjanleika og gæði,

   iii. hversu fullnægjandi málsmeðferðarreglur fyrir uppgjör tjóna eru, þ.m.t. að hve miklu leyti þær ná yfir allt tjónameðferðarferlið.

b) Eigna- og skuldastýringu:

   i. kerfislegt ósamræmi milli eigna og skulda og einkum ósamræmi í líftíma eigna og skulda,

   ii. sérhvert hæði milli áhættu af mismunandi eigna- og skuldaflokkum,

   iii. sérhvert hæði milli áhættu af mismunandi vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingum,

   iv. allar áhættuskuldbindingar félagsins utan efnahagsreiknings,

   v. áhrif af viðkomandi áhættuvörnum á eigna- og skuldastýringu.

c) Stjórnun fjárfestingaráhættu:

   i. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að tryggja að fjárfestingar þess séu í samræmi við varfærnisregluna sem sett er fram í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   ii. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að tryggja að fjárfestingar félagsins taki tillit til eðlis rekstrarins, samþykktra þolmarka áhættu þess, gjaldþolsstöðu og áhættuskuldbindinga þess til lengri tíma,

   iii. eigið innra mat vátrygginga- og endurtryggingafélagsins á kröfuáhættunni af fjárfestingu mótaðila, þ.m.t. þegar mótaðilarnir eru ríki,

   iv. þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélagið notar afleiður eða einhvern annan fjármálagerning með svipuð einkenni eða áhrif, markmiðin með, og undirliggjandi stefnuáætlun fyrir notkun þeirra og hvernig þau stuðla að skilvirkri stjórnun eignasafns eða draga úr áhættu, sem og aðferðirnar við að meta áhættuna af slíkum gerningum og meginreglur áhættustýringar sem beitt er á þá,

   v. eftir því sem við á til þess að tryggja skilvirka áhættustýringu, innri magntakmarkanir á eignir og áhættuskuldbindingar, þ.m.t. áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings.

d) Stjórnun lausafjáráhættu:

   i. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagi grípur til, til að taka tilliti til bæði skammtíma og langvarandi lausafjáráhættu,

   ii. hversu viðeigandi samsetning eignanna er með tilliti til eðlis þeirra, líftíma og seljanleika, til að uppfylla skuldbindingar félagsins þegar þær falla í gjalddaga,

   iii. áætlun til að fást við breytingar á væntu sjóðstreymi inn og út.

e) Stjórnun samþjöppunaráhættu: aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að greina viðkomandi upptök samþjöppunaráhættu og til að tryggja að samþjöppunaráhætta haldist innan ákveðinna marka og aðgerðir til að greina mögulegar áhættur af smiti milli samþjöppunar áhættuskuldbindinga.

f) Stjórnun rekstraráhættu: aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til við að úthluta skýrum ábyrgðasviðum til þess að greina, skjalfesta og vakta viðeigandi áhættuskuldbindingar vegna rekstraráhættu með reglubundnum hætti.

g) Endurtryggingar og aðrar áhættuvarnir vegna vátrygginga:

i. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að tryggja að valin sé hentug endurtryggingavernd og aðrar áhættuvarnir,

ii. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að meta hvaða tegundir áhættuvarna eru viðeigandi í ljósi eðlis áhættunnar sem gert er ráð fyrir og getu félagsins til að stýra og stjórna áhættu sem tengist þessum vörnum,

iii. eigið mat vátrygginga- endurtryggingafélagsins á kröfuáhættu af áhættuvörnum.

2. Væntur hagnaður sem er innifalinn í framtíðariðgjöldum skal reiknaður út sem mismunur á milli vátryggingaskuldar án áhættuálags, reiknuð út í samræmi við 77. gr þeirrar tilskipunar, og útreiknings á vátryggingaskuld án áhættuálags samkvæmt þeirri forsendu að iðgjöld vegna gildandi vátrygginga- og endurtryggingasamninga sem vænst er í framtíðinni fáist ekki af einhverri ástæðu, annarri en að tryggði atburðurinn hafi átt sér stað, án tillits til lagalegra eða samningsbundinna réttinda vátryggingartakans til að segja upp samningnum.

3. Útreikninginn á vænta hagnaðinum sem innifalinn er í framtíðariðgjöldum skal framkvæmdur sérstaklega fyrir einsleitu áhættuflokkana sem notaðir eru í útreikninginn á vátryggingaskuldinni, að því tilskildu að vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar séu einnig einsleitar í tengslum við vænta hagnaðinn sem innifalinn er í framtíðariðgjöldum.

4. Tryggingasamninga sem skila töpum má eingöngu jafna á móti tryggingasamningum sem skila hagnaði innan einsleits áhættuflokks.

261. gr.

Áhættustýring hjá félögum sem veita lán og/eða veðlánatryggingu eða -endurtryggingu

1. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög stunda lánveitingar skulu þau hafa skriflegar stefnur til að tryggja eftirfarandi:

a) að viðmið lánveitinga séu áreiðanleg og vel skilgreind og að til staðar sé skýrt ferli fyrir samþykki, breytingu, endurnýjun og endurfjármögnun lána,

b) að félögin hafi innri aðferðir sem gera þeim kleift að meta kröfuáhættu áhættuskuldbindinga vegna einstakra lántaka og á stigi eignasafnsins,

c) að samfelld stjórnsýsla og eftirlit með lánasöfnum sé starfrækt í gegnum skilvirk kerfi, þ.m.t. til að greina vandamálalán og stjórna þeim og gera fullnægjandi virðisbreytingar,

d) að fjölþætting lánasafnsins sé fullnægjandi með tilliti til tilgreinds markhóps og heildarfjárfestingaráætlunar félagsins.

2. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög annast veðlánatryggingu eða -endurtryggingu skulu þau byggja tryggingu sína á áreiðanlegum og vel skilgreindum viðmiðunum og fara að kröfunum sem settar eru fram í b-, c- og d-liðum 1. mgr. að því er varðar húsnæðislánin sem undirliggjandi eru vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingum þeirra.

262. gr.

Heildargjaldþolsþörf

1. Mat á heildargjaldþolsþörfum vátrygginga- eða endurtryggingafélags, sem um getur í a-lið 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal vera framsýnt og taka til allra eftirfarandi þátta:

a) áhættu sem félagið er eða gæti orðið útsett fyrir, að teknu tilliti til mögulegra breytinga á áhættusniði þess í framtíðinni vegna starfsstefnu félagsins eða efnahags- og fjármálaumhverfisins, þ.m.t. rekstraráhættu,

b) eðlis og gæða gjaldþolsliða eða annarra tilfanga sem eiga við til að mæta áhættunni sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar.

2. Þættirnir sem um getur í 1. mgr., skulu taka tillit til eftirfarandi:

a) tímabila sem eru viðeigandi til að taka tillit til áhættu sem félagið stendur frammi fyrir til langframa,

b) mats- og innfærslugrunna sem eru viðeigandi fyrir rekstur og áhættusnið félagsins,

c) innri eftirlits- og áhættustýringarkerfa félagsins og samþykktra þolmarka áhættu félagsins.

263. gr.

Fráviksaðferðir fyrir mat

Ef fráviksaðferðir fyrir mat eru notaðar í samræmi við 5. mgr. 10. gr, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög:

a) tilgreina eignirnar og skuldirnar sem sú matsaðferð á við um,

b) rökstyðja notkun á matsaðferðinni vegna eigna og skulda sem um getur í a-lið,

c) skjalfesta forsendurnar sem undirliggjandi eru þeirri matsaðferð,

d) meta óvissu mats á eignum og skuldum sem um getur í a-lið,

e) reglulega bera saman við fyrri reynslu hversu fullnægjandi matið á eignum og skuldum er sem um getur í a-lið.

264. gr.

Mat á vátryggingaskuld — sannreyning

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu sannprófa útreikninginn á vátryggingaskuld, einkum með samanburði við fyrri reynslu eins og um getur í 83. gr. tilskipunar 2009/138/EB, a.m.k. einu sinni á ári og þegar vísbendingar eru um að gögnin, forsendurnar eða aðferðirnar sem notaðar eru við útreikninginn eða stigið á vátryggingaskuldunum sé ekki lengur viðeigandi. Sannreyning skal ná yfir eftirfarandi:

a) hversu viðeigandi, heildstæð og nákvæm gögnin eru sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuldinni eins og sett er fram í 19. gr. þessarar reglugerðar,

b) hversu viðeigandi sérhver flokkun tryggingasamninga er í samræmi við 34. gr. þessarar reglugerðar,

c) úrbætur á takmörkunum gagnanna sem um getur í 20. gr. þessarar reglugerðar,

d) hversu viðeigandi nálganir eru sem um getur í 21. gr. í útreikningi besta mats,

e) áreiðanleika og raunsæi forsendna sem notaðar eru við útreikning á vátryggingaskuldinni í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar í 22.–26. gr. þessarar reglugerðar,

f) áreiðanleika, gildissvið og mikilvægi tryggingastærðfræði- og tölfræðiaðferða sem notaðar eru við útreikning á vátryggingaskuldinni,

g) hversu áreiðanleg fjárhæð vátryggingaskuldarinnar er, eins og um getur í 84. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem nauðsynlegt er til að fullnægja 76. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Að því er varðar d-lið 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög meta áhrif breytinga á forsendur fyrir framtíðaraðgerðir stjórnenda á mati vátryggingaskuldar. Ef breytingar á forsendum fyrir framtíðaraðgerðir stjórnenda hafa umtalsverð áhrif á vátryggingaskuld skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög geta útskýrt orsök áhrifanna og hvernig þau eru tekin með í ákvarðanatökuferlið.

3. Sannreyning skal framkvæmd fyrir hvern einsleitan áhættuflokk fyrir sig. Hún skal framkvæmd sérstaklega fyrir besta mat, áhættuálag og vátryggingaskuldina og reiknuð út samkvæmt markaðsvirði fjármálagerninga sem með áreiðanlegum hætti endurspeglar framtíðarsjóðstreymi í samræmi við 40. gr. þessarar reglugerðar. Hún skal framkvæmd sérstaklega fyrir vátryggingaskuldina þegar aðlögun vegna samræmingar, sem um getur í 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB, er beitt. Í tengslum við besta mat skal hún framkvæmd sérstaklega fyrir vergt besta mat og endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtrygginga-samningum og félögum með sérstakan tilgang. Í tengslum við vátryggingaskuld skaðatrygginga skal hún framkvæmd sérstaklega fyrir iðgjaldaskuld og tjónaskuld.

265. gr.

Mat á vátryggingaskuld — skjölun

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu skjalfesta eftirfarandi ferla:

a) söfnun gagna og greiningu á gæðum þeirra og aðrar upplýsingar sem tengjast útreikningi vátryggingaskuldar,

b) val á forsendum sem notaðar eru við útreikning á vátryggingaskuld, einkum val á viðeigandi forsendum fyrir skiptingu útgjalda,

c) val og beiting tryggingastærðfræði- og tölfræðiaðferða fyrir útreikning vátryggingaskuldar,

d) sannreyningu vátryggingaskuldar.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal skjölun innihalda:

a) skrá yfir gögn sem notuð eru við útreikning vátryggingaskuldar, tilgreiningu á uppruna þeirra, einkennum og notkun,

b) forskrift fyrir söfnun, úrvinnslu og notkun á gögnum sem um getur í e-lið 3. mgr. 19. gr.,

c) ef gögn eru ekki notuð með samræmdum hætti frá einum tíma til annars við útreikning á vátryggingaskuld, lýsingu á ósamræmdri notkun og rökstuðning fyrir henni.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal skjölun innihalda:

a) skrá yfir allar viðeigandi forsendur sem útreikningur á vátryggingaskuld byggist á; þ.m.t. forsendur um framtíðaraðgerðir stjórnenda,

b) rökstuðning fyrir vali á forsendum í samræmi við 1. undirþátt 3. þáttar í III. kafla,

c) lýsingu á gögnum sem valið byggist á,

d) markmið með valinu og viðmiðum sem notuð eru til að ákvarða hvort valið sé viðeigandi,

e) sérhverjar veigamiklar takmarkmarkanir á valinu,

f) lýsingu á ferlum sem eru til staðar til að endurskoða valið á forsendum,

g) rökstuðning fyrir breytingum á forsendum frá einu tímabili til annars og mat á áhrifum af veigamiklum breytingum,

h) viðeigandi frávik, sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

266. gr.

Innra eftirlitskerfi

Innra eftirlitskerfi skal tryggja að vátrygginga- og endurtryggingafélag fari að gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum og að árangur og skilvirkni í starfsemi félagsins sé í samræmi við markmið þess, sem og að tryggja að fjárhagslegar og ófjárhagslegar upplýsingar séu aðgengilegar og áreiðanlegar.

267. gr.

Innra eftirlit með mati eigna og skulda

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu hafa skilvirk kerfi og skipulag til að tryggja að mat eigna og skulda þeirra sé áreiðanlegt og viðeigandi til að tryggja að farið sé að ákvæðum 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og skulu hafa ferli til að sannprófa reglulega að markaðsverð eða gögn í matslíkaninu séu viðeigandi og áreiðanleg.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu koma á, framkvæma, viðhalda og skrásetja skýrt skilgreindar stefnur og verklag fyrir matsferlið, þ.m.t. lýsingu og skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgðasviðum einstaklinga sem taka þátt í matinu ásamt viðeigandi líkönum og gagnaveitu sem nota á.

3. Að beiðni eftirlitsyfirvalda skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög láta framkvæma ytra, óháð virðismat eða láta staðfesta virði veigamikilla eigna og skulda.

4. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) láta í té fullnægjandi aðföng, bæði með tilliti til gæða og magns, til að þróa, kvarða, samþykkja og endurskoða matsaðferðir sem notaðar eru vegna gjaldþols,

b) koma á innri eftirlitsferlum sem ná yfir:

i. reglulega óháða endurskoðun og sannprófunar á upplýsingum, gögnum og forsendum sem notuð eru í matsaðferðinni, niðurstöðum hennar og nothæfi matsaðferðarinnar við mat liðanna sem um getur í a-lið 263. gr.,

ii. yfirsýn þeirra sem í reynd stjórna félaginu með innri ferlum vegna samþykkis á matinu og verklags sem tekur tillit til ytra óháðs mats eða sannprófunar á virði veigamikilla eigna eða skulda.

2. ÞÁTTUR

Starfssvið

268. gr.

Sértæk ákvæði

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu fella starfssvið og tengdar boðleiðir inn í stjórnkerfið þannig að tryggt sé að hvert starfssvið sé laust undan áhrifum sem gætu ógnað getu þess til að sinna skyldum sínum á hlutlausan, sanngjarnan og sjálfstæðan hátt. Hvert starfssvið skal starfrækt undir endanlegri ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar og skal gefa skýrslu til hennar, og skal starfa, eftir því sem við á, með öðrum starfssviðum við að gegna hlutverki sínu.

2. Starfsmenn sem sinna ákveðnu sviði skulu að eigin frumkvæði geta verið í samskiptum við aðra starfsmenn og hafa nauðsynlegt vald, aðföng og sérfræðikunnáttu til að sinna skyldum sínum og hafa óhindraðan aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum til þess.

3. Starfsmenn sem sinna ákveðnu viði skulu tafarlaust tilkynna um sérhvert meiriháttar vandamál á sínu ábyrgðarsviði til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar.

269. gr.

Starfssvið áhættustýringar

1. Starfssvið áhættustýringar skal hafa öll eftirtalin verkefni:

a) aðstoða stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, og önnur starfssvið við skilvirkan rekstur áhættustýringarkerfis,

b) vakta áhættustýringarkerfið,

c) vakta almennt áhættusnið félagsins í heild,

d) gera ítarlega skýrslu um áhættuskuldbindingar og veita stjórn, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórn ráðgjöf vegna áhættustýringar, þ.m.t. vegna málefna er varða stefnuáætlun, t.d. viðskiptaáætlun, samruna og yfirtökur og stór verkefni og fjárfestingar,

e) greina og meta yfirvofandi áhættu.

2. Starfssvið áhættustýringar skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) hafa náið samráð við notendur á niðurstöðum eigin líkans,

c) starfa náið saman með starfssviði tryggingastærðfræðings.

270. gr.

Starfssvið regluvörslu

1. Regluvörslusvið vátrygginga- og endurtryggingafélaganna skal koma á stefnu og áætlun um reglufylgni. Í reglufylgnistefnunni skal skilgreina ábyrgðarsvið, valdheimildir regluvörslu ásamt skyldu regluvörslu til skýrslugerðar. Í áætluninni skal skilgreina fyrirhuguð verkefni regluvörslu vegna allra hlutaðeigandi sviða í starfsemi vátrygginga- og endurtryggingafélaga og áhættunnar vegna bresta í reglufylgni.

2. Skyldur regluvörslusviðsins skulu felast í að meta áreiðanleika ráðstafana sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur samþykkt til að koma í veg fyrir frávik.

271. gr.

Starfssvið innri endurskoðunar

1. Starfsmenn sem sinna innri endurskoðun skulu ekki taka að sér ábyrgðarskyldur fyrir nein önnur svið.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., og einkum með því að virða meðalhófsregluna sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 29. gr. tilskipunar 2009/138/EB, geta starfsmenn innri endurskoðunar einnig gegnt störfum á öðrum lykilstarfssviðum ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) það samræmist eðli, umfangi og flækjustigi áhættanna sem innbyggðar eru í rekstur félagsins,

b) ekki er hætta á hagsmunaárekstrum við innra endurskoðunarsviðið,

c) það myndi hafa í för með sér kostnað fyrir félagið sem væri í hlutfallslegu ósamræmi við heildarkostnað við stjórnun félagsins ef starfsmaður í innri endurskoðun myndi ekki starfa á öðrum lykilstarfssviðum.

3. Öll eftirfarandi verkefni skulu heyra undir starfssvið innri endurskoðunar:

a) að koma á, framkvæma og viðhalda endurskoðunaráætlun þar sem fram kemur hver verður endurskoðun næstu ára, með tilliti til allrar starfseminnar og heildarstjórnkerfis vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) að nota áhættumiðaða nálgun við ákvörðun um forgangsröðun,

c) að tilkynna endurskoðunaráætlun til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar,

d) að gefa út fyrirmæli sem byggja á niðurstöðu vinnunnar sem framkvæmd er í samræmi við a-lið og leggja fram skriflega skýrslu, a.m.k. árlega, um niðurstöður sínar og tilmæli til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar,

e) að sannreyna það að farið sé að ákvörðunum sem teknar eru af stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, á grundvelli fyrirmælanna sem um getur í d-lið.

Starfssvið innri endurskoðunar getur gert úttektir sem ekki eru í endurskoðunaráætluninni ef nauðsyn krefur.

272. gr.

Starfssvið tryggingastærðfræðings

1. Við samræmingu á útreikningi vátryggingaskuldar skulu öll eftirfarandi verkefni heyra undir starfssvið tryggingastærðfræðings:

a) notkun á aðferðafræði og verklagsreglum til að meta hvort vátryggingaskuld sé fullnægjandi og til að tryggja að útreikningur sé í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 75.–86. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) mat á óvissu sem fylgir mati í útreikningi á vátryggingaskuld,

c) tryggja að tekið sé á hvers kyns takmörkunum í gögnum sem notuð eru til að reikna út vátryggingaskuld á viðunandi hátt,

d) tryggja að þær nálganir sem best eiga við séu notaðar við útreikning á besta mati í tilvikunum sem um getur í 82. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) tryggja að einsleitir áhættuflokkar vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga séu tilgreindir fyrir viðeigandi mat á undirliggjandi áhættum,

f) taka tillit til viðeigandi upplýsinga sem fjármálamarkaðir veita og almennt aðgengilegar gagna um vátryggingaáhættu og tryggja að þau séu felld inn í matið á vátryggingaskuld,

g) bera saman og rökstyðja sérhvern verulegan mun í útreikningi á vátryggingaskuld milli ára,

h) tryggja að viðeigandi mat sé notað vegna valrétta og ábyrgða sem felast í vátrygginga- og endurtryggingasamningum.

2. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal meta hvort aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru við útreikning á vátryggingaskuldinni séu viðeigandi fyrir hina sértæku vátryggingagrein félagsins og hvernig rekstri þess er stjórnað með hliðsjón af tiltækum gögnum.

3. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal meta hvort upplýsingatæknikerfi sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld styðji nægjanlega við þær tryggingastærðfræði- og tölfræðiaðferðir sem eru notaðar.

4. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal, þegar bestu möt eru borin saman við fyrri reynslu, endurskoða gæði eldri bestu mata og nota þann skilning sem fæst við það mat til að bæta gæði fyrirliggjandi útreikninga. Samanburð á bestu mötun við fyrri reynslu skal gera með samanburði á mældum gildum og mati sem liggur að baki útreikningi á besta mati, í þeim tilgangi að draga ályktanir um hversu viðeigandi, nákvæm og heildstæð gögn og forsendur eru sem notaðar eru, sem og um aðferðafræðina sem beitt er við útreikning þeirra.

5. Upplýsingar sem lagðar eru fyrir stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, um útreikning vátryggingaskuldar skulu fela í sér a.m.k. rökstudda greiningu á áreiðanleika og nægjanleika útreiknings hennar og á heimildum og óvissustigi í mati á vátryggingaskuld. Þessi greiningin skal studd með næmnigreiningu, sem styðst við rannsókn á næmi vátryggingaskuldarinnar, vegna hverrar stórrar áhættu sem vátryggingaskuld felur í sér. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal tiltaka og útskýra allar efasemdir um hvort vátryggingaskuld sé nægileg.

6. Að því er varðar tryggingarstefnu skal álitið sem starfssvið tryggingastærðfræðings gefur, í samræmi við g-lið 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2009/138/EB, a.m.k. fela í sér ályktanir um eftirfarandi atriði:

a) hversu nægileg iðgjöldin sem mun verða aflað eru til að ná yfir framtíðarkröfur og -útgjöld, sérstaklega með því að taka tillit til undirliggjandi áhættu (þ.m.t. vátryggingaáhættu) og áhrif valrétta og ábyrgða sem felast í vátrygginga- og endurtryggingasamningum um það hvort iðgjöldin séu nægileg,

b) áhrif verðbólgu, lagalegrar áhættu, breytinga á samsetningu eignasafns félagsins og kerfa sem breyta iðgjöldum sem vátryggingatakar greiða til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af tjónasögu þeirra (bónuskerfi) eða svipaðra kerfa, sem innleidd eru í sértækum einsleitum áhættuflokkum,

c) vaxandi tilhneigingu vátryggingastofns til að draga að eða halda í tryggða einstaklinga með hærra áhættusnið (andval (e. *anti-selection*)).

7. Að því er varðar heildarendurtryggingarfyrirkomulagið skal álitið sem starfssvið tryggingastærðfræðings gefur í samræmi við h-lið 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2009/138/EB, fela í sér greiningu á því hvort eftirfarandi atriði séu fullnægjandi:

a) áhættusnið og tryggingarstefna félagsins,

b) endurtryggjendur með tilliti til lánshæfis þeirra,

c) vænt vernd við álagssviðsmyndir í tengslum við tryggingarstefnuna,

d) útreikningur á endurheimtanlegum fjárhæðum frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang.

8. Starfssvið tryggingastærðfræðings skal a.m.k. árlega leggja fram skriflega skýrslu fyrir stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn. Skýrslan skal fela í sér öll verkefni sem starfssvið tryggingastærðfræðings hefur framkvæmt og niðurstöður þeirra og tilgreina skal með skýrum hætti sérhvern annmarka og veita ábendingar um úrbætur.

3. ÞÁTTUR

Kröfur um hæfi og hæfni

273. gr.

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu koma á, framkvæma og viðhalda skráðum stefnum og viðeigandi verklagi til að tryggja að allir einstaklingar sem í reynd stjórna félaginu eða gegna öðrum lykilhlutverkum séu á hverjum tíma hæfir og hafi hæfni í skilningi 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Mat á því hvort einstaklingur sé hæfur skal innihalda mat á faglegri og formlegri menntun og hæfi einstaklingsins, þekkingu og viðeigandi reynslu af vátryggingastarfsemi, annarri fjármálastarfsemi eða öðrum rekstri að teknu tilliti til þeirra starfsskyldna sem honum hefur verið falið og, þar sem við á, þekkingu á vátryggingum, fjármálum, bókhaldi, tryggingastærðfræði og stjórnun.

3. Við mat á hæfi aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn skal taka tillit til þeirra skyldustarfa sem einstökum stjórnarmönnum hefur verið falið að sinna til að tryggja hæfilega fjölbreytni í menntun, þekkingu og fullnægjandi reynslu, svo tryggt sé að félaginu sé stjórnað og eftirlit með því haft á faglegan hátt.

4. Mat á hæfni einstaklings skal byggt á mati á heiðarleika og fjárhagslegu heilbrigði viðkomandi sem byggist á upplýsingum um hegðun, heilindi, háttsemi og viðskiptasiðferði, þ.m.t. upplýsingum um afbrot, fjárhagsleg og önnur atriði sem skipta máli fyrir matið.

4. ÞÁTTUR

Útvistun

274. gr.

1. Sérhvert vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem útvistar eða hefur í hyggju að útvista starfssviðum eða vátryggingaeða endurtryggingastarfsemi til þjónustuveitanda skal setja skriflega stefnu um útvistun þar sem tilgreind eru áhrif útvistunar á rekstur félagsins, fyrirkomulag upplýsingagjafar og eftirlits sem hrinda skal í framkvæmd komi til útvistunar. Félagið skal tryggja að skilmálar og skilyrði samnings um útvistun séu í samræmi við skuldbindingar félagsins sem kveðið er á um í 49. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag og þjónustuveitandi eru aðilar að sömu samstæðu skal félagið, þegar það útvistar nauðsynlegum eða mikilvægum rekstrarstarfssviðum eða starfsemi, taka mið af því að hve miklu leyti félagið hefur yfirráð yfir þjónustuveitandanum eða getur haft áhrif á aðgerðir hans.

3. Þegar þjónustuveitandinn sem um getur í 1. mgr. er valinn fyrir einhver nauðsynleg eða mikilvæg rekstrarsvið eða starfsemi skal stjórnin, framkvæmdastjórnin eða eftirlitsstjórnin, tryggja að:

a) ítarleg rannsókn fari fram til að tryggja að mögulegur þjónustuveitandi hafi hæfni, getu og heimild að lögum til að sinna tilskildum starfssviðum eða starfsemi á fullnægjandi hátt, að teknu tilliti til markmiða og þarfa félagsins,

b) þjónustuveitandinn hafi gripið til allra úrræða til að tryggja engir mögulegir hagsmunaárekstrar sem gætu hindrað að þarfir félagsins sem útvistar þjónustu séu uppfylltar,

c) skriflegt samkomulag sé gert milli vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og þjónustuveitandans sem skilgreini skýrt viðkomandi réttindi og skyldur félagsins og þjónustuveitandans,

d) almennir skilmálar og skilyrði í samningi um útvistun séu skilmerkilega útskýrð fyrir stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins og hún hafi veitt leyfi fyrir þeim,

e) útvistunin feli ekki í sér brot á neinum lögum, einkum að því er varðar reglur um gagnavernd,

f) þjónustuveitandi heyri undir sömu ákvæði um öryggi og upplýsingaleynd og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið að því er varðar vátryggingataka eða vátryggða.

4. Í skriflega samningnum sem um getur í c-lið 3. mgr., sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið og þjónustuveitandinn gera með sér, skulu einkum allar eftirfarandi kröfur skilmerkilega koma fram:

a) skyldur og ábyrgðir beggja aðila sem í hlut eiga,

b) skuldbinding þjónustuveitandans um að fara að öllum gildandi lögum, reglugerðakröfum og viðmiðunarreglum, sem og stefnum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur samþykkt og eigi samstarf við eftirlitsyfirvald félagsins að því er varðar útvistað starfssvið eða starfsemi,

c) skuldbinding þjónustuveitandans um að upplýsa um hvers kyns þróun sem gæti haft veruleg áhrif á getu hans til að annast útvistuð starfssvið og starfsemi á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur,

d) að uppsagnarfrestur þjónustuveitanda á samningnum sé nægilega langur til að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið geti fundið aðra lausn,

e) að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið geti rift samningi um útvistun, ef nauðsyn krefur, án þess að það hafi áhrif á gæði þjónustu eða skaði samfellu í þjónustu til vátryggingartaka,

f) að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið áskilji sér rétt til að vera upplýst af þjónustuveitandanum um útvistuð starfssvið og starfsemi og framkvæmd, sem og rétt félagsins til að gefa út almennar leiðbeiningar og einstök fyrirmæli til starfstöðvar þjónustuveitanda um það sem taka verði tillits til vegna framkvæmdar á útvistuðum starfssviðum eða starfsemi,

g) að þjónustuveitandi varðveiti allar trúnaðarupplýsingar sem varða vátrygginga- eða endurtryggingafélagið og vátryggingataka þess, vátryggða, starfsmenn, verktaka og alla aðra aðila,

h) að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, ytri endurskoðandi þess og eftirlitsyfirvaldið hafi greiðan aðgang að öllum upplýsingum um útvistuð starfssvið og starfsemi, þ.m.t. til að framkvæma vettvangsskoðanir á starfsstöðvum þjónustuveitandans,

i) að eftirlitsyfirvaldið geti, eftir því sem við á og nauðsynlegt er vegna eftirlits, beint fyrirspurnum til þjónustuveitanda sem hann skuli svara án milligöngu vátryggingafélags,

j) að vátrygginga- eða endurtryggingafélag geti aflað sér upplýsinga um útvistaða starfsemi og geti gefið út fyrirmæli um útvistaða starfsemi og starfssvið,

k) eftir atvikum, skilmálar og skilyrði þess að þjónustuveitandinn geti endurútvistað einhverjum af útvistuðum starfssviðum og starfsemi,

l) að skyldur og ábyrgð þjónustuveitanda sem leiða af samningi hans við vátrygginga- eða endurtryggingafélag haldist óbreytt þrátt fyrir endurútvistun skv. k-lið.

5. Vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem útvistar nauðsynlegum eða mikilvægum starfssviðum eða starfsemi skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) tryggja að viðkomandi þættir í áhættustýringu og innra eftirliti þjónustuveitanda séu fullnægjandi til að tryggja að farið sé að ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr. 49. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) taki útvistuðu starfsemina á fullnægjandi hátt til greina í áhættustýringu og innra eftirliti sínu til að tryggja að farið sé að ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr. 49. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) sannprófi að þjónustuveitandi hafi nauðsynlegt fjármagn til að framkvæma viðbótarverkefni á viðeigandi og áreiðanlegan hátt, og að starfsfólk þjónustuveitanda sem tekur þátt í útvistuðum starfssviðum og starfsemi sé nægjanlega hæft og áreiðanlegt,

d) tryggja að þjónustuveitandi hafi fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna neyðarástands eða rekstrarraskana og prófi reglulega afritunarbúnað, ef nauðsyn krefur, með tilliti til útvistaðra starfssviða og starfsemi.

5. ÞÁTTUR

Starfskjarastefna

275. gr.

1. Þegar starfskjarastefnunni sem um getur í 1. lið 1. mgr. 258. gr. er komið á og beitt skulu vátrygginga- og endurtryggingafélögin fara að öllum eftirfarandi meginreglum:

a) starfskjarastefnunni og -venjunum skal komið á, hún framkvæmd og viðhaldið í samræmi við viðskipta- og áhættustýringaráætlun félagsins, áhættusnið þess, markmið, áhættustýringaraðferðir og hagsmuni til langs tíma og árangur félagsins í heild og skal innihalda ráðstafanir sem miða að því að forðast hagsmunaárekstra,

b) starfskjarastefnan stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og skuli ekki hvetja til áhættusækni umfram áhættuþolmörk félags,

c) starfskjarastefnan gildi í öllu félaginu og innihaldi sérstakt fyrirkomulag sem tekur tillit til verkefna og árangurs stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar, þeirra sem í reynd stjórna félaginu eða gegna öðrum lykilstarfssviðum og annarra flokka starfsfólks sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið félagsins,

d) stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins, sem kemur á almennum meginreglum starfskjarastefnunnar fyrir þessa flokka starfsfólks, sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið félagsins, beri ábyrgð á eftirlit með framkvæmd hennar,

e) stjórnarhættir skulu vera skýrir, gagnsæir og skilvirkir að því er varðar starfskjör, þ.m.t. eftirlit með starfskjarastefnunni,

f) óháð starfskjaranefnd skal sett á fót, ef við á, að teknu tilliti til stærðar og innra skipulags vátrygginga- eða endurtryggingafélaga til þess að styðja við reglubundið eftirlit stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar með útfærslu, innleiðingu og framkvæmd starfskjarastefnunnar og -aðferða,

g) starfskjarastefnan skal vera sýnileg öllu starfsfólki félagsins.

2. Sérstaka fyrirkomulagið sem um getur í c-lið 1. mgr. c skal fullnægja öllum eftirfarandi meginreglum:

a) þegar starfskjarafyrirkomulagið inniheldur bæði fasta og breytilega þætti skal jafna slíka þætti svo að fastir eða tryggir þættir myndi nægjanlega hátt hlutfall af heildarstarfskjörum til að koma í veg yfir að starfsfólk verði of háð breytilegum þáttum og félaginu sé gert kleift að hafa fullkomlega sveigjanlega kaupaukastefnu, þ.m.t. möguleika á að greiða enga breytilega þætti,

b) þegar breytileg starfskjör eru árangurstengd, er heildarfjárhæð breytilegu starfskjaranna byggð á samsetningu af matinu á árangri einstaklings og viðkomandi rekstrareiningar og heildarárangri félagsins eða samstæðunnar sem félagið tilheyrir,

c) við greiðslu á stórum hluta breytilegra starfskjaraþátta skal, án tillits til forms á greiðslunni, hafa sveigjanlega frestaða þætti sem taka mið af eðli rekstrar og viðmiðunartímabili í rekstraráætlun félagsins; frestunin skal ekki vera styttri en þrjú ár og skal taka mið af eðli og áhættu rekstrarins og störfum viðkomandi starfsmanna,

d) taka skal tillit til fjárhagslegra og einnig ófjárhagslegra viðmiðana við mat á frammistöðu aðila,

e) matið á frammistöðu, sem breytileg starfskjör byggjast á, skal innihalda lækkun vegna núverandi og framtíðar áhættu, að teknu tilliti til áhættusniðs félagsins og fjármagnskostnaðar,

f) starfslokagreiðslur skulu tengdar frammistöðu á öllu ráðningartímabilinu og vera hugsaðar þannig að ekki sé umbunað fyrir mistök,

g) aðilar sem heyra undir starfskjarastefnu skulu skuldbinda sig til að nota ekki persónulegar áhættuvarnir eða starfskjara- og bótaábyrgðartengdar tryggingar sem vinna gegn áhrifum áhættusamræmingarinnar sem innbyggð er í starfskjarafyrirkomulag þeirra,

h) breytilegur hluti starfskjara starfsfólks sem tekur þátt í starfssviðunum sem um getur í 269.–272. gr. skal óháður frammistöðu skipulagseininga og sviða sem heyra undir þeirra stjórn.

3. Starfskjarastefnan skal hönnuð á þann hátt að hún taki tillit til innra skipulags vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, og eðlis, umfangs og flækjustigs áhætta sem innbyggðar eru í reksturinn.

X. KAFLI

VIÐBÓTARGJALDÞOLSKRAFA

1. ÞÁTTUR

Aðstæður fyrir álagningu viðbótargjaldþolskröfu

276. gr.

Mat á umtalsverðu fráviki að því er varðar gjaldþolskröfu

Að því er varðar a- og b-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að fenginni niðurstöðu um að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags víki umtalsvert frá forsendunum sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfu, eins og hún er reiknuð út með því að nota staðalregluna eða eigið líkan, skulu eftirlitsyfirvöld taka tillit til allra viðeigandi stuðla þ.m.t. alls eftirfarandi:

a) eðlis, gerðar og stærðar fráviksins,

b) líkinda og alvarleika allra óhagstæðra áhrifa á vátryggingataka og vátryggða,

c) næmleikastigs forsendna sem frávikið tengist,

d) vænst varanleika og óstöðugleika fráviksins yfir líftíma þess.

277. gr.

Mat á umtalsverðu fráviki að því er varðar stjórnarhætti

Að því er varðar c-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að fenginni niðurstöðu um að stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags víki umtalsvert frá stöðlunum sem mælt er fyrir um í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki þeirrar tilskipunar, skulu eftirlitsyfirvöldin taka tillit til allra viðeigandi þátta, þ.m.t. alls eftirfarandi:

a) áhrifa af fráviki frá stjórnunarstöðlum eins og mælt er fyrir um í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki tilskipunar 2009/138/EB um trausta og varfærna stjórnun rekstrarins og hvort frávikið stafar af ófullnægjandi framkvæmd á kröfu sem varðar stjórnkerfið eða því að ekki hafi verið staðið við að framkvæma slíka kröfu,

b) líkinda og alvarleika allra óhagstæðra áhrifa á vátryggingataka og vátryggða,

c) mismunandi leiða við að skipuleggja skilvirkt stjórnkerfi sem er í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem innbyggð er í rekstur félagsins,

d) mögulegs fjárhagstjóns sem félagið gæti orðið fyrir sem afleiðing af frávikinu,

e) vænst varanleika fráviksins.

278. gr.

Mat á umtalsverðu fráviki að því er varðar aðlaganir á viðeigandi áhættulausum vöxtum og umbreytingarráðstöfunum

1. Að því er varðar d-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu eftirlitsyfirvöld, að fenginni niðurstöðu um að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags víki umtalsvert frá forsendunum sem liggja til grundvallar aðlögun vegna samræmingar, sem um getur í 77. gr. b þeirrar tilskipunar, aðlögun vegna óstöðugleika sem um getur í 77. gr. d þeirrar tilskipunar, eða umbreytingarráðstöfum sem um getur í 308. gr. c og 308. gr. d þeirrar tilskipunar, taka tillit til allra viðeigandi þátta, þ.m.t. alls eftirfarandi:

a) eðlis, gerðar og stærðar fráviksins,

b) líkinda og alvarleika allra óhagstæðra áhrifa á vátryggingataka og vátryggða,

c) næmleikastigs forsendna sem frávikið tengist,

d) vænst varanleika og óstöðugleika fráviksins yfir líftíma þess,

e) áhrifa af frávikinu á gjaldþolskröfu og gjaldþol félagsins.

2. Að því er varðar aðlögun vegna samræmingar og umbreytingarráðstafanirnar og að því er varðar aðlögun vegna óstöðugleika, þegar aðildarríki krefjast fyrirframsamþykkis fyrir þessum aðlögunum, og þegar eftirlitsyfirvöld hafa gefið vátrygginga- og endurtryggingafélagi leyfi til að nota eina af þessum aðlögunum eða umbreytingarráðstöfunum, geta þau lagt á viðbótargjaldþolskröfu skv. d-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, en eingöngu í aðstæðum þar sem frávikið frá forsendunum sem liggja til grundvallar aðlögunum eða umbreytingarráðstöfunum er tímabundið og réttlætir ekki afturköllun á samþykki eftirlitsyfirvaldsins fyrir notkun á aðlögun eða umbreytingarráðstöfun.

279. gr.

Viðbótargjaldþolskröfur í tengslum við frávik frá forsendum gjaldþolskröfu

1. Þegar breytt gjaldþolskrafa eins og hún er reiknuð út skv. a-lið 282. gr. fer upp fyrir gjaldþolskröfuna, eins og hún er reiknuð út skv. b-lið 282. gr,. um 10 prósentustig eða meira, skulu eftirlitsyfirvöld líta svo á að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins víki umtalsvert frá forsendunum sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfu í skilningi a- og b-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB nema þau hafi haldgóð rök fyrir að þetta sé ekki tilvikið á grundvelli stuðlanna sem settir eru fram í 276. gr.

2. Þegar breytt gjaldþolskrafa eins og hún er reiknuð út skv. a-lið 282. gr. fer upp fyrir gjaldþolskröfuna, eins og hún er reiknuð út skv. b-lið 282. gr., um 15 prósentustig eða meira, skulu eftirlitsyfirvöld líta svo á að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins víki umtalsvert frá forsendunum sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfu í skilningi a- og b-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

280. gr.

Mat á kröfum um að nota eigið líkan

1. Að því er varðar i. lið a-liðar 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, fela aðstæðurnar þar sem krafan um að nota eigið líkan er óviðeigandi í sér þau tilvik þar sem áætlað fjármagn og önnur aðföng sem krafist er til að þróa eigið líkan eru ekki í réttu hlutfalli við stærð fráviksins í áhættusniði félagsins út frá forsendunum sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfunni.

2. Að því er varðar i. lið a-liðar 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB er krafan um að nota eigið líkan óskilvirk þegar ekkert eigið líkan hefur verið þróað eða þegar þróað eigið líkan uppfyllir ekki almennu skilyrðin fyrir samþykki á alhliða líkönum og hlutalíkönum eins og sett er fram í 1. og 3. undirþætti, 4. þætti, VI. kafla, I. bálki tilskipunar 2009/138/EB.

281. gr.

Viðeigandi tímarammi fyrir aðlögun eigin líkans

Að því er varðar b- og c-liði 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB eftir því sem við á, skulu eftirlitsyfirvöld, að fenginni niðurstöðu um að aðlögun á eigin líkani til að endurspegla betur ákveðið áhættusnið hafi mistekist eða að beiting annarra ráðstafanna sé ólíkleg til að bæta frávikin, taka til greina alla viðkomandi stuðla við ákvörðun um viðeigandi tímaramma, þ.m.t. líkinda og alvarleika allra óhagstæðra áhrifa á vátryggingataka og vátryggða. Sá tímarammi skal ekki fara yfir 6 mánuði.

2. ÞÁTTUR

Aðferðafræði fyrir útreikning á viðbótargjaldþolskröfum

282. gr.

Útreikningur á viðbótargjaldþolskröfum í tengslum við frávik frá forsendum gjaldþolskröfu

Í þeim tilgangi að leggja á viðbótargjaldþolskröfu skv. a- eða b-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirlitsyfirvöld reikna út viðbótargjaldþolskröfuna sem mismuninn, á gefnum tímapunkti, milli eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, að undanskilinni sérhverri fyrri eða samtíma gjaldþolskröfu, sem yrði reiknuð út ef staðalreglunni eða eigin líkani, eins og við á, yrði breytt til að endurspegla núverandi áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og til að tryggja reglufylgni við 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, að undanskilinni sérhverri fyrri eða samtíma gjaldþolskröfu.

283. gr.

Umfang og aðferð við breytingar að því er varðar frávik frá forsendum gjaldþolskröfu

1. Við útreikning á fjárhæðinni sem um getur í a-lið 282. gr. skulu eftirlitsyfirvöld taka til athugunar þættina í staðalreglunni eða eigin líkani sem orsökuðu frávikið í áhættusniðinu sem gert er ráð fyrir samkvæmt staðalreglunni eða eigin líkani frá raunverulegu áhættusniði félagsins, þ.m.t. þar sem við á, mælanlega áhættu sem staðalreglan eða eigið líkan gerir ekki ráð fyrir, uppbyggingu reiknireglunnar eða líkansins, samlagningarferðirnar, stikana og forsendurnar.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld lagfæra forsendurnar og stikana sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfunni eins og hún er reiknuð út með því að nota staðalregluna eða eigið líkan til þess að þessar forsendur eða stikar endurspegli á tilhlýðilegan hátt raunverulegt áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og til að tryggja reglufylgni við 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Ef breytingarnar sem um getur í 2. mgr. eru ófullnægjandi eða óviðeigandi til að reikna út fjárhæðina sem um getur í a-lið 282. gr. skal nota aðra aðferðafræði sem gengur lengra en að breyta forsendum eða stikum að því er varðar útreikninginn sem um getur í a-lið 282. gr.

4. Við sérhverja breytingu sem um getur í 2. mgr. eða aðra aðferðafræði sem um getur í 3. mgr., skal nota fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingafræðilegar og tölfræðilegar aðferðir sem byggja á nákvæmum, heildstæðum og viðeigandi gögnum félagsins, eða þegar þau eru ekki tiltæk, gögnum sem eiga beint við um starfsemi þess félags.

5. Þegar önnur aðferðafræði sem um getur í 3. mgr. er ófullnægjandi eða óviðeigandi geta eftirlitsyfirvöld reiknað út gjaldþolskröfu að því er varðar a-lið 282. gr., með því að bera saman gjaldþolskröfur félaga með svipuð áhættusnið.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. geta eftirlitsyfirvöld notað upplýsingar sem varða önnur vátrygginga- eða endurtryggingafélög með svipuð áhættusnið, að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld tryggi að ástæðurnar fyrir ákvörðun þeirra að setja á viðbótargjaldþolskröfu séu kunngerðar í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB og að sú yfirlýsing fullnægi kröfunum um þagnarskyldu í 64. gr. þeirrar tilskipunar.

7. Eftirlitsyfirvöld skulu ekki skuldajafna þætti í fráviki áhættusniðsins, sem gefa til kynna að lægri gjaldþolskrafa myndi betur endurspegla raunverulegt áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags, á móti öðrum þáttum sem gefa til kynna að hærri gjaldþolskrafa sé viðeigandi nema vátrygginga- eða endurtryggingafélagið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

a) fyrir liggi breyting eða aðferðafræði sem fullnægir kröfunum sem settar eru fram í 4. mgr., til að magngreina áhrifin á fjárhæðina sem um getur í a-lið 282. gr., af þáttunum sem gefa til kynna lægri gjaldþolskröfu,

b) það væri óviðeigandi að meðhöndla þættina sem gefa til kynna lægri gjaldþolskröfu með því að skipta út staðalstikum með eigin stikum vátryggingarfélagsins í samræmi við 7. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða með því að nota eigið líkan í samræmi við 112. gr. þeirrar tilskipunar,

c) heildargjaldþolskrafan sem myndi leiða af skuldajöfnun frávika áhættusniðsins á móti hverju öðru hlítir 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

284. gr.

Útreikningur á viðbótargjaldþolskröfum í tengslum við aðlaganir á viðeigandi áhættulausum vöxtum eða umbreytingarráðstöfunum

Í þeim tilgangi að leggja á viðbótargjaldþolskröfu skv. d-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirlitsyfirvöld reikna út viðbótargjaldþolskröfu sem samtölu, á ákveðnum tímapunkti, á eftirfarandi fjárhæðum:

a) neikvæðu fjárhæðinni á hæfu gjaldþoli sem yrði reikað út ef aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfunum væri breytt með þeim hætti að forsendurnar sem liggja til grundvallar aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfunum myndu samsvara raunverulegum eignum, skuldum og áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) gjaldþolskröfunni, að undanskilinni sérhverri fyrri eða samtíma viðbótargjaldþolskröfu, sem yrði reiknuð út ef aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfunum væri breytt með þeim hætti að forsendurnar sem liggja til grundvallar aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfunum myndu samsvara raunverulegum eignum, skuldum og áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, og tryggi reglufylgni við 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) fjárhæð hæfa gjaldþolsins,

d) neikvæðu fjárhæðinni á gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, að undanskilinni sérhverri fyrri eða samtíma viðbótargjaldþolskröfu.

285. gr.

Umfang og aðferð við breytingar að því er varðar aðlaganir á viðeigandi áhættulausum vöxtum og umbreytingarráðstöfunum

1. Við útreikning á fjárhæðunum sem um getur í a- og b-lið 284. gr. skulu eftirlitsyfirvöld taka til athugunar eiginleika eigna, skulda eða áhættusniðs félagsins sem orsakaði frávikið frá forsendunum sem liggja til grundvallar aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfunum.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld breyta aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfuninni og útreikningnum á gjaldþolskröfunni með þeim hætti að forsendurnar sem liggja til grundvallar aðlöguninni eða umbreytingarráðstöfuninni samsvari raunverulegum eignum, skuldum og áhættusniði vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, og tryggi að farið sé að ákvæðum 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Við sérhverja breytingu sem um getur í 2. mgr. skal nota fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingafræðilegar- og tölfræðilegar aðferðir og byggja á nákvæmum, heildstæðum og viðeigandi gögnum félagsins, eða þegar þau eru ekki tiltæk, gögnum sem eiga beint við um starfsemi þess félags.

286. gr.

Útreikningur á viðbótargjaldþolskröfum í tengslum við frávik frá stjórnunarstöðlum

Að því er varðar útreikning á viðbótargjaldþolskröfum eins og um getur í c-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirlitsyfirvöld taka tillit til allra viðeigandi þátta, þ.m.t. alls eftirfarandi:

a) eftir því sem við á, þáttanna sem um getur í 277. gr.,

b) eftir því sem við á, viðbótargjaldþolskrafna sem áður voru lagðar á fyrir sambærileg frávik annarra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga með svipuð áhættusnið, að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld tryggi að ástæðurnar fyrir ákvörðuninni um að setja á viðbótargjaldþolskröfu séu birtar í samræmi við 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB og að sú birting samrýmist kröfunum um þagnarskyldu sem settar eru fram í 64. gr. þeirrar tilskipunar.

287. gr.

Skipting viðbótargjaldþolskrafna fyrir félög sem sinna samtímis líf- og skaðatryggingarstarfsemi

1. Þegar viðbótargjaldþolskrafa er reiknuð út í tengslum við vátryggingafélag sem 2. eða 5. mgr. 73. gr. tilskipunar 2009/138/EB gildir um, skulu eftirlitsyfirvöld reikna út ígildi viðbótargjaldþolskröfu fyrir líftryggingar og ígildi viðbótargjaldþolskröfu fyrir skaðatryggingar.

2. Ef hægt er að skipta orsökunum fyrir viðkomandi frávikum á hlutlægan hátt á milli líf- og skaðatryggingarstafsemi skulu eftirlitsyfirvöld reikna út ígildi viðbótargjaldþolskröfunnar fyrir líftryggingar og ígildi viðbótargjaldþolskröfunnar fyrir skaðatryggingar samkvæmt sömu skiptingu.

3. Ef skipting í samræmi við 2. mgr. er ekki möguleg skulu eftirlitsyfirvöld reikna út ígildi viðbótargjaldþolskröfu líftrygginga og ígildi viðbótargjaldþolskröfu skaðatrygginga á sama hátt og skiptingin milli ígildis kröfunnar um lágmarksfjármagn líftrygginga og ígildis kröfunnar um lágmarksfjármagn skaðatrygginga eins og um getur í 2. mgr. 74. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

XI. KAFLI

FRAMLENGING Á ENDURREISNARTÍMABILINU

288. gr.

Mat á óvenjulega óhagstæðum aðstæðum

Í þeim tilgangi að lýsa því yfir að óvenjulega óhagstæðar aðstæður ríki sem hafi áhrif á vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru verulegur hluti af markaðnum eða vátryggingagreinum sem orðið hafa fyrir áhrifum, eins og um getur í 4. mgr. 138. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin taka tillit til allra eftirfarandi þátta og viðmiðana:

a) áhrifa af mögulegum ákvörðunum eftirlitsyfirvalda í framhaldinu um að framlengja endurreisnartímabilið á fjármálamarkaði, á aðgengi að vátrygginga- og endurtryggingaafurðum og á vátryggingataka og rétthafa,

b) fjölda, stærðar og markaðshlutdeildar vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem verða fyrir áhrifum af hinum óvenjulega óhagstæðu aðstæðum og hvort stærð og eðli þessara félaga gæti, þegar þau eru tekin saman, haft neikvæð áhrif á fjármálamarkaði eða á vátrygginga- og endurtryggingamarkaði,

c) mögulegra sveifluaukandi áhrifa við að koma á reglufylgni við gjaldþolskröfuna að nýju, þ.m.t. nauðungarsölur á eignum á fjármálamörkuðum,

d) möguleika vátrygginga- og endurtryggingafélaga til að útvega viðbótargjaldþol á fjármálamörkuðum,

e) aðgengis að virkum markaði fyrir eignir vátrygginga- og endurtryggingafélaga og lausafjárstöðu þess markaðar,

f) getu endurtryggingarmarkaðarins til að veita endurtryggingarvernd (e. *reinsurance or retrocession cover*),

g) aðgengis á fjármálamörkuðum að fullnægjandi áhættuvörnum, þ.m.t. fjármálagerningum,

h) aðgengis á fjármálamörkuðum að öðrum úrræðum til að draga úr áhættuskuldbindingu vátrygginga- og endurtryggingafélaganna.

289. gr.

Þættir og viðmiðanir til að ákvarða framlengingu endurreisnartímabilsins

Að því er varðar ákvörðun um framlengingu tímabilsins sem um getur í 4. mgr. 138. gr. tilskipunar 2009/138/EB og skera úr um lengd þess fyrir ákveðið vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal eftirlitsyfirvald taka tillit til þeirra þátta og viðmiðana sem getið er í c–h-liðum 288. gr. þessarar reglugerðar, og eftirfarandi þátta og viðmiðana sem eiga sérstaklega við um félagið:

a) áhrifanna af framlengingu á vátryggingataka og þeirra sem eru vátryggðir hjá vátrygginga- og endurtryggingafélaginu,

b) að hve miklu marki vátrygginga- eða endurtryggingafélagið verður fyrir áhrifum af óvenjulegum óhagstæðum aðstæðum,

c) úrræðanna sem tiltæk eru félaginu til að koma á reglufylgni við gjaldþolskröfuna að nýju og að raunhæf endurreisnaráætlun sé til staðar,

d) orsakanna og í hve miklu mæli gjaldþolskröfunni er ekki hlítt,

e) samsetningar gjaldþols vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

f) samsetningar eigna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

g) eðlis og líftíma vátryggingaskuldar og annarra skulda vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

h) þegar við á, aðgengileika að fjárstuðningi frá öðrum félögum samstæðunnar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið tilheyrir,

i) sérhverra ráðstafana sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið grípur til til að takmarka útstreymi fjármagns og hnignun á gjaldþolsstöðu þess.

XII. KAFLI

OPINBER BIRTING

1. ÞÁTTUR

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: uppbygging og efni

290. gr.

Uppbygging

1. Uppbygging skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal vera í samræmi við uppbygginguna sem sett er fram í XX. viðauka og þar skulu birtar upplýsingarnar sem um getur í 292.–298. gr. þessarar reglugerðar.

2. Skýrslan skal hafa lýsandi upplýsingar á megindlegu og eigindlegu formi og, eftir því sem við á, megindleg sniðmát.

291. gr.

Mikilvægi

Að því er varðar þennan kafla skulu upplýsingar sem birtar eru í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu álitnar veigamiklar ef vöntun þeirra eða rangfærslur í þeim gætu haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat þeirra sem nota skýrsluna, þ.m.t. eftirlitsyfirvalda.

292. gr.

Samantekt

1. Í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal vera gagnorð samantekt. Samantektin á skýrslunni skal vera skiljanleg vátryggingartökum og vátryggðum.

2. Í samantekt skýrslunnar skulu dregnar fram allar verulegar breytingar á rekstri og afkomu vátrygginga- eða endurtryggingafélags, stjórnkerfi, áhættusniði, mati á gjaldþoli og eiginfjárstýringu á reikningstímabilinu.

293. gr.

Rekstur og afkoma

1. Skýrsla um gjaldþols- og fjárhagsstöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um rekstur vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) heiti félagsins og rekstrarform þess að lögum,

b) heiti og samskiptaupplýsingar eftirlitsyfirvaldsins sem ber ábyrgð á fjárhagslegu eftirliti með félaginu og, eftir atvikum, heiti og samskiptaupplýsingar eftirlitsaðila samstæðunnar sem félagið tilheyrir,

c) heiti og upplýsingar um tengilið ytri endurskoðanda félagsins,

d) lýsingu á handhöfum virkra eignarhluta í félaginu,

e) ef félagið tilheyrir samstæðu, nánari upplýsingar um lagalega stöðu félagsins innan samstæðunnar,

f) þýðingamestu vátryggingagreinar félagsins og helstu starfssvæði þess,

g) öll helstu viðskipti eða aðra viðburði á reikningstímabilinu sem hafa haft veruleg áhrif á félagið.

2. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda eigindlegar og megindlegar upplýsingar um heildarárangur vátrygginga- eða endurtryggingafélags, sundurliðaðar eftir mikilvægum vátryggingagreinum og mikilvægum starfssvæðum félags á reikningstímabili, ásamt samanburði á upplýsingunum við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili, eins og sýnt er í reikningsskilum félagsins.

3. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda eftirfarandi eigindlegar og megindlegar upplýsingar um afkomu fjárfestinga vátrygginga- eða endurtryggingafélags á reikningstímabili, ásamt samanburði á upplýsingunum við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili, eins og sýnt er í reikningsskilum viðkomandi félags:

a) upplýsingar um tekjur og gjöld af fjárfestingum eftir eignaflokkum og, ef nauðsyn krefur til að réttur skilningur fáist á tekjum og útgjöldum, einstakir liðir slíkra tekna og útgjalda,

b) upplýsingar um hagnað og tap sem færð eru beint á eigið fé,

c) upplýsingar um allar fjárfestingar í verðbréfun.

4. Í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal öðrum mikilvægum tekjum og gjöldum vátrygginga- eða endurtryggingafélags, sem stofnað hefur verið til á reikningstímabilinu, lýst ásamt samanburði á upplýsingunum við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili, eins og sýnt er í reikningsskilum viðkomandi félags.

5. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda, í aðskildum hluta, allar aðrar veigamiklar upplýsingar um rekstur og afkomu vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

294. gr.

Stjórnkerfi

1. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) samsetningu stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar félagsins, ásamt lýsingu á meginhlutverkum og ábyrgðum hennar og stutt lýsing á skiptingu ábyrgða innan þessara stjórna, einkum hvort viðeigandi nefndir séu til staðar innan þeirra, sem og lýsing á meginhlutverkum og -ábyrgðum lykilstarfssviða,

b) allar veigamiklar breytingar á stjórnkerfinu sem hafa átt sér stað á reikningstímabilinu,

c) upplýsingar um stefnu um starfskjör stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar og framkvæmd hennar nema annað sé tekið fram um þá, þ.m.t.:

   i. meginreglur starfskjarastefnu, með útskýringu á hlutfallslegu mikilvægi fastra og breytilegra liða starfskjara,

   ii. upplýsingar um frammistöðuviðmiðanir fyrir einstaklingana og félagið í heild, sem hlutabréfavalréttir, hlutabréf eða breytilegir þættir starfskjara byggjast á,

   iii. lýsingu á megineinkennum kerfis um viðbótarlífeyri eða fyrirkomulagi við snemmtekin eftirlaun fyrir aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, og aðra sem gegna lykilstarfssviðum,

d) upplýsingar um veigamikil viðskipti á reikningstímabilinu við hluthafa, við einstaklinga sem hafa veruleg áhrif á félagið og við aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.

2. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um stefnu vátrygginga- eða endurtryggingafélags hvað varðar „hæfi og hæfni“:

a) lýsingu á sértækum kröfum félagsins um færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu þeirra sem í reynd stjórna félaginu eða bera ábyrgð á öðrum lykilstarfsviðum,

b) lýsingu á ferli félagsins til að meta hæfi og hæfni þeirra sem í reynd stjórna félaginu eða bera ábyrgð á örum lykilstarfssviðum.

3. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um áhættustýringarkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) lýsingu á áhættustýringarkerfi félags sem nær yfir stefnumótun, ferla og verklagsreglur við gagnaskil og hvernig það getur á skilvirkan og samfelldan hátt greint, mælt, vaktað, stjórnað og tilgreint, áhættu á eininga- eða samstæðustigi, sem félagið er eða gæti verið útsett fyrir,

b) lýsingu á því hvernig áhættustýringarkerfið, þ.m.t. starfssvið áhættustýringar, er innleitt og fellt inn í stjórnkerfi og ákvarðanatökuferli félags.

4. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um ferlið sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur tekið upp til að uppfylla skuldbindingar sínar um framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats:

a) lýsingu á ferlinu sem félagið hefur komið á til að fullnægja kröfum um að framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats sé hluti af áhættustýringarkerfi þess, þ.m.t. hvernig eigið áhættu- og gjaldþolsmat er fellt inn í stjórnkerfi og ákvarðanatökuferli félagsins,

b) yfirlýsingu sem tilgreinir nákvæmlega hve oft eigið áhættu- og gjaldþolsmat er tekið til skoðunar og samþykkt af stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félagsins,

c) yfirlýsingu sem útskýrir hvernig félagið hefur ákvarðað eigin gjaldþolsþörf í ljósi áhættusniðs þess og hvernig fjármagnsstýringaraðgerðir og áhættustýringarkerfi þess virka saman.

5. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um innra eftirlitskerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) lýsingu á innra eftirlitskerfi félagsins,

b) lýsingu á framkvæmd regluvörslu.

6. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um innra endurskoðunarsvið vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) lýsingu á framkvæmd innri endurskoðunar,

b) lýsingu á því hvernig sjálfstæði og hlutlægni starfssviðs innri endurskoðunar félagsins er tryggt gagnvart starfseminni sem það endurskoðar.

7. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda lýsingu á því hvernig starfssvið tryggingastærðfræðings vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins er framkvæmt.

8. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda lýsingu á útvistunarstefnu vátrygginga- eða endurtryggingafélags, útvistun viðkomandi félags á einhverjum nauðsynlegum eða mikilvægum rekstrarsviðum eða starfsemi og lögsögu þar sem þjónustuveitandi slíkra rekstrarsviða eða starfsemi er staðsettur.

9. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda mat á því hversu fullnægjandi stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags er miðað við eðli, umfang og flækjustig þeirrar áhættu sem fylgir rekstri þess.

10. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda, í aðskildum hluta, allar aðrar mikilvægar upplýsingar um stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

295. gr.

Áhættusnið

1. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda eigindlegar og megindlegar upplýsingar um áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í samræmi við 2.–7. mgr., sérstaklega fyrir eftirtalda flokka áhættu:

a) vátryggingaráhættu,

b) markaðsáhættu,

c) kröfuáhættu,

d) lausafjáráhættu,

e) rekstraráhættu,

f) aðra veigamikla áhættu.

2. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda eftirfarandi upplýsingar um áhættustig vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, þ.m.t. áhættustigið sem stafar af liðum utan efnahagsreiknings og yfirfærslu áhættu til félaga með sérstakan tilgang:

a) lýsingu á aðferðum sem notaðar eru við að meta þessa áhættuþætti innan viðkomandi félags, þ.m.t. allar veigamiklar breytingar á þeim á reikningstímabilinu,

b) lýsingu á veigamiklum áhættuþáttum sem viðkomandi félag er útsett fyrir, þ.m.t. allar veigalar breytingar á þeim á reikningstímabilinu,

c) lýsingu á hvernig fjárfest hefur verið í eignum í samræmi við varfærnisregluna sem sett er fram í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þannig að fjallað sé í þeirri lýsingu um áhættuna, sem minnst er á í þeirri grein og viðeigandi stjórnun hennar,

3. Að því er varðar samþjöppunaráhættu skal skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innihalda lýsingu á veigamikilli samþjöppun áhættu sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið kann að vera útsett fyrir.

4. Að því er varðar mildun áhættu skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innihalda lýsingu á vörnum sem notaðar eru til að milda áhættu og ferlum við að vakta áframhaldandi skilvirkni þeirra.

5. Að því er varðar lausafjáráhættu skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innihalda heildarfjárhæð vænts hagnaðar sem innifalinn er í framtíðariðgjöldum eins og reiknað er út í samræmi við 2. mgr. 260. gr.

6. Að því er varðar áhættunæmi skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innihalda lýsingu á aðferðum sem notaðar eru, forsendum og niðurstöðu álagsprófa og næmisgreininga fyrir veigamikla áhættuþætti og viðburði.

7. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda, í aðskildum hluta, allar aðrar mikilvægar upplýsingar um áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

296. gr.

Mat á gjaldþolsstöðu

1. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um mat á eignum vátrygginga- eða endurtryggingafélags vegna gjaldþols:

a) sérstaklega fyrir hvern veigamikinn eignaflokk, virði eigna og lýsingu á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem notaðar eru við mat á gjaldþolsstöðu,

b) sérstaklega fyrir hvern veigamikinn eignaflokk, megindlega og eigindlega útskýringu á verulegum mun á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem viðkomandi félag notar við mat á gjaldþolsstöðu og þeim sem notaðar eru við mat þess í reikningsskilum.

2. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um mat á vátryggingaskuld vátrygginga- eða endurtryggingafélags með tilliti til gjaldþols:

a) sérstaklega fyrir hverja mikilvæga vátryggingagrein, virði vátryggingaskuldar, þ.m.t. fjárhæð besta mats og áhættuálags og lýsingu á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem notaðar eru við mat þess á gjaldþolsstöðu,

b) lýsingu á óvissu á virði vátryggingaskuldar,

c) sérstaklega fyrir hverja mikilvæga vátryggingagrein, megindlega og eigindlega útskýringu á verulegum mun á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem viðkomandi félag notar við mat á gjaldþolsstöðu og þeim sem notaðar eru við mat í reikningsskilum,

d) þegar aðlögun vegna samræmingar sem um getur í 77. gr. b í tilskipun 2009/138/EB er notuð, lýsingu á aðlöguninni vegna samræmingar og eignasafni skuldbindinga og tilteknum eignum sem aðlöguninni vegna samræmingar er beitt á, sem og magngreiningu á áhrifunum af að breyta aðlöguninni vegna samræmingar í núll á fjárhagsstöðu viðkomandi félags, þ.m.t. á fjárhæð vátryggingaskuldar, gjaldþolskröfu, kröfu um lágmarksfjármagn, kjarnagjaldþolsliði og viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfu,

e) yfirlýsingu um hvort félagið notar aðlögun vegna óstöðugleika sem um getur í 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB, og magngreining áhrifanna af að breyta aðlöguninni vegna óstöðugleika í núll á fjárhagsstöðu viðkomandi félags, þ.m.t. á fjárhæð vátryggingaskuldar, gjaldþolskröfu, kröfu um lágmarksfjármagn, kjarnagjaldþolsliði og viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfu,

f) yfirlýsingu um hvort umbreyttum áhættulausum vaxtaferli, sem um getur í 308. gr. c tilskipunar 2009/138/EB, er beitt og magngreining áhrifanna af að beita ekki umbreytingarráðstöfuninni á fjárhagsstöðu félagsins, þ.m.t. á fjárhæð vátryggingaskuldar, gjaldþolskröfu, kröfu um lágmarksfjármagn, kjarnagjaldþolsliði og viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfu,

g) yfirlýsingu um hvort umbreytingarfrádrættinum, sem um getur í 308. gr. d tilskipunar 2009/138/EB, er beitt og magngreining áhrifanna af að beita ekki frádrættinum á fjárhagsstöðu félagsins, þ.m.t. á fjárhæð vátryggingaskuldar, gjaldþolskröfu, kröfu um lágmarksfjármagn, kjarnagjaldþolsliði og viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfu,

h) lýsingu á eftirfarandi:

i. endurheimtanlegum fjárhæðum vegna endurtryggingasamninga og félaga með sérstakan tilgang,

ii. öllum veigamiklum breytingum á viðkomandi forsendum sem gerðar eru í útreikningi á vátryggingaskuld í samanburði við fyrra reikningstímabil.

3. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar um mat á öðrum skuldum vátrygginga- eða endurtryggingafélags með tilliti til gjaldþolsliða:

a) sérstaklega fyrir hvern veigamikinn flokk annarra skulda, virði annarra skulda sem og lýsingu á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem notaðar eru vegna mats á gjaldþoli,

b) sérstaklega fyrir hvern mikilvægan flokk annarra skulda, megindlega og eigindlega útskýringu á veigamiklum mun á grundvelli, aðferðum og meginforsendum sem félagið notar vegna mats á gjaldþoli og þeim sem notaðar eru við mat þess í reikningsskilum.

4. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda upplýsingar um svið, sem sett eru fram í 260. gr., til að fara að kröfum um upplýsingagjöf vátrygginga- eða endurtryggingafélags eins og mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda, í aðskildum hluta, allar aðrar veigamiklar upplýsingar um mat á eignum og skuldum vegna gjaldþolsstöðu.

297. gr.

Eiginfjárstýring

1. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um gjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) upplýsingar um markmið, stefnur og ferla sem félagið notar til að stýra gjaldþoli, þ.m.t. upplýsingar um tímabil sem notað er fyrir rekstraráætlanir og allar aðrar veigamiklar breytingar á reikningstímabilinu,

b) sérstaklega fyrir hvern gjaldþolsþátt (e. *tier*), upplýsingar um uppbyggingu, magn og gæði gjaldþols við lok reikningstímabilsins og við lok fyrra reikningstímabils, þ.m.t. greiningu á umtalsverðum breytingum í hverjum þætti á reikningstímabilinu,

c) fjárhæðir viðurkenndra gjaldþolsliða til að mæta gjaldþolskröfu, flokkaðar eftir þáttum,

d) fjárhæðir viðurkenndra kjarnagjaldþolsliða til að mæta kröfu um lágmarksfjármagn, flokkaðar eftir þáttum,

e) megindlega og eigindlega útskýringu á öllum verulegum mismun á eigin fé samkvæmt reikningsskilum félags og eigna umfram skuldir eins og reiknað er út vegna mats á gjaldþolsstöðu,

f) fyrir hvern kjarnagjaldþolslið sem fellur undir umbreytingarfyrirkomulagið sem um getur í 9. og 10. mgr. 308. gr. b í tilskipun 2009/138/EB, lýsingu á eðli liðarins og fjárhæð hans,

g) fyrir hvern veigamikinn stuðningsgjaldþolslið, lýsingu á liðnum, fjárhæð stuðningsgjaldþolsliðar og, ef aðferðin við að ákvarða fjárhæð stuðningsgjaldþolsliðarins hefur verið samþykkt, lýsingu á þeirri aðferð sem og einkennum og nöfnum mótaðila eða hópi mótaðila fyrir liðunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 89. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

h) lýsingu á hverjum lið sem dreginn er frá gjaldþoli og stutta lýsingu á sérhverri veigamikilli takmörkun sem hefur áhrif á aðgengi og framsalshæfi gjaldþols innan félagsins.

Að því er varðar g-lið skulu nöfnin á mótaðilunum ekki birt ef slík birting er óheimil að lögum eða óraunhæf eða ef mótaðilarnir sem eiga í hlut eru ekki mikilvægir.

2. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélag:

a) fjárhæðir gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn félags við lok reikningstímabils ásamt upplýsingum um hvort endanleg fjárhæð gjaldþolskröfunnar bíði staðfestingar eftirlitsaðila, eftir því sem við á,

b) fjárhæð gjaldþolskröfu félags skipt niður eftir áhættueiningum ef það félag notar staðalregluna og eftir áhættuflokkum ef félagið notar eigið líkani,

c) upplýsingar um hvort og þá fyrir hvaða áhættueiningar og undireiningar staðalreglunnar viðkomandi félag notar einfaldaða útreikninga,

d) upplýsingar um hvort og fyrir hvaða stika staðalreglunnar viðkomandi félag notar stika vátryggingafélags skv. 7. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) eftir atvikum, yfirlýsingu um að aðildarríki félagsins hafi nýtt sér möguleikann sem kveðið er á um í þriðju undirgrein 2. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

f) hafi aðildarríki félagsins ekki nýtt sér möguleikann sem veittur er í þriðju undirgrein 2. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB, áhrif allra stika vátryggingafélags sem krafist er að félag noti í samræmi við 110. gr. þeirrar tilskipunar, og fjárhæð sérhverrar viðbótargjaldþolskröfu sem beitt er á gjaldþolskröfuna ásamt rökstuðningi hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalds fyrir henni,

g) upplýsingar um gögnin sem félagið notar til að reikna út kröfu um lágmarksfjármagn,

h) allar mikilvægar breytingar á gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn á reikningstímabili og ástæður slíkra breytinga.

3. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um möguleikann sem settur er fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB:

a) vísbendingu um að viðkomandi félag noti undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma, sem sett er fram í þeirri grein, við útreikninginn á gjaldþolskröfu þess, eftir samþykki frá eftirlitsyfirvaldi þess,

b) fjárhæð gjaldþolskröfu fyrir undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma sem leiðir af slíkri notkun.

4. Ef eigið líkan er notað til að reikna út gjaldþolskröfu skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innihalda allar eftirtaldar upplýsingar:

a) lýsingu á því í hvaða tilgangi viðkomandi félag notar eigið líkan,

b) lýsingu á umfangi eigin líkans hvað varðar rekstrareiningar og flokka áhættu,

c) ef hlutalíkan er notað skal lýsa aðferðinni sem hefur verið notuð til að tengja hlutalíkanið við staðalreglu þ.m.t., þar sem við á, lýsingu á notkun annarra aðferða,

d) lýsingu á aðferðum sem notaðar eru í eigin líkani fyrir útreikning á spá um líkindadreifingu og gjaldþolskröfu,

e) útskýringu, eftir áhættueiningu, á helsta mismun á aðferðafræði og undirliggjandi forsendum sem notaðar eru í staðalreglu og í eigin líkani,

f) áhættumál og til hversu langs tíma er horft í eigin líkani, og ef þau eru ekki þau sömu sem sett eru fram í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB, útskýringu á hvers vegna gjaldþolskrafan sem reiknuð er út með því að nota eigið líkan veitir vátryggingartökum og vátryggðum jafngilda vernd og sú sem sett er fram í 101. gr. þeirrar tilskipunar,

g) lýsingu á einkennum og hversu viðeigandi gögnin eru sem notuð eru í eigin líkani.

5. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um hvert frávik vátrygginga- eða endurtryggingafélags frá kröfu um lágmarksfjármagn eða umtalsvert frávik þess frá gjaldþolskröfu:

a) varðandi sérhvert frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn félags: tímabil og hámarksfjárhæð hvers fráviks á reikningstímabilinu ásamt útskýringu á uppruna þess og afleiðingum, sérhverjum ráðstöfunum til úrbóta sem gerðar hafa verið eins og kveðið er á um í v. lið e-liðar 1. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og útskýringu á áhrifum slíkra ráðstafana til úrbóta,

b) fjárhæð fráviksins á uppgjörsdegi ef frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn félags hefur í ekki verið leiðrétt þá,

c) varðandi umtalsvert frávik frá gjaldþolskröfu félagsins á reikningstímabilinu: tímabil og hámarksfjárhæð hvers umtalsverðs fráviks og, til viðbótar við útskýringu á uppruna þess og afleiðingum sem og sérhverjum ráðstöfunum til úrbóta sem gripið hefur verið til eins og kveðið er á um í v. lið e-liðar 1. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB, útskýringu á áhrifum slíkra ráðstafana til úrbóta,

d) fjárhæð fráviks á uppgjörsdegi ef umtalsvert frávik frá gjaldþolskröfu félags hefur ekki verið leiðrétt þá.

6. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda, í aðskildum hluta, allar aðrar mikilvægar upplýsingar um eiginfjárstýringu vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

298. gr.

Valfrjálsar viðbótarupplýsingar

Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög birta opinberlega, í samræmi við 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/138/EB, upplýsingar eða útskýringar tengdar gjaldþoli þeirra og fjárhagslegri stöðu sem ekki er krafist lögum samkvæmt að birta opinberlega, skulu þessi félög tryggja að slíkar viðbótarupplýsingar séu í samræmi við allar upplýsingar sem veittar hafa verið eftirlitsyfirvöldum skv. 35. gr. þeirrar tilskipunar.

2. ÞÁTTUR

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: óbirtar upplýsingar

299. gr.

1. Ef eftirlitsyfirvöld heimila vátrygginga- og endurtryggingafélögum, í samræmi við 1. og 2. mgr. 53. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að birta ekki ákveðnar upplýsingar skal slíkt leyfi einungis gilda meðan ástæðan fyrir því að birta þær ekki er áfram til staðar.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum jafnskjótt og ástæða fyrir sérhverju leyfi til að birta ekki upplýsingar er ekki lengur til staðar.

3. ÞÁTTUR

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu: frestir, aðferðir við upplýsingagjöf og uppfærslur

300. gr.

Frestir

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu birta skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu innan frests sem settur er fram í 6. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB og, eftir lok umbreytingartímabilsins sem sett er fram í þeirri grein, eigi síðar en 14 vikum eftir lok fjárhagsárs félagsins.

2. Jafnskjótt og vátrygginga- og endurtryggingafélag birtir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, sem og allar uppfærðar útgáfur þeirrar skýrslu, skal hún send eftirlitsyfirvöldum.

301. gr.

Aðferðir við upplýsingagjöf

1. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög eiga og halda úti vefsetri sem tengist rekstri þeirra skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu birt á því vefsetri.

2. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög eiga hvorki né halda úti vefsetri, en eru aðilar að atvinnugreinasamtökum sem eiga og halda úti vefsetri, skal skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu birt á vefsetri atvinnugreinasamtakanna, ef viðkomandi samtök leyfa það.

3. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög birta skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu á vefsetri í samræmi við 1. eða 2. mgr., skal sú skýrsla vera aðgengileg á því vefsetri í a.m.k. fimm ár eftir birtinguna sem um getur í 1. mgr. 300. gr.

4. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög birta ekki skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu á vefsetri í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu þau senda rafrænt eintak af skýrslunni til hvers þess einstaklings sem, innan fimm ára frá birtingunni sem um getur í 1. mgr. 300. gr., biður um hana. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu senda skýrsluna innan 10 virkra daga frá því beiðni berst.

5. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, án tillits til þess hvort skýrsla félags hafi verið gerð aðgengileg á vefsetri í samræmi við 1. eða 2. mgr., senda hverjum þeim einstaklingi sem óskar eftir því innan tveggja ára frá birtingunni sem um getur í 1. mgr. 300. gr., útprentað eintak af skýrslunni innan 20 virkra daga frá því beiðni berst.

6. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu senda eftirlitsyfirvöldum skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og allar uppfærðar útgáfur af þeirri skýrslu á rafrænu formi.

302. gr.

Uppfærslur

1. Ef vátrygginga- og endurtryggingafélög verða, í samræmi við 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að birta opinberlega viðeigandi upplýsingar um eðli og áhrif af sérhverri meiriháttar þróun sem hefur umtalsverð áhrif á gildi skýrslu þeirra um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, skal félagið birta uppfærða útgáfu af þeirri skýrslu í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Ákvæði 290.–299. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um þá uppfærðu útgáfu.

2. Með fyrirvara um upplýsingar sem vátrygginga- og endurtryggingafélögum ber tafarlaust að veita í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal sérhver uppfærð útgáfa skýrslunnar um gjaldþol og fjárhagslega stöðu birt eins fljótt og unnt er eftir að meiriháttar þróun verður, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 301. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta vátrygginga- og endurtryggingafélög ákveðið, að því er varðar 5. mgr. 301. gr., að birta viðeigandi upplýsingar um eðli og áhrif meiriháttar þróunar sem hefur umtalsverð áhrif á gildi skýrslu þeirra um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í formi breytinga til viðbótar við upprunalegu skýrsluna.

303. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag vegna samanburðarupplýsinga

Ef krafist er samanburðar á upplýsingunum við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili í samræmi við þennan kafla, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög eingöngu fara að slíkum kröfum ef fyrra reikningstímabil nær yfir tímabil eftir gildistökudag tilskipunar 2009/138/EB.

XIII. KAFLI

REGLUBUNDIN GAGNASKIL TIL EFTIRLITSYFIRVALDA

1. ÞÁTTUR

Þættir og innihald

304. gr.

Þættir í reglubundnum gagnaskilum til eftirlitsyfirvalda

1. Upplýsingarnar sem eftirlitsyfirvöld krefja vátrygginga- og endurtryggingafélög um að senda vegna fyrirfram ákveðinna tímabila í samræmi við i. lið a-liðar 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu samanstanda af eftirfarandi:

a) skýrslu vátrygginga- eða endurtryggingafélags um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við 300. gr. þessarar reglugerðar ásamt öllum jafngildum upplýsingum sem birtar hafa verið opinberlega samkvæmt öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu vísar til, sem og allar uppfærðar útgáfur þeirrar skýrslu sem hafa verið birtar í samræmi við 302. gr. þessarar reglugerðar,

b) reglubundinni eftirlitsskýrslu sem samanstendur af upplýsingunum sem um getur í 307.–311. gr. þessarar reglugerðar. Í henni skulu einnig vera upplýsingar sem um getur í 293.–297. gr. þessarar reglugerðar, sem eftirlitsyfirvöld hafa veitt vátrygginga- og endurtryggingafélögum undanþágu frá að birta í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, í samræmi við 1. mgr. 53. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal fylgja sömu uppbyggingu og þeirri sem sett er fram í XX. viðauka fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu,

c) eftirlitsskýrslu um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (e. *ORSA supervisory report*) sem samanstendur af niðurstöðunum úr sérhverju reglubundnu eigin áhættu- og gjaldþolsmati sem vátrygginga- og endurtryggingafélög hafa framkvæmt í samræmi við 6. mgr. 45. gr.tilskipunar 2009/138/EB, hvenær sem eigið áhættu- og gjaldþolsmat er framkvæmt í samræmi við 5. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar,

d) árlegu og ársfjórðungslegu megindlegu sniðmátunum sem tilgreina nánar og eru viðbót við upplýsingarnar sem eru í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglubundnu eftirlitsskýrslunni, með tilliti til mögulegra takmarkana og undanþága í samræmi við 6. og 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Að því marki sem félög eru undanskilin ársfjórðungslegri kvöð um gagnaskil í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu þau eingöngu leggja fram árleg megindleg sniðmát. Kvöð um árleg gagnaskil skal ekki fela í sér gagnaskil lið fyrir lið ef félög eru undanskilin því skv. 7. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Reglubundin eftirlitsskýrsla skal innihalda samantekt sem skal einkum leggja áherslu á allar verulegar breytingar sem hafa orðið á rekstri og frammistöðu félagsins, stjórnkerfi, áhættusniði, mati hvað varðar gjaldþol og eiginfjárstýringu á reikningstímabili, og láta í té gagnorða útskýringu á ástæðum og áhrifum slíkra breytinga. Í samantektinni skulu koma fram upplýsingar um eigið áhættu- og gjaldþolsmat að því er varðar 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Umfang ársfjórðungslegu megindlegu sniðmátanna skal vera minna en árlegra megindlegra sniðmáta.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á heimild eftirlitsyfirvalds til að krefjast þess að vátrygginga- og endurtryggingafélög tilkynni reglulega allar aðrar upplýsingar sem teknar eru saman á ábyrgð — eða að beiðni — stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar þessara félaga.

305. gr.

Mikilvægi

Að því er varðar þennan kafla skulu upplýsingarnar sem veittar eru eftirlitsaðila teljast mikilvægar ef vöntun þeirra eða rangfærslur í þeim gætu haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat eftirlitsyfirvalda.

306. gr.

Eftirlitsskýrsla um eigið áhættu- og gjaldþolsmat

Í eftirlitsskýrslunni um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) skal allt eftirfarandi sett fram:

a) eigindlegar og megindlegar niðurstöður eigin áhættu- og gjaldþolsmats og ályktanir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið dregur af þeim,

b) aðferðir og meginforsendur sem notaðar eru í eigin áhættu- og gjaldþolsmati,

c) upplýsingar um heildargjaldþolsþörf félags og samanburður hennar við gjaldþolsþörf, lögbundnar gjaldþolskröfur og gjaldþol félags,

d) eigindlegar upplýsingar um, og ef umtalsverð frávik hafa verið greind, magngreiningu á að hvaða marki mælanlegar áhættur félags endurspeglast ekki í útreikningi á gjaldþolskröfu.

307. gr.

Rekstur og afkoma

1. Reglubundin eftirlitsskýrsla skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um rekstur vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) meginstrauma og þætti sem hafa áhrif á þróun, afkomu og stöðu félags á tímabili rekstraráætlunar þess, þ.m.t. samkeppnisstöðu félagsins og öll mikilvæg lagaleg eða stjórnsýsluleg álitaefni,

b) lýsingu á rekstrarmarkmiðum félagsins, þ.m.t. viðeigandi stefnum og tímarömmum.

2. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar eigindlegar og megindlegar upplýsingar um afkomu vátryggingastarfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélags, eins og sýnt er í reikningsskilum þess:

a) upplýsingar um tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi félags eftir mikilvægum vátryggingagreinum og landsvæðum þar sem það hefur stofnað til rekstrar á reikningstímabilinu, samanborið við fyrra tímabil og ástæður fyrir öllum veigamiklum breytingum,

b) greiningu á afkomu vátryggingastarfsemi félags í heild á reikningstímabili,

c) upplýsingar um afkomu vátryggingastarfsemi félags eftir vátryggingagreinum á reikningstímabili, samanborið við áætlanir, og mikilvægir þættir sem skýra mun þar á milli,

d) áætlanir um afkomu vátryggingastarfsemi félags, með upplýsingum um mikilvæga þætti sem gætu haft áhrif á afkomu á rekstraráætlunartímabili þess,

e) upplýsingar um allar mikilvægar áhættuvarnir sem hafa verið keyptar eða samið um á reikningstímabilinu.

3. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar eigindlegar og megindlegar upplýsingar um afkomu fjárfestinga vátrygginga- eða endurtryggingafélags, eins og sýnt er í reikningsskilum þess:

a) upplýsingar um tekjur og gjöld vegna fjárfestingarstarfsemi á síðasta reikningstímabili samanborið við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili og ástæður fyrir öllum veigamiklum breytingum,

b) greiningu á afkomu fjárfestinga félags eftir viðeigandi eignaflokkum og í heild á reikningstímabili,

c) áætlanir um vænta afkomu fjárfestinga félags, með upplýsingum um mikilvæga þætti sem gætu haft áhrif á slíkan fjárfestingarárangur, á rekstraráætlunartímabili þess,

d) lykilforsendur sem félagið gengur út frá í fjárfestingaákvörðunum sínum að því er varðar hreyfingar á vöxtum, gengi og öðrum markaðsstikum sem skipta máli, yfir rekstraráætlunartímabil þess,

e) upplýsingar um allar fjárfestingar í verðbréfun, og áhættustýringaraðferðir félags að því er varðar slík verðbréf eða gerninga.

4. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda upplýsingar um allar mikilvægar tekjur og gjöld, önnur en sem stafa af vátrygginga- eða fjárfestingastarfsemi, á tímabili rekstraráætlunar félagsins.

5. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar aðrar veigamiklar upplýsingar um rekstur þeirra og afkomu.

308. gr.

Stjórnkerfi

1. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) upplýsingar sem gera eftirlitsyfirvöldum kleift að öðlast góðan skilning á stjórnkerfi félagsins og að meta hvernig það hæfir starfsstefnu og rekstri félagsins,

b) upplýsingar um boðleiðir og hvernig ábyrgð og starfssviðum er skipt innan félagsins,

c) starfskjör aðila í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn á reikningstímabili og samanburð á upplýsingunum við þær sem tilgreindar voru á fyrra reikningstímabili ásamt ástæðum veigamikilla breytinga.

2. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um hvernig vátrygginga- eða endurtryggingafélag fullnægja kröfum um hæfni og hæfi:

a) í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skrá yfir einstaklinga í félaginu sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum,

b) upplýsingar um stefnur og ferla sem félagið hefur komið á til að tryggja að þessir einstaklingar fullnægi kröfum um hæfi og hæfni.

3. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um áhættustýringarkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins:

a) upplýsingar um áhættustýringaráætlanir félagsins, markmið, ferla og skýrslugjafaraðferðir fyrir hvern áhættuflokk,

b) upplýsingar um umtalsverða áhættuþætti sem félagið er útsett fyrir á líftíma vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þess, og hvernig tekið er tillit til þeirra í heildargjaldþolsþörf þess,

c) upplýsingar um alla veigamikla áhættu sem félagið hefur greint og sem ekki eru að fullu tekin með í útreikning á gjaldþolskröfu eins og sett er fram í 4. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

d) upplýsingar um hvernig félagið fullnægir kröfum um að fjárfesta allar eignir sínar í samræmi við „varfærnisregluna“ sem sett er fram í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

e) upplýsingar um hvernig félagið sannreynir hversu viðeigandi lánshæfismöt frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum eru, þ.m.t. hvernig og að hvaða marki lánshæfismöt frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum eru notuð,

f) niðurstöður mats varðandi framreikning áhættulauss vaxtaferils, aðlögun vegna samræmingar og aðlögun vegna óstöðugleika, eins og um getur í 2. mgr. a 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag gerði á reikningstímabilinu:

a) lýsingu á hvernig eigið áhættu- og gjaldþolsmat er framkvæmt, skjalfest og yfirfarið innanhúss,

b) lýsingu á hvernig eigið áhættu- og gjaldþolsmat er fellt inn í stjórnunarferla og ákvarðanatökuferli félagsins.

5. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um innra eftirlitskerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) upplýsingar um helstu ferla í innra eftirlitskerfinu,

b) upplýsingar um aðgerðir sem framkvæmdar eru í samræmi við 2. mgr. 46. gr. tilskipunar 2009/138/EB á reikningstímabilinu,

c) upplýsingar um reglufylgnistefnu félagsins sem útbúnar eru skv. 270. gr. þessarar reglugerðar, ferli á endurskoðun stefnunnar, tíðni endurskoðana og allar umtalsverðar breytingar á stefnunni á reikningstímabili.

6. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um innri endurskoðunarsvið vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) lýsingu á innri endurskoðunum sem framkvæmdar eru á reikningstímabili með samantekt á helstu niðurstöðum og tilmælum sem tilkynntar hafa verið til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar félagsins og allar aðgerðir sem gripið var til að því er varðar þessar niðurstöður og tilmæli,

b) lýsingu á innri endurskoðunarstefnu félagsins, ferli á endurskoðun þeirrar stefnu, tíðni endurskoðana og allar veigamiklar breytingar á stefnunni á reikningstímabili,

c) lýsingu á endurskoðunaráætlun félagsins, þ.m.t. innri endurskoðunum í framtíðinni og rökin fyrir þessum endurskoðunum í framtíðinni,

d) ef einstaklingarnir sem sjá um framkvæmd innra endurskoðunarsviðsins gegna öðrum lykilstarfssviðum í samræmi við 2. mgr. 271. gr., bæði eigindlegt og megindlegt mat á viðmiðunum sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 271. gr.

7. Að því er varðar starfssvið tryggingastærðfræðings skal reglubundna eftirlitsskýrslan innihalda yfirlit yfir verkefnin sem tengjast hverjum þætti á reikningstímabili sem starfssvið tryggingastærðfræðings ber ábyrgð á ásamt lýsingu á aðkomu starfssviðsins að skilvirkri framkvæmd áhættustýringarkerfis félagsins.

8. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um útvistun:

a) ef félagið útvistar einhverjum nauðsynlegum eða mikilvægum rekstrarsviðum eða starfsemi, rök fyrir útvistun og sönnun á að viðeigandi eftirlit og öryggisráðstafanir séu til staðar,

b) upplýsingar um þjónustuveitendur sem nauðsynlegum eða mikilvægum rekstrarsviðum eða starfsemi hefur verið útvistað til og hvernig félagið tryggir að þjónustuveitendur hlíti ákvæðum a-liðar 3. mgr. 274. gr.,

c) skrá yfir einstaklingana sem ábyrgir eru fyrir útvistuðum lykilstarfssviðum hjá þjónustuveitanda.

9. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar aðrar veigamiklar upplýsingar um stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

309. gr.

Áhættusnið

1. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda eigindlegar og megindlegar upplýsingar um áhættusnið vátrygginga- og endurtryggingafélagsins í samræmi við 2. – 9. mgr., aðgreindar fyrir alla eftirfarandi áhættuflokka:

a) vátryggingaráhættu,

b) markaðsáhættu,

c) kröfuáhættu,

d) lausafjáráhættu,

e) rekstraráhættu,

f) aðra veigamikla áhættu.

2. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um áhættuskuldbindingar vátrygginga- eða endurtryggingafélags, þ.m.t. áhættuna sem stafar af liðum utan efnahagsreiknings og yfirfærslu á áhættu til félaga með sérstakan tilgang:

a) yfirlit yfir allar veigamiklar áhættuskuldbindingar sem gert er ráð fyrir á tímabili rekstraráætlunar með tilliti til starfsstefnu félagsins og hvernig þessum áhættuskuldbindingum verður stýrt,

b) ef félagið selur eða skuldbindur veðtryggingu, í skilningi 214. gr. þessarar reglugerðar, fjárhæð veðsins samkvæmt mati í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) ef félagið hefur veitt veð, í skilningi 214. gr., einkenni veðtryggingar, einkenni og verðgildi eigna sem veðsettar eru og tilsvarandi vissar og óvissar skuldir sem skapast vegna fyrirkomulag veðsetningarinnar,

d) upplýsingar um veigamikla skilmála og skilyrði tengd veðsetningarfyrirkomulaginu,

e) heildarskrá yfir eignir og hvernig þessar eignir hafa verið fjárfestar í samræmi við „varfærnisregluna“ sem sett er fram í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

f) ef félagið hefur gert samning um viðskipti með verðbréfalánveitingar eða -lántökur, endurhverf verðbréfakaup eða endurhverfa verðbréfasölu eins og um getur í 82. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. lausafjárskiptasamninga, upplýsingar um einkenni þeirra og magn,

g) ábyrgðir vegna hliðaráhættu og áhættuvarnir á ábyrgðum ef félagið selur vátryggingar með breytilegum jafngreiðslum.

3. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda upplýsingar um stærð og einkenni lánasafns vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

4. Að því er varðar samþjöppun áhættu skal reglubundna eftirlitsskýrslan innihalda upplýsingar um verulega samþjöppun áhættu sem félagið er útsett fyrir og yfirlit yfir alla samþjöppun áhættu sem gert er ráð fyrir í framtíðinni á tímabili rekstraráætlunarinnar miðað við starfsstefnu félagsins og hvernig þessari áhættusamþjöppun verður stýrt.

5. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um áhættuvarnir vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) upplýsingar um núverandi varnir sem notaðar eru til að draga úr áhættu og lýsingu á öllum mikilvægum áhættuvörnum sem félagið hefur hug á að kaupa eða ganga til samninga um á tímabili rekstraráætlunarinnar miðað við starfsstefnu félagsins og rökstuðning fyrir og áhrifin af slíkum áhættuvörnum,

b) ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur til umráða veð, í skilningi 214. gr. þessarar reglugerðar:

   i. mat veðs í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   ii. upplýsingar um veigamikla skilmála og skilyrði tengd veðsetningarfyrirkomulaginu.

6. Að því er varðar lausafjáráhættu skal reglubundna eftirlitsskýrslan einkum innihalda tilteknar upplýsingar frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu um væntan hagnað sem felst í framtíðariðgjöldum eins og þau eru reiknuð út í samræmi við 2. mgr. 260. gr. þessarar reglugerðar fyrir hverja vátryggingagrein, niðurstöðu úr eigindlegu mati sem um getur í ii. undirlið d-liðar 1. mgr. 260. gr. og lýsingu á aðferðum og meginforsendum sem notaðar eru til að reikna út væntan hagnað sem felst í framtíðariðgjöldum.

7. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um áhættunæmi vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) lýsingu á viðeigandi álagsprófunum og sviðsmyndagreiningum sem um getur í 3. mgr. 259. gr., sem framkvæmdar hafa verið af félaginu auk niðurstaðna þeirra,

b) lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru og meginforsendunum sem undirliggjandi eru þessum álagsprófunum og sviðsmyndagreiningum.

8. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda upplýsingar um megindleg gögn sem nauðsynleg eru til að ákvarða fylgni milli áhættuþátta sem áhættueiningar eða undireiningar grunngjaldþolskröfunnar ná yfir.

9. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar aðrar veigamiklar upplýsingar um áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

310. gr.

Mat á gjaldþoli

1. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar veigamiklar upplýsingar, aðrar en þær sem þegar hafa verið birtar í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu vátrygginga- eða endurtryggingafélags varðandi mat á eignum þess, vátryggingaskuld og öðrum skuldbindingum vegna gjaldþols.

2. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda lýsingu á:

a) viðeigandi forsendum framtíðaraðgerða stjórnanda,

b) viðeigandi forsendum fyrir atferli vátryggingartaka.

3. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda upplýsingar um sviðin sem sett eru fram í 263. gr. þessarar reglugerðar til að fullnægja kröfum um gagnaskil vátrygginga- eða endurtryggingafélags í tengslum við mat á gjaldþoli.

4. Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélög verðleggja eignir eða skuldir út frá matsaðferðum sem þau nota við undirbúning reikningsskila í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar skulu þau tilkynna um eigindlegt og megindlegt mat á viðmiðunum sem sett eru fram í d-lið 4. mgr. 9. gr.

311. gr.

Eiginfjárstýring

1. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um gjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélags:

a) upplýsingar um veigamikla skilmála og skilyrði meginliðanna í gjaldþoli félagsins,

b) væntа þróun á gjaldþoli félags á rekstraráætlunartímabili miðað við starfsstefnu félagsins, og viðeigandi fjármagnsáætlanir sem taka mið af álagi og hvort fyrirhugað er að endurgreiða eða innkalla einhvern gjaldþolslið eða áætlanir eru um að afla viðbótargjaldþols.

c) áætlanir félagsins um hvernig skipta á um kjarnagjaldþolsliði sem falla undir umbreytingarfyrirkomulagið, sem um getur í 9. og 10. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, innan tímamarka sem um getur í þeirri grein.

2. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirtaldar upplýsingar um gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins:

a) megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfu félags skipt niður eftir áhættueiningum ef félag nota staðalregluna og eftir áhættuflokkum ef félagið notar eigið líkan,

b) væntа þróun á gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn félagsins á tímabili rekstraráætlunar miðað við starfsstefnu þess,

c) mat á gjaldþolskröfu félagsins sem ákvörðuð er í samræmi við staðalregluna, ef eftirlitsyfirvaldið krefur félagið um að veita það mat skv. 7. mgr. 112. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Ef eigið líkan er notað til að reikna út gjaldþolskröfu skal reglulega eftirlitsskýrslan einnig innihalda allar eftirtaldar upplýsingar:

a) niðurstöður mats á áhrifavalda rekstrarniðurstöðu, sem krafist er í 123. gr. tilskipunar 2009/138/EB, fyrir hverja stóra rekstrareiningu og hvernig flokkun áhættu sem valin er í eigin líkani útskýrir þessa áhrifavalda,

b) upplýsingar um hvort, og ef svo er, að hvaða marki áhættusnið félags víkur frá forsendunum sem liggja til grundvallar eigin líkani félagsins,

c) upplýsingar um framtíðaraðgerðir stjórnanda sem notaðar eru við útreikning á gjaldþolskröfu.

4. Ef eigin stikar vátryggingafélags eru notaðir til að reikna út gjaldþolskröfu eða aðlögun vegna samræmingar er beitt á viðkomandi áhættulausa vexti skal reglulega eftirlitsskýrslan innihalda upplýsingar um hvort breytingar hafi orðið á upplýsingum í umsókn fyrir samþykki á eigin stikum vátryggingafélags eða aðlögun vegna samræmingar sem skiptir máli fyrir mat eftirlitsyfirvaldsins á umsókninni.

5. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda upplýsingar um sérhverja raunhæfa fyrirsjáanlega áhættu á að kröfum um lágmarksfjármagn eða gjaldþolskröfu félags sé ekki fullnægt og um áætlanir félagsins til að tryggja það.

6. Reglubundna eftirlitsskýrslan skal innihalda allar aðrar veigavægar upplýsingar um eiginfjárstýringu vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. ÞÁTTUR

Frestir og samskiptaleiðir

312. gr.

Frestir

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu senda eftirlitsyfirvöldum:

a) reglubundna eftirlitsskýrslu, sem um getur í b-lið 1. mgr. 304. gr. þessarar reglugerðar, a.m.k. þriðja hvert ár innan frestsins sem settur er fram í 5. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB og, eftir lok umbreytingartímabilsins sem tilgreint er í þeirri grein, eigi síðar en 14 vikum eftir að fjárhagsári viðkomandi félags lýkur,

b) eftirlitsskýrslu um eigið áhættu- og gjaldþolsmat, sem um getur í c-lið 1. mgr. 304. gr., innan tveggja vikna eftir að mati er lokið,

c) árleg megindleg sniðmát, sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. þessarar reglugerðar, innan frestsins sem tilgreindur er í 5. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB og, eftir lok umbreytingartímabilsins sem tilgreint er í þeirri grein, eigi síðar en 14 vikum eftir að fjárhagsári viðkomandi félags lýkur,

d) ársfjórðungsleg megindleg sniðmát, sem um getur í d-lið 1. mgr. 304. gr. þessarar reglugerðar, innan frestsins sem tilgreindur er í 7. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB og, eftir lok umbreytingartímabilsins sem tilgreint er í þeirri grein, eigi síðar en fimm vikum eftir að hverjum ársfjórðungi lýkur.

2. Eftirlitsyfirvöld geta krafið vátrygginga- eða endurtryggingafélag um að leggja fram reglubundna eftirlitsskýrslu við lok hvers fjárhagsárs félagsins, með fyrirvara um fresti sem tilgreindir eru í a-lið 1. mgr.

3. Ef ekki er gerð krafa um að senda reglubundna eftirlitsskýrslu vegna viðkomandi fjárhagsárs skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög engu að síður senda eftirlitsyfirvaldi sínu skýrslu þar sem fram koma allar veigamiklar breytingar sem hafa orðið á rekstri og afkomu félagsins, stjórnkerfi, áhættusniði, mati á gjaldþoli og eiginfjárstýringu á því tiltekna fjárhagsári, og hafa gagnorða útskýringu á ástæðum og áhrifum slíkra breytinga. Sú skýrsla skal lögð fram innan frestsins sem settur er fram í a-lið 1. mgr.

313. gr.

Samskiptaleiðir

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu veita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 312. gr., á rafrænu formi.

314. gr.

Kröfur um upplýsingar á umbreytingartímabili

1. Auk kröfu um eftirlitsskýrslu í þessum kafla, að því er varðar fyrsta árið eftir gildistöku tilskipunar 2009/138/EB, eins og um getur í 3. mgr. 311. gr. þeirrar tilskipunar, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög senda eftirlitsyfirvöldum eftirtaldar megindlegar og eigindlegar upplýsingar:

a) upphafsmat eigna og skulda tekið saman í samræmi við matsreglurnar sem settar eru fram í 75. – 86. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Viðmiðunardagsetning upphafsdags reikningsskila skal vera fyrsti dagur fjárhagsárs vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins sem byrjar á eða eftir 1. janúar 2016, en fyrir 1. júlí 2016,

b) eigindlega skýringu á meginmismun talna sem koma fram í upphafsmati, eins og tilgreint er í a-lið, og þeirra sem reiknaðar eru út samkvæmt þágildandi gjaldþolsreglu, aðskilið fyrir hvern veigamikinn eigna- og skuldaflokk,

c) kröfu um lágmarksfjármagn, gjaldþolskröfu og hæft gjaldþol félagsins frá og með dagsetningu upphafsreikningsskila sem um getur í a-lið.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu senda eftirlitsyfirvaldi upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 20 vikum eftir viðmiðunardagsetningu upphafsreikningsskila, eins og um getur í a-lið 1. mgr.

XIV. KAFLI

GAGNSÆI OG ÁBYRGÐ EFTIRLITSYFIRVALDA

315. gr.

Trúnaðarupplýsingar

Eftirlitsyfirvöldum er ekki heimilt að birta trúnaðarupplýsingar sem þau gætu fengið við skyldustörf sín nema þær séu í samantekt eða á samandregnu formi þannig að ekki sé hægt að greina einstök félög eða samstæður.

316. gr.

Samantekin töluleg gögn

1. Samandregin töluleg gögn sem birta á um lykilþætti vegna beitingar varfærnisreglna skulu innihalda upplýsingar sem tilgreindar eru í XXI. viðauka.

2. Frá og með 31. desember 2020 skal birta gögn fjögurra undangenginna ára. Í tengslum við birtingu fyrir 31. desember 2018 skal birtingin ná yfir gögn allra undangenginna ára frá og með 1. janúar 2016.

317. gr.

Aðferðir við birtingu upplýsinga

1. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu birtar og vera aðgengilegar á vefsetri eftirlitsyfirvaldsins á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis og skulu einnig birtar á tungumáli sem venja er að nota innan alþjóðafjármálageirans.

2. Uppfæra skal upplýsingarnar a.m.k. árlega. Ef breytingar verða á lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og almennum leiðbeiningum á sviði vátrygginga- og endurtryggingareglugerða skulu uppfærðar upplýsingar veittar eigi síðar en þegar breytingarnar koma til framkvæmda.

3. Árleg samantekin töluleg gögn vegna eftirlitsskyldra félaga og samstæðna í samræmi við 316. gr., skulu birt, að því er varðar hvert almanaksár, innan þriggja mánaða eftir dagsetninguna sem félög, sem eru með lok fjárhagsárs 31. desember, eiga skv. b-lið 1. mgr. 312. gr. að leggja fram árleg megindleg sniðmát. Upplýsingar um eftirlitsyfirvöld skulu gerðar aðgengilegar innan fjögurra mánaða eftir 31. desember hvers almanaksárs.

4. Fyrsta árið sem birta á upplýsingar á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis skal vera almanaksárið sem hefst á eða eftir 1. janúar 2016 og upplýsingarnar skulu birtar eigi síðar en 3 mánuðum eftir að árið hefst. Í tengslum við fyrsta árið skulu upplýsingarnar birtar á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum og eigi síðar en 12 mánuðum eftir dagsetninguna sem upplýsingarnar eru birtar á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis.

XV. KAFLI

FÉLÖG MEÐ SÉRSTAKAN TILGANG

1. ÞÁTTUR

Starfsleyfi

318. gr.

Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang frá eftirlitsyfirvaldi aðildarríkis á yfirráðasvæðinu þar sem félag með sérstakan tilgang kemur á fót höfuðstöðvum sínum skal vera með fyrirvara um öll eftirtalin skilyrði:

a) félag með sérstakan tilgang yfirtekur áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í gegnum endurtryggingasamninga eða yfirtekur vátryggingaáhættu í gegnum svipað fyrirkomulag,

b) ef félag með sérstakan tilgang yfirtekur áhættu frá fleiri en einu vátrygginga- eða endurtryggingafélagi þá verður gjaldþol þess félags með sérstakan tilgang ekki fyrir neikvæðum áhrifum af slitameðferð neins þessara vátrygginga- eða endurtryggingafélaga,

c) samningsbundið fyrirkomulag sem varðar yfirfærslu á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til félagsins með sérstakan tilgang og fjárfesting félagsins með sérstakan tilgang í eignun uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 319.–321. gr.,

d) þeir sem í reynd stjórna félaginu með sérstakan tilgang uppfylla kröfurnar sem um getur í 322. gr.,

e) hluthafar eða aðilar með virkan eignarhlut í skilningi 21. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í félaginu með sérstakan tilgang uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 323. gr.,

f) félag með sérstakan tilgang er með skilvirkt stjórnkerfi og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 324. gr.,

g) félag með sérstakan tilgang er fært um að uppfylla kröfurnar sem um getur í 325. gr.,

h) félag með sérstakan tilgang uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 326. og 327. gr.

2. ÞÁTTUR

Lögboðin samningsskilyrði

319. gr.

Fjármagnað að fullu

Samningsbundið fyrirkomulag sem varðar yfirfærslu á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til félags með sérstakan tilgang skal tryggja að félag með sérstakan tilgang sé ávallt fjármagnað að fullu í samræmi við 326. gr.

320. gr.

Skilvirk yfirfærsla áhættu

1. Samningsbundna fyrirkomulagið sem varðar yfirfærslu á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til félags með sérstakan tilgang og frá félaginu með sérstakan tilgang til láns- eða fjármögnunarveitenda skal tryggja allt eftirfarandi:

a) að yfirfærsla áhættunnar sé skilvirk í öllum aðstæðum,

b) að umfang yfirfærslu áhættunnar sé skýrt skilgreint og óvefengjanlegt.

2. Yfirfærsla áhættunnar skal ekki álitin skilvirk í öllum aðstæðum ef tengd viðskipti eiga sér stað sem gætu grafið undan skilvirkri yfirfærslu áhættunnar.

321. gr.

Réttindi veitenda láns- eða fjármögnunarfyrirkomulags

Samningsbundið fyrirkomulag sem varðar yfirfærslu á áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til félags með sérstakan tilgang og frá félagi með sérstakan tilgang til lán- eða fjármögnunarveitenda skal tryggja allt eftirfarandi:

a) kröfur veitenda láns- eða fjármögnunarfyrirkomulags eru ávallt undirskipaðar endurtryggingarskuldbindingum félagsins með sérstakan tilgang vegna vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

b) engar greiðslur eiga sér stað til láns- eða fjármögnunarveitenda ef, í framhaldi af þessum greiðslum, félag með sérstakan tilgang er ekki lengur fjármagnað að fullu,

c) lán- eða fjármögnunarveitendur félags með sérstakan tilgang eiga ekki endurkröfurétt á eignir vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

d) lán- eða fjármögnunarveitendur félags með sérstakan tilgang hafa ekki rétt til að sækja um slitameðferð á félaginu með sérstakan tilgang.

3. ÞÁTTUR

Stjórnkerfi

322. gr.

Kröfur um hæfi og hæfni einstaklinga sem í reynd stjórna félagi með sérstakan tilgang

1. Allir einstaklingar sem í reynd stjórna félagi með sérstakan tilgang skulu ávallt uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Félög með sérstakan tilgang skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum um þá einstaklinga sem í reynd stjórna félaginu með sérstakan tilgang og sýna eftirlitsyfirvöldum fram á að þessir einstaklingar uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Félög með sérstakan tilgang skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum um sérhverja breytingu varðandi þá sem í reynd stjórna félaginu með sérstakan tilgang og veita eftirlitsyfirvöldunum allar upplýsingar sem þörf er á til að meta hvort nýir einstaklingar sem tilnefndir eru til að stjórna félaginu með sérstakan tilgang fullnægi kröfum um hæfi og hæfni skv. 1. mgr. 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

4. Félög með sérstakan tilgang skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldunum ef einhverjum þeirra sem í reynd stjórna félaginu með sérstakan tilgang hefur verið skipt út vegna þess hann uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

323. gr.

Kröfur um hæfi og hæfni hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut

1. Mat á því hvort hluthafar eða aðilar með virkan eignarhlut, í skilningi 21. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í félagi með sérstakan tilgang fullnægi kröfum um hæfi og hæfni skal taka tillit til allra eftirfarandi viðmiðana:

a) orðspors og heilinda hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang,

b) fjárhagslegs heilbrigðis hluthafa eða aðila með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang,

c) áhrifanna sem hluthafi eða aðili með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang hefur á félagið með sérstakan tilgang,

d) hvort gildar ástæður eru til að ætla að, í tengslum við virkan eignarhlut hluthafans eða aðilans með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang, peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([1]), eigi eða hafi átt sér stað eða hafi verið reynd eða hvort virki eignarhluturinn gæti aukið hættuna á því.

2. Félög með sérstakan tilgang skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum um þá einstaklinga sem eru hluthafar eða aðilar með virkan eignarhlut í félagi með sérstakan tilgang.

324. gr.

Traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu

1. Félög með sérstakan tilgang skulu hafa skilvirkt stjórnkerfi sem kveður á um trausta og varfærna stjórnun félags með sérstakan tilgang og sem er viðeigandi fyrir eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sem það yfirtekur og fyrir þá notkun sem starfsleyfið heimilar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

2. Stjórnkerfi félags með sérstakan tilgang skal samanstanda af öllu eftirfarandi:

a) skriflegum stefnum í tengslum við a.m.k. áhættustýringu, innra eftirlit, stjórnunar- og bókhaldsaðferðir og, ef við á, útvistun. Skriflegu stefnurnar skulu samanstanda af stefnum sem varða þau svið sem sett eru fram í a- til f-lið 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB, að því marki að þær séu viðeigandi að teknu tilliti til notkunar félags með sérstakan tilgang,

b) skilvirku innra eftirliti til að tryggja að lögboðnu samningsskilyrðin í 2. þætti og kröfurnar í 5. þætti séu uppfylltar á áframhaldandi grundvelli,

c) skilvirku áhættustýringarkerfi sem nær yfir ferla og verklagsreglur við gagnaskil sem nauðsynleg eru til að greina, mæla, vakta, stjórna og tilkynna á áframhaldandi grundvelli, áhættuna sem félagið með sérstakan tilgang gæti verið útsett fyrir.

3. Félag með sérstakan tilgang skal tryggja að stefnurnar sem um getur í a-lið 2. mgr. séu framkvæmdar á skilvirkan hátt.

4. ÞÁTTUR

Gagnaskil til eftirlitsyfirvalda

325. gr.

Gagnaskil til eftirlitsyfirvalda

1. Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkinu þar sem félag með sérstakan tilgang er með staðfestu geta óskað eftir tilteknum upplýsingum frá félaginu með sérstakan tilgang sem nauðsynlegar eru til að hafa eftirlit með félagi með sérstakan tilgang.

2. Félag með sérstakan tilgang skal tilkynna allar eftirfarandi upplýsingar til eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem félagið með sérstakan tilgang er með staðfestu:

a) virði á eignum félags með sérstakan tilgang, verðmetnum í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðgreindum eftir mikilvægum flokkum og lýsingu á grundvelli, aðferðum og forsendum sem notuð eru fyrir mat þeirra,

b) samantekið hámarksáhættustig félagsins með sérstakan tilgang og lýsingu á grundvelli, aðferðum og forsendum sem notuð eru til að ákvarða samantekna hámarksáhættustigið,

c) hagsmunaárekstra milli félags með sérstakan tilgang, vátrygginga- eða endurtryggingafélaganna og láns- eða fjármögnunarveitenda,

d) umtalsverð viðskipti sem félag með sérstakan tilgang tók þátt í á síðasta reikningstímabili.

3. Félög með sérstakan tilgang skulu leggja fram skýrsluna sem um getur í 2. mgr. a.m.k. árlega.

4. Félög með sérstakan tilgang skulu leggja fram skýrsluna sem um getur í 2. mgr.:

a) eigi síðar en 20 vikum eftir lok fjárhagsárs félagsins með sérstakan tilgang fyrir fjárhagsárið sem lýkur á eða eftir 30. júní 2016, en fyrir 1. janúar 2017,

b) eigi síðar en 18 vikum eftir lok fjárhagsárs félags með sérstakan tilgang fyrir fjárhagsárið sem lýkur á eða eftir 1. janúar 2017, en fyrir 1. janúar 2018,

c) eigi síðar en 16 vikum eftir lok fjárhagsárs félagsins með sérstakan tilgang fyrir fjárhagsárið sem lýkur á eða eftir 1. janúar 2018, en fyrir 1. janúar 2019,

d) eigi síðar en 14 vikum eftir lok fjárhagsárs félagsins með sérstakan tilgang fyrir fjárhagsár sem lýkur á eða eftir 1. janúar 2019.

5. Félög með sérstakan tilgang skulu samstundis upplýsa eftirlitsyfirvöld í aðildarríkinu þar sem félagið með sérstakan tilgang er með staðfestu um allar breytingar sem gætu haft áhrif á reglufylgni félagsins með sérstakan tilgang við 318.–324. gr. og 326. gr.

5. ÞÁTTUR

Gjaldþolskröfur

326. gr.

Gjaldþolskröfur

1. Til að vera talin fjármögnuð að fullu skulu félög með sérstakan tilgang uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) eignir félags með sérstakan tilgang eru verðmetnar í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) félag með sérstakan tilgang á ávallt eignir að verðgildi sem er jafnt eða hærra en samantekna hámarksáhættustigið og félag með sérstakan tilgang getur greitt fjárhæðirnar sem það er ábyrgt fyrir þegar þær falla í gjalddaga,

c) ágóðinn af skuldabréfaútgáfunni eða öðru fjármögnunarkerfi er innborgaður að fullu.

2. Mat eftirlitsyfirvaldanna á hvort félagið með sérstakan tilgang eigi ávallt eignir með verðgildi sem er jafnt eða hærra en samantekna hámarksáhættustigið og félag með sérstakan tilgang geti greitt fjárhæðirnar sem það er ábyrgt fyrir þegar þær falla í gjalddaga skal taka tillit til alls eftirfarandi:

a) lausafjáráhættu félagsins með sérstakan tilgang,

b) mælanlegrar áhættu félagsins með sérstakan tilgang,

c) fyrirkomulags við vörslu eigna í félaginu með sérstakan tilgang.

3. Félag með sérstakan tilgang skal sýna eftirlitsyfirvöldum fram á í skýrslunni, sem um getur í 2. mgr. 325. gr. og að beiðni eftirlitsyfirvalda, að það fullnægi kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. og skila skýrslu um a- og b-lið 2. mgr.

4. Greiðslur sem varða núverandi vátrygginga- og endurtryggingasamninga, sem gert er ráð fyrir að félag með sérstakan tilgang taki við í framtíðinni frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem hefur yfirfært áhættu til félags með sérstakan tilgang, mega vera innifaldar í eignum félags með sérstakan tilgang, að því tilskildu að öllum eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

a) framtíðarskuldir félagsins með sérstakan tilgang vegna lán- eða fjármögnunarveitenda myndast eingöngu í tengslum við móttöku greiðslna frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem hefur yfirfært áhættu til félags með sérstakan tilgang,

b) engin sviðsmynd sýnir að kjarnagjaldþol vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem hefur yfirfært áhættur til félagsins með sérstakan tilgang, muni verða fyrir neikvæðum áhrifum af að félag með sérstakan tilgang taki ekki á móti greiðslunni,

c) félag með sérstakan tilgang heldur áfram að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þótt það taki ekki á móti greiðslunum frá vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem hefur yfirfært áhættu til félags með sérstakan tilgang,

d) greiðslurnar eiga ekki við um útgjöld sem eru undanskilin samantekna hámarksáhættustiginu eins og skilgreint er í 42. mgr. 1. gr.

327. gr.

Gjaldþolskröfur á fjárfestingar

Félög með sérstakan tilgang skulu fjárfesta allar eignir sínar í samræmi við allar eftirfarandi kröfur:

a) að því er varðar allt eignasafnið skulu félög með sérstakan tilgang eingöngu fjárfesta í eignum og gerningum með áhættu sem félag með sérstakan tilgang getur á tilhlýðilegan hátt greint, mælt, vaktað, stjórnað, stýrt og tilkynnt,

b) fjárfesta skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi eignasafnsins í heild sé tryggð. Auk þess skal staðsetning þessara eigna vera slík að tryggt sé að þær séu aðgengilegar,

c) fjárfesta skal í eignum með þeim hætti sem viðeigandi er eðli og líftíma skulda félagsins með sérstakan tilgang. Fjárfesta skal í öllum eignum með hagsmuni vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem yfirfæra áhættu til félags með sérstakan tilgang að leiðarljósi,

d) notkun afleiðugerninga skal vera möguleg að því leyti sem þeir geta dregið úr áhættum eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafns,

e) fjárfestingum og eignum, sem ekki eru teknar til viðskipta á skipulegum fjármálamarkaði, skal haldið innan varfærnismarka,

f) eignir skulu fjölþættar á tilhlýðilegan hátt þannig að komast megi hjá að treyst sé óþarflega mikið á einhverja tiltekna eign, útgefanda eða hóp félaga eða landsvæði og óhóflegri uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild,

g) fjárfestingar í eignum sem gefnar eru út af sama útgefanda, eða útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki útsetja félagið sem sérstakan tilgang fyrir óhóflegri áhættusamþjöppun.

II. BÁLKUR

VÁTRYGGINGASAMSTÆÐUR

1. KAFLI

ÚTREIKNINGUR GJALDÞOLS Á SAMSTÆÐUSTIGI

1. ÞÁTTUR

Gjaldþolsstaða samstæðu: val á reikniaðferð og almennar grundvallarreglur

328. gr.

Val á aðferð

1. Við mat á því hvort einhliða beiting á aðferð 1 sé ekki viðeigandi, og þannig heimila útreikning á gjaldþolsstöðu samstæðunnar í samræmi við aðferð 2 eða með samsetningu af aðferðum 1 og 2 sem mælt er fyrir um í 230.–233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal eftirlitsaðili samstæðunnar, í samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, taka til athugunar alla eftirfarandi þætti:

a) hvort magn og gæði upplýsinga sem tiltækar eru í tengslum við tengt félag væri ekki nægjanlegt til að það falli undir aðferð 1,

b) hvort eigið samstæðulíkan nái ekki yfir tengt félag í þeim tilvikum þegar eigið samstæðulíkan, samþykkt í samræmi við 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notað fyrir útreikninginn á samstæðugjaldþolskröfunni,

c) hvort, að því er varðar b-lið, áhættan sem eigið samstæðulíkan nær ekki yfir séu óveruleg í tengslum við heildaráhættusnið samstæðunnar,

d) hvort notkunin á aðferð 1 í tengslum við tengt félag eða nokkur tengd félög væri óhóflega íþyngjandi og eðli, umfang og flækjustig áhættunnar sé slík að notkunin á aðferð 2 í tengslum við það tengda félag eða þau tengdu félög hafi ekki veruleg áhrif á niðurstöður útreikningsins á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

e) hvort viðskipti innan samstæðu séu ekki umtalsverð bæði með tilliti til umfangs og virðis viðskiptanna,

f) ef samstæðan inniheldur tengd vátrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, hvort framseldar gerðir hafi verið samþykktar skv. 4. eða 5. mgr. 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem ákvarða að gjaldþolsreglurnar í þessum þriðju löndum séu jafngildar eða tímabundið jafngildar.

2. Aðferðin eða samsetning aðferðanna sem valdar eru skal beitt með samræmdum hætti yfir lengri tíma. Samstæðueftirlitsaðili skal krefja hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi um að taka aðferða 1 aftur upp í tengslum við sérhvert tengt félag ef notkunin á aðferð 2 eða samblandi af aðferðum 1 og 2 er ekki lengur réttlætanleg að teknu tilliti til þáttanna sem um getur í 1. mgr.

329. gr.

Meðhöndlun á sértækum tengdum félögum

1. Með fyrirvara um 328. gr., og nema bókfærða virðið á viðkomandi tengdu félagi hafi verið dregið frá gjaldþolinu sem hæft er fyrir gjaldþolsstöðu samstæðunnar samkvæmt 229. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal útreikningur á gjaldþolsstöðu samstæðu innihalda allt eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfur fyrir tengd félög sem eru lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki eða fjármálastofnanir og gjaldþolsliði þessara félaga, reiknaða út í samræmi við viðkomandi reglur um sérsvið sem um getur í 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

b) gjaldþolskröfur fyrir tengd félög sem eru stofnanir um starfstengdan lífeyri og gjaldþolsliði þessara félaga, reiknaða út í samræmi við 17.–17. gr. c tilskipunar 2003/41/EB,

c) gjaldþolskröfur fyrir tengd félög sem eru rekstrarfélög verðbréfasjóða, reiknaðar út í samræmi við a-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2009/65/EB og gjaldþol þessara félaga, reiknað út í samræmi við 1. lið 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar,

d) gjaldþolskröfur fyrir tengd félög sem eru rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, reiknaðar út í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og gjaldþol þessara félaga, reiknað út í samræmi við ad-lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar,

e) ígildi gjaldþolskrafna og gjaldþolsliðir tengdra félaga, sem eru óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi, þegar ígildi gjaldþolskröfunnar er gjaldþolskrafan sem tengda félagið yrði að hlíta samkvæmt viðkomandi reglum um sérsvið ef félagið væri eftirlitsskyldur aðili.

2. Við beitingu ákvæðanna sem sett eru fram í 235. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þegar móðurfélag eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur gefið út víkjandi lán eða hefur annað hæft gjaldþol sem fellur undir takmörkunina sem sett er fram í 98. gr. þeirrar tilskipunar, skal 2. mgr. 226. gr. þeirrar tilskipunar gilda.

3. Félög með sérstakan tilgang, eins og skilgreint er í 26. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem hluteignarfélagiðið eða eitt af dótturfélögum þess hefur yfirfært áhættu til, skal vera undanskilið útreikningi á gjaldþolsstöðu samstæðunnar í öllum eftirfarandi aðstæðum:

a) félag með sérstakan tilgang fer að kröfunum sem settar eru fram í 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða eftir atvikum, lögum aðildarríkisins í samræmi við 3. mgr. 211. gr. þeirrar tilskipunar,

b) félag með sérstakan tilgang heyrir undir eftirlitsyfirvald þriðja lands og fer að kröfum sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Að því er varðar þessa málsgrein skal 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB gilda á stigi samstæðunnar.

330. gr.

Tiltækileiki á hæfu gjaldþoli tengdra félaga á samstæðustigi

1. Þegar eftirlitsyfirvöld meta hvort ákveðið gjaldþol sem hæft er til að ná yfir gjaldþolskröfu tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sé í reynd ekki tiltækt til að mæta samstæðugjaldþolskröfu skulu þau taka til athugunar alla eftirfarandi þætti:

a) hvort gjaldþolsliðurinn falli undir laga- eða reglugerðakröfur sem takmarka getu þess liðar til að mæta hvers konar tapi hvar sem það verður í samstæðunni,

b) hvort laga- eða reglugerðakröfur takmarki framsalshæfi eigna til annars vátrygginga- eða endurtryggingafélags,

c) hvort það að gera þetta gjaldþol aðgengilegt til að ná yfir samstæðugjaldþolskröfuna væri ekki mögulegt innan 9 mánaða að hámarki,

d) þegar aðferð 2 er notuð, hvort gjaldþolsliðurinn uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 71., 73. og 77. gr. Í þessum tilgangi skal hugtakið „gjaldþolskrafa“ í þeim greinum ná bæði yfir gjaldþolskröfu tengda félagsins sem gefið hefur út gjaldþolsliðinn og samstæðugjaldþolskröfuna.

2. Í matinu sem um getur í fyrstu málsgrein skulu eftirlitsyfirvöld taka til athugunar takmarkanirnar sem væru til staðar á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Í matinu sem um getur í fyrstu málsgrein skulu eftirlitsyfirvöld einnig taka tillit til alls kostnaðar sem líklegt er að slíkt gjaldþol sem gert er tiltækt muni hafa í för með sér fyrir hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi, eða sérhvert tengt félag.

3. Eftirfarandi liðir teljast ekki vera tiltækir í reynd til að mæta samstæðugjaldþolskröfu:

a) stuðningsgjaldþol,

b) forgangshlutir, víkjandi gagnkvæmir reikningar félagsaðila og víkjandi skuldir,

c) fjárhæð sem er jöfn virðinu á hreinum frestuðum skattinneignum. Í þessum tilgangi má lækka frestaða skattinneign með fjárhæðinni á tengdri frestaðri skattskuldbindingu, að því tilskildu að þessar frestuðu skattinneignir og tengdu frestuðu skattskuldbindingar stafi báðar frá skattalögum eins aðildarríkis eða þriðja lands og skattayfirvöld þess aðildarríkis eða þriðja lands leyfi slíka samjöfnun.

Ef hluteignarfélagið getur sýnt eftirlitsyfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að forsendurnar sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir einn af liðunum sé óviðeigandi, vegna sérstakra aðstæðna samstæðunnar, getur hluteignarfélagið tekið þann lið með í gjaldþolinu sem tiltækt er til að mæta samstæðugjaldþolskröfu.

4. Eftirfarandi liðir skulu í öllum tilvikum ekki teljast tiltækir í reynd til að mæta samstæðugjaldþolskröfu:

a) hlutdeild minnihluta í dótturfélagi sem fer upp fyrir framlag þess dótturfélags til samstæðugjaldþolskröfunnar, þegar dótturfélagið er vátrygginga- eða endurtryggingafélag, vátrygginga- eða endurtryggingarfélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi,

b) hlutdeild minnihluta í félagi í hliðarstarfsemi sem er dótturfélag,

c) sérhverjir takmarkaðir gjaldþolsliðir í sjóðum sem haldið er aðgreindum eins og um getur í b-lið 99. gr. tilskipunar 2009/138/EB og í 80. gr. þessarar reglugerðar.

5. Ef gjaldþolsliður tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags, vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi er ekki í reynd tiltækur til að mæta samstæðugjaldþolskröfu, getur þessi gjaldþolsliður einungis verið tekin með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar upp að framlagi þess tengda vátrygginga- eða endurtryggingafélags, vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi til samstæðugjaldþolskröfunnar.

6. Ef tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag, vátrygginga- eða endurtryggingarfélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er tekið með í samstæðugögnum skv. a- eða c-lið 1. mgr. 335. gr., skal framlag þess til samstæðugjaldþolskröfu endurspegla ávinninginn af fjölþættingu og vera reiknað út á eftirfarandi hátt:

a) ef gjaldþolskrafa samstæðu er reiknuð út, í tengslum við það tengda félag, á grundvelli staðalreglunnar, er hlutfallslegur eignarhluti þess tengda félags af gjaldþolskröfunni margfaldaður með prósentu, sem svarar til hlutfallsins sem fjölþættingarþáttur gjaldþolskröfu samstæðunnar, eins og mælt er fyrir um í a-lið 336. gr., ber í samtölu gjaldþolskrafna fyrir hvert og eitt af félögunum sem tekin eru með í útreikningi á þeim fjölþættingarþætti gjaldþolskröfu samstæðunnar,

b) ef gjaldþolskrafa samstæðunnar er reiknuð út, í tengslum við það tengda félag, á grundvelli eigin líkans, er gjaldþolskrafa þess tengda félags margfölduð með prósentu sem svarar til hlutfalls fjölþættingaráhrifa á samstæðustigi sem eignuð eru því tengda félagi, ákvörðuðu með því eigin líkani, að því tilskildu að samtala slíkra prósenta fyrir öll tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem tekin eru með í samstæðuútreikninginn sem byggir á eigin líkani, sé jöfn 100%.

2. ÞÁTTUR

Gjaldþolsstaða samstæðu: reikniaðferðir

331. gr.

Flokkun gjaldþolsliða tengdra vátrygginga- og endurtryggingafélaga á samstæðustigi

1. Ef gjaldþolsliður hefur verið flokkaður í einn af þáttunum (e. *tiers*) þremur á grundvelli viðmiðunarinnar sem sett er fram í 2. þætti, IV. kafla, I. bálks af tengdu vátrygginga- eða endurtryggingafélagi sem er tekið með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar, skal flokka gjaldþolsliðinn í sama þátt á samstæðustigi að því tilskildu að allar eftirfarandi viðbótarkröfur séu uppfylltar:

a) félögin uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar,

b) gjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem þegar tekin eru til athugunar með gjaldþolsliðnum, gætu leitt til þess að sá gjaldþolsliður uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB á samstæðustigi.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr.:

a) skal hugtakið „gjaldþolskrafa“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar merkja bæði gjaldþolskröfu tengda félagsins sem gefið hefur út gjaldþolsliðinn og gjaldþolskröfu samstæðunnar,

b) skal hugtakið „krafa um lágmarksfjármagn“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar merkja bæði kröfu um lágmarksfjármagn félagsins sem gefið hefur út gjaldþolsliðinn og eina af eftirfarandi lágmarksfjárhæðum:

i. ef aðferð 1 er notuð, lágmarksfjárhæðina fyrir gjaldþolskröfu samstæðunnar eins og hún er reiknuð út í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

ii. ef samsetning af aðferðum 1 og 2 er notað, lágmarksfjárhæðina sem ákvörðuð er í samræmi við 341. gr. þessarar reglugerðar.

3. Að því er varðar þessa grein, skal hugtakið „vátrygginga- eða endurtryggingafélag“ í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki merkja bæði hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði og vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem tilheyrir samstæðunni sem hefur gefið út gjaldþolsliðinn.

4. Þrátt fyrir 1. mgr., ef tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur fært inn í þátt 2 gjaldþolslið sem væri hæfur til að færa inn í þátt 1 í samræmi við j-lið 1. mgr. 73. gr., skal sú flokkun ekki banna flokkunina á sama gjaldþolslið í þátt 1 á samstæðustigi, að því tilskildu að farið sé að takmörkuninni sem sett er fram í 3. mgr. 82. gr. á samstæðustigi.

332. gr.

Flokkun gjaldþolsliða tengdra vátrygginga- og endurtryggingafélaga í þriðja landi á samstæðustigi

1. Ef gjaldþolsliður hefur verið gefin út af tengdu vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í þriðja landi, skal hluteignarfélagið flokka gjaldþolsliðinn með því að nota viðmiðanirnar fyrir flokkun sem settar eru fram í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki, að því tilskildu að allar eftirfarandi viðbótarkröfur séu uppfylltar:

a) félögin uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar,

b) gjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem þegar tekin eru til athugunar með gjaldþolsliðnum, gætu leitt til þess að sá gjaldþolsliður uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB á samstæðustigi.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr.:

a) skal hugtakið „gjaldþolskrafa“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar merkja gjaldþolskröfu samstæðunnar,

b) skal hugtakið „krafa um lágmarksfjármagn“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar merkja bæði gjaldþolskröfu félagsins, eins og hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald í þriðja landi mælir fyrir um, sem gefið hefur út gjaldþolsliðinn og eina af eftirfarandi lágmarksfjárhæðum:

i. ef aðferð 1 er notuð, lágmarksfjárhæðina fyrir gjaldþolskröfu samstæðunnar eins og hún er reiknuð út í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

ii. ef samsetning af aðferðum 1 og 2 er notað, lágmarksfjárhæðina sem ákvörðuð er í samræmi við 341. gr. þessarar reglugerðar.

333. gr.

Flokkun gjaldþolsliða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, og félaga í hliðarstarfsemi sem eru dótturfélög á samstæðustigi

1. Ef gjaldþolsliður hefur verið gefin út af eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði, eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni eða félagi í hliðarstarfsemi sem er dótturfélag, skal hluteignarfélagið flokka gjaldþolsliðinn með því að nota viðmiðanirnar fyrir flokkun sem settar eru fram í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) félögin uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar,

b) gjaldþolsliðurinn er laus undan kvöð og ekki tengdur neinum öðrum viðskiptum, sem þegar tekin eru til athugunar með gjaldþolsliðnum, gætu leitt til þess að sá gjaldþolsliður uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 94. gr. tilskipunar 2009/138/EB á samstæðustigi.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr.:

a) skal hugtakið „gjaldþolskrafa“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar merkja gjaldþolskröfu samstæðunnar,

b) nær hugtakið „krafa um lágmarksfjármagn“ í 71., 73. og 77. gr. þessarar reglugerðar bæði yfir það þegar kröfu um viðeigandi lágmarksfjármagn sem um getur í b-lið 2. mgr. 331. gr. er ekki fullnægt og ógjaldfærni eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði, eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni, blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi, blandaða eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni eða félagsins í hliðarstarfsemi sem er dótturfélag.

3. Að því er varðar þessa grein, skal „vátrygginga- eða endurtryggingafélag“ í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki merkja eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu annars félags í samstæðunni eða félag í hliðarstarfsemi sem er dótturfélag.

334. gr.

Flokkun gjaldþolsliða annarra tengdra félaga

1. Gjaldþolsliðir tengdra félaga sem um getur í f-lið 1. mgr. 335. gr. skulu taldir hluti af afstemmingarvarasjóðnum á samstæðustigi.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., þegar mögulegt er og ef gjaldþolsliðirnir sem um getur 1. mgr. hafa veruleg áhrif á samstæðugjaldþol eða gjaldþolsstöðu samstæðu, skal hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi flokka þessa gjaldþolsliði í einn af þrem þáttunum (e. *tiers*) á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 2. þætti, IV. kafla, I. bálki.

335. gr.

Aðferð 1: ákvörðun samstæðugagna

1. Samstæðugögn fyrir útreikning á gjaldþolsstöðu samstæðu samkvæmt aðferð 1 skulu samanstanda af öllu eftirfarandi:

a) samsteyptum gögnum allra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga, vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í þriðja landi, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og félaga í hliðarstarfsemi sem eru dótturfélög móðurfélagsins,

b) samsteyptum gögnum félaga með sérstakan tilgang sem hluteignarfélagið eða eitt af dótturfélögum þess hefur yfirfært áhættu til og sem ekki eru undanskilin útreikningi á gjaldþolsstöðu samstæðunnar skv. 3. mgr. 329. gr.,

c) hlutfallslegum samsteyptum gögnum vátrygginga- eða endurtryggingafélaga, vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í þriðja landi, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og félaga í hliðarstarfsemi sem stjórnað er af félagi sem um getur í a-lið ásamt einu eða fleiri félögum sem ekki eru talin með í a-lið, þegar ábyrgð þessara félaga er takmörkuð við hlutdeild í fjármagninu sem þau eiga,

d) á grundvelli leiðréttra hlutdeildaraðferðar í samræmi við 3. mgr. 13. gr., gögnum um alla eignarhluti í tengdum vátrygginga- eða endurtryggingafélögum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum í þriðja landi, eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi sem ekki eru dótturfélög móðurfélagsins og sem falla ekki undir a- og c-lið,

e) hlutfallslegum eignarhluta af gjaldþoli félagsins, reiknuðu út samkvæmt viðeigandi reglum um sérsvið, eins og um getur í 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB, í tengslum við eignarhluti í tengdum félögum sem eru lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki og fjármálastofnanir, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða, stofnanir um starfstengdan lífeyri, óeftirlitsskyld félög sem leggja stund á fjármálastarfsemi,

f) í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar, gögnum um öll tengd félög, þ.m.t. félögum í hliðarstarfsemi, öðrum en þeim sem um getur í a–e-liðum.

2. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. skulu gögn um tengd félög sem tengjast með þeim hætti sem um getur í 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB vera tekin með í samræmi við a-, c-, d-, e- eða f-lið 1. mgr. á grundvelli ákvörðunar samstæðueftirlitsaðila um hlutfallslegan eignarhluta eins og um getur í a-lið 2. mgr. 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

3. Að því er varðar útreikning á gjaldþoli samstæðu, skulu gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr. vera að frádregnum viðskiptum innan samstæðu.

336. gr.

Aðferð 1: Útreikningur á gjaldþolskröfu samstæðu

Gjaldþolskrafa samstæðu skal reiknuð út sem samtalan af eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfu reiknaðri út á grundvelli samstæðugagna, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar, með því að fylgja reglunum sem mælt er fyrir um í 4. þætti, VI. kafla, I. bálki tilskipunar 2009/138/EB,

b) hlutfallslegum eignarhluta af gjaldþolskröfu fyrir hvert félag sem um getur í d-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar. Fyrir tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi sem ekki er dótturfélag skal gjaldþolskrafa reiknuð út eins og það félag hafi höfuðstöðvar sínar í Sambandinu,

c) fyrir félög sem um getur í e-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar, hlutfallslegum eignarhluta af gjaldþolskröfu fyrir lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnanir, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, rekstrarfélög verðbréfasjóða og stofnanir um starfstengdan lífeyri í skilningi tilskipunar 2003/41/EB, reiknaður út samkvæmt viðeigandi reglum um sérsvið og hlutfallslegum eignarhluta af ígildi gjaldþolskrafna óeftirlitsskyldra félaga sem leggja stund á fjármálastarfsemi,

d) fyrir félög sem um getur í f-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar, fjárhæðinni sem ákvörðuð er í samræmi við 13., 168.–171. og 188. gr. þessarar reglugerðar.

337. gr.

Aðferð 1: Ákvörðun gjaldmiðils hlutaðeigandi lands í þeim tilgangi að reikna út gjaldmiðilsáhættu

Ef gjaldþolskrafa samstæðu er reiknuð út, að fullu eða að hluta, á grundvelli staðalreglunnar, skal gjaldmiðill hlutaðeigandi lands sem um getur í 1. mgr. 188. gr. teljast vera gjaldmiðillinn sem notaður er fyrir undirbúning samstæðureikningsskilanna.

338. gr.

Aðferð 1: eigin stikar samstæðu

1. Með fyrirvara um samþykki samstæðueftirlitsaðila, getur gjaldþolskrafa samstæðu, innan ramma staðalreglunnar, verið reiknuð út með því að skipta út hlutmengi staðalstikanna sem mælt er fyrir um í 218. gr. með eigin stikum samstæðu („eigin stikar samstæðu“).

2. Gögn sem notuð eru til að reikna út eigin stika samstæðu skulu uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í 7. mgr. 104. gr. tilskipunar 2009/138/EB og 219. gr. þessarar reglugerðar.

3. Stöðluðu aðferðirnar sem notaðar eru til að reikna út eigin stika samstæðu eru aðferðirnar sem settar eru fram í 220. gr. þessarar reglugerðar.

4. Að því er varðar þessa grein, skal skilja sérhverja tilvísun í „eigin stika vátryggingafélags“ í 218., 219. og 220. gr. þessarar reglugerðar sem tilvísun til „eigin stika samstæðu“ og sérhver tilvísun til „vátrygginga- og endurtryggingafélaga“ skal skilin sem tilvísun til „hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi“ sem sækja um að nota eigin stika samstæðu.

339. gr.

Aðferð 1: besta mat

1. Samanlagt besta mat vátryggingaskuldar á grundvelli samstæðugagna skal vera jafnt samtölunni á eftirfarandi:

a) besta mati hluteignarfélagsins á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, reiknað út í samræmi við 75.–86. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) hlutfallslegum eignarhluta sem um getur í a-lið 1. mgr. 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB af besta mati, reiknuðum út í samræmi við 75.–86. gr. þeirrar tilskipunar, í tengdum vátrygginga- eða endurtryggingafélögum og vátrygginga- eða endurtryggingafélögum í þriðja landi sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu bestu möt fyrir hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði og hvert tengt vátrygginga- og endurtryggingafélag og vátrygginga- og endurtryggingafélög í þriðja landi vera án allra viðskipta innan samstæðu. Í tengslum við endurtryggingasamninga innan samstæðu, skal gera allar eftirfarandi leiðréttingar:

a) besta mat á félaginu sem yfirtekur áhættur skal ekki innihalda sjóðstreymi sem stafar af skuldbindingum í endurtrygginga-samningum innan samstæðu,

b) félag sem hefur afsalað sér áhættu skal ekki færa inn endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingasamningum innan samstæðu.

3. Að því er varðar 1. mgr., getur hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði takmarkað skjalahald og skrá yfir gögnin sem um getur í 265. gr., við gögnin sem notuð eru við útreikning á leiðréttingunum á besta mati sem um getur í 2. mgr.

340. gr.

Aðferð 1: áhættuálag

Samanlagt áhættuálag á vátryggingaskuld á grundvelli samstæðugagna skal vera jafnt samtölunni á eftirfarandi:

a) áhættuálagi hluteignarfélagsins á vátrygginga- eða endurtryggingasviði,

b) hlutfallslegum eignarhluta, sem um getur í a-lið 1. mgr. 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB, af áhættuálagi tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í þriðja landi sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. 335. gr. þessarar reglugerðar.

341. gr.

Samsetning aðferða 1 og 2: lágmarksgjaldþolskrafa samstæðu

Ef samstæðueftirlitsaðili ákveður í samræmi við 2. mgr. 220. gr. tilskipunar 2009/138/EB að beita samsetningu af aðferðum 1 og 2 á samstæðu skal gjaldþolskrafa samstæðu sem reiknuð er út fyrir hluta samstæðunnar sem aðferð 1 nær yfir hafa lágmark sem ákvarðað er í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í annarri undirgrein 2. mgr. 230. gr. þeirrar tilskipunar.

342. gr.

Aðferð 2: útilokun á fjármögnun innan samstæðu í tengslum við besta mat

1. Samantekið hæft gjaldþol samstæðu skal leiðrétt til að útiloka áhrifin af viðskiptum innan samstæðu þegar áhrifin af viðskiptum innan samstæðunnar hafa áhrif á bestu möt vátrygginga- og endurtryggingafélaganna þannig að fjárhæðin sem sett er fram í 2. mgr. er mismunandi eftir því hvort viðskiptin innan samstæðunnar eru felld niður í útreikningnum á þeirri fjárhæð eða ekki.

2. Fjárhæðin sem um getur í 1. mgr., skal vera samtalan á eftirfarandi:

a) besta mati fyrir hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, reiknað út í samræmi við 75.–86. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

b) hlutfallslegum eignarhluta sem um getur í b-lið 1. mgr. 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB af besta mati, reiknað út í samræmi við 75.–86. gr. þeirrar tilskipunar fyrir hvert tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag og tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi.

II. KAFLI

EIGIN LÍKÖN FYRIR ÚTREIKNING Á GJALDÞOLSKRÖFU SAMSTÆÐU

1. ÞÁTTUR

Alhliða líkön og hlutalíkön sem notuð eru til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu

343. gr.

Umsókn um að nota eigið líkan til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu

1. Umsókn um að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu með því að nota eigið líkan, í samræmi við 2. mgr. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lögð skriflega fyrir eftirlitsaðila samstæðu á opinberu tungumáli aðildarríkis samstæðueftirlitsaðila, eða á tungumáli sem samstæðueftirlitsaðili hefur gefið fyrirframsamþykki fyrir.

2. Að því er varðar þennan kafla, skal vísa til eftirlitsyfirvalda í öllum aðildarríkjunum þar sem höfuðstöðvar tengdra félaga sem falla undir gildissvið eigin líkans eru staðsettar sem „eftirlitsyfirvalda sem koma að mati á umsókn“.

3. Samstæðueftirlitsaðili skal án tafar upplýsa samstarfshóp eftirlitsaðila um móttöku umsóknar og einnig framsenda umsóknina til annarra eftirlitsyfirvalda sem koma að mati á umsókn.

4. Beiðni frá einu af eftirlitsyfirvöldunum sem koma að matinu á umsókn um að öll umsóknin eða hluti hennar sé látin í té á öðru tungumáli en því sem umsóknin til samstæðueftirlitsaðilans er á, skal fyrst beint til samstæðueftirlitsaðilans. Samstæðueftirlitsaðilinn skal, eftir samráð við önnur eftirlitsyfirvöld sem koma að matinu á umsókninni, óska eftir að umsóknin, eða viðkomandi hluti hennar, sé á tungumáli sem auðskiljanlegast er eftirlitsyfirvöldum sem koma að matinu.

5. Til viðbótar við skjölin og upplýsingarnar sem krafist er skv. 112. og 113. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal umsókn um að nota eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu innihalda öll eftirfarandi skjöl og upplýsingar:

a) varðandi gildissvið líkansins:

   i. skrá yfir tengd félög sem falla undir gildissvið eigin líkans fyrir útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu. Skráin skal fyrir hvert félag innihalda tilvísun til eftirlitsyfirvalds þess, vátryggingagreina sem bókfærðar eru af tengda vátrygginga- og endurtryggingafélaginu, aðferðina sem notuð er í þeim tilgangi að ákvarða samstæðugögn í samræmi við 335. gr. þessarar reglugerðar og hlutfallslegan eignarhluta sem beitt er í samræmi við 221. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   ii. lagalega og skipulagslega uppbyggingu samstæðunnar, með lýsingu á öllum dótturfélögum, mikilvægum tengdum félögum í skilningi 256. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og mikilvægum útibúum í skilningi 1. mgr. 354. gr. þessarar reglugerðar og upplýsingar um viðkomandi starfsemi og viðskipti innan samstæðunnar nema þessar upplýsingar hafi ekki breyst frá síðustu reglulegu gagnaskilum samstæðunnar til eftirlitsyfirvalda skv. 373. gr. þessarar reglugerðar,

   iii. eftir atvikum, skrá yfir tengd félög sem undanskilin eru gildissviði hlutalíkansins við útreikning á samstæðu-gjaldþolskröfu, ásamt útskýringu á ástæðunum fyrir undanþágu þeirra. Gefa skal lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru til að meta áhættur í þessum tengdu félögum sem undanskilin eru til að sýna fram á að undanþágan leiði ekki til vanmats á heildaráhættunni sem samstæðan er óvarin fyrir. Umsóknin skal sýna fram á að gjaldþolskrafa samstæðu sem reiknuð er út með því að nota samsetningu af eigin líkani og staðalreglu muni endurspegla heildaráhættusnið samstæðunnar á fullnægjandi hátt,

iv. fyrir hvert tengt félag sem fellur innan gildissviðs eigin líkans fyrir útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu, rökstuðning fyrir ástæðunum hvers vegna eigið líkan nær yfir tengt félag við útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu en er ekki notað til að reikna út gjaldþolskröfu þess tengda félags. Í þessum tilgangi og til að réttlæta að umsókn sé ekki lögð fram í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal umsóknin innihalda útskýringu á því hvernig eigið líkan sem notað er til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu er frábrugðið og virkar með eigin líkani sem notað er við útreikning á gjaldþolskröfu allra tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem áður hafði verið samþykkt af eftirlitsyfirvaldi þess. Hluteignarfélagið skal láta í té upplýsingar um allar framtíðarfyrirætlanir um að útvíkka notkun eigin líkans til að reikna út gjaldþolskröfu sérhvers tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags,

b) varðandi gjaldþolskröfur samstæðunnar:

i. mat á gjaldþolskröfu samstæðunnar sem reiknuð er út með eigin líkani og með staðalreglunni fyrir síðasta tímapunktinn á undan umsókninni þegar gjaldþolskrafa samstæðu var reiknuð út með staðalreglunni,

ii. fyrir hvert tengt félag, gjaldþolskrafa reiknuð út með staðalreglunni fyrir síðasta tímapunktinn á undan umsókninni,

iii. eftir atvikum, lögbundin gjaldþolskrafa fyrir tengd félög sem einnig eru eftirlitsskyld félög, önnur en vátrygginga- og endurtryggingafélög, sem falla undir gildissvið eigin líkans fyrir síðasta tímapunktinn á undan umsókninni þegar gjaldþolskrafa samstæðu var reiknuð út með staðalreglunni,

iv. útskýringu á mismuninum á samtölu gjaldþolskrafna allra tengdra vátrygginga- og endurtryggingafélaga samstæðunnar og gjaldþolskröfu samstæðunnar sem reiknuð er út með eigin líkani.

Ef umsókn er lögð fram áður en reikna verður út sérhverja gjaldþolskröfu, skal gjaldþolskrafan sem um getur í i., ii. og iii. lið reiknuð út fyrir tímapunkt á undan framlagningardegi umsóknarinnar.

344. gr.

Mat á umsókn fyrir notkun eigin líkans til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu

1. Samstæðueftirlitsaðili skal áður en endanleg ákvörðun er tekin, til að gera viðeigandi mat á umsókninni og, ef við á, krefja umsækjanda um að leggja fram umsókn skv. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, hafa samráð við eftirlitsyfirvöld sem koma að mati á umsókninni.

2. Við mat á umsókn skulu eftirlitsyfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðila, sem ekki eru eftirlitsyfirvöld sem koma að mati á umsókninni eins og um getur í 2. mgr. 343. gr., einnig vera heimilt að taka þátt í matinu á umsókninni. Þátttaka þeirra skal vera takmörkuð við að greina og koma í veg fyrir allar eftirfarandi aðstæður:

a) að útilokun hluta rekstrarins frá gildissviði eigin líkans leiði til verulegs vanmats á áhættu samstæðunnar,

b) að eigið líkan stangist á við eigið líkan sem áður var samþykkt eða er í samþykkingarferli hjá viðkomandi eftirlitsyfirvaldi, og notað er við útreikninginn á gjaldþolskröfu einhverra tengdu vátrygginga- eða endurtryggingafélaganna.

3. Mat á umsókn skal eftir atvikum innihalda mat á því hvort útskýringin sem veitt er í samræmi við iii. undirlið a-liðar 5. mgr. 343. gr., á ástæðunum fyrir útilokuninni á tengdum félögum frá eigin líkani við útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar, sé viðeigandi til að sýna fram á að heildaráhættan sem samstæðan er útsett fyrir sé ekki vanmetin með notkun á hlutalíkani.

4. Mat á umsókn skal innihalda úttekt á því hvort rökstuðningurinn sem gefin er í samræmi við iv. undirlið a-liðar 5. mgr. 343. gr., fyrir ástæðunum hvers vegna eigið líkan nær yfir tengt félag við útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu, en er ekki

notað til að reikna út gjaldþolskröfu þess tengda félags, sé viðeigandi til að réttlæta að umsókn sé ekki lögð fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

345. gr.

Ákvörðun um umsókn og umbreytingaráætlun til að rýmka gildissvið hlutalíkansins sem notað er til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu

1. Að höfðu samráði við önnur eftirlitsyfirvöld eins og sett er fram í 1. og 2. mgr. 344. gr., skal samstæðueftirlitsaðili taka sjálfstæða ákvörðun um umsóknina. Samstæðueftirlitsaðili skal láta hluteignarfélaginu og öðrum eftirlitsyfirvöldum sem koma að mati á umsókninni í té ákvörðun sína. Ákvörðunin skal vera skrifleg á opinberu tungumáli aðildarríkis samstæðu-eftirlitsaðila.

2. Ef eftirlitsyfirvöld sem koma að mati á umsókninni samanstanda af eftirlitsyfirvöldum frá fleiri en einu aðildarríki skal samstæðueftirlitsaðili, að höfðu samráði við önnur eftirlitsyfirvöld og við samstæðuna sjálfa, láta ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. í té á öðru tungumáli sem auðskiljanlegast er öðrum eftirlitsyfirvöldum sem koma að matinu.

3. Að höfðu samráði við önnur eftirlitsyfirvöld eins og sett er fram í 1. og 2. mgr. 344. gr., getur samstæðueftirlitsaðili krafið umsækjanda um að leggja fram raunhæfa umbreytingaráætlun til að rýmka gildissvið eigin líkans.

4. Þegar eigið líkan hefur verið samþykkt skv. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB að því er varðar útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu, skal sérhver síðari umsókn um leyfi til að nota sama eigið líkan til að reikna út gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélags í samstæðunni fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

346. gr.

Notkunarpróf fyrir eigin líkön sem notuð eru til að reikna eingöngu út gjaldþolskröfu samstæðu

1. Ef eigið líkan er notað til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu í samræmi við 2. mgr. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu öll eftirfarandi félög og fyrirtæki hlíta kröfunum sem settar eru fram í 223.–227. gr. þessarar reglugerðar:

a) hluteignarfélag sem reiknar út gjaldþolskröfu samstæðu á grundvelli eigin líkans,

b) hvert tengt vátrygginga- og endurtryggingafélag með rekstur sem er að fullu eða að hluta innan gildissviðs eigin líkans, en eingöngu í tengslum við niðurstöður eigin líkans á samstæðustigi,

c) hvert tengt eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með rekstur sem er að fullu eða að hluta innan gildissviðs eigin líkans, en eingöngu í tengslum við niðurstöður eigin líkans á samstæðustigi.

2. Að því er varðar 1. mgr., skal vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eingöngu hlíta kröfunum sem settar eru fram í 225. gr. þessarar reglugerðar í tengslum við þá hluta eigin líkans sem ná yfir áhættur þess félags og áhættur tengdra félaga þess.

2. ÞÁTTUR

Notkun á eigin samstæðulíkani

347. gr.

Umsókn um að nota eigið samstæðulíkan

1. Að því er varðar þennan þátt, skal „eigið samstæðulíkan“ merkja eigið líkan sem notað er til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu sem og gjaldþolskröfu vátrygginga- eða endurtryggingafélags í samstæðunni, eins og um getur í 1. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Umsókn um að nota eigið samstæðulíkan skal lögð fram skriflega á opinberu tungumáli aðildarríkis samstæðueftirlitsaðila eða á tungumáli sem samstæðueftirlitsaðili hefur gefið fyrirframsamþykki fyrir.

3. Að því er varðar þennan þátt, skal vísa til samstæðueftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda allra aðildarríkja þar sem höfuðstöðvar allra tengdra vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem sækja um að nota eigið samstæðulíkan til að reikna út gjaldþolskröfu sína eru staðsettar, sem „hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld“.

4. Samstæðueftirlitsaðili skal án tafar upplýsa samstarfshóp eftirlitsaðila um móttöku umsóknarinnar og einnig framsenda umsóknina til annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda og annarra eftirlitsyfirvalda sem koma að matinu á umsókninni.

5. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld geta farið fram á að allir hlutar umsóknarinnar séu lagðir fram á öðru tungumáli en því sem hún var lögð fram á til samstæðueftirlitsaðila. Samstæðueftirlitsaðili skal, eftir samráð við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, fara fram á við umsækjanda að láta í té umsókn eða viðeigandi hluta hennar, á því tungumáli eða á tungumáli sem auðskiljanlegast er hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum.

6. Umsókn um að nota eigið samstæðulíka skal, eftir atvikum, innihalda eftirfarandi skjöl og upplýsingar:

a) skjöl og upplýsingar sem farið er fram á í samræmi við 5. mgr. 343. gr. í tengslum við notkun á eigin líkani við útreikning á gjaldþolskröfu samstæðu. Í tengslum við i. undirlið a-liðar 5. mgr. 343. gr. skal skjalahald einnig innihalda skrá yfir öll vátrygginga- og endurtryggingafélög sem sækja um að nota eigið samstæðulíkan til að reikna út gjaldþolskröfu sína,

b) skjöl sem farið er fram á í samræmi við 3. undirþátt, 4. þátt, VI. kafla, I. bálk tilskipunar 2009/138/EB í tengslum við notkun á eigin líkani við útreikning á gjaldþolskröfu fyrir hvert vátrygginga- og endurtryggingafélag í samstæðunni sem sækir um að nota eigið samstæðulíkan til að reikna út gjaldþolskröfu sína. Í þeim tilgangi getur vátrygginga- eða endurtryggingarfélagið takmarkað þessi skjöl við þau sem innihalda efni sem ekki hefur þegar verið fjallað um í skjölunum sem hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði hefur lagt fram í samræmi við a-lið.

348. gr.

Mat á því hversu heildstæð umsókn um að nota eigið samstæðulíkan er

1. Samstæðueftirlitsaðili skal ákvarða hvort umsóknin sé fullnægjandi innan 45 daga frá móttöku umsóknarinnar. Umsókn telst fullnægjandi ef hún inniheldur alla skjölun sem sett er fram í 347. gr.

2. Ef samstæðueftirlitsaðili ákvarðar að umsókn sé ekki fullnægjandi skal hann samstundis tilkynna umsækjandanum um að sex mánaða tímabilið sem um getur í 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB hafi ekki enn hafist, og tilgreina þau skjöl sem vantar til að umsóknin sé fullnægjandi.

3. Ef samstæðueftirlitsaðili ákvarðar að umsókn sé fullnægjandi skal hann tilkynna umsækjandanum án tafar að umsóknin sé fullnægjandi og frá hvaða dagsetningu sex mánaða tímabilið sem um getur í 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, hefst. Sú dagsetning skal vera dagurinn sem tekið var á móti fullnægjandi umsókn.

349. gr.

Sameiginleg ákvörðun um umsókn og umbreytingaráætlun til að rýmka gildissvið líkansins

1. Áður en sameiginleg ákvörðun með öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum er tekin, eins og um getur í 2. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal samstæðueftirlitsaðili hafa samráð við önnur eftirlitsyfirvöld sem koma að mati á umsókninni, sem um getur í 2. mgr. 343. gr. þessarar reglugerðar.

2. Sameiginlega ákvörðun hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda skal setja fram á opinberu tungumáli aðildarríkis samstæðu-eftirlitsaðilans. Samstæðueftirlitsaðili skal láta umsækjanda og hverju hlutaðeigandi eftirlitsyfirvaldi í té ákvörðunina þýdda á opinbert tungumál aðildarríkisins þar sem umsækjandinn er með höfuðstöðvar sínar. Hverju tengdu vátrygginga- eða endurtryggingafélagi sem sækir um að nota eigið samstæðulíkan til að reikna út gjaldþolskröfu sína skal látið í té sameiginlegu ákvörðunina eða, ef við á, þýðingu á þeirri ákvörðun, af eftirlitsyfirvaldinu sem veitt hefur því félagi starfsleyfi.

3. Í sameiginlegu ákvörðuninni geta hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld farið fram á að umsækjandinn leggi fram raunhæfa umbreytingaráætlun til að rýmka gildissvið eigin samstæðulíkans.

350. gr.

Notkunarpróf fyrir eigin samstæðulíkön

1. Ef eigið samstæðulíkan er notað, í samræmi við 1. mgr. 231. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu eftirfarandi félög hlíta kröfunum sem settar eru fram í 223.–227. gr. þessarar reglugerðar:

a) hluteignarfélagið, sem reiknar út samstæðugjaldþolskröfu á grundvelli eigin samstæðulíkans, í tengslum við niðurstöðu eigin líkans á samstæðustigi og að auki ef um er að ræða hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði í tengslum við niðurstöðuna af eigin líkani á stigi þess félags,

b) sérhvert tengt vátrygginga- og endurtryggingafélag sem reiknar út gjaldþolskröfu sína á grundvelli eigin samstæðulíkans, bæði í tengslum við niðurstöður eigin líkans á samstæðustigi og á stigi félagsins,

c) sérhvert tengt vátrygginga- og endurtryggingafélag með rekstur sem að fullu eða að hluta er innan gildissviðs eigin samstæðulíkans, eingöngu í tengslum við niðurstöður eigin líkans á samstæðustigi,

d) sérhvert tengt eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með rekstur sem er að fullu eða að hluta innan gildissviðs eigin samstæðulíkans, einungis í tengslum við niðurstöður eigin líkans á samstæðustigi.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi einungis hlíta kröfunum sem settar eru fram í 225. gr. þessarar reglugerðar í tengslum við þá hluta eigin samstæðulíkans sem ná yfir áhættu þess félags og áhættu tengdra félaga þess.

III. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ GJALDÞOLSSTÖÐU SAMSTÆÐU FYRIR SAMSTÆÐUR MEÐ MIÐLÆGA ÁHÆTTUSTÝRINGU

351. gr.

Mat á skilyrðum: viðmiðun

1. Við mat á því hvort áhættustýringarferlin og innri eftirlitskerfi hjá móðurfélaginu nái yfir dótturfélagið í samræmi við b-lið 236. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu samstæðueftirlitsaðili og önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld taka til athugunar hvort öll eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:

a) að því er varðar dótturfélag sér móðurfélagið að verulegu leyti um framkvæmd starfssvið áhættustýringar sem um getur í 4. mgr. 44. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á þann hátt að móðurfélagið framkvæmir flest öll verkefni áhættustýringarsviðsins sem skráð eru í 269. gr. þessarar reglugerðar,

b) að því er varðar dótturfélag sér móðurfélagið að verulegu leyti um framkvæmd regluvörslusviðsins sem um getur í 46. gr. tilskipunar 2009/138/EB, á þann hátt að móðurfélagið framkvæmir flest öll verkefni regluvörslusviðsins sem skráð eru í 270. gr. þessarar reglugerðar,

c) dótturfélagið hlítir kröfunum um útvistun sem settar eru fram í 49. gr. tilskipunar 2009/138/EB í tengslum við áhættustýringar- og regluvörslustarfsemi sem móðurfélagið framkvæmir.

2. Við mat á því hvort dótturfélaginu sé stjórnað á varfærinn hátt í samræmi við b-lið 236. gr. tilskipunar 2009/138/EB skulu samstæðueftirlitsaðili og önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld taka til athugunar hvort allar eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) stjórnkerfi samstæðunnar, eins og um getur í 246. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er nægjanlega skilvirkt og leiðir ekki til ástands sem svipar til verulegs fráviks eins og um getur í c-lið 1. mgr. 37. gr. þeirrar tilskipunar,

b) stjórnkerfi dótturfélagsins, eins og um getur í 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er nægjanlega skilvirkt og leiðir ekki til ástands sem svipar til verulegs fráviks eins og um getur í c-lið 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

c) stjórnkerfi dótturfélagsins, eins og um getur í 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, veikist ekki af áhættustýringar- og regluvörslusviðum móðurfélagsins sem ná yfir dótturfélagið.

352. gr.

Mat á skilyrðum: verklagsreglur

1. Að því er varðar þennan kafla skulu „hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld“ vera eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem höfuðstöðvar dótturfélaga sem hafa fengið leyfi til að heyra undir 238. og 239. gr. tilskipunar 2009/138/EB eru staðsettar.

2. Ef móðurfélagið ákveður að leggja fram umsóknir í tengslum við nokkur dótturfélög á sama tíma skulu þessar umsóknir teknar til athugunar á sama tíma af samstæðueftirlitsaðilanum og öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum í samræmi við 237. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

353. gr.

Mat á neyðarástandi: viðmiðanir

Við mat á því hvort ástand skuli talið neyðarástand, í samræmi við 2. mgr. 239. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal eftirlitsyfirvaldið sem veitt hefur dótturfélaginu starfsleyfi taka til athugunar hvort einhverjar af eftirfarandi viðmiðunum séu uppfylltar:

1) tíminn sem þörf er á fyrir samvinnu, upplýsingaskipti og samráð innan samstarfshópsins myndi stefna skilvirkni ráðstafananna sem taka á í hættu,

2) seinkun á beitingu fyrirhugaðra ráðstafana er líkleg til að valda því að fjárhagsstaða dótturfélagsins skerðist frekar, þannig að hætta sé á að dótturfélagið fullnægi ekki kröfunni um lágmarksfjármagn næstu þrjá mánuði.

IV. KAFLI

SAMRÆMING SAMSTÆÐUEFTIRLITS

1. ÞÁTTUR

Samstarfshópur eftirlitsaðila

354. gr.

Þátttaka eftirlitsaðila mikilvægra útibúa og tengdra félaga

1. Að því er varðar 3. mgr. 248. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal „mikilvægt útibú“ vátrygginga- eða endurtryggingafélags merkja útibú vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem uppfyllir a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrða:

a) árlegt vergt bókfært iðgjald útibúsins fer yfir 5% af árlegu vergu bókfærðu iðgjaldi samstæðunnar, mælt með tilvísun til síðustu tiltæku samstæðureikningsskila samstæðunnar,

b) árlegt vergt bókfært iðgjald útibúsins fer yfir 5% af samanlögðu árlegu vergu bókfærðu iðgjaldi fyrir líftryggingar-starfsemina, skaðatryggingarstarfsemina, eða báðar í aðildarríkinu þar sem áhættan er til staðar, mælt með tilvísun til síðustu tiltæku reikningsskila.

Að eigin frumkvæði eða í framhaldi af rökstuddri beiðni frá eftirlitsyfirvaldinu sem ábyrgt er fyrir eftirliti með útibúinu, þegar útibúið uppfyllir a.m.k. eitt af skilyrðunum í a- eða b-lið þessarar málsgreinar, skal samstæðueftirlitsaðilinn bjóða því eftirlitsyfirvaldi að taka þátt í öllum viðeigandi aðgerðum samstarfshóps eftirlitsaðilanna.

2. Að eigin frumkvæði eða í framhaldi af rökstuddri beiðni frá eftirlitsyfirvaldinu sem ábyrgt er fyrir eftirliti með tengdu félagi í samstæðunni, getur samstæðueftirlitsaðili, þegar hann telur það viðeigandi til að auka skilvirk upplýsingaskipti og auðvelda framkvæmdina á samstæðueftirlitinu, og að höfðu samráði við önnur eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsaðilanna, boðið því eftirlitsyfirvaldi tengds félags að taka þátt í öllum viðeigandi aðgerðum samstarfshóps eftirlitsaðilanna.

355. gr.

Samræmingarfyrirkomulag

1. Samræmingarfyrirkomulagið sem koma skal á í samræmi við 4. mgr. 248. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal vera skriflegt.

2. Í samræmingarfyrirkomulaginu skal, að því er varðar bæði áframhaldandi rekstrarhæfi og neyðarástand, tilgreina eftirfarandi:

a) lágmarksupplýsingarnar sem önnur eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsyfirvalda eiga að senda samstæðueftirlitsaðila eða samstæðueftirlitsaðili að dreifa til annarra eftirlitsyfirvalda í samstarfshópi eftirlitsaðila,

b) tungumál og tíðni upplýsinganna sem önnur eftirlitsyfirvöld í samstarfshópi eftirlitsyfirvalda eiga að senda samstæðu-eftirlitsaðila eða samstæðueftirlitsaðili að dreifa til annarra eftirlitsyfirvalda í samstarfshópi eftirlitsaðila,

c) tungumál á og tíðni upplýsingaskipta við önnur hlutaðeigandi yfirvöld,

d) skuldbindingu um að samþykkja vinnuáætlun sem er endurskoðuð a.m.k. árlega og samþykkt af samstarfshópi eftirlitsaðila, fyrir samræmingu á eftirlitsaðgerðum samstarfshópsins næstu 12 mánuði,

e) neyðaráætlun sem samþykkt er af samstarfshópi eftirlitsaðilanna.

3. Neyðaráætlunin sem um getur í e-lið 2. mgr. skal aðlöguð sértækum áhættum vátrygginga- eða endurtrygginga-samstæðunnar. Hún skal innihalda ákvæði sem ná yfir alla eftirfarandi þætti:

a) viðurkenningu á krísu,

b) undirbúning krísustjórnunar,

c) mat á krísu,

d) krísustjórnun,

e) ytri samskipti.

4. Neyðaráætlunin skal kveða á um að skiptast skuli á öllum eftirfarandi upplýsingum meðal eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðilanna jafnskjótt og þær verða tiltækar:

a) lýsingu á neyðarástandinu, með vísbendingu um sérhver áhrif á vátryggingataka og á fjármálamarkaðina,

b) tilgreiningu á félögum í samstæðunni sem verða fyrir áhrifum af neyðarástandinu sem um getur í a-lið, með viðeigandi upplýsingum um fjárhagsstöðu þeirra,

c) yfirlit yfir allar ráðstafanir sem samstæðan hefur gripið til í tengslum við neyðarástandið sem um getur í a-lið,

d) yfirlit yfir allar ráðstafanir sem öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld hafa gripið til í tengslum við neyðarástandið sem um getur í a-lið og lýsingu á öllum núverandi landsbundnum ráðstöfunum sem skipta máli fyrir stjórnun og úrlausn krísunnar.

5. Samræmingarfyrirkomulagið sem um getur í 2. mgr. skal prófað reglulega og endurskoðað af samstarfshópi eftirlits-aðilanna.

356. gr.

Samþykki eftirlitsaðila á eigin stikum samstæðu

1. Umsókn um að nota eigin stika samstæðu, eins og um getur í 338. gr., skal lögð fram skriflega til samstæðueftirlitsaðila, af hluteignarfélagi á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi (að því er varðar þessa grein, vísað til sem „umsækjandinn“) á einu af opinberum tungumálum aðildarríkja samstæðueftirlitsaðilans eða á tungumáli sem samstæðueftirlitsaðilinn hefur gefið fyrirframsamþykki fyrir.

2. Samstæðueftirlitsaðili skal upplýsa önnur eftirlitsyfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðilanna án tafar um móttöku umsóknarinnar og áframsenda hana til annarra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðilanna.

3. Áður en lokaákvörðun er tekin skal samstæðueftirlitsaðili hafa samráð við önnur eftirlitsyfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðilanna. Eftir samráðið skal samstæðueftirlitsaðili taka sjálfstæða ákvörðun um umsóknina. Samstæðueftirlitsaðili skal láta umsækjandanum og öðrum eftirlitsyfirvöldum innan samstarfshóps eftirlitsaðilanna í té ákvörðun sína. Ákvörðunin skal vera skrifleg á opinberu tungumáli aðildarríkis samstæðueftirlitsaðilans og á öðru tungumáli sem auðskiljanlegast er hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingaskipti

357. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á með kerfisbundnum hætti

1. Skiptast skal kerfisbundið á upplýsingunum sem um getur í 2. og 3. mgr. á milli eftirlitsyfirvalda í samstarfshópnum, nema þau ákveði sem hluta af samræmingarfyrirkomulaginu, í samræmi við a-lið 2. mgr. 355. gr., að hluti þeirra sé óþarfur fyrir starfsemi samstarfshóps eftirlitsaðilanna. Skiptin skulu eiga sér stað annaðhvort með því að senda upplýsingarnar eða með því að auðvelda aðgengi að þeim.

2. Önnur eftirlitsyfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðila skulu, fyrir hvert tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem fellur undir gildissvið samstæðueftirlitsaðilans, skiptast kerfisbundið á eftirfarandi upplýsingum við samstæðueftirlitsaðilann:

a) skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, nema samstæðueftirlitsaðilinn hafi samþykkt skv. 2. mgr. 256. gr. tilskipunar 2009/138/EB að fella dótturfélög innan samstæðunnar inn í samantekna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu,

b) reglubundnu eftirlitsskýrslunni, sem og viðeigandi árlegum og ársfjórðungslegum megindlegum sniðmátum,

c) ályktunum sem hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald dregur í framhaldi af eftirlitsferlinu sem framkvæmt er á stigi einstaks félags.

3. Samstæðueftirlitsaðili skal skiptast kerfisbundið á eftirfarandi upplýsingum við önnur eftirlitsyfirvöld innan samstarfshópsins:

a) varðandi hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:

   i. skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar,

   ii. reglubundnu samstæðueftirlitsskýrslunni, sem og viðeigandi árlegum og ársfjórðungslegum megindlegum sniðmátum samstæðunnar,

   iii. ályktunum sem samstæðueftirlitsaðilinn dregur í framhaldi af eftirlitsferlinu sem framkvæmt er á samstæðustigi.

b) fyrir hvert tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem fellur undir gildissvið samstæðueftirlits, upplýsingunum sem um getur í 2. mgr.

3. ÞÁTTUR

Eftirlit með lands- og svæðisbundinni undirsamstæðu

358. gr.

Ef aðildarríki heimila eftirlitsyfirvöldum að beita samstæðueftirliti á undirsamstæðu skv. 216. eða 217. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal slík ákvörðun eftirlitsyfirvaldanna eingöngu tekin í aðstæðum sem réttlættar eru með hlutlægum greinarmun í starfseminni, skipulaginu eða áhættusniðinu milli undirsamstæðunnar og samstæðunnar.

V. KAFLI

OPINBER BIRTING

1. ÞÁTTUR

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar

359. gr.

Efnisskipan og innihald

Ákvæði 290. – 298. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um skýrsluna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðu sem krafist er að hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi birti opinberlega. Til viðbótar skal skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

a) varðandi rekstur og árangur samstæðunnar:

   i. lýsingu á rekstrarformi að lögum og stjórnarháttum og stjórnkerfi samstæðunnar, ásamt lýsingu á öllum dótturfélögum, mikilvægum tengdum félögum í skilningi 256. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og mikilvægum útibúum í skilningi 1. mgr. 354. gr. þessarar reglugerðar,

   ii. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um viðkomandi starfsemi og viðskipti innan samstæðunnar.

b) varðandi stjórnkerfi samstæðunnar:

   i. lýsingu á hvernig áhættustýring og innra eftirlitskerfi og verklagsreglur við gagnaskil eru framkvæmdar með samræmdum hætti í öllum félögunum sem falla innan gildissviðs samstæðueftirlitsins, eins og krafist er í 246. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   ii. eftir atvikum, yfirlýsingu um að hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hafi nýtt sér möguleikann sem veittur er í þriðju undirgrein 4. mgr. 246. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   iii. upplýsingar um alla mikilvæga útvistunarsamninga innan samstæðu.

c) varðandi áhættusnið samstæðunnar: eigindlegar og megindlegar upplýsingar um mikilvæga áhættusamþjöppun á samstæðustigi, eins og um getur í 376. gr. þessarar reglugerðar,

d) varðandi virðismat hvað varðar gjaldþol samstæðunnar: Ef grundvöllurinn, aðferðirnar og meginforsendurnar sem notaðar eru á samstæðustigi fyrir virðismatið hvað varðar gjaldþol á eignum samstæðunnar, vátryggingaskuld og öðrum skuldum eru verulega ólíkar þeim sem notaðar eru af einhverju af dótturfélögum þess fyrir virðismatið hvað varðar gjaldþol á eignum þess, vátryggingaskuld og öðrum skuldum, megindlega og eigindlega útskýringu á sérhverjum verulegum mismun,

e) varðandi eiginfjárstýringu samstæðunnar:

   i. hvort aðferð 1 eða aðferð 2, eins og um getur í 230. og 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, er notuð til að reikna út gjaldþolsstöðu samstæðunnar og ef samsetning af aðferðum 1 og 2 er notað, fyrir hvaða tengd félög aðferð 2 er notuð,

   ii. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um allar mikilvægar takmarkanir á útskiptanleika og framsalshæfi gjaldþols sem hæft er til að ná yfir gjaldþolskröfu samstæðu,

   iii. ef aðferð 1 er notuð til að reikna út gjaldþolsstöðu samstæðunnar, fjárhæð samstæðugjaldþolskröfunnar, með sérstakri vísbendingu um fjárhæðirnar sem um getur í 336. gr. þessarar reglugerðar,

   iv. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um mikilvæg upptök fjölþættingaráhrifa samstæðunnar,

   v. eftir atvikum, samtölu fjárhæðanna sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   vi. eftir atvikum, lýsingu á félögunum sem eru innan gildissviðs sérhvers eigin líkans sem notað er til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu,

   vii. lýsingu á meginmismuninum, ef hann er til staðar, milli sérhvers eigin líkans sem notað er á stigi einstaks félags og sérhvers eigin líkans sem notað er til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu.

360. gr.

Tungumál

1. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu birta skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar á tungumáli sem ákvarðað er af samstæðueftirlitsaðilanum.

2. Ef samstarfshópur eftirlitsaðila samanstendur af eftirlitsyfirvöldum frá fleiri en einu aðildarríki, getur samstæðueftirlitsaðili, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa, krafið hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi um að birta einnig skýrsluna sem um getur í 1. mgr. á öðru tungumáli sem auðskiljanlegt er öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum, eins og samþykkt er í samstarfshópi eftirlitsaðilanna.

3. Ef eitthvert af vátrygginga- eða endurtryggingadótturfélögum hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags á fjármálasviði er með höfuðstöðvar sínar í aðildarríki þar sem opinbert tungumál eða opinber tungumál eru ólík tungumálinu eða tungumálunum sem skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar er birt á með beitingu á 1. og 2. mgr., skal hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi birta þýðingu á samantekt þeirrar skýrslu á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis.

361. gr.

Upplýsingar sem ekki eru birtar

Ákvæði 299. gr. skulu gilda um óbirtar upplýsingar í skýrslu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar.

362. gr.

Frestir

Ákvæði 300. gr. skulu gilda um birtingu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á skýrslu sinni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar. Að því er varðar þessa grein skal fresturinn sem um getur í 300. gr. framlengdur um 6 vikur.

363. gr.

Uppfærslur

1. Ef hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi verða að birta opinberlega viðeigandi upplýsingar um eðli og áhrif meiriháttar þróunar sem hefur veruleg áhrif á gildi skýrslu þeirra um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar, skulu þau láta í té uppfærða útgáfu af þeirri skýrslu. Ákvæði 359., 360. og 361. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um þá uppfærðu útgáfu.

2. Án þess að hafa áhrif á kröfur um tafarlausa birtingu sem sett er fram í 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal sérhver uppfærð útgáfa af skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar birt eins fljótt og mögulegt er eftir meiriháttar þróunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

364. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag samanburðarupplýsinga

Ákvæði 303. gr. skulu gilda um birtingu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á samanburðarupplýsingum.

2. ÞÁTTUR

Samantekin skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

365. gr.

Efnisskipan og innihald

1. Ef hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi láta í té samantekna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, skulu kröfurnar sem settar eru fram í þessum þætti gilda.

2. Í samteknu skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal kynna sérstaklega upplýsingarnar sem verður að birta á samstæðustigi í samræmi við 1. mgr. 256. gr. tilskipunar 2009/138/EB og upplýsingarnar sem verður að birta í samræmi við 51., 53., 54. og 55. gr. þeirrar tilskipunar, fyrir sérhvert dótturfélag sem sú skýrsla nær yfir.

3. Upplýsingarnar á samstæðustigi og upplýsingarnar fyrir sérhvert dótturfélag sem sú skýrsla nær yfir skulu hvorar um sig fylgja uppbyggingunni sem sett er fram í XX. viðauka. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi geta ákveðið, þegar þau láta í té einhvern hluta upplýsinganna sem birta á fyrir dótturfélag sem skýrslan nær yfir, vísað til upplýsinga á samstæðustigi, ef þær upplýsingar eru jafngildar bæði að eðli og umfangi.

366. gr.

Tungumál

1. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu birta samantekna skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar á tungumáli sem ákvarðað er af samstæðueftirlitsaðilanum.

2. Ef samstarfshópur eftirlitsaðila samanstendur af eftirlitsyfirvöldum frá fleiri en einu aðildarríki, getur samstæðueftirlitsaðili, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa, krafið hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi um að birta einnig skýrsluna sem um getur í 1. mgr. á öðru tungumáli sem auðskiljanlegast er hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum, eins og samþykkt er í samstarfshópi eftirlitsaðilanna.

3. Ef eitthvert dótturfélaganna sem samantekna skýrslan um gjaldþol og fjárhagslega stöðu nær yfir, er með aðalskrifstofu sína í aðildarríki þar sem opinbert tungumál eða opinber tungumál eru ólík tungumálinu eða tungumálunum sem sú skýrsla er birt á í samræmi við 1. og 2. mgr., getur eftirlitsyfirvaldið, að höfðu samráði við samstæðueftirlitsaðilann og samstarfshópinn sjálfan, krafið hluteignarfélagið á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi um að hafa með í þeirri skýrslu þýðingu á upplýsingunum sem tengjast því dótturfélagi á opinberu tungumáli þess aðildarríkis. Hluteignarfélagið á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi skal birta þýðingu á öllum eftirfarandi upplýsingum á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis:

a) samantekt á upplýsingunum úr þeirri skýrslu sem tengjast samstæðunni,

b) upplýsingunum úr þeirri skýrslu sem tengjast því dótturfélagi, nema undanþága hafi verið veitt af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvaldi.

367. gr.

Upplýsingar sem ekki eru birtar

1. Ákvæði 361. gr. skulu gilda að því er varðar upplýsingarnar á samstæðustigi.

2. Ákvæði 299. gr. skulu gilda að því er varðar upplýsingarnar fyrir sérhvert dótturfélag innan samstæðunnar.

368. gr.

Frestir

Ákvæði 300. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um frestina fyrir birtingu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á samanteknu skýrslu þeirra um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Að því er varðar þessa grein skulu frestir sem um getur í 300. gr. framlengdir um 6 vikur eingöngu yfir tímabil sem ekki er lengra en fjögur ár frá 1. janúar 2016.

369. gr.

Uppfærslur

1. Ef hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi verða að birta opinberlega upplýsingar um eðli og áhrif meiriháttar þróunar sem hefur veruleg áhrif á gildi samanteknu skýrslu þeirra um gjaldþol og fjárhagslega stöðu, skulu þau láta í té uppfærða útgáfu af þeirri skýrslu. Ákvæði 365., 366. og 367. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um þá uppfærðu útgáfu.

2. Án þess að hafa áhrif á kröfurnar um tafarlausa birtingu sem sett er fram í 1. mgr. 54. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal sérhver uppfærð útgáfa af samanteknu skýrslunni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu birt eins fljótt og mögulegt er eftir meiriháttar þróunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

370. gr.

Tilvísun

1. Ef hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði láta í té samantekna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu að því er varðar einhver dótturfélög þeirra eingöngu skulu allar eftirfarandi kvaðir gilda:

a) önnur vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru dótturfélög þess hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi skulu taka með í skýrslu sinni um gjaldþol og fjárhagslega stöðu tilvísun til samanteknu skýrslunnar um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sem birt hefur verið,

b) samanteknu skýrslurnar um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sem birtar hafa verið, í samræmi við 2. mgr. 256. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skulu jafnframt innihalda tilvísun til skýrslu þessara annarra vátrygginga- og endurtryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

2. Ef hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi láta ekki samantekna skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í té, skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru dótturfélög þess hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi taka með í skýrslu sína um gjaldþol og fjárhagslega stöðu tilvísun til skýrslnanna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu samstæðunnar sem birtar hafa verið í samræmi við 1. mgr. 256. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

371. gr.

Umbreytingarfyrirkomulag samanburðarupplýsinga

Ákvæði 303. gr. skulu gilda um birtingu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á samanburðarupplýsingum.

VI. KAFLI

GAGNASKIL SAMSTÆÐU TIL EFTIRLITSYFIRVALDA

1. ÞÁTTUR

Reglubundin gagnaskil

372. gr.

Þættir og innihald

1. Ákvæðin í 304.–311. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um upplýsingarnar sem krafist skal að hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði leggi fram til samstæðueftirlitsaðilans. Ef öll vátrygginga- og endurtryggingafélög í samstæðunni eru undanskilin ársfjórðungslegri kvöð um gagnaskil í samræmi við 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal reglulega samstæðueftirlitsskýrslan eingöngu innihalda árleg megindleg sniðmát. Kvöð um árleg gagnaskil skal ekki fela í sér skýrslugjöf lið fyrir lið ef öll félög í samstæðunni eru undanskilin því skv. 7. mgr. 35. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Reglubundna samstæðueftirlitsskýrslan skal innihalda allar eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

a) varðandi rekstur og árangur samstæðunnar:

i. Skrá yfir öll dótturfélög, tengd félög og útibú,

ii. lýsingu á starfsemi og upptökum hagnaðar eða tapa fyrir hvert mikilvægt tengt félag í skilningi 256. gr. a tilskipunar 2009/138/EB og fyrir hvert mikilvægt útibú í skilningi 1. mgr. 354. gr. þessarar reglugerðar,

iii. lýsingu á framlagi hvers dótturfélags til að ná fram stefnuáætlun samstæðunnar,

iv. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um mikilvæg viðskipti vátrygginga- og endurtryggingafélaga innan samstæðu við samstæðuna og fjárhæð viðskiptanna yfir reikningstímabilið og eftirstöðvar þeirra við lok reikningstímabilsins.

b) varðandi stjórnkerfi samstæðunnar:

i. lýsingu á hvernig innra eftirlitskerfi samstæðunnar hlítir kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 246. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

ii. eftir atvikum, upplýsingar um dótturfélögin sem tekin eru með í eigið áhættu- og gjaldþolsmat eins og um getur í þriðju undirgrein 4. mgr. 246. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

iii. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um veigamikla sértæka áhættu á samstæðustigi.

c) varðandi eiginfjárstýringu samstæðunnar:

i. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfuna og gjaldþol fyrir hvert vátrygginga- og endurtryggingafélag innan samstæðunnar, svo fremi að þau séu tekin með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

ii. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfuna og gjaldþol fyrir hvert eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er í eigu annars félags í samstæðunni, eignarhaldsfélag á vátryggingarsviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu annars félags í samstæðunni, blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði og félag í hliðarstarfsemi innan samstæðunnar, svo fremi að þau séu tekin með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

iii. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfurnar og gjaldþol fyrir hvert tengt félag sem er lánastofnun, fjárfestingarfyrirtæki, fjármálastofnun, rekstrarfélag verðbréfasjóðs, rekstraraðili sérhæfðra sjóða eða stofnanir um starfstengdan lífeyri, svo fremi að þau séu tekin með útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

iv. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um ígildi gjaldþolskröfunnar og gjaldþol fyrir hvert tengt félag sem er óeftirlitsskylt félag sem leggur stund á fjármálastarfsemi, svo fremi að þau séu tekin með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

v. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfuna og gjaldþol fyrir hvert tengt vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi, svo fremi að þau séu tekin með í útreikningi á gjaldþolsstöðu samstæðunnar. Þegar aðferð 2 í skilningi 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB er notuð, ef um er að ræða tengt vátrygginga- eða endurtryggingarfélag í þriðja landi sem hefur höfuðstöðvar sínar í þriðja landi þar sem gjaldþolsreglur eru álitnar jafngildar skv. 227. gr. þeirrar tilskipunar, skal tilgreina sérstaklega gjaldþolskröfuna og gjaldþolið sem hæft er til að uppfylla þá kröfu eins og mælt er fyrir um af hlutaðeigandi þriðja landi,

vi. eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolskröfuna og gjaldþol fyrir sérhvert annað tengt félag, svo fremi að það sé tekið með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

vii. lýsingu á félögum með sérstakan tilgang innan samstæðunnar sem hlíta kröfunum sem settar eru fram í 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

viii. lýsingu á félögum með sérstakan tilgang innan samstæðunnar sem heyra undir eftirlitsyfirvald þriðja lands og uppfylla kröfur jafngildar þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í þeim tilgangi að taka með lýsingu á sannprófuninni sem framkvæmd er af hluteignarfélagi á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi um hvort kröfurnar sem þessi félög með sérstakan tilgang falla undir í þriðja landi séu jafngildar þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 211. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

ix. lýsingu á hverjum sérstökum verðbréfunaraðila innan samstæðunnar öðrum en þeim sem um getur í vii. og viii. lið ásamt eigindlegum og megindlegum upplýsingum um gjaldþolskröfuna og gjaldþol þessara aðila, svo fremi að þeir séu teknir með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar,

x. þar sem við á, fyrir öll tengd vátrygginga- og endurtryggingafélög sem tekin eru með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðunnar, eigindlegar og megindlegar upplýsingar um hvernig félagið hlítir ákvæðunum í 2.–5. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

xi. þar sem við á, eigindlegar og megindlegar upplýsingar um gjaldþolsliðina sem um getur í 3. mgr. 222. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem ekki er hægt á skilvirkan hátt að gera aðgengilega til að mæta gjaldþolskröfu hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem gjaldþolsstaða samstæðunnar er reiknuð út fyrir, þ.m.t. lýsingu á hvernig leiðréttingin á gjaldþoli samstæðu hefur verið gerð,

xii. þar sem við á, eigindlegar upplýsingar um ástæðurnar fyrir flokkuninni á gjaldþolsliðum sem um getur í 332. og 333. gr. þessarar reglugerðar.

373. gr.

Frestir

Ákvæði 312. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda um framlagningu hluteignarfélaga á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi í reglulegum gagnaskilum samstæðunnar til eftirlitsyfirvalda. Að því er varðar þessa grein skulu frestir sem um getur í 312. gr. framlengdir um 6 vikur, nema fyrir eftirlitsskýrsluna um eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

374. gr.

Tungumál

Ef samstarfshópur eftirlitsaðila samanstendur af eftirlitsstjórnvöldum frá fleiri en einu aðildarríki, getur samstæðueftirlitsaðili, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa, krafið hluteignarfélag á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi um að birta reglulegu gagnaskil samstæðunnar til eftirlitsyfirvalda á tungumáli sem auðskiljanlegast er hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum, eins og samþykkt er í samstarfshópi eftirlitsaðilanna.

375. gr.

Viðbótarumbreytingarupplýsingar um samstæður

1. Til viðbótar við kvaðir um gagnaskil samstæðu til eftirlitsyfirvalda í þessum kafla, að því er varðar fyrsta árið eftir gildistöku tilskipunar 2009/138/EB, eins og um getur í 3. mgr. 311. gr. þeirrar tilskipunar, skulu ákvæði 1. mgr. 314. gr. þessarar reglugerðar gilda um hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi. Að því er varðar þessa grein skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 314. gr. lagðar fyrir samstæðueftirlitsaðilann.

2. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu leggja fyrir samstæðueftirlitsaðilann upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en 20 vikum eftir viðmiðunardagsetningu upphafsreikningsskilanna eins og um getur í a-lið 1. mgr. 314. gr.

2. ÞÁTTUR

Gagnaskil um samþjöppunaráhættu og viðskipti innan samstæðu

376. gr.

Umtalsverð samþjöppunaráhætta (skilgreining, auðkenning og viðmiðunarmörk)

1. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu telja samþjöppunaráhættu sem ógnað gæti gjaldþols- eða lausafjárstöðu samstæðunnar vera umtalsverða samþjöppunaráhættu.

2. Að því er varðar auðkenningu á umtalsverðri samþjöppunaráhættu skulu hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi taka til athugunar a.m.k. beinar og óbeinar áhættuskuldbindingar félaga í samstæðunni vegna alls eftirfarandi:

a) einstakra mótaðila,

b) flokka einstakra en samtengdra mótaðila, til dæmis félög innan sömu fyrirtækjasamstæðu,

c) sérstakra landfræðilegra svæða eða vátryggingagreina,

d) náttúruhamfara eða stórslysa.

3. Þegar skorið er úr um viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir umtalsverða samþjöppunaráhættu í ákveðinni samstæðu sem tilkynna á, skal samstæðueftirlitsaðilinn taka til athugunar eftirfarandi þætti:

a) gjaldþols- og lausafjárstöðu samstæðunnar,

b) flækjustig uppbyggingar samstæðunnar,

c) mikilvægi eftirlitsskyldra aðila frá öðrum fjármálageirum eða óeftirlitsskyldra aðila sem leggja stund á fjármálastarfsemi,

d) fjölþættingar á fjárfestingasafni samstæðunnar,

e) fjölþættingar á vátryggingastarfsemi samstæðunnar, með tilliti til landfræðilegra svæða og vátryggingagreina.

377. gr.

Umtalsverð viðskipti innan samstæðu (skilgreining, auðkenning)

1. Hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu telja sem umtalsverð viðskipti innan samstæðu þau viðskipti innan samstæðu sem hafa veruleg áhrif á gjaldþols- eða lausafjárstöðu samstæðunnar eða eins af félögunum sem viðriðin eru þessi viðskipti.

2. Að því er varðar auðkenningu á umtalsverðum viðskiptum innan samstæðu skulu hluteignarfélög á vátrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi taka til athugunar, a.m.k. allt eftirfarandi:

a) fjárfestingar,

b) reikningsjöfnun milli félaga, þ.m.t. lán, viðskiptakröfur og fyrirkomulag við miðlæga stjórnun eigna og reiðufjár,

c) tryggingar og skuldbindingar eins og ábyrgðir,

d) afleiðuviðskipti,

e) arð, arðmiða, og aðrar vaxtagreiðslur,

f) endurtryggingarstarfsemi,

g) þjónustustarfsemi eða samkomulag um að deila kostnaði,

h) kaup, sölu eða leigu eigna.

III. BÁLKUR

JAFNGILDI ÞRIÐJU LANDA OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

FÉLÖG SEM LEGGJA STUND Á ENDURTRYGGINGARSTARFSEMI OG ERU MEÐ HÖFUÐSTÖÐVAR Í ÞRIÐJA LANDI

378. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á jafngildi þriðja lands

Viðmiðanirnar sem taka skal tillit til við mat á því hvort gjaldþolsreglur þriðja lands, sem beitt er á endurtryggingastarfsemi félaga með höfuðstöðvar í því þriðja landi séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í I. bálki tilskipunar 2009/138/EB skulu vera eftirfarandi:

a) hvort eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands hafi valdheimild, með lögum eða reglugerðum, til að hafa eftirlit með innlendum vátryggingafélögum sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi eða endurtryggingafélögum á skilvirkan hátt, og leggja á viðurlög eða grípa til fullnustuaðgerða ef nauðsyn krefur,

b) hvort eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands hafi nauðsynleg úrræði, viðeigandi sérfræðikunnáttu, getu, þ.m.t. fjármagn og mannauð, og umboð til að vernda vátryggingataka og vátryggða á skilvirkan hátt, án tillits til þjóðernis þeirra eða búsetustaðar,

c) hvort eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands, við almenn skyldustörf sín, taki á viðeigandi hátt til athugunar möguleg áhrif af ákvörðunum sínum á stöðugleika fjármálakerfisins á alþjóðavísu, einkum þegar neyðarástand ríkir, á grundvelli upplýsinganna sem tiltækar eru á þeim tíma,

d) hvort eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands taki tillit til mögulegra sveifluaukandi áhrifa af aðgerðum sínum þegar sérstaklega miklar hreyfingar verða á fjármálamörkuðunum,

e) hvort stofnun og rekstur endurtrygginga í því þriðja landi falli undir fyrirframskilyrði fyrir leyfisveitingu sem byggja á skýrum, hlutlægum og opinberlega aðgengilegum skriflegum stöðlum,

f) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi hafi skilvirkt stjórnkerfi til staðar sem kveði á um að trausta og varfærna stjórnun rekstrarins og mæli fyrir um allt eftirfarandi:

   i. að til staðar sé fullnægjandi, gagnsætt stjórnkerfi með skýrri skiptingu og viðeigandi aðskilnaði ábyrgða,

   ii. kröfur til að tryggja að einstaklingar sem í reynd stjórna félaginu fullnægi kröfum um hæfi og hæfni sambærilegar þeim sem er að finna í 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

   iii. að til staðar séu skilvirkir ferlar til að tryggja tímanlega sendingu upplýsinga bæði innan félagsins og til viðkomandi eftirlitsyfirvalda,

   iv. kröfur til að tryggja að haft sé eftirlit með útvistuðu starfssviðunum eða starfseminni á skilvirkan hátt.

g) hvort þess sér krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi hafi skilvirkt áhættustýringarkerfi til staðar sem samanstandi af öllu eftirfarandi:

   i. stefnuáætlunum, ferlum og verklagsreglum við innri gagnaskil sem nauðsynlegar eru til að greina, mæla, vakta, stjórna og tilkynna áhættu sem félagið er eða gæti orðið óvarið fyrir, á eininga- eða samstæðustigi og á viðvarandi grundvelli, og víxltengsl þeirra,

   ii. skilvirku innra eftirlitskerfi.

h) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi komi á og viðhaldi skilvirkum áhættustýringar-, reglufylgni-, innri endurskoðunar- og tryggingafræðisviðum,

i) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi að:

   i. veita eftirlitsyfirvöldum þriðja lands allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í tilgangi eftirlits,

   ii. birta opinberlega, a.m.k. árlega, skýrslu um gjaldþol og fjárhagsstöðu sína sem er jafngild því sem tilgreint er í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

j) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að áformaðar breytingar á rekstrarstefnu eða -stjórnun innlendra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi, eða á virkum eignarhlutum í slíkum félögum, séu samrýmanlegar við áframhaldandi trausta og varfærna stjórnun þessara félaga,

k) hvort mat á fjárhagsstöðu innlendra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi byggi á traustum hagrænum meginreglum og hvort gjaldþolskröfur séu byggðar á fjárhagslegu mati á öllum eignum og skuldum,

l) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem leggja stund á endurtryggingarstarfsemi eigi nægt fjármagn, þ.m.t. allar eftirfarandi kröfur:

   i. kröfu um að þessi félög setji saman vátryggingaskuld að því er varðar allar endurtryggingaskuldbindingar þeirra gagnvart vátryggingatökum og vátryggðum samkvæmt endurtryggingasamningum,

ii. kröfu um að eignir sem haldið er til að mæta vátryggingaskuld séu fjárfestar með hagsmuni allra vátryggingataka og vátryggðra í huga að teknu tilliti til allra birtra stefnumarkmiða,

iii. kröfu um að þessi félög fjárfesti eingöngu í eignum og gerningum með áhættu sem hlutaðeigandi félag getur á tilhlýðilegan hátt greint, mælt, vaktað, stjórnað, stýrt og tilkynnt,

iv. kröfu um að þessi félög uppfylli gjaldþolskröfurnar sem settar eru á stig jafngildu því sem um getur í 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og tryggi að við umtalsverð töp njóti vátryggingatakar og vátryggðir fullnægjandi verndar og haldi áfram að fá greiðslur um leið og þær falla í gjalddaga,

v. kröfu um að þessi félög viðhaldi lágmarksfjármagni, og sé henni ekki hlítt hrindi það af stað tafarlausu og endanlegu eftirlitsinngripi,

vi. kröfu um að þessi félög uppfylli gjaldþolskröfurnar sem um getur í iv. og v. lið með gjaldþoli sem er af nægjanlegum gæðum og sem getur mætt umtalsverðu tapi, og að þeir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvöldin telja vera af miklum gæðum skuli mæta tapi bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og í tilfelli slita.

m) hvort gjaldþolskröfurnar í gjaldþolsreglum þess þriðja lands séu áhættumiðaðar með það að markmiði að ná yfir mælanlegar áhættur og ef umtalsverð áhætta er ekki mælanleg og ekki hægt að ná yfir hana í gjaldþolskröfunum, þá sé sú áhætta meðhöndluð með annarri eftirlitsráðstöfun,

n) hvort í gjaldþolsreglum þess þriðja lands tímanleg íhlutun eftirlitsyfirvalda þriðja landsins sé tryggð ef gjaldþolskröfunni sem um getur iv. undirlið l. liðar er ekki hlítt,

o) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja lands að allir einstaklingar sem starfa eða sem hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands, sem og endurskoðendur og sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd þeirra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu og hvort slík þagnarskylda nái yfir upplýsingar sem fengnar eru frá öllum eftirlitsyfirvöldum,

p) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja lands, án þess að hafa áhrif á tilvik sem falla undir refsirétt, einstaklingar sem starfa eða hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands ljóstri ekki upp neinum trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa fengið til nokkurs einstaklings eða yfirvalds, nema í formi samantektar eða útdráttar, þannig að ekki sé hægt að bera kennsl á einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög,

q) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja lands, að ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið til lögboðinnar slitameðferðar, megi skýra frá trúnaðarupplýsingum sem ekki snerta þriðju aðila sem viðriðnir eru tilraunir til að bjarga því félagi í einkamálum eða málum fyrir verslunarrétti,

r) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands sem fá trúnaðarupplýsingar frá eftirlitsyfirvöldum noti eingöngu þær upplýsingar við skyldustörf sín og í sérhverjum eftirfarandi tilgangi:

i. til að ganga úr skugga um að skilyrðin sem gilda um stofnun og rekstur endurtrygginga, stjórnkerfið, opinbera birtingu og gjaldþolsmat hafi verið uppfyllt,

ii. til að beita viðurlögum,

iii. í málskotum til æðra stjórnsýslustigs gegn ákvörðunum eftirlitsyfirvaldsins,

iv. í málarekstri fyrir dómstóli sem varða gjaldþolsreglur í því þriðja landi.

s) hvort eftirlitsyfirvöldum þriðja lands sé heimilt að skiptast á upplýsingum sem þau fá frá eftirlitsyfirvöldum, þegar þau inna af hendi eftirlitshlutverk sín eða uppgötva og rannsaka brot á félagarétti, með öðrum yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum þegar það yfirvald, aðili eða einstaklingur fellur undir þagnarskyldu í viðkomandi þriðja landi og hvort þær upplýsingar séu eingöngu birtar þegar skýlaust samþykki eftirlitsyfirvaldsins þaðan sem þær eru upprunnar hefur fengist og, eftir því sem við á, hafa verið fengnar einvörðungu í þeim tilgangi sem yfirvaldið gaf samþykki sitt fyrir.

II. KAFLI

TENGD VÁTRYGGINGA- OG ENDURTRYGGINGAFÉLÖG ÞIRÐJA LANDS

379. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á jafngildi þriðja lands

Viðmiðanirnar sem taka skal tillit til við að meta hvort gjaldþolsreglur þriðja lands, sem beitt er á vátrygginga- og endurtryggingafélög með höfuðstöðvar í því þriðja landi séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VI. kafla, I. bálki tilskipunar 2009/138/EB skulu vera eftirfarandi:

a) hvort mat á fjárhagsstöðu innlendra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga byggi á traustum hagrænum meginreglum og hvort gjaldþolskröfur séu byggðar á fjárhagslegu mati á öllum eignum og skuldum,

b) hvort þess sé krafist í gjaldþolsreglum þess þriðja lands að innlend vátrygginga- eða endurtryggingafélög eigi nægt fjármagn, þ.m.t. allt eftirfarandi:

   i. krafa um að þessi félög setji saman vátryggingaskuld að því er varðar allar vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar þeirra gagnvart vátryggingatökum og vátryggðum samkvæmt vátrygginga- og endurtryggingasamningum,

   ii. kröfu um að eignir sem haldið er til að mæta vátryggingaskuld séu fjárfestar með hagsmuni allra vátryggingataka og vátryggðra í huga að teknu tilliti til allra birtra stefnumarkmiða,

   iii. krafa um að þessi félög fjárfesti eingöngu í eignum og gerningum með áhættu sem hlutaðeigandi félag getur á tilhlýðilegan hátt greint, mælt, vaktað, stjórnað, stýrt og tilkynnt,

   iv. krafa um að þessi félög uppfylli gjaldþolskröfurnar sem settar eru á stig jafngildu því sem næst fram með 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem tryggir að við umtalsvert tap njóti vátryggingatakar og vátryggðir fullnægjandi verndar og haldi áfram að fá greiðslur um leið og þær falla í gjalddaga,

   v. krafa um að þessi félög viðhaldi lágmarksfjármagni, og sé henni ekki hlítt hrindi það af stað tafarlausu og endanlegu eftirlitsinngripi,

   vi. krafa um að þessi félög uppfylli gjaldþolskröfurnar sem um getur í iv. og v. lið með gjaldþoli sem er af nægjanlegum gæðum og sem getur borið umtalsvert tap, og að þeir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvöldin telja vera af miklum gæðum skuli mæta tapi bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og ef félagi er slitið.

c) hvort gjaldþolskröfurnar í gjaldþolsreglum þess þriðja lands séu áhættumiðaðar með það að markmiði að ná yfir mælanlega áhættu og, ef umtalsverð áhætta er ekki mælanleg og ekki hægt að ná yfir hana í gjaldþolskröfunum, hvort sú áhætta sé meðhöndluð með annarri eftirlitsráðstöfun,

d) hvort tryggt sé í gjaldþolsreglum þess þriðja lands tímanleg íhlutun eftirlitsyfirvalda þriðja landsins, ef gjaldþolskröfunni sem um getur iv. undirlið b-liðar er ekki hlítt,

e) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja lands að allir einstaklingar sem starfa eða sem hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands, sem og endurskoðendur og sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd þeirra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu og hvort slík þagnarskylda nái yfir upplýsingar sem fengnar eru frá öllum eftirlitsyfirvöldum,

f) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja lands, án þess að hafa áhrif á tilvik sem falla undir refsirétt, einstaklingar sem starfa eða hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands ljóstri ekki upp neinum trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa fengið til nokkurs einstaklings eða yfirvalds nema í formi samantektar eða útdráttar, þannig að ekki sé hægt að bera kennsl á einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög,

g) hvort kveðið sé á um í gjaldþolsreglum þriðja landsins, að ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið til lögboðinnar slitameðferðar, megi skýra frá trúnaðarupplýsingum sem ekki snerta þriðju aðila sem viðriðnir eru tilraunir til að bjarga því félagi í einkamálum eða málum fyrir verslunarrétti,

h) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands sem fá trúnaðarupplýsingar frá eftirlitsyfirvöldum noti þær upplýsingar eingöngu við skyldustörf sín og í sérhverjum eftirfarandi tilgangi:

   i. til að ganga úr skugga um að skilyrðin sem gilda um stofnun rekstrar, stjórnkerfið, opinbera birtingu og gjaldþolsmat hafi verið uppfyllt,

   ii. til að beita viðurlögum,

iii. í málskotum til æðra stjórnsýslustigs gegn ákvörðunum eftirlitsyfirvaldsins,

iv. í málarekstri fyrir dómstóli sem varða gjaldþolsreglur í því þriðja landi.

i) hvort eftirlitsyfirvöldum þriðja lands sé heimilt að skiptast á upplýsingum sem þau fá frá eftirlitsyfirvöldum, þegar þau inna af hendi eftirlitshlutverk sín eða uppgötva og rannsaka brot á félagarétti, með öðrum yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum þegar það yfirvald, aðili eða einstaklingur falla undir þagnarskyldu í viðkomandi þriðja landi og hvort þær upplýsingar séu eingöngu birtar þegar skýlaust samþykki eftirlitsyfirvaldsins þaðan sem þær eru upprunnar hefur fengist og, eftir því sem við á, hafa verið fengnar einvörðungu í þeim tilgangi sem yfirvaldið gaf samþykki sitt fyrir.

III. KAFLI

VÁTRYGGINGA OG ENDURTRYGGINGAFÉLÖG MEÐ MÓÐURFÉLÖG UTAN SAMBANDSINS

380. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á jafngildi þriðja lands

Viðmiðanirnar sem taka skal tillit til við mat á því hvort varfærnireglurnar í þriðja landi fyrir eftirlitið með samstæðum séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2009/138/EB, skulu vera eftirfarandi:

a) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands hafi nauðsynleg úrræði, viðeigandi sérfræðikunnáttu, getu, þ.m.t. fjármagn og mannauð, og umboð til að vernda vátryggingataka og vátryggða án tillits til þjóðernis þeirra eða búsetustaðar á skilvirkan hátt,

b) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands hafi heimild, með lögum eða reglugerðum, til að:

i. ákvarða hvaða félög falli undir gildissvið eftirlitsins á samstæðustigi,

ii. hafa eftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum sem eru hluti af samstæðu,

iii. leggja á viðurlög eða grípa til fullnustuaðgerða ef nauðsyn krefur.

c) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands geti á skilvirkan hátt metið áhættusnið og gjaldþols- og fjárhagsstöðu vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem eru hluti af samstæðu sem og starfsstefnu þeirrar samstæðu,

d) hvort gildissvið eftirlitsins á samstæðustigi innihaldi a.m.k. öll félög sem hluteignarfélag, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, beitir ráðandi eða verulegum áhrifum á, nema þegar þetta stríðir gegn markmiðunum með samstæðueftirlitinu,

e) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands, við almenn skyldustörf sín, taki á viðeigandi hátt til athugunar möguleg áhrif af ákvörðunum sínum á stöðugleika fjármálakerfisins á alþjóðavísu, einkum þegar neyðarástand ríkir, á grundvelli upplýsinganna sem tiltækar eru á þeim tíma,

f) hvort eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands taki tillit til mögulegra sveifluaukandi áhrifa af aðgerðum sínum þegar óvenjulega miklar hreyfingar verða á fjármálamörkuðunum,

g) hvort þess sé krafist í varfærnisreglum þess þriðja lands að til staðar sé skilvirkt stjórnkerfi á samstæðustigi sem kveði á um trausta og varfærna stjórnun rekstrarins og mæli fyrir um allt eftirfarandi:

i. að til staðar sé fullnægjandi, gagnsætt stjórnkerfi með skýrri skiptingu og viðeigandi aðskilnaði ábyrgða,

ii. kröfur til að tryggja að einstaklingar sem í reynd stjórna félaginu fullnægi kröfum um hæfi og hæfni sambærilegar þeim sem er að finna í 42. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

iii. að til staðar séu skilvirkir ferlar til að tryggja tímanlega sendingu upplýsinga bæði innan samstæðunnar og til viðkomandi eftirlitsyfirvalda,

iv. kröfur til að tryggja að haft sé eftirlit með útvistuðu starfssviðunum eða starfseminni á skilvirkan hátt.

h) hvort þess sé krafist í varfærnireglum þess þriðja lands að skilvirkt áhættustýringarkerfi sé til staðar á samstæðustigi sem samanstandi af a.m.k. öllu eftirfarandi:

   i. stefnuáætlunum, ferlum og verklagsreglum við innri gagnaskil sem nauðsynleg eru til að greina, mæla, vakta, stjórna og tilkynna áhættu á viðvarandi grundvelli, sem samstæðan er eða gæti orðið óvarin fyrir og víxltengsl þeirra,

   ii. skilvirku innra eftirlitskerfi.

i) hvort þess sé krafist í varfærnisreglum þess þriðja lands að samstæðan hafi traustar gagnaskila- og bókhaldsaðferðir til að vakta og stýra viðskiptum innan samstæðunnar og samþjöppunaráhættu,

j) hvort þess sé krafist í varfærnireglum þess þriðja lands að skilvirkum áhættustýringar-, reglufylgni-, innri endurskoðunar- og tryggingafræðisviðum sé komið á fót og viðhaldið af samstæðunni,

k) hvort þess sé krafist í varfærnireglum þess þriðja lands að samstæðan geri allt eftirfarandi:

   i. veiti eftirlitsyfirvöldum þriðja lands allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í tilgangi eftirlits,

   ii. tilkynni um umtalsverða áhættusamþjöppun á stigi samstæðunnar og umtalsverð viðskipti innan samstæðu, a.m.k. árlega,

   iii. birti opinberlega, a.m.k. árlega, skýrslu um gjaldþol og fjárhagsstöðu samstæðunnar sem jafngild er því sem tilgreint er í 51. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

l) hvort þess sé krafist í varfærnisreglum þess þriðja lands að áformaðar breytingar á rekstrarstefnu eða -stjórnun samstæðunnar, eða á virkum eignarhlutum í samstæðunni, séu samrýmanlegar við trausta og varfærna stjórnun samstæðunnar,

m) hvort matið á fjárhagsstöðu samstæðunnar byggi á traustum hagrænum meginreglum og hvort matið á gjaldþoli sé byggt á fjárhagslegu mati á öllum eignum og skuldum,

n) hvort þess sé krafist í varfærnireglum þess þriðja lands að samstæðan eiga nægt fjármagn, þ.m.t. allt eftirfarandi:

   i. krafa um að samstæðan setji saman vátryggingaskuld að því er varðar allar vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar þess gagnvart vátryggingatökum og vátryggðum hjá vátrygginga- og endurtryggingafögum sem eru hluti af samstæðunni,

   ii. krafa um að eignir sem haldið er til að mæta vátryggingaskuld séu fjárfestar með hagsmuni allra vátryggingataka og vátryggðra í huga, að teknu tilliti til allra birtra stefnumarkmiða,

   iii. krafa um að samstæðan fjárfesti eingöngu í eignum og gerningum með áhættu sem hún getur á tilhlýðilegan hátt greint, mælt, vaktað, stjórnað, stýrt og tilkynnt,

   iv. krafa eftirlitsyfirvalda þriðja lands um að samstæðan uppfylli gjaldþolskröfurnar sem settar eru á stig jafngildu því sem næst fram með 3. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/138/EB, og tryggi að við umtalsvert tap njóti vátryggingatakar og vátryggðir fullnægjandi verndar og haldi áfram að fá greiðslur um leið og þær falla í gjalddaga,

   v. krafa um að vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru hluti af samstæðunni viðhaldi lágmarksfjármagni, og sé henni ekki hlítt hrindi það af stað tafarlausu og endanlegu eftirlitsinngripi,

   vi. krafa um að samstæðan uppfylli gjaldþolskröfuna með gjaldþoli sem er af nægjanlegum gæðum og sem getur borið umtalsvert tap, og að þeir gjaldþolsliðir sem eftirlitsyfirvöldin telja vera af miklum gæðum skuli bera tap bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og ef félagi er slitið.

o) hvort gjaldþolskröfurnar í varfærnireglum þess þriðja lands séu áhættumiðaðar með það að markmiði að ná yfir mælanlega áhættu og, ef umtalsverð áhætta er ekki mælanleg og ekki hægt að ná yfir hana í gjaldþolskröfunum, hvort sú áhætta sé meðhöndluð með annarri eftirlitsráðstöfun,

p) hvort tímanleg íhlutun eftirlitsyfirvalda þriðja lands sé tryggð í varfærnireglum þess þriðja lands, ef gjaldþolskröfunni sem um getur iv. undirlið n-liðar er ekki hlítt,

q) hvort eftirlitsyfirvöld þriðja landsins takmarki notkun gjaldþolsliða tengds vátrygginga- eða endurtryggingafélags ef þau telja að ekki sé hægt að gera þá aðgengilega á skilvirkan hátt til að ná yfir gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins sem gjaldþolsstaða samstæðunnar er reiknuð út fyrir,

r) hvort útreikningur á gjaldþolsstöðu samstæðunnar í varfærnisreglum þriðja lands leiði til niðurstöðu sem er a.m.k. jafngild niðurstöðunni sem fæst með annarri hvorri reikniaðferðinni sem sett eru fram í 230. og 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eða samsetningu þeirra, og að sá útreikningur tryggi að engin tvínotkun sé á gjaldþoli til að uppfylla gjaldþolskröfu samstæðunnar og að fjármögnun innan samstæðunnar í gegnum gagnkvæma fjármögnun sé felld niður,

s) hvort kveðið sé á um í varfærnireglum þriðja lands að allir einstaklingar sem starfa eða sem hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands, sem og endurskoðendur og sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd þeirra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu og hvort slík þagnarskylda nái yfir upplýsingar sem fengnar eru frá öllum eftirlitsyfirvöldum,

t) hvort kveðið sé á um í varfærnireglum þriðja lands að, án þess að hafa áhrif á tilvik sem falla undir refsirétt, einstaklingar sem starfa eða hafa starfað fyrir eftirlitsyfirvöld þess þriðja lands ljóstri ekki upp neinum trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa fengið til nokkurs einstaklings eða yfirvalds, nema í formi samantektar eða útdráttar, þannig að ekki sé hægt að bera kennsl á einstök vátrygginga- og endurtryggingafélög,

u) hvort kveðið sé á um í varfærnisreglum þriðja lands, ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið til lögboðinnar slitameðferðar, skýra megi frá trúnaðarupplýsingum sem ekki snerta þriðju aðila sem viðriðnir eru tilraunir til að bjarga því félagi í einkamálum eða málum fyrir verslunarrétti,

v. hvort eftirlitsyfirvöld þriðja lands sem fá trúnaðarupplýsingar frá öðrum eftirlitsyfirvöldum noti þær upplýsingar eingöngu við skyldustörf sín og í einhverjum af eftirfarandi tilgangi:

   i. til að ganga úr skugga um að skilyrðin sem gilda um að stofnun rekstrar, stjórnkerfið, opinbera birtingu og gjaldþolsmat hafi verið uppfyllt,

   ii. til að beita viðurlögum,

   iii. í málskotum til æðra stjórnsýslustigs gegn ákvörðunum eftirlitsyfirvaldsins,

   iv. í málarekstri fyrir dómstóli sem varða gjaldþolsreglur í því þriðja landi.

w) hvort eftirlitsyfirvöldum þriðja lands sé heimilt að skiptast á upplýsingum sem þau fá frá eftirlitsyfirvöldum, þegar þau inna af hendi eftirlitshlutverk sitt eða uppgötva og rannsaka brot á félagarétti, með öðrum yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum þegar það yfirvald, aðili eða einstaklingur falla undir þagnarskyldu í viðkomandi þriðja landi og hvort þær upplýsingar séu eingöngu birtar þegar skýlaust samþykki eftirlitsyfirvaldsins þaðan sem þær eru upprunnar hefur fengist og, eftir því sem við á, hafa verið fengnar einvörðungu í þeim tilgangi sem yfirvaldið gaf samþykki sitt fyrir.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

381. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

———

I. VIÐAUKI

ATVINNUGREINAR

A. **Skaðatryggingaskuldbindingar**

1) *Vátrygging vegna sjúkrakostnaðar*

Vátryggingaskuldbindingar vegna sjúkrakostnaðar þegar undirliggjandi rekstur er ekki stundaður á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, aðrar en skuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugrein 3.

2) *Vátrygging vegna tekjuverndar*

Vátryggingaskuldbindingar vegna tekjuverndar þegar undirliggjandi rekstur er ekki stundaður á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, aðrar en skuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugrein 3.

3) *Vátrygging vegna launþegabóta*

Sjúkratryggingaskuldbindingar sem varða vinnuslys og atvinnusjúkdóma og þegar undirliggjandi rekstur er ekki stundaður á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging.

4) *Ábyrgðartrygging vegna ökutækja*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir allar bótaábyrgðir vegna notkunar ökutækja sem starfrækt eru á landi (þar með talin ábyrgð vegna flutninga).

5) *Önnur ökutækjatrygging*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir öll tjón eða töp á ökutækjum til notkunar á landi (þ.m.t. járnbrautarvögnum).

6) *Sjó-, flug- og flutningsvátrygging*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir öll tjón og töp á sjó-, vatna-, fljóta-, síkja- og loftförum, og tjón og töp á vörum í flutningi eða á farangri án tillits til flutningsmáta. Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir ábyrgðir vegna notkunar loft- og sjófara eða báta á sjó, vötnum, fljótum eða síkjum (þ.m.t ábyrgð vegna flutninga).

7) *Vátrygging vegna bruna og annars eignatjóns*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir öll tjón og töp á eignum öðrum en þeim sem innifaldar eru í atvinnugreinum 5 og 6 vegna bruna, sprenginga, náttúruafla, þ.m.t. storms, hagléls eða frosts, kjarnorku, landsigs og sérhvers atburðar eins og þjófnaðar.

8) *Almenn ábyrgðartrygging*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir allar ábyrgðir aðrar en þær í atvinnugreinum 4 og 6.

9) *Greiðslu- og efndavátrygging*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir ógjaldfærni, útflutningslán, afborgunarlán, veðlán, landbúnaðarlán og beinar og óbeinar ábyrgðarskuldbindingar.

10) *Trygging í tengslum við málsvarnarkostnað*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir kostnað vegna málsvarnar og kostnað vegna málaferla

11) *Aðstoðartrygging*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir aðstoð við einstaklinga sem lenda í erfiðleikum á ferðalögum, að heiman eða fjarri föstum búsetustað sínum.

12) *Ýmiss konar fjárhagstjón*

Vátryggingaskuldbindingar sem ná yfir atvinnuleysisáhættu, ónógar tekjur, slæmt veður, tap á ábata, viðvarandi almenn útgjöld, ófyrirséð viðskiptaútgjöld, tap vegna lækkunar á markaðsvirði, leigu- eða tekjutap, óbein viðskiptatöp önnur en þau sem nefnd eru að ofan, annað fjárhagstjón (ekki viðskiptalegt), sem og sérhver önnur áhætta skaðatrygginga sem atvinnugreinar 1 til 11 ná ekki yfir.

B. **Hlutfallslegar skaðaendurtryggingaskuldbindingar**

Atvinnugreinar 13 til 24 skulu innihalda hlutfallslegar skaðaendurtryggingaskuldbindingar sem varða skuldbindingarnar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 1 til 12 eftir því sem við á.

C. **Óhlutfallslegar skaðaendurtryggingaskuldbindingar**

25) *Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging*

Óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 1 til 3.

26) *Óhlutfallsleg slysaendurtrygging*

Óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 4 til 8.

27) *Óhlutfallsleg sjó-, flug- og flutningsendurtrygging*

Óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugrein 6.

28) *Óhlutfallsleg eignaendurtrygging*

Óhlutfallslegar endurtryggingaskuldbindingar sem varða vátryggingaskuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 5, 7 og 9 – 12.

D. **Líftryggingaskuldbindingar**

29) *Sjúkratrygging*

Sjúkratryggingaskuldbindingar þar sem undirliggjandi rekstur er stundaður á svipuðum tæknilegum grunni og líftrygging, aðrar en þær sem innifaldar eru í atvinnugrein 33.

30) *Vátrygging með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum*

Vátryggingaskuldbindingar með ágóðahlutdeild frá endurtryggjendum, aðrar en skuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 33 og 34.

31) *Vísitölu- og sjóðstengd vátrygging*

Vátryggingaskuldbindingar með vísitölu- og sjóðstengdum ábata, aðrar en þær sem innifaldar eru í atvinnugreinum 33 og 34.

32) *Aðrar líftryggingar*

Aðrar líftryggingaskuldbindingar, aðrar en skuldbindingar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 29 – 31, 33 og 34.

33) *Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og varðar sjúkratryggingaskuldbindingar*

34) *Lífeyrir sem stafar frá skaðatryggingasamningum og varðar tryggingaskuldbindingar aðrar en sjúkratryggingaskuldbindingar*

E. **Lífendurtryggingaskuldbindingar**

35) *Sjúkraendurtrygging*

Endurtryggingaskuldbindingar sem varða skuldbindingarnar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 29 og 33.

36) *Lífendurtrygging*

Endurtryggingaskuldbindingar sem varða skuldbindingarnar sem innifaldar eru í atvinnugreinum 30 – 32 og 34.

———

II. VIÐAUKI

LAGSKIPTING SKAÐA- OG ENDURTRYGGINGASKULDBINDINGA OG STAÐALFRÁVIK FYRIR UNDIREININGU IÐGJALDA- OG VARASJÓÐSÁHÆTTU SKAÐATRYGGINGA

	Hluti	Atvinnugreinar, eins og sett er fram í I. viðauka, sem hlutinn samanstendur af	Staðalfrávik fyrir verga iðgjaldaáhættu hlutans	Staðalfrávik fyrir varasjóðsáhættu hlutans
1	Ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging vélknúinna ökutækja	4 og 16	10%	9%
2	Önnur ökutækjatrygging og hlutfallsleg endurtrygging	5 og 17	8%	8%
3	Sjó-, flug- og flutningstrygging og hlutfallsleg endurtrygging	6 og 18	15%	11%
4	Bruna- og önnur eignatjónstrygging og hlutfallsleg endurtrygging	7 og 19	8%	10%
5	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	8 og 20	14%	11%
6	Greiðslu- og efndatrygging og hlutfallsleg endurtrygging	9 og 21	12%	19%
7	Trygging í tengslum við málsvarnarkostað og hlutfallsleg endurtrygging	10 og 22	7%	12%
8	Aðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging hennar	11 og 23	9%	20%
9	Vátrygging vegna ýmiss konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging	12 og 24	13%	20%
10	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging	26	17%	20%
11	Óhlutfallsleg sjó-, flug- og flutningsendur-trygging	27	17%	20%
12	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging	28	17%	20%

III. VIÐAUKI

STUÐULL FYRIR LANDFRÆÐILEGA FJÖLÞÆTTINGU IÐGJALDA- OG VARASJÓÐSÁHÆTTU

1. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. og XIV. viðauka skal stuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu ákveðins hluta *s* sem um getur í 116. og 147. gr. vera jafn eftirfarandi:

$$DIV_s = \frac{\sum_r (V_{(prem,r,s)} + V_{(res,r,s)})^2}{(\sum_r (V_{(prem,r,s)} + V_{(res,r,s)}))^2}$$

þar sem:

a) hver samtala nær yfir öll landfræðileg svæði sem sett eru fram í 8. mgr.,

b) *V(prem,r,s)* táknar magnmælinguna fyrir iðgjaldaáhættu hlutar *s* og landsvæðis *r*,

c) *V(res,r,s)* táknar magnmælingu fyrir varasjóðsáhættu hlutar *s* og landsvæðis *r*.

2. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. og XIV. viðaukum og öll landfræðileg svæði sem sett eru fram í 8. mgr., skal magnmælingin fyrir iðgjaldaáhættu ákveðins hluta *s* og ákveðins landsvæðis *r* vera reiknað út á sama hátt og magnmælingin fyrir iðgjaldaáhættu skaðatryggingar eða heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutanum *s* eins og um getur í 116. og 147. gr., en eingöngu að teknu tilliti til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þegar undirliggjandi áhætta er staðsett á landsvæði *r*.

3. Fyrir alla hluta sem settir eru fram í II. og XIV. viðauka og öll landfræðileg svæði sem sett eru fram í 8. mgr., skal magnmælingin fyrir varasjóðsáhættu ákveðins hluta *s* og ákveðins landsvæðis *r* vera reiknað út á sama hátt og magnmælingin fyrir varasjóðsáhættu skaðatryggingar eða heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, á hlutanum *s* eins og um getur í 116. og 147. gr., en eingöngu að teknum tilliti til vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga þegar undirliggjandi áhætta er staðsett á landsvæði *r*.

4. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 2. og 3. mgr., skal viðmiðuninni sem sett er fram í 13. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef um er að ræða skaðatryggingu, og viðmiðuninni sem sett er fram í 14. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB ef um er að ræða líftryggingu, vera beitt eins og tilvísanir til aðildarríkja í þessum viðmiðunum nái einnig yfir landsvæði.

5. Þrátt fyrir 1. mgr., skal stuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu vera jafn 1 fyrir hluta 6, 10, 11 og 12 sem settir eru fram í II. viðauka og fyrir hluta 4 sem settur er fram í XIV. viðauka.

6. Þrátt fyrir 1. mgr., skal stuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu fyrir hluta sem settur eru fram í II. viðauka vera jafn 1, ef vátrygginga- og endurtryggingafélög nota eigin stika vátryggingafélags fyrir staðalfrávikið á hlutanum fyrir iðgjaldaáhættu skaðatryggingar eða varasjóðsáhættu skaðatryggingar til að reikna út undireiningu iðgjalda- og varasjóðsáhættu skaðatryggingar.

7. Þrátt fyrir 1. mgr., skal stuðullinn fyrir landfræðilega fjölþættingu fyrir hluta sem settur er fram í XIV. viðauka vera jafn 1, ef vátrygginga- og endurtryggingafélög nota eigin stika vátryggingafélags fyrir staðalfrávikið á hlutanum fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, eða varasjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, til að reikna út undireiningu iðgjalda- og varasjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

8. Landsvæði fyrir útreikninginn á stuðlinum fyrir landfræðilega fjölþættingu

	Landsvæði	Svæðin sem landsvæðin samanstanda af
1	Norður-Evrópa	Danmörk (að undanskildu Grænlandi), Eistland, Finnland, Guernsey, Ísland, Írland, Mön, Jersey, Lettland, Litáen, Noregur, Svíþjóð, Bretland (að undanskildu Angvilla, Bermúda, Bresku Jómfrúaeyjar, Cayman-eyjar, Falklandseyjar, Gíbraltar, Montserrat, Pitcairn, Sankti Helenu, Turks- og Caicos-eyjar)
2	Vestur-Evrópa	Austurríki, Belgía, Frakkland (að undanskildum Frönsku Gvæjana, Frönsku Pólýnesíu, Gvadelúpeyjum, Martiník, Mayotte, Nýju-Kaledóníu, Réunion, Sankti Bartólómeusareyjum, Sankti Martin, Sankti Pierre og Miquelon, Wallis- og Fútúnaeyjum), Þýskaland, Liechtenstein, Lúxemborg, Mónakó, Holland (að undanskildum Arúba, Bonaire, Curaçao, Saba, Sankti Estatíuseyju, Sankti Martin), Sviss
3	Austur-Evrópa	Belarús, Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Moldóva, Pólland, Rúmenía, Rússland, Slóvakía, Úkraína

	Landsvæði	Svæðin sem landsvæðin samanstanda af
4	Suður-Evrópa	Albanía, Andorra, Bosnía og Hersegóvína, Króatía, Kýpur, Makedónía (Fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu), Gíbraltar, Grikkland, Ítalía, Malta, Montenegró (Svartfjallaland), Portúgal, San Marínó, Serbía, Slóvenía, Spán, Páfagarður (Vatíkanið)
5	Mið- og Vestur-Asía	Armenía, Aserbaísjan, Barein, Georgía, Írak, Ísrael, Jórdanía, Kasakstan, Kúveit, Kirgistan, Líbanon, Óman, Katar, Sádi-Arabía, Sýrland, Tadsíkistan, Tyrkland, Túrkmenistan, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Úsbekistan, Jemen
6	Austur-Asía	Kína, Japan, Mongólía, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taívan
7	Suður- og suðaustur-Asía	Afganistan, Bangladess, Bútan, Brúnei, Myanmar (Mjanmar), Kambódía, Indland, Indónesía, Íran, Laos, Malasía, Maldívur, Nepal, Pakistan, Filippseyjar, Singapúr, Srí Lanka, Taíland, Austur-Tímor, Víetnam
8	Eyjaálfa	Bandaríska Samóa, Ástralía, Cooks-eyjar, Fiji, Franska Pólýnesía, Gvam, Kíribatí, Marshall-eyjar, Míkrónesía, Naúrú, Nýja-Kaledónía, Nýja-Sjáland, Niue, Norður-Maríanaeyjar, Palaú, Papúa Nýja-Gínea, Pitcairn, Samóa, Salómonseyjar, Tonga, Túvalú, Vanúatú, Wallis- og Fútúnaeyjar
9	Norður-Afríka	Alsír, Benín, Búrkína Fasó, Kamerún, Grænhöfðaeyjur, Mið-Afríkulýðveldið, Chad, Fílabeinsströndin, Egyptaland, Gambía, Gana, Gínea, Gínea-Bissaú, Líbería, Líbía, Malí, Máritanía, Marokkó, Níger, Nígería, Sankti Helena, Senegal, Síerra Leóne, Suður-Súdan, Súdan, Tógó, Túnis
10	Suður-Afríka	Angóla, Botsvana, Búrúndí, Kómorur, Lýðveldið Kongó, Djibútí, Miðbaugs-Gínea, Eritrea, Eþíópía, Gabon, Kenya, Lesótó, Madagaskar, Malaví, Máritíus, Mayotte, Mósambík, Namibía, Kongó, Réunion, Saó Tóme og Prinsípe, Seychelles-eyjar, Sómalía, Suður-Afríka, Svasíland, Úganda, Tansanía, Zambia, Zimbabwe
11	Norður-Ameríka að undanskildum Bandaríkjunum	Bermúdaeyjar, Kanada, Grænland, Sankti Pierre og Miquelon
a) „Tjónaár“: að því er varðar greiðslu á vátrygginga- eða endurtryggingakröfu, árið sem tryggði viðburðurinn sem leiddi til þeirrar kröfu átti sér stað,

b) „uppgjörsár“: að því er varðar greiðslu á vátrygginga- eða endurtryggingakröfu, mismunur á greiðsluári og tjónaári þeirrar greiðslu,

c) „tilkynningarár“: að því er varðar greiðslu á vátrygginga- eða endurtryggingakröfu, árið sem tryggði viðburðurinn sem leiddi til þeirrar kröfu var tilkynntur vátrygginga- eða endurtryggingafélagi,

d) „fjárhagsár“: að því er varðar greiðslu á vátrygginga- eða endurtryggingakröfu, árið sem þessi greiðsla átti sér stað.

2) Að því er varðar þennan viðauka, táknar „hluti *s*“ hlutann sem eigin stiki vátryggingafélags er ákvarðaður fyrir, sem er einn af hlutunum sem settir eru fram í II. viðauka eða einn af hlutunum sem settir eru fram í XIV. viðauka.

B. **Iðgjaldaáhættuaðferð**

Ílagsgögn og sértækar gagnakröfur

1) Gögnin til að meta eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins á hluta *s* skulu samanstanda af eftirfarandi:

a) greiðslum sem gerðar hafa verið og besta mati á niðurfærslunni fyrir útistandandi kröfur í hluta *s*, eftir fyrsta uppgjörsárið á tjónaárinu fyrir þessum kröfum (samanlögð töp),

b) iðgjaldatekjum í hluta *s*.

Þessi samanlögðu töp og iðgjaldatekjur skulu vera tiltæk aðgreind fyrir hvert tjónaár fyrir vátrygginga- og endurtryggingakröfurnar í hluta *s*.

2) Eftirfarandi sértækar gagnakröfur skulu gilda:

a) gögnin eru dæmigerð fyrir iðgjaldaáhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er óvarið fyrir næstu tólf mánuði,

b) gögn eru tiltæk fyrir a.m.k. fimm samfelld tjónaár,

c) ef iðgjaldaáhættuaðferðinni er beitt til að koma í staðinn fyrir staðalstikana sem um getur í i. undirlið a-liðar og i. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr., eru samanlögð töp og iðgjaldatekjur ekki aðlagaðar fyrir fjárhæð sem er endurheimtanleg frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang eða endurtryggingaiðgjöldum,

d) ef iðgjaldaáhættuaðferðinni er beitt til að koma í staðinn fyrir staðalstikana sem um getur í ii. undirlið a-liðar og ii. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr.:

i. samanlögð töp eru aðlöguð fyrir endurheimtlegar fjárhæðir frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang, sem eru í samræmi við endurtryggingarsamninga og félög með sérstakan tilgang, sem til staðar eru til að veita vernd næstu tólf mánuði,

ii. iðgjaldatekjur eru aðlagaðar fyrir endurtryggingaiðgjöld, sem eru í samræmi við endurtryggingarsamninga og félög með sérstakan tilgang, sem til staðar eru til að veita vernd næstu tólf mánuði.

e) samanlögð töp eru aðlöguð fyrir hamfarakröfur að því marki að áhættan af þessum kröfum er endurspegluð í undireiningum hamfaraáhættu í skaða- eða heilsutryggingum,

f) samanlögð töp innihalda útgjöldin sem stofnað er til við að þjónusta vátrygginga- og endurtrygginga-skuldbindingar,

g) gögnin falla að eftirfarandi forsendum:

i. vænt samanlögð töp í tilteknum hluta og tjónaári eru hlutfallslega línuleg við iðgjaldatekjur á ákveðnu tjónaári,

ii. breytileiki samanlagðra tapa í tilteknum hluta og tjónaári eru fjórðungshluti iðgjaldatekja á ákveðnu tjónaári,

iii. samanlögð töp fylgja log-normaldreifingu,

iv. mat sem byggir á hámarkslíkindum er viðeigandi.

Aðferðalýsing

3) Að því er varðar 4.-6. mgr., skal eftirfarandi táknun beitt:

a) tjónaár eru táknuð með númeraröð sem byrjar á 1 fyrir fyrsta tjónaárið sem gögn eru tiltæk um,

b) *T* táknar síðasta tjónaárið sem gögn eru tiltæk um,

c) fyrir öll tjónaár, eru samanlögðu töpin í hluta *s* á ákveðnu tjónaári *t* táknuð með y_t,

d) fyrir öll tjónaár eru iðgjaldatekjurnar í hluta *s* á ákveðnu tjónaári *t* táknuð með x_t.

4) Eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins á hluta *s* skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_{(prem,s,USP)} = c \cdot \hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma}) \cdot \sqrt{\frac{T+1}{T-1}} + (1-c) \cdot \sigma_{(prem,s)}$$

Þar sem:

a) *c* táknar trúverðugleikastuðulinn sem settur er fram í þætti G,

b) $\hat{\sigma}$ táknar staðalfráviksfallið sem sett er fram í 5. mgr.,

c) δ táknar samsetta stikann sem settur er fram í 6. mgr.,

d) γ táknar lograðan frávikssstuðul sem settur er fram í 6. mgr.

e) $\sigma_{(prem,s)}$ táknar staðalstikann sem skipta ætti út með eigin stika vátryggingafélagsins.

5) Staðalfráviksfallið skal vera jafnt eftirfarandi falli tveggja breyta:

$$\hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma}) = \exp\left(\hat{\gamma} + \frac{\frac{1}{2}T + \sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma}) \cdot \ln\left(\frac{y_t}{x_t}\right)}{\sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})}\right)$$

Þar sem:

a) δ og γ eru skilgreind í c- og d-liðum 4. mgr.,

b) *exp* táknar veldisfallið,

c) *ln* táknar náttúrulega logrann,

d) π_t táknar eftirfarandi fall af tveim breytum:

$$\pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma}) = \frac{1}{\ln\left(1 + \left(\left(1-\hat{\delta}\right) \cdot \frac{\bar{x}}{x_t} + \hat{\delta}\right) \cdot e^{2\cdot\hat{\gamma}}\right)}$$

Þar sem:

i. δ og γ eru skilgreind í c- og d-liðum 4. mgr.,

ii. $\bar{x}$ táknar eftirfarandi fjárhæð:

$$\bar{x} = \frac{1}{T} \cdot \sum_{t=1}^{T} x_t$$

6) Samsetti stikinn og lografrávikstuðullinn skulu vera virðin δ og γ eftir því sem við á, þar sem eftirfarandi fjárhæð verður lágmark:

$$\sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma}) \left(\ln\left(\frac{y_t}{x_t}\right) + \frac{1}{2 \cdot \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})} + \hat{\gamma} - \ln\left(\hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma})\right) \right)^2 - \sum_{t=1}^{T} \ln\left(\pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})\right)$$

þar sem:

a) *ln* táknar náttúrulega lograng,

b) π_t táknar fallið sem sett er fram í d-lið 5. mgr.,

c) $\hat{\sigma}$ táknar staðalfráviksfallið sem sett er fram í 5. mgr.,

d) $\bar{x}$ táknar eftirfarandi fjárhæð:

$$\bar{x} = \frac{1}{T} \cdot \sum_{t=1}^{T} x_t$$

Við ákvörðun á lágmarksfjárhæðinni, skal ekki gert ráð fyrir virðum fyrir samsetta stikann lægri en núll eða hærri en 1.

C. **Sjóðsáhættuaðferð 1**

Ílagsgögn og sértækar gagnakröfur

1) Gögnin til að meta eigið staðalfrávik vátryggingafélags á hluta *s* fyrir sjóðsáhættu skaðatryggingar eða sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skulu samanstanda af eftirfarandi:

a) samtölu besta mats á niðurfærslunni við lok fjárhagsársins fyrir kröfur sem voru útistandandi í hluta *s* í upphafi fjárhagsársins og greiðslurnar sem gerðar voru yfir fjárhagsárið fyrir kröfur sem voru útistandandi í hluta *s* við upphaf fjárhagsársins,

b) besta mati á niðurfærslunni fyrir útistandandi kröfur í hluta *s* við upphaf fjárhagsársins.

Fjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið skulu vera tiltækar aðgreindar fyrir mismunandi fjárhagsár.

2) Eftirfarandi sértækar gagnakröfur skulu gilda:

a) gögnin séu dæmigerð fyrir sjóðsáhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er óvarið fyrir næstu tólf mánuði,

b) gögn séu tiltæk fyrir a.m.k. fimm samfelld fjárhagsár,

c) gögnin séu aðlöguð fyrir endurheimtanlegar fjárhæðir frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang, sem eru í samræmi við endurtryggingarsamninga og félög með sérstakan tilgang, sem til staðar eru til að veita vernd næstu tólf mánuði,

d) gögnin innihaldi útgjöldin sem stofnað er til við að þjónusta vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingarnar,

e) gögnin falli að eftirfarandi forsendum:

i. fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. a í þeim ákveðna hluta og fjárhagsári er hlutfallslega línuleg við besta mat á niðurfærslunni fyrir útistandandi kröfur í þeim ákveðna hluta og fjárhagsári,

ii. dreifni fjárhæðarinnar sem um getur í 1. mgr. a í ákveðnum hluta og fjárhagsári er fjórðungshluti af niðurfærslunni fyrir útistandandi kröfur í ákveðnum hluta og fjárhagsári,

iii. fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. a fylgir log-normaldreifingu,

iv. mat sem byggir á hámarkslíkindum er viðeigandi.

Aðferðalýsing

3) Að því er varðar 4.–6. mgr., skal eftirfarandi táknun beitt:

a) fjárhagsár eru táknuð með númeraröð sem byrjar á 1 fyrir fyrsta fjárhagsárið sem gögn eru tiltæk um,

b) *T* táknar síðasta fjárhagsárið sem gögn eru tiltæk um,

c) fyrir öll fjárhagsár, er fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. a í hluta *s* á ákveðnu fjárhagsári *t* táknuð með y_t,

d) fyrir öll fjárhagsár, er besta matið á niðurfærslunni fyrir útistandandi kröfur í hluta *s* á ákveðnu fjárhagsári *t* táknuð með x_t.

4) Eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins á hluta *s* fyrir sjóðsáhættu skaðatryggingar eða sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_{(res,s,USP)} = c \cdot \hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma}) \cdot \sqrt{\frac{T+1}{T-1}} + (1-c) \cdot \sigma_{(res,s)}$$

Þar sem:

a) *c* táknar trúverðugleikastuðulinn sem settur er fram í þætti G,

b) $\hat{\sigma}$ táknar staðalfráviksfallið sem sett er fram í 5. mgr.,

c) δ táknar samsetta stikann sem settur er fram í 6. mgr.,

d) γ táknar lografrávikssstuðulinn sem settur er fram í 6. mgr.,

e) $\sigma_{(prem,s)}$ táknar staðalstikann sem skipta ætti út með eigin stika vátryggingafélagsins.

5) Staðalfráviksfallið skal vera jafnt eftirfarandi falli tveggja breyta:

$$\hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma}) = \exp\left(\hat{\gamma} + \frac{\frac{1}{2}T + \sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma}) \cdot \ln\left(\frac{y_t}{x_t}\right)}{\sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})}\right)$$

Þar sem:

a) δ og γ eru skilgreind í c- og d-liðum 4. mgr.,

b) *exp* táknar veldisfallið,

c) *ln* táknar náttúrulega logrann,

d) π_t táknar eftirfarandi fall af tve;im breytum:

$$\pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma}) = \frac{1}{\ln\left(1 + \left((1-\hat{\delta}) \cdot \frac{\bar{x}}{x_t} + \hat{\delta}\right) \cdot e^{2\cdot\hat{\gamma}}\right)}$$

Þar sem:

i. δ og eru skilgreind í c- og d-liðum 4. mgr.,

ii. $\bar{x}$ táknar eftirfarandi fjárhæð:

$$\bar{x} = \frac{1}{T} \cdot \sum_{t=1}^{T} x_t$$

6) Samsetti stikinn og lografrávikssstuðullinn skulu vera virðin $\hat{\delta}$ og $\hat{\gamma}$ eftir því sem við á, þar sem eftirfarandi fjárhæð verður lágmark:

$$\sum_{t=1}^{T} \pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})\left(\ln\left(\frac{y_t}{x_t}\right)+\frac{1}{2\cdot\pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})}+\hat{\gamma}-\ln\left(\hat{\sigma}(\hat{\delta},\hat{\gamma})\right)\right)^2-\sum_{t=1}^{T}\ln\left(\pi_t(\hat{\delta},\hat{\gamma})\right)$$

Þar sem:

a) *ln* táknar náttúrulega lograng,

b) π_t táknar fallið sem sett er fram í c-lið 5. mgr.,

c) $\hat{\sigma}$ táknar staðalfráviksfallið sem sett er fram í 5. mgr.,

d) $\overline{x}$ táknar eftirfarandi fjárhæð:

$$\overline{x}=\frac{1}{T}\cdot\sum_{t=1}^{T}x_t$$

Við ákvörðun á lágmarksfjárhæðinni skal ekki gert ráð fyrir virðum fyrir samsetta stikann sem eru lægri en núll eða hærri en 1.

D. **Sjóðsáhættuaðferð 2**

Ílagsgögn og sértækar gagnakröfur

1) Gögnin til að meta eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins fyrir frávik á hluta *s* fyrir sjóðsáhættu skaðatryggingar eða sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skulu samanstanda af uppsöfnuðum greiðslum vegna vátrygginga- eða endurtryggingakrafna í hluta *s* (uppsafnaðar kröfufjárhæðir), aðgreindar fyrir hvert tjónaár og uppgjörsár á greiðslunum.

2) Eftirfarandi sértækar gagnakröfur skulu gilda:

a) gögnin eru dæmigerð fyrir sjóðsáhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er óvarið fyrir næstu tólf mánuði,

b) gögn eru tiltæk fyrir a.m.k. fimm samfelld tjónaár,

c) á fyrsta tjónaári séu gögn tiltæk fyrir a.m.k. fimm samfelld uppgjörsár,

d) á fyrsta tjónaári innihaldi uppsafnaða greiðslan á síðast uppgjörsári sem gögn eru tiltæk um, allar greiðslurnar á tjónaárinu að undanskilinni smávægilegri fjárhæð,

e) fjöldi samfelldra tjónaára sem gögn eru tiltæk um, sé ekki minni en fjöldi samfelldra uppgjörsára, á fyrsta tjónaárinu sem gögn eru tiltæk um,

f) uppsöfnuðu kröfurnar séu aðlagaðar fyrir endurheimtlegar fjárhæðir frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang, sem eru í samræmi við endurtryggingarsamninga og félög með sérstakan tilgang, sem til staðar eru til að veita vernd næstu tólf mánuði,

g) uppsöfnuðu kröfurnar skulu innihalda útgjöldin sem stofnað er til við að þjónusta vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingarnar,

h) gögnin séu í samræmi við eftirfarandi forsendur um tilviljunarkennt eðli uppsafnaðra krafna:

i. uppsafnaðar kröfur fyrir mismunandi tjónaár eru innbyrðis óháðar á tilviljunarkenndan hátt,

ii. fyrir öll tjónaár eru hinar stighækkandi kröfur sem gengið er út frá óháðar á tilviljunarkenndan hátt,

iii. fyrir öll tjónaár er vænta virðið á uppsöfnuðu kröfunum fyrir uppgjörsár í réttu hlutfalli við uppsöfnuðu kröfurnar fyrir uppgjörsárið á undan,

iv. fyrir öll tjónaár er dreifnin á uppsöfnuðu kröfunum fyrir uppgjörsár í réttu hlutfalli við uppsöfnuðu kröfurnar fyrir næstliðið uppgjörsár.

Að því er varðar d-lið skal greiðsla vera talin veruleg ef það að horfa framhjá henni í útreikningi á eigin stika vátryggingafélagsins gæti haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat notenda þeirra upplýsinga, þ.m.t. eftirlitsyfirvaldanna.

Aðferðalýsing

3) Að því er varðar 4. og 5. mgr., skal eftirfarandi táknun beitt:

a) tjónaárin eru táknuð með númeraröð sem byrjar á 0 fyrir fyrsta tjónaárið sem gögn eru tiltæk um,

b) *I* táknar síðasta tjónaárið sem gögn eru tiltæk um,

c) *J* táknar síðasta uppgjörsárið á fyrsta tjónaári sem gögn eru tiltæk um,

d) $C_{(i,j)}$ táknar uppsafnaðar kröfur fyrir tjónaár *i* og uppgjörsár *j*.

4) Eigið staðalfrávik vátryggingafélagsins á hluta *s* fyrir sjóðsáhættu skaðatryggingar eða sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging, skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\sigma_{(res,s,USP)} = c \cdot \frac{\sqrt{MSEP}}{\sum_{i=0}^{I}\left(\hat{C}_{(i,J)} - C_{(i,I-i)}\right)} + (1-c)\cdot\sigma_{(res,s)}$$

Þar sem:

a) *c* táknar trúverðugleikastuðulinn sem settur er fram í þætti G,

b) *MSEP* táknar kvaðratmeðaltal spáskekkjunnar eins og tilgreint er í 5. mgr.,

c) fyrir öll tjónaár og uppgjörsár, $\hat{C}_{(i,j)}$ táknar áætlaðar uppsafnaðar kröfur fyrir ákveðið tjónaár *i* og uppgjörsár *j*, skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$\hat{C}_{(i,j)} = C_{(i,I-i)}\hat{f}_{I-i}\cdots\hat{f}_{j-2}\hat{f}_{j-1}$$

þar sem fyrir öll uppgjörsár, $\hat{f}_j$ táknar áætlaðan þróunarstuðul á ákveðnu uppgjörsári *j*, skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$\hat{f}_j = \frac{\sum_{i=0}^{I-j-1} C_{(i,j+1)}}{\sum_{i=0}^{I-j-1} C_{(i,j)}}$$

d) $\sigma_{(res,s)}$ táknar staðalstikann á hluta *s* fyrir sjóðsáhættu skaðatryggingar eða sjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

5) Kvaðratmeðaltal spáskekkjunnar skal vera jafnt eftirfarandi:

$$MSEP = \sum_{i=1}^{I}\hat{C}_{(i,J)}^2 \cdot \frac{\hat{Q}_{I-i}}{C_{(i,I-i)}} + \sum_{i=1}^{I}\sum_{k=1}^{I}\hat{C}_{(i,J)}\cdot\hat{C}_{(k,J)}\cdot\left(\frac{\hat{Q}_{I-i}}{S_{I-i}} + \sum_{j=I-i+1}^{J-1}\frac{C_{(I-j,j)}}{S'_j}\cdot\frac{\hat{Q}_j}{S_j}\right)$$

Þar sem:

a) fyrir öll tjónaár og uppgjörsár, $\hat{C}_{(i,j)}$ tákna áætlaðar uppsafnaðar kröfur á ákveðnu tjónaári *i* og uppgjörsár *j*, eins og sett er fram í 4. mgr. c,

b) fyrir öll uppgjörsár, táknar S_j fyrir ákveðið uppgjörsár *j* eftirfarandi fjárhæð:

$$S_j = \sum_{i=0}^{I-j-1} C_{(i,j)}$$

c) fyrir öll uppgjörsár, táknar S'_j fyrir ákveðið uppgjörsár *j* eftirfarandi fjárhæð:

$$S'_j = \sum_{i=0}^{I-j} C_{(i,j)}$$

d) fyrir öll uppgjörsár, $\hat{Q}_j$ táknar eftirfarandi fjárhæð fyrir ákveðið uppgjörsár *j*:

$$\hat{Q}_j = \frac{\hat{\sigma}_j^2}{\hat{f}_j^2}$$

Þar sem:

i. $\hat{f}_j$ táknar áætlaðan þróunarstuðul uppgjörsárs *j* eins og sett er fram í 4. mgr. c,

ii. $\hat{\sigma}_j^2$ táknar eftirfarandi fjárhæð:

$$\hat{\sigma}_j^2 = \frac{1}{I-j-1}\sum_{i=0}^{I-i-1} C_{(i,j)}\left(\frac{C_{(i,j+1)}}{C_{(i,j)}} - \hat{f}_j\right)^2 \qquad j = 0,\ldots,(J-2)$$

$$\hat{\sigma}_j^2 = \min\left(\hat{\sigma}_{J-2}^2, \hat{\sigma}_{J-3}^2, \frac{\hat{\sigma}_{J-2}^4}{\hat{\sigma}_{J-3}^2}\right) \qquad j = (J-1)$$

E. **Endurmatsáhættuaðferð**

Ílagsgögn og sértækar gagnakröfur

1) Gögnin til að meta eigin hækkun vátryggingarfélags á lífeyrisbótum skulu samanstanda af árlegum fjárhæðum lífeyrisbóta vegna lífeyristryggingaskuldbindinga þar sem greiddar bætur gætu hækkað sem afleiðing af breytingum í lagaumhverfinu eða heilsufari tryggða einstaklingsins (lífeyrisbætur), aðgreindum fyrir samfelld fjárhagsár og eftir vátryggðum.

2) Eftirfarandi sértækar gagnakröfur skulu gilda:

a) gögnin eru dæmigerð fyrir endurmatsáhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er útsett fyrir næstu tólf mánuði,

b) gögn eru tiltæk fyrir a.m.k. fimm samfelld fjárhagsár,

c) lífeyrisbæturnar eru brúttó, án frádráttar endurheimtanlegu fjárhæðanna frá endurtryggingasamningum og félögum með sérstakan tilgang,

d) lífeyrisbæturnar skulu innihalda útgjöldin sem stofnað er til við að þjónusta lífeyrisskuldbindingarnar,

e) gögnin eru í samræmi við eftirfarandi forsendur um tilviljunarkennt eðli hækkana á lífeyrisbótum:

i. árlegur fjöldi lífeyrishækkana fylgir neikvæðri tvíliða dreifingu, þ.m.t. í hala dreifingarinnar,

ii. lífeyrishækkunin fylgir log-normaldreifingu, þ.m.t. í hala dreifingarinnar,

iii. árlegur fjöldi lífeyrishækkana og fjárhæð lífeyrishækkunarinnar eru óháðar á tilviljunarkenndan hátt.

Aðferðalýsing

3) Að því er varðar 4.–8. mgr., skal eftirfarandi táknun beitt:

a) fjárhagsár eru táknuð með númeraröð sem byrjar á 1 fyrir fyrsta fjárhagsárið sem gögn eru tiltæk um,

b) *T* táknar síðasta fjárhagsárið sem gögn eru tiltæk um,

c) $A_{(i,t)}$ táknar lífeyrisbætur rétthafa *i* á fjárhagsári *t*,

d) $D_{(i,t)}$ táknar breytinguna á lífeyrisbótum eftir fjárhagsár *t*, sem er jafnt eftirfarandi mismun:

$$D_{(i,t)} = A_{(i,t)} - A_{(i,t-1)}$$

4) Eigin hækkun vátryggingafélags á lífeyrisbótum skal vera jöfn eftirfarandi:

$$S_{USP} = c \cdot \frac{VaR_{0,995}(R) - \overline{R}}{\overline{R}} + (1 - c) \cdot S$$

þar sem:

a) *c* táknar trúverðugleikastuðulinn sem settur er fram í þætti G,

b) $\overline{R}$ táknar vænta virðið á lífeyrishækkunum sem sett er fram í 5. mgr.,

c) $VaR_{0,995}(R)$ táknar 99,5% hlutfallsmarkið á dreifingu lífeyrishækkana sem settar eru fram í 6. mgr.,

d) *S* er jafnt 3% þegar útreikningurinn er gerður að því er varðar undireiningu endurmatsáhættu sem sett er fram í 141. gr. og jafnt 4% þegar útreikningurinn er gerður að því er varðar undireiningu endurmatsáhættu heilsutrygginga sem sett er fram í 158. gr.

5) Vænt virði lífeyrishækkana skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\overline{R} = \overline{X} \cdot \overline{N}$$

þar sem:

a) $\overline{X}$ táknar áætlaða meðaltalsbreytingu á lífeyrisbótum, takmarkaða við þær breytingar á lífeyrisbótum sem eru stærri en núll,

b) $\overline{N}$ táknar áætlaðan meðaltalsfjölda, á hverju fjárhagsári, breytinga á lífeyrisbótum sem eru stærri en núll.

6) Lífeyrishækkanirnar skulu vera jafnar eftirfarandi:

$$R = \sum_{k=1}^{N} X_k$$

þar sem:

a) *N* táknar árlegan fjölda lífeyrishækkana og fylgir neikvæðri tvíliða dreifingu með væntu virði sem er jafnt áætlaða fjöldanum á breytingum á lífeyrisbótum sem settar eru fram í b-lið 5. mgr. og með staðalfrávik sem er jafnt áætlaða staðalfrávikinu á fjölda breytinganna á lífeyrisbótum sem settar eru fram í 7. mgr.,

b) X_k táknar árlega lífeyrishækkun og fylgir log-normaldreifingu með væntu virði sem er jafnt áætlaðri meðaltals-breytingu á lífeyrisbótum sem settar eru fram í a-lið 5. mgr. og með staðalfrávik sem er jafnt áætluðu staðalfráviki á breytingum lífeyrisbóta sem settar eru fram í 8. mgr.,

c) árlegur fjöldi lífeyrishækkana og lífeyrishækkanirnar eru óháðar á tilviljunarkenndan hátt.

7) Áætlaða staðalfrávikið á fjölda breytinga á lífeyrisbótum skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\hat{\sigma}_N = \sqrt{\frac{1}{T-1} \cdot \sum_{t=1}^{T} \left(N_t - \overline{N}\right)^2}$$

þar sem:

a) N_t táknar fjölda breytinga á lífeyrisbótum á fjárhagsárum *t* sem eru hærri en núll,

b) táknar áætluðu meðaltalsbreytinguna á lífeyrisbótum sem settar eru fram í b-lið 5. mgr.

8) Áætlaða staðalfrávikið á breytingum á lífeyrisbótum skal vera jafnt eftirfarandi:

$$\hat{\sigma}_X = \sqrt{\frac{1}{n-1} \cdot \sum_{i,t} \left(D_{(i,t)} - \overline{X}\right)^2}$$

þar sem:

a) fjárhæðin inniheldur eingöngu þá rétthafa *i* og fjárhagsár *t* þar sem $D_{(i,t)}$ er stærra en núll,

b) *n* táknar fjölda samtalna fjárhæðinnar sem um getur í a-lið,

c) táknar áætlaða meðaltalsbreytingu á lífeyrisbótum sem sett er fram í a-lið 5. mgr.

F. **Aðferð vegna óhlutfallslegra endurtrygginga**

Ílagsgögn og sértækar gagnakröfur

1) Gögnin til að meta eigin leiðréttingarstuðul vátryggingafélags fyrir óhlutfallslega endurtryggingu skal samanstanda af endanlegum kröfufjárhæðum á vátrygginga- og endurtryggingakröfum sem tilkynntar voru vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu í hluta *s* á síðasta fjárhagsári, aðgreindar fyrir hverja vátrygginga- og endurtryggingakröfu.

2) Eftirfarandi sértækar gagnakröfur skulu gilda:

a) gögnin eru dæmigerð fyrir iðgjaldaáhættuna sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið er útsett fyrir næstu tólf mánuði,

b) gögnin gefa ekki til kynna hærri iðgjaldaáhættu en þá sem endurspegluð er í staðalfrávikinu fyrir iðgjaldaáhættu sem notuð er til að reikna út gjaldþolskröfuna,

c) endanlegar fjárhæðir krafnanna eru áætlaðar á árinu sem vátrygginga- og endurtryggingakröfurnar eru tilkynntar,

d) gögn eru tiltæk fyrir a.m.k. fimm tilkynningarár,

e) þegar færanlegi endurtryggingarsamningurinn vegna umframtaps gildir um bráttókröfur, eru endanlegar fjárhæðir krafnanna bráttó,

f) þegar færanlegi endurtryggingarsamningurinn vegna umframtaps gildir um kröfur eftir að endurheimtanlegar fjárhæðir frá tilteknum öðrum endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang hafa verið dregnar frá, eru fjárhæðirnar sem fást frá þessum tilteknu öðrum endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang dregnar frá endanlegum fjárhæðum krafnanna,

g) endanlegar fjárhæðir krafnanna skulu ekki innihalda útgjöld sem stofnað er til við að þjónusta vátrygginga- eða endurtryggingaskuldbindingarnar,

h) gögnin eru í samræmi við forsendurnar um að endanlegar fjárhæðir krafnanna fylgi log-normaldreifingu, þ.m.t. í hala dreifingarinnar.

Aðferðalýsing

3) Að því er varðar 4.–7. mgr., skal eftirfarandi táknun beitt:

a) vátrygginga- og endurtryggingakröfur sem gögn eru tiltæk um eru táknaðar með númeraröð sem byrjar á 1,

b) *n* táknar fjölda vátrygginga- og endurtryggingakrafna sem gögn eru tiltæk um,

c) Y_i táknar endanlega fjárhæð á vátrygginga- eða endurtryggingakröfu *i*,

d) μ og ω tákna fyrsta og annað tilvikið, eftir því sem við á, á dreifingu kröfunnar, sem er jöfn eftirfarandi fjárhæðum:

$$\mu = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} Y_i \text{ og } \omega = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} Y_i^2$$

e) b_1 táknar fjárhæðina á eftirhaldinu í viðurkennanlega endurtryggingarsamningnum vegna umframtaps sem um getur í 2. mgr. 218. gr.,

f) þegar viðurkennanlegur endurtryggingarsamningur vegna umframtaps sem um getur í 1. gr. 196. gr. veitir bætur eingöngu upp að ákveðnu marki, táknar b_2 fjárhæðina á því marki.

4) Eigin leiðréttingarstuðull vátryggingafélagsins fyrir óhlutfallslega endurtryggingu skal vera jafn eftirfarandi:

$$NP_{USP} = c \cdot NP' + (1 - c) \cdot NP$$

þar sem:

a) c táknar trúverðugleikastuðulinn sem settur er fram í þætti G,

b) NP' táknar áætlaða leiðréttingarstuðulinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu sem sett er fram í 5. mgr.,

c) NP táknar leiðréttingarstuðulinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu sem sett er fram í 2. mgr. 117. gr.,

5) Áætlaði leiðréttingarstuðullinn fyrir óhlutfallslega endurtryggingu skal vera jafn eftirfarandi:

$$NP' = \begin{cases} \sqrt{\dfrac{\omega_1 - \omega_2 + \omega + 2 \cdot (b_2 - b_1) \cdot (\mu_2 - \mu)}{\omega}}, & \text{þar sem f-liður 3. liðar gildir,} \\ \sqrt{\dfrac{\omega_1}{\omega}} & \text{annars.} \end{cases}$$

þar sem stikarnir μ_2, ω_1 og ω_2 eru settir fram í 6. mgr.

6) Stikarnir μ_2, ω_1 og ω_2 skulu vera jafnir eftirfarandi:

$$\mu_2 = \mu \cdot N\left(\frac{\ln(b_2) - \vartheta}{\eta} - \eta\right) + b_2 \cdot N\left(-\frac{\ln(b_2) - \vartheta}{\eta}\right)$$

$$\omega_1 = \omega \cdot N\left(\frac{\ln(b_1) - \vartheta}{\eta} - 2 \cdot \eta\right) + b_1^2 \cdot N\left(-\frac{\ln(b_1) - \vartheta}{\eta}\right)$$

$$\omega_2 = \omega \cdot N\left(\frac{\ln(b_2) - \vartheta}{\eta} - 2 \cdot \eta\right) + b_2^2 \cdot N\left(-\frac{\ln(b_2) - \vartheta}{\eta}\right)$$

þar sem:

a) N táknar uppsafnað líkindafall normaldreifingar,

b) ln táknar náttúrulega logrann,

c) stikarnir θ og η eru jafnir eftirfarandi:

$$\vartheta = 2\ln\mu - \frac{1}{2}\ln\omega$$

$$\eta = \sqrt{\ln\omega - 2\ln\mu}.$$

7) Þrátt fyrir 5. mgr., þegar óhlutfallsleg endurtrygging nær yfir einsleita áhættuflokka innan hluta, skal áætlaður leiðréttingarstuðull fyrir óhlutfallslega endurtryggingu vera jafn eftirfarandi:

$$NP' = \frac{\sum_h V_{(prem,h)} \cdot NP'_{(h)}}{\sum_h V_{(prem,h)}}$$

þar sem:

a) $V_{(prem,h)}$ táknar magnmælingu fyrir iðgjaldaáhættu á einsleita áhættuflokknum h, ákvörðuðum í samræmi við 3. mgr. 116. gr.,

b) $NP'_{(h)}$ táknar áætlaðan leiðréttingarstuðul fyrir óhlutfallslega endurtryggingu fyrir einsleitan áhættuflokk h, ákvarðaðan í samræmi við 5. mgr.

G. **Trúverðugleikastuðull**

1) Trúverðugleikastuðullinn fyrir hluta 1, 5, og 6 sem settir eru fram í II. viðauka, skal vera jafn eftirfarandi:

Tímalengdir í árum	Trúverðugleikastuðull *c*
5	34%
6	43%
7	51%
8	59%
9	67%
10	74%
11	81%
12	87%
13	92%
14	96%
15 og hærri	100%

2) Trúverðugleikastuðullinn fyrir hluta 2–4 og 7–12 sem settir eru fram í II. viðauka, fyrir hluta sem settir eru fram í XIV. viðauka og fyrir endurmatsáhættuaðferðina skal vera jafn eftirfarandi:

Tímalengdir í árum	Trúverðugleikastuðull *c*
5	34%
6	51%
7	67%
8	81%
9	92%
10 og hærri	100%

3) Tímalengdirnar skulu vera jafnar eftirfarandi:

a) fyrir iðgjaldaáhættuaðferðina, fjöldi tjónaára sem gögn eru tiltæk um,

b) fyrir sjóðsáhættuaðferð 1, fjöldi fjárhagsára sem gögn eru tiltæk um,

c) fyrir sjóðsáhættuaðferð 2, fjöldi tjónaára sem gögn eru tiltæk um,

d) fyrir endurmatsáhættuaðferðina, fjöldi fjárhagsára sem gögn eru tiltæk um,

e) fyrir óhlutfallslegu endurtryggingaaðferðina, fjöldi tilkynningarára sem gögn eru tiltæk um.

———

XVIII. VIÐAUKI

SAMÞÆTTINGARAÐFERÐIR FYRIR HLUTALÍKÖN

A. **Almenn ákvæði**

1) Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Eining í hlutalíkaninu“ er þáttur í hlutalíkaninu sem reiknaður er út sérstaklega og ekki talinn með innan hlutalíkansins.

2) Þegar vátrygginga- og endurtryggingafélög beita samþættingaraðferðum 1 til 5, skal gjaldþolskrafa þeirra vera samtala eftirfarandi liða:

a) grunngjaldþolskröfu eins og mælt er fyrir um í þáttum C til F,

b) gjaldþolskröfu fyrir rekstraráhættu eins og mælt er fyrir um í 107. gr. tilskipunar 2009/138, þegar sú gjaldþolskrafa er ekki innan gildissviðs hlutalíkansins, og reiknuð út með hlutalíkaninu þegar sú gjaldþolskrafa er innan gildissviðs hlutalíkansins,

c) leiðréttingu fyrir hæfni vátryggingaskuldar og frestaðra skatta til að draga úr tapi, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr., þegar sú leiðrétting er ekki innan gildissviðs hlutalíkansins, og reiknuð út með hlutalíkaninu þegar sú leiðrétting er innan gildissviðs hlutalíkansins.

3) Ef leiðréttingin fyrir hæfni vátryggingaskuldar og frestaðra skatta til að draga úr tapi er ekki innan gildissviðs hlutalíkansins skal hún reiknuð út eins og mælt er fyrir um í 205.–207. gr. en með eftirfarandi breytingum:

a) grunngjaldþolskrafan sem um getur í 1. og 2. mgr. 206. gr. og 1. mgr. 207. gr. er reiknuð út í samræmi við þætti B til F,

b) a- til d-liðir 2. mgr. 206. gr. gilda eingöngu um útreikninga með staðalreglunni,

c) að því er varðar 2. mgr. 206. gr. skal gjaldþolskrafan sem notuð er í útreikningi á grunngjaldþolskröfunni sem reiknuð er út með hlutalíkaninu taka tillit til áhættumildunaráhrifanna sem valkvæður ávinningur í framtíðinni af vátryggingarsamningum veitir,

d) gjaldþolskrafan fyrir rekstraráhættu sem um getur í c-lið 1. mgr. 207. gr., er reiknuð út í samræmi við b-lið 2. mgr.

B. **Samþættingaraðferð 1**

Grunngjaldþolskrafa skal vera jöfn samtölu gjaldþolskrafna fyrir einingarnar í hlutalíkaninu, gjaldþolskröfunni sem leidd er út með því að beita staðalreglunni fyrir grunngjaldþolskröfuna eingöngu á áhætturnar sem eru utan gildissviðs hlutalíkansins og gjaldþolskröfunni fyrir óefnislega eignáhættu eins og sett er fram í 203. gr.

C. **Samþættingaraðferð 2**

1) Grunngjaldþolskrafan skal vera jöfn eftirfarandi:

$$BSCR = \sqrt{\sum_{i,j} Corr_{(i,j)} \cdot SCR_i \cdot SCR_j} + SCR_{int}$$

þar sem:

a) samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (i,j) í samantekna listanum sem settur er fram í 2. mgr.,

b) $Corr_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann fyrir liði i og j í samantekna listanum,

c) SCR_i og SCR_j táknar gjaldþolskröfuna fyrir liði i og j í samantekna listanum, eftir því sem við á,

d) SCR_{int} táknar gjaldþolskröfuna fyrir óefnislega eignaáhættu eins og sett er fram í 203. gr.

2) Liðirnir á samantekna listanum skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þeir skulu ná yfir hverja af einingunum í hlutalíkaninu,

b) engar af eftirfarandi undireiningum í staðalreglunni skulu vera innan gildissviðs hlutalíkansins:

i. undireiningar einingar skaðatryggingaráhættu sem sett er fram í 1. mgr. 114. gr.,

ii. undireiningar einingar líftryggingaráhættu sem sett er fram í 3. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

iii. undireiningar einingar heilsutryggingaráhættu sem sett er fram í 1. mgr. 151. gr.,

iv. undireiningar markaðsáhættueiningarinnar sem sett er fram í 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

c) mótaðilaáhættueiningin í staðalreglunni skal ekki falla innan gildissviðs hlutalíkansins.

Ef engar af undireiningunum í einingu í staðalreglunni eru innan gildissviðs hlutalíkansins, skal samantekni listinn þó innihalda þá einingu í staðinn fyrir undireiningar hennar.

3) Fylgnistikarnir sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) fyrir alla liði *i* og *j* í samantekna listanum skal fylgnistikinn $Corr_{(i,j)}$ ekki vera lægri en – 1 og ekki fara upp fyrir 1,

b) fyrir alla liði *i* og *j* í samantekna listanum skulu fylgnistikarnir $Corr_{(i,j)}$ og $Corr_{(j,i)}$ vera jafnir,

c) fyrir alla liði *i* í samantekna listanum skal fylgnistikinn $Corr_{(i,i)}$ vera jafn 1,

d) fyrir sérhverja úthlutun á rauntölum á liði í samantekna listanum skal eftirfarandi gilda:

$$\sum_{i,j} Corr_{(i,j)} \cdot x_i \cdot x_j \geq 0$$

þar sem:

i. samtalan nær yfir allar mögulegar samsetningar (i,j) í samantekna listanum,

ii. x_i og x_j eru tölurnar sem úthlutuð eru á liði *i* og *j* í samantekna listanum, eftir því sem við á,

e) ef liðir *i* og *j* í samantekna listanum eru einingar í staðalreglunni, skal fylgnistikinn $Corr_{(i,j)}$ vera jafn fylgnistikanum í staðalreglunni sem notaður er til að taka saman þessar tvær einingar,

f) ef liðir *i* og *j* í samantekna listanum eru undireiningar sömu einingar í staðalreglunni, þá skal fylgnistikinn $Corr_{(i,j)}$ vera jafn fylgnistikanum í staðalreglunni sem notaður er til að taka saman þessar tvær undireiningar,

g) fyrir alla liði *i* og *j* í samantekna listanum skal fylgnistikinn $Corr_{(i,j)}$ ekki vera lægri en $Corr^{min}_{(i,j)}$ og skal ekki fara upp fyrir $Corr^{max}_{(i,j)}$, þegar $Corr^{min}_{(i,j)}$ og $Corr^{max}_{(i,j)}$ eru viðeigandi neðri og efri mörk sem félagið hefur valið.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu velja fylgnistikana sem um getur í b-lið 1. mgr. á þann hátt að ekkert annað mengi fylgnistika sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a- til g-liðum leiði til hærri gjaldþolskröfu, reiknaða út í samræmi við 1. mgr.

D. **Samþættingaraðferð 3**

1) Grunngjaldþolskrafa skal vera jöfn eftirfarandi:

$$BSCR = \sqrt{S_S^2 + 2 \cdot S_S \cdot (\omega_1 \cdot P_C + \omega_2 \cdot P_S) + P^2} + SCR_{int}$$

þar sem:

a) S_S táknar gjaldþolskröfu sem leidd er út með því að beita staðalreglunni fyrir grunngjaldþolskröfuna eingöngu á áhættu sem ekki fellur undir hlutalíkanið,

b) ω_1 táknar fyrsta afleidda fylgnistikann eins og sett er fram í 2. mgr.,

c) P_c táknar gjaldþolskröfuna sem endurspeglar áhætturnar sem bæði eru innan gildissviðs staðalreglunnar og hlutalíkansins, reiknaða út með hlutalíkaninu,

d) ω_2 táknar annan afleidda fylgnistikann eins og sett er fram í 3. mgr.,

e) P_s er gjaldþolskrafan sem endurspeglar áhætturnar innan gildissviðs hlutalíkansins, en ekki innan gildissviðs staðalreglunnar, reiknuð út með hlutalíkaninu,

f) P táknar gjaldþolskröfuna sem endurspeglar áhætturnar sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins, reiknaða út með hlutalíkaninu.

g) SCR_{int} táknar gjaldþolskröfuna fyrir óefnislega eignaáhættu eins og sett er fram í 203. gr.

2) Fyrsti afleiddi fylgnistikinn skal vera jafn eftirfarandi:

$$\omega_1 = \frac{S^2 - S_S^2 - S_C^2}{d_1 + 2 \cdot S_S \cdot S_C}$$

þar sem:

a) S táknar gjaldþolskröfuna sem reiknuð er út á sama hátt og grunngjaldþolskrafan með staðalreglunni, en þar sem gjaldþolskröfum fyrir einingar eða undireiningar er skipt út með gjaldþolskröfum fyrir þessar einingar eða undireiningar sem eru reiknaðar út með hlutalíkaninu, þar sem mögulegt er,

b) S_C táknar gjaldþolskröfuna sem leidd er út með því að beita staðalreglunni fyrir grunngjaldþolskröfuna eingöngu á áhætturnar sem eru innan gildissviðs staðalreglunnar og hlutalíkansins, en þar sem gjaldþolskröfunum fyrir einingarnar eða undireiningarnar er skipt út með gjaldþolskröfum fyrir þessar einingar eða undireiningar sem eru reiknaðar út með hlutalíkaninu,

c) S_S er skilgreint eins og í a-lið 1. mgr.,

d) d_1 er jafnt og 1 þegar S_S eða S_C eru núll og jafnt og núll þegar S_S og S_C eru ekki núll.

3) Annar afleiddi fylgnistikinn skal vera jafn eftirfarandi:

$$\omega_2 = \omega_1 \cdot \omega_3 + \frac{1}{2} \cdot \sqrt{(1 - \omega_1^2) \cdot (1 - \omega_3^2)}$$

þegar ω_1 er eins og skilgreint er í 2. mgr. og ω_3 er þriðji afleiddi fylgnistikinn eins og sett er fram í 4. mgr.

4) Þriðji afleiddi fylgnistikinn skal vera jafn eftirfarandi:

$$\omega_3 = \frac{P^2 - P_S^2 - P_C^2}{d_2 + 2 \cdot P_S \cdot P_C}$$

þar sem:

a) P, P_s og P_c eru eins og skilgreint er í 1. mgr.,

b) d_2 er jafnt og 1 þegar P_s eða P_c eru núll og jafnt og núll þegar P_s og P_c eru annað en núll.

E. **Samþættingaraðferð 4**

1) Grunngjaldþolskrafa skal vera jöfn eftirfarandi:

$$BSCR = \sqrt{P^2 + S_S^2 + \sum_{j=k+1}^{n} 2 \cdot S_j \cdot \left(\sum_{i=1}^{l} Corr_{(i,j)} \cdot P_i + \sum_{i=l+1}^{k} Corr_{(i,j)} \cdot S_i\right)} + SCR_{int}$$

þar sem:

a) P táknar gjaldþolskröfuna sem endurspeglar áhættuna sem er innan gildissviðs hlutalíkansins, reiknaða út með hlutalíkaninu,

b) S_S táknar gjaldþolskröfuna sem leidd er út með því að beita staðalreglunni fyrir grunngjaldþolskröfuna eingöngu á áhættuna sem ekki fellur undir hlutalíkanið,

c) *k* táknar fjölda eininga í staðalreglunni sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins,

d) *n* táknar fjölda eininga í staðalreglunni,

e) *l* táknar fjölda eininga í staðalreglunni, fyrir hverja þá þar sem hægt er að reikna út gjaldþolskröfuna með hlutalíkaninu,

f) $Corr_{(i,j)}$ táknar fylgnistikana í staðalreglunni fyrir samsöfnun eininga *i* og *j*,

g) P_i táknar gjaldþolskröfuna fyrir einingunа *i* í staðalreglunni, reiknaða út með hlutalíkaninu,

h) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir einingar *i* og *j* í staðalreglunni, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

i. einingin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að einingin samanstandi ekki af undireiningum,

ii. einingin er reiknuð út í samræmi við 2. mgr. að því tilskildu að einingin samanstandi af undireiningum.

i) SCR_{int} táknar gjaldþolskröfuna fyrir óefnislega eignaáhættu eins og sett er fram í 203. gr.

2) Fyrir allar einingar í staðalreglunni sem um getur í ii. undirlið h-liðar 1. mgr. skal gjaldþolskrafan fyrir tiltekna einingu reiknuð út með formúlunni sem sett er fram í 1. mgr., með því að beita eftirfarandi nefnurum:

a) *P* táknar gjaldþolskröfuna sem endurspeglar áhættur í undireiningum þeirrar tilteknu einingar, sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins, reiknaða út með hlutalíkaninu,

b) S_S táknar gjaldþolskröfuna sem leidd er út með því að beita þeirri tilteknu einingu eingöngu á áhætturnar sem ekki falla undir hlutalíkanið,

c) *k* táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu einingar sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins,

d) *n* táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu einingar,

e) *l* táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu einingar, fyrir hverja þá þar sem hægt er að reikna út gjaldþolskröfuna með hlutalíkaninu,

f) $Corr_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann í staðalreglunni fyrir samsöfnun undireininga *i* og *j* þeirrar tilteknu einingar,

g) P_i táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireininguna *i* þeirrar tilteknu einingar, reiknaða út með hlutalíkaninu,

h) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir undireiningar *i* og *j* þeirrar tilteknu einingar, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

i. undireiningin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að undireiningin samanstandi ekki af öðrum undireiningum,

ii. undireiningin er reiknuð út í samræmi við 3. mgr. að því tilskildu að undireiningin samanstandi af öðrum undireiningum.

i) SCR_{int} skal sett sem núll.

3) Fyrir allar undireiningar í staðalreglunni sem um getur í ii. undirlið h-liðar 2. mgr. skal gjaldþolskrafan fyrir tiltekna undireiningu reiknuð út með formúlunni sem sett er fram í 1. mgr., með því að beita eftirfarandi nefnurum:

a) *P* táknar gjaldþolskröfuna sem endurspeglar áhættur í undireiningum þeirrar tilteknu undireiningar, sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins, reiknaðar út með hlutalíkaninu,

b) S_S táknar gjaldþolskröfuna sem leidd er út með því að beita þeirri tilteknu undireiningu eingöngu á áhætturnar sem ekki falla undir hlutalíkanið,

c) k táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu undireiningar sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins,

d) n táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu undireiningar,

e) l táknar fjölda undireininga þeirrar tilteknu undireiningar, fyrir hverja þá þar sem hægt er að reikna út gjaldþolskröfuna með hlutalíkaninu,

f) $Corr_{(i,j)}$ táknar fylgnistikann í staðalreglunni fyrir samsöfnun undireininga i og j þeirrar tilteknu undireiningar,

g) P_i táknar gjaldþolskröfuna fyrir undireininguna i þeirrar tilteknu undireiningar, reiknaða út með hlutalíkaninu,

h) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir undireiningar i og j þeirrar tilteknu undireiningar, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

i. undireiningin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að undireiningin samanstandi ekki af öðrum undireiningum,

ii. undireiningin er reiknuð út í samræmi við þessa málsgrein að því tilskildu að undireiningin samanstandi af öðrum undireiningum.

i) SCR_{int} skal sett sem núll.

F. **Samþættingaraðferð 5**

1) Grunngjaldþolskrafa skal vera jöfn eftirfarandi:

$$BSCR = \sqrt{P^2 + S_S^2 + \frac{2 \cdot P}{\sqrt{\sum_{i=1}^{k}\sum_{j=1}^{k} Corr_{(i,j)} \cdot S_i \cdot S_j}} \cdot \sum_{j=k+1}^{n}\sum_{i=1}^{k} Corr_{(i,j)} \cdot S_i \cdot S_j + SCR_{int}}$$

þar sem:

a) P, S_S, k, n, $Corr_{(i,j)}$ og SCR_{int} eru skilgreind eins og í 1. mgr. þáttar E,

b) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir einingar i og j í staðalreglunni, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

i. einingin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að einingin samanstandi ekki af undireiningum,

ii. einingin er reiknuð út í samræmi við 2. mgr. að því tilskildu að einingin samanstandi af undireiningum.

2) Fyrir allar einingar í staðalreglunni sem um getur í ii. undirlið b-liðar 1. mgr. skal gjaldþolskrafan fyrir tiltekna einingu reiknuð út með formúlunni sem sett er fram í 1. mgr., með því að beita eftirfarandi nefnurum:

a) P, S_S, k, n, $Corr_{(i,j)}$ og SCR_{int} eru skilgreind eins og í 2. mgr. þáttar E,

b) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir undireiningar i og j þeirrar tilteknu einingar, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

i. undireiningin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að undireiningin samanstandi ekki af öðrum undireiningum,

ii. undireiningin er reiknuð út í samræmi við 3. mgr. að því tilskildu að undireiningin samanstandi af öðrum undireiningum.

3) Fyrir allar einingar í staðalreglunni sem um getur í ii. undirlið b-liðar 2. mgr. skal gjaldþolskrafan fyrir tiltekna einingu reiknuð út með formúlunni sem sett er fram í 1. mgr., með því að beita eftirfarandi nefnurum:

   a) P, S_S, k, n, $Corr_{(i,j)}$ og SCR_{int} eru skilgreind eins og í 3. mgr. þáttar E,

   b) S_i og S_j tákna gjaldþolskröfuna fyrir undireiningar i og j þeirrar tilteknu einingar, eftir því sem við á, sem eru reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

      i. undireiningin er reiknuð út með staðalreglunni að því tilskildu að undireiningin samanstandi ekki af öðrum undireiningum,

      ii. undireiningin er reiknuð út í samræmi við þessa málsgrein að því tilskildu að undireiningin samanstandi af öðrum undireiningum.

———

XIX. VIÐAUKI:

ÁHÆTTUSTUÐLAR VEGNA KRÖFU UM LÁGMARKSFJÁRMAGN (MCR) FYRIR SKAÐA- OG SJÚKRATRYGGINGAR- EÐA -ENDURTRYGGINGARSKULDBINDINGAR

	Hluti	Atvinnugreinar, eins og settar eru fram í I. viðauka, sem hlutinn samanstendur af	Stuðull fyrir vátryggingaskuld fyrir hluta *s* (α_s)	Stuðull fyrir bókfærð iðgjöld fyrir hluta *s* (β_s)
1	Vátrygging vegna sjúkrakostnaðar	1 og 13	4,7%	4,7%
2	Vátrygging vegna tekjuverndar	2 og 14	13,1%	8,5%
3	Vátrygging vegna launþegabóta	3 og 15	10,7%	7,5%
4	Ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging vélknúinna ökutækja	4 og 16	8,5%	9,4%
5	Önnur ökutækjatrygging og hlutfallsleg endurtrygging	5 og 17	7,5%	7,5%
6	Sjó-, flug- og flutningstrygging og hlutfallsleg endurtrygging	6 og 18	10,3%	14%
7	Bruna- og önnur eignatjónstrygging og hlutfallsleg endurtrygging	7 og 19	9,4%	7,5%
8	Almenn ábyrgðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	8 og 20	10,3%	13,1%
9	Greiðslu- og efndavátrygging og hlutfallsleg endurtrygging	9 og 21	17,7%	11,3%
10	Réttaraðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging	10 og 22	11,3%	6,6%
11	Aðstoðartrygging og hlutfallsleg endurtrygging hennar	11 og 23	18,6%	8,5%
12	Vátrygging vegna ýmis konar fjárhagstjóns og hlutfallsleg endurtrygging	12 og 24	18,6%	12,2%
13	Óhlutfallsleg slysaendurtrygging	26	18,6 %	15,9 %
14	Óhlutfallsleg sjó-, flug- og flutningsendur-trygging	27	18,6%	15,9%
15	Óhlutfallsleg eignaendurtrygging	28	18,6%	15,9%
16	Óhlutfallsleg sjúkraendurtrygging	25	18,6%	15,9%

XX. VIÐAUKI

EFNISSKIPAN Á SKÝRSLUNNI UM GJALDÞOL OG FJÁRHAGSLEGA STÖÐU OG REGLULEGU EFTIRLITSSKÝRSLUNNI

Samantekt

A. **Rekstur og árangur**

A.1 Rekstur

A.2 Árangur af tryggingum

A.3 Fjárfestingarárangur

A.4 Árangur af annarri starfsemi

A.5 Allar aðrar upplýsingar

B. **Stjórnkerfi**

B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfið

B.2 Hæfni- og heiðarleikakröfur

B.3 Áhættustjórnunarkerfi þ.m.t. eigið áhættu- og gjaldþolsmat

B.4 Innra eftirlitskerfi

B.5 Innra endurskoðunarsvið

B.6 Tryggingafræðisvið

B.7 Útvistun

B.8 Allar aðrar upplýsingar

C. **Áhættusnið**

C.1 Tryggingaráhætta

C.2 Markaðsáhætta

C.3 Útlánaáhætta

C.4 Lausafjáráhætta

C.5 Rekstraráhætta

C.6 Aðra veigamiklar áhættur

C.7 Allar aðrar upplýsingar

D. **Virðismat í tilgangi gjaldþols**

D.1 Eignir

D.2 Vátryggingaskuldir

D.3 Aðrar skuldir

D.4 Fráviksaðferðir fyrir virðismat

D.5 Allar aðrar upplýsingar

E. **Fjármagnsstýring**

E.1 Gjaldþol

E.2 Gjaldþolskrafa og krafa um lágmarksfjármagn

E.3 Notkun á undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma í útreikningnum á gjaldþolskröfunni

E.4 Mismunur milli staðalreglunnar og sérhvers eigin líkans sem notað er

E.5 Það að kröfunni um lágmarksfjármagn og gjaldþolskröfunni er ekki hlítt

E.6 Allar aðrar upplýsingar

———

XXI. VIÐAUKI

SAMANTEKIN TÖLFRÆÐILEG GÖGN

A. **Gögn um félög og samstæður sem lúta eftirliti**

Gögn að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingafélög sem lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2009/138/EB

1) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga, fjöldi útibúa eins og um getur í 11. mgr. 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB og fjöldi útibúa eins og um getur í 3. mgr. 162. gr. tilskipunar 2009/138/EB, með staðfestu í aðildarríki eftirlitsyfirvaldsins.

2) Fjöldi útibúa vátrygginga- og endurtryggingafélaga með staðfestu í aðildarríki eftirlitsyfirvaldsins, sem stundar viðeigandi rekstur í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum.

3) Fjöldi vátryggingafélaga með staðfestu í aðildarríki eftirlitsyfirvaldsins sem stundar rekstur í öðrum aðildarríkjum á grundvelli frelsis til að veita þjónustu.

4) Fjöldi vátryggingafélaga með staðfestu í öðrum aðildarríkjum sem hafa tilkynnt um fyrirætlun sína að stunda rekstur í aðildarríki eftirlitsyfirvaldsins á grundvelli frelsis til að veita þjónustu og þau sem í raun stunda rekstur.

5) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem falla fyrir utan gildissvið tilskipunar 2009/138/EB.

6) Fjöldi félaga með sérstakan tilgang með starfsleyfi í samræmi við 211. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

7) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem falla undir endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferðir.

8) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga og fjöldi eignasafna þeirra þar sem aðlögun vegna samræmingar sem um getur 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB er beitt.

9) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem beita aðlögun vegna óstöðugleika sem um getur í 77. gr. d tilskipunar 2009/138/EB.

10) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem beita bráðabirgða áhættulausa vaxtaferlinum sem um getur 308. gr. c tilskipunar 2009/138/EB.

11) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem beita bráðabrigðafrádrættinum á vátryggingaskuld sem um getur 308. gr. d tilskipunar 2009/138/EB.

12) Heildarfjárhæðin á eignum vátrygginga- og endurtryggingafélaga, verðsettar í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir veigamiklum eignaflokkum.

13) Heildarfjárhæðin á skuldum vátrygginga- og endurtryggingafélaga, verðsettar í samræmi við 75.–86. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skipt niður eftir vátryggingaskuld og öðrum skuldum, með sérstakri vísbendingu um víkjandi skuldir sem ekki eru innifaldar í gjaldþolinu.

14) Heildarfjárhæðin á kjarnagjaldþoli, með sérstakri vísbendingu um víkjandi skuldir sem eru innifaldar í gjaldþoli, og heildarfjárhæðin á stuðningsgjaldþoli.

15) Hæfa heildarfjárhæðin á gjaldþoli til að mæta gjaldþolskröfunni, flokkuð eftir þáttum.

16) Hæfa heildarfjárhæðin á kjarnagjaldþoli til að mæta kröfunni um lágmarksfjármagn, flokkuð eftir þáttum.

17) Heildarfjárhæðin á kröfunni um lágmarksfjármagn.

18) Heildarfjárhæðin á gjaldþolskröfunni.

19) Ef gjaldþolskrafan er reiknuð út með því að nota staðalregluna, heildarfjárhæðin á gjaldþolskröfunni eftir áhættu-einingu og -undireiningu — á tiltæku flokkunarþrepi — gefið upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæðinni á gjaldþolskröfunni.

20) Ef gjaldþolskrafan fyrir útlánaáhættu er reiknuð út með því að nota staðalregluna, heildarfjárhæðin á gjaldþolskröfunni fyrir undireiningar vikáhættu og markaðssamþjöppunaráhættu og fyrir mótaðilaáhættueiningu sem endurmat á útlánagæðaþrepunum á stærri og flóknari áhættuskuldbindingum hefur verið framkvæmt fyrir í samræmi við 5. mgr. 4. gr. — á tiltæku flokkunarþrepi — gefið upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæðinni á viðkomandi undireiningum eða einingu.

21) Ef gjaldþolskrafan er reiknuð út með því að nota samþykkt hlutalíkan, heildarfjárhæðin á gjaldþolskröfunni eftir áhættueiningu og -undireiningu — á tiltæku flokkunarþrepi — gefið upp sem hundraðshluti af heildarfjárhæðinni á gjaldþolskröfunni; gögn um eigin líkön sem ná yfir útlánaáhættu í bæði markaðsáhættu og mótaðilaáhættu, skulu birt sérstaklega.

22) Fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem nota samþykkt alhliða líkan og fjöldi vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem nota samþykkt hlutalíkan fyrir útreikninginn á gjaldþolskröfunni; gögn um eigin líkön sem ná yfir útlánaáhættu í bæði markaðsáhættu og mótaðilaáhættu, skulu birt sérstaklega.

23) Fjöldi viðbótargjaldþolskrafna, meðaltalsviðbótargjaldþolskrafan á hverju félagi og dreifingin á viðbótargjaldþolskröfum mæld sem hundraðshluti af gjaldþolskröfunni, að því er varðar öll vátrygginga- og endurtryggingafélög sem eru eftirlitsskyld samkvæmt tilskipun 2009/138/EB.

Upplýsingarnar sem settar eru fram í 1.–5. og 7.–17. mgr. skulu veittar sérstaklega fyrir:

— Öll vátrygginga- og endurtryggingafélög,

— líftryggingafélög,

— skaðatryggingafélög,

— vátryggingafélög sem stunda á sama tíma bæði líf- og skaðatryggingarstarfsemi,

— endurtryggingafélög.

Gögn að því er varðar vátryggingasamstæður sem eru eftirlitsskyldar samkvæmt tilskipun 2009/138/EB

24) Fjöldi vátryggingasamstæðna þar sem eftirlitsyfirvaldið er samstæðueftirlitsaðilinn, þ.m.t. fjöldi vátrygginga- og endurtryggingadótturfélaga á landsvísu, í öðrum aðildarríkjum og þriðju löndum, frekar skipt niður eftir jafngildum og ójafngildum þriðju löndum í samræmi við 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

25) Fjöldi vátryggingasamstæðna þar sem eftirlitsyfirvaldið er samstæðueftirlitsaðilinn, ef endanlegt móðurfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem er með aðalskrifstofu í Sambandinu er dótturfélag fyrirtækis sem er með aðalskrifstofu utan Sambandsins.

26) Fjöldi endanlegra móðurfélaga vátrygginga- eða endurtryggingafélaga eða eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði sem falla undir samstæðueftirlit á landsvísu af hálfu eftirlitsyfirvaldsins í samræmi við 216. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þ.m.t. fyrir hvert slíkt félag og eignarhaldsfélag, fjölda vátrygginga- og endurtryggingadótturfélaga á landsvísu, í öðrum aðildarríkjum og þriðju löndum, nánar skipt niður eftir jafngildum og ójafngildum þriðju löndum í samræmi við 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

